ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 25

26. árgangur

28.3.2019

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2019/EES/25/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa 1

2019/EES/25/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað 11

2019/EES/25/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá 25

2019/EES/25/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru gögn sem afleiðuviðskiptaskrár eiga að birta og gera aðgengileg og rekstrarstaðla til að safna, bera saman og hafa aðgang að gögnum 33

2019/EES/25/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 152/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um eiginfjárkröfur fyrir miðlæga mótaðila 37

2019/EES/25/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila 41

2019/EES/25/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 876/2013 frá 28. maí 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fagráð fyrir miðlæga mótaðila 75

2019/EES/25/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1002/2013 frá 12. júlí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu 79

2019/EES/25/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2013 frá 12. júlí 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af afleiðuvið-skiptaskrám 81

2019/EES/25/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 285/2014 frá 13. febrúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif samninga innan Sam-bandsins og til að koma í veg fyrir að reglur og skuldbindingar séu sniðgengnar 87

2019/EES/25/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2014 frá 13. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar málsmeðferðarreglur um viðurlög sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beitir afleiðuviðskiptaskrár, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og ákvæði um tímamörk 90

2019/EES/25/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 95

2019/EES/25/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1248/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu á afleiðuviðskiptaskrám samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 105

2019/EES/25/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1249/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu á skrám sem miðlægir mótaðilar skulu viðhalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 107

2019/EES/25/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 484/2014 frá 12. maí 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar áætlað fjármagn miðlægs mótaðila samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 115

2019/EES/25/16 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1515 frá 5. júní 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi 123

2019/EES/25/17 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna 125

2019/EES/25/18 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna 134

2019/EES/25/19 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna 141

2019/EES/25/20 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/104 frá 19. október 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa 149

2019/EES/25/21 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/751 frá 16. mars 2017 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar frest til hlítingar stöðustofnunarskyldu vegna tiltekinna mótaðila sem versla með OTC-afleiður 165

2019/EES/25/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/105 frá 19. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár 168

2019/EES/25/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/782 frá 29. maí 2018 um að koma á aðferðafræðilegum meginreglum fyrir áhættumat og tilmæli um áhættustjórnun sem um getur í reglugerð (EB) nr. 470/2009 193

2019/EES/25/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1631 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað trönuberjaútdrátt í duftformi sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 219

2019/EES/25/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 225

2019/EES/25/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1633 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað hreinsað rækjupeptíðþykkni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 231

2019/EES/25/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1647 frá 31. október 2018 um leyfi til að setja á markað vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 237

2019/EES/25/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 frá 29. október 2018 um leyfi til að setja á markað xýló-fásykrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 242

2019/EES/25/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1513 frá 10. október 2018 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) að því er varðar tiltekin efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B 248

2019/EES/25/30 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 255

2019/EES/25/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/258 frá 21. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011 í þeim tilgangi að aðlaga hana að breytingunni á lögbundnu prófunaraðferðinni og að einfalda stjórnsýslumeðferð vegna umsókna og vottunar 327

2019/EES/25/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/259 frá 21. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 427/2014 í þeim tilgangi að aðlaga hana að breytingunni á lögbundnu prófunaraðferðinni og að einfalda stjórnsýslumeðferð vegna umsókna og vottunar 335

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 148/2013 **2019/EES/25/01**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 5. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja sveigjanleika ætti mótaðili að geta falið hinum mótaðilanum eða þriðja aðila það að tilkynna samning. Mótaðilar ættu einnig að geta komið sér saman um að fela sameiginlegum þriðja aðila, þ.m.t. miðlægum mótaðila (CCP) að sjá um tilkynninguna, en þá leggur hinn síðarnefndi inn eina skýrslu sem inniheldur töflur með viðeigandi reitum til afleiðuviðskiptaskrárinnar. Í því tilviki og til að tryggja gæði gagna ætti í skýrslunni að tilgreina að hún sé gerð fyrir hönd beggja mótaðila og feli í sér öll atriði sem tilkynnt hefði verið um ef hvor aðili um sig hefði tilkynnt samninginn.

2) Til að forðast ósamræmi í töflunum um sameiginlegu gögnin ætti hvor mótaðili að afleiðusamningi um sig að tryggja að báðir aðilar að viðskiptunum hafi samþykkt sameiginlegu gögnin sem tilkynnt eru. Einkvæmt viðskiptaauðkenni auðveldar afstemmingu gagna ef mótaðilarnir gefa skýrslu til mismunandi afleiðuviðskiptaskráa.

3) Til að forðast tvöfalda skýrslugjöf og til að minnka skýrslugjafarbyrði ætti mótaðilinn eða miðlægi mótaðilinn, þegar annar mótaðili eða miðlægur mótaðili gefur skýrslu fyrir hönd beggja mótaðila, að geta sent skýrslu til afleiðuviðskiptaskrárinnar með viðeigandi upplýsingum.

4) Mat á afleiðusamningum er nauðsynlegt til að gera eftirlitsaðilum kleift að inna af hendi verkefni sín, einkum þegar um er að ræða fjármálastöðugleika. Mat á markaðsvirði eða útreiknuðu virði samnings veitir upplýsingar um einkenni og umfang áhættuskuldbindingarinnar sem varða þann samning og bætir við upplýsingarnar um upphaflegt virði sem tilgreint er í samningum.

5) Mikilvægt er að safna upplýsingum um tryggingu sem varðar ákveðinn samning til að tryggja tilhlýðilegt eftirlit með áhættuskuldbindingum. Til að gera þetta kleift ættu mótaðilar sem tryggja viðskipti sín að tilkynna um slíkar upplýsingar um tryggingu á grundvelli einstakra viðskipta. Mótaðilar ættu, þar sem trygging er reiknuð á grundvelli nettóstöðu samsafns af samningum, og er því ekki aðgerð á grundvelli einstakra viðskipta heldur á safngrunni, að geta tilkynnt um safnið með því að nota einkvæman kóða eða númerakerfi sem mótaðilinn ákvarðar. Þessi einkvæmi kóði ætti að auðkenna tilgreint safn sem skipt hefur verið á tryggingu fyrir ef mótaðilinn hefur fleiri en eitt safn og ætti einnig að tryggja að ekki sé hægt að tengja afleiðusamning við tilgreint safn sem hefur verið tryggt.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina og endurspeglar mikilvægi hlutverks afleiðuviðskiptaskráa til að bæta gagnsæi markaða fyrir almenning og eftirlitsaðila, gögnin sem á að tilkynna, taka saman og gera tiltæk í afleiðuviðskiptaskrám, með hliðsjón af afleiðuflokki og eðli viðskiptanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við viðeigandi yfirvöld og aðila í seðlabankakerfi Evrópu áður en hún lagði fram drögin að tæknilegum framkvæmdastöðlunum sem þessi reglugerð byggist á. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([1]), einnig haft opið samráð við almenning um drögin að slíkum tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem skal veita í skýrslum skv. 1. og 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012

1. Skýrslur til afleiðuviðskiptaskrár skulu innihalda:

a) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í töflu 1 í viðaukanum og varða mótaðila að samningi,

b) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í töflu 2 í viðaukanum og varða afleiðusamning sem mótaðilarnir tveir gera sín á milli.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal gerð samnings merkja „framkvæmd viðskipta“ eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([2]).

3. Sé ein skýrsla gerð fyrir hönd beggja mótaðila skal hún innihalda upplýsingarnar sem tilgreindar eru í töflu 1 í viðaukanum fyrir hvorn mótaðila. Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í töflu 2 í viðaukanum skal aðeins leggja fram einu sinni.

4. Sé ein skýrsla gerð fyrir hönd beggja mótaðila skal þess getið í skýrslunni eins og tilgreint er í 9. reit í töflu 1 í viðaukanum.

5. Greini annar mótaðilinn frá upplýsingum um samning til afleiðuviðskiptaskrár fyrir hönd hins mótaðilans eða þriðji aðili tilkynnir samning til afleiðuviðskiptaskrár fyrir hönd annars eða beggja mótaðila, skulu upplýsingarnar sem tilkynntar eru fela í sér öll atriði sem tilkynnt hefði verið um ef hvor mótaðili um sig hefði tilkynnt samningana til afleiðuviðskiptaskrárinnar.

6. Feli afleiðusamningur í sér þætti sem eru einkennandi fyrir fleiri en eina undirliggjandi eign eins og tilgreint er í töflu 2 í viðaukanum skal skýrslan tilgreina eignaflokkinn sem mótaðilarnir koma sér saman um að samningurinn líkist mest áður en skýrslan er send afleiðuviðskiptaskrá.

2. gr.

Stöðustofnuð viðskipti

1. Sé samningur sem er þegar fyrir hendi síðar stöðustofnaður af miðlægum mótaðila skal tilkynna stöðustofnunina sem breytingu á þeim samningi.

2. Sé samningur gerður á viðskiptavettvangi og miðlægur mótaðili stöðustofnar hann þannig að mótaðili veit ekki deili á hinum mótaðilanum skal skýrslugefandi mótaðilinn tilgreina miðlæga mótaðilann sem mótaðila sinn.

3. gr.

Skýrslugjöf um áhættuskuldbindingar

1. Gögnin um tryggingu, sem krafist er samkvæmt töflu 1 í viðaukanum, skulu tilgreina allar framlagðar tryggingar.

2. Setji mótaðili ekki tryggingu á grundvelli einstakra viðskipta skulu mótaðilar tilkynna til afleiðuviðskiptaskrárinnar tryggingu sem lögð er fram á safngrunni.

3. Sé trygging vegna samnings tilkynnt á safngrunni skal skýrslugefandi mótaðilinn tilkynna til afleiðuviðskiptaskrárinnar kóða sem auðkennir tryggingasafnið sem lagt er fram til handa hinum mótaðilanum vegna hins tilkynnta samnings.

4. Öðrum ófjárhagslegum mótaðilum en þeim sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er ekki skylt að tilkynna tryggingar, mat á markaðsvirði eða mat á útreiknuðu virði samninga sem um getur í töflu 1 í viðaukanum.

5. Sé um að ræða samninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar skal einungis hann veita mat á markaðsvirði.

4. gr.

Skrá yfir skýrslugjöf

Breytingar á gögnum sem skráð eru í afleiðuviðskiptaskrár skal varðveita í skrá sem tilgreinir aðilann eða aðilana sem báðu um breytinguna, þ.m.t. afleiðuviðskiptaskrána sjálfa ef við á, ástæðu eða ástæður slíkrar breytingar, dagsetningu og tímastimpil og gefur greinargóða lýsingu á breytingunum, þ.m.t. gamla og nýja efnisinnihaldinu í viðkomandi gögnum eins og greinir í 58. og 59. reit í töflu 2 í viðaukanum.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.
([2]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

———

VIÐAUKI

Upplýsingar sem tilkynna á til afleiðuviðskiptaskráa

Tafla 1

Upplýsingar um mótaðila

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna
	Aðilar að samningnum	
1	Tímastimpill tilkynningar	Dagsetning og tími tilkynningar til afleiðuviðskiptaskrár.
2	Auðkenni mótaðila	Einkvæmur kóði sem auðkennir skýrslugefandi mótaðilann. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar.
3	Auðkenni hins mótaðilans	Einkvæmur kóði sem auðkennir hinn mótaðila samningsins. Fylla skal út þennan reit út frá sjónarhorni skýrslugefandi mótaðilans. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar.
4	Heiti mótaðilans	Firmaheiti skýrslugefandi mótaðilans. Þennan reit má skilja eftir auðan ef auðkenni mótaðilans hefur þegar að geyma þessar upplýsingar.
5	Lögheimili mótaðilans	Upplýsingar um skráða skrifstofu, þar sem fram kemur fullt póstfang, borg og land skýrslugefandi mótaðilans. Þennan reit má skilja eftir auðan ef auðkenni mótaðilans hefur þegar að geyma þessar upplýsingar.
6	Atvinnugrein mótaðilans	Eðli starfsemi fyrirtækis skýrslugefandi mótaðilans (banki, vátryggingafélag, o.s.frv.). Þennan reit má skilja eftir auðan ef auðkenni mótaðilans hefur þegar að geyma þessar upplýsingar.
7	Fjárhagslegt eða ófjárhagslegt eðli mótaðila	Tilgreinið hvort skýrslugefandi mótaðilinn er fjárhagslegur- eða ófjárhagslegur mótaðili í samræmi við 8. og 9. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
8	Auðkenni miðlara	Komi miðlari fram sem milliliður fyrir skýrslugefandi mótaðilann án þess að verða mótaðili skal skýrslugefandi mótaðilinn auðkenna þennan miðlara með einkvæmum kóða. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar.
9	Auðkenni skýrslugefandi aðila	Hafi skýrslugefandi mótaðili falið þriðja aðila eða hinum mótaðilanum að leggja fram skýrsluna verður að auðkenna þann aðila í þessum reit með einkvæmum kóða. Annars skal skilja þennan reit eftir auðan. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar sem er úthlutað af lögaðilanum sem einstaklingurinn notar til að framkvæma viðskiptin.
10	Auðkenni stöðustofnunaraðila	Sé skýrslugefandi mótaðili ekki stöðustofnunaraðili skal auðkenna stöðustofnunaraðila hans í þessum reit með einkvæmum kóða. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar sem miðlægi mótaðilinn úthlutar.
11	Auðkenni rétthafa	Aðilinn sem hefur réttindi og skyldur samkvæmt samningnum. Þegar viðskiptin fara fram gegnum rekstraraðila, svo sem fjárvörslusjóð eða annan sjóð, sem kemur fram fyrir hönd margra rétthafa ætti sá rekstraraðili að vera auðkenndur sem rétthafinn. Sé rétthafi samningsins ekki mótaðili þessa samnings verður skýrslugefandi mótaðilinn að auðkenna rétthafann með einkvæmum kóða eða, sé um einstakling að ræða, með kóða viðskiptavinar sem lögaðilinn sem einstaklingurinn notar úthlutar.

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna
12	Viðskiptahlutverk	Tilgreinir hvort skýrslugefandi mótaðilinn hefur gert samninginn fyrir eigin reikning (fyrir sjálfan sig eða fyrir hönd viðskiptavinar) eða fyrir reikning og fyrir hönd viðskiptavinar.
13	Staða mótaðila	Tilgreinir hvort samningurinn var um kaup eða sölu. Sé um að ræða vaxtaafleiðusamning samsvarar kauphliðin greiðanda í legg 1 og söluhliðin greiðanda í legg 2.
14	Samningur við mótaðila sem er ekki í EES	Tilgreinir hvort hinn mótaðilinn er með lögheimili utan EES.
15	Bein tenging við viðskiptastarfsemi eða fjármögnun	Upplýsingar um hvort samningurinn er mælanlegur á hlutlægan hátt sem beintengdur við viðskiptastarfsemi eða fjármögnun skýrslugefandi mótaðilans eins og um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef skýrslugefandi mótaðilinn er fjárhagslegur mótaðili eins og um getur í 8. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
16	Stöðustofnunarmörk	Upplýsingar um hvort skýrslugefandi mótaðilinn er yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef skýrslugefandi mótaðilinn er fjárhagslegur mótaðili eins og um getur í 8. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
17	Markaðsvirði samnings	Mat á markaðsvirði samnings eða á útreiknuðu virði þegar við á, skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
18	Gjaldmiðill markaðsvirðis samnings	Gjaldmiðillinn sem notaður er til mats á markaðsvirði samnings, eða á útreiknuðu virði þegar við á, skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
19	Dagsetning mats	Dagsetning síðasta mats á markaðsvirði eða útreiknuðu virði.
20	Tími mats	Klukkan hvað síðasta mat á markaðsvirði eða útreiknuðu virði fór fram.
21	Tegund mats	Tilgreinir hvort matið var framkvæmt á markaðsvirði eða útreiknuðu virði.
22	Tryggingar	Hvort trygging var sett.
23	Tryggingasafn	Hvort tryggingin er sett á safngrunni. Safn merkir að tryggingin er reiknuð á grundvelli nettóstöðu samansafns af samningum en ekki á hver einstök viðskipti.
24	Kóði tryggingasafns	Sé tryggingin tilkynnt á safngrunni ætti safnið að vera auðkennt með einkvæmum kóða sem skýrslugefandi mótaðilinn ákvarðar.
25	Verðmæti tryggingarinnar	Virði tryggingarinnar sem skýrslugefandi mótaðilinn leggur fram gagnvart hinum mótaðilanum. Sé tryggingin lögð fram á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði trygginga sem lagðar eru fram í safnið.
26	Gjaldmiðill verðgildis tryggingarinnar	Tilgreinið verðgildi tryggingarinnar fyrir reit 25.

Tafla 2

Sameiginleg gögn

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2a — Tegund samnings		**Allir samningar**
1	Flokkunarkerfi sem notað er	Samningurinn skal auðkenndur með afurðarauðkenni.	
2	Afurðarauðkenni 1	Samningurinn skal auðkenndur með afurðarauðkenni.	
3	Afurðarauðkenni 2	Samningurinn skal auðkenndur með afurðarauðkenni.	
4	Undirliggjandi þáttur	Auðkenna skal undirliggjandi þáttinn með einkvæmu auðkenni hans. Sé um að ræða körfu eða vísitölu skal tilgreina þessa körfu eða vísitölu ef ekki er til að dreifa einkvæmu kennimerki.	
5	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	Gjaldmiðill grundvallarfjárhæðar. Sé um að ræða vaxtaafleiðusamning er þetta undirliggjandi gjaldmiðill leggjar 1.	
6	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Gjaldmiðill grundvallarfjárhæðar. Sé um að ræða vaxtaafleiðusamning er þetta undirliggjandi gjaldmiðill leggjar 2.	
7	Gjaldmiðill til afhendingar	Gjaldmiðillinn sem á að afhenda.	
	Flokkur 2b — Upplýsingar um viðskiptin		**Allir samningar**
8	Auðkenni viðskipta	Einkvæmt viðskiptaauðkenni sem er samþykkt á evrópskum vettvangi og skýrslugefandi mótaðilinn útvegar. Sé ekki til að dreifa einkvæmu auðkenni viðskipta skal búa til einkvæman kóða sem hinn mótaðilinn samþykkir.	
9	Tilvísunarnúmer viðskipta	Einkvæmt auðkennisnúmer fyrir viðskipti sem skýrslugefandi aðilinn, eða þriðji aðili sem annast skýrslugjöf fyrir hans hönd, útvegar.	
10	Viðskiptastaður	Auðkenna skal viðskiptastaðinn með einkvæmum kóða fyrir þann stað. Sé um að ræða OTC-samning verður að tilgreina hvort viðkomandi gerningur er tekinn til viðskipta en verslað er með hann yfir borðið (OTC) eða ekki tekinn til viðskipta og verslað með hann OTC.	
11	Samþjöppun	Tilgreinið hvort samningurinn leiðir af samþjöppun.	
12	Verð/gengi	Verð á hverja afleiðu að undanskildum, þegar við á, þóknunum og uppsöfnuðum vöxtum.	
13	Framsetningarform verðs	Með hvaða hætti verðið er gefið upp.	
14	Grundvallarfjárhæð	Upphaflegt verðmæti samningsins.	

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
15	Verðmargfaldari	Fjöldi eininga fjármálagerningsins í einni viðskiptalotu, t.d. fjöldi afleiðna sem felast í einum samningi.	
16	Magn	Fjöldi samninga í skýrslunni, þegar greint er frá fleiri en einum afleiðusamningi.	
17	Fyrirframgreiðsla	Fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skýrslugefandi mótaðilinn innti af hendi eða tók við.	
18	Tegund afhendingar	Hvort samningurinn er gerður upp með afhendingu í áþreifanlegu formi eða með peningum.	
19	Tímastimpill framkvæmdar	Eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr.	
20	Gildistökudagur	Dagsetning þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum taka gildi.	
21	Lokadagur	Upprunalegur lokadagur tilkynnts samnings. Ekki skal tilkynna um snemmbæra uppsögn í þessum reit.	
22	Uppsagnardagur	Dagsetning þegar tilkynntum samningi er sagt upp. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef um er að ræða sama dag og lokadag.	
23	Uppgjörsdagur	Dagsetning uppgjörs á undirliggjandi þætti. Ef dagarnir eru fleiri en einn er hægt að nota fleiri reiti (t.d. 23A, 23B, 23C, o.s.frv.).	
24	Tegund rammasamnings	Tilvísun í rammasamning, sé hann notaður fyrir tilkynnta samninginn (t.d. ISDA-rammasamningur; Master Power Purchase and Sale Agreement; International ForEx Master Agreement; European Master Agreement eða hvers konar staðbundnir rammasamningar).	
25	Útgáfa rammasamnings	Tilvísun í útgáfuár rammasamningsins sem notaður er í tilkynntu viðskiptunum, ef við á (t.d. 1992, 2002, o.s.frv.).	
	Flokkur 2c — Ráðstafanir til að draga úr áhættu/Skýrslugjöf		**Allir samningar**
26	Tímastimpill staðfestingar	Dagsetning og tími staðfestingar, eins og greinir í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/20131, með vísan til tímabeltisins þar sem staðfestingin fór fram.	
27	Staðfestingaraðferð	Hvort samningurinn var staðfestur á rafrænan hátt, staðfestur á annan hátt en rafrænan eða er enn óstaðfestur.	
	Flokkur 2d — Stöðustofnun		**Allir samningar**
28	Stöðustofnunarskylda	Tilgreinir hvort tilkynntur samningur fellur undir stöðustofnunarskyldu skv. reglugerð (ESB) nr. 648/2012.	

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
29	Stöðustofnað	Tilgreinir hvort stöðustofnun hefur farið fram.	
30	Tímastimpill stöðustofnunar	Tími og dagsetning þegar stöðustofnun fór fram.	
31	Miðlægur mótaðili	Sé um að ræða samning sem hefur verið stöðustofnaður, einkvæmi kóðinn fyrir miðlæga mótaðilann sem hefur stöðustofnað samninginn.	
32	Innan samstæðu	Tilgreinir hvort samningurinn var gerður sem viðskipti innan samstæðu, eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.	
	Flokkur 2e — Vextir	**Ef afurðarauðkenni (UPI) er tilkynnt og það inniheldur allar neðangreindar upplýsingar þarf ekki að tilkynna þetta.**	**Vaxtaafleiður**
33	Fastir vextir í legg 1	Tilgreining fastra vaxta í legg 1	
34	Fastir vextir í legg 2	Tilgreining fastra vaxta í legg 2	
35	Dagaregla fastra vaxta	Raunverulegur fjöldi daga á viðkomandi útreikningstímabili fyrir greiðslu fastra vaxta, ef við á.	
36	Tíðni greiðslna í legg með föstum vöxtum	Tíðni greiðslna í leggnum með föstum vöxtum, ef við á.	
37	Tíðni greiðslna með breytilegum vöxtum	Tíðni greiðslna í leggnum með breytilegum vöxtum, ef við á.	
38	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta	Tíðni endurákvörðunar vaxta í legg með breytilegum vöxtum, ef við á.	
39	Breytilegir vextir leggjar 1	Tilgreining vaxta sem eru notaðir og endurákvarðaðir með fyrirfram ákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði, ef við á.	
40	Breytilegir vextir leggjar 2	Tilgreining vaxta sem eru notaðir og endurákvarðaðir með fyrirfram ákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði, ef við á.	
	Flokkur 2f — Gjaldeyrir	**Ef afurðarauðkenni (UPI) er tilkynnt og það inniheldur allar neðangreindar upplýsingar þarf ekki að tilkynna þetta.**	**Gjaldeyrisafleiður**
41	Gjaldmiðill 2	Hinn gjaldmiðillinn, ef hann er annar en afhendingargjaldmiðillinn	
42	Gengi 1	Samningsbundið gengi gjaldmiðlanna.	
43	Framvirkt gengi	Framvirkt gengi á gildisdegi.	
44	Grundvöllur gengis	Gjaldmiðlarnir sem liggja til grundvallar genginu.	

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2g ═ Hrávörur	**Ef afurðarauðkenni (UPI) er tilkynnt og það inniheldur allar neðangreindar upplýsingar er ekki gerð krafa um að þetta sé tilkynnt nema tilkynna eigi um þetta samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011[2].**	**Hrávöruafleiður**
	Almennt		
45	Hrávöruflokkur	Tilgreinir tegund hrávöru sem er undirliggjandi í samningnum.	
46	Upplýsingar um hrávöru	Upplýsingar um viðkomandi hrávöru umfram upplýsingarnar í reit 45.	
	Orka	Upplýsingar sem skal tilkynna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1227/2011, ef við á.	
47	Afhendingarstaður eða -svæði	Afhendingarstaður eða -staðir á markaðssvæði eða -svæðum.	
48	Samtengingarpunktur	Tilgreining landamæra eða landamærastöðva(r) vegna flutningssamnings.	
49	Tegund álags	Endurtakanlegur hluti af reitum 50 ─ 54 til að tilgreina afhendingarsnið vöru, sem samsvarar afhendingartímabilum dags.	
50	Upphafsdagur og tími afhendingar	Upphafsdagur og tími afhendingar.	
51	Lokadagur og tími afhendingar	Lokadagur og tími afhendingar.	
52	Umsamið hámarks-afhendingarmagn	Hámarksmagn á hverju tímabili afhendingar.	
53	Magneining	Magn á dag eða klukkustund í megavattstundum eða kílóvattstundum/d sem samsvarar undirliggjandi hrávöru.	
54	Verð fyrir magn á tímabili	Ef við á, verð fyrir magn á hverju tímabili afhendingar,	
	Flokkur 2h ═ Valréttar-samningar	**Ef afurðarauðkenni (UPI) er tilkynnt og það hefur að geyma allar neðangreindar upplýsingar þarf ekki að tilkynna þetta.**	**Samningar sem fela í sér valrétt**
55	Tegund valréttar	Tilgreinir hvort samningurinn er um kaup- eða sölurétt.	
56	Tegund nýtingartíma valréttar	Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúda-valréttur) eða hvenær sem er á líftíma samningsins (bandarískur valréttur).	
57	Lausnarverð (þak/gólf)	Lausnarverð valréttarins.	

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2i — Breytingar á skýrslunni		**Allir samningar**
58	Tegund aðgerðar	Hvort tilkynningin fjallar um: — afleiðusamning eða atburð eftir viðskipti (e. *post trade event*) sem tilkynnt er um í fyrsta skipti en þá er hún auðkennd með orðinu „nýtt“, — breytingu á upplýsingum um áður tilkynntan afleiðusamning en þá er hún auðkennd með orðinu „breyting“, — afturköllun skýrslu sem var lögð fram fyrir mistök en þá er hún auðkennd með orðinu „mistök“, — uppsögn gildandi samnings en þá er hún auðkennd með orðinu „uppsögn“, — samþjöppun hins tilkynnta samnings en þá er hún auðkennd með orðinu „samþjöppun“, — uppfærslu á verðmati samnings en þá er hún auðkennd með orðunum „uppfærsla á verðmati“, — aðrar breytingar á skýrslunni en þá er hún auðkennd með orðinu „annað“.	
59	Upplýsingar um tegund aðgerðar	Sé tegund aðgerðar í reit 58 tilkynnt sem „annað“ skal veita nánari upplýsingar um breytinguna hér.	

(1) Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013 bls. 11.
(2) Stjtíð. ESB L 326, 8.12. 2011, bls. 1.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 149/2013 **2019/EES/25/02**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 4. gr. (4. mgr.), 5. gr. (1. mgr.), 6. gr. (4. mgr.), 8. gr. (5. mgr.), 10. gr. (4. mgr.) og 11. gr. (14. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Setja ætti ramma sem nær yfir reglur um stöðustofnunarskyldu, beitingu hennar, hugsanlegar undanþágur og aðgerðir til að draga úr áhættu sem gripið er til þegar stöðustofnun hjá miðlægum mótaðila getur ekki farið fram. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem taka ættu gildi á sama tíma, og til að hluthafar, einkum þeir sem bundnir eru þessum skyldum, hafi betri yfirsýn og auðveldan aðgang að þeim, er æskilegt að safna saman í eina reglugerð flestum þeirra tæknilegu eftirlitsstaðla sem krafist er skv. II. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2) Í ljósi alþjóðlegs eðlis OTC-afleiðumarkaðarins ætti þessi reglugerð að taka tillit til viðeigandi viðmiðunarreglna og tilmæla sem hafa verið samþykkt á alþjóðavísu um umbætur á OTC-afleiðumarkaðinum og lögboðna stöðustofnun ásamt tengdum reglum sem mótaðar eru í öðrum lögsögum. Í rammanum um ákvörðun um stöðustofnunarskyldu er einkum tekið tillit til lögbundinnar stöðustofnunarskyldu sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði hafa birt. Þetta mun, eins og hægt er, styðja við samleitni við nálgunina í öðrum lögsögum.

3) Til að tilgreina á skýran hátt fáein hugtök úr reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ásamt því að tilgreina tæknileg hugtök sem nauðsynleg eru til að móta þennan tæknistaðal ætti að skilgreina nokkur hugtök.

4) Óbeint stöðustofnunarfyrirkomulagi ætti ekki að auka mótaðilaáhættuna fyrir miðlægan mótaðila, stöðustofnunaraðila, viðskiptavin eða óbeinan viðskiptavin og eignir og stöður óbeinna viðskiptavina ættu að njóta nægilega mikillar verndar. Því er mikilvægt að alls kyns óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag uppfylli lágmarksskilyrði til að tryggja öryggi þess. Í því skyni skulu aðilarnir sem hlut eiga að óbeinum stöðustofnunarráðstöfunum bundnir sérstökum skyldum. Þessar ráðstafanir ná lengra en samningssamband milli óbeinna viðskiptavina og viðskiptavinar stöðustofnunaraðila sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu.

5) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er þess krafist að miðlægur mótaðili sé tilnefnt kerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([3]). Þetta þýðir að stöðustofnunaraðilar miðlægra mótaðila ættu að teljast þátttakendur í skilningi þeirrar tilskipunar. Til að tryggja óbeinum viðskiptavinum sambærilega vernd og veitt er viðskiptavinum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er því nauðsynlegt að tryggja að viðskiptavinirnir sem veita óbeina stöðustofnunarþjónustu séu lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki eða sambærilegar lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki í þriðju löndum.

6) Innleiða ætti óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag til að tryggja að óbeinir viðskiptavinir geti, ef þeir lenda í greiðsluþroti, fengið sambærilega vernd og beinir viðskiptavinir. Í kjölfar vanskila stöðustofnunaraðila sem býður upp á óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag ættu óbeinir viðskiptavinir að falla undir yfirfærslu á stöðum viðskiptavinar til annarra stöðustofnunaraðila samkvæmt kröfum um flytjanleika sem kveðið er á um í 39. og 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Einnig ættu viðeigandi verndarráðstafanir gegn greiðsluþroti viðskiptavinar að vera fyrir hendi innan óbeins stöðustofnunarfyrirkomulags og ættu þær að styðja við yfirfærslur á stöðum óbeinna viðskiptavina til annars veitanda stöðustofnunarþjónustu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

7) Þar eð óbeinar stöðustofnunarráðstafanir geta haft í för með sér sértæka áhættu ættu allir aðilar sem falla undir óbeina stöðustofnunarráðstöfun, þ.m.t. stöðustofnunaraðilar og miðlægir mótaðilar, reglulega að greina, fylgjast með og stýra verulegri áhættu sem hlýst af ráðstöfuninni. Rétt miðlun upplýsinga milli viðskiptavina sem veita óbeina stöðustofnunarþjónustu og stöðustofnunaraðila sem hafa milligöngu um þessa þjónustu er einkar mikilvæg í þessu samhengi. Stöðustofnunaraðilar ættu aðeins að nota upplýsingar sem viðskiptavinir veita í áhættustýringarskyni og jafnframt koma í veg fyrir misnotkun á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum, þ.m.t. með því að nota skilvirkari hindranir milli mismunandi deilda fjármálastofnana til að komast hjá hagsmunaárekstrum.

8) Þess er krafist að lögbært yfirvald tilkynni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það þegar það heimilar miðlægum mótaðila að stöðustofna flokk OTC-afleiðna. Tilkynning þessi ætti að fela í sér ítarlegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina til að framkvæma matsferli sitt, þ.m.t. upplýsingar um seljanleika og umfang viðkomandi flokks OTC-afleiðna. Þrátt fyrir að upplýsingarnar berist Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá lögbæra yfirvaldinu er það miðlægi mótaðilinn, eftir að hafa sótt um starfsleyfið, sem ætti upphaflega að láta lögbærum yfirvöldum í té tilskildar upplýsingar sem hafa síðan heimild til að bæta við þær.

9) Jafnvel þótt ekki séu alltaf fyrir hendi allar upplýsingar sem eiga að vera í tilkynningu lögbæra yfirvaldsins til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, að því er varðar stöðustofnunarskylduna, einkum fyrir nýjar afurðir, ætti að láta í té tiltæk möt ásamt greinargóðri lýsingu á forsendunum þeirra. Tilkynningin ætti einnig að innihalda upplýsingar um mótaðilana, s.s. tegund og fjölda mótaðila, ráðstafanir sem þarf að gera til að hefja stöðustofnun hjá miðlægum mótaðila, löghæfi og rekstrarlega getu eða áhættustýringarramma þeirra til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að meta hæfni virkra mótaðila til að hlíta stöðustofnunarskyldunni án þess að valda röskun á markaði.

10) Tilkynning lögbæra yfirvaldsins til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti að innihalda upplýsingar um stöðlunarstig, seljanleika og tiltækileika verðupplýsinga til þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti metið hvort OTC-afleiðuflokkur eigi að falla undir stöðustofnunarskyldu. Viðmiðin í tengslum við stöðlun samningsskilmála og verkferla viðeigandi OTC-flokks gefa vísbendingu um stöðlun fjárhagslegra skilmála OTC-afleiðuflokks því að einungis er hægt að staðla samningsskilmálana og rekstrarferlana þegar þessir fjárhagslegu skilmálar eru staðlaðir. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metur viðmiðin fyrir seljanleika og tiltækileika verðupplýsinga á annan hátt en gert er í mati lögbærs yfirvalds þegar miðlægum mótaðila er veitt starfsleyfi. Í þessu samhengi er seljanleiki metinn út frá víðara sjónarhorni og er ólíkur seljanleikanum sem yrði eftir að stöðustofnunarskyldan tekur gildi. Þó að samningur sé nægjanlega seljanlegur til að miðlægur mótaðili stöðustofni hann þýðir það ekki endilega að hann eigi að falla undir stöðustofnunarskylduna. Mat Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti ekki að vera samskonar endurskoðun og lögbært yfirvald hefur áður gert eða endurtekning á henni.

11) Upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld eiga að veita að því er varðar stöðustofnunarskylduna ættu að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að meta tiltækileika verðlagsupplýsinga. Þó miðlægur mótaðili hafi aðgang að verðlagsupplýsingum á einhverjum tímapunkti þýðir það ekki að markaðsaðilar hafi aðgang að verðlagsupplýsingum í framtíðinni. Þar af leiðir að þrátt fyrir að miðlægur mótaðili hafi aðgang að nauðsynlegum verðlagsupplýsingum til að stýra áhættunni af stöðustofnun afleiðusamninga innan ákveðins flokks OTC-afleiðusamninga hefur það ekki sjálfkrafa í för með sér að þessi flokkur OTC-afleiðna eigi að falla undir stöðustofnunarskylduna.

12) Sundurliðunarstigin, sem tiltæk eru í skránni yfir flokka OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnunarskylduna, miðast við hve mikilvægar þær upplýsingar eru til að skilgreina hvern flokk OTC-afleiðusamninga. Í skránni gætu því verið mismunandi sundurliðunarstig fyrir mismunandi flokka OTC-afleiðusamninga.

13) Með því að heimila aðgang margra miðlægra mótaðila að viðskiptavettvangi er mögulega hægt að víkka aðgang þátttakenda að þeim vettvangi og aukið þannig seljanleika í heild. Við slíkar aðstæður er engu að síður nauðsynlegt að tilgreina hugtakið tvístrun seljanleika (*e. liquidity fragmentation*)innan vettvangsins fari svo að það gæti ógnað snurðulausri og skipulegri starfsemi markaða fyrir flokka fjármálagerninga sem beiðnin er lögð fram fyrir.

14) Mat lögbærs yfirvalds á viðskiptavettvanginum sem miðlægur mótaðili hefur beðið um aðgang að ásamt mati lögbærs yfirvalds miðlæga mótaðilans skal byggjast á þeim kerfum sem eru til staðar til að koma í veg fyrir tvístrun seljanleika á viðskiptavettvanginum.

15) Til að koma í veg fyrir tvístrun seljanleika ættu allir þátttakendur á viðskiptavettvangi að geta stöðustofnað öll viðskipti sín á milli. Hins vegar yrði ekki hóflegt að krefjast þess að allir stöðustofnunaraðilar starfandi miðlægs mótaðila verði einnig stöðustofnunaraðilar allra nýrra miðlægra mótaðila sem veita slíkum viðskiptavettvangi þjónustu. Ef einhverjir aðilar eru stöðustofnunaraðilar hjá báðum miðlægu mótaðilunum geta þeir haft milligöngu um yfirfærslu og stöðustofnun viðskipta sem er í höndum markaðsaðila, sem báðir miðlægu mótaðilarnir veita þjónustu hvor í sínu lagi, til

að takmarka áhættuna á tvístrun seljanleika. Engu að síður er mikilvægt að beiðni miðlægs mótaðila um aðgang að viðskiptavettvangi tvístri ekki seljanleika á þann hátt er myndi auka áhættuna sem starfandi miðlægir mótaðilar standa frammi fyrir.

16) Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ætti ekki að krefjast rekstrarsamhæfis þegar miðlægur mótaðili óskar eftir aðgangi að viðskiptavettvangi og af þessum sökum ætti í þessari reglugerð ekki að mæla fyrir um að rekstrarsamhæfi sé eina leiðin til að ráða bót á tvístrun seljanleika. Í reglugerð þessari ætti þó ekki að útiloka miðlæga mótaðila frá því að taka þátt í slíkri tilhögun af fúsum og frjálsum vilja ef nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun hennar eru uppfyllt.

17) Til að staðfesta hvaða OTC-afleiðusamningar er unnt að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun, ættu ófjárhagslegir mótaðilar að beita einu af þeim viðmiðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. skilgreiningu reikningsskila sem byggist á reglum alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS). Mótaðilarnir geta notað skilgreiningu reikningsskila jafnvel þó þeir beiti ekki reglum alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Hjá ófjárhagslegum mótaðilum sem gætu notað staðbundnar reikningsskilareglur má gera ráð fyrir að flestir samningarnir sem flokkaðir eru sem áhættuvörn samkvæmt þessum staðbundnum reikningsskilareglum falli innan almennrar skilgreiningar á samningum og dragi þannig úr áhættu sem tengist á beinan hátt viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

18) Við sumar aðstæður kann að vera ómögulegt að verja sig gegn áhættu með því að nota afleiðusamning sem tengist henni beint, þ.e.a.s. samning sem hefur nákvæmlega sama undirliggjandi þátt og uppgjörsdag og áhættan sem verið er að verja. Í slíku tilviki er ófjárhagslegum mótaðila heimilt að nota staðgengilsáhættuvörn (e. *proxy hedging*) með nátengdum gerningi til að verja sig gegn áhættunni, s.s. gerning með annan undirliggjandi þátt en sem sýnir afar svipaða hegðun í fjárhagslegu tilliti. Þar að auki er ákveðnum hópum ófjárhagslegra mótaðila, sem gera OTC-afleiðusamninga fyrir tilstuðlan eins aðila, heimilt að nota heildar- eða safnáhættuvörn (e. *macro or portfolio hedging*) til að verja áhættu sína vegna heildaráhættu hópsins. Slíkir OTC-afleiðusamningar sem eru heildar-, safn- eða staðgengilshættuvörn gætu talist áhættuvörn að því er þessa reglugerð varðar og þá ætti að meta með hliðsjón af viðmiðunum til að ákvarða hvaða OTC-afleiðusamningar draga á hlutlægan hátt úr áhættu.

19) Áhætta getur þróast með tímanum og til að aðlagast þróun áhættunnar gæti þurft að samjafna OTC-afleiðusamninga, sem upphaflega voru gerðir til að draga úr áhættu sem tengist viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun, við viðbótar OTC-afleiðusamninga. Þar af leiðandi má verja áhættu á árangursríkan hátt með samsetningu OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. OTC-afleiðusamninga sem vegnir eru gegn OTC-afleiðusamningunum sem tengjast ekki lengur áhættu vegna viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnunar.

20) Áhættusviðið sem tengist beint fjármögnunarhreyfingum í viðskiptastarfsemi og lausafjárfjármögnun er mjög víðtækt og nær yfir marga mismunandi atvinnuvegi. Áhætta er varðar viðskiptastarfsemi er gjarnan tengd aðföngum fyrir framleiðslustarfsemi fyrirtækis og einnig vöru og þjónustu sem það selur eða veitir. Lausafjárfjármögnun tengist alla jafnan stýringu skammtíma- og langtímafjármögnunar aðila, þ.m.t. skulda hans, og með hvaða leiðum hann fjárfestir fjármagnið sem hann skapar eða hefur í vörslu sinni, þ.m.t. reiðufjárstjórnun. Lausafjárfjármögnun og viðskiptastarfsemi geta orðið fyrir áhrifum af sömu áhættuþáttum, s.s. erlendum gjaldeyri, hrávöruverði, verðbólgu eða útlánaáhættu. Í ljósi þess að OTC-afleiður eru gerðar til að verja ákveðna áhættu ætti, við greiningu á áhættunni sem tengist á beinan hátt viðskiptum þeirra eða lausafjárfjármögnun, að skilgreina þá áhættu á samræmdan hátt til að ná til beggja þessara þátta starfseminnar. Einnig gæti aðskilnaður hugtakanna tveggja haft ótilætlaðar afleiðingar þar sem ákveðin áhætta yrði þá varin í tengslum við viðskipti þeirra eða lausafjárfjármögnun, allt eftir geiranum þar sem ófjárhagslegir mótaðilar starfa.

21) Þó setja ætti fjárhæðarmörk stöðustofnunar með tilliti til kerfislægs mikilvægis tengdrar áhættu er mikilvægt að taka tillit til þess að OTC-afleiður sem draga úr áhættu eru undanskildar í útreikningi á fjárhæðarmörkum stöðustofnunar og að fjárhæðamörk stöðustofnunar leyfa undantekningu á meginreglunni um stöðustofnunarskyldu fyrir þá OTC-afleiðusamninga sem telja mætti að séu ekki gerðir áhættuvarnarskyni. Nánar tiltekið ætti að endurskoða gildi fjárhæðarmarka stöðustofnunar reglulega og þau ætti að ákvarða eftir flokki OTC-afleiðusamninga. Flokkar OTC-afleiða sem ákvarðaðir eru að því er varðar fjárhæðarmörk stöðustofnunar geta verið ólíkir flokkum OTC-afleiða að því varðar stöðustofnunarskyldu. Þegar gildi fjárhæðarmarka stöðustofnunar er ákvarðað ætti að taka tilhlýðilegt tillit til þarfarinnar á að skilgreina einn vísbendi sem endurspeglar kerfislægt mikilvægi samtölu hreinna staðna og áhættuskuldbindinga á

hvern mótaðila og hvern eignaflokk OTC-afleiða. Ennfremur ætti að vera auðvelt að koma í framkvæmd fjárhæðarmörkum stöðustofnunar sem ófjárhagslegir mótaðilar nota.

22) Við ákvörðun á gildi fjárhæðarmarka stöðustofnunar ætti að taka tillit til kerfislægs mikilvægis samtölu hreinna staðna og áhættuskuldbindinga hvers mótaðila og hvers flokks OTC-afleiðusamninga í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þó ætti að taka til athugunar að þessar hreinu stöður og áhættuskuldbindingar eru frábrugðnar hreinum áhættuskuldbindingum þvert á mótaðila og eignaflokka. Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti enn fremur að leggja saman þessar hreinu stöður til að ákvarða gögnin sem taka skal til athugunar þegar fjárhæðarmörk stöðustofnunar eru ákveðin. Taka ætti verga heildarfjárhæð sem hlýst af samlagningu þessara hreinu staðna til athugunar þegar fjárhæðarmörk stöðustofnunar eru ákveðin. Vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða sem hlýst af samlagningunni ætti að nota til viðmiðunar þegar fjárhæðarmörk stöðustofnunar eru ákveðin.

23) Starfsemi ófjárhagslegra mótaðila með OTC-afleiður er auk þess skipulögð þannig að hún leiðir til lítillar skuldajöfnunar þar sem OTC-afleiðusamningar eru gerðir í sömu átt. Þar af leiðandi yrði mismunurinn milli samtölu hreinna staðna og áhættuskuldbindinga hvers mótaðila og hvers flokks OTC-afleiða nærri vergu verðmæti samninga. Af þeim sökum, og til að ná markmiðinu um einföldun, ætti að nota vergt verðmæti OTC-afleiðusamninga sem gildan staðgengil fyrir mælikvarðann sem taka ber tillit til við ákvörðun á fjárhæðarmörkum stöðustofnunar.

24) Í ljósi þess að ófjárhagslegum aðilum, sem fara ekki yfir fjárhæðarmörkin, ber ekki skylda til að meta OTC-afleiðusamninga sína á markaðsvirði, væri ekki rétt að nota þennan mælikvarða til að ákvarða fjárhæðarmörk stöðustofnunar, þar sem það myndi leggja þungar byrðar á ófjárhagslegu mótaðilana og væri ekki í réttu hlutfalli við áhættuna af því. Með því að nota undirliggjandi fjárhæð OTC-afleiðusamninga í staðinn væri komin einfaldari aðferð fyrir ófjárhagslega mótaðila sem væri óháð ytri atburðum.

25) Ef farið er yfir eitt af þeim gildum sem sett hafa verið fyrir flokk OTC-afleiða, ætti það að teljast sem farið hafi verið yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunar fyrir alla flokka, þar sem OTC-afleiðusamningar sem draga úr áhættu eru undanskildir frá útreikningi á fjárhæðarmörkum stöðustofnunar, afleiðingar þess að fara yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunar tengjast ekki aðeins stöðustofnunarskyldunni heldur ná einnig til aðferða til mildunar áhættu, og nálgunin fyrir viðkomandi skuldbindingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem gildir um ófjárhagslega mótaðila, ætti að vera einföld í ljósi einfalds eðlis flestra þeirra.

26) Aðferðir til að draga úr áhættu, eins og tímanleg staðfesting, ættu að gilda um þá OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir. Staðfesting á OTC-afleiðusamningum getur vísað til eins eða fleiri rammasamninga, rammasamninga til staðfestingar, eða annarra staðlaðra skilmála. Hún getur verið í formi samnings sem gerður er með rafrænum hætti eða skjals sem báðir mótaðilar hafa undirritað.

27) Nauðsynlegt er að mótaðilarnir staðfesti skilmála viðskipta sinna eins fljótt og auðið er í kjölfar þess að viðskiptin eiga sér stað, einkum þegar þau fara fram eða eru unnin á rafrænan hátt, til að tryggja sameiginlegan skilning og lagalega vissu um skilmála viðskiptanna. Einkum mótaðilar sem gera óstaðlaða eða flókna OTC-afleiðusamninga gætu þurft að innleiða tæki til að fara að kröfunum um að staðfesta OTC-afleiðusamninga sína tímanlega. Með tímanlegri staðfestingu má einnig gera ráð fyrir að viðeigandi markaðsvenjur þróist á þessu sviði.

28) Til að draga enn frekar úr áhættu gerir afstemming eignasafns sérhverjum miðlægum mótaðila kleift að takast á hendur ítarlega úttekt á eignasafni viðskipta eins og það kemur mótaðila hans fyrir sjónir til að greina með skjótum hætti misskilning um helstu skilmála viðskiptanna. Slíkir skilmálar ættu að hafa að geyma mat á öllum viðskiptum og í þeim gætu einnig falist aðrar viðkomandi upplýsingar eins og gildistökudagur, áætlaður lokadagur, greiðslu- eða uppgjörsdagar, undirliggjandi fjárhæðir samningsins og gjaldmiðill viðskiptanna, undirliggjandi gerningur, staða mótaðilanna, viðskiptadagaregla og viðkomandi fastir eða breytilegir vextir á OTC-afleiðusamningnum ef einhverjir eru.

29) Í ljósi mismunandi áhættulýsingar og til að afstemming eignasafnsins verði hlutfallsleg aðferð til að draga úr áhættu ætti tíðni afstemmingar og stærð eignasafnsins sem á að skoða að vera mismunandi allt eftir eðli mótaðilanna. Strangari kröfur ættu að gilda um bæði fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila sem fara yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunar á meðan lægri tíðni afstemminga ætti að gilda fyrir ófjárhagslega mótaðila sem færu ekki yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunar án tillits til flokks mótaðila viðkomandi sem myndi einnig njóta góðs af lægri afstemmingatíðni fyrir þennan hluta eignasafns síns.

30) Samþjöppun eignasafns getur einnig verið skilvirkt úrræði til að draga úr áhættu með hliðsjón af aðstæðum s.s. stærð eignasafnsins gagnvart mótaðila, líftíma, tilgangi og stöðlunarstigi OTC-afleiðusamninga. Fjárhagslegir og ófjárhagslegir mótaðilar með safn OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki nema að því marki sem ákvarðað er í þessari reglugerð, ættu að hafa verklag til að greina möguleikann á að nota samþjöppun eignasafns sem gerði þeim kleift að minnka greiðslufallsáhættu mótaðila þeirra.

31) Lausn ágreiningsmála miðar að því að draga úr áhættu af samningum sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt. Þegar mótaðilar eiga viðskipti með OTC-afleiður sín á milli ættu þeir að hafa samþykktan ramma til að leysa ágreining sem gæti komið upp. Ramminn ætti að vísa til fyrirkomulags við lausn mála, eins og gerðardóms þriðja aðila eða fyrirkomulags við markaðskannanir. Tilgangurinn með rammanum er að komast hjá því að óleyst ágreiningsmál magnist og geri mótaðilana berskjaldaða fyrir viðbótaráhættu. Deilur ætti að greina, fara með og gera opinberar á viðeigandi hátt.

32) Til að tilgreina markaðsaðstæður sem koma í veg fyrir mat á markaðsvirði (*e. marking-to-market*) er nauðsynlegt að skilgreina óvirka markaði. Markaður getur verið óvirkur af ýmsum ástæðum, þ.m.t. vegna þess að engin markaðsviðskipti fara reglulega fram milli óskyldra aðila, þegar óskyldir ættu að merkja hið sama og í reikningsskilum.

33) Reglugerð þessi gildir um fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila sem eru yfir fjárhæðarmörkum stöðustofnunar og tekur mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([1]) þar sem einnig eru sett fram skilyrði sem fara verður að þegar fært er á líkansvirði.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

34) Þótt hönnun líkansins, sem notað er við mat á líkansvirði, geti farið fram hvort sem er innan eða utan fyrirtækisins, er það á ábyrgð stjórnarinnar, eða nefndar sem stjórnin framselur ábyrgðina, að samþykkja líkanið til að tryggja viðeigandi ábyrgðarskyldu.

35) Þegar mótaðilar geta beitt undanþágu innan samstæðu í kjölfar tilkynningar þeirra til lögbærra yfirvalda en án þess að bíða eftir lokum andmælatímabils slíkra lögbærra yfirvalda, er mikilvægt að tryggja að lögbær yfirvöld fái viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar tímanlega, til að meta hvort þau eiga að mótmæla notkun undanþágunnar.

36) Ákvarða má fyrirhugaða stærð, magn og tíðni OTC-afleiðusamninga innan samstæðu á grundvelli sögulegra viðskipta innan samstæðu mótaðilanna og einnig fyrirhugaðs líkans og ætlaðrar starfsemi í framtíðinni.

37) Þegar mótaðilar beita undanþágu innan samstæðu ættu þeir að birta upplýsingar opinberlega í því skyni að tryggja gagnsæi að því er varðar markaðsaðila og hugsanlega kröfuhafa. Þetta er einkum mikilvægt vegna hugsanlegra kröfuhafa mótaðilanna með tilliti til áhættumats. Upplýsingagjöfin miðar að því að hindra þann misskilning að OTC-afleiðusamningar séu stöðustofnaðir miðlægt eða falli undir aðferðir til að draga úr áhættu þegar sú er ekki raunin.

38) Tímaramminn til að ná tímanlegri staðfestingu krefst aðlögunarátaks, þ.m.t. breytinga á markaðsvenju og endurbótum á upplýsingatæknikerfum. Þar eð aðlögunin að ákvæðunum getur gengið mishratt fyrir sig, allt eftir flokki mótaðila og eignaflokki OTC-afleiða, myndi það bæta tímaramma um staðfestingu fyrir þá mótaðila og afurðir sem gætu verið tilbúnar fyrr ef mismunandi dagsetningar yrðu settar fyrir innleiðingu í skrefum sem taka mið af þessum mun.

39) Staðlarnir fyrir afstemmingu eignasafns, samþjöppun eignasafns eða lausn ágreiningsmála krefjast þess að mótaðilarnir setji verklagsreglur, móti stefnur, verkferla og aðlagi skjalahald en það tekur tíma. Fresta ætti gildistöku viðkomandi krafna til að veita mótaðilunum meiri tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskildum ákvæðum.

40) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

41) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „óbeinn viðskiptavinur“: viðskiptavinur viðskiptavinar stöðustofnunaraðila,

b) „óbeint fyrirkomulag stöðustofnunar“: samningsbundin tengsl milli miðlægs mótaðila, stöðustofnunaraðila, viðskiptavinar stöðustofnunaraðila og óbeins viðskiptavinar sem gerir viðskiptavini stöðustofnunaraðila kleift að veita óbeinum viðskiptavini stöðustofnunarþjónustu,

c) „staðfesting“: skjalfesting á samkomulagi mótaðilanna um alla skilmála OTC-afleiðusamningsins.

II. KAFLI

ÓBEINT FYRIRKOMULAG STÖÐUSTOFNUNAR

(Ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

2. gr.

Uppbygging á óbeinu fyrirkomulagi stöðustofnunar

1. Þegar stöðustofnunaraðili er reiðubúinn að bjóða upp á óbeina stöðustofnun skal hverjum viðskiptavini slíks stöðustofnunaraðila heimilt að veita einum eða fleiri eigin viðskiptavina óbeina stöðustofnunarþjónustu, að því tilskildu að viðskiptavinur stöðustofnunaraðilans sé lánastofnun með starfsleyfi, verðbréfafyrirtæki eða sambærileg lánastofnun eða fyrirtæki í þriðja landi.

2. Semja skal um samningsskilmála óbeins fyrirkomulags stöðustofnunar milli viðskiptavinar stöðustofnunaraðila og óbeins viðskiptavinar að höfðu samráði við stöðustofnunaraðilann um þau atriði sem geta haft áhrif á starfsemi stöðustofnunaraðilans. Í þeim skulu felast samningskröfur gagnvart viðskiptavininum um að standa við allar skuldbindingar óbeina viðskiptavinarins gagnvart stöðustofnunaraðilanum. Kröfur þessar skulu aðeins vísa til viðskipta sem eru hluti af óbeinu fyrirkomulagi stöðustofnunar og skal skjalfesta umfang þess skilmerkilega í samninga sem gerðir eru.

3. gr.

Skuldbindingar miðlægra mótaðila

1. Miðlægur mótaðili má ekki nota viðskiptahætti sem hindra að óbeinu fyrirkomulagi stöðustofnunar sé komið á með eðlilegum viðskiptaskilmálum. Miðlægur mótaðili skal, að beiðni stöðustofnunaraðila, halda aðskildar skrár og reikninga sem gera hverjum viðskiptavini kleift að greina eignir og stöður viðskiptavinarins á reikningum hjá miðlæga mótaðilanum frá þeim sem eru í nafni óbeinna viðskiptavina viðskiptavinarins.

2. Miðlægur mótaðili skal greina, vakta og stýra allri verulegri áhættu sem verður til við óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag sem gæti haft áhrif á viðnámsþrótt miðlægs mótaðila.

4. gr.

Skuldbindingar stöðustofnunaraðila

1. Stöðustofnunaraðili, sem býðst til að veita óbeina stöðustofnunarþjónustu skal gera það með eðlilegum viðskiptaskilmálum. Með fyrirvara um þagnarskyldu um samninga við einstaka viðskiptavini skal stöðustofnunaraðilinn birta opinberlega þá almennu skilmála sem gilda um óbeinu stöðustofnunarþjónustuna sem hann býður upp á. Skilmálar þessir geta falið í sér rekstrarlegar lágmarkskröfur sem lagðar eru á viðskiptavini sem veita óbeina stöðustofnunarþjónustu.

2. Þegar stöðustofnunaraðili býður upp á óbeint fyrirkomulag stöðustofnunar skal hann koma á fót öðru hvoru eftirfarandi fyrirkomulagi aðgreiningar samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinarins:

a) halda aðskildar skrár og reikninga sem gera hverjum viðskiptavini kleift að greina eignir og stöður viðskiptavinarins á reikningum hjá stöðustofnunaraðilanum frá þeim sem eru í nafni óbeinna viðskiptavina hans,

b) halda aðskildar skrár og reikninga sem gera hverjum viðskiptavini kleift að aðgreina eignir og stöður sem eru í nafni óbeins viðskiptavinar á reikningi hjá stöðustofnunaraðila frá þeim sem eru í nafni annarra óbeinna viðskiptavina.

3. Krafan um að aðgreina eignir og stöður hjá stöðustofnunaraðilanum telst uppfyllt ef skilyrðunum, sem tilgreind eru í 9. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, er fullnægt.

4. Stöðustofnunaraðili skal koma traustu verklagi til að taka á vanskilum viðskiptavinar sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu. Verklag þetta skal fela í sér trúverðugt kerfi til að yfirfæra stöðurnar og eignirnar til annars viðskiptavinar eða stöðustofnunaraðila, að fengnu samþykki þeirra óbeinu viðskiptavina sem yfirfærslan hefur áhrif á. Viðskiptavini eða stöðustofnunaraðila skal ekki vera skylt að samþykkja þessar stöður nema hann hafi áður gert samning þess efnis.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

5. Stöðustofnunaraðilinn skal einnig tryggja að verklag hans geri skjóta sölu á eignum og stöðum óbeinna viðskiptavina og stöðustofnunaraðilans mögulega til að greiða alla fjármuni til greiðslu til óbeinu viðskiptavinanna eftir vanskil viðskiptavinarins.

6. Stöðustofnunaraðili skal greina, vakta og stýra áhættu sem verður til við óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, þ.m.t. þegar notaðar eru upplýsingar sem viðskiptavinir veita skv. 3. mgr. 4. gr. Stöðustofnunaraðilinn skal koma á traustu innra verklagi til að tryggja að ekki sé hægt að nota þessar upplýsingar í viðskiptaskyni.

5. gr.

Skuldbindingar viðskiptavina

1. Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal halda aðskildar skrár og aðskilið bókhald sem gera honum kleift að greina á milli eigin eigna og staðna og þeirra sem eru í nafni óbeinna viðskiptavina hans. Hann skal bjóða óbeinum viðskiptavinum sínum mismunandi valmöguleika um aðskilda reikninga, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., og tryggja að óbeinir viðskiptavinir séu vel upplýstir um áhættuþættina sem tengjast hverjum aðgreiningarvalkosti. Upplýsingarnar sem viðskiptavinur veitir óbeinum viðskiptavinum skulu fela í sér upplýsingar um fyrirkomulag á yfirfærslu staðna og reikninga til annars viðskiptavinar.

2. Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal krefjast þess af stöðustofnunaraðilanum að hann stofni aðskilinn reikning hjá miðlæga mótaðilanum. Reikningurinn skal hafa þann eina tilgangi að geyma halda utan um eignir og stöður óbeinna viðskiptavina hans.

3. Viðskiptavinur skal láta stöðustofnunaraðilanum í té nægjanlegar upplýsingar til að greina, vakta og stýra áhættu sem verður til við óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag. Komi til vanskila viðskiptavinarins skal þegar í stað gera allar upplýsingar, sem viðskiptavinurinn hefur í vörslu sinni um óbeina viðskiptavini sína, aðgengilegar stöðustofnunaraðilanum.

III. KAFLI

TILKYNNING TIL EVRÓPSKU VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITSSTOFNUNARINNAR VEGNA STÖÐUSTOFNUNARSKYLDU

(Ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

6. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunni

1. Í tilkynningunni vegna stöðustofnunarskyldu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) tilgreining á flokki OTC-afleiðusamninga,

b) tilgreining á OTC-afleiðusamningum innan OTC-afleiðusamningaflokksins,

c) aðrar upplýsingar sem koma skulu fram í opinberu skránni í samræmi við 8. gr.

d) frekari einkenni sem nauðsynlegt er að tilgreina til að greina á milli OTC-afleiðusamninga innan OTC-afleiðusamningaflokksins og OTC-afleiðusamninga utan þess flokks, sé um þau að ræða,

e) gögn sem sýna fram á að hvaða marki samningsskilmálar og verkferlar viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga eru staðlaðir,

f) gögn um viðskiptamagn OTC-afleiðusamningaflokksins,

g) gögn um seljanleika OTC-afleiðusamningaflokksins,

h) gögn sem sýna fram á tiltækileika fyrir markaðsaðila á sanngjörnum, áreiðanlegum og almennt viðurkenndum verðmatsupplýsingum fyrir samninga í flokki OTC-afleiðusamninga,

i) gögn sem sýna fram á áhrif stöðustofnunarskyldunnar á tiltækileika verðmatsupplýsinga fyrir markaðsaðila.

2. Í þeim tilgangi að meta dagsetninguna eða dagsetningarnar sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, að meðtöldu innleiðingartímabili og flokkum mótaðila sem stöðustofnunarskyldan gildir um, skal eftirfarandi koma fram í tilkynningunni vegna stöðustofnunarskyldunnar:

a) gögn sem skipta máli við mat á áætluðu viðskiptamagni OTC-afleiðusamningaflokksins ef hann fellur undir stöðustofnunarskylduna,

b) gögn sem sýna fram á getu miðlægs mótaðila til að afgreiða áætlað viðskiptamagn OTC-afleiðusamningaflokksins, ef hann fellur undir stöðustofnunarskylduna, og stýra áhættunni sem verður til við stöðustofnun viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. gegnum stöðustofnunarfyrirkomulag viðskiptavinar eða óbeins viðskiptavinar,

c) tegund og fjöldi mótaðila sem eru virkir og sem vænst er að verði virkir á markaði með OTC-afleiðusamningaflokkinn ef hann fellur undir stöðustofnunarskylduna,

d) yfirlit um mismunandi verkefni sem ljúka þarf áður en stöðustofnun hefst hjá miðlægum mótaðila, ásamt ákvörðun tímans sem þarf til að ljúka hverju verkefni,

e) upplýsingar um áhættustýringargetu, löghæfi og rekstrarlega getu mótaðilanna sem eru virkir á markaðnum með viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga ef hann fellur undir stöðustofnunarskylduna.

3. Gögnin um viðskiptamagn og seljanleika skulu innihalda fyrir OTC-afleiðusamningaflokkinn og hvern einstakan afleiðusamning innan flokksins viðkomandi markaðsupplýsingar, þ.m.t. söguleg gögn, gögn um núverandi stöðu og allar breytingar sem búist er við að eigi sér stað ef OTC-afleiðusamningaflokkurinn fellur undir stöðustofnunarskylduna, þ.m.t.:

a) fjölda viðskipta,

b) heildarmagn,

c) heildarfjölda útistandandi samninga og skuldbindinga,

d) dýpt fyrirmæla, þ.m.t. meðalfjölda fyrirmæla og beiðna um verðtilboð,

e) stærð verðbila,

f) mælikvarðana á seljanleika við erfiðar markaðsaðstæður,

g) mælikvarðana á seljanleika við framkvæmd vanskilaferlis.

4. Upplýsingarnar um hversu staðlaðir samningsskilmálarnir og verkferlarnir eru fyrir viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga, sem kveðið er á um í e-lið 1. mgr., skulu fela í sér, fyrir OTC-afleiðusamningaflokkinn og hvern afleiðusamning innan flokksins, gögn um daglegt viðmiðunarverð og fjölda daga á hverju ári með viðmiðunarverði sem talið er áreiðanlegt á a.m.k. síðastliðnum 12 mánuðum.

IV. KAFLI

VIÐMIÐ TIL AÐ ÁKVARÐA FLOKKA OTC-AFLEIÐUSAMNINGA SEM FALLA UNDIR STÖÐUSTOFNUNARSKYLDUNA

(Ákvæði 4 mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

7. gr.

Viðmið sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metur

1. Í tengslum við stöðlunarstig samningsskilmálanna og verkferlanna fyrir viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til þess:

a) hvort samningsskilmálar viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga hafi að geyma hefðbundin lagaskjöl, þ.m.t. rammasamkomulag um skuldajöfnun, skilgreiningar, staðlaða skilmála og staðfestingar sem tilgreina samningsskilmála sem algengt er að mótaðilarnir noti,

b) hvort verkferlarnir fyrir viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga falla undir sjálfvirka vinnslu eftir viðskipti og atburði í viðskiptaferlinu sem er stýrt með samræmum hætti samkvæmt tímaáætlun sem er almennt viðurkennd meðal mótaðila.

2. Að því er varðar viðskiptamagn og seljanleika viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til:

a) þess hvort kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar eða fjárhagslegar kröfur þeirra yrði í réttu hlutfalli við áhættuna sem draga á úr með stöðustofnunarskyldunni,

b) stöðugleika markaðsstærðar og -dýptar, að því er varðar afurðina með tímanum,

c) líkinda til þess að dreifing markaðshlutdeildar (*e. market dispersion*) myndi haldast fullnægjandi ef til vanskila stöðustofnunaraðila kæmi,

d) fjölda og verðmætis viðskiptanna.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, að því er varðar tiltækileika sanngjarnra, áreiðanlegra og almennt viðurkenndra verðmatsupplýsinga fyrir viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga, taka tillit til þess hvort upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að verðmeta nákvæmlega samninga innan viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga, séu auðveldlega tiltækar markaðsaðilum á eðlilegum viðskiptagrundvelli og hvort þær yrðu áfram auðveldlega tiltækar ef viðkomandi flokkur OTC-afleiðusamninga félli undir stöðustofnunarskylduna.

V. KAFLI

OPINBER SKRÁ

(Ákvæði 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

8. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal eftirfarandi koma fram fyrir hvern flokk OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnunarskylduna:

a) eignaflokkur OTC-afleiðusamninga,

b) tegund OTC-afleiðusamninga innan flokksins,

c) undirliggjandi þættir (*e. underlyings*) OTC-afleiðusamninga innan flokksins,

d) fyrir undirliggjandi þætti sem eru fjármálagerningar, tilgreining á því hvort undirliggjandi þátturinn sé einstakur fjármálagerningur eða útgefandi, eða vísitala eða eignasafn,

e) fyrir aðra undirliggjandi þætti, tilgreining á flokki undirliggjandi þáttarins,

f) undirliggjandi gjaldmiðlar og uppgjörsgjaldmiðlar OTC-afleiðusamninga innan flokksins,

g) spönn lokagjalddaga OTC-afleiðusamninga innan flokksins,

h) uppgjörsskilyrði OTC-afleiðusamninga innan flokksins,

i) bil sem greiðslutíðni OTC-afleiðusamninga innan flokksins spannar,

j) vöruauðkenni á viðkomandi flokks OTC-afleiðusamninga,

k) önnur einkenni sem þarf að tilgreina til að aðgreina einn samning í viðkomandi flokki OTC-afleiðusamninga frá öðrum.

2. Hvað varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi eða eru viðurkenndir að því er varðar stöðustofnunarskylduna skal eftirfarandi koma fram í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, fyrir hvern miðlægan mótaðila:

a) auðkenniskóði, í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 ([1]),

b) fullt nafn,

c) staðfestuland,

d) lögbært yfirvald sem tilnefnt er í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Hvað varðar dagsetningar þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, þ.m.t. áfangaskipta framkvæmd hennar, skulu í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar koma fram:

a) tilgreining á flokkum mótaðila sem hvert aðlögunartímabil á við um, sé um það að ræða,

b) önnur skilyrði sem krafist er samkvæmt tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem settir eru skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, til að aðlögunartímabilið gildi.

4. Í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal koma fram tilvísun til tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem settir eru skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og sem hver stöðustofnunarskylda byggist á.

5. Hvað varðar miðlægan mótaðila sem hefur verið tilkynntur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal í opinberri skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að minnsta kosti koma fram:

a) auðkenning miðlæga mótaðilans,

b) eignaflokkur tilkynntu OTC-afleiðusamninganna,

c) tegund OTC-afleiðusamninganna,

d) tilkynningardagurinn,

e) auðkenning lögbærs yfirvalds sem leggur fram tilkynninguna.

VI. KAFLI

TVÍSTRUN SELJANLEIKA

(Ákvæði 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

9. gr.

Lýsing á hugtakinu tvístrun seljanleika

1. Telja skal að tvístrun seljanleika (*e. liquidity fragmentation*) eigi sér stað þegar þátttakendurnir á viðskiptavettvangi geta ekki lokið viðskiptum með einum eða fleiri þátttakendum á þeim vettvangi vegna þess að ekki er fyrir hendi stöðustofnunarfyrirkomulag sem allir þátttakendur hafa aðgang að.

2. Aðgangur miðlægs mótaðila að viðskiptavettvangi, sem annar miðlægur mótaðili þjónar þá þegar, skal ekki teljast leiða til tvístrunar seljanleika innan viðskiptavettvangsins ef, án þess að þörf sé á að krefjast þess af stöðustofnunaraðilum þess miðlæga mótaðila sem þegar er á markaði að þeir gerist stöðustofnunaraðilar þess miðlæga mótaðila sem óskar eftir aðgangi, allir þátttakendur á viðskiptavettvanginum geta stöðustofnað, beint eða óbeint, gegnum annað hvort af eftirfarandi:

a) a.m.k. einn sameiginlegan miðlægan mótaðila,

b) stöðustofnunarfyrirkomulag sem miðlægu mótaðilarnir koma á fót.

3. Koma skal á fyrirkomulagi til að uppfylla skilyrðin skv. a- eða b-lið 2. mgr. áður en miðlægi mótaðilinn, sem óskar eftir aðgangi byrjar að veita stöðustofnunarþjónustu á viðkomandi viðskiptavettvangi.

4. Heimilt er að koma á aðgangi að sameiginlegum miðlægum mótaðila, eins og um getur í a-lið 2. mgr., gegnum tvo eða fleiri stöðustofnunaraðila, eða tvo eða fleiri viðskiptavini eða með óbeinu stöðustofnunarfyrirkomulagi.

([1]) Stjtíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 20.

5. Með stöðustofnunarfyrirkomulagi sem vísað er til í b-lið 2. mgr. er hægt að gera ráð fyrir yfirfærslu viðskipta frá slíkum markaðsaðilum til stöðustofnunaraðila annarra miðlægra mótaðila Þótt aðgangur miðlægs mótaðila að viðskiptavettvangi ætti ekki að krefjast rekstrarsamhæfis er heimilt að nota fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi, sem viðkomandi miðlægir mótaðilar og viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt, til að uppfylla skilyrðin fyrir aðgangi að sameiginlegu stöðustofnunarfyrirkomulagi.

VII. KAFLI

ÓFJÁRHAGSLEGIR MÓTAÐILAR

10. gr.

(Ákvæði a-liðar 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Viðmið til að ákvarða hvaða OTC-afleiðusamningar draga hlutlægt úr áhættu

1. OTC-afleiðusamningur skal vera hlutlægt mælanlegur sem svo að hann dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun ófjárhagslega mótaðilans eða samstæðu þegar hann uppfyllir, sjálfur eða ásamt öðrum afleiðusamningum, beint eða gegnum gerninga með sterka innbyrðis fylgni, eitt af eftirfarandi viðmiðum:

a) hann nær yfir áhættu sem verður til við hugsanlega breytingu á verðgildi eigna, þjónustu, aðfanga, vara, hrávara eða skuldbindinga sem ófjárhagslegi mótaðilinn eða samstæða hans á, býr til, framleiðir, vinnur úr, veitir, kaupir, verslar með, leigir, selur eða stofnar til eða býst með raunhæfum hætti við að eiga, búa til, framleiða, vinna úr, veita, kaupa, versla með, leigja, selja eða stofna til í venjulegri starfsemi sinni,

b) hann nær yfir áhættu sem verður til við hugsanleg óbein áhrif á verðgildi eigna, þjónustu, aðfanga, vara, hrávöru eða skuldbindinga sem um getur í a-lið, sem leiðir af sveiflum í vöxtum, á verðbólgustigi, gengi gjaldmiðla eða greiðslufallsáhættu,

c) hann telst áhættuvarnarsamningur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IRFS) sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([1]).

11. gr.

(Ákvæði b-liðar 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Fjárhæðarmörk stöðustofnunar

Fjárhæðarmörk stöðustofnunar að því er varðar stöðustofnunarskylduna skulu vera:

a) eins milljarðs evra vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða fyrir OTC-lánaafleiðusamninga,

b) eins milljarðs evra vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða fyrir OTC-hlutabréfaafleiðusamninga,

c) þriggja milljarða evra vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða fyrir OTC-vaxtaafleiðusamninga,

d) þriggja milljarða evra vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða fyrir OTC-gjaldeyrisafleiðusamninga,

e) þriggja milljarða evra vergt verðmæti undirliggjandi fjárhæða fyrir OTC-hrávöruafleiðusamninga og aðra OTC-afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a- til d-lið.

VIII. KAFLI

AÐFERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR ÁHÆTTU FYRIR OTC-AFLEIÐUSAMNINGA SEM MIÐLÆGUR MÓTAÐILI STÖÐUSTOFNAR EKKI

12. gr.

(Ákvæði a-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Tímanleg staðfesting

1. OTC-afleiðusamning, sem gerður er milli fjárhagslegra mótaðila eða ófjárhagslegra mótaðila sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skal staðfesta á rafrænan hátt þegar slíkt stendur til boða, eins fljótt og hægt er og eigi síðar en:

a) þegar um er að ræða skuldatrygginga- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru til og með 28. febrúar 2014: í lok annars viðskiptadags eftir að OTC-afleiðusamningurinn tekur gildi,

b) þegar um er að ræða skuldatrygginga- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru eftir 28. febrúar 2014: í lok næsta viðskiptadags eftir að OTC-afleiðusamningurinn tekur gildi,

c) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir til og með 31. ágúst 2013: í lok þriðja viðskiptadags eftir að afleiðusamningurinn tekur gildi,

d) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir eftir 31. ágúst 2013 og til og með 31. ágúst 2014: í lok annars viðskiptadags eftir að afleiðusamningurinn tekur gildi,

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

e) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir eftir 31. ágúst 2014: í lok næsta viðskiptadags eftir að afleiðusamningurinn tekur gildi.

2. OTC-afleiðusamning, sem gerður er við ófjárhagslegan mótaðila sem ekki getið um í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal staðfesta, á rafrænan hátt þegar slíkt stendur til boða, eins fljótt og hægt er og eigi síðar en:

a) þegar um er að ræða skuldatrygginga- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru til og með 31. ágúst 2013: í lok fimmta viðskiptadags eftir að OTC-afleiðusamningurinn tekur gildi,

b) þegar um er að ræða skuldatrygginga- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru eftir 31. ágúst 2013 og til og með 31. ágúst 2014: í lok þriðja viðskiptadags eftir að OTC-afleiðusamningurinn tekur gildi,

c) þegar um er að ræða skuldatrygginga- og vaxtaskiptasamninga sem gerðir eru eftir 31. ágúst 2014: í lok annars viðskiptadags eftir að OTC-afleiðusamningurinn tekur gildi,

d) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir til og með 31. ágúst 2013: í lok sjöunda viðskiptadags eftir að afleiðusamningurinn tekur gildi,

e) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir eftir 31. ágúst 2013 og til og með 31. ágúst 2014: í lok fjórða viðskiptadags eftir að afleiðusamningurinn tekur gildi,

f) þegar um er að ræða hlutabréfaskiptasamninga, gjaldeyrisskiptasamninga, hrávöruskiptasamninga og alla aðra afleiðusamninga sem ekki er kveðið á um í a-lið og eru gerðir eftir 31. ágúst 2014: í lok annars viðskiptadags eftir gildistöku.

3. Þegar viðskipti sem um getur í 1. eða 2. mgr. eru framkvæmd eftir 16:00 að staðartíma eða við mótaðila sem er staðsettur í öðru tímabelti sem gefur ekki færi á staðfestingu innan tilskilins frests, skal staðfestingin eiga sér stað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en einum viðskiptadegi eftir tímamörkin sem sett eru í 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á.

4. Fjárhagslegir mótaðilar skulu hafa nauðsynlegt verklag til að greina lögbæra yfirvaldinu, sem tilnefnt er í samræmi við 48. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([1]), mánaðarlega frá fjölda óstaðfestra OTC-afleiðuviðskipta sem um getur í 1. og 2. mgr. og hafa verið útistandandi lengur en fimm viðskiptadaga.

13. gr.

(Ákvæði a-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Afstemming eignasafns

1. Fjárhagslegir og ófjárhagslegir mótaðilar að OTC-afleiðusamningi skulu semja, skriflega eða á annan sambærilegan rafrænan hátt, við hvern mótaðila sinn um fyrirkomulag afstemmingar á eignasöfnum. Slíkt samkomulag skal gera áður en OTC-afleiðusamningurinn er gerður.

2. Afstemming eignasafns skal framkvæmd af mótaðilunum að OTC-afleiðusamningnum sín á milli eða af til þess hæfum þriðja aðila sem hefur til þess umboð frá mótaðila. Afstemming eignasafnsins skal ná til helstu viðskiptaskilmála sem skilgreina hvern einstakan OTC-afleiðusamning og skal að minnsta kosti taka til verðmatsins fyrir hvern samning í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Til að greina hvers kyns misræmi í mikilvægum skilmálum OTC-afleiðusamnings snemma í ferlinu, þ.m.t. verðmati hans, skal afstemming eignasafns fara fram:

a) þegar um er að ræða fjárhagslegan eða ófjárhagslegan mótaðila sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

i. á hverjum viðskiptadegi þegar 500 eða fleiri OTC-afleiðusamningar eru útistandandi milli mótaðilanna,

ii. einu sinni í viku þegar á milli 51 og 499 OTC-afleiðusamningar eru útistandandi milli mótaðilanna á einhverjum tímapunkti í vikunni,

iii. einu sinni á ársfjórðungi þegar 50 eða færri OTC-afleiðusamningar eru útistandandi milli mótaðilanna á einhverjum tímapunkti á ársfjórðungnum,

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

b) þegar um er að ræða ófjárhagslegan mótaðila sem ekki er getið um í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

i. einu sinni á ársfjórðungi þegar fleiri en 100 OTC-afleiðusamningar eru útistandandi milli mótaðilanna á einhverjum tímapunkti á ársfjórðungnum,

ii. árlega þegar 100 eða færri OTC-afleiðusamningar eru útistandandi milli mótaðilanna.

14. gr.

(Ákvæði a-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Samþjöppun eignasafns

Fjárhagslegir og ófjárhagslegir mótaðilar með 500 eða fleiri útistandandi OTC-afleiðusamninga við mótaðila sem er ekki stöðustofnaður miðlægt, skulu hafa verklag til að greina reglulega, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, möguleikann á að framkvæma samþjöppun eignasafns til að minnka greiðslufallsáhættu mótaðila sinna og verklag til að ráðast í slíka aðgerð til samþjöppunar á eignasafni.

Fjárhagslegir mótaðilar og ófjárhagslegir mótaðilar skulu tryggja að þeir geti veitt viðkomandi lögbæru yfirvaldi eðlilega og gilda útskýringu á þeirri niðurstöðu að samþjöppun eignasafns sé ekki viðeigandi.

15. gr.

(Ákvæði a-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Lausn ágreiningsmála

1. Þegar fjárhagslegir og ófjárhagslegir mótaðilar gera OTC-afleiðusamninga sín á milli skulu þeir hafa samið um nákvæmar verklagsreglur og ferli í tengslum við:

a) tilgreiningu, skráningu og eftirlit með ágreiningi um viðurkenningu eða verðmat á samningnum og um skipti á tryggingum milli mótaðila. Með verklagsreglum þessum skal a.m.k. skrá hve lengi ágreiningurinn hefur staðið yfir, mótaðilann og fjárhæðina sem deilt er um,

b) tímanlega lausn ágreiningsmála með sérstakri málsmeðferð fyrir ágreining sem ekki hefur tekist að leysa innan fimm viðskiptadaga.

2. Fjárhagslegir mótaðilar skulu greina lögbærum yfirvöldum, sem tilnefnd eru í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2004/38/EB, frá öllum ágreiningi milli mótaðila í tengslum við OTC-afleiðusamning, verðmat hans eða skipti á tryggingum í tengslum við fjárhæð eða virði sem er hærra en 15 milljónir evra og hefur staðið yfir í 15 virka daga hið minnsta.

16. gr.

(Ákvæði b-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Markaðsaðstæður sem koma í veg fyrir mat á markaðsvirði

1. Markaðsaðstæður, sem koma í veg fyrir mat OTC-afleiðusamnings á markaðsvirði, teljast hafa myndast í öðrum hvorum eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar markaðurinn er óvirkur,

b) þegar eðlilegt mat á gangvirði nær yfir verulega breitt svið og ekki er unnt að meta líkur mismunandi mats með fullnægjandi hætti.

2. Telja skal markað fyrir OTC-afleiðusamninga óvirkan þegar skráð verð er ekki auðveldlega og reglulega tiltækt og tiltækt verð sýnir ekki raunveruleg markaðsviðskipti sem eiga sér reglulega stað á grundvelli viðskipta milli ótengdra aðila.

17. gr.

(Ákvæði b-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Viðmið um notkun mats á líkansvirði

Til að geta notað mat á líkansvirði (*e. marking-to-model*) skulu fjárhagslegir og ófjárhagslegir mótaðilar hafa líkan sem:

a) nær til allra þátta sem mótaðilar myndu taka tillit til við ákvörðun á verði, þ.m.t. að nota eins mikið af upplýsingum til mats á markaðsvirði og kostur er,

b) er í samræmi við viðurkenndar fjárhagslegar aðferðir við verðmat á fjármálagerningum,

c) er kvarðað og prófað með tilliti til réttleika með því að nota verð úr sannreynanlegum markaðsviðskiptum með sama fjármálagerning eða á grundvelli tiltækra, sannreynanlegra markaðsgagna,

d) er viðurkennt og vaktað með óháðum hætti, af annarri deild/sviði en því sem áhættuna tekur,

e) stjórnin hefur skjalfest á viðeigandi hátt og samþykkt eins oft og þörf krefur, eftir allar verulegar breytingar og eigi sjaldnar en árlega. Fela má nefnd að sjá um þetta samþykki.

18. gr.

(Ákvæði c-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Upplýsingar í tilkynningu um viðskipti innan samstæðu til lögbærs yfirvalds

1. Umsókn eða tilkynning til lögbæra yfirvaldsins með upplýsingum um viðskipti innan samstæðu skal vera skrifleg og ná yfir:

a) lagalega mótaðila í viðskiptunum, þ.m.t. auðkenni þeirra, í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1247/2012,

b) stofnanaleg tengsl milli mótaðila,

c) upplýsingar um undirliggjandi samningssambönd milli aðilanna,

d) flokk viðskipta innan samstæðu eins og tilgreint er í 1. mgr. og a- til d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

e) upplýsingar um viðskipti sem mótaðilinn sækir um undanþágu fyrir, þ.m.t.:

i. eignaflokk OTC-afleiðusamninga,

ii. tegund OTC-afleiðusamninga,

iii. tegund undirliggjandi þátta,

iv. undirliggjandi gjaldmiðla og uppgjörsgjaldmiðla,

v. svið sem líftími samninga spannar,

vi. uppgjörstegund,

vii. fyrirhugaða stærð, magn og tíðni OTC-afleiðu-samninga á hverju ári.

2. Sem hluta af umsókn eða tilkynningu sinni til viðkomandi lögbærs yfirvalds skal mótaðili einnig leggja fram stuðningsupplýsingar sem sýna fram á að skilyrðin í 6.–10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 séu uppfyllt. Meðal fylgiskjala skulu vera afrit af skjalfestu verklagi áhættustýringar, sögulegar viðskiptaupplýsingar og afrit af viðkomandi samningum milli aðilanna, auk þess sem þau geta falið í sér lögfræðiálit að beiðni lögbæra yfirvaldsins.

19. gr.

(Ákvæði d-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Upplýsingar í tilkynningu um viðskipti innan samstæðu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Tilkynningu lögbærs yfirvalds með upplýsingum um viðskipti innan samstæðu skal leggja fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skriflega:

a) innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar þegar um er að ræða tilkynningu skv. 7. eða 9. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) innan mánaðar frá því að mótaðilanum er gert kunnugt um ákvörðunina þegar um er að ræða ákvörðun lögbærs yfirvalds skv. 6., 8. eða 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlits-stofnunarinnar skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingarnar sem taldar eru upp í 18. gr.,

b) hvort ákvörðunin sé jákvæð eða neikvæð,

c) ef um er að ræða jákvæða ákvörðun:

i. samantekt ástæðna fyrir því að telja að skilyrðin, sem sett eru fram í 6., 7., 8., 9. eða 10. mgr.11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 séu uppfyllt, eftir því sem við á,

ii. hvort undanþágan sé full undanþága eða undanþága að hluta þegar um er að ræða tilkynningu í tengslum við 6., 8. eða 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

d) ef um er að ræða neikvæða ákvörðun:

i. tilgreining þeirra skilyrða í 6., 7., 8., 9. eða 10. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, sem ekki eru uppfyllt,

ii. samantekt ástæðna fyrir því að telja að slík skilyrði séu ekki uppfyllt.

20. gr.

(Ákvæði d-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

Upplýsingar um undanþágu innan samstæðu sem birta á opinberlega

Í upplýsingum um undanþágu innan samstæðu sem birta á opinberlega skal eftirfarandi koma fram:

a) lagalegir mótaðilar í viðskiptunum, þ.m.t. auðkenni þeirra, í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1247/2012,

b) sambandið milli mótaðilanna,

c) hvort undanþágan sé full undanþága eða undanþága að hluta,

d) samtala undirliggjandi fjárhæða OTC-afleiðusamninganna sem undanþágan innan samstæðu gildir um.

21. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 13., 14. og 15. gr. skulu taka gildi sex mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 150/2013 **2019/EES/25/03**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingar er varða umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 3. mgr. 56. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Setja ætti reglur um hvaða upplýsingarnar eigi að láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té þegar sótt er um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá.

2) Sérhver aðili sem sækir um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá ætti að leggja fram upplýsingar um skipulag innra eftirlits og óhæði stjórnar þannig að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti metið hvort fyrirkomulag stjórnarhátta tryggi óhæði afleiðuviðskiptaskrárinnar og hvort skipulag og skýrslugjafarvenjur hjá honum séu fullnægjandi.

3) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([3]), ber ábyrgð á skráningu og eftirliti með afleiðuviðskiptaskrám skv. VI. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Í þeim tilgangi að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að meta óflekkað mannorð, sem og reynslu og hæfni tilvonandi framkvæmdastjórnar afleiðuviðskiptaskrár, ætti umsækjandinn að veita þær upplýsingar sem þarf til að framkvæma slíkt mat.

4) Afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um ætti að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar til að sýna fram á að hún hafi yfir nauðsynlegu fjármagni að ráða til að sinna verkefnum sínum á áframhaldandi grundvelli og fullnægjandi fyrirkomulagi til rekstrarsamfellu.

5) Þegar afleiðuviðskiptaskrá starfar í gegnum útibú sem eru ekki aðskildir lögaðilar ætti samt sem áður að veita aðskildar upplýsingar um útibúin til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að draga upp skýra mynd af stöðu þeirra í stjórnskipulagi afleiðuviðskiptaskrárinnar, meta hve hæf og viðeigandi framkvæmdastjórn útibúanna er og meta hvort eftirlitskerfin, regluvarsla og önnur starfsemi sé traust og nægileg til að greina, meta og stýra áhættu útibúanna með viðeigandi hætti.

6) Mikilvægt er að umsækjandi veiti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um hliðarstarfsemi eða önnur viðskiptasvið sem afleiðuviðskiptaskráin starfrækir fyrir utan kjarnastarfsemi sína, sem er skýrslugjöf um afleiðuviðskipti, einkum að því er varðar helstu kjarnastarfsemina sem er lögboðin skýrslugjöf.

7) Til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti metið samfellu og eðlilega starfsemi tæknikerfa afleiðuviðskiptaskrár sem sækir um ætti umsækjandinn að láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té lýsingar á viðkomandi tæknikerfum og upplýsingar um hvernig þeim er stýrt. Umsækjandinn ætti einnig að lýsa öllum útvistunarsamningum sem skipta máli fyrir þjónustu hans.

8) Upplýsingar um gjöldin, sem tengjast þjónustunni sem afleiðuviðskiptaskrár veita, eru mikilvægar til að gera markaðsaðilum kleift að taka upplýsta ákvörðun og ættu því að vera hluti af umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá.

9) Þar eð markaðsaðilar og eftirlitsaðilar reiða sig á gögnin sem afleiðuviðskiptaskrár viðhalda ættu strangar rekstrar- og skráningarkröfur að koma skýrt fram í umsókn afleiðuviðskiptaskrár um skráningu.

10) Áhættustýringarlíkönin, sem tengjast þjónustunni sem afleiðuviðskiptaskrá veitir, eru nauðsynlegur liður í umsókn hennar um skráningu til að gera markaðsaðilum kleift að taka upplýsta ákvörðun.

11) Til að tryggja fullan aðgang að afleiðuviðskiptaskrá er þjónustuveitendum, sem eru þriðju aðilar, veittur aðgangur á jafnræðisgrundvelli, að upplýsingum sem afleiðuviðskiptaskráin viðheldur, að því tilskildu að aðilinn sem veitir upplýsingarnar og viðkomandi mótaðilar hafi veitt samþykki sitt. Afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um ætti því að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um stefnur og verklagsreglur sínar um aðgang.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

12) Til að geta gegnt skyldum sínum við að veita starfsleyfi á skilvirkan hátt ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá afleiðuviðskiptaskrám sem tengjast þriðju aðilum og þriðju aðilum sem afleiðuviðskiptaskrár hafa útvistað tilteknum rekstrarþáttum og starfsemi til. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta eða ljúka við mat á umsókn um skráningu og gögnum sem henni tengjast.

13) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

14) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010, hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

SKRÁNING

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

1. gr.

Deili, réttarstaða og flokkur afleiðna

1. Í umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal tilgreina deili á umsækjandanum og þá starfsemi sem hann hyggst stunda sem krefst skráningar hans sem afleiðuviðskiptaskrár.

2. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal einkum hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) firmaheiti umsækjanda og lögheimili í Sambandinu,

b) útdrátt úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók, eða annars konar vottun á því hvar umsækjandi hefur staðfestu og á umfangi starfsemi umsækjanda, sem er í gildi á umsóknardegi,

c) flokka afleiðna sem umsækjandi óskar eftir að vera skráður fyrir,

d) samþykktir og, ef við á, önnur lögformleg gögn sem staðfesta að umsækjandinn muni veita afleiðuviðskiptaskráarþjónustu,

e) fundargerð fundarins þar sem stjórnin samþykkti umsóknina,

f) nafn og samskiptaupplýsingar þess einstaklings/þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á hlítingu, eða annars starfsfólks sem kemur að mati á hlítingu fyrir umsækjanda,

g) starfsyfirlit, þ.m.t. upplýsingar um staðsetningu meginstarfseminnar,

h) deili á öllum dótturfyrirtækjum og, ef við á, skipulag fyrirtækjasamstæðu,

i) alla þjónustu, aðra en á starfsemi afleiðuviðskiptaskrár, sem umsækjandinn hyggst veita,

j) allar upplýsingar um mál sem bíða meðferðar dóms, stjórnsýslu eða gerðardóms, eða önnur málaferli óháð tegund þeirra, sem umsækjandi kann að vera aðili að, einkum að því er varðar skatta- og gjaldþrotamál og þegar af málinu getur hlotist verulegur fjárhagslegur kostnaður eða orðsporsskaði, eða mál sem bíða ekki dóms en geta samt sem áður haft veruleg áhrif á kostnað afleiðuviðskiptaskrár.

3. Að kröfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skulu umsækjendur einnig senda henni viðbótarupplýsingar á meðan athugun á skráningarumsókn fer fram sé þörf á slíkum upplýsingum til mats á getu umsækjanda til að fara að kröfum 56. og 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti á tilhlýðilegan hátt túlkað og greint gögnin sem leggja á fram eða hafa þegar verið lögð fram.

4. Telji umsækjandi að skylda samkvæmt þessari reglugerð eigi ekki við um hann skal hann tilgreina þá skyldu greinilega í umsókn sinni og gefa skýringu á því hvers vegna sú skylda eigi ekki við.

2. gr.

Stefnur og verklagsreglur

Þegar veita á upplýsingar um stefnur eða verklagsreglur skal umsækjandi tryggja að stefnurnar eða starfsreglurnar hafi að geyma eða þeim fylgi öll eftirfarandi atriði:

a) tilgreining á einstaklingnum sem ber ábyrgð á samþykki og viðhaldi á viðkomandi stefnum og verklagsreglum,

b) lýsing á því hvernig hlíting við stefnur og verklagsreglur verður tryggð og eftirlit haft með henni og hvaða einstaklingur ber ábyrgð á hlítingu þar að lútandi,

c) lýsing á ráðstöfunum sem gera skal ef brotið er gegn stefnum og verklagsreglum

d) tilhögun tilkynninga til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um veruleg brot á stefnum eða verklagsreglum sem geta falið í sér brot á skilyrðum frumskráningar.

2. ÞÁTTUR

Eignarhald

3. gr.

Eignarhald á afleiðuviðskiptaskrá

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma:

a) skrá, með nöfnum allra einstaklinga eða aðila sem með beinum eða óbeinum hætti eiga 5% eða meira af eigin fé, eða ráða sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar, í umsækjandanum eða geta, í krafti eignarhlutar síns, haft veruleg áhrif á stjórnun umsækjandans,

b) skrá yfir öll fyrirtæki sem einstaklingur, sem um getur í a-lið, á 5% eða meira af eigin fé í, eða ræður yfir sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar í, eða hefur veruleg áhrif á stjórnun hjá.

2. Sé fyrir að fara móðurfélagi umsækjanda skal hann:

a) tilgreina lögheimilið,

b) upplýsa um hvort móðurfélagið hafi starfsleyfi eða sé skráð og lúti eftirliti, og ef svo er, tilgreina tilvísunarnúmer og nafn viðkomandi eftirlitsstofnunar.

4. gr.

Skýringarmynd yfir eignarhald

1. Í umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal vera skýringarmynd sem sýnir eignatengsl milli móðurfélagsins, dótturfélaga og annarra tengdra aðila eða útibúa.

2. Auðkenna skal fyrirtækin á skýringarmyndinni sem um getur í 1. mgr. með fullu nafni þeirra, réttarstöðu og lögheimili.

3. ÞÁTTUR

Stjórnskipulag, stjórnarhættir og hlíting

5. gr.

Skipurit

1. Í umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal vera skipurit sem sýnir stjórnskipulag umsækjanda, þ.m.t. alla hliðarstarfsemi.

2. Á skipuritinu skal tilgreina hvaða einstaklingur gegnir hverri mikilvægri stöðu, þ.m.t. framkvæmdastjórn og stjórnendur útibúa.

6. gr.

Stjórnarhættir fyrirtækja

1. Í umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skulu vera upplýsingar um reglur um innri stjórnarhætti umsækjanda auk verklagsreglna og starfslýsinga sem gilda um yfirstjórnina, þ.m.t. stjórnina, utanaðkomandi stjórnarmenn og, hafi þær verið stofnaðar, nefndir.

2. Slíkar upplýsingar skulu hafa að geyma lýsingu á valferlinu, skipunum í stöður, frammistöðumati og brottvikningu framkvæmdastjórnar og stjórnarmanna.

3. Fylgi umsækjandi viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal umsóknin um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá tilgreina viðkomandi leiðbeiningar og útskýra öll tilvik þar sem hann víkur frá leiðbeiningunum.

7. gr.

Innra eftirlit

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma yfirlit um innra eftirlit umsækjanda. Þar á meðal skulu vera upplýsingar um regluvörslu, úttektir, áhættumat, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag innri endurskoðunar.

2. Yfirlitið skal veita upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) stefnur og verklagsreglur umsækjanda um innra eftirlit,

b) eftirlit með og mat á hæfi og skilvirkni kerfa umsækjanda,

c) eftirlit og öryggisráðstafanir í tengslum við upplýsingavinnslukerfi umsækjanda,

d) innri aðila sem sjá um mat á niðurstöðunum.

3. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um innri endurskoðun umsækjanda:

a) útskýringu á því hvernig aðferðir innri endurskoðunar eru þróaðar og þeim beitt, að teknu tilliti til eðlis starfsemi umsækjanda, flækjustigs og áhættu,

b) þriggja ára starfsáætlun frá umsóknardegi.

8. gr.

Hlíting

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur umsækjanda til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

a) lýsingu á hlutverki einstaklinga sem bera ábyrgð á regluvörslu og annarra starfsmanna sem koma að mati á hlítingu, þ.m.t. hvernig tryggt sé að regluvarsla sé óháð annarri starfsemi,

b) innri stefnur og verklagsreglur sem miða að því að tryggja að umsækjandinn, þ.m.t. stjórnendur hans og starfsmenn, fari að öllum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. lýsing á hlutverki stjórnar og framkvæmdastjórnar,

c) sé hún fyrir hendi, nýjustu innri skýrslu sem gerð er af þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á regluvörslu eða af öðrum starfsmönnum sem koma að mati á hlítingu hjá umsækjanda.

9. gr.

Framkvæmdastjórn og stjórnarmenn

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern aðila í framkvæmdastjórn og stjórnarmann:

a) ferilskrá svo unnt sé að meta hvort viðkomandi hafi fullnægjandi reynslu og þekkingu til að gegna skyldum sínum á fullnægjandi hátt,

b) upplýsingar um allar sakfellingar í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt, einkum í formi opinbers vottorðs sé það fáanlegt í viðkomandi aðildarríki,

c) eigin yfirlýsingu um óflekkað mannorð að því er varðar veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu, þar sem hver og einn aðili í framkvæmdastjórn og stjórnarmaður lýsir því yfir hvort:

i. hann hefur verið sakfelldur í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt,

ii. hann hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi, opinberum aðila eða stofnun, eða er til umfjöllunar í slíku máli sem er ekki lokið,

iii. hann hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstól í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu, eða vegna misferlis eða svika í atvinnurekstri,

iv. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem eftirlitsaðili hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi fyrir,

v. honum hefur verið synjað um rétt til að stunda starfsemi sem krefst skráningar eða starfsleyfis frá eftirlitsaðila,

vi. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem varð gjaldþrota eða var tekið til slitameðferðar á meðan hann var tengdur fyrirtækinu eða innan árs frá því að hann hætti að hafa tengsl við fyrirtækið,

vii. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem hefur sætt úrskurði því í óhag eða verið beitt viðurlögum af hálfu eftirlitsaðila,

viii. hann hefur hlotið annars konar sektir, sætt tímabundinni sviptingu, verið gerður vanhæfur eða beittur öðrum viðurlögum af hálfu stjórnvalda, eftirlitsaðila eða fagaðila í tengslum við svik eða fjárdrátt eða í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu,

ix. hann hefur verið gerður vanhæfur til stjórnarsetu eða til að gegna stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi,

d) yfirlýsingu um alla hugsanlega hagsmunaárekstra hjá aðilum í framkvæmdastjórn og stjórnarmönnum við að gegna skyldum sínum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir.

2. Allar þær upplýsingar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fær í hendur skv. 1. mgr. skulu einungis notaðar til skrásetningar og til að tryggja að skilyrðum skráningar á afleiðuviðskiptaskránni sem sækir um sé ávallt fullnægt.

4. ÞÁTTUR

Starfsmenn og starfskjör

10. gr.

Starfsmannastefnur og verklagsreglur

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi stefnur og verklagsreglur:

a) starfskjarastefnu fyrir framkvæmdastjórn, stjórnarmenn og starfsfólk sem starfar á sviði áhættustýringar og eftirlits hjá umsækjanda,

b) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem umsækjandi gerir til að draga úr áhættu af því að reiða sig um of á einstaka starfsmenn.

11. gr.

Hæfni og hæfi

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um starfsfólk umsækjanda:

a) almenna skrá yfir starfsfólk, þ.m.t. hlutverk þeirra og þá menntun og hæfi sem tengjast hverju hlutverki,

b) sérstaka lýsingu á starfsfólki á sviði upplýsingatækni sem hefur með höndum að veita afleiðuviðskiptaskráarþjónustu, þ.m.t. hlutverki þeirra og menntun og hæfi hvers einstaklings,

c) lýsingu á hlutverki, menntun og hæfi hvers einstaklings sem ber ábyrgð á innri endurskoðun, innra eftirliti, reglu-vörslu, áhættumati og innri úttektum,

d) tilgreiningu á starfsmönnum sem sinna viðkomandi verkefnum og þeim sem starfa samkvæmt útvistunar-fyrirkomulagi,

e) upplýsingar um fræðslu og starfsþróun í tengslum við rekstur afleiðuviðskiptaskrárinnar, þ.m.t. próf eða annað formlegt mat sem starfsfólk þarf að gangast undir vegna starfrækslu afleiðuviðskiptaskrárinnar.

5. ÞÁTTUR

Fjármagn til starfrækslu afleiðuviðskiptaskrár

12. gr.

Reikningsskil og viðskiptaáætlanir

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um reikningsskil og starfsemi umsækjanda:

a) heildstæð reikningsskil, sem samin eru í samræmi við alþjóðlega staðla, sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]),

b) falli reikningsskil umsækjanda undir lögboðna endur-skoðun í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila ([2]) skulu reikningsskilin innihalda endurskoðunarskýrslu um ársreikninga og samstæðureikningsskil,

c) nafn og innlent skráningarnúmer ytri endurskoðanda, sæti umsækjandi slíkri endurskoðun,

d) fjárhagslega rekstraráætlun með mismunandi rekstrarsviðs-myndum fyrir afleiðuviðskiptaskráarþjónustu , sem nær yfir a.m.k. þriggja ára viðmiðunartímabil.

2. Ef sögulegar fjárhagsupplýsingar sem um getur í 1. mgr. Liggja ekki fyrir skal umsókn um skráningu sem afleiðuvið-skiptaskrá hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um umsækj-andann:

a) bráðabirgðayfirlýsingu sem sýnir fram á nægilegt fjármagn og áætlaða rekstrarstöðu sex mánuðum eftir að skráning yrði heimiluð,

b) árshlutareikningsskil ef reikningsskil umbeðins tímabils liggja ekki enn fyrir,

c) yfirlit um fjárhagsstöðu, s.s. efnahagsreikning, rekstrar-reikning, breytingar á eigin fé og sjóðstreymi og skýringar með samantekt á reikningsskilaaðferðum og öðrum skýringum.

3. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma endurskoðaðan ársreikning móðurfélags, sé um það að ræða, fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir umsóknardaginn.

4. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal einnig hafa að geyma eftirfarandi fjárhagsupplýsingar um umsækjandann:

a) greinargerð um framtíðaráætlanir um að stofna dótturfélög og staðsetningu þeirra,

b) lýsingu á atvinnustarfsemi sem umsækjandi hyggst stunda, þ.m.t. starfsemi dótturfélaga eða útibúa, sé um þau að ræða.

6. ÞÁTTUR

Hagsmunaárekstrar

13. gr.

Meðferð hagsmunaárekstra

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur umsækjanda um meðferð hagsmunaárekstra:

a) stefnur og verklagsreglur um greiningu, meðferð og upplýs-ingagjöf um hagsmunaárekstra og lýsingu á ferlinu sem beitt er til að tryggja að viðkomandi einstaklingar séu meðvitaðir um stefnurnar og verklagsreglurnar,

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9. 2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

b) aðrar ráðstafanir og eftirlit sem komið hefur verið á fót til að tryggja að kröfurnar sem um getur í a-lið í tengslum við meðferð hagsmunaárekstra séu uppfylltar.

14. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma upplýsingar um innri stefnur og kerfi sem koma í veg fyrir að upplýsingar sem geymdar verða hjá tilvonandi afleiðuviðskiptaskrá séu notaðar:

a) í ólögmætum tilgangi,

b) til að birta trúnaðarupplýsingar,

c) ef ekki er heimilt að nota þær í viðskiptalegum tilgangi.

2. Umsóknin skal hafa að geyma lýsingu á innri verklagsreglum um heimildir starfsfólks til að nota lykilorð til að nálgast gögnin og skulu gera grein fyrir tilganginum með aðgangi starfsfólks, umfangi gagnanna sem aðgangur er veittur að og takmörkunum á notkun gagnanna.

3. Umsækjendur skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um þau ferli sem beitt er til að halda skrá um hvern starfsmann sem nýtir sér aðgang að gögnunum, hvenær aðgangurinn er nýttur, eðli gagnanna sem aðgangur er nýttur að og í hvaða tilgangi það er gert.

15. gr.

Skrá yfir hagsmunaárekstra og aðferðir til að draga úr þeim

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma uppfærða skrá, þegar umsóknin er lögð fram, um fyrirliggjandi hagsmunaárekstra sem máli skipta í tengslum við hliðarstarfsemi eða aðra tengda þjónustu sem umsækjandi veitir og lýsingu á því hvernig meðferð þessara árekstra er háttað.

2. Sé umsækjandi er hluti af samstæðu skal skráin tilgreina alla hagsmunaárekstra sem máli skipta og varða önnur félög innan samstæðunnar og hvernig meðferð þessara árekstra er háttað.

7. ÞÁTTUR

Tilföng og verklagsreglur

16. gr.

Upplýsingatækni og útvistun

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á eftirfarandi:

a) þeim kerfum og notendabúnaði sem umsækjandi hefur þróað til að veita viðskiptavinum þjónustu, ásamt afritum af notendahandbókum og innri verklagsreglum,

b) stefnum umsækjanda um fjárfestingar og endurnýjun á upplýsingatæknibúnaði og tengdum tilföngum,

c) útvistunarfyrirkomulagi sem umsækjandi beitir, auk þeirra aðferða sem notaðar eru til að hafa eftirlit með þjónustustigi útvistaðrar starfsemi, ásamt afriti samninga um slíkt fyrirkomulag.

17. gr.

Hliðarstarfsemi

Ef umsækjandi, félag innan samstæðu hans eða félag sem umsækjandinn hefur gert mikilvægan samning við um viðskipta- eða eftirviðskiptaþjónustu, býður upp á, eða hyggst bjóða upp á, hliðarstarfsemi, skal umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá hafa að geyma lýsingu á:

a) hliðarstarfseminni sem umsækjandi eða samstæða hans veitir og lýsingu á þeim samningum sem afleiðuviðskiptaskráin kann að hafa gert við fyrirtæki sem veita viðskipta-, eftirviðskiptaþjónustu eða aðra tengda þjónustu, auk afrita af slíkum samningum,

b) verklagsreglum og stefnum sem munu tryggja rekstrarlega aðgreiningu afleiðuviðskiptaskráarþjónustu umsækjanda og annarra viðskiptasviða, þ.m.t. ef aðskilið viðskiptasvið er starfrækt af afleiðuviðskiptaskránni, fyrirtæki í eigu eignarhaldsfélags þess, eða öðru fyrirtæki innan þess sem hún hefur gert mikilvægan samning við í tengslum við viðskipta- eða eftirviðskiptakeðjuna eða viðskiptasviðið.

8. ÞÁTTUR

Aðgangsreglur

18. gr.

Gagnsæi aðgangsreglna

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma:

a) stefnur og verklagsreglur um aðgang sem notendur fara eftir til að nálgast gögn afleiðuviðskiptaskrár, þ.m.t. öll ferli sem notendur gætu þurft að fara eftir til að aðlaga eða breyta skráðum samningum,

b) afrit af skilmálum um réttindi og skyldur notandans,

c) lýsingu á mismunandi flokkum notandaaðgangs, sé um að ræða fleiri en einn,

d) stefnur og verklagsreglur um aðgang annarra þjónustuveitenda, á jafnræðisgrundvelli, að upplýsingum sem afleiðuviðskiptaskráin viðheldur, hafi viðkomandi mótaðilar veitt samþykki sitt.

19. gr.

Gagnsæi hlítingarráðstafana og áreiðanleika upplýsinga

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma verklagsreglur sem umsækjandinn hefur sett til að sannreyna:

a) hvort skýrslugefandi mótaðilinn eða aðilinn sem leggur gögnin fram hlíti tilkynningarskyldunni,

b) áreiðanleika tilkynntra upplýsinga,

c) að hægt sé að bera gögnin saman á milli afleiðuviðskiptaskráa ef mótaðilar senda skýrslur til mismunandi afleiðuviðskiptaskráa.

20. gr.

Gagnsæi verðlagningarstefnu

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á:

a) verðlagningarstefnu umsækjanda, þ.m.t. gildandi afsláttum og endurgreiðslum og skilyrðum fyrir nýtingu slíkra lækkana,

b) gjaldafyrirkomulagi umsækjanda fyrir alla hliðarþjónustu, þ.m.t. áætluðum kostnaði afleiðuviðskiptaskráarþjónustunnar og hliðarstarfsemi, auk upplýsinga um þær aðferðir sem notaðar verða til að gera grein fyrir öðrum kostnaði sem umsækjandi kann að stofna til þegar hann veitir afleiðuviðskiptaskráarþjónustu og þjónustu sem heyrir undir hliðarstarfsemi,

c) aðferðum sem beitt er til að gera upplýsingarnar aðgengilegar viðskiptavinum, einkum skýrslugefandi aðilum og væntanlegum viðskiptavinum, þ.m.t. afrit af gjaldskránni sem skal sundurgreina afleiðuviðskiptaskráarþjónustu og hliðarstarfsemi.

9. ÞÁTTUR

Rekstraröryggi

21. gr.

Rekstraráhætta

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma:

a) ítarlega lýsingu á tiltækum úrræðum og verklagsreglum sem miða að því að greina og draga úr rekstraráhættu og annarri verulegri áhættu sem umsækjandi stendur frammi fyrir, þ.m.t. afrit af viðkomandi notendahandbókum og innri verklagsreglum,

b) lýsingu á hreinum lausafjáreignum, fjármögnuðum með eigin fé, til að standa straum af hugsanlegu almennu rekstrartapi svo unnt sé að halda áfram að veita þjónustu á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis, og mat á fjárhagslegu bolmagni til að standa straum af rekstrarkostnaði vegna slita eða endurskipulagningar á mikilvægri starfsemi og þjónustu í a.m.k. sex mánuði,

c) áætlun umsækjanda um rekstrarsamfellu og upplýsingar um stefnu um uppfærslu á áætluninni. Áætlunin skal einkum taka til:

   i. allra rekstrarferla, aðferða við hækkun áhættustigs og tengdra kerfa sem eru mikilvæg til að tryggja þjónustu umsækjanda, þ.m.t. alla viðkomandi útvistaða þjónusta auk stefnuáætlunar, stefnu og markmiða afleiðuviðskiptaskrárinnar um samfellu þessara ferla,

   ii. ráðstafana sem hafa verið gerðar ásamt öðrum aðilum sem starfrækja innviði fjármálamarkaða, þ.m.t. öðrum afleiðuviðskiptaskrám,

   iii. ráðstafana sem miða að því að tryggja lágmarksþjónustustig mikilvægrar starfsemi og hvenær áætlað er að fullri endurheimt slíkra ferla yrði lokið,

   iv. hámarks ásættanlegs endurheimtartíma viðskiptaferla og kerfa, að teknu tilliti til frestsins til skýrslugjafar til afleiðuviðskiptaskráa, sem kveðið er á um í 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, og þess magns upplýsinga sem afleiðuviðskiptaskráin þarf að vinna úr innan þess eins dags tímabils,

   v. verklagsreglna um atvikaskráningu og endurskoðanir,

   vi. prófunaráætlunar og niðurstaðna allra prófana,

   vii. fjölda annarra tiltækra tækni- og rekstrarstöðva, staðsetningar þeirra, tilfanga þeirra í samanburði við aðalstöðina og settra verklagsreglna um rekstrarsamfellu ef nota þarf aðrar stöðvar,

   viii. upplýsinga um aðgang að varastarfsstöð sem gerir starfsfólki kleift að tryggja samfellu þjónustunnar ef aðalskrifstofa er ekki tiltæk,

d) lýsingar á fyrirkomulagi til að tryggja afleiðuviðskiptaskráarstarfsemi umsækjandans komi til rekstrartruflunar, og aðkomu notenda afleiðuviðskiptaskrárinnar og annarra þriðju aðila að því fyrirkomulagi.

10. ÞÁTTUR

Skráahald

22. gr.

Stefna um skráahald

1. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma upplýsingar um móttöku og meðferð gagna, þ.m.t. allar stefnur og verklagsreglur sem umsækjandi setur til að tryggja:

a) tímanlega og rétta skráningu á tilkynntum upplýsingum,

b) að gögnunum sé viðhaldið bæði á Netinu og utan þess,

c) að gögnin séu afrituð með fullnægjandi hætti í þágu rekstrarsamfellu.

2. Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á kerfum, stefnum og verklagsreglum fyrir skráahald sem notuð eru til að tryggja að upplýsingum sé breytt á viðeigandi hátt og að stöður séu rétt reiknaðar út í samræmi við gildandi lög eða kröfur samkvæmt reglum.

11. ÞÁTTUR

Tiltækileiki gagna

23. gr.

Kerfi til að tryggja tiltækileika gagna

Umsókn um skráningu sem afleiðuviðskiptaskrá skal hafa að geyma lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem umsækjandi mun nota til að veita aðgang að upplýsingum í samræmi við 1., 3., og 5. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um gagnsæi og tiltækileika gagna, ásamt:

a) lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem afleiðuviðskiptaskráin mun nota til að veita almenningi aðgang að gögnum sem í hún geymir í samræmi við 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tíðni uppfærslna, ásamt afritum af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi,

b) lýsingu á tilföngum, aðferðum og aðstöðu sem afleiðuviðskiptaskráin mun nota til að veita viðkomandi yfirvöldum aðgang að upplýsingum sínum í samræmi við 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, tíðni uppfærslna og stjórntækjum og sannprófunum sem afleiðuviðskiptaskráin kann að beita til að stýra aðgangi, ásamt afritum af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi,

c) lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem afleiðuviðskiptaskráin mun nota til að veita mótaðilum samninga aðgang að upplýsingum sínum í samræmi við 5. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tíðni uppfærslna, ásamt afritum af sérstökum notendahandbókum og innri stefnum þar að lútandi.

24. gr.

Staðfesting á því að upplýsingar í umsókninni séu réttar og tæmandi

1. Öllum upplýsingum sem lagðar eru fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í skráningarferlinu skal fylgja bréf sem er undirritað af stjórnarmanni og framkvæmdastjórn afleiðuviðskiptaskrárinnar til staðfestingar á því að framlagðar upplýsingar séu, samkvæmt bestu vitund þeirra, réttar og tæmandi á deginum sem þær eru lagðar fram.

2. Upplýsingunum skulu fylgja, ef við á, viðeigandi lagaleg skjöl fyrirtækisins sem staðfesta áreiðanleika gagnanna.

25. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 151/2013 **2019/EES/25/04**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru gögn sem afleiðuviðskiptaskrár eiga að birta og gera aðgengileg og rekstrarstaðla til að safna, bera saman og hafa aðgang að gögnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 5. mgr. 81. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að tilgreina viðeigandi samninga og viðkomandi mótaðila þeirra með skýrum hætti. Út frá hagkvæmnissjónarmiði ætti að meta aðila sem hafa aðgang að gögnum í vörslu afleiðuviðskiptaskráa út frá heimildum þeirra og starfseminni sem þær hafa með höndum.

2) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að hafa aðgang að öllum gögnum um einstök viðskipti sem afleiðuviðskiptaskrár varðveita í því skyni að hafa eftirlit með þessum skrám, geta farið fram á upplýsingar, gripið til viðeigandi eftirlitsráðstafana sem og vaktað hvort viðhalda eigi skráningu aðila sem afleiðuviðskiptaskrá eða afturkalla hana.

3) Að teknu tilliti til starfsviðs Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) ([3]) og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti hún að fá aðgang með tilliti til mismunandi umboða. Aðgangur einstakra starfsmanna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að gögnum ætti að vera í samræmi við þessi tilteknu umboð.

4) Evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og viðkomandi aðilar að seðlabankakerfi Evrópu, þ.m.t. sumir seðlabankar aðildarríkjanna og viðeigandi yfirvöld Sambandsins á verðbréfamarkaði, hafa umboð til að vakta og viðhalda fjármálastöðugleika í Sambandinu og ættu því að hafa aðgang að viðskiptagögnum allra mótaðila að því er varðar viðkomandi verkefni á því sviði.

5) Eftirlitsaðilar og þeir sem hafa umsjón með miðlægum mótaðilum þurfa að hafa aðgang svo þeir geti sinnt skyldum sínum gagnvart slíkum einingum á skilvirkan hátt og ættu því að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna slíks umboðs.

6) Aðgengi viðkomandi aðila að seðlabankakerfi Evrópu er til þess ætlað að þeir geti sinnt helstu verkefnum sínum, einkum hlutverki seðlabanka sem gefur út gjaldmiðla, umboði þeirra vegna fjármálastöðugleika og í einhverjum tilvikum varfærniseftirliti með einhverjum mótaðilum. Þar sem tilteknir aðilar að seðlabankakerfi Evrópu hafa mismunandi umboð samkvæmt innlendri löggjöf, ætti að heimila þeim aðgang að gögnum í samræmi við þau mismunandi umboð sem talin eru upp í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

7) Viðeigandi yfirvöld Sambandsins á verðbréfamarkaði hafa þá meginskyldu að vernda fjárfesta í viðkomandi lögsögu og ættu að fá aðgang að viðskiptagögnum um markaði, þátttakendur, afurðir og undirliggjandi þætti sem falla undir umboð þeirra til eftirlits og lagaframkvæmdar.

8) Yfirvöldum, sem tilnefnd eru skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ([4]) frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð, ætti að vera heimilaður aðgangur að viðskiptum með hlutabréfaafleiður þegar undirliggjandi eign er annaðhvort tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í þeirra lögsögu, er með lögheimili innan þeirra lögsögu eða er tilboðsgjafi félags fyrir slíkt fyrirtæki og endurgjaldið sem það býður felur í sér verðbréf.

9) Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði ætti að fá aðgang í þeim tilgangi að hafa eftirlit með heildsölumarkaði fyrir orku til að greina og hindra markaðssvik í samstarfi við innlend eftirlitsyfirvöld og að hafa eftirlit með heildsölumarkaði fyrir orku til að greina og hindra markaðssvik samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (REMIT) ([5]). Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði ætti því að hafa aðgang að öllum gögnum sem afleiðuviðskiptaskrár halda að því er varðar orkuafleiður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

([4]) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

([5]) Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1.

10) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 tekur einungis til viðskiptagagna en ekki gagna um viðskipti áður en þau fara fram, s.s. fyrirmæla um viðskipti eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1227/2011. Því ætti ekki að telja afleiðuviðskiptaskrár sem viðeigandi upplýsingaheimild fyrir Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði að þessu leyti.

11) Út frá hagkvæmnissjónarmiði er varfærniseftirlit mikilvægur þáttur þegar aðgangur er veittur að gögnum sem afleiðuviðskiptaskrár varðveita. Á sama hátt gætu mismunandi yfirvöld haft umboð til varfærniseftirlits. Aðgangur að gögnum um viðskipti ætti því að vera tryggður öllum yfirvöldum sem tilgreind eru í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

12) Aðilar, sem hafa aðgang að gögnum afleiðuviðskiptaskráa skv. 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ættu að tryggja að þær fari eftir og framfylgi stefnum til þess að tryggja að einungis viðkomandi aðilar hafi aðgang að upplýsingunum í vel skilgreindum og löglegum tilgangi og að einnig sé skýrt hvaða aðrir aðilar hafi hugsanlega heimild til að fá aðgang að slíkum gögnum.

13) Aðgang að gögnum ætti að skoða út frá þremur stigum samsöfnunar. Viðskiptagögn ættu að ná yfir upplýsingar um einstök viðskipti, stöðugögn ættu að varða gögn um samanlagðar stöður eftir undirliggjandi eignum/afurðum fyrir einstaka mótaðila og samantekin grundvallargögn ættu að samsvara heildarstöðum undirliggjandi eigna/afurða en án upplýsinga um mótaðila. Aðgangur að viðskiptagögnum veitir einnig aðgang að gögnum um stig staðna og samantekinna gagna. Aðgangur að stöðugögnum veitir einnig aðgang að samanteknum gögnum en ekki gögnum um einstök viðskipti. Aftur á móti ætti aðgangur að samanteknum grundvallargögnum að miðast við grófari flokkun og ætti hvorki að veita aðgang að gögnum um stöður né gögnum um einstök viðskipti.

14) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

15) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 hafði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samráð við viðeigandi yfirvöld og aðila í seðlabankakerfi Evrópu áður en hún lagði fram drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur einnig haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Birting samantekinna gagna

1. Afleiðuviðskiptaskrár skulu birta gögn eins og kveðið er á um í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. að minnsta kosti:

a) sundurliðun á samanlögðum opnum stöðum fyrir hvern eftirfarandi flokka afleiðna:

   i. hrávöruafleiður,

   ii. lánaafleiður,

   iii. gjaldeyrisafleiður,

   iv. hlutabréfaafleiður,

   v. vaxtaafleiður,

   vi. annað,

b) sundurliðun á samanlögðu viðskiptamagni fyrir hvern eftirfarandi flokka afleiðna:

   i. hrávöruafleiður,

   ii. lánaafleiður,

   iii. gjaldeyrisafleiður,

   iv. hlutabréfaafleiður,

   v. vaxtaafleiður,

   vi. annað,

c) sundurliðun á samanlögðu virði fyrir hvern eftirfarandi flokka afleiðna:

   i. hrávöruafleiður,

   ii. lánaafleiður,

   iii. gjaldeyrisafleiður,

   iv. hlutabréfaafleiður,

   v. vaxtaafleiður,

   vi. annað.

2. Gögnin skulu birt á vefsetri eða vefgátt sem almenningur hefur greiðan aðgang að og er uppfærð a.m.k. vikulega.

2. gr.

Aðgangur viðkomandi yfirvalda að gögnum

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni aðgang að öllum viðskiptagögnum svo stofnunin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal setja innri verklagsreglur til að tryggja viðeigandi aðgang starfsmanna og takmarkanir á aðgangi að því er varðar starfsemi sem lýtur ekki eftirliti samkvæmt umboði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

3. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER) aðgang að öllum færslugögnum er varða afleiður þar sem undirliggjandi þátturinn er orka eða losunarheimildir.

4. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita lögbæru yfirvaldi sem hefur eftirlit með miðlægum mótaðila og viðkomandi aðila að seðlabankakerfi Evrópu sem hefur tilsjón með miðlæga mótaðilanum, eftir atvikum, aðgang að öllum viðskiptagögnum sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar eða tilkynnir.

5. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita lögbæru yfirvaldi, sem hefur eftirlit með viðskiptastöðum (*e. venues of execution*) tilkynntra samninga, aðgang að öllum viðskiptagögnum um samninga sem eru framkvæmdir á þessum stöðum.

6. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita eftirlitsyfirvaldi, sem skipað er skv. 4. gr. tilskipunar 2004/25/EB, aðgang að öllum viðskiptagögnum um afleiður þegar undirliggjandi þátturinn er verðbréf sem er gefið út af fyrirtæki sem uppfyllir eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) það er tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í lögsögu þeirra,

b) það er með skráða skrifstofu eða, ef það hefur ekki skráða skrifstofu, höfuðstöðvar sínar í lögsögu þeirra,

c) það er tilboðsgjafi fyrir aðila sem getið er um í a- eða b-lið og endurgjaldið sem það býður felur í sér verðbréf.

7. Í gögnunum sem afhent eru skv. 6. mgr. skulu koma fram upplýsingar um:

a) undirliggjandi verðbréf,

b) flokk afleiðna,

c) formerki stöðunnar

d) fjölda viðmiðunarverðbréfa (*e. reference securities*),

e) mótaðila afleiðunnar.

8. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita viðkomandi yfirvöldum Sambandsins á verðbréfamarkaði, sem um getur í h-lið 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, aðgang að öllum viðskiptagögnum um markaði, þátttakendur, samninga og undirliggjandi þætti sem falla undir starfssvið viðkomandi yfirvalds samkvæmt eftirlitshlutverki og umboði þess.

9. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita Evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðkomandi aðilum að seðlabankakerfi Evrópu gögn um einstök viðskipti:

a) er varða alla mótaðila innan viðkomandi lögsaga,

b) er varða afleiðusamninga þegar viðmiðunaraðili afleiðusamningsins er staðsettur innan lögsögu þeirra eða þegar tilgreinda skuldbindingin er ríkisskuld viðkomandi lögsögu.

10. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita viðkomandi aðila að Seðlabankakerfi Evrópu aðgang að stöðugögnum um afleiðusamninga í þeim gjaldmiðlinum sem sá aðili gefur út.

11. Í þágu varfærniseftirlits með mótaðilum sem falla undir tilkynningaskylduna skal afleiðuviðskiptaskrá veita viðkomandi aðilum, sem taldir eru upp í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, aðgang að öllum viðskiptagögnum slíkra mótaðila.

3. gr.

Yfirvöld í þriðju löndum

1. Í tengslum við viðkomandi yfirvald í þriðja landi sem hefur gert alþjóðasamning við Sambandið, eins og um getur í 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal afleiðuviðskiptaskrá veita aðgang að gögnunum, að teknu tilliti til umboðs og starfssviðs yfirvaldsins í þriðja landi og í samræmi við ákvæði viðkomandi alþjóðasamnings.

2. Í tengslum við viðkomandi yfirvald í þriðja landi sem hefur gert samstarfssamning við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, eins og um getur í 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal afleiðuviðskiptaskrá veita aðgang að gögnunum, að teknu tilliti til umboðs og starfssviðs yfirvalds í þriðja landi og í samræmi við ákvæði viðkomandi samstarfssamnings.

4. gr.

Rekstrarstaðlar um samsöfnun og samanburð gagna

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita aðilunum, sem taldir eru upp í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, aðgang í samræmi við samskiptaferla, staðla fyrir skilaboð og tilvísunargögn sem eru almennt notuð á alþjóðavettvangi.

2. Mótaðilar viðskipta skulu búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir hvern afleiðusamning til að gera afleiðuviðskiptaskrám kleift að safna og bera saman gögn milli mismunandi afleiðuviðskiptaskráa.

5. gr.

Rekstrarstaðlar um aðgang að gögnum

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal skrá upplýsingar um aðgang að gögnum sem er veittur aðilunum sem taldir eru upp í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. ná yfir og fela í sér:

a) umfang gagnanna sem aðgangur er nýttur að,

b) tilvísun í lagaákvæði sem heimila aðgang að slíkum gögnum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og þessari reglugerð.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 152/2013 **2019/EES/25/05**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um eiginfjárkröfur fyrir miðlæga mótaðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er m.a. komið á varfærniskröfum fyrir miðlæga mótaðila til að tryggja að þeir séu öruggir og traustir og uppfylli alltaf eiginfjárkröfur. Þar sem áhættu sem stafar af stöðustofnunarstarfsemi er miklu leyti mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns ættu slíkar eiginfjárkröfur að tryggja að miðlægur mótaðili hafi ávallt nægilegt eigið fé vegna greiðslufallsáhættu, mótaðilaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og viðskiptaáhættu sem ekki er þegar mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns, og að hann geti á skipulegan hátt slitið eða endurskipulagt starfsemi sína ef þörf krefur.

2) Að því er varðar tæknilega staðla ætti að taka sérstakt tillit til eiginfjárkrafna sem gerðar eru til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja vegna þess að miðlægir mótaðilar standa frammi fyrir svipaðri áhættu og lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki þegar þeir stunda starfsemi sem ekki er mætt með ráðstöfuninni. Einnig ætti að taka tillit til viðeigandi hluta meginreglna um innviði fjármálamarkaða sem gefnar eru út af greiðslu- og uppgjörsnefndinni og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði („meginreglur CPSS-IOSCO“). Til að tryggja að þeir geti skipulagt eðlileg slit eða endurskipulagningu á starfsemi sinni ættu miðlægir mótaðilar að hafa yfir nægu fé að ráða til að standa straum af rekstrarkostnaði eins lengi og þörf er á. Miðlægur mótaðili ætti á þeim tíma að geta komið á hvers konar fyrirkomulagi til að endurskipuleggja mikilvægustu starfsemi sína, þ.m.t. með því að endurfjármagna, skipta um stjórnendur, endurskoða starfsstefnur sínar, endurskoða uppbyggingu kostnaðar og gjalda, endurskipuleggja þjónustuna sem hann veitir, innleysa stöðustofnunarsafn sitt eða renna saman við miðlægan mótaðila eða framselja stöðustofnunarstarfsemi sína til annars miðlægs mótaðila. Meðan á slitum eða endurskipulagningu miðlægs mótaðila stendur verður hann að geta haldið áfram rekstri sínum. Í því tilviki getur einhver kostnaður, s.s. markaðskostnaður, lækkað, á meðan annar kostnaður, svo sem málsvarnarkostnaður, hækkað. Þess vegna telst notkun árlegs vergs rekstrarkostnaðar vera viðeigandi nálgun fyrir raunverulegan kostnað meðan á slitum eða endurskipulagningu rekstrar miðlægs mótaðila stendur. Til þess að taka tillit til mismunandi reikningsskilavenja hjá miðlægum mótaðilum ætti rekstrarkostnaður að teljast í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem innleiddir eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([3]) eða í samræmi við takmarkaðan fjölda annarra reglna sem gilda á því sviði eins og tilgreint er í lögum Sambandsins.

3) Þar sem eigið fé ætti ávallt að vera nægt til að tryggja eðlileg slit og fullnægjandi vernd gegn viðkomandi áhættu, eins og gerð er krafa um í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, er nauðsynlegt að innleiða snemmviðvörunartæki sem gerir lögbærum yfirvöldum mögulegt að fá vitneskju með nægum fyrirvara um þær aðstæður þegar eigið fé miðlægs mótaðila liggur nærri eiginfjárkröfum, með því að koma á tilkynningarmörkum sem samsvara 110% af eiginfjárkröfum.

4) Þrátt fyrir að erfitt sé að magngreina áhættu í tengslum við rekstraráhættu er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([4]) viðeigandi viðmiðun til að fastsetja eiginfjárkröfur fyrir miðlæga mótaðila. Í samræmi við tilskipun 2006/48/EB ætti skilgreiningin á rekstraráhættu að taka til lagalegrar áhættu að því er varðar tæknilega staðla um eiginfjárkröfur fyrir miðlæga mótaðila.

5) Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB og 2006/49/EB um eiginfjárkröfur verðbréfafyrirtækja og lánastofnana ([5]) eru viðeigandi viðmiðanir í þeim tilgangi að koma á eiginfjárkröfum sem ná yfir greiðslufallsáhættu, mótaðilaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu sem ekki er mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns þar sem þær eru svipaðar þeim sem lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki nota.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

6) Miðlægur mótaðili þarf ekki að eiga eigið fé fyrir viðskiptastöður og framlög í vanskilasjóð, sem leiðir af fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi, ef kröfur 52. gr. og 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eru uppfylltar. Hins vegar ef þessar kröfur eru ekki uppfylltar gætu tengingar á milli miðlægra mótaðila aukið áhættu þeirra ef tryggingarnar sem þeir leggja fram eru ekki varðar til fulls og gjaldþrotsvarðar, eða ef framlög í vanskilasjóði eru í hættu ef stöðustofnunaraðili miðlæga mótaðilans sem tekur við tryggingunni lendir í vanskilum. Í slíkum tilvikum ættu lántökugjöld því að gilda um framlög í vanskilasjóði og viðskiptastöður hjá öðrum miðlægum mótaðilum. Til að forðast smitunaráhrif ætti meðferð framlaga í vanskilasjóð hjá öðrum miðlægum mótaðila almennt að vera varfærnari en meðferð áhættuskuldbindinga lánastofnunar vegna miðlægs mótaðila. Ekki ætti að taka tillit til eigin fjármagns miðlægs mótaðila sem notað er sem framlag í vanskilasjóð hjá öðrum miðlægum mótaðila að því er varðar 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þar sem því er ekki fjárfest í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Einnig ætti það ekki að vera tvítalið að því er varðar útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum sem stafa af þessum framlögum.

7) Tíminn sem þarf til að tryggja skipuleg slit miðast fyrst og fremst við þá stöðustofnunarþjónustu sem einstakur miðlægur mótaðili veitir og því markaðsumhverfi sem hann starfar í, einkum í þeim tilvikum þegar annar miðlægur mótaðili getur tekið við þjónustunni. Því ætti fjöldi þeirra mánaða sem þarf vegna slita að vera grundvallaður á mati miðlæga mótaðilans, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds. Að lágmarki þarf að kveða á um sex mánuði til að tryggja skynsamleg mörk eiginfjárkrafnanna.

8) Viðskiptaáhætta vísar til þeirra áhættu sem miðlægur mótaðili tekur út frá eigin skilvirkni sem og vegna hugsanlegra breytinga á almennum viðskiptaskilyrðum sem líklegt er að geti skaðað fjárhagsstöðu hans í kjölfar tekjuskerðingar eða útgjaldaaukningar sem leiðir til taps sem verður að færa til lækkunar á eigin fé hans. Þar sem viðskiptaáhætta er mjög háð aðstæðum sérhvers miðlægs mótaðila og getur stafað af ýmsum þáttum á borð við óskilvirkt verklag, óhagstæðar markaðsaðstæður, lítil viðbrögð við tækniframförum eða slaka framkvæmd á starfsstefnum, ætti eiginfjárkrafan að byggjast á eigin mati miðlægs mótaðila, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds. Setja skal lágmarksviðmið til að tryggja skynsamleg mörk eiginfjárkrafnanna.

9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafði náið samstarf við seðlabankakerfi Evrópu og samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina áður en hún lagði fram drögin að tæknilegu stöðlunum sem þessi reglugerð byggist á. Hún hefur einnig haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]),

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eiginfjárkröfur

1. Eigið fé miðlægs mótaðila, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og annað eigið fé, skal ávallt nema a.m.k. samanlagðri fjárhæð:

a) eiginfjárkrafna miðlæga mótaðilans vegna slita eða endurskipulagningar á starfsemi hans, sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. gr.,

b) eiginfjárkrafna miðlæga mótaðilans vegna rekstrar- eða lagalegrar áhættu, sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. gr.,

c) eiginfjárkrafna miðlæga mótaðilans vegna greiðslufalls-, mótaðila- og markaðsáhættu, sem reiknaðar eru út í samræmi við 4. gr.,

d) eiginfjárkrafna miðlæga mótaðilans vegna viðskiptaáhættu, sem reiknaðar eru út í samræmi við 5. gr.

2. Miðlægur mótaðili skal búa yfir verklagi til að greina alla áhættuþætti sem geta haft áhrif á yfirstandandi starfsemi hans og skal meta líkurnar á hugsanlegum neikvæðum áhrifum á tekjur hans eða útgjöld og eiginfjárstöðu hans.

3. Sé eigið fé miðlægs mótaðila skv. 1. mgr. lægra en 110% af eiginfjárkröfum eða lægra en 110% af 7,5 milljónum evra („tilkynningarmörk“) skal hann tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það án tafar og halda því upplýstu a.m.k. vikulega þar til eigið fé miðlæga mótaðilans er aftur komið yfir tilkynningarmörkin.

4. Slík tilkynning skal vera skrifleg og hafa að geyma eftirfarandi:

a) lýsingu á ástæðum þess að eigið fé miðlæga mótaðilans er undir tilkynningarmörkunum og lýsingu á skammtímahorfum um fjárhagsstöðu hans,

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

b) ítarlega lýsingu á þeim ráðstöfunum sem miðlægi mótaðilinn hyggst gera í þeim tilgangi að tryggja að eiginfjárkröfurnar séu áfram uppfylltar.

2. gr.

Eiginfjárkröfur vegna slita eða endurskipulagningar

1. Miðlægur mótaðili skal deila í árlegan vergan rekstrarkostnað sinn með tólf til að ákvarða mánaðarlegan vergan rekstrarkostnað og margfalda niðurstöðuna með tímabilinu til slita eða endurskipulagningar á starfsemi sinni, sem skal ákvarðað skv. 2. mgr. Niðurstaða þessa útreiknings er það eigið fé sem krafist er til að tryggja að slit eða endurskipulagning á starfsemi miðlæga mótaðilans fari fram með skipulegum hætti.

2. Til að ákvarða tímabilið til slita eða endurskipulagningar á starfsemi sinni sem vísað er til í 1. mgr. skal miðlægur mótaðili leggja fram eigið mat á viðeigandi tímabili til slita eða endurskipulagningar á starfseminni hjá hinu lögbæra yfirvaldi til samþykkis, í samræmi við valdsvið þess skv. III. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Áætlað tímabil skal vera nægilega langt til að tryggja, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður, að slit eða endurskipulagning á starfsemi hans, endurskipulagning á rekstri hans, innlausn stöðustofnunarsafns hans eða framsal á stöðustofnunarstarfsemi hans til annars miðlægs mótaðila fari fram með skipulegum hætti. Í matinu skal taka tillit til seljanleika, stærðar, eftirstöðvatíma (e. *maturity structure*) og hugsanlegra hindrana yfir landamæri að því er varðar stöður miðlæga mótaðilans og tegund stöðustofnaðra afurða. Tímabilið til slita eða endurskipulagningar á starfsemi hans sem notað er til útreiknings á eiginfjárkröfu skal vera að lágmarki sex mánuðir.

3. Miðlægur mótaðili skal uppfæra mat sitt á viðeigandi tímabili til slita eða endurskipulagningar á starfsemi sinni hvenær sem veruleg breyting verður á forsendum matsins á og leggja fram uppfært mat hjá lögbæra yfirvaldinu til samþykkis.

4. Að því er varðar þessa grein skal rekstrarkostnaður metinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem innleiddir eru samkvæmt reglugerð (EB), nr. 1606/2002 eða í samræmi við tilskipanir ráðsins 78/660/EBE ([1]), 83/349/EBE ([2]) og 86/635/EBE ([3]) eða í samræmi við góðar reikningsskilavenjur þriðja lands sem álitnar eru jafngildar IFRS í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007 ([4]), eða reikningsskilastaðla þriðja lands, sem heimilt er að beita í samræmi við 4. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á. Miðlægir mótaðilar skulu nota nýjustu endurskoðuðu upplýsingar úr ársreikningum sínum.

3. gr.

Eiginfjárkröfur vegna rekstraráhættu og lagalegrar áhættu

1. Miðlægur mótaðili skal reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu ── þ.m.t. lagalegrar áhættu ── sem um getur í 1. gr. með því að nota annaðhvort grundvallaraðferðina (e. *Basic Indicator Approach*) eða þróaðar mæliaðferðir (e. *Advanced Measurement Approaches*) eins og kveðið er á um í tilskipun 2006/48/EB, sbr. þó takmarkanirnar sem kveðið er á um í 2.–7. mgr.

2. Miðlægum mótaðila er heimilt að nota grundvallaraðferðina til að reikna út eiginfjárkröfur sínar vegna rekstraráhættu í samræmi við 103. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

3. Miðlægur mótaðili skal búa yfir vandlega skjalfestu mats- og stýringarkerfi fyrir rekstraráhættu og skal ábyrgðarskipting innan þessa kerfis vera skýr. Hann skal tilgreina rekstraráhættu sína og fylgjast með viðeigandi upplýsingum um rekstraráhættu, þ.m.t. upplýsingum um verulegt tap. Kerfið skal sæta reglulegri úttekt óháðs aðila sem hefur til þess nauðsynlega þekkingu,

4. Kerfi miðlægs mótaðila til mats á rekstraráhættu skal vera samþætt áhættustýringarferlum hans með nánum hætti. Niðurstöður þess skulu vera óaðskiljanlegur hluti ferlisins til eftirlits með og stýringar á rekstraráhættusniði miðlæga mótaðilans.

5. Miðlægur mótaðili skal innleiða kerfi til skýrslugjafar til yfirstjórnar sem felur í sér að skýrslum um rekstraráhættu sé skilað til viðkomandi starfseininga innan stofnananna. Miðlægur mótaðili skal búa yfir verklagi til að grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt upplýsingum í skýrslum til stjórnenda.

6. Miðlægum mótaðila er einnig heimilt að sækja um leyfi til lögbærs yfirvalds síns til að nota þróaðar mæliaðferðir. Lögbæra yfirvaldið getur heimilað miðlæga mótaðilanum að nota þróaðar mæliaðferðir sem byggjast á eigin kerfum hans til mats á rekstraráhættu í samræmi við 105. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

7. Eigið fé miðlægra mótaðila sem nota þróaðar mæliaðferðir eins og tilgreint er í 6. mgr. til útreiknings á eiginfjárkröfum sínum vegna rekstraráhættu skal ávallt vera a.m.k. 80% af því eigin fé sem krafist er þegar grundvallaraðferðin skv. 2. gr. er notuð.

4. gr.

Eiginfjárkröfur vegna greiðslufallsáhættu, greiðslufallsáhættu mótaðila og markaðsáhættu sem ekki er þegar mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns eins og um getur í 41.–44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012

1. Miðlægur mótaðili skal reikna út eiginfjárkröfur sínar sem um getur í 1. gr. sem samtölu af 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sinna vegna greiðslufallsáhættu og greiðslufallsáhættu mótaðila og eiginfjárkröfum sínum vegna markaðsáhættu sem reiknaðar eru út í samræmi við tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB, sbr. þó takmarkanirnar sem kveðið er á um í 2.–5. mgr.

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.
([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

2. Við útreikning á eiginfjárkröfum vegna markaðsáhættu sem ekki er þegar mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns eins og um getur í 41.–44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili nota þær aðferðir sem kveðið er á um í I. – IV. viðauka við tilskipun 2006/49/EB.

3. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna greiðslufallsáhættu sem ekki er þegar mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns eins og um getur í 41.–44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili nota staðalaðferðina (e. *Standardised Approach*) á greiðslufallsáhættu sem kveðið er á um í 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB..

4. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna greiðslufallsáhættu mótaðila sem ekki er þegar mætt með ráðstöfun sérstaks fjármagns eins og um getur í 41.–44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili nota markaðsvirðisaðferðina sem kveðið er á um í 3. hluta III. viðauka við tilskipun 2006/48/EB og heildaraðferð fjárhagslegra trygginga (e. *Financial Collateral Comprehensive Method*) með því að beita jöfnun flökts samkvæmt eftirlitsaðferð (e. *supervisory volatility adjustments*) sem kveðið er á um 3. hluta í VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,.

5. Ef ekki öll skilyrðanna sem um getur í 52. gr. og 53. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eru uppfyllt og ef miðlægur mótaðili notar ekki eigið fjármagn skal hann beita 1250% áhættuvægi á áhættuskuldbindingar sínar sem stafa af framlögum í vanskilasjóð annars miðlægs mótaðila og 2% áhættuvægi á viðskiptastöður sínar hjá öðrum miðlægum mótaðila.

5. gr.

Eiginfjárkröfur vegna viðskiptaáhættu

1. Miðlægur mótaðili skal leggja fram eigið mat á því eigin fé sem nauðsynlegt er til að mæta tapi í tengslum við viðskiptaáhættu á grundvelli neikvæðra sviðsmynda er varða viðskiptalíkan hans og talist geta fyrirsjáanlegar, hjá lögbæru yfirvaldi til samþykkis í samræmi við valdsvið þess skv. III. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Eiginfjárkröfur vegna viðskiptaáhættu skulu vera jafnháar og samþykkta matið auk þess sem þær skulu vera a.m.k. 25% af árlegum vergum rekstrarkostnaði hans. Að því er þessa grein varðar skal meta vergan rekstrarkostnað í samræmi við 4. mgr. 2. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 153/2013 **2019/EES/25/06**

frá 19. desember 2012

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 25. gr. (8. mgr.), 26. gr. (9. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 34. gr. (3. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 42. gr. (5. mgr.), 44. gr. (2. mgr.), 45. gr. (5. mgr.), 46. gr. (3. mgr.), 47. gr. (8. mgr.) og 49. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla um skipulagskröfur, þ.m.t. skráahald, rekstrarsamfellu, og varfærniskröfur, þ.m.t. í tengslum við tryggingarþekju, vanskilasjóðinn, eftirlit með lausafjáráhættu, forgangsröðun við greiðslu vanskila (*e. default waterfall)*, veðtryggingar, fjárfestingarstefnu, endurskoðun líkana, álagspróf og afturvirk próf. Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að auðvelda ítarlega yfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim fyrir einstaklinga sem falla undir þessar skyldur er æskilegt að hafa alla tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem krafist er í III. og IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í einni reglugerð.

2) Í ljósi alþjóðlegs eðlis fjármálamarkaða ætti þessi reglugerð að taka tillit til meginreglna greiðslu- og uppgjörsnefndarinnar og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um innviði fjármálamarkaða („meginreglur CPSS-IOSCO“), sem fela í sér alþjóðlega viðmiðun að því er varðar eftirlitskröfur sem gilda um miðlæga mótaðila.

3) Til að tryggja að miðlægir mótaðilar séu öruggir og traustir við allar markaðsaðstæður er mikilvægt að þeir samþykki varfærin áhættustýringarferli til að mæta á tilhlýðilegan hátt allri áhættu sem þeir standa frammi fyrir eða kunna að standa frammi fyrir. Hvað þetta varðar ættu áhættustýringarstaðlarnir sem miðlægir mótaðilar framfylgja í reynd að vera strangari en þeir sem settir eru fram í þessari reglugerð ef það telst vera hentugt með tilliti til áhættustýringar.

4) Til að greina með skýrum hætti takmarkaðan fjölda hugtaka úr reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og gera nánari grein fyrir þeim tæknilegu hugtökum sem nauðsynleg eru til að móta þennan tæknistaðal ætti að skilgreina nokkur hugtök.

5) Mikilvægt er að tryggja að viðurkenndir miðlægir mótaðilar þriðja lands trufli ekki snurðulausa starfsemi markaða Sambandsins. Því er mikilvægt að tryggja að viðurkenndir miðlægir mótaðilar séu ekki í aðstöðu til að slaka á kröfum sínum um áhættustýringu þannig að þær verði minni en kröfur Sambandsins sem gæti leitt til eftirlitshögnunar. Upplýsingarnar sem ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um viðurkenningu þriðja lands á miðlægum mótaðila ættu að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að meta hvort hann fullnægi gildandi varfærniskröfum í því þriðja landi. Enn fremur ætti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um jafngildi að tryggja að lög og reglugerðir í þriðja landi jafngildi öllum ákvæðum skv. IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og ákvæðum þessarar reglugerðar.

6) Til að tryggja fullnægjandi vernd fjárfesta gæti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í sambandi við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum þriðja lands krafist viðbótarupplýsinga við þær sem teljast bráðnauðsynlegar til að meta hvort skilyrðunum í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 sé fullnægt.

7) Áframhaldandi mat á því hvort miðlægur mótaðili frá þriðja landi fullnægi að öllu leyti varfærniskröfum þriðja landsins er í höndum lögbæra yfirvaldsins í þriðja landinu. Upplýsingarnar sem miðlægur mótaðili í þriðja landi sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ættu ekki að þjóna því markmiði að endurtaka mat lögbæra yfirvaldsins í þriðja landinu heldur til að tryggja að miðlægi mótaðilinn falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í viðkomandi þriðja landi, og tryggja þannig öfluga vernd fjárfesta.

8) Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að framkvæma fullnægjandi mat ætti að bæta við upplýsingarnar, sem miðlægi mótaðilinn í þriðja landi sem sækir um veitir, upplýsingunum sem nauðsynlegar eru til að meta skilvirkni áframhaldandi eftirlits, framkvæmdarheimilda og aðgerða lögbæra yfirvaldsins í því þriðja landi. Slíkar upplýsingar ætti að veita á grundvelli samstarfsfyrirkomulagsins sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Slíkt samstarfsfyrirkomulag ætti að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fái tímanlega upplýsingar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum.*

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

um eftirlits- eða framfylgdaraðgerð gegn miðlæga mótaðilanum, sem sækir um viðurkenningu, og allar breytingar á skilyrðunum sem leyfisveitingin til viðkomandi miðlægs mótaðila var bundin og um hvers konar mikilvæga uppfærslu á upplýsingunum sem miðlægi mótaðilinn veitti upphaflega í viðurkenningarferlinu.

9) Nauðsynlegt er að tilgreina nánar kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 um stjórnunarlínur vegna innri áhættu til að innleiða áhættustýringarramma sem tekur til uppbyggingar, réttinda og starfsskyldna í tengslum við innra áhættustýringarferlið. Fyrirkomulag stjórnarhátta ætti að taka tillit til mismunandi fyrirkomulags fyrirtækjaréttar í Sambandinu til að tryggja að miðlægir mótaðilar starfi innan trausts lagaramma.

10) Til að tryggja að miðlægur mótaðili innleiði viðeigandi ferla til að hlíta þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1249/2012 ([1]) ætti að tilgreina hlutverk og starfsskyldur regluvörslueiningar hjá miðlægum mótaðila.

11) Nauðsynlegt er að skilgreina með skýrum hætti starfsskyldur stjórnar og framkvæmdastjórnar auk þess að tilgreina lágmarkskröfur um starfsemi stjórnarinnar til að tryggja að stjórnskipulag miðlægs mótaðila geri honum kleift að veita þjónustu og stunda starfsemi sína á samfelldan og skipulegan hátt. Einnig er nauðsynlegt að koma á skýrum og beinum stjórnunarlínum til að tryggja fyrirsvarsábyrgð.

12) Til að tryggja trausta og varfærna stjórnun miðlægs mótaðila er mikilvægt að starfskjarastefna hans dragi úr óhóflegri áhættutöku. Til að starfskjarastefnan hafi tilætluð áhrif ætti stjórnin að hafa með henni fullnægjandi eftirlit, endurskoða hana og koma á fót sérstakri nefnd sem fylgist með fullnægjandi hætti með því að starfskjarastefnan sé uppfyllt.

13) Til að tryggja að miðlægir mótaðilar hafi nægu starfsfólki yfir að ráða til að geta rækt skyldur sínar, að þeir beri ábyrgð á framkvæmd starfsemi sinnar og að lögbær yfirvöld hafi viðeigandi tengiliði innan miðlæga mótaðilans sem þeir hafa eftirlit með, ættu miðlægir mótaðilar að hafa a.m.k. áhættustjóra, regluvörð og yfirmann tæknimála.

14) Miðlægir mótaðilar ættu með fullnægjandi hætti að meta og hafa eftirlit með því að hvaða marki hagsmunaárekstrar geta komið upp milli stjórnarmanna sem sitja í stjórnum mismunandi aðila, hvort sem það er innan eða utan samstæðu miðlæga mótaðilans. Ekki ætti að koma í veg fyrir að stjórnarmenn sitji í mörgum stjórnum nema það valdi hagsmunaárekstrum.

15) Til að miðlægur mótaðili hafi skilvirka endurskoðunareiningu ætti hann að skilgreina starfsskyldur og innri endurskoðenda sinna til að tryggja að mikilvæg mál séu lögð tímanlega fyrir stjórn miðlæga mótaðilans og lögbæru yfirvöldin. Þegar starfseining innri endurskoðunar er stofnuð og starfrækt ætti að skilgreina með skýrum hætti hlutverk hennar, óhæði, umfang og ábyrgðarskyldu, valdsvið, fyrirsvarsábyrgð og rekstrarstaða.

16) Til að geta sinnt skyldum sínum með skilvirkum hætti ætti viðkomandi lögbært yfirvald að fá aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum til að ákvarða hvort miðlægur mótaðili uppfylli skilyrðin sem gilda um starfsleyfi hans. Miðlægi mótaðilinn skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar án ástæðulausrar tafar.

17) Skrár sem miðlægir mótaðilar halda ættu að stuðla að staðgóðri þekkingu á greiðslufallsáhættu miðlægs mótaðila gagnvart stöðustofnunaraðilum og gera kleift að hafa eftirlit með innbyggðri kerfisáhættu. Þær ættu einnig að gera lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðkomandi aðilum að seðlabankakerfi Evrópu kleift að endurgera stöðustofnunarferlið, til að meta hlítingu við kröfur samkvæmt reglum, þ.m.t. skýrslugjafarkröfur. Þegar gögn hafa verið skráð eru þau einnig gagnleg miðlægum mótaðilum svo þeir geti uppfyllt kröfur samkvæmt reglum og skyldur gagnvart stöðustofnunaraðilum og í ágreiningsmálum.

18) Upplýsingar sem miðlægir mótaðilar tilkynna til afleiðuviðskiptaskráa ætti að skrá þannig að lögbær yfirvöld geti sannreynt að miðlægu mótaðilarnir uppfylli tilkynningaskylduna sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og hafi auðveldan aðgang að upplýsingum í tilvikum þar sem ekki er hægt að finna þau hjá afleiðuviðskiptaskrám.

19) Kröfurnar um skráahald í tengslum við viðskipti ættu að styðjast við sömu hugtök og notuð eru samkvæmt tilkynningaskyldunni sem sett er fram í 8. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til að tryggja fullnægjandi skýrslugjöf miðlægra mótaðila.

20) Til að tryggja rekstrarsamfellu ef röskun verður ætti annar vinnslustaður miðlæga mótaðilans að vera staðsettur nægilega langt frá og vera landfræðilega aðskilinn frá aðalstaðnum þannig að hann verði ekki fyrir sömu áföllum og þeim sem gætu gert aðalstaðinn óstarfhæfan. Gera ætti sviðsmyndir til að greina áhrif hættuástands á mikilvæga þjónustu, þ.m.t. sviðsmyndir þar sem gert er ráð fyrir að kerfi verði óstarfhæf vegna náttúruhamfara. Þessar greiningar ætti að endurskoða reglulega.

21) Miðlægir mótaðilar eru kerfislega mikilvægir innviðir fjármálamarkaða og þeir ættu að koma mikilvægri starfsemi aftur á innan tveggja tíma; helst ættu öryggisafritunarkerfi að taka þegar í stað yfir vinnslu ef óhapp verður. Miðlægir mótaðilar ættu einnig að tryggja að nánast útilokað sé að gögn fari forgörðum.

([1]) Stjtíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 32.

22) Mikilvægt er að vanskil stöðustofnunaraðila valdi ekki öðrum markaðsaðilum verulegu tapi. Því ætti að krefjast þess að miðlægir mótaðilar verji með notkun trygginga sem vanskilaaðilinn hefur lagt fram a.m.k. viðeigandi hlutfalli mögulegs taps sem miðlægur mótaðili gæti orðið fyrir þegar stöðum er lokað. Með reglum ætti að ákvarða lágmarkshundraðshlutfallið sem tryggingar skulu ná yfir að því er varðar mismunandi flokka fjármálagerninga. Auk þess ættu miðlægir mótaðilar að fylgja meginreglum til að sníða umfang tryggingarþekju með fullnægjandi hætti að eiginleikum hvers og eins fjármálagernings eða eignasafns sem þeir stöðustofna.

23) Miðlægir mótaðilar ættu ekki að lækka tryggingarþekju sína svo mikið að það stofni öryggi þeirra í hættu í umhverfi þar sem mikil samkeppni ríkir. Því ættu útreikningar á tryggingarþekju að fylgja sértækum kröfum sem gerðar eru um grundvallarþætti þeirra. Í þessu samhengi ætti í tryggingarþekju að taka tillit til ýmissa markaðsaðstæðna, þ.m.t. álagstímabil.

24) Setja skal reglur sem tilgreina viðeigandi hundraðshlutfall og tímaramma innlausnartímabils og útreikning á sögulegu flökti. Til að tryggja að miðlægir mótaðilar stýri á viðeigandi hátt áhættunni sem þeir standa frammi fyrir er þó æskilegt að tilgreina ekki aðferðina sem miðlægur mótaðili ætti að nota til útreiknings á kröfum um tryggingarþekju út frá þessum þáttum. Af sömu ástæðum ætti ekki að koma í veg fyrir að miðlægir mótaðilar treysti á ýmsar áreiðanlegar aðferðir við þróun tryggingartöku vegna eignasafna og þeir ættu að hafa leyfi til að nota aðferðir sem byggjast á fylgni milli verðáhættu fjármálagerningsins eða ýmissa fjármálagerninga sem þeir stöðustofna, sem og allar viðeigandi aðferðir sem byggjast á jafngildum tölfræðilegum háðum þáttum.

25) Til að ákvarða hversu lengi miðlægum mótaðila stafar hætta af markaðsáhættu í tengslum við stýringu á stöðu vanskilaaðila ætti miðlægi mótaðilinn að meta mikilvæga eiginleika fjármálagerninganna eða eignasafnsins sem er stöðustofnað, s.s. seljanleika og stærð stöðunnar eða samþjöppun hennar. Miðlægir mótaðilar ættu að meta af varfærni tímann sem þarf til að loka stöðu vanskilaaðila frá því tryggingar eru síðast teknar, stærð stöðunnar og samþjöppun hennar.

26) Til að komast hjá því að valda eða auka á fjárhagslegan óstöðugleika ættu miðlægir mótaðilar, að eins miklu leyti og hagkvæmt þykir, að samþykkja framsækna aðferðafræði við töku trygginga, sem takmarkar líkurnar á sveiflumagnandi breytingum á tryggingarþekju, án þess að grafa undan viðnámsþoli miðlæga mótaðilans.

27) Stærra öryggisbil fyrir OTC-afleiður er venjulega réttlætanlegt þar sem verðlagning á þessum afurðum getur verið óáreiðanleg og söguleg gögn, sem beita má við mat á áhættu, eru færri. Miðlægir mótaðilar geta stöðustofnað OTC-afleiður sem hafa ekki þessi einkenni og hafa sömu áhættueiginleika og skráðar afleiður og þeir ættu að geta stöðustofnað slíkar afurðir með stöðugum hætti, án tillits til framkvæmdaraðferðar.

28) Viðeigandi skilgreining á óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum er mikilvægur þáttur áhættustýringar miðlægs mótaðila. Til að halda áhættustýringu miðlægs mótaðila uppfærðri ætti ekki líta á óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður sem óbreytanlegt hugtak, heldur aðstæður sem þróast yfir tíma og eru breytilegar þvert á markaði. Ein markaðssviðsmynd getur verið óvenjuleg en sennileg að því er varðar einn miðlægan mótaðila þótt hún skipti ekki miklu máli fyrir annan mótaðila. Miðlægur mótaðili ætti að koma á traustum innri stefnuramma til að greina markaðina þar sem hann er berskjaldaður fyrir áhættu og beita sameiginlegum lágmarksstöðlum til að skilgreina óvenjulegar en sennilegar aðstæður á hverjum skilgreindum markaði fyrir sig. Hann ætti einnig að taka til athugunar á hlutlægan hátt möguleikann á þrýstingi á mörgum mörkuðum samtímis.

29) Til að tryggja hentugt og traust fyrirkomulag stjórnarhátta ætti áhættunefndin að fjalla um og stjórnin að samþykkja rammann sem miðlægur mótaðili notar til að greina óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður. Þetta fyrirkomulag ætti að endurskoða a.m.k. árlega og áhættunefndin ætti að ræða niðurstöðurnar og koma þeim á framfæri við stjórnina. Endurskoðunin ætti að tryggja að breytingar á umfangi og samþjöppun á áhættuskuldbindingum miðlæga mótaðilans og þróun á mörkuðunum sem hann starfar á endurspeglist í skilgreiningunni á óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum. Slík endurskoðun ætti þó ekki að koma í stað samfellds mats miðlæga mótaðilans á því hvort vanskilasjóður hans sé fullnægjandi í ljósi þróunar á markaðsaðstæðum.

30) Til að tryggja skilvirka stýringu á lausafjáráhættu sinni ættu miðlægir mótaðilar að vera skyldugir til að koma á ramma um stýringu lausafjáráhættu. Ramminn ætti vera háður eðli skuldbindinga miðlæga mótaðilans og taka til úrræða sem miðlægur mótaðili getur beitt til að meta lausafjáráhættuna, ákvarðað lausafjárþrýsting sem gæti myndast og tryggt að lausafé hans sé fullnægjandi.

31) Við mat á því hvort lausafjárstaða miðlægs mótaðila sé fullnægjandi ætti þess að vera krafist að miðlægur mótaðili meti umfang og seljanleika fjármuna og mögulega samþjöppunaráhættu þessara eigna. Mikilvægt er að miðlægir mótaðilar geti greint alla helstu samþjöppun lausafjáráhættu eigin fjármagns þannig lausafé miðlæga mótaðilans er tiltækt án tafar þegar þörf krefur. Miðlægir mótaðilar ættu einnig að taka til athugunar aðra áhættu sem stafar af margþættum samböndum, víxltengslum og samþjöppun.

32) Þar sem lausafé þarf að vera auðveldlega aðgengilegt vegna viðskipta sama dags, eða jafnvel viðskipta innan dags, gæti miðlægur mótaðili notað reiðufé hjá seðlabanka sem er útgefandi, reiðufé hjá viðskiptabönkum sem hafa lánstraust, umsamdar lánalínur, umsamin endurhverf verðbréfakaup, auðseljanlegar markaðshæfar tryggingar í vörslu og fjárfestingar sem eru auðveldlegar aðgengilegar og breytanlegar í reiðufé fyrir tilstuðlan mjög trausts fjármögnunarfyrirkomulags sem samið hefur verið um, jafnvel við erfiðar markaðsaðstæður. Slíkt reiðufé og tryggingar ætti aðeins að telja sem hluta af seljanlegu fjármagni, sem áður hefur verið samið um, við tilteknar aðstæður.

33) Til að veita miðlægum mótaðila nauðsynlega hvatningu til að setja varfærnar kröfur og halda fjárhæðinni á viðunandi stigi á sama tíma og komist er hjá eftirlitshögnun er mikilvægt að kveða á um sameiginlega aðferðafræði til að reikna út og viðhalda tiltekinni fjárhæð sérstaks eigin fjár sem miðlægur mótaðili ætti að hafa til notkunar í forgangsröðun við greiðslu vanskila. Nauðsynlegt er að fjármagninu sem ætlað er að mæta vanskilum sé haldið aðgreindu og að það hafi annað hlutverk en að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé miðlæga mótaðilans, sem tekur til margs konar áhættu sem miðlægur mótaðili kann að vera berskjaldaður fyrir.

34) Mikilvægt er að miðlægir mótaðilar beiti samræmdum aðferðum til útreiknings á eigin fjármagni til notkunar í forgangsröðun á greiðslu vanskila, til að tryggja jafngild skilyrði milli miðlægra mótaðila. Ef miðlægum mótaðilum yrði leyft að beita að vild aðferðum sem ekki eru nægilega skýrar myndi það leiða til mjög mismunandi niðurstaðna meðal miðlægra mótaðila og stuðla þannig að eftirlitshögnun. Því er mikilvægt að miðlægir mótaðilar noti ekki slíkar aðferðir að vild. Í þessum tilgangi væri við hæfi að hafa einfalt hundraðshlutfall sem byggist á auðþekkjanlegri mælieiningu til að tryggja samræmdan útreikning á eigin fjármagni miðlæga mótaðila sem nota skal í forgangsröðun við greiðslu vanskila.

35) Setja ætti lágmarksviðmið til að tryggja að samþykktar tryggingar séu auðseljanlegar og unnt sé að breyta þeim í reiðufé fljótt og með lágmarksáhrifum á verð. Þessi viðmið ættu að varða útgefanda tryggingarinnar, að hvaða marki mögulegt er að selja hana á markaði og hvort virði hennar hafi fylgni við lánshæfi aðilans sem leggur fram tryggginguna til þess að vega á móti mögulegri fylgniáhættu. Miðlægur mótaðili ætti að hafa val um að beita viðbótarviðmiðum, ef nauðsyn krefur til að ná æskilegum stöðugleika.

36) Miðlægir mótaðilar ættu aðeins að samþykkja auðseljanlegar tryggingar sem bera lágmarks útlána- og markaðsáhættu. Til að tryggja að tryggingar í vörslu miðlægra mótaðila séu ávallt auðseljanlegar er nauðsynlegt að þeir komi á fót gagnsæjum og fyrirsjáanlegum stefnum og verklagi til að meta og hafa viðvarandi eftirlit með seljanleika eigna sem samþykktar eru sem tryggingar og beiti fullnægjandi matsaðferðum. Í þeim tilgangi ættu miðlægir mótaðilar einnig að setja mörk um samþjöppun sem miða að því að viðhalda nægilegum fjölbreytileika trygginga til að tryggja að unnt sé að selja þær fljótt án þess að markaðsáhætta hafi veruleg áhrif á virði þeirra. Við ákvörðun á stefnum sínum um hæfar tryggingar og samþjöppunarmörk ættu þeir að taka tillit til aðgengileika slíkra trygginga í heiminum í ljósi mögulegra þjóðhagslegra áhrifa af þessum stefnum.

37) Til að koma í veg fyrir fylgniáhættu ættu stöðustofnunaraðilum almennt ekki að vera heimilt að nota eigin verðbréf eða verðbréf útgefin af aðila innan eigin samstæðu sem tryggingu. Miðlægur mótaðili ætti þó að geta heimilað stöðustofnunaraðilum að setja fram sértryggð skuldabréf sem eru varin fyrir ógjaldfærni útgefandans. Undirliggjandi tryggingar ættu þó að vera nægilega aðskildar frá útgefandanum og fullnægja lágmarksviðmiðunum um tækileika trygginga. Stöðustofnunaraðili ætti ekki að gefa út fjármálagerninga í þeim megintilgangi að annar stöðustofnunaraðili geti notað þær sem tryggingu.

38) Til að tryggja öryggi miðlægra mótaðila ætti miðlægur mótaðili aðeins að samþykkja ábyrgð viðskiptabanka sem tryggingu eftir ítarlegt mat á útgefandanum og laga-, samnings- og rekstrarramma ábyrgðaryfirlýsingarinnar Forðast ætti óvarðar áhættuskuldbindingar miðlægra mótaðila gagnvart viðskiptabönkum. Því skal aðeins samþykkja ábyrgðir viðskiptabanka með ströngum skilyrðum. Þessi skilyrði eru almennt uppfyllt á mörkuðum sem einkennast af mikilli samþjöppun viðskiptabanka sem eru tilbúnir að veita lán til ófjárhagslegra stöðustofnunaraðila. Af þessum sökum ætti að leyfa hærra samþjöppunarmark í þessum tilvikum.

39) Til að takmarka markaðsáhættu miðlægs mótaðila ætti að krefjast þess að hann meti tryggingar sínar a.m.k. daglega. Hann ætti að beita varfærnu frádragi sem endurspeglar mögulega lækkun á virði tryggingarinnar á tímabilinu frá síðasta endurmati fram til tímans sem eðlilegt má telja að þær verði innleystar við erfiðar markaðsaðstæður. Umfang trygginga ætti einnig taka til greina mögulega fylgniáhættu.

40) Framkvæmd frádrags ætti að gera miðlæga mótaðilanum kleift að komast hjá því að þurfa að gera miklar og óvæntar breytingar á fjárhæð trygginga sem krafist er og þar með komast hjá sveiflumagnandi áhrifum að því marki sem mögulegt er.

41) Miðlægur mótaðili ætti ekki að þjappa tryggingum saman á takmarkaðan fjölda útgefenda eða takmarkaðan fjölda eigna til að komast hjá hugsanlega miklum neikvæðum áhrifum á verð ef um er að ræða innlausn á tryggingunum á skömmum tíma. Af þessum sökum ætti ekki að líta á samþjappaðar tryggingarstöður sem auðseljanlegar.

42) Taka ætti seljanleika-, útlána- og markaðsáhættu til athugunar á grundvelli eignasafns og einnig í tengslum við einstaka fjármálagerninga. Samþjappað eignasafn getur haft veruleg neikvæð áhrif á seljanleika tryggingana eða fjármálagerninganna, sem miðlægur mótaðili getur fjárfest í, vegna þess að sala á stórri stöðu við erfiðar markaðsaðstæður er líkast til ekki möguleg án þess að lækka markaðsverðið. Af sömu ástæðu ætti að hafa stöðugt eftirlit og verðmat á tryggingum í vörslu miðlæga mótaðilans til að tryggja að þær haldist seljanlegar.

43) Markaðir með orkuafleiður hafa sterk tengsl við stundarmarkaði með hrávörur og á þessum afleiðumörkuðum er hlutfall ófjárhagslegra stöðustofnunaraðila hátt. Á þessum mörkuðum er verulegur fjöldi markaðsaðila einnig framleiðendur undirliggjandi hrávöru. Aðgangur að nægum tryggingum til að ábyrgðir viðskiptabanka séu tryggðar til fulls kann að útheimta að ófjárhagslegir stöðustofnunaraðilar losi verulegan hluta af núverandi stöðum sínum eða koma í veg fyrir að þeir haldi áfram að stöðustofna stöður sínar sem beinn stöðustofnunaraðili miðlægs mótaðila. Það ferli gæti valdið röskun á orkumörkuðum með tilliti til seljanleika og fjölbreytileika markaðsaðila. Því ætti að fresta beitingu þess samkvæmt ákveðnum tímaramma.

44) Til að tryggja samræmda beitingu rammans, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ætti að gera sambærilegar kröfur til allra geira í endanlegri útgáfu reglna sem gilda um þá. Orkufyrirtæki starfa nú samkvæmt viðteknum ramma sem þarf tíma til að aðlaga að nýju kröfunum sem settar eru til að komast hjá skaðlegum áhrifum á raunhagkerfið. Af þeim sökum þykir rétt að ákvarða framkvæmdardag fyrir þessar tegundir markaða sem gerir umskipti úr núverandi venju á markaði möguleg án þess að hafa óþarfa áhrif á gerð markaðar og seljanleika.

45) Í fjárfestingarstefnu miðlægs mótaðila ætti að setja í forgang að vernda eigið fé og hámarka seljanleika. Fjárfestingarstefnan ætti einnig að tryggja að engir hagsmunaárekstrar verði við viðskiptahagsmuni miðlæga mótaðilans.

46) Viðmiðin sem fjármálagerningar ættu að uppfylla til að teljast hæfar fjárfestingar fyrir miðlæga mótaðilann ættu að taka mið af 16. meginreglu meginreglna greiðslu- og uppgjörsnefndarinnar og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði — til að tryggja alþjóðlegt samræmi. Einkum ætti að krefjast þess að miðlægur mótaðili noti takmarkandi staðla varðandi útgefanda fjármálagerningsins, framsalshæfi fjármálagerningsins og útlánaáhættu, markaðsáhættu, flökt og gjaldeyrisáhættu fjármálagerningsins. Miðlægur mótaðili ætti að tryggja að hann grafi ekki undan ráðstöfunum sem gerðar eru til að takmarka áhættu eigin fjárfestinga sem kemur til vegna of mikillar áhættu gagnvart einstökum fjármálagerningi, tegund fjármálagernings, einstökum útgefanda eða einstökum vörsluaðila.

47) Notkun miðlægs mótaðila á afleiðum eykur á útlána- og markaðsáhættu hans og því er nauðsynlegt að skilgreina takmarkaðar aðstæður þar sem miðlægur mótaðili getur fjárfest fjármagn sitt í afleiðum. Að því gefnu að markmið miðlægs mótaðila ætti að vera að hafa hlutlausa stöðu að því er varðar markaðsáhættu ætti miðlægur mótaðili aðeins að þurfa að áhættuverja gegn áhættu í tengslum við tryggingar sem hann samþykkir eða áhættu af völdum vanskila stöðustofnunaraðila. Mögulegt er að stýra með fullnægjandi hætti áhættu sem stafar af tryggingunum sem miðlægur mótaðili samþykkir með því að beita frádragi og ekki er talið nauðsynlegt fyrir miðlægan mótaðila að nota afleiður hvað þetta varðar. Miðlægur mótaðili ætti aðeins að nota afleiður til að stýra lausafjáráhættu í tengslum við áhættu gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og í þeim tilgangi að áhættuverja eignasafnið fyrir stöðustofnunaraðila í vanskilum og aðeins ef vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila gera ráð fyrir slíkri notkun.

48) Til að tryggja öryggi miðlægra mótaðila ætti þeim einungis að vera heimilt að geyma lágmarkshlutfall af reiðufé sínu í ótryggðum innlánum. Til að tryggja reiðufé sitt ættu miðlægir mótaðilar ávallt að tryggja að þeir hafi fullnægjandi vernd gegn lausafjáráhættu.

49) Nauðsynlegt er að setja fram strangar kröfur um álagspróf og afturvirkt próf til að tryggja að líkön miðlægra mótaðila, aðferðir þeirra og ramma um stýringu lausafjáráhættu virki á tilhlýðilegan hátt, með tilliti til allrar þeirrar áhættu sem miðlægur mótaðili stendur frammi fyrir, svo að miðlægi mótaðilinn hafi ávallt nægt fjármagn til að mæta þeirri áhættu.

50) Til að tryggja samræmda beitingu krafna til miðlægra mótaðila er nauðsynlegt að setja ítarleg ákvæði að því er tekur til tegunda prófana sem skal framkvæma, þ.m.t. bæði álagspróf og afturvirk próf. Til að taka mið af ýmiss konar verðbréfa- og afleiðusamningum sem þarf að stöðustofna í framtíðinni, endurspegla mismunandi nálgun á viðskipta- og áhættustýringu miðlægra mótaðila, gera ráð fyrir framtíðarþróun og nýrri áhættu sem þarf að bregðast við og gera ráð fyrir nægilegum sveigjanleika, er nauðsynlegt að beita nálgun sem byggist á viðmiðum.

51) Við sannreyningu á líkönum miðlægra mótaðila, aðferðum þeirra og rammanum um stýringu lausafjáráhættu er mikilvægt að hafa viðeigandi óháðan aðila svo að unnt sé að finna og framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta áður en til framkvæmdar kemur og til að komast hjá hvers konar verulegum hagsmunaárekstrum. Óháði aðilinn skal vera nægilega aðskilinn frá þeim hluta starfsemi miðlæga mótaðilans sem þróar, framkvæmir og kemur til með að starfrækja líkanið eða stefnurnar sem verið er að endurskoða og ætti ekki að eiga verulegra hagsmuna að gæta. Þessi skilyrði gætu verið uppfyllt annaðhvort af innri aðila, sem hefur aðgreindar stjórnunarlínur, eða af utanaðkomandi aðila.

52) Ýmsir þættir fjármagns miðlægs mótaðila, einkum tryggingarþekja, vanskilasjóðir og annað fjármagn, eru til þess ætlaðir að ná yfir mismunandi aðstæður og markmið. Því er nauðsynlegt að kveða á um sértækar kröfur til að endurspegla þessi markmið og til að tryggja samræmda beitingu þvert á miðlæga mótaðila. Við mat á nauðsynlegri þekju ætti miðlægi mótaðilinn ekki að jafna út áhættu milli stöðustofnunaraðila í vanskilum, til að komast hjá því að draga úr mögulegum áhrifum sem viðkomandi áhætta gæti haft.

53) Mismunandi tegundir fjármálagerninga sem miðlægur mótaðili kann að stöðustofna geta mætt ýmiss konar sértækri áhættu. Því ætti að krefjast þess að miðlægur mótaðili skoði alla áhættu sem skiptir máli fyrir þá markaði þar sem hann veitir stöðustofnunarþjónustu, í líkönum, aðferðum og ramma sínum um stýringu lausafjáráhættu til að tryggja að hann meti með fullnægjandi hætti framtíðaráhættu sína. Til að unnt sé að taka slíka áhættu til athugunar með fullnægjandi hætti ættu kröfur um álagsprófun að fela í sér sértæka áhættu í tengslum við gerninga að því er varðar mismunandi tegundir fjármálagerninga.

54) Til að miðlægur mótaðili tryggi að líkanið sem hann notar til að reikna út upphafstryggingar endurspegli með fullnægjandi hætti mögulegar áhættuskuldbindingar hans, til viðbótar við daglega afturvirka prófun á tryggingarþekju hans, þar sem skoðað er hvort krafist sé nægra trygginga, ætti hann einnig að prófa afturvirkt helstu breytur og forsendur líkansins. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að líkön miðlægra mótaðila reikni út upphafstryggingar með nákvæmum hætti.

55) Nákvæm næmnigreining á kröfum um tryggingarþekju kann að verða ennþá mikilvægari ef seljanleiki á mörkuðum er lítill eða flökt mikið og ætti að nota hana til að ákvarða áhrif ýmissa mikilvægra breyta í líkaninu. Næmnigreining er skilvirkt tæki til að rannsaka falda annmarka sem ekki er mögulegt að greina með afturvirkum prófum.

56) Ef ekki eru framkvæmd reglulega álagspróf eða afturvirk próf gæti það leitt til þess að fjármagn og lausafé miðlægs mótaðila nægi ekki til að verjast raunverulegri áhættu sem hann stendur frammi fyrir. Viðeigandi próf gera einnig líkönum miðlægs mótaðila, aðferðum hans og ramma vegna stýringar lausafjáráhættu kleift að bregðast skjótt við breytingum á mörkuðum og nýrri áhættu. Því ættu miðlægir mótaðilar að vera fljótir til að nota niðurstöður úr prófum til að endurskoða líkön sín, aðferðir og ramma vegna stýringar lausafjáráhættu.

57) Smíði líkana sem herma eftir óvenjulegum markaðsaðstæðum getur hjálpað miðlægum mótaðila að greina takmarkanir fyrirliggjandi líkana sinna, rammans vegna stýringar lausafjáráhættu og fjármagns og lausafjárstöðu. Það krefst þó að miðlægi mótaðilinn noti mat sitt við þegar smíðað er líkan fyrir mismunandi markaði og afurðir. Öfugt álagspróf ætti að teljast gagnlegt stjórntæki, þrátt fyrir að vera ekki meginstjórntækið, til að ákvarða viðeigandi stig fjármagns.

58) Þátttaka stöðustofnunaraðila, viðskiptavina og annarra viðkomandi hagsmunaaðila í prófun á vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila, með notkun hermunaræfinga, er mikilvæg til að tryggja að þeir hafi skilning og starfshæfni til að takast með árangursríkum hætti á við aðstæður þegar stýra þarf vanskilum. Hermunaræfingar ættu að líkja eftir aðstæðum ef til vanskila kemur til að sýna fram á hlutverk og ábyrgð stöðustofnunaraðila, viðskiptavina og annarra viðkomandi hagsmunaaðila. Auk þess er mikilvægt að miðlægur mótaðili hafi viðeigandi kerfi sem gera honum kleift að ganga úr skugga um hvort þörf sé á aðgerðum til úrbóta og til að greina ónákvæmni eða ósveigjanleika í reglunum eða verkferlunum. Prófun á vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila er sérstaklega mikilvæg ef hann treystir á stöðustofnunaraðila sem eru ekki í vanskilum eða þriðju aðila til að aðstoða við lokun staðna og ef vanskilaferlið hefur aldrei verið prófað með raunverulegum vanskilum.

59) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

60) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafði samráð við, eftir því sem við á, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópska kerfisáhætturáðið og aðila að seðlabankakerfi Evrópu áður en tæknilegu framkvæmdastaðlarnir, sem þessi reglugerð byggist á, voru lögð fram. Í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([1]) hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „grunnáhætta“: áhætta sem leiðir af hreyfingum sem fela í sér ófullkomna fylgni milli tveggja eða fleiri eigna eða samninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar,

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

2) „öryggisbil“: hundraðshlutfall hreyfinga á áhættuskuldbindingum fyrir hvern fjármálagerning sem er stöðustofnaður út frá tilteknu afturskyggnu tímabili sem miðlægum mótaðila ber að tryggja á tilteknu innlausnartímabili,

3) „ávöxtun vegna tiltækileika (e. *convenience yield*)“: ávinningur af beinu eignarhaldi á efnislegri hrávöru, sem markaðsaðstæður og þættir svo sem geymslukostnaður hafa áhrif á,

4) „tryggingar“: tryggingar eins og um getur í 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem geta falið í sér upphafstryggingar og viðbótartryggingar,

5) „upphafstrygging“: trygging sem miðlægi mótaðilinn innheimtir vegna mögulegrar framtíðaráhættu sem stafar af stöðustofnunaraðilum sem leggja fram tryggingunga og, ef við á, rekstrarsamhæfðum miðlægum mótaðilum á tímabilinu milli síðustu tryggingatöku og innlausnar á stöðum í kjölfar vanskila stöðustofnunaraðila eða vanskila rekstrarsamhæfðs miðlægs mótaðila,

6) „viðbótartrygging“: tryggingar sem eru innheimtar eða greiddar út til að endurspegla núverandi áhættu sem leiðir af raunbreytingum á markaðsvirði,

7) „áhætta vegna skyndilegra vanskila“: hættan á skyndilegum vanefndum mótaðila eða útgefanda áður en markaðurinn hefur haft tíma til að taka mið af aukinni vanskilaáhættu hans,

8) „innlausnartímabil“: tímabilið sem notað er til útreiknings á tryggingum sem miðlægi mótaðilinn telur nauðsynlegar til að stýra áhættuskuldbindingum sínum vegna aðila í vanskilum og þegar miðlægi mótaðilinn er berskjaldaður fyrir markaðsáhættu í tengslum við stýringu á stöðum vanskilaaðilans,

9) „afturskyggnt tímabil“: tímabilið til útreiknings á sögulegu flökti,

10) „prófunarfrávik“: niðurstaða prófs sem sýnir að líkan miðlægs mótaðila eða rammi hans um stýringu lausafjáráhættu leiddi ekki til fyrirhugaðrar tryggingarþekju,

11) „fylgniáhætta“: áhættan sem fylgir því að vera útsettur fyrir mótaðila eða útgefanda þegar tryggingarnar sem sá mótaðili veitir eða sá útgefandi gefur út hafa mikla fylgni við greiðslufallsáhættu viðkomandi.

II. KAFLI

VIÐURKENNING Á MIÐLÆGUM MÓTAÐILUM Í ÞRIÐJA LANDI

(Ákvæði 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

2. gr.

Upplýsingar sem skal veita Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni vegna viðurkenningar á miðlægum mótaðila

Umsókn um viðurkenningu sem miðlægur mótaðili með staðfestu í þriðja landi leggur fram skal hafa að geyma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) fullt nafn lögaðilans,

b) deili á hluthöfum eða félagsmönnum sem eiga virkan eignarhlut,

c) skrá yfir aðildarríki þar sem umsækjandi hyggst veita þjónustu,

d) flokka stöðustofnaðra fjármálagerninga,

e) upplýsingar sem skulu vera á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við e-lið 1. mgr. 88. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

f) upplýsingar um fjármagn hans, form þess og aðferðir til að viðhalda því og fyrirkomulag til að tryggja það, þ.m.t. vanskilastýringarferli,

g) upplýsingar um aðferðir í tengslum við tryggingar og um útreikning á vanskilasjóðnum,

h) lista yfir hæfar tryggingar,

i) sundurliðun á verðgildum, samkvæmt framtíðarvæntingum ef þess þarf, sem miðlægi mótaðilinn sem sækir um stöðustofnar, eftir hverjum gjaldmiðli Sambandsins sem er stöðustofnaður,

j) niðurstöður álagsprófa og afturvirkra prófa sem gerð voru á árinu á undan umsóknardeginum,

k) reglur hans og innra verklag þar sem sýnt er fram á að farið sé að fullu að gildandi kröfum í viðkomandi þriðja landi,

l) upplýsingar um allt útvistunarfyrirkomulag,

m) upplýsingar um aðgreiningu og viðkomandi lagalegan traustleika og framfylgjanleika,

n) upplýsingar um aðgangskröfur miðlæga mótaðilans og skilmála um tímabundna sviptingu og uppsögn aðildar,

o) upplýsingar um fyrirkomulag rekstrarsamhæfis, ef eitthvað er, þ.m.t. upplýsingar sem veittar eru lögbærum yfirvöldum þriðja lands í þeim tilgangi að meta fyrirkomulagið.

III. KAFLI

SKIPULAGSKRÖFUR

(Ákvæði 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

3. gr.

Fyrirkomulag stjórnarhátta

1. Helstu þættir fyrirkomulags stjórnarhátta miðlæga mótaðilans sem skilgreina stjórnskipulag hans og skýrt tilgreindar og vandlega skrásettar stefnur, verklagsreglur og ferla sem stjórn hans og framkvæmdastjórn starfa eftir skulu fela í sér eftirfarandi:

a) samsetningu, hlutverk og ábyrgð stjórnar og allra stjórnarnefnda,

b) hlutverk og ábyrgð stjórnenda,

c) skipulag framkvæmdastjórnar,

d) stjórnunarlínur milli framkvæmdastjórnar og stjórnar,

e) reglur um skipan stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar,

f) fyrirkomulag áhættustýringar, regluvörslu og innra eftirlits,

g) ferla til að tryggja fyrirsvarsábyrgð gagnvart hluthöfum.

2. Miðlægur mótaðili skal hafa fullnægjandi starfslið til að uppfylla allar skyldur sem leiða af þessari reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Miðlægur mótaðili skal ekki deila starfsfólki sínu með öðrum einingum samstæðunnar nema samkvæmt skilmálum útvistunarsamnings í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Miðlægur mótaðili skal koma á ábyrgðarlínum sem eru skýrar, samræmdar og vandlega skrásettar. Miðlægur mótaðili skal tryggja að mismunandi einstaklingar gegni hlutverki áhættustjóra, regluvarðar og æðsta tæknistjóra, þeir séu starfsfólk miðlæga mótaðilans og að eingöngu þeim hafi verið falin sú ábyrgð að gegna þessum störfum.

4. Miðlægur mótaðili sem er hluti af samstæðu skal taka tillit til áhrifa samstæðunnar á eigið fyrirkomulag stjórnarhátta, þ.m.t. hvort hann sé nægilega óháður til að uppfylla lögbundnar skyldur sínar sem sérstakur lögaðili og hvort óháði hans kunni að vera ógnað vegna skipulags samstæðunnar eða vegna þess að stjórnarmaður er einnig í stjórn annars aðila innan sömu samstæðu. Slíkur miðlægur mótaðili skal einkum hug að sértækum starfsreglum til að koma í veg fyrir og stýra hagsmunaárekstrum, þ.m.t. í tengslum við útvistunarfyrirkomulag.

5. Sé stjórn miðlægs mótaðila tvískipt skal fela eftirlitsstjórn og stjórn það hlutverk og ábyrgð stjórnar sem greinir í þessari reglugerð og í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, eins og við á.

6. Áhættustýringarstefnur, -reglur, -kerfi og -stjórntæki skulu vera hluti af samfelldum og samræmdum stjórnunarramma sem er endurskoðaður og uppfærður reglulega.

4. gr.

Áhættustýring og innra eftirlit

1. Miðlægur mótaðili skal hafa traustan ramma um heildarstýringu allrar verulegrar áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða kann að standa frammi fyrir. Miðlægur mótaðili skal setja skjalfestar stefnur og koma á skjalfestum ferlum og kerfum til greiningar, mats, eftirlits með og stýringar á slíkri áhættu. Þegar miðlægur mótaðili setur áhættustýringarstefnur og kemur á áhættustýringarferlum og -kerfum skal hann haga uppbyggingu þeirra með hætti sem tryggir að stöðustofnunaraðilar stýri með tilhlýðilegum hætti og hafi hemil á þeirri áhættu sem miðlæga mótaðilanum stafar af þeim.

2. Miðlægur mótaðili skal hafa samþætta heildarsýn á alla áhættu sem varðar hann. Þar á meðal skal vera áhætta sem hann ber vegna og sem hann veldur stöðustofnunaraðilum sínum og, að því marki sem unnt er, viðskiptavinum sínum auk áhættu sem hann ber vegna eða veldur öðrum aðilum, s.s., en ekki einvörðungu, rekstrarsamhæfðum miðlægum mótaðilum, uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslukerfum, uppgjörsbönkum, viðskiptavökum (e. *liquidity providers*), verðbréfamiðstöðvum, viðskiptavettvöngum sem miðlægi mótaðilinn veitir þjónustu og öðrum mikilvægum þjónustuveitendum.

3. Miðlægur mótaðili skal þróa viðeigandi áhættustýringartæki til að vera í stöðu til að stýra og tilkynna um alla áhættu sem skiptir máli. Þar á meðal skal vera greining og stýring á vixltengslum kerfa, markaða og öðrum vixltengslum. Veiti miðlægur mótaðili þjónustu í tengslum við stöðustofnun sem hefur annað áhættusnið en starfsemi hans og veldur honum mögulega verulegri viðbótaráhættu skal miðlægi mótaðilinn stýra þessari viðbótaráhættu með fullnægjandi hætti. Þetta gæti m.a. falist í lagalegum aðskilnaði viðbótarþjónustunnar sem miðlægi mótaðilinn veitir frá grunnstarfsemi hans.

4. Stjórnarhættir skulu tryggja að félagsstjórn miðlægs mótaðila taki endanlega ábyrgð á áhættustýringu hans. Stjórnin skal skilgreina, ákvarða og skjalfesta viðeigandi áhættuþol (e. *risk tolerance*) miðlæga mótaðilans og fjárhagslega getu hans til að taka áhættu (e. *risk-bearing capacity*). Stjórnin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að stefnur, verklagsreglur og eftirlit miðlæga mótaðilans séu í samræmi við áhættuþol hans og fjárhagslega getu hans til að taka áhættu og taki til þess með hvaða hætti miðlægi mótaðilinn greinir, tilkynnir, hefur eftirlit með og stýrir áhættu.

5. Miðlægur mótaðili skal beita traustum upplýsinga- og áhættustýringarkerfum til að gera sér og, eftir því sem við á, stöðustofnunaraðilum sínum og, ef unnt er, viðskiptavinum kleift að fá tímanlegar upplýsingar og að beita áhættustýringar-stefnum og -reglum með viðeigandi hætti. Þessi kerfi skulu a.m.k. tryggja stöðugt eftirlit með greiðslufallsáhættu og seljanleikaáhættu bæði hjá miðlæga mótaðilanum og stöðustofnunaraðilanum og, að því marki sem unnt er, hjá viðskiptavininum.

6. Miðlægur mótaðili skal tryggja að áhættustýringareining sín hafi nauðsynlegar valdheimildir, úrræði, sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli og að hún sé nægilega óháð annarri starfsemi miðlæga mótaðilans. Áhættustjóri miðlæga mótaðilans skal sjá um framkvæmd áhættustýringarrammans, þ.m.t. stefna og verklagsreglna sem stjórnin setur.

7. Miðlægur mótaðili skal hafa fullnægjandi kerfi til innra eftirlits til að aðstoða stjórnina við eftirlit með og mat á því hvort áhættustýringarstefnur, -reglur og -kerfi hans séu fullnægjandi og skilvirk. Slík kerfi skulu fela í sér traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, trausta regluvörslu og óháða innri endurskoðun og staðfestingar eða úttektir.

8. Reikningsskil miðlægs mótaðila skulu gerð á ársgrundvelli og endurskoðuð af löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([1]).

5. gr.

Stefna og verklagsreglur um hlítingu

1. Miðlægur mótaðili skal setja hrinda í framkvæmd og viðhalda viðeigandi stefnum og verklagsreglum sem er ætlað að greina hvers konar hættu á því að miðlægi mótaðilinn og starfsfólk hans uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framkvæmdar-reglugerð (ESB) nr. 1249/2012, og tengda áhættu, og gera viðeigandi ráðstafanir og koma á fót ferlum sem eru til þess ætlaðir að lágmarka slíka áhættu og gera lögbærum yfirvöldum kleift að beita heimildum sínum á skilvirkan hátt samkvæmt þessum reglugerðum.

2. Miðlægur mótaðili skal tryggja að reglur hans, ferlar og samningsbundið fyrirkomulag séu skýr og ítarleg og tryggi að farið sé að þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 648/2012, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1249/2012 og öðrum gildandi kröfum samkvæmt reglum og eftirlitskröfum.

Reglur, ferlar og samningsbundið fyrirkomulag miðlæga mótaðilans skulu skráð skriflega eða á öðrum varanlegum miðli. Þessar reglur, ferlar og samningsbundið fyrirkomulag, svo og allt fylgiefni, skulu vera rétt, uppfærð og aðgengileg lögbærum yfirvöldum, stöðustofnunaraðilum og, eftir því sem við á, viðskiptavinum.

Miðlægur mótaðili skal ákvarða og greina traustleika reglna, ferla og samningsbundins fyrirkomulags miðlæga mótaðilans. Ef nauðsyn krefur skal leita eftir óháðu lögfræðiáliti í þágu þessarar greiningar. Miðlægi mótaðilinn skal hafa ferli til að leggja til og hrinda í framkvæmd breytingum á reglum sínum og ferlum, hafa samráð við alla hlutaðeigandi stöðu-stofnunaraðila og leggja tillögurnar um áformaðar breytingar fyrir lögbæra yfirvaldið áður en gerðar eru verulegar breytingar.

3. Þróun miðlægs mótaðila á reglum sínum, ferlum og samningsbundnu fyrirkomulagi skal taka mið af viðeigandi meginreglum um eftirlit, fyrirliggjandi viðmiðum í atvinnu-greininni og markaðsvenjum og tilgreina með skýrum hætti þegar slíkar venjur hafa verið felldar inn í skjölin sem gilda um réttindi og skyldur miðlæga mótaðilans, stöðustofnunaraðila hans og annarra viðkomandi þriðju aðila.

4. Miðlægur mótaðili skal ákvarða og greina möguleg álitamál er varða lagaskil og þróa reglur og ferla til að draga úr lagalegri áhættu sem leiðir af slíkum vandamálum. Ef nauðsyn krefur skal miðlægi mótaðilinn óska eftir óháðu lögfræðiáliti til slíkrar greiningar.

Í reglum og verklagsreglum miðlægs mótaðila skal skýrt tekið fram hvaða lögum er ætlað að gilda um hvern þátt í starfsemi hans.

6. gr.

Regluvarsla

1. Miðlægur mótaðili skal koma á fót og viðhalda varanlegri og skilvirkri regluvörslueiningu sem starfar óháð annarri starfsemi miðlæga mótaðilans. Hann skal tryggja að regluvörslueiningin hafi nauðsynlegar valdheimildir, úrræði, sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli.

Þegar hann er að koma regluvörslueiningunni á fót skal miðlægi mótaðilinn taka tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs rekstrar síns, sem og eðlis og umfangs þjónustunnar og starfseminnar sem er stunduð sem hluti af þessum rekstri.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

2. Regluvörður skal hafa a.m.k. eftirfarandi með höndum:

a) að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana sem gerðar eru í samræmi við 4. mgr. 5. gr. og aðgerða sem gripið er til ef á skortir að miðlægur mótaðili standi við skuldbindingar sínar,

b) að hafa umsjón með stefnum og verklagsreglum um hlítingu sem framkvæmdastjórn og stjórn hafa sett,

c) að veita þeim aðilum sem sjá um þjónustu og starfsemi miðlæga mótaðilans ráð um og aðstoð við að uppfylla skuldbindingar miðlæga mótaðilans samkvæmt þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1249/2012 og öðrum kröfum samkvæmt reglum, eftir atvikum,

d) að veita stjórninni reglulega upplýsingar um hlítingu miðlæga mótaðilans og starfsfólks hans við þessa reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1249/2012,

e) að koma á ferlum til skilvirkra úrbóta á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum,

f) að tryggja að einstaklingar sem koma að regluvörslu taki ekki þátt í að veita þjónustu eða í starfsemi sem þeir hafa eftirlit með og að allir hagsmunaárekstrar slíkra einstaklinga séu greindir og komið sé í veg fyrir þá á tilhlýðilegan hátt.

7. gr.

Stjórnskipulag og aðgreining stjórnunarlína

1. Miðlægur mótaðili skal skilgreina samsetningu, hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar og allra stjórnarnefnda. Þetta fyrirkomulag skal vera skilgreint með skýrum hætti og vandlega skrásett. Stjórnin skal a.m.k. koma á fót endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Áhættunefnd sem komið er á fót í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal vera ráðgjafarnefnd fyrir stjórnina.

2. Stjórnin skal a.m.k. hafa eftirfarandi starfsskyldur:

a) að setja skýr markmið og gera skýrar áætlanir fyrir miðlæga mótaðilann,

b) skilvirkt eftirlit með framkvæmdastjórn,

c) að setja viðeigandi starfskjarastefnu,

d) að koma á fót og hafa eftirlit með áhættustýringu,

e) eftirlit með regluvörslu og innra eftirliti,

f) eftirlit með útvistun,

g) eftirlit með því að farið sé að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar, reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1249/2012 og öllum öðrum kröfum samkvæmt reglum og kröfum eftirlitsaðila,

h) fyrirsvarsábyrgð (e. *accountability*) gagnvart hluthöfum eða eigendum og starfsfólki, stöðustofnunaraðilum og viðskiptavinum þeirra og öðrum hlutaðeigandi hagsmunaaðilum,

3. Framkvæmdastjórn skal a.m.k. hafa eftirfarandi starfsskyldur:

a) að tryggja að starfsemi miðlæga mótaðilans samræmist markmiðum og áætlunum hans eins og þau eru ákvörðuð af stjórninni,

b) að semja og setja verklagsreglur um hlítingu og innra eftirlit sem stuðla að markmiðum miðlæga mótaðilans,

c) að setja innri eftirlitsferli í reglulega endurskoðun og prófun,

d) að tryggja að fullnægjandi fjármunum og mannafla sé varið til áhættustýringar og regluvörslu,

e) að taka virkan þátt í áhættustýringarferlinu,

f) að tryggja að tekið sé á áhættu sem steðjar að miðlæga mótaðilanum vegna stöðustofnunar og starfsemi hans í tengslum við stöðustofnun, á tilhlýðilegan hátt.

4. Ef stjórnin felur nefndum eða undirnefndum verkefni skal hún halda samþykkisvaldi yfir ákvörðunum sem gætu haft veruleg áhrif á áhættusnið miðlæga mótaðilans.

5. Fyrirkomulagið sem stjórnin og framkvæmdastjórnin starfa samkvæmt skal fela í sér ferli til að greina, bregðast við og stýra mögulegum hagsmunaárekstrum stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar.

6. Miðlægur mótaðili skal hafa skýrar og beinar stjórnunarlínur milli stjórnar sinnar og framkvæmdastjórnar til að tryggja að framkvæmdastjórnin beri ábyrgð á starfsemi hans. Stjórnunarlínur í tengslum við áhættustýringu, hlítingu og innri endurskoðun skulu vera skýrar og aðgreindar frá annarri starfsemi miðlæga mótaðilans. Áhættustjóri heyrir undir stjórnina, annaðhvort beint eða gegnum formann áhættunefndar. Regluvörður og innri endurskoðun heyra beint undir stjórnina.

8. gr.

Starfskjarastefna

1. Starfskjaranefnd skal móta starfskjarastefnu og þróa hana áfram, hafa umsjón með framkvæmd framkvæmdastjórnar á stefnunni og endurskoða reglulega beitingu hennar í reynd. Stefnan sjálf skal skráð og endurskoðuð a.m.k. árlega.

2. Starfskjarastefnan skal miða að því að tryggja að fjárhæðir og uppbygging launa samræmist varfærni í áhættustýringu. Í stefnunni skal tekið tillit til hugsanlegrar framtíðaráhættu og núverandi áhættu auk afleiðinga af áhættu. Við tímasetningu útgreiðslna skal taka tillit til tímabila áhættu. Einkum ef um er að ræða breytileg laun skal starfskjarastefnan taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegs misræmis milli afkomu og áhættutímabila og tryggja að greiðslum sé frestað eftir því sem við á. Fastir og breytilegir þættir heildarstarfskjara skulu vera í jafnvægi og samkvæmir áhættusamræmingu (e. *risk alignment*).

3. Starfskjarastefnan skal kveða á um að kjör starfsfólks í áhættustýringu, regluvörslu og innri endurskoðun séu óháð afkomu miðlæga mótaðilans. Starfskjör skulu vera fullnægjandi með tilliti til ábyrgðar og í samanburði við starfskjör í viðkomandi atvinnugreinum.

4. Árlega skal fara fram óháð úttekt á starfskjarastefnunni. Niðurstöður þessara úttekta skulu gerðar aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu.

9. gr.

Upplýsingatæknikerfi

1. Miðlægur mótaðili skal tryggja að upplýsingatæknikerfi sín séu áreiðanleg og örugg og að þau geti unnið úr þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hann geti rekið starfsemi sína á öruggan og skilvirkan hátt.

Högun (e. *architecture*) upplýsingatæknninnar skal vera vandlega skrásett. Kerfin skulu hönnuð til að mæta rekstrarlegum þörfum miðlæga mótaðilans og áhættunni sem hann stendur frammi fyrir, vera þolin, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður, og vera skalanleg, ef þörf er á til að vinna úr viðbótarupplýsingum. Miðlægi mótaðilinn skal setja verklagsreglur og gera áætlun um afkastagetu og næga aukaafkastagetu til að gera kerfinu kleift að afgreiða öll eftirstandandi viðskipti fyrir lok dags við aðstæður þar sem veruleg röskun á sér stað. Miðlægi mótaðilinn skal setja verklagsreglur um innleiðingu nýrrar tækni, þ.m.t. skýrar áætlanir um afturhvarf (e. *reversion*).

2. Til að tryggja hátt öryggisstig upplýsingavinnslu og gera tengingar kleifar við stöðustofnunaraðila sína og viðskiptavini sem og þjónustuveitendur skal miðlægur mótaðili byggja upplýsingatæknikerfi sín á alþjóðlega viðurkenndum tæknistöðlum og bestu venjum í atvinnugreininni. Hann skal beita ströngum prófunum á kerfi sín með því að herma eftir álagsaðstæðum fyrir fyrstu notkun, eftir verulegar breytingar og eftir verulegar raskanir. Stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir, rekstrarsamhæfðir miðlægir mótaðilar og aðrir hagsmunaaðilar skulu taka þátt, eftir því sem við á, í skipulagningu og framkvæmd prófananna.

3. Miðlægur mótaðili skal hafa traustan upplýsingaöryggisramma til að stýra með fullnægjandi hætti áhættu sinni í tengslum við upplýsingaöryggi. Ramminn skal fela í sér viðeigandi kerfi, stefnur og verklagsreglur til að vernda upplýsingar gegn birtingu án heimildar, tryggja áreiðanlega og heilleika gagna og aðgengileika þjónustu miðlæga mótaðilans.

4. Upplýsingaöryggisramminn skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) aðgangsstýringar að kerfinu,

b) fullnægjandi verndarráðstafanir gegn innbrotum og gagnamisnotkun,

c) sérstök tæki til að vernda áreiðanleika og heilleika gagna, þ.m.t. dulkóðunaraðferðir,

d) áreiðanleg netkerfi og aðferðir fyrir nákvæma og tafarlausa gagnasendingu án verulegrar röskunar,

e) gagnaferla (e. *audit trails*).

5. Endurskoða skal upplýsingatæknikerfin og upplýsingaöryggisrammann a.m.k. árlega. Þau skulu lúta óháðum úttektum. Niðurstöður slíkra úttekta skulu tilkynntar stjórninni og gerðar aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu.

10. gr.

Upplýsingagjöf

1. Miðlægur mótaðili skal gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar almenningi, án endurgjalds:

a) upplýsingar um stjórnarhætti sína, þ.m.t. eftirfarandi:

   i. stjórnskipulag sitt og helstu markmið og áætlanir,

   ii. helstu þætti starfskjarastefnu,

   iii. helstu fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. nýjustu endurskoðuðu reikningsskil sín,

b) upplýsingar um reglur sínar, þ.m.t. eftirfarandi:

   i. vanskilastýringarferli, verklagsreglur og viðbótartexta,

ii. viðeigandi upplýsingar um rekstrarsamfellu,

iii. upplýsingar um kerfi, aðferðir og frammistöðu miðlæga mótaðilans á sviði áhættustýringar í samræmi við XII. kafla,

iv. allar viðeigandi upplýsingar um skipulag og starfsemi sína og um réttindi og skyldur stöðustofnunaraðila og viðskiptavina, sem nauðsynlegar eru til að gera þeim kleift að greina með skýrum hætti og skilja til fulls áhættu og kostnað sem tengist því að nota þjónustu miðlæga mótaðilans,

v. núverandi stöðustofnunarþjónustu miðlæga mótaðilans, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hvað felst í hverri þjónustu fyrir sig,

vi. kerfi, aðferðir og frammistöðu miðlæga mótaðilans á sviði áhættustýringar, þ.m.t. upplýsingar um fjármagn, fjárfestingarstefnu, gagnalindir um verð og líkön sem notuð eru til að reikna út tryggingar,

vii. lög og reglur sem gilda um:

1) aðgang að miðlæga mótaðilanum,

2) samninga sem miðlægi mótaðilinn gerir við stöðustofnunaraðila og, ef mögulegt er, við viðskiptavini,

3) samninga sem miðlægi mótaðilinn samþykkir að stöðustofna,

4) fyrirkomulag rekstrarsamhæfis,

5) notkun trygginga og framlaga í vanskilasjóð, þ.m.t. innlausn staðna og trygginga og að hvaða marki tryggingar eru varðar gegn kröfum þriðju aðila,

c) upplýsingar um hæfar tryggingar og frádrag sem gildir,

d) lista yfir alla núverandi stöðustofnunaraðila, þ.m.t. viðmið um aðgang að, sviptingu og lok uppgjörsaðildar.

Sé lögbært yfirvald sammála miðlæga mótaðilanum um að einhverjar af upplýsingunum skv. b- eða c-lið þessarar málsgreinar, gætu stofnað viðskiptaleyndarmálum eða öryggi og traustleika miðlæga mótaðilans í hættu getur miðlægi mótaðilinn ákveðið að birta þær upplýsingar með hætti sem kemur í veg fyrir eða dregur úr áhættunni, eða að birta ekki slíkar upplýsingar.

2. Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega, án endurgjalds, upplýsingar um allar verulegar breytingar á stjórnarháttum, markmiðum, áætlunum og lykilstefnum sínum, sem og á gildandi reglum sínum og ferlum.

3. Upplýsingar sem miðlægum mótaðila ber að birta opinberlega skulu vera aðgengilegar á vefsetri hans. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar a.m.k. á tungumáli sem venja er að nota innan alþjóðafjármálageirans.

11. gr.

Innri endurskoðun

1. Miðlægur mótaðili skal stofna og starfrækja starfseiningu innri endurskoðunar sem er aðskilin og óháð öðrum starfseiningum og starfsemi miðlæga mótaðilans og sem hefur eftirfarandi verkefni með höndum:

a) að koma á fót, hrinda í framkvæmd og viðhalda endurskoðunaráætlun til að kanna og meta hvort kerfi, innri eftirlitskerfi og stjórnarhættir miðlæga mótaðilans séu fullnægjandi og skilvirk,

b) að gefa út tilmæli sem byggjast á niðurstöðum vinnu sem unnin er í samræmi við a-lið,

c) að sannreyna að þessum tilmælum hafi verið fylgt,

d) að skýra stjórninni frá málum er varða innri endurskoðun.

2. Innri endurskoðun skal hafa nauðsynlegar valdheimildir, úrræði, sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum viðkomandi skjölum til að geta sinnt hlutverki sínu. Hún skal vera nægilega óháð framkvæmdastjórninni og heyra beint undir stjórnina.

3. Innri endurskoðun skal meta skilvirkni áhættustýringarferla og eftirlitskerfa miðlæga mótaðilans með hætti sem er hæfilegur miðað við áhættuna sem mismunandi svið starfseminnar standa frammi fyrir og óháður þeim rekstrarsviðum sem verið er að meta. Innri endurskoðun skal hafa nauðsynlegan aðgang að upplýsingum til að rýna alla starfsemi og rekstur, ferli og kerfi miðlæga mótaðilans, þ.m.t. útvistaða starfsemi.

4. Mat innri endurskoðunar skal byggjast á ítarlegri endurskoðunaráætlun, sem skal endurskoða og tilkynna til hins lögbæra yfirvalds a.m.k. árlega. Miðlægi mótaðilinn skal tryggja að unnt sé að gera sérstakar úttektir á grundvelli atburða með skömmum fyrirvara. Stjórnin skal samþykkja endurskoðunaráætlanir og úttektir.

5. Stöðustofnunarstarfsemi, áhættustýringarferli, innra eftirlitskerfi og reikningar miðlægra mótaðila skulu lúta óháðum úttektum. Óháðar úttektir skal framkvæma a.m.k. árlega.

IV. KAFLI

SKRÁAHALD

(Ákvæði 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

12. gr.

Almennar kröfur

1. Miðlægur mótaðili skal halda skrá á varanlegum miðli sem gerir kleift að veita lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðkomandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu upplýsingar, á formi og með hætti sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) að mögulegt sé að endurgera hvert lykilstig í vinnslu miðlæga mótaðilans,

b) að unnt sé að skrá, rekja og endurheimta upphaflegt innihald allra skráa eins og það var áður en nokkrar leiðréttingar eða aðrar breytingar voru gerðar,

c) að gerðar hafi verið ráðstafanir til að koma í veg fyrir heimildarlausar breytingar á skrám,

d) að öryggi og trúnaður skráðra gagna sé tryggður með viðeigandi ráðstöfunum,

e) að aðferð til að greina og leiðrétta villur sé innbyggð í skráahaldskerfið,

f) að tímanleg endurheimt skráa eftir kerfisbilun sé tryggð í skráahaldskerfinu.

2. Séu skrár eða upplýsingar yngri en sex mánaða skal afhenda þær yfirvöldunum sem talin eru upp í 1. mgr. eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir lok næsta viðskiptadags að fenginni beiðni frá viðkomandi yfirvaldi.

3. Séu skrár eða upplýsingar eldri en sex mánaða skal afhenda þær yfirvöldunum sem talin eru upp í 1. mgr. eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir beiðni frá viðkomandi yfirvaldi.

4. Innihaldi skrár sem miðlægi mótaðilinn vinnur með persónuupplýsingar skulu miðlægir mótaðilar taka tillit til skyldna sinna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]).

5. Haldi miðlægur mótaðili skrár utan Sambandsins skal hann tryggja að hið lögbæra yfirvald, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og viðkomandi aðilar seðlabankakerfis Evrópu hafi aðgang að skránum að sama marki og innan sömu tímabila og ef þær væru haldnar innan Sambandsins.

6. Hver miðlægur mótaðili skal nafngreina þá aðila sem geta, innan þess frests sem tilgreindur er í 2. og 3. mgr. um framlagningu viðkomandi skráa, skýrt innihald skráa hans fyrir lögbærum yfirvöldum.

7. Allar skrár sem krafist er að miðlægur mótaðili haldi samkvæmt þessari reglugerð skulu vera aðgengilegar hinu lögbæra yfirvaldi til skoðunar. Miðlægur mótaðili skal veita hinu lögbæra yfirvaldi beint gagnastreymi (e. *direct data feed*) úr skránum sem krafist er skv. 13. og 14. gr., sé þess óskað.

13. gr.

Viðskiptaskrár

1. Miðlægur mótaðili skal halda skrár yfir öll viðskipti í öllum samningum sem hann stöðustofnar og tryggja að þær innihaldi allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ítarlegar og nákvæmrar endurgerðar á stöðustofnunarferlinu fyrir hvern samning og að hver skrá yfir hver viðskipti sé auðkennanleg með einkvæmum hætti og leitarbær, a.m.k. eftir öllum reitum sem varða miðlæga mótaðilann, rekstrarsamhæfða miðlæga mótaðilann, stöðustofnunaraðilann, viðskiptavininn, ef miðlægi mótaðilinn þekkir hann, og fjármálagerninginn.

2. Fyrir hver viðskipti sem miðlægur mótaðili tekur á móti til stöðustofnunar skal hann, um leið og hann tekur við viðkomandi upplýsingum, gera og uppfæra skrá með eftirfarandi upplýsingum:

a) verði, vaxtaprósentu eða verðbili og magni,

b) hlutverk í stöðustofnun, þ.e. hvort viðskiptin voru kaup eða sala frá sjónarhorni miðlæga mótaðilans sem skráir,

c) auðkenningu gerningsins,

d) auðkenningu stöðustofnunaraðila,

e) tilgreiningu á vettvanginum þar sem samningurinn var gerður,

f) dagsetningu og tíma milligöngu miðlæga mótaðilans,

g) dagsetningu og tíma samningsloka,

h) uppgjörsskilmálum og uppgjörsmáta,

i) dagsetningu og tíma uppgjörs eða uppgjörskaupa (e. *buy-in*) viðskiptanna og, að því marki sem við á, eftirfarandi upplýsingum:

   i. dagsetningunni og tímanum sem samningurinn var upprunalega gerður,

   ii. upphaflegum skilmálum og aðilum samningsins,

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

iii. auðkenningu rekstrarsamhæfðs miðlægs mótaðila sem stöðustofnar einn legg viðskiptanna, eftir atvikum,

iv. deilum viðskiptavinarins, þ.m.t. allra óbeinna viðskiptavina, ef miðlægi mótaðilinn þekkir þá, og ef um er að ræða framsalsviðskipti, deilum aðilans sem framseldi samninginn.

14. gr.

Skrár um stöður

1. Miðlægur mótaðili skal halda skrár um stöður hvers stöðustofnunaraðila. Halda skal aðskildar skrár fyrir hvern reikning í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og skal miðlægi mótaðilinn tryggja að skrár sínar hafi að geyma allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ítarlegrar og nákvæmrar endurgerðar viðskiptanna sem liggja til grundvallar stöðunni og að hver skrá sé auðkennanleg og leitarbær a.m.k. eftir öllum reitum sem varða miðlæga mótaðilann, rekstrarsamhæfða miðlæga mótaðilann, stöðustofnunaraðilann, viðskiptavininn, ef miðlægi mótaðilinn veit hver hann er, og fjármálagerninginn.

2. Við lok hvers viðskiptadags skal miðlægur mótaðili gera skrá um hverja stöðu með eftirfarandi upplýsingum, að því marki sem þær tengjast viðkomandi stöðu:

a) auðkenningu stöðustofnunaraðilans, viðskiptavinarins, ef miðlægi mótaðilinn veit hver hann er, og rekstrarsamhæfða miðlæga mótaðilans sem viðheldur slíkri stöðu, eftir atvikum,

b) formerki stöðunnar,

c) daglegum útreikningi á virði stöðunnar með skráningum á því verði sem samningarnir eru metnir á og öðrum upplýsingum sem skipta máli.

3. Miðlægur mótaðili skal gera, og halda uppfærðri skrá um fjárhæðir tryggginga, framlaga í vanskilasjóð og annars fjármagns sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem miðlægi mótaðilinn hefur innkallað og um samsvarandi fjárhæð sem stöðustofnunaraðilinn hefur raunverulega lagt fram í lok dags og breytingar á þeirri fjárhæð sem kunna að eiga sér stað innan dags, að því er varðar hvern einstakan stöðustofnunaraðila og reikning viðskiptavinar ef miðlægur mótaðili hefur vitneskju um hann.

15. gr.

Skrár um starfsemi

1. Miðlægur mótaðili skal halda fullnægjandi og skipulegar skrár um starfsemi sem varðar rekstur hans og innra skipulag.

2. Skrárnar sem um getur í 1. mgr. skulu gerðar í hvert sinn sem veruleg breyting er gerð á viðkomandi gögnum og skulu a.m.k. innihalda:

a) skipurit stjórnar og viðkomandi nefnda, starfseiningu stöðustofnunar, starfseiningu áhættustýringar og allra annarra viðkomandi starfseininga eða sviða/deilda,

b) deili hluthafa eða félagsmanna, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, einstaklingar eða lögaðilar, sem eru með virkan eignarhlut, og fjárhæðir þessara eignarhluta,

c) skjöl sem staðfesta þær stefnur, verklagsreglur og ferla sem krafist er skv. III. kafla og 29. gr.,

d) fundargerðir stjórnar og, ef við á, undirnefnda stjórnar og nefnda framkvæmdastjórnar,

e) fundargerðir áhættunefndar,

f) fundargerðir samráðshópa með stöðustofnunaraðilum og viðskiptavinum, ef einhverjir eru,

g) skýrslur um innri og ytri endurskoðun, áhættustýringarskýrslur, skýrslur um hlítingu og skýrslur ráðgjafarfyrirtækja, þ.m.t. viðbrögð stjórnenda,

h) stefnu um rekstrarsamfellu og áætlun um endurreisn eftir stóráfall, sem krafist er skv. 17. gr.,

i) lausafjáráætlunina og daglegar skýrslur um lausafjárstöðu, sem krafist er skv. 32. gr.,

j) gögn sem endurspegla allar eignir og skuldir og eiginfjárstöðu eins og krafist er skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

k) mótteknar kvartanir, með upplýsingum um nafn, heimilisfang og reikningsnúmer kvartanda; móttökudegi kvörtunarinnar; nöfnum allra aðila sem eru tilgreindir í kvörtuninni; lýsingu á eðli kvörtunarinnar; málalyktum hennar og dagsetningu úrlausnar kvörtunarinnar,

l) gögn um alla röskun á þjónustu eða starfstruflun, þ.m.t. ítarleg skýrsla um tímasetningu, áhrif og aðgerðir til úrbóta,

m) gögn um niðurstöður afturvirkra prófa og álagsprófa sem framkvæmd hafa verið,

n) skrifleg samskipti við lögbær yfirvöld, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu,

o) lögfræðiálit sem móttekin hafa verið í samræmi við III. kafla,

p) eftir atvikum, gögn um fyrirkomulag rekstrarsamhæfis við aðra miðlæga mótaðila,

q) upplýsingarnar skv. 10. gr. (vii. lið b-liðar 1. mgr. og d-lið 1. mgr.),

r) viðkomandi gögn sem lýsa þróun nýrra framtaksverkefna í starfseminni.

16. gr.

Skrár um gögn sem tilkynnt eru til afleiðuviðskiptaskrár

Miðlægur mótaðili skal ákvarða og geyma allar upplýsingar og gögn sem krafist er að tilkynnt séu í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ásamt skráningu á dagsetningunni og tímanum sem tilkynnt er um viðskiptin.

V. KAFLI

REKSTRARSAMFELLA

(34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

17. gr.

Áætlun og stefna

1. Miðlægur mótaðili skal hafa stefnu um rekstrarsamfellu og áætlun um endurreisn eftir stóráfall, sem stjórnin hefur samþykkt. Stefnan um rekstrarsamfellu og áætlunin um endurreisn eftir stóráfall skulu lúta óháðum úttektum sem stjórninni er tilkynnt um.

2. Stefnan um rekstrarsamfellu skal tilgreina alla mikilvæga starfsemi og tengd kerfi og fela í sér áætlun, stefnu og markmið miðlæga mótaðilans um að tryggja samfellu þessarar starfsemi og kerfa.

3. Stefnan um rekstrarsamfellu skal taka tillit til ytri tengsla og vixltengsla innan fjármálainnviða, þ.m.t. viðskiptavettvanga þar sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar, verðbréfauppgjörs- og greiðslukerfa og lánastofnana sem miðlægi mótaðilinn eða tengdur miðlægur mótaðili notar. Hún skal einnig taka tillit til mikilvægrar starfsemi eða þjónustu sem hefur verið útvistað til þriðju aðila.

4. Stefnan um rekstrarsamfellu og áætlunin um endurreisn eftir stóráfall skal fela í sér skýrt skilgreint og skjalfest kerfi til notkunar í neyðarástandi í tengslum við rekstrarsamfellu, stóráfall eða annað áfall, sem hefur þann tilgang að tryggja lágmarksþjónustustig mikilvægrar starfsemi.

5. Áætlunin um endurreisn eftir stóráfall skal tilgreina og fela í sér markmið um tíðni gagnaafritunar (e. *recovery point objectives*) og endurreisnartíma (e. *recovery time objectives*) fyrir mikilvæga starfsemi og ákvarða hentugustu endurreisnaráætlunina fyrir hvern þátt slíkrar starfsemi. Slíkt fyrirkomulag skal hafa þann tilgang að tryggja að við óvenjulegar aðstæður sé mikilvægum verkum lokið á réttum tíma og samþykktu þjónustustigi viðhaldið.

6. Stefna miðlægs mótaðila um rekstrarsamfellu skal tilgreina þann hámarkstíma sem ásættanlegt telst að mikilvæg starfsemi og kerfi séu ónothæf. Hámarksendurreisnartími mikilvægrar starfsemi miðlægs mótaðila sem tilgreina skal í stefnunni um rekstrarsamfellu skal ekki vera lengri en tvær klukkustundir. Ferlum og greiðslum í lok dags skal ljúka á tilskildum tíma og degi við allar aðstæður.

7. Miðlægur mótaðili skal taka tillit til mögulegra heildaráhrifa á skilvirkni markaðar þegar hann ákvarðar endurreisnartíma hvers þáttar í starfseminni.

18. gr.

Rekstraráhrifagreining

1. Miðlægur mótaðili skal gera rekstraráhrifagreiningu til að skilgreina þá þætti starfseminnar sem eru mikilvægir til að tryggja þjónustu miðlæga mótaðilans. Mikilvægi þessarar starfsemi fyrir aðrar stofnanir og virkni fjármálainnviða skal vera hluti af greiningunni.

2. Miðlægur mótaðili skal beita áhættugreiningu á grundvelli sviðsmyndar sem hefur þann tilgang að greina áhrif mismunandi sviðsmynda á mikilvæga starfsemi hans.

3. Við mat á áhættu skal miðlægur mótaðili taka tillit til þess að hvaða leyti hann er háður utanaðkomandi þjónustuveitendum, þ.m.t. veituþjónustu. Miðlægur mótaðili skal gera ráðstafanir til að stýra slíku hæði með viðeigandi samningum og skipulagsráðstöfunum.

4. Rekstraráhrifagreiningum og sviðsmyndagreiningum skal haldið uppfærðum og þær skulu endurskoðaðar a.m.k. árlega og í kjölfar atvika eða verulegra skipulagsbreytinga. Greiningin skal taka tillit til allrar þróunar sem skiptir máli, þ.m.t. markaðs- og tækniþróunar.

19. gr.

Endurreisn eftir stóráfall

1. Miðlægur mótaðili skal gera ráðstafanir til að tryggja samfellu mikilvægrar starfsemi sinnar á grundvelli áfallasviðsmynda. Þessar ráðstafanir skulu a.m.k. snúa að því að nægilegt starfsfólk sé tiltækt, að hámarksniðritíma mikilvægrar starfsemi og að varaham (e. *failover*) og endurreisn á öðrum stað.

2. Miðlægur mótaðili skal viðhalda öðrum vinnslustað sem getur tryggt samfellu allrar mikilvægrar starfsemi miðlæga mótaðilans nákvæmlega eins og á aðalstaðnum. Landfræðilega skal áhættusnið varastaðarins vera annað en aðalstaðarins.

3. Miðlægur mótaðili skal viðhalda eða hafa tafarlausan aðgang að varastarfsstöð til að gera starfsfólki kleift að tryggja samfellu þjónustunnar sé aðalstarfsstöðin ekki tiltæk.

4. Miðlægi mótaðilinn skal meta þörfina fyrir viðbótarvinnslustaði, einkum ef fjölbreytni áhættusniðs aðal- og viðbótarstaðarins veitir ekki fullnægjandi vissu um að markmið miðlæga mótaðilans um rekstrarsamfellu verði uppfyllt við allar aðstæður.

20. gr.

Prófun og eftirlit

1. Miðlægur mótaðili skal prófa og hafa eftirlit með stefnu sinni um rekstrarsamfellu og áætlun sinni um endurreisn eftir stóráfall með reglulegu millibili og eftir umtalsverðar lagfæringar eða breytingar á kerfunum eða tengdri starfsemi til að tryggja að yfirlýstu markmiðunum sé náð með stefnunni um rekstrarsamfellu, þ.m.t. markmiðinu um tveggja klukkustunda endurreisnartíma að hámarki. Próf skulu skipulögð og skrásett.

2. Prófun á stefnunni um rekstrarsamfellu og áætluninni um endurreisn eftir stóráfall skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hún feli í sér sviðsmyndir með stórfelldum áföllum og skiptum milli aðalstaðar og varastaða,

b) hún feli í sér þátttöku stöðustofnunaraðila, utanaðkomandi þjónustuveitenda og viðeigandi stofnana sem koma að fjármálainnviðum, sem víxltengsl hafa verið skilgreind við í stefnunni um rekstrarsamfellu.

21. gr.

Viðhald

1. Miðlægur mótaðili skal reglulega endurskoða og uppfæra stefnu sína um rekstrarsamfellu svo hún nái yfir alla mikilvæga starfsemi og hafi að geyma þá endurreisnaráætlun sem hentar þeirri starfsemi best.

2. Miðlægur mótaðili skal reglulega endurskoða og uppfæra áætlun sína um endurreisn eftir stóráfall svo hún hafi að geyma þá endurreisnaráætlun sem hentar allri mikilvægri starfsemi best.

3. Við uppfærslur á stefnunni um rekstrarsamfellu og áætluninni um endurreisn eftir stóráfall skal taka tillit til niðurstaðna prófa og ráðlegginga sem hljótast af óháðum úttektum og öðrum úttektum og lögbærra yfirvalda. Miðlægir mótaðilar skulu endurskoða stefnu sína um rekstrarsamfellu og áætlun sína um endurreisn eftir stóráfall eftir hverja verulega röskun til að greina orsakir og nauðsynlegar umbætur á starfsemi sinni, stefnu sinni um rekstrarsamfellu og áætlun sinni um endurreisn eftir stóráfall.

22. gr.

Áfallastjórnun

1. Miðlægur mótaðili skal hafa starfseiningu sem sinnir áfallastjórnun í neyðarástandi. Verklag áfallastjórnununar skal vera skýrt og skriflegt. Stjórnin skal hafa eftirlit með starfseiningu áfallastjórnunar og fá, og fara yfir, skýrslur um hana reglulega.

2. Starfseining áfallastjórnunar skal hafa skýrt og vel skipulagt verklag til að stýra innri og ytri samskiptum meðan áfallsástand varir.

3. Eftir áfall skal miðlægi mótaðilinn gera úttekt á því hvernig hann tókst á við það. Eftir því sem við á skulu stöðustofnunaraðilar og aðrir utanaðkomandi hagsmunaaðilar leggja af mörkum til úttektarinnar.

23. gr.

Samskipti

1. Miðlægur mótaðili skal hafa samskiptaáætlun þar sem skráð er með hvaða hætti framkvæmdastjórn, stjórn og viðkomandi utanaðkomandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. lögbærum yfirvöldum, stöðustofnunaraðilum, viðskiptavinum, uppgjörsaðilum, verðbréfauppgjörs- og greiðslukerfum og viðskiptavettvöngum, verði haldið upplýstum með fullnægjandi hætti meðan á áfalli stendur.

2. Skýra skal stjórninni frá sviðsmyndagreiningu, áhættugreiningu, úttektum og niðurstöðum eftirlits og prófa.

VI. KAFLI

TRYGGINGAR

(41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

24. gr.

Hundraðshlutfall

1. Miðlægur mótaðili skal reikna út upphafstryggingar fyrir áhættu sem leiðir af markaðshreyfingum fyrir hvern fjármálagerning sem er tryggður á grundvelli afurðar, yfir það tímabil sem skilgreint er í 25. gr. og þannig að gert sé ráð fyrir tímaramma til innlausnar stöðunnar eins og hann er skilgreindur í 26. gr. Við útreikning á upphafstryggingum skal miðlægi mótaðilinn a.m.k. fara eftir eftirfarandi öryggisbilum:

a) fyrir OTC-afleiður, 99,5%,

b) fyrir fjármálagerninga aðra en OTC-afleiður, 99%.

2. Við ákvörðun á fullnægjandi öryggisbilum fyrir hvern flokk fjármálagerninga sem hann stöðustofnar skal miðlægi mótaðilinn að auki taka mið af a.m.k. eftirfarandi þáttum:

a) flækjustigi og óvissustigi verðlagningar viðkomandi flokks fjármálagerninga sem kunna að takmarka sannreyningu á útreikningi upphafs- og viðbótartryggingar,

b) áhættueiginleikum viðkomandi flokks fjármálagerninga, sem kunna að fela sér, án þess að takmarkast við, flökt, gildistíma, seljanleika, ólínulega verðeiginleika, áhættu vegna skyndilegra vanskila og fylgniáhættu,

c) að hvaða marki önnur áhættustýring takmarkar ekki greiðslufallsáhættu með fullnægjandi hætti,

d) innbyggðri vogun viðkomandi flokks fjármálagerninga, þ.m.t. hvort hann sé verulega sveiflukenndur, mjög samþjappaður hjá fáum markaðsaðilum eða erfitt geti verið að loka honum.

3. Miðlægi mótaðilinn skal upplýsa lögbær yfirvöld sín og stöðustofnunaraðila sína um viðmiðin sem liggja til grundvallar við ákvörðun á hundraðshlutfallinu sem er beitt við útreikning á tryggingum fyrir hvern flokk fjármálagerninga.

4. Ef miðlægur mótaðili stöðustofnar OTC-afleiður sem hafa sömu áhættueiginleika og afleiður sem afgreiddar eru á skipulegum verðbréfamörkuðum eða jafngildum markaði þriðja lands, á grundvelli mats á áhættuþáttunum sem um getur í 2. mgr., er miðlæga mótaðilanum heimilt að nota annað öryggisbil, sem er a.m.k. 99%, fyrir þá samninga ef áhætta OTC-afleiðusamninganna sem hann stöðustofnar er milduð á viðeigandi hátt með notkun slíks öryggisbils og skilyrði 2. mgr. eru virt.

25. gr.

Tímabil fyrir útreikning á sögulegu flökti

1. Miðlægur mótaðili skal tryggja að samkvæmt líkansaðferðum sínum og sannreyningarferli sínu sem komið er á í samræmi við XII. kafla nái upphafstryggingar að þekja, með a.m.k. því öryggisbili sem skilgreint er í 24. gr. og fyrir innlausnartímabilið sem skilgreint er í 26. gr., þá áhættu sem leiðir af sögulegu flökti sem er reiknað út á grundvelli gagna sem ná yfir a.m.k. næstliðna 12 mánuði.

Miðlægur mótaðili skal sjá til þess að gögnin sem notuð eru við útreikning á sögulegu flökti taki til allra markaðsaðstæðna, þ.m.t. álagstímabila.

2. Miðlægum mótaðila er heimilt að nota annað tímabil til útreiknings á sögulegu flökti að því tilskildu að það leiði til krafna um tryggingarþekju sem séu a.m.k. jafnmiklar og þær sem fást með tímabilinu sem skilgreint er í 1. mgr.

3. Tryggingabreytur fyrir fjármálagerninga án sögulegs athugunartímabils skulu byggja á varfærnislegum forsendum. Miðlægur mótaðili skal tafarlaust leiðrétta útreikning þeirra trygginga sem krafist er á grundvelli greiningar á verðsögu nýju fjármálagerninganna.

26. gr.

Tímarammi innlausnartímabils

1. Miðlægur mótaðili skal skilgreina tímaramma innlausnartímabilsins að teknu tilliti til eiginleika stöðustofnaða fjármálagerningsins, markaðarins þar sem hann gengur kaupum og sölum og tímabils útreiknings og innheimtu á tryggingunum. Þessi innlausnartímabil skulu vera a.m.k.:

a) fimm virkir dagar fyrir OTC-afleiður,

b) tveir virkir dagar fyrir fjármálagerninga aðra en OTC-afleiður.

2. Við ákvörðun á viðunandi innlausnartímabili skal miðlægi mótaðilinn í öllum tilvikum meta og taka saman a.m.k. eftirfarandi:

a) lengsta mögulega tímann sem má líða frá síðustu innheimtu miðlæga mótaðilans á tryggingum þar til að hann lýsir yfir vanskilum eða virkjar vanskilastýringarferlið,

b) tímann sem áætlað er að þurfi til að móta og framkvæma áætlunina um stýringu vanskila stöðustofnunaraðila samkvæmt sérkennum hvers flokks fjármálagerninga, þ.m.t. seljanleika hans og stærð og samþjöppun staðanna, og mörkuðunum sem miðlægi mótaðilinn mun nota til að loka eða áhættuverja að fullu stöðu stöðustofnunaraðila,

c) ef við á, tímann sem þarf til að mæta mótaðilaáhættu sem miðlægi mótaðilinn stendur frammi fyrir.

3. Við mat á tímabilunum sem skilgreind eru í 2. mgr. skal miðlægur mótaðili a.m.k. taka tillit til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. mgr. 24. gr. og tímabilsins til útreiknings á sögulegu flökti eins og það er skilgreint í 25. gr.

4. Ef miðlægur mótaðili stöðustofnar OTC-afleiður sem hafa sömu áhættueiginleika og afleiður sem afgreiddar eru á skipulegum verðbréfamörkuðum eða jafngildum markaði þriðja lands getur hann notað annan tímaramma fyrir innlausnartímabilið en þann sem er tilgreindur í 1. mgr., að því tilskildu að hann geti sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að:

a) slíkur tímarammi eigi betur við en sá sem er tilgreindur í 1. mgr. í ljósi sérkenna viðkomandi OTC-afleiðna,

b) slíkur tímarammi sé a.m.k. tveir virkir dagar.

27. gr.

Tryggingartaka vegna eignasafna

1. Miðlægur mótaðili getur leyft jöfnun eða lækkanir á umkrafinni tryggingu fjármálagerninga sem hann stöðustofnar ef verðáhætta eins fjármálagernings eða safns fjármálagerninga hefur verulega og sannanlega fylgni við verðáhættu annarra fjármálagerninga eða er háð henni á grundvelli jafngildrar tölfræðilegrar breytu.

2. Miðlægi mótaðilinn skal skjalfesta nálgun sína á tryggingartöku vegna eignasafna og skal a.m.k. staðfesta að fylgnin, eða hæði á grundvelli jafngildrar tölfræðilegrar breytu, milli tveggja eða fleiri fjármálagerninga sem eru stöðustofnaðir sé áreiðanleg á afturskyggna tímabilinu útreiknuðu í samræmi við 25. gr. og sýni fram á viðnámsþrótt við sögulegar eða ímyndaðar álagssviðsmyndir. Miðlægi mótaðilinn skal sýna fram á að efnahagsleg rök séu fyrir verðtengslunum.

3. Allir fjármálagerningar sem tryggingartöku vegna eignasafns er beitt á skulu falla undir sama vanskilasjóðinn. Geti miðlægur mótaðili fyrirfram sýnt lögbærum yfirvöldum sínum og stöðustofnunaraðilum sínum fram á það hvernig mögulegu tapi yrði dreift meðal mismunandi vanskilasjóða og hafi hann sett nauðsynleg ákvæði þar að lútandi í reglur sínar er þó heimilt að beita tryggingartöku vegna eignasafns á fjármálagerninga sem falla undir mismunandi vanskilasjóði.

4. Nái tryggingartaka vegna eignasafns til margra gerninga skal fjárhæð tryggingarlækkana ekki vera hærri en 80% af mismuninum milli samtölu trygginganna fyrir hverja afurð samkvæmt útreikningi á grundvelli hverrar þeirra fyrir sig og tryggingarinnar sem er reiknuð út á grundvelli heildarmats á áhættuskuldbindingunni fyrir samanlagt eignasafn. Beri miðlægur mótaðili enga mögulega áhættu af tryggingarlækkuninni getur hann beitt lækkun sem nemur allt að 100% af þessum mismun.

5. Um tryggingarlækkanir í tengslum við tryggingartöku vegna eignasafna skal gilda traust áætlun um álagspróf í samræmi við XII. kafla.

28. gr.

Sveiflumögnun

1. Miðlægur mótaðili skal tryggja að stefna hans um val og endurskoðun á öryggisbili, innlausnartímabili og afturskyggnu tímabili skili framsýnum, stöðugum og varfærnislegum kröfum um tryggingar sem takmarki sveiflumögnun að því marki að traustleiki og fjárhagslegt öryggi miðlæga mótaðilans verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Þetta skal fela í sér að forðast, þegar mögulegt er, truflandi eða stórstígar breytingar á kröfum um tryggingar og að setja gagnsæjar og fyrirsjáanlegar verklagsreglur um leiðréttingu á kröfum um tryggingar til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum. Í þessum tilgangi skal miðlægi mótaðilinn beita a.m.k. einum eftirfarandi valkosta:

a) tryggingarauka (e. *margin buffer*) sem nemur a.m.k. 25% af útreiknuðum tryggingum og hann leyfir að sé fullnýttur tímabundið á tímabilum þegar útreiknaðar kröfur um tryggingar hækka verulega,

b) að gefa athugunum við álagsaðstæður á afturskyggna tímabilinu sem reiknað er út í samræmi við 26. gr. a.m.k. 25% vægi,

c) að tryggja að kröfur sínar um tryggingar séu ekki minni en þær sem yrðu reiknaðar út á grundvelli flökts sem er metið yfir tíu ára sögulegt, afturskyggnt tímabil.

2. Ef miðlægur mótaðili leiðréttir breytur tryggingalíkansins til að endurspegla betur núverandi markaðsskilyrði skal hann taka tillit til allra mögulegra sveiflumagnandi áhrifa slíkrar leiðréttingar.

VII. KAFLI

VANSKILASJÓÐUR

(42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

29. gr.

Rammi og stjórnarhættir

1. Til að ákvarða lágmarksstærð vanskilasjóðs og fjárhæð annars fjármagns sem þarf til að uppfylla kröfur 42. og 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að teknu tilliti til hæðis innan samstæðu, skal miðlægur mótaðili koma á innri stefnuramma til að skilgreina tegundir óvenjulegra en sennilegra markaðsaðstæðna sem gætu valdið því að hann stæði frammi fyrir mestri áhættu.

2. Ramminn skal fela í sér greinargerð sem lýsir því hvernig miðlægi mótaðilinn skilgreinir óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður. Hann skal vera skjalfestur að fullu og viðhaldið í samræmi við 12. gr.

3. Áhættunefndin skal ræða rammann og stjórnin samþykkja hann. Traustleika rammans og getu hans til að endurspegla markaðshreyfingar skal endurskoða a.m.k. árlega. Áhættunefndin skal ræða endurskoðunina og skýra skal stjórninni frá henni.

30. gr.

Greining á óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum

1. Ramminn sem lýst er í 29. gr. skal endurspegla áhættusnið miðlæga mótaðilans, að teknu tilliti til áhættuskuldbindinga yfir landamæri og milli gjaldmiðla, ef við á. Hann skal tilgreina alla markaðsáhættu sem miðlægur mótaðili gæti staðið frammi fyrir í kjölfar vanskila eins eða fleiri stöðustofnunaraðila, þ.m.t. óhagstæðar hreyfingar á markaðsvirði stöðustofnaðra gerninga, minnkaðan seljanleika þessara gerninga á markaði og lækkun á innlausnarvirði trygginga. Ramminn skal einnig endurspegla viðbótaráhættu fyrir miðlæga mótaðilann sem leiðir af samtímis greiðslufalli eininga í samstæðu stöðustofnunaraðilans sem lendir í vanskilum.

2. Ramminn skal tilgreina hvern og einn markað þar sem miðlægur mótaðili stendur frammi fyrir áhættu ef til vanskila stöðustofnunaraðila kemur. Fyrir hvern tilgreindan markað skal miðlægur mótaðili tilgreina óvenjulegar en sennilegar aðstæður a.m.k. á grundvelli:

a) ýmiss konar sögulegra sviðsmynda, þ.m.t. tímabila óvenjulegra markaðshreyfinga á næstliðnum 30 árum, eða eins löngu tímabili og áreiðanleg gögn hafa verið fyrir hendi, sem hefðu valdið mestri fjárhagslegri áhættu fyrir miðlæga mótaðilann. Ákveði miðlægur mótaðili að endurtekning sögulegs tilviks mikilla verðhreyfinga sé ekki líkleg skal hann rökstyðja fyrir lögbæra yfirvaldinu af hverju það er undanskilið í rammanum,

b) ýmiss konar mögulegra framtíðarsviðsmynda, á grundvelli samkvæmra forsendna um flökt á markaði og verðfylgni milli markaða og fjármálagerninga, bæði á grundvelli megindlegs og eigindlegs mats á mögulegum markaðsaðstæðum.

3. Í rammanum skal einnig taka mið af því, með megindlegum og eigindlegum hætti, að hvaða marki óvenjulegar verðhreyfingar gætu átt sér stað samtímis á mörgum tilgreindum mörkuðum. Ramminn skal fela í sér viðurkenningu á því að söguleg verðfylgni getur gengið úr skorðum í óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum.

31. gr.

Endurskoðun á óvenjulegum en sennilegum sviðsmyndum

Miðlægi mótaðilinn skal reglulega endurskoða þær verklagsreglur sem lýst er í 30. gr., að teknu tilliti til allrar markaðsþróunar sem máli skiptir og umfangs og samþjöppunar áhættu stöðustofnunaraðila. Í samráði við áhættunefndina skal miðlægi mótaðilinn endurskoða þær sögulegu og ímynduðu sviðsmyndir sem hann notar til að greina óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, a.m.k. árlega og oftar þegar markaðsþróun eða verulegar breytingar á samningunum sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar hafa áhrif á forsendur sviðsmyndanna og krefjast þar af leiðandi breytinga á sviðsmyndunum. Tilkynna skal stjórninni um verulegar breytingar á rammanum.

VIII. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ LAUSAFJÁRÁHÆTTU

(44. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 648/2012)

32. gr.

Mat á lausafjáráhættu

1. Miðlægur mótaðili skal koma á traustum ramma um stýringu lausafjáráhættu, sem skal fela í sér skilvirk rekstrar- og greiningartæki til að greina, mæla og fylgjast með uppgjörs- og fjármögnunarstreymi með viðvarandi og tímanlegum hætti, þ.m.t. notkun hans á lausu fé innan dags (e. *intraday liquidity*). Miðlægir mótaðilar skulu reglulega meta snið og notkun ramma síns um lausafjárstýringu, þ.m.t. taka til athugunar niðurstöður álagsprófa.

2. Rammi miðlægs mótaðila um stýringu lausafjáráhættu skal vera nægilega traustur til að tryggja að miðlægi mótaðilinn geti uppfyllt greiðslu- og uppgjörsskyldur í öllum viðeigandi gjaldmiðlum þegar þær falla í gjalddaga, þ.m.t. innan dags þegar við á. Rammi miðlægs mótaðila um stýringu lausafjáráhættu skal einnig fela í sér mat á mögulegri lausafjárþörf hans í framtíðinni við ýmiss konar mögulegar álagssviðsmyndir. Álagssviðsmyndir skulu fela í sér vanskil stöðustofnunaraðila skv. 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 frá vanskiladegi til loka innlausnartímabils og lausafjáráhættuna sem stafar af fjárfestingarstefnu og verklagi miðlægs mótaðilans við óvenjulegar en sennilegar aðstæður.

3. Rammi miðlægs mótaðila um stýringu lausafjáráhættu skal fela í sér lausafjáráætlun sem er skjalfest og viðhaldið í samræmi við 12. gr. Lausafjáráætlunin skal að lágmarki mæla fyrir um verklag miðlægs mótaðilans við:

a) að stýra og fylgjast með, a.m.k. daglega, lausafjárþörf sinni miðað við ýmsar markaðssviðsmyndir,

b) að viðhalda nægilegu lausu fé til að mæta lausafjárþörf sinni og greina á milli notkunar mismunandi tegunda lausafjár,

c) daglegt mat og verðmat á lausafjáreignum sem miðlægi mótaðilinn hefur yfir að ráða og á lausafjárþörf sinni,

d) að ákvarða ástæður lausafjáráhættu,

e) að meta tímann sem laust fé miðlæga mótaðilans skal vera honum til umráða,

f) að meta hugsanlega lausafjárþörf vegna getu stöðustofnunaraðila til að skipta út reiðufé fyrir tryggingar sem eru ekki reiðufé,

g) ferla sem gripið er til ef til lausafjárskorts kemur,

h) að auka aftur laust fé sem hann kann að nota við álagsatburð.

Stjórn miðlæga mótaðilans skal samþykkja áætlunina að höfðu samráði við áhættunefndina.

4. Miðlægur mótaðili skal meta lausafjáráhættuna sem hann stendur frammi fyrir, þ.m.t. ef hann eða stöðustofnunaraðilar hans geta ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar þegar þær falla á gjalddaga sem hluti af stöðustofnunar- eða uppgjörsferlinu, einnig að teknu tilliti fjárfestingarstarfsemi miðlæga mótaðilans. Áhættustýringarramminn skal einnig taka til lausafjárþarfar sem leiðir af sambandi miðlæga mótaðilans við aðila sem honum stafar lausafjáráhætta af, þ.m.t.:

a) uppgjörsbanka,

b) greiðslukerfi,

c) verðbréfauppgjörskerfi,

d) umboðsaðila eigin reikninga (e. *nostro agents*),

e) vörslubanka,

f) viðskiptavaka (e. *liquidity providers*),

g) rekstrarsamhæfða miðlæga mótaðila,

h) þjónustuveitendur.

5. Miðlægur mótaðili skal í ramma sínum um stýringu lausafjáráhættu taka tillit til víxltengsla milli aðilanna sem taldir eru upp í 4. mgr. og margþættra tengsla sem aðili sem talinn er upp í 4. mgr. getur haft við miðlægan mótaðila.

6. Miðlægur mótaðili skal gera daglega skýrslu um þarfir og fé skv. a-, b- og c-lið 3. mgr. og ársfjórðungslega skýrslu um lausafjáráætlun sína samkvæmt d- til h-lið 3. mgr. Skýrslurnar skulu skjalfestar og varðveittar í samræmi við IV. kafla.

33. gr.

Aðgangur að lausafé

1. Miðlægur mótaðili skal viðhalda lausafé, í hverjum gjaldmiðli sem máli skiptir, sem svarar til lausafjárkrafna hans eins og þær eru skilgreindar í samræmi við 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og 32. gr. þessarar reglugerðar. Þetta lausafé skal takmarkast við:

a) innstæður hjá seðlabanka sem er útgáfubanki (e. *central bank of issue*),

b) innstæður hjá lánastofnunum sem hafa starfsleyfi í samræmi við 47. gr.,

c) veittar lánalínur eða jafngilda samninga við stöðustofnunaraðila sem eru ekki í vanskilum,

d) veitta samninga um endurhverf viðskipti,

e) auðseljanlega fjármálagerninga sem uppfylla kröfurnar í 45. og 46. gr. og sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt fram á að séu auðveldlega aðgengilegir og breytanlegir í reiðufé samdægurs með því að beita fyrirframákveðnu og mjög traustu fjármögnunarfyrirkomulagi, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður.

2. Miðlægur mótaðili skal taka tillit til gjaldmiðlanna sem skuldbindingar hans eru í og mögulegra áhrifa af erfiðum aðstæðum á aðgang hans að gjaldeyrismörkuðum með hætti sem samræmist verðbréfauppgjörsferlum erlends gjaldeyris og verðbréfauppgjörskerfum.

3. Veittar lánalínur gegn tryggingum sem stöðustofnunaraðilar leggja fram skulu ekki tvítaldar sem laust fé. Miðlægur mótaðili skal gera ráðstafanir til að fylgjast með og stýra samþjöppun lausafjáráhættu af einstökum viðskiptavökum.

4. Miðlægur mótaðili skal gera ítarlega áreiðanleikakönnun á því að viðskiptavakar hans búi yfir nægri getu til að starfa í samræmi við tilhögun viðskiptavaktar.

5. Miðlægur mótaðili skal reglulega prófa verklag sitt fyrir aðgang að fyrirframundirbúnu fjármögnunarfyrirkomulagi. Í þessu getur falist að draga tilraunafjárhæðir á viðskiptalánalínu til að kanna hraða aðgengis að fjármagni og áreiðanleika ferla.

6. Lausafjáráætlun miðlægs mótaðila skal fela í sér nákvæmar verklagsreglur um notkun á lausu fé hans til að uppfylla greiðsluskuldbindingar við lausafjárskort. Verklagsreglurnar skulu tilgreina með skýrum hætti hvenær nota á tiltekið fé. Þær skulu einnig lýsa með hvaða hætti skal nálgast innstæður eða fjárfestingar í formi innstæðna til einnar nætur, hvernig framkvæma skal samdægurs markaðsviðskipti, eða með hvaða hætti skal draga á fyrirframundirbúnar lausafjárlínur. Þessar aðferðir skal prófa reglulega. Miðlægur mótaðili skal einnig koma á fullnægjandi áætlun um endurnýjun fjármögnunarfyrirkomulags áður en það rennur út.

34. gr.

Samþjöppunaráhætta

1. Miðlægur mótaðili skal hafa náið eftirlit með og stýra samþjöppun lausafjáráhættu sinnar, þ.m.t. áhættu sinni sem stafar af þeim aðilum sem taldir eru upp í 4. mgr. 32. gr. og af aðilum í sömu samstæðu.

2. Rammi miðlægs mótaðila um stýringu lausafjáráhættu skal fela í sér beitingu áhættu- og samþjöppunarmarka.

3. Miðlægur mótaðili skal skilgreina ferli og verklag fyrir brot á samþjöppunarmörkum.

IX. KAFLI

FORGANGSRÖÐUN VIÐ GREIÐSLU VANSKILA (E. *DEFAULT WATERFALL*)

(Ákvæði 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

35. gr.

Útreikningur á fjárhæð eigin fjármagns miðlæga mótaðilans til notkunar í forgangsröðun við greiðslu vanskila

1. Miðlægur mótaðili skal hafa yfir að ráða, og tilgreina með aðskildum hætti í efnahagsreikningi sínum, fjárhæð sérstaks eigin fjármagns í þeim tilgangi sem greinir í 4. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Miðlægur mótaðili skal reikna út lágmarksfjárhæðina sem um getur í 1. mgr. með því að margfalda lágmark eigin fjár, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og annað eigið fé, sem hann skal hafa í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og framselda reglugerð (ESB) nr. 152/2013 ([1]), með 25%.

Miðlægi mótaðilinn skal endurskoða lágmarksfjárhæðina árlega.

([1]) Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 37.

3. Hafi miðlægur mótaðili komið á fót fleiri en einum vanskilasjóði fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga sem hann stöðustofnar skal hann úthluta öllu sérstöku eigin fjármagni sem reiknað er út skv. 1. mgr. til vanskilasjóðanna í réttu hlutfalli við stærð hvers og eins þeirra, tilgreina það sérstaklega í efnahagsreikningi sínum og nota það til að standa straum af vanskilum sem verða á þeim mismunandi markaðssviðum sem vanskilasjóðirnir eru stofnaðir vegna.

4. Ekki skal nota annað fjármagn en eigið fé, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og annað eigið fé, eins og um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, til að uppfylla kröfurnar skv. 1. mgr.

36. gr.

Viðhald á fjárhæð eigin fjármagns miðlægs mótaðila til notkunar í forgangsröðun við greiðslu vanskila

1. Miðlægur mótaðili skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld ef fjárhæð sérstaks eigin fjármagns fer niður fyrir þá fjárhæð sem kveðið er á um í 35. gr., tilgreina ástæðurnar fyrir brotinu og leggja fram ítarlega skriflega lýsingu á ráðstöfunum og tímaáætlun til að hækka fjárhæðina í samt horf.

2. Ef um er að ræða síðari vanskil eins eða fleiri stöðustofnunaraðila áður en miðlægi mótaðilinn hefur komið sérstöku eigin fjármagni í samt horf skal, að því er varðar 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, aðeins nota eftirstæða fjárhæð þess sérstaka eigin fjármagns sem hefur verið úthlutað.

3. Miðlægur mótaðili skal koma sérstöku eigin fjármagni í samt horf innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.

X. KAFLI

TRYGGINGAR

(Ákvæði 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

37. gr.

Almennar kröfur

Miðlægur mótaðili skal setja og framkvæma gagnsæjar og fyrirsjáanlegar stefnur og verklagsreglur til að meta og hafa stöðugt eftirlit með seljanleika eigna sem samþykktar eru sem tryggingar og gera úrbætur eftir því sem við á.

Miðlægur mótaðili skal endurskoða stefnur sínar og verklagsreglur um veðhæfar eignir a.m.k. árlega. . Slík endurskoðun skal einnig fara fram hvenær sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættu miðlæga mótaðilans.

38. gr.

Tryggingar í formi reiðufjár

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu auðseljanlegar tryggingar í formi reiðufjár vera í annaðhvort:

a) gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna með fullnægjandi hætti,

b) gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar viðskipti í, innan marka tryggingarinnar sem þarf til að verjast áhættu miðlæga mótaðilans í þeim gjaldmiðli.

39. gr.

Fjármálagerningar

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu fjármálagerningar, bankaábyrgðir og gull sem uppfylla skilyrðin í I. viðauka teljast auðseljanlegar tryggingar.

40. gr.

Mat á tryggingum

1. Að því er varðar mat á auðseljanlegum tryggingum, eins og þær eru skilgreindar í 37. gr., skal miðlægur mótaðili setja og framkvæma stefnur og verklagsreglur til að hafa eftirlit, eins nærri rauntíma og unnt er, með lánshæfi, seljanleika á markaði og verðflökti hverrar eignar sem samþykkt er sem trygging. Miðlægur mótaðili skal hafa reglulegt, að lágmarki árlegt, eftirlit með því hvort stefnur og verklagsreglur hans um verðmat séu fullnægjandi. Slík endurskoðun skal einnig fara fram hvenær sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættu miðlæga mótaðilans.

2. Miðlægur mótaðili skal meta tryggingar sínar á markaðsvirði eins nærri rauntíma og unnt er og sé það ekki mögulegt skal hann geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættunni.

41. gr.

Frádrag

1. Miðlægur mótaðili skal setja og hrinda í framkvæmd stefnum og verklagsreglum til að ákvarða hæfilegt frádrag til að beita á virði trygginga.

2. Frádrag skal miðast við að nauðsynlegt kann að vera að innleysa tryggingarnar við erfiðar markaðsaðstæður og við ákvörðun þess skal taka tillit til tímans sem þarf til að innleysa þær. Miðlægi mótaðilinn skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á að frádragið sé reiknað út af varfærni til að takmarka sveiflumagnandi áhrif að því marki sem unnt er. Fyrir hverja eign sem lögð er fram sem trygging skal ákvarða frádragið með tilliti til viðeigandi viðmiða, þ.m.t.:

a) tegundar eignar og greiðslufallsáhættu sem tengist fjármálagerningnum á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi,

b) líftíma eignarinnar,

c) sögulegs verðflökts og ímyndaðs framtíðarverðflökts eignarinnar við erfiðar markaðsaðstæður,

d) seljanleika á undirliggjandi markaði, þ.m.t. verðbils kaup- og sölutilboðs,

e) gjaldeyrisáhættu, ef einhver er,

f) fylgniáhættu.

3. Miðlægur mótaðili skal hafa reglulegt eftirlit með því að frádrag sé fullnægjandi. Miðlægur mótaðili skal endurskoða stefnur og starfsreglur um frádrag a.m.k. árlega og alltaf þegar veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættu miðlæga mótaðilans, en ætti að forðast að því marki sem unnt er að gera truflandi eða stórstígar breytingar á frádragi sem gætu valdið sveiflumögnun. Meta skal stefnu og starfsreglur um frádrag á óháðan hátt a.m.k. árlega.

42. gr.

Samþjöppunarmörk

1. Miðlægur mótaðili skal setja og framkvæma stefnur og verklagsreglur til að tryggja að tryggingar séu nægilega dreifðar til að unnt sé að innleysa þær innan skilgreinds eignartímabils án þess að hafa veruleg áhrif á markaðinn. Stefnurnar og verklagsreglurnar skulu ákvarða ráðstafanir til að draga úr áhættu sem skal beita ef farið er yfir samþjöppunarmörkin sem tilgreind eru í 2. mgr.

2. Miðlægur mótaðili skal ákvarða samþjöppunarmörk fyrir:

a) einstaka útgefendur,

b) tegund útgefanda,

c) tegund eignar,

d) hvern stöðustofnunaraðila,

e) alla stöðustofnunaraðila.

3. Samþjöppunarmörk skulu ákvörðuð af varfærni að teknu tilliti til allra viðeigandi viðmiða, þ.m.t.:

a) fjármálagerninga sem gefnir eru út af útgefendum sömu tegundar út frá atvinnugrein, starfsemi, landsvæði,

b) umfangs greiðslufallsáhættu fjármálagerningsins eða útgefandans á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi,

c) seljanleika og verðflökts fjármálagerninganna.

4. Miðlægur mótaðili skal sjá til þess að ekki meira en 10% af tryggingum hans séu með ábyrgð einnar lánastofnunar, eða jafngildrar fjármálastofnunar í þriðja landi, eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu og lánastofnunin eða fjármálastofnunin í þriðja landi. Nemi tryggingar sem miðlægur mótaðili fær í formi viðskiptabankaábyrgða meira en 50% af heildartryggingunum má hækka þetta hámark í allt að 25%.

5. Við útreikning á þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2. mgr. skal miðlægur mótaðili taka tillit til heildaráhættu sem honum stafar af útgefanda, þ.m.t. heildarfjárhæð lánalína, innlánsskírteina, bundinna innlána, sparireikninga, innlánsreikninga, tékkareikninga, peningamarkaðsgerninga og endurhverfra viðskipta sem miðlægi mótaðilinn nýtir. Þessar takmarkanir gilda ekki um tryggingar sem miðlægi mótaðilinn hefur umfram lágmarkskröfurnar um tryggingar, vanskilasjóð eða annað fjármagn.

6. Við ákvörðun á samþjöppunarmörkunum fyrir áhættu miðlægs mótaðila sem stafar af einstökum útgefanda skal miðlægur mótaðili leggja saman og meðhöndla sem staka áhættu þá áhættu sína sem stafar af öllum fjármálagerningum sem gefnir eru út af útgefandanum eða aðila innan samstæðu hans, er með skýrum hætti með ábyrgð útgefandans eða aðila innan samstæðu hans, og af fjármálagerningum sem eru gefnir út af fyrirtækjum sem hafa þann eina tilgang að eiga framleiðslutæki sem eru nauðsynleg fyrir starfsemi útgefandans.

7. Miðlægur mótaðili skal hafa reglulegt eftirlit með því hvort stefnur og verklagsreglur hans um samþjöppunarmörk séu fullnægjandi. Miðlægur mótaðili skal endurskoða stefnu sína og verklagsreglur um samþjöppunarmörk a.m.k. árlega og hvenær sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættu miðlæga mótaðilans.

8. Miðlægur mótaðili skal upplýsa lögbæra yfirvaldið og stöðustofnunaraðilana um gildandi samþjöppunarmörk og allar breytingar á þessum mörkum.

9. Fari miðlægi mótaðilinn verulega yfir samþjöppunarmörk sem kveðið er á um í stefnum hans og verklagsreglum skal hann upplýsa lögbæra yfirvaldið um það án tafar. Miðlægur mótaðili skal leiðrétta brotið eins fljótt og unnt er.

XI. KAFLI

FJÁRFESTINGARSTEFNA

(Ákvæði 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

43. gr.

Auðseljanlegir fjármálagerningar

Að því er varðar 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er heimilt að telja skuldagerninga auðseljanlega gerninga sem lágmarksgreiðslufalls- og markaðsáhætta stafar af ef þeir uppfylla öll skilyrði II. viðauka.

44. gr.

Mjög öruggt fyrirkomulag afhendingar á fjármálagerningum til vörslu

1. Sé miðlægum mótaðila ókleift að leggja inn fjármálagerningana sem um getur í 45. gr. eða þá sem hann tekur við sem tryggingu, framlögum í vanskilasjóð eða framlögum í annað fjármagn, hvort sem er með framsali eignarréttar eða sem tryggingu, hjá rekstraraðila verðbréfauppgjörskerfis sem tryggir fulla vernd þessara gerninga skal leggja þá inn hjá einhverjum eftirfarandi aðila:

a) seðlabanka sem tryggir fulla vernd þessara gerninga og veitir miðlæga mótaðilanum tafarlausan aðgang að fjármálagerningunum þegar þess er þörf,

b) lánastofnun sem hefur starfsleyfi eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ([1]), tryggir fullan aðskilnað og vernd þessara gerninga og veitir miðlæga mótaðilanum tafarlausan aðgang að fjármálagerningunum þegar þess er þörf og sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi,

c) fjármálastofnun í þriðja landi sem lýtur og hlítir varfærnisreglum sem viðkomandi lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB, hefur traustar reikningsskilaaðferðir, vörsluaðferðir og innra eftirlit, tryggir fullan aðskilnað og vernd þessara gerninga og veitir miðlæga mótaðilanum tafarlausan aðgang að fjármálagerningunum þegar þess er þörf og sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

2. Séu fjármálagerningar settir í vörslu í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. skulu þeir geymdir samkvæmt fyrirkomulagi sem kemur í veg fyrir nokkuð tap miðlæga mótaðilans af vanskilum eða ógjaldfærni fjármálastofnunarinnar með starfsleyfið.

3. Mjög öruggt fyrirkomulag um afhendingu fjármálagernings til vörslu sem tryggingar, framlaga í vanskilasjóð eða framlaga í annað fjármagn skal aðeins gera miðlæga mótaðilanum kleift að endurnota þessa fjármálagerninga ef skilyrðin í 8. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eru uppfyllt og tilgangur endurnotkunarinnar er að inna af hendi greiðslur, hafa umsjón með vanskilum stöðustofnunaraðila eða annast fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

45. gr.

Mjög öruggt fyrirkomulag um viðhald reiðufjár

1. Að því er varðar 4. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal innstæða reiðufjár sem lagt er inn hjá öðrum aðila en seðlabanka uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) innstæðan sé í annaðhvort:

i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt fram á að hann geti með miklum áreiðanleika stýrt áhættu vegna eða,

ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar viðskipti í, innan marka tryggingarinnar sem tekið er við í þeim gjaldmiðli,

b) innstæðan sé lögð inn hjá einum ef eftirfarandi aðilum:

i. lánastofnun með starfsleyfi eins og skilgreint er í tilskipun 2006/48/EB sem miðlægi mótaðilinn geti sýnt fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi,

ii. fjármálastofnun í þriðja landi sem lúti og hlíti varfærnisreglum sem viðkomandi lögbær yfirvöld telji a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB, hafi traustar reikningsskilaaðferðir, vörsluaðferðir og innra eftirlit og sem miðlægi mótaðilinn geti sýnt fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

2. Sé reiðufé geymt sem innstæða yfir nótt í samræmi við 1. mgr. skal leggja inn a.m.k. 95% af slíku reiðufé, reiknað út yfir meðaltímabil eins almanaksmánaðar, með fyrirkomulagi sem tryggir að reiðuféð sé tryggt með auðseljanlegum fjármálagerningum sem uppfylla kröfurnar skv. 45. gr., fyrir utan kröfuna í c-lið 1. mgr. þeirrar greinar.

45. gr.

Samþjöppunarmörk

1. Miðlægur mótaðili skal setja og framkvæma stefnur og verklagsreglur til að tryggja að fjármálagerningar sem hann fjárfestir í séu nægilega dreifðir.

2. Miðlægur mótaðili skal ákvarða samþjöppunarmörk og fylgjast með samþjöppun á fjármagni sínu að því er varðar:

a) einstaka fjármálagerninga,

b) tegundir fjármálagerninga,

c) einstaka útgefendur,

d) tegundir útgefenda,

e) mótaðila sem gert er samkomulag við eins og kveðið er á um í b- og c-lið 1. mgr. 44. gr. eða 2. mgr. 45. gr.

3. Við ákvörðun tegunda útgefenda skal miðlægur mótaðili taka tillit til eftirfarandi:

a) landfræðilegrar dreifingar,

b) víxltengsla og margþættra tengsla sem aðili getur haft við miðlægan mótaðila,

c) umfangs greiðslufallsáhættu,

d) áhættu sem miðlægur mótaðili ber af útgefanda vegna afurða sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar.

4. Stefnurnar og verklagsreglurnar skulu mæla fyrir um ráðstafanir til að draga úr áhættu sem beita skal ef farið er yfir samþjöppunarmörkin.

5. Við ákvörðun á samþjöppunarmörkum vegna áhættu miðlægs mótaðila af einstökum útgefanda eða vörsluaðila skal miðlægur mótaðili leggja saman og meðhöndla sem staka áhættu þá áhættu sem stafar af öllum fjármálagerningum sem gefnir eru út af, eða með skýrri ábyrgð, útgefandans og allt fjármagn sem afhent er vörsluaðilanum til vörslu.

6. Miðlægur mótaðili skal hafa reglulegt eftirlit með því hvort stefnur og starfsreglur hans um samþjöppunarmörk séu fullnægjandi. Auk þess skal miðlægur mótaðili endurskoða stefnu sína og starfsreglur um samþjöppunarmörk a.m.k. árlega og hvenær sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á áhættu miðlæga mótaðilans.

7. Fari miðlægi mótaðilinn yfir samþjöppunarmörk sem kveðið er á um í stefnum hans og starfsreglum skal hann upplýsa lögbæra yfirvaldið um það án tafar. Miðlægur mótaðili skal leiðrétta brotið eins fljótt og unnt er.

46. gr.

Aðrar tryggingar en reiðufé

Sé tekið við tryggingum í formi fjármálagerninga í samræmi við ákvæði X. kafla skulu einungis 44. og 45. gr. gilda.

XII. KAFLI

ENDURSKOÐUN LÍKANA, ÁLAGSPRÓF OG AFTURVIRK PRÓF

(49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012)

1. ÞÁTTUR

Líkön og áætlanir

47. gr.

Sannreyning líkana

1. Miðlægur mótaðili skal framkvæma ítarlega sannreyningu á líkönum sínum, aðferðum þeirra og rammanum um stýringu lausafjáráhættu sem er notaður til að magngreina, leggja saman og stýra áhættu hans. Öll veruleg endurskoðun eða breytingar á líkönum hans, aðferðum og rammanum um stýringu lausafjáráhættu skulu lúta viðeigandi stjórnarháttum, þ.m.t. þegar ráða er leitað hjá áhættunefndinni, og viðurkenndar af til þess hæfum og óháðum aðila áður en þeim er beitt.

2. Sannreyningarferli miðlægs mótaðila skal skjalfest og skal að lágmarki tilgreina þær verklagsreglur sem er beitt til að prófa aðferðir miðlæga mótaðilans að því er varðar tryggingar, vanskilasjóð og annað fjármagn og rammann um útreikning á lausu fé. Öll veruleg endurskoðun eða breytingar á slíkum verklagsreglum skulu lúta viðeigandi stjórnarháttum, þ.m.t. þegar ráða er leitað hjá áhættunefndinni, og viðurkenndar af til þess hæfum og óháðum aðila áður en þeim er beitt.

3. Ítarleg sannreyning skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) mat á fræðilegum traustleika líkananna og rammans, þ.m.t. stuðningsgögn um þróun þeirra,

b) endurskoðun á viðvarandi eftirlitsferlum, þ.m.t. sannprófun á ferlum og viðmiðum,

c) endurskoðun á breytum og forsendum sem beitt er við þróun líkana, aðferða þeirra og rammans,

d) endurskoðun á því hve fullnægjandi og viðeigandi líkönin, aðferðir þeirra og ramminn sem notaður er eru fyrir þær tegundir samninga sem þau gilda um,

e) endurskoðun á því hve viðeigandi sviðsmyndir álagsprófa eru í samræmi við VII. kafla og 52. gr.,

f) greiningu á afleiðingum prófniðurstaða.

4. Miðlægur mótaðili skal setja viðmiðin sem hann hefur til hliðsjónar við mat á því hvort unnt sé að sannreyna líkön hans, aðferðir þeirra og rammann um stýringu lausafjáráhættu með árangursríkum hætti. Á meðal viðmiðanna skulu vera viðmið um fullnægjandi niðurstöður prófa.

5. Séu gögn um verðlagningu ekki auðveldlega aðgengileg eða ekki áreiðanleg skal miðlægur mótaðili taka á slíkum takmörkunum í tengslum við verð og a.m.k. beita varfærnislegum forsendum á grundvelli athugana á mörkuðum sem sýna fylgni við eða tengjast viðkomandi markaði og á grundvelli núverandi hegðunar hans.

6. Séu gögn um verðlagningu ekki auðveldlega aðgengileg eða ekki áreiðanleg skulu kerfin og verðmatslíkönin sem notuð eru í þessum tilgangi lúta viðeigandi stjórnarháttum, þ.m.t. þegar ráða er leitað hjá áhættunefndinni, sannreyningu og prófun. Miðlægur mótaðili skal afla viðurkenningar til þess hæfs og óháðs aðila á verðmatslíkönum sínum fyrir ýmsar markaðssviðsmyndir til að tryggja að líkönin sýni með nákvæmum hætti viðeigandi verð og skal, eftir atvikum, breyta útreikningi sínum á upphafstryggingum til að endurspegla þá líkansáhættu sem uppgötvast.

7. Miðlægur mótaðili skal reglulega meta eiginleika tryggingalíkansins á fræðilegum og reynslubyggðum forsendum fyrir alla fjármálagerningana sem hann stöðustofnar.

48. gr.

Prófáætlanir

1. Miðlægur mótaðili skal setja sér stefnur og verklagsreglur sem lýsa áætlunum um álagspróf og afturvirk próf sem hann framkvæmir til að meta hve viðeigandi, nákvæm, áreiðanleg og álagsþolin líkön hans og aðferðir eru, sem beitt er við útreikning á áhættustýringarþáttum, þ.m.t. tryggingum, framlögum í vanskilasjóð og öðru fjármagni, við ýmiss konar markaðsaðstæður.

2. Stefnur og verklagsreglur miðlægs mótaðila skulu einnig lýsa áætlun hans um álagspróf sem hann framkvæmir til að meta hve viðeigandi, nákvæmur, áreiðanlegur og álagsþolinn ramminn um stýringu lausafjáráhættu er.

3. Stefnurnar og starfsreglurnar skulu a.m.k. mæla fyrir um aðferðirnar við að velja og þróa viðeigandi próf, þ.m.t. val á gögnum um eignasöfn og markaði, tíðni prófa, tiltekin áhættueinkenni fjármálagerninga sem eru stöðustofnaðir, greiningu á niðurstöðum prófa og frávikum og viðeigandi úrbætur sem þörf er á.

4. Við framkvæmd allra prófa skal miðlægur mótaðili taka tillit til allra staðna viðskiptavina.

2. ÞÁTTUR

Afturvirk próf

49. gr.

Verklag afturvirkra prófa

1. Miðlægur mótaðili skal meta tryggingar sínar með því að bera saman eftir á raunverulegar niðurstöður og væntar niðurstöður tryggingalíkana. Slík afturvirk próf skal framkvæma daglega til að meta hvort um sé að ræða nokkur prófunarfrávik í tryggingarþekju. Meta skal þekju miðað við núverandi stöður fyrir fjármálagerninga og stöðustofnunaraðila og taka tillit til mögulegra áhrifa af tryggingartöku vegna eignasafna og, eftir því sem við á, rekstrarsamhæfðum miðlægum mótaðilum.

2. Miðlægur mótaðili skal meta viðeigandi sögulega tímaramma fyrir áætlun sína um afturvirk próf til að tryggja að skoðunartímabilið sem notað er dugi til að sporna við öllum skaðlegum áhrifum á tölfræðilega marktækni.

3. Miðlægur mótaðili skal í áætlun sinni um afturvirk próf a.m.k. tilgreina hvaða skýru tölfræðileg próf og framistöðuviðmið miðlægir mótaðilar skulu skilgreina fyrir matið á niðurstöðum afturvirkra prófa.

4. Miðlægur mótaðili skal reglulega skýra áhættunefndinni frá niðurstöðum afturvirkra prófa og greiningar sinnar á formi sem brýtur ekki trúnað, til að leita ráða hjá henni við endurskoðun á tryggingalíkani sínu.

5. Niðurstöður afturvirkra prófa og greiningar á þeim skulu gerðar aðgengilegar öllum stöðustofnunaraðilum og, ef miðlægur mótaðili veit hverjir þeir eru, viðskiptavinum. Að því er varðar alla aðra viðskiptavini skulu viðkomandi stöðustofnunaraðilar gera niðurstöður afturvirkra prófa og greiningar á þeim aðgengilegar samkvæmt beiðni. Safna skal slíkum upplýsingum saman á formi sem brýtur ekki trúnað og skulu stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir aðeins hafa aðgang að ítarlegum niðurstöðum afturvirkra prófa og greiningum þeirra í tengslum við þeirra eigin eignasöfn.

6. Miðlægur mótaðili skal skilgreina verklag fyrir þær aðgerðir sem hann gæti gripið til á grundvelli niðurstaðna greininga á afturvirkum prófum.

3. ÞÁTTUR

Næmnipróf og -greiningar

50. gr.

Verklag næmniprófa og -greininga

1. Miðlægur mótaðili skal framkvæma næmnipróf og -greiningar til að meta þekju tryggingalíkans síns við ýmsar markaðsaðstæður með sögulegum gögnum um raunverulegar erfiðar markaðsaðstæður og tilgátugögnum um mögulegar erfiðar markaðsaðstæður.

2. Miðlægur mótaðili skal nota margvíslegar breytur og forsendur sem ná til fjölbreyttra sögulegra og ímyndaðra aðstæðna, þ.m.t. þau tímabil þar sem mest flökt hefur verið á mörkuðunum sem hann þjónar og mjög miklar breytingar á fylgni milli verðs samninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar, til að öðlast skilning á því hvernig tryggingarþekja gæti orðið fyrir áhrifum af mjög erfiðum markaðsaðstæðum og breytingum á mikilvægum breytum í líkaninu.

3. Gera skal næmnigreiningu á ýmsum raunverulegum og lýsandi eignasöfnum stöðustofnunaraðila. Þessi lýsandi eignasöfn skulu valin á grundvelli næmni þeirra fyrir verulegum áhættuþáttum og fylgni sem miðlægi mótaðilinn stendur frammi fyrir. Slík næmniprófun og -greining skal hafa þann tilgang að prófa lykilbreytur og -forsendur líkansins fyrir upphafstryggingar miðað við nokkur öryggisbil til að ákvarða næmni kerfisins fyrir villum í kvörðun slíkra breytna og forsendna. Taka skal viðeigandi tillit til vaxta-/tímarófs (e. *term structure*) áhættuþáttanna og þeirrar fylgni sem talin er vera milli áhættuþátta.

4. Miðlægur mótaðili skal meta mögulegt tap af stöðum stöðustofnunaraðila.

5. Miðlægur mótaðili skal, eftir atvikum, meta breytur sem endurspegla samtímis vanskil stöðustofnunaraðila sem gefa út fjármálagerninga, eða undirliggjandi þætti afleiðna, sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar. Einnig skal eftir atvikum meta áhrif vanskila viðskiptavinar sem gefur út fjármálagerninga, eða undirliggjandi þætti afleiðna, sem miðlægur mótaðili stöðustofnar.

6. Miðlægur mótaðili skal reglulega skýra áhættunefndinni frá niðurstöðum næmniprófa sinna og -greininga, á formi sem brýtur ekki trúnað, til að leita ráða hjá henni við endurskoðun tryggingalíkans síns.

7. Miðlægur mótaðili skal skilgreina verklag fyrir þær aðgerðir sem hann gæti gripið til á grundvelli niðurstaðna greininga á næmniprófum.

4. ÞÁTTUR

Álagspróf

51. gr.

Verklag álagsprófa

1. Í álagsprófum miðlægs mótaðila skal beita álagsbreytum, -forsendum og -sviðsmyndum á líkönin sem notuð eru til áhættumats til að tryggja að fjármagn hans nægi til að mæta viðkomandi áhættu við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður.

2. Í áætlun miðlægs mótaðila um álagspróf skal honum gert að framkvæma ýmis álagspróf reglulega þar sem tekin eru til athugunar afurðasamsetning miðlæga mótaðilans og allir þættir líkana hans og aðferðir þeirra og rammi hans um stýringu lausafjáráhættu.

3. Áætlun miðlægs mótaðila um álagspróf skal mæla fyrir um að álagspróf séu framkvæmd með skilgreindum álagssviðsmyndum, bæði við sögulegar og ímyndaðar, óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður í samræmi við VII. kafla. Endurskoða og breyta skal fortíðaraðstæðum sem notaðar eru, eftir því sem við á. Miðlægur mótaðili skal einnig meta önnur form viðeigandi álagsprófunarsviðsmynda, þ.m.t., en ekki takmarkað við, tæknilegan eða fjárhagslegan vanda uppgjörsbanka hans, umboðsaðila eigin reikninga (e. *nostro agents*), vörslubanka, viðskiptavaka eða rekstrarsamhæfðra miðlægra mótaðila.

4. Miðlægur mótaðili skal hafa getu til að leiðrétta álagspróf sín fljótt til að taka mið af nýrri áhættu eða áhættu sem er í vændum.

5. Miðlægur mótaðili skal meta mögulegt tap vegna vanskila viðskiptavinar, sé hann þekktur, sem stöðustofnar gegnum marga stöðustofnunaraðila.

6. Miðlægur mótaðili skal reglulega skýra áhættunefndinni frá niðurstöðum álagsprófa sinna og greininga á þeim á formi sem brýtur ekki trúnað, til að leita ráða hjá henni við endurskoðun líkana sinna, aðferða sinna og ramma síns um stýringu lausafjáráhættu.

7. Niðurstöður álagsprófa og greiningar á þeim skulu gerðar aðgengilegar öllum stöðustofnunaraðilum og, ef miðlægur mótaðili veit hverjir þeir eru, viðskiptavinum. Að því er varðar alla aðra viðskiptavini skulu viðkomandi stöðustofnunaraðilar gera niðurstöður álagsprófa og greiningar á þeim aðgengilegar samkvæmt beiðni. Safna skal slíkum upplýsingum saman á formi sem brýtur ekki trúnað og skulu stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir aðeins hafa aðgang að ítarlegum niðurstöðum álagsprófa og greiningum á þeim í tengslum við þeirra eigin eignasöfn.

8. Miðlægur mótaðili skal skilgreina verklag sem tilgreinir þær aðgerðir sem hann gæti gripið til á grundvelli niðurstaðna greininga á álagsprófum.

52. gr.

Áhættuþættir til álagsprófunar

1. Miðlægur mótaðili skal ákvarða, og búa yfir viðeigandi aðferð til að mæla, þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um þá samninga sem hann stöðustofnar og gætu haft áhrif á tap hans. Álagspróf miðlægs mótaðila skulu a.m.k. taka tillit til áhættuþátta sem tilgreindir eru fyrir eftirfarandi tegundir fjármálagerninga, eftir því sem við á.

a) vaxtatengda samninga: áhættuþættir sem varða vexti í hverjum gjaldmiðli sem miðlægur mótaðili gerir upp fjármálagerningana í. Skipta skal líkönum fyrir ávöxtunarferla í mismunandi hluta eftir lokagjalddaga til að gera skil breytileikanum í flökti vaxta eftir ávöxtunarferlinum. Fjöldi tengdra áhættuþátta fer eftir því hve flóknir vaxtasamningarnir eru sem miðlægur mótaðili stöðustofnar. Grunnáhættu sem leiðir af ófullkominni fylgni milli vaxtahreyfinga ríkisbréfa og annarra verðbréfa með föstum tekjum skal gera skil með aðgreindum hætti.

b) samninga í tengslum við gengi gjaldmiðla: áhættuþættir sem varða hvern erlendan gjaldmiðil sem miðlægur mótaðili gerir upp fjármálagerninga í og gengi gjaldmiðils sem veðköll eru gerð í gagnvart gjaldmiðlinum sem miðlægur mótaðili stöðustofnar fjármálagerninga í,

c) samninga í tengslum við hlutabréf: áhættuþættir sem varða flökt einstakra hlutabréfaútgáfna á öllum mörkuðum þar sem miðlægur mótaðili stöðustofnar og flökt mismunandi geira hlutabréfamarkaðarins í heild. Þróunarstig og eðli líkansaðferða fyrir tiltekinn markað skal samsvara áhættu miðlæga mótaðilans af markaðnum í heild og samþjöppun hans í einstökum hlutabréfaútgáfum á þeim markaði,

d) hrávörusamninga: áhættuþættir sem varða mismunandi flokka og undirflokka hrávörusamninga og tengdar afleiður sem miðlægur mótaðili stöðustofnar, þ.m.t., eftir atvikum, breytileiki ávöxtunar vegna tiltækileika (e. *convenience yield*) milli afleiðustaðna og reiðufjárstaðna í hrávörunni,

e) samninga sem tengjast greiðslufallsáhættu: áhættuþættir sem varða áhættu vegna skyndilegra vanskila (e. *jump to default risk*), þ.m.t. uppsafnaða áhættu vegna margra vanskila, grunnáhættu og flökt endurheimtuhlutfalls.

2. Í álagsprófum sínum skal miðlægur mótaðili einnig taka tilhlýðilegt tillit til a.m.k. eftirfarandi:

a) fylgni, þ.m.t. milli áhættuþátta sem orðið hefur vart og sambærilegra samninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar,

b) þátta sem varða afleitt (e. *implied*) eða sögulegt flökt samningsins sem verið er að stöðustofna,

c) sérstakra eiginleika allra nýrra samninga sem fyrirhugað er að miðlægi mótaðilinn stöðustofni,

d) samþjöppunaráhættu, þ.m.t. af stöðustofnunaraðila og aðilum í samstæðu stöðustofnunaraðila,

e) víxltengsla og margþættra tengsla,

f) áhættu sem skiptir máli, þ.m.t. gjaldeyrisáhættu,

g) settra áhættutakmarkana,

h) fylgniáhættu.

53. gr.

Álagspróf á heildarfjármagn

1. Áætlun miðlægs mótaðila um álagspróf skal tryggja að samsetning hans á tryggingum, framlögum í vanskilasjóð og öðru fjármagni nægi til að standa straum af vanskilum a.m.k. þeirra tveggja stöðustofnunaraðila sem honum stafar mest áhætta af við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður. Áætlunin um álagspróf skal einnig fela í sér athugun á mögulegu tap vegna vanskila aðila innan sömu samstæðu og þeir tveir stöðustofnunaraðilar sem honum stafar mest áhætta af við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður.

2. Áætlun miðlægs mótaðila um álagspróf skal tryggja að tryggingar hans og vanskilasjóður nægi til að standa straum af a.m.k. vanskilum stöðustofnunaraðilans sem honum stafar mest áhætta af eða þeim stöðustofnunaraðilum sem honum stafar næstmest og þarnæstmest áhætta af, sé samanlögð áhætta vegna þeirra meiri, í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Miðlægi mótaðilinn skal gera ítarlega greiningu á mögulegu tapi sem hann gæti orðið fyrir og meta mögulegt tap á stöðum stöðustofnunaraðila, þ.m.t. hættuna á að innlausn á slíkum stöðum gæti haft áhrif á markaðinn og tryggingarþekju miðlæga mótaðilans.

4. Í álagsprófum sínum skal miðlægur mótaðili, eftir atvikum, meta áhrif vanskila stöðustofnunaraðila sem gefur út fjármálagerninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar eða undirliggjandi þætti afleiðna sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar. Einnig skal eftir atvikum meta áhrif vanskila viðskiptavinar sem gefur út fjármálagerninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar eða undirliggjandi þætti afleiðna sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar.

5. Álagspróf miðlægs mótaðila skulu taka mið af innlausnartímabilinu eins og kveðið er á um í 26. gr.

54. gr.

Álagspróf á laust fé

1. Áætlun miðlægs mótaðila um álagspróf á laust fé sitt skal tryggja að laust fé sé fullnægjandi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. kafla.

2. Miðlægur mótaðili skal hafa skýrar og gagnsæjar reglur og verklag til að taka á skorti á lausu fé sem álagspróf hans gefa til kynna, til að tryggja að staðið sé við greiðsluskuldbindingar.

Miðlægur mótaðili skal einnig hafa skýrar verklagsreglur um notkun niðurstaðna og greininga á álagsprófum sínum til mats á því hvort rammi hans um stýringu lausafjáráhættu og viðskiptavakar séu fullnægjandi og til að gera umbætur þar á.

3. Sviðsmyndir sem eru notaðar í álagsprófum á laust fé skulu taka til skipulags og rekstrar miðlæga mótaðilans og taka til allra aðila sem gætu valdið honum verulegri lausafjáráhættu. Slík álagspróf skulu einnig fela í sér mat á sterkum tengslum eða sambærilegum áhættuþáttum milli stöðustofnunaraðila hans, þ.m.t. annarra aðila sem eru hluti af sömu samstæðu, og mat á líkunum á mörgum vanskilum og smitáhrifum meðal stöðustofnunaraðila hans sem slík vanskil gætu valdið.

5. ÞÁTTUR

Tryggingarþekja og beiting niðurstaðna úr prófum

55. gr.

Að viðhalda nægri tryggingarþekju

1. Miðlægur mótaðili skal koma á og viðhalda verklagi til að greina breytingar á markaðsaðstæðum, þ.m.t. aukið flökt eða minni seljanleika fjármálagerninga sem hann stöðustofnar, til að geta tafarlaust lagað útreikning á kröfu sinni um tryggingu að breyttum markaðsaðstæðum með tilhlýðilegum hætti.

2. Miðlægur mótaðili skal framkvæma próf á frádragi sínu til að tryggja að unnt sé að innleysa tryggingar á a.m.k. virði þeirra að frádraginu frádregnu við sannreyndar og óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður.

3. Ef miðlægur mótaðili innheimtir tryggingar fyrir eignasafn, en ekki fyrir staka afurð, skal hann stöðugt endurskoða og prófa jöfnun milli afurða. Miðlægur mótaðili skal byggja slíka jöfnun á varfærnislegum og fjárhagslega marktækum aðferðum sem endurspegla umfang verðhæðis (e. *price dependence*) milli afurðanna. Einkum skal miðlægur mótaðili prófa hvernig fylgnin er við raunverulegar og ímyndaðar alvarlegar markaðsaðstæður.

56. gr.

Endurskoðun líkana á grundvelli niðurstaðna úr prófum

1. Miðlægur mótaðili skal hafa skýrt verklag til að ákvarða fjárhæð viðbótartrygginga sem hann kann að þurfa að krefjast, þ.m.t. innan dags, og til að endurkvarða tryggingalíkan sitt ef afturvirk próf gefa til kynna að líkanið hafi ekki virkað eins og gert var ráð fyrir og að það ákvarði þar af leiðandi ekki viðeigandi fjárhæð upphafstrygginga sem nauðsynleg er til að ná fyrirhuguðu öryggisstigi. Hafi miðlægur mótaðili ákveðið að nauðsynlegt sé að krefjast viðbótartrygginga skal hann gera það við næsta veðkall.

2. Miðlægur mótaðili skal meta upptök frávika sem afturvirk próf hans sýna fram á. Eftir því hver upptök frávika eru skal miðlægur mótaðili ákvarða hvort þörf er á grundvallarbreytingum á tryggingalíkaninu, eða á líkönunum sem leggja því til gögn, og hvort endurkvörðun núverandi mæliþátta sé nauðsynleg.

3. Miðlægur mótaðili skal meta upptök frávika sem álagspróf hans sýna fram á. Miðlægur mótaðili skal ákvarða hvort þörf er á grundvallarbreytingum á líkönum hans, aðferðum þeirra eða ramma sínum um stýringu lausafjáráhættu eða hvort nauðsynlegt sé að endurkvarða núverandi mæliþætti eða forsendur, á grundvelli upptaka frávika.

4. Sýni niðurstöður prófa fram á ófullnægjandi þekju tryggingar, vanskilasjóðs eða annars fjármagns skal miðlægur mótaðili auka heildarþekju fjármagns síns upp í fullnægjandi stig við næsta veðkall. Sýni niðurstöður prófa fram á ófullnægjandi laust fé skal miðlægur mótaðili auka laust fé sitt upp í ásættanlegt stig eins fljótt og auðið er.

5. Miðlægur mótaðili skal við endurskoðun á líkönum sínum, aðferðum þeirra og rammanum um stýringu lausafjáráhættu fylgjast með tíðni endurtekinna frávika í prófum til að greina og leysa úr málum með viðeigandi hætti og án ástæðulausrar tafar.

6. ÞÁTTUR

Afturvirk álagspróf

57. gr.

Afturvirk álagspróf

1. Miðlægur mótaðili skal gera afturvirk álagspróf sem eru til þess ætluð að greina við hvaða markaðsaðstæður samsetningin á tryggingum, vanskilasjóði og öðru fjármagni hans kann að veita ófullnægjandi tryggingarþekju með tilliti til greiðslufallsáhættu og laust fé hans kann að vera ófullnægjandi. Við framkvæmd slíkra prófa skal miðlægur mótaðili líkja eftir óvenjulegum markaðsaðstæðum sem eru óvenjulegri en það sem telst sennilegar markaðsaðstæður, til að gera betur kleift að meta takmarkanir líkana hans, ramma hans um stýringu lausafjáráhættu, fjármagns hans og lausafjár hans.

2. Miðlægur mótaðili skal þróa afturvirk álagspróf sem sniðin eru sérstaklega að áhættu markaðanna og samninganna sem hann veitir stöðustofnunarþjónustu vegna.

3. Miðlægur mótaðili skal beita aðstæðunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. og niðurstöðunum úr og greiningunum á afturvirkum álagsprófum sínum til að gera betur kleift að greina óvenjulegar en sennilegar sviðsmyndir í samræmi við VII. kafla.

4. Miðlægur mótaðili skal reglulega skýra áhættunefndinni frá niðurstöðum úr og greiningum á afturvirkum álagsprófum sínum, á formi sem brýtur ekki trúnað, til að leita ráða hjá henni við endurskoðun sína.

7. ÞÁTTUR

Vanskilaferli

58. gr.

Prófun á vanskilaferlum

1. Miðlægur mótaðili skal prófa og endurskoða vanskilaferli sín til að tryggja að þau séu hagnýt og skilvirk. Miðlægur mótaðili skal framkvæma hermunaræfingar sem hluta af prófun á vanskilaferlum sínum.

2. Miðlægur mótaðili skal, í kjölfarið á prófun á vanskilaferlum sínum, greina alla óvissuþætti og breyta verklagi sínu með viðeigandi hætti til að draga úr slíkri óvissu.

3. Miðlægur mótaðili skal, með því að framkvæma hermunaræfingar, staðfesta að allir stöðustofnunaraðilar, eftir því sem við á, viðskiptavinir og aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.m.t. rekstrarsamhæfðir miðlægir mótaðilar, og allir tengdir þjónustuveitendur séu upplýstir og þekki vanskilaferlin.

8. ÞÁTTUR

Tíðni sannreyningar og prófunar

59. gr.

Tíðni

1. Miðlægur mótaðili skal sannreyna líkön sín og aðferðir með ítarlegum hætti a.m.k. árlega.

2. Miðlægur mótaðili skal sannreyna ramma sinn um stýringu lausafjáráhættu með ítarlegum hætti a.m.k. árlega.

3. Miðlægur mótaðili skal framkvæma fulla sannreyningu á verðmatslíkönum sínum a.m.k. árlega.

4. Miðlægur mótaðili skal a.m.k. árlega endurskoða hve viðeigandi verklagið er sem tilgreint er í 51. gr.

5. Miðlægur mótaðili skal greina og hafa eftirlit með skilvirkni líkans síns og þekju fjármagns ef til vanskila kæmi, með því að prófa tryggingarþekjuna afturvirkt a.m.k. daglega og gera a.m.k. daglega álagspróf með stöðluðum og fyrirframákveðnum breytum og forsendum.

6. Miðlægur mótaðili skal greina og hafa eftirlit með ramma sínum um stýringu lausafjáráhættu með því að gera a.m.k. daglega álagspróf á lausafé sínu.

7. Miðlægur mótaðili skal greina niðurstöður prófa ítarlega a.m.k. mánaðarlega til að tryggja að álagsprófssviðsmyndir, líkön og rammi um stýringu lausafjáráhættu, grundvallarbreytur og forsendur sínar séu réttar. Slíka greiningu skal framkvæma oftar þegar markaðsaðstæður eru erfiðar, þ.m.t. þegar fjármálagerningarnir sem hann stöðustofnar eða markaðirnir sem hann þjónar almennt sýna mikið flökt, seljanleiki þeirra minnkar eða stærð eða samþjöppun staðna stöðustofnunaraðila hans eykst verulega, eða þegar þess er vænst að miðlægur mótaðili muni lenda í erfiðum markaðsaðstæðum.

8. Næmnigreiningu skal gera a.m.k. mánaðarlega með niðurstöðum næmniprófa. Slík greining skal fara fram oftar ef óvenjumikið flökt er á mörkuðum eða seljanleiki á þeim er óvenjulítill eða stærð eða samþjöppun staðna stöðustofnunaraðila hans eykst verulega.

9. Miðlægur mótaðili skal a.m.k. árlega prófa jafnanir milli fjármálagerninga og hvernig fylgni er við raunverulegar og ímyndaðar alvarlegar markaðsaðstæður.

10. Prófa skal frádrag miðlægs mótaðila a.m.k. mánaðarlega.

11. Miðlægur mótaðili skal gera afturvirk álagspróf a.m.k. ársfjórðungslega.

12. Miðlægur mótaðili skal prófa og endurskoða vanskilaferli sín a.m.k. ársfjórðungslega og framkvæma hermunaræfingar a.m.k. árlega, í samræmi við 61. gr. Miðlægur mótaðili skal einnig framkvæma hermunaræfingu í kjölfar allra verulegra breytinga á vanskilaferlum sínum.

9. ÞÁTTUR

Tímarammar sem notaðir eru í prófum

60. gr.

Tímarammar

1. Tímarammar sem miðað er við í álagsprófum skulu skilgreindir í samræmi við VII. kafla og skulu ná til óvenjulega en sennilega markaðsaðstæðna í framtíðinni.

2. Söguleg tímabil sem notast er við í afturvirkum prófum skulu fela í sér gögn frá a.m.k. næstliðnu ári eða ná eins langt aftur og miðlægi mótaðilinn hefur verið að stöðustofna viðkomandi fjármálagerning, sé það skemmri tími en eitt ár.

10. ÞÁTTUR

Opinber birting

61. gr.

Upplýsingar sem skal birta opinberlega

1. Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega þær almennu meginreglur sem liggja til grundvallar líkönum hans og aðferðum þeirra og upplýsingar um eðli prófa sem framkvæmd eru, ásamt almennri samantekt á niðurstöðum prófa og aðgerðum til úrbóta sem gripið hefur verið til.

2. Miðlægur mótaðili skal gera upplýsingar um helstu þætti vanskilaferlis síns aðgengilegar almenningi, þ.m.t.:

a) við hvaða aðstæður kann að vera gripið til aðgerða,

b) hver kann að grípa til þessara aðgerða,

c) umfang aðgerðanna sem kann að vera gripið til, þ.m.t. meðferð bæði staðna fyrir eigin reikning og staðna viðskiptavina, sjóða og eigna,

d) fyrirkomulag meðferðar á skuldbindingum miðlægs mótaðila gagnvart stöðustofnunaraðilum sem eru ekki í vanskilum,

e) fyrirkomulag til að gera betur kleift að meðhöndla skuldbindingar stöðustofnunaraðila í vanskilum gagnvart viðskiptavinum sínum.

62. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði h-liðar 2. þáttar I. viðauka taka gildi þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar að því er varðar viðskipti með afleiður, eins og um getur í b- og d-lið 4. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 ([1]).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

([1]) Stjtíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Skilyrði sem gilda um fjármálagerninga, bankaábyrgðir og gull sem teljast auðseljanlegar tryggingar

1. ÞÁTTUR

Fjármálagerningar

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu auðseljanlegar tryggingar í formi fjármálagerninga vera fjármálagerningar sem uppfylla skilyrðin sem kveðið er á um í 1. lið II. viðauka við þessa reglugerð eða framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) miðlægi mótaðilinn geti sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að fjármálagerningarnir hafi verið gefnir út af útgefanda sem lítil greiðslufallsáhætta stafar af á grundvelli fullnægjandi innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

b) miðlægi mótaðilinn geti sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að fjármálagerningarnir feli í sér litla markaðsáhættu á grundvelli fullnægjandi innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægi mótaðilinn beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti.

c) þeir séu í annaðhvort:

   i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna eða,

   ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar samninga í, innan marka þeirra trygginga sem þarf til að verjast áhættu miðlæga mótaðilans í þeim gjaldmiðli,

d) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki takmörkun samkvæmt reglum eða lögum né kröfum þriðja aðila sem hamla sölu,

e) það sé verslað með þá í beinni sölu eða með endurhverfum samningum á virkum markaði, í fjölbreyttum hópi kaupenda og seljanda, sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt fram á að hann hafi áreiðanlegan aðgang að, þ.m.t. við erfið skilyrði,

f) áreiðanleg gögn um verð þeirra séu birt reglulega,

g) þeir séu ekki gefnir út af:

   i. stöðustofnunaraðilanum sem leggur fram trygginguna, né aðila sem er hluti af sömu samstæðu og stöðustofnunaraðilinn, nema um sé að ræða sértryggt skuldabréf og aðeins ef eignirnar sem standa til tryggingar skuldabréfinu eru aðgreindar á viðeigandi hátt innan trausts lagaramma og uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í þessum þætti,

   ii. miðlægum mótaðila eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu og miðlægur mótaðili,

   iii. aðila sem veitir þjónustu sem er mikilvæg fyrir starfsemi miðlæga mótaðilans, nema sá aðili sé seðlabanki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða seðlabanki sem er útgefandi gjaldmiðils sem miðlægi mótaðilinn er með áhættuskuldbindingar í,

h) þeir séu ekki með öðrum hætti háðir verulegri fylgniáhættu.

2. ÞÁTTUR

Bankaábyrgðir

1. Viðskiptabankaábyrgð skal, með fyrirvara um takmarkanir sem samið er um við hið lögbæra yfirvald, uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta samþykki sem trygging skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

   a) hún sé gefin út til að tryggja ófjárhagslegan stöðustofnunaraðila,

   b) hún hafi verið gefin út af útgefanda sem miðlægi mótaðilinn geti sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli fullnægjandi innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

c) hún sé í annaðhvort:

i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna með fullnægjandi hætti eða,

ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar samninga í, innan marka þeirra trygginga sem þarf til að verjast áhættu miðlæga mótaðilans í þeim gjaldmiðli,

d) hún sé óafturkræf, skilyrðislaus og útgefandinn geti ekki byggt á undanþágu eða vörn samkvæmt lögum eða samningi til að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,

e) unnt sé að standa við hana, þegar þess er krafist, innan innlausnartímabils eignasafns stöðustofnunaraðilans sem er í vanskilum og hefur lagt hana fram, án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða rekstrarlegra takmarkana,

f) hún sé ekki gefin út af:

i. aðila sem er hluti af sömu samstæðu og ófjárhagslegi stöðustofnunaraðilinn sem ábyrgðin tryggir,

ii. aðila sem veitir þjónustu sem er afar mikilvæg fyrir starfsemi miðlæga mótaðilans, nema sá aðili sé seðlabanki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða seðlabanki sem er útgefandi gjaldmiðils sem miðlægi mótaðilinn er með áhættuskuldbindingar í,

g) hún sé ekki með öðrum hætti háð verulegri fylgniáhættu,

h) hún sé tryggð að fullu með tryggingu sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. hún sé ekki háð fylgniáhættu vegna fylgni við lánshæfi ábyrgðaraðilans eða ófjárhagslega stöðustofnunaraðilans, nema dregið hafi verið úr fylgniáhættunni á fullnægjandi hátt með frádragi af tryggingunni,

ii. miðlægi mótaðilinn hafi tafarlausan aðgang að henni og hún sé gjaldþrotsvarin (e. *bankruptcy remote*) ef til samtímis vanskila stöðustofnunaraðilans og ábyrgðaraðilans kemur.

i) að stjórn miðlæga mótaðilans hafi staðfest hæfi ábyrgðaraðilans eftir fullt mat á útgefandanum og á laga-, samnings- og rekstrarramma ábyrgðarinnar til að hafa mikla vissu um skilvirkni ábyrgðarinnar, og tilkynnt þetta til lögbæra yfirvaldsins.

2. Bankaábyrgð sem er gefin út af seðlabanka skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta samþykki sem trygging skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

a) hún sé gefin út af seðlabanka innan Evrópska efnahagssvæðisins eða seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil sem miðlægi mótaðilinn er með áhættuskuldbindingar í,

b) hún sé í annaðhvort:

i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna með fullnægjandi hætti,

ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar viðskipti í, innan marka tryggingana sem þarf til að verjast áhættu miðlæga mótaðilans í þeim gjaldmiðli,

c) hún sé óafturkræf, skilyrðislaus og seðlabankinn sem gefur hana út geti ekki byggt á undanþágu eða vörn samkvæmt lögum eða samningi til að andmæla greiðslu ábyrgðarinnar,

d) unnt sé að standa við hana innan innlausnartímabils eignasafns stöðustofnunaraðilans sem er í vanskilum og hefur lagt hana fram, án takmarkana samkvæmt reglum eða lögum eða rekstrarlegra takmarkana eða krafna þriðja aðila til hennar.

3. ÞÁTTUR

Gull

Gull skal vera hreinar gullstangir samkvæmt viðurkenndum kröfum (e. *good delivery*) og uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta samþykki sem trygging skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

a) það sé í beinni eigu miðlæga mótaðilans,

b) það hafi verið lagt inn hjá seðlabanka á Evrópska efnahagssvæðinu eða seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil sem miðlægi mótaðilinn er með áhættuskuldbindingar í, sem hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt stöðustofnunaraðila eða viðskiptavinar á gullinu og veitir miðlæga mótaðilanum greiðan aðgang að gullinu þegar þess er krafist,

c) það hafi verið lagt inn hjá lánastofnun með starfsleyfi eins og hún er skilgreind í tilskipun 2006/48/EB sem hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt stöðustofnunaraðila eða viðskiptavina á gullinu, veitir miðlæga mótaðilanum greiðan aðgang að gullinu þegar þess er krafist og sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli fullnægjandi innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að lánastofnunin sé með aðsetur í tilteknu landi.

d) það hafi verið lagt inn hjá lánastofnun í þriðja landi sem lýtur og hlítir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/48/EB og sem hefur traustar reiknings-skilaaðferðir, vörslufyrirkomulag og innra eftirlit og hefur gert fullnægjandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt stöðustofnunaraðila eða viðskiptavina á gullinu, veitir miðlæga mótaðilanum greiðan aðgang að gullinu þegar þess er krafist og sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að lítil greiðslufallsáhætta stafi af á grundvelli fullnægjandi innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að lánastofnunin sé með aðsetur í tilteknu landi.

———

II. VIÐAUKI

Skilyrði sem gilda um auðseljanlega fjármálagerninga

1. Að því er varðar 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er heimilt að telja fjármálagerninga auðseljanlega fjármálagerninga sem lágmarksgreiðslufalls- og markaðsáhætta stafar af ef þeir eru skuldagerningar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) þeir séu útgefnir af eða með beinni ábyrgð:

      i. ríkis,

      ii. seðlabanka,

      iii. fjölþjóðlegs þróunarbanka sem talinn er upp í þætti 4.2 í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,

      iv. Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins eða evrópska stöðugleikakerfisins, eftir atvikum,

   b) miðlægi mótaðilinn geti sýnt fram á að lítil greiðslufalls- og markaðsáhætta stafi af þeim á grundvelli innra mats miðlæga mótaðilans. Við framkvæmd slíks mats skal miðlægur mótaðili beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi áliti og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

   c) meðaltími til lokagjalddaga í eignasafni miðlæga mótaðilans sé ekki lengri en tvö ár,

   d) þeir séu annaðhvort í:

      i. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hann geti stýrt áhættu vegna eða

      ii. gjaldmiðli sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar viðskipti í, innan marka trygginga sem tekið er við í þeim gjaldmiðli,

   e) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki takmörkunum samkvæmt reglum né kröfu þriðja aðila sem hamlar sölu,

   f) verslað sé með þá í beinni sölu eða með endurhverfum samningum á virkum markaði, í fjölbreyttum hópi kaupenda og seljanda, þ.m.t. við erfið skilyrði, sem miðlægi mótaðilinn hefur áreiðanlegan aðgang að,

   g) áreiðanleg verðgögn um þessa gerninga séu birt reglulega.

2. Að því er varðar 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er heimilt að telja afleiðusamninga auðseljanlegar fjárfestingar sem lágmarksgreiðslufalls- og markaðsáhætta stafar af ef þeir eru gerðir í þeim tilgangi:

   a) að áhættuverja eignasafn stöðustofnunaraðila í vanskilum sem hluti af vanskilastýringarferli miðlægs mótaðila eða

   b) að áhættuverjast gjaldeyrisáhættu sem leiðir af rammanum um stýringu lausafjáráhættu sem komið er á í samræmi við VIII. kafla.

   Séu afleiðusamningar notaðir við þessar aðstæður skal takmarka notkun þeirra við afleiðusamninga sem áreiðanleg verðgögn eru birt um reglulega og við tímann sem nauðsynlegur er til að draga úr þeirri greiðslufalls- og markaðsáhættu sem miðlægi mótaðilinn stendur frammi fyrir.

   Stjórnin skal samþykkja stefnu miðlæga mótaðilans um notkun afleiðusamninga að höfðu samráði við áhættunefndina.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 876/2013 **2019/EES/25/07**

frá 28. maí 2013

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fagráð fyrir miðlæga mótaðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að tryggja samræmda og samfellda starfsemi fagráða í öllu Sambandinu er nauðsynlegt að skilgreina fyrirkomulagið vegna þátttöku miðlægra mótaðila í fagráðum til að auðvelda framkvæmd verkefna sem tilgreind eru í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Undanþága seðlabanka sem gefur út mikilvægan gjaldmiðil Sambandsins að því er varðar þá fjármálagerninga sem eru stöðustofnaðir hjá miðlæga mótaðilanum, hefur ekki áhrif á rétt slíks seðlabanka sem gefur út gjaldmiðla til að óska eftir og fá upplýsingar í samræmi við 3. mgr. 18. gr. og 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3) Starfsemi miðlægs mótaðila getur skipt máli fyrir tiltekinn seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil í ljósi þess magns sem stöðustofnað er í þeim gjaldmiðli sem gefinn er út af slíkum seðlabanka. Mikilvægi gjaldmiðils fyrir þátttöku seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil í fagráði miðlægra mótaðila ætti þó að vera ákvarðað út frá vægi gjaldmiðilsins í meðaltali opinna, stöðustofnaðra staða til að viðhalda hlutfallslegri stærð fagráðsins.

4) Til að tryggja að fundir fagráðs nái skilvirkum árangri ætti lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans að skilgreina skýr markmið fyrir hvern fund eða hvert verkefni fagráðsins, í samráði við aðila fagráðsins. Dreifa ætti markmiðunum tímanlega til þátttakenda, auk skjala frá lögbæru yfirvaldi miðlæga mótaðilans eða frá öðrum aðilum fagráðsins, til að skapa skilvirkar umræður.

5) Hlutverk fagráða er að auðvelda framkvæmd verkefna sem tilgreind eru í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og verkefni sem falin eru aðilum fagráðsins sem og samsetning, stofnsetning og stjórnun fagráða hafa verið framsett af löggjafanum í reglugerðinni sem lagaleg skuldbinding og eru þar af leiðandi bindandi og gilda í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Til að starfsemi fagráðsins gangi í reynd ættu aðilar fagráðsins að samþykkja skriflegt samkomulag. Til að tryggja notkun staðlaðra, skriflegra samkomulaga þvert á fagráð miðlægra mótaðila, innleiða bestu starfsvenjur í starfsemi fagráða, samræmda nálgun lögbærra yfirvalda og skjóta stofnsetningu fagráða miðlægra mótaðila innan tímamarkanna, sem sett eru í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gefa út viðmiðunarreglur og tilmæli í samræmi við verklagið sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([2]).

6) Ekkert í þessari gerð skal hafa áhrif á vald framkvæmdastjórnarinnar til að setja af stað málsmeðferð vegna brota í samræmi við 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, né aðgerðirnar sem kveðið er á um í 265. gr. og d-lið 271. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

7) Til að tryggja tímanleg og uppfærð upplýsingaskipti á milli aðila fagráðsins ætti fagráðið að funda reglulega, svo að aðilar fagráðsins fái tækifæri til umræðna og til að koma með innlegg til lögbærs yfirvalds varðandi endurskoðun á tilhögun, stefnuáætlun, ferli og fyrirkomulagi sem miðlægur mótaðili tekur upp til að fara að reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem og að ræða mat lögbærra yfirvalda á áhættunni sem miðlægur mótaðili mætir eða kann að mæta og sem hann getur sjálfur valdið.

8) Til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða allra aðila fagráðsins skal lögbært yfirvald gera sitt ítrasta til að tryggja að leyst sé úr öllum ágreiningi milli yfirvalda sem ætla að gerast aðilar fagráðs áður en gengið er frá skriflegu samkomulagi um stofnsetningu og starfsemi fagráðsins. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að stuðla að því að gengið sé frá samkomulaginu í samræmi við skyldur sínar við sáttamiðlun, eftir því sem við á.

9) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 244, 13.9.2013, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við, eftir því sem við á, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, evrópska kerfisáhætturáðið og aðila að seðlabankakerfi Evrópu áður en drögin að tæknilegu stöðlunum, sem þessi reglugerð byggist á, voru lögð fram. Í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010, hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Skilgreining á mikilvægustu gjaldmiðlum

1. Ákvarða skal mikilvægustu gjaldmiðla Sambandsins á grundvelli vægis hvers gjaldmiðils í meðaltali opinna staða miðlægs mótaðila í lok dags fyrir alla fjármálagerninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar, reiknað út yfir eins árs tímabil.

2. Mikilvægustu gjaldmiðlar Sambandsins skulu vera þeir þrír gjaldmiðlar sem eru með mesta vægið samkvæmt útreikningi í samræmi við 1. mgr., að því tilskildu að vægi hvers og eins þeirra sé hærra en 10%.

3. Reikna skal út vægi gjaldmiðla árlega.

2. gr.

Skipulag á starfsemi fagráða

1. Eftir að hafa metið umsókn sem fullnægjandi eins og um getur í 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans dreifa tillögu að skriflegu samkomulagi skv. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 til aðilanna að fagráðinu í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Skriflega samkomulagið skal fela í sér ferli árlegrar endurskoðunar. Það skal einnig fela í sér breytingaferli sem lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans eða aðrir aðilar fagráðsins geta farið eftir hvenær sem er til að koma af stað breytingum, með fyrirvara um samþykki fagráðsins í samræmi við ferlið sem lýst er í þessari grein.

2. Geri aðilar fagráðsins sem um getur í 1. mgr. ekki athugasemdir innan 10 almanaksdaga skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans halda áfram með samþykkt á skriflegu samkomulagi fagráðsins og stofnsetningu fagráðsins í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Geri aðilar fagráðsins athugasemdir við tillögu að skriflegu samkomulagi sem dreift hefur verið skv. 1. mgr. skulu þeir leggja athugasemdirnar fram ásamt ítarlegum útskýringum hjá lögbæru yfirvaldi miðlæga mótaðilans innan 10 almanaksdaga. Ef við á skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans semja endurskoðaða tillögu og boða til fundar til samþykktar á endanlegu skriflegu samkomulagi, að teknu tilliti til þess frests sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

4. Fagráð telst stofnað þegar skriflega samkomulagið hefur verið samþykkt.

5. Allir aðilar fagráðs eru bundnir af skriflegu samkomulagi sem samþykkt er í samræmi við 1.–3. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Þátttaka í fagráðunum

1. Óski lögbært yfirvald aðildarríkis, sem er ekki aðili fagráðsins í samræmi við 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir upplýsingum frá fagráðinu, skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans ákveða, að höfðu samráði við fagráðið, hvaða leið er mest viðeigandi til að veita upplýsingar til og óska eftir upplýsingum frá yfirvöldunum sem eru ekki aðilar fagráðsins.

2. Hver aðili fagráðs skal tilnefna einn þátttakanda til að sitja fundi fagráðsins og getur tilnefnt einn varamann, með þeirri undantekningu að lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans getur krafist þess að fleiri þátttakendur, án atkvæðisréttar, bætist við.

3. Ef fleiri en einn seðlabanki gefa út einn af mikilvægustu gjaldmiðlum Sambandsins skulu viðkomandi seðlabankar koma sér saman um einn fulltrúa til að sitja í fagráðinu.

4. Þegar yfirvald hefur rétt til þátttöku í fagráðinu samkvæmt fleiri en einum af c- til h-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 getur það tilnefnt fleiri þátttakendur sem ekki hafa atkvæðisrétt.

5. Þegar um er að ræða fleiri en einn þátttakanda frá aðila fagráðs, í samræmi við þessa grein, eða fleiri aðila fagráðs sem tilheyra sama aðildarríki en sem svarar til atkvæðafjöldans sem þeir ráða yfir, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu viðkomandi aðili fagráðs eða aðilar fagráðs upplýsa fagráðið um það hvaða þátttakendur munu beita atkvæðisrétti.

4. gr.

Stjórnarhættir fagráða

1. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal tryggja að starf fagráðsins auðveldi þau verkefni sem vinna á í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. Fagráðið skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um öll verkefni sem fagráðið framkvæmir í samræmi við 1. mgr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa samræmingarhlutverk við eftirlit með verkefnum sem fagráð vinnur og skal tryggja að markmið þess samræmist markmiðum annarra fagráða eftir því sem unnt er.

3. Lögbært yfirvald miðlægs mótaðila skal að lágmarki tryggja að:

a) markmið hvers fundar eða verkefnis fagráðsins séu skilgreind með skýrum hætti,

b) fundir eða starf fagráðsins séu skilvirk og tryggt sé að allir aðilar fagráðs séu fyllilega upplýstir um starf fagráðsins sem skiptir þá máli,

c) tímaáætlanir funda eða verkefna fagráðsins séu skilgreindar svo afrakstur þeirra styðji við eftirlit með miðlæga mótaðilanum,

d) miðlægi mótaðilinn og aðrir helstu hagsmunaaðilar hafi glöggan skilning á hlutverki og starfi fagráðsins,

e) reglulega sé gerð úttekt á starfi fagráðsins og úrbætur séu gerðar ef fagráðið starfar ekki sem skyldi,

f) dagskrá sé ákveðin fyrir árlegan fund aðila fagráðsins til skipulagningar á áfallastjórnun í samstarfi við miðlæga mótaðilann ef nauðsyn krefur.

4. Til að tryggja skilvirkni og árangur fagráðsins skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans gegna hlutverki miðlægs tengiliðar um mál sem varða verklegt skipulag fagráðsins. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal að lágmarki hafa eftirfarandi verkefni með höndum:

a) að semja, uppfæra og dreifa tengiliðaskrá yfir aðila fagráðsins,

b) að dreifa dagskrá, auk skjala vegna funda eða verkefna fagráðsins,

c) að halda fundargerðir og móta aðgerðir,

d) að stýra vefsetri fagráðsins eða öðrum rafrænum aðferðum til upplýsingaskipta, ef einhverjar eru,

e) eftir því sem auðið er, að útvega upplýsingar og sérfræðiteymi, þegar við á, til að aðstoða fagráðið við verkefni þess,

f) að deila upplýsingum á viðeigandi hátt meðal aðila fagráðsins.

5. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal ákveða hve oft fagráðið fundar, með hliðsjón af stærð, eðli, umfangi og flækjustigi hans, kerfislægum áhrifum miðlæga mótaðilans á milli lögsaga og gjaldmiðla, hugsanlegum áhrifum af starfsemi hans, utanaðkomandi aðstæðum og hugsanlegum beiðnum frá aðilum fagráðsins. Fagráðið skal funda a.m.k. árlega og, telji lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans það nauðsynlegt, í hvert skipti sem taka þarf ákvörðun samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal reglulega skipuleggja fundi milli aðila fagráðsins og yfirstjórnar miðlæga mótaðilans.

6. Skriflega samkomulagið sem vísað er til í 2. gr. skal tilgreina að fundir fagráðsins séu ákvörðunarbærir ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta.

7. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal leitast við að tryggja að hver fundur fagráðs sé ákvörðunarbær. Sé fundur ekki ákvörðunarbær skal formaður tryggja að ákvörðunum sem þarf að taka sé frestað þar til ráðið er ákvörðunarbært, að teknu tilliti til viðkomandi tímamarka sem greinir í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

5. gr.

Upplýsingaskipti milli yfirvalda

1. Hver aðili fagráðsins skal veita lögbæru yfirvaldi miðlæga mótaðilans tímanlega allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til starfrækslu fagráðsins og til framkvæmdar á lykilstarfsemi sem aðilinn tekur þátt í. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal veita aðilum fagráðsins sambærilegar upplýsingar tímanlega.

2. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal að lágmarki veita fagráðinu eftirfarandi upplýsingar:

a) um verulegar breytingar á skipulagi og eignarhaldi á samstæðu miðlæga mótaðilans,

b) um verulegar breytingar á eiginfjárstöðu miðlæga mótaðilans,

c) um breytingar á skipulagi, framkvæmdastjórn, ferlum eða fyrirkomulagi þegar breytingarnar hafa veruleg áhrif á stjórnarhætti eða áhættustýringu,

d) um lista yfir stöðustofnunaraðila miðlæga mótaðilans,

e) um yfirvöldin sem koma að eftirliti með miðlæga mótaðilanum, þ.m.t. breytingar á starfsskyldum þeirra,

f) um verulegar ógnir sem steðja að getu miðlæga mótaðilans til að fara að reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og viðkomandi framseldum gerðum og framkvæmdarreglugerðum,

g) um erfiðleika sem hafa hugsanlega veruleg smitáhrif,

h) um þætti sem gefa til kynna hugsanlega mikla hættu á smitáhrifum,

i) um mikilvæga þróun á fjárhagsstöðu miðlæga mótaðilans,

j) um snemmbær hættumerki mögulegs lausafjárvanda eða stórfelldra svika,

k) um tilvik vanskila aðila og eftirfylgniaðgerðir,

l) um viðurlög og óvenjulegar eftirlitsráðstafanir,

m) um skýrslur um vandamál eða atvik í starfseminni og ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta,

n) um reglubundin gögn um starfsemi miðlæga mótaðilans, en umfang og tíðni þeirra skulu samþykkt sem hluti af skriflega samkomulaginu eins og lýst er í 2. gr.,

o) um yfirlit yfir mikilvægar viðskiptatillögur, þ.m.t. nýjar afurðir eða þjónustu sem á að bjóða,

p) um breytingar á áhættulíkani, álagsprófun og afturvirkri prófun miðlæga mótaðilans,

q) um breytingar á fyrirkomulagi miðlæga mótaðilans um rekstrarsamhæfi, eftir atvikum.

3. Upplýsingaskipti milli aðila fagráðsins skulu endurspegla starfsskyldur þeirra og upplýsingaþörf. Til að forðast óþarft upplýsingaflæði skal halda upplýsingaskiptunum hæfilegum að umfangi og beina þeim að áhættu.

4. Aðilar fagráðsins skulu meta hvaða aðferðir til upplýsingamiðlunar eru skilvirkastar til að tryggja samfelld, tímanleg og hæfileg upplýsingaskipti.

5. Skýrslan um áhættumat, sem lögbært yfirvald miðlægs mótaðila á að gera í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal lögð fram hjá fagráðinu innan viðeigandi tímamarka til að tryggja að aðilar fagráðsins fái tækifæri til að fara yfir hana og leggja sitt til málanna, sé þess þörf.

6. gr.

Frjáls skipting og úthlutun verkefna

1. Aðilar fagráðs skulu koma sér saman um ítarlega skilmála um allt sérstakt fyrirkomulag um úthlutun og frjálsa skiptingu verkefna til annarra aðila, einkum ef um er að ræða úthlutun á helstu eftirlitsverkefnum aðila.

2. Aðilar að sérstöku úthlutunarfyrirkomulagi og fyrirkomulagi um frjálsa skiptingu verkefna skulu koma sér saman um ítarlega skilmála sem skulu að lágmarki taka til eftirfarandi atriða:

a) þeirrar tilteknu starfsemi á skýrt tilgreindum sviðum sem fela á einhverjum eða úthluta til einhvers,

b) verklags og ferla sem nota á,

c) hlutverks og starfsskyldna hvers aðila,

d) hvers konar upplýsingum á að miðla milli aðilanna.

3. Verkaskipting og úthlutun verkefna skal ekki fela í sér breytingu á úthlutun ákvörðunarvalds hins lögbæra yfirvalds miðlæga mótaðilans.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1002/2013 **2019/EES/25/08**

frá 12. júlí 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á alþjóðlega meðferð seðlabanka og opinberra aðila sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera og lagt niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið ([2]). Framkvæmdastjórnin hefur einkum framkvæmt samanburðargreiningu á meðhöndlun slíkra opinberra aðila og seðlabanka innan réttarkerfis marktæks fjölda þriðju landa ásamt áhættustýringarstöðlunum sem eiga við um afleiðuviðskiptin sem þessir aðilar og seðlabankar stunda innan þessara lögsagna.

2) Að undanfarandi greiningu komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að seðlabankar og opinberir aðilar sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinber ættu að njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og tilkynningarskyldunni sem gildir um OTC-afleiður samkvæmt reglum um OTC-afleiður sem innleiddar hafa verið í Japan og Bandaríkjunum.

3) Með því að bæta seðlabönkum og opinberum aðilum sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera í Japan og Bandaríkjunum, við skrána yfir aðila sem njóta undanþágunnar, sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ætti að vera stuðlað með hlutlausum hætti fyrir markaðinn að beitingu umbóta á OTC-afleiðum að því er varðar viðskipti við seðlabanka í þessum lögsögum sem og að meiri samfellu og samkvæmni á alþjóðavísu.

4) Peningaleg ábyrgð og stýring skulda hins opinbera hafa samanlögð áhrif á starfsemi vaxtamarkaða og því ætti að samræma þessa tvo þætti til að tryggja að þeir séu framkvæmdir á skilvirkan hátt. Þar sem reglugerð (ESB) nr. 648/2012 útilokar frá gildissviði sínu seðlabanka í Evrópusambandinu og aðrar opinberar stofnanir í Sambandinu sem sjá um skuldastýringu, til að geta þeirra til að sinna verkefnum sem varða sameiginlega hagsmuni skerðist ekki, myndi beiting mismunandi reglna fyrir báða þessa þætti hafa skaðleg áhrif á skilvirkni þeirra þegar aðilar í þriðju löndum sjá um þá. Til að tryggja að seðlabankar í þriðju löndum og aðrir opinberir aðilar sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera, geti áfram sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti ættu opinberir aðilar í þriðju löndum sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera einnig að vera undanþegnir reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi c-liður bætist við 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

„c) seðlabanka og opinbera aðila sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera í eftirfarandi löndum:

i. Japan,

ii. Bandaríkjunum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) COM(2013) 158, lokagerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1003/2013 **2019/EES/25/09**

frá 12. júlí 2013

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af afleiðuviðskiptaskrám (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 3. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 62. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([2]), kveða á um að tekjur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samanstandi af gjöldum sem greidd eru til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í tilvikum sem tilgreind eru í löggjöf Sambandsins, ásamt framlögum frá innlendum opinberum yfirvöldum og styrk frá Sambandinu.

2) Leggja ætti skráningargjald á afleiðuviðskiptaskrár með staðfestu í Sambandinu til að endurspegla kostnað Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna úrvinnslu umsóknar um skráningu. Kostnaðurinn sem tengist mati á umsókninni eykst þegar afleiðuviðskiptaskrá miðar að því ná yfir a.m.k. þrjá afleiðuflokka eða bjóða upp á hliðarstarfsemi. Því ætti að reikna út skráningargjaldið með tilliti til þessara tveggja hlutlægu viðmiðana.

3) Einnig má gera ráð fyrir að hliðarstarfsemi og skýrsluþjónusta í fleiri en þremur flokkum afleiðna hafi bein áhrif á framtíðarveltu afleiðuviðskiptaskrárinnar. Í þeim tilgangi að innheimta skráningargjöld ætti því að flokka afleiðuviðskiptaskrár í þrjá mismunandi flokka áætlaðrar heildarveltu (há, miðlungs og lág áætluð heildarvelta), sem ættu að bera mishá skráningargjöld, eftir því hvort þær ætli að veita hliðar- eða skýrsluþjónustu í fleiri en þremur flokkum afleiðna eða hvort tveggja.

4) Hefji afleiðuviðskiptaskrá hliðarstarfsemi eftir skráningu eða taki upp starfsemi í fleiri en þremur flokkum afleiðna, og falli því í hærri flokk út frá áætlaðri heildarveltu, ætti afleiðuviðskiptaskráin að greiða mismuninn á því skráningargjaldi sem greitt var upphaflega og því skráningargjaldi sem á við þann nýja flokk áætlaðrar heildarveltu sem hún flokkast nú í.

5) Til að fækka órökstuddum umsóknum ætti ekki að endurgreiða skráningargjald ef umsækjandi dregur umsókn sína til baka á meðan skráningarferlið stendur yfir, né þegar skráningu er hafnað.

6) Til að tryggja skilvirka notkun þeirra fjármuna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar hefur úr að spila og á sama tíma létta fjárhagslega byrði aðildarríkja og Sambandsins, er nauðsynlegt að tryggja að afleiðuviðskiptaskrár greiði a.m.k. allan kostnað í tengslum við eftirlit með þeim. Gjöld skal ákvarða þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang af starfsemi sem tengist afleiðuviðskiptaskrám. Ef um er að ræða endurtekinn umtalsverðan halla eða afgang ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða fjárhæð þóknana og gjalda.

7) Til að tryggja sanngjarna og skýra álagningu gjalda sem einnig endurspeglar raunverulega vinnu stjórnsýslunnar við hvern aðila sem sætir eftirliti ætti að reikna eftirlitsgjaldið á grundvelli veltu af grunnstarfsemi afleiðuviðskiptaskrár. Eftirlitsgjöld sem innheimt eru af afleiðuviðskiptaskrá ættu að vera í réttu hlutfalli við starfsemi þeirrar einstöku afleiðuviðskiptaskrár í samanburði við heildarstarfsemi allra afleiðuviðskiptaskráa sem eru skráðar og undir eftirliti, innan tiltekins fjárhagsárs. Í ljósi þess að fastur umsýslukostnaður fylgir eftirliti með afleiðuviðskiptaskrám ætti þó að leggja á lágmarkseftirlitsgjald.

8) Þar sem einungis takmörkuð gögn varðandi starfsemi afleiðuviðskiptaskrár verða tiltæk á því ári sem hún er skráð ætti að reikna út fyrsta eftirlitsgjaldið á grunni skráningargjalds og þeirrar vinnu sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lagði í eftirlit með þeirri afleiðuviðskiptaskrá það ár.

9) Afleiðuviðskiptaskrár eru tiltölulega nýir aðilar sem veita nýja eftirlitsskylda fjármálaþjónustu og því eru ekki enn til áreiðanlegir mælikvarðar á veltu þeirra. Samt sem áður ætti að taka tillit til allmargra þátta til að meta veltu afleiðuviðskiptaskráa, einkum grunnfjárhagstekjur afleiðuviðskiptaskráa af miðlægri söfnun og viðhaldi skráa yfir afleiður, að undanskildum hvers konar tekjum af hliðarstarfsemi, fjölda viðskipta sem tilkynnt eru á tilteknu tímabili og fjölda viðskipta sem eru útistandandi við lok hvers tímabils. Á fyrsta starfsári afleiðuviðskiptaskrár ætti eftirlitsgjald að vera

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

í samræmi við þá vinnu sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innir af hendi við eftirlit með henni frá skráningardegi til loka þess árs á grundvelli skráningargjalda sem ákvörðuð eru samkvæmt áætlaðri heildarveltu.

10) Afleiðuviðskiptaskrár sem eru skráðar á árinu 2013 munu ekki hefja skýrsluþjónustu fyrir lok ársins 2013 og verða umsvif þeirra árið 2013 líklega næstum engin. Því ætti árlegt eftirlitsgjald fyrir árið 2014 að vera reiknað út á grundvelli gildandi veltu þeirra á fyrri hluta ársins 2014.

11) Í ljósi þess að afleiðuviðskiptaskrár eru í mótun sem atvinnugrein og vegna hugsanlegrar framtíðarþróunar ætti að endurskoða þá aðferð sem notuð er til að reikna út veltu afleiðuviðskiptaskráa, ef þörf er á. Innan fjögurra ára frá gildistöku þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort aðferðafræðin við að reikna út veltu, sem sett er fram í þessari reglugerð, sé viðeigandi.

12) Kveða ætti á um reglur um gjald sem leggja ber á afleiðuviðskiptaskrár í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu í Sambandinu samkvæmt viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 til að mæta kostnaði vegna viðurkenningarinnar og árlegs eftirlits. Í þessu samhengi byggist kostnaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á nauðsynlegum útgjöldum tengdum viðurkenningu afleiðuviðskiptaskráa í þriðju löndum, skv. 2. mgr. 77. gr. þeirrar reglugerðar, gerð samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda í þeim þriðju löndum þar sem afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um er skráð, skv. 3. mgr. 75. gr. þeirrar reglugerðar, og eftirliti með skráðum afleiðuviðskiptaskrám. Kostnaðinum sem tengist gerð samstarfssamninga verður skipt á milli viðurkenndra afleiðuviðskiptaskráa frá sama þriðja landi.

13) Eftirlitshlutverkið sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur með höndum að því er varðar viðurkenndar afleiðuviðskiptaskrár í þriðju löndum tengist aðallega framkvæmd samstarfssamninga, þ.m.t. skilvirkum gagnaskiptum á milli viðkomandi yfirvalda. Kostnaðurinn við að sinna þessu hlutverki ætti að falla undir eftirlitsgjöld sem viðurkenndar afleiðuviðskiptaskrár greiða. Þar eð þessi kostnaður verður mun lægri en sá sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ber af því að annast beint eftirlit með skráðum afleiðuviðskiptaskrám í Sambandinu ættu eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar afleiðuviðskiptaskrár að vera umtalsvert lægri en lágmarkseftirlitsgjaldið sem lagt er á skráðar afleiðuviðskiptaskrár sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur beint eftirlit með.

14) Í ljósi hugsanlegrar þróunar í framtíðinni þykir rétt að aðferðafræðin við að reikna út gildandi veltu sem og upphæðir skráningar-, viðurkenningar- og eftirlitsgjalda verði endurskoðaðar og uppfærðar eftir því sem þörf krefur.

15) Lögbær landsyfirvöld bera kostnað af að annast vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 einkum í tengslum við úthlutun verkefna í samræmi við 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Gjöldin sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur á afleiðuviðskiptaskrár ættu einnig að standa straum af þeim kostnaði. Til að lögbær yfirvöld beri ekki tap eða hafi hagnað af að annast verkefni sem þeim eru falin eða af að aðstoða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einungis að endurgreiða raunverulegan kostnað sem það lögbæra landsyfirvald stofnar til.

16) Þessi reglugerð ætti að mynda grunn að rétti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að leggja gjöld á afleiðuviðskiptaskrár. Til þess að greiða án tafar fyrir virkri og skilvirkri eftirlitsstarfsemi og framfylgd ætti hún að öðlast gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Þessi reglugerð mælir fyrir um reglur um gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja á afleiðuviðskiptaskrár vegna skráningar, eftirlits með og viðurkenningar þeirra.

2. gr.

Endurheimt eftirlitskostnaðar að fullu

Gjöldin sem lögð eru á afleiðuviðskiptaskrár skulu standa straum af:

a) öllum kostnaði er tengist skráningu afleiðuviðskiptaskráa og eftirliti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með þeim í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. þeim kostnaði sem hlýst af viðurkenningu afleiðuviðskiptaskráa,

b) öllum kostnaði vegna endurgreiðslu til lögbærra yfirvalda sem hafa annast vinnu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, einkum vegna úthlutunar verkefna í samræmi við 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. gr.

Gildandi velta

1. Gildandi velta afleiðuviðskiptaskrár á tilteknu fjárhagsári (n) skal vera samtala eins þriðja af sérhverju eftirfarandi:

a) tekjum afleiðuviðskiptaskrárinnar af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður á grundvelli endurskoðaðra reikninga næstliðins árs (n-1), deilt með heildartekjum allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður á næstliðnu ári (n-1),

b) fjölda viðskipta sem tilkynnt hafa verið til afleiðuviðskiptaskrárinnar á næstliðnu ári (n-1), deilt með heildarfjölda viðskipta sem tilkynnt hafa verið til allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa á næstliðnu ári (n-1),

c) fjölda skráðra útistandandi viðskipta 31. desember á næstliðnu ári (n-1), deilt með heildarfjölda skráðra útistandandi viðskipta 31. desember á næstliðnu ári (n-1) hjá öllum skráðum afleiðuviðskiptaskrám.

Gildandi velta tiltekinnar afleiðuviðskiptaskrár („TRi“ í formúlunni hér á eftir) sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknuð út eins og hér segir:

$$\frac{1}{3} \times \frac{Grunntekjur\ TRi}{Grunntekjur\ allra\ TR} + \frac{1}{3} \times \frac{Viðskipti\ sem\ tilkynnt\ eru\ til\ TRi}{\sum Viðskipti\ sem\ tilkynnt\ eru\ til\ allra\ TR} + \frac{1}{3} \times \frac{Útistandandi\ viðskipti\ hjá\ TRi}{Útistandandi\ viðskipti\ hjá\ öllum\ TR}$$

2. Hafi afleiðuviðskiptaskráin ekki starfað allt árið (n-1) skal meta gildandi veltu samkvæmt formúlunni í 1. mgr. með því að framreikna fyrir afleiðuviðskiptaskrána, og fyrir hvern þátt sem vísað er til í a-, b- og c-lið 1. mgr., gildin sem eru reiknuð fyrir þann fjölda mánaða sem afleiðuviðskiptaskráin starfaði á árinu (n-1) fyrir allt árið (n-1).

4. gr.

Leiðrétting gjalda

1. Gjöld sem lögð eru á afleiðuviðskiptaskrár skal ákvarða þannig að komið sé í veg fyrir verulegan uppsafnaðan halla eða afgang.

Sé um að ræða endurtekinn verulegan halla eða afgang skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoða fjárhæðir gjaldanna.

2. Dugi gjöldin sem lögð eru á afleiðuviðskiptaskrár á ári (n) ekki til að standa straum af nauðsynlegum heildarútgjöldum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna skráningar, eftirlits með og viðurkenningar á afleiðuviðskiptaskrám skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hækka á ári (n+1) eftirlitsgjöldin sem lögð eru á afleiðuviðskiptaskrárnar sem voru skráðar á öllu árinu (n) og eru enn skráðar á ári (n+1) um nauðsynlega fjárhæð.

3. Leiðrétting gjalda vegna halla sem fellur undir 2. mgr. skal reiknuð fyrir hverja einstaka afleiðuviðskiptaskrá í hlutfalli við gildandi veltu hennar á ári (n).

II. KAFLI

GJÖLD

5. gr.

Tegundir gjalda

1. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu lögð á afleiðuviðskiptaskrár með staðfestu í Sambandinu sem sækja um skráningu í samræmi við 1. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

a) skráningargjöld skv. 6. gr.,

b) árleg eftirlitsgjöld skv. 7. gr.

2. Eftirfarandi tegundir gjalda skulu lögð á afleiðuviðskiptaskrár með staðfestu í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

a) viðurkenningargjöld skv. 1. mgr. 8. gr.,

b) árleg eftirlitsgjöld fyrir viðurkenndar afleiðuviðskiptaskrár skv. 2. mgr. 8. gr.

6. gr.

Skráningargjald

1. Skráningargjald sem einstakar afleiðuviðskiptaskrár, sem sækja um skráningu, greiða skal reikna út samkvæmt þeirri eftirlitsvinnu sem nauðsynleg er til mats og athugunar á umsókninni, sem og áætlaðri heildarveltu afleiðuviðskiptaskrárinnar eins og hún er tilgreind í 2.–6. mgr.

2. Í útreikningi á fjárhæð skráningargjaldsins skal taka tillit til eftirfarandi starfsemi:

a) hliðarþjónustu afleiðuviðskiptaskrárinnar, s.s. staðfestingar viðskipta, pörunar viðskipta, þjónustu tengda lánaatburðum, staðfestingar eignasafna eða samþjöppunar eignasafna,

b) skráningarþjónustu afleiðuviðskiptaskrárinnar í þremur eða fleiri flokkum afleiðna.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal afleiðuviðskiptaskrá teljast bjóða hliðarþjónustu í öllum eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar hún veitir beina hliðarþjónustu,

b) þegar aðili sem tilheyrir sama flokki og afleiðuviðskiptaskráin veitir óbeina hliðarþjónustu,

c) þegar hliðarþjónustan er veitt af aðila sem afleiðuviðskiptaskráin hefur gert samning við um samstarf um að veita þjónustu, í tengslum við viðskipta- eða eftirviðskiptakeðjuna eða rekstrarsviðið.

4. Taki afleiðuviðskiptaskrá þátt í hvorugri starfseminni sem getið er um í 2. mgr. telst viðkomandi afleiðuviðskiptaskrá hafa lága áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 45 000 evrum.

5. Taki afleiðuviðskiptaskrá þátt í annarri hvorri starfseminni sem getið er um í 2. mgr. telst viðkomandi afleiðuviðskiptaskrá hafa miðlungsmikla áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 65 000 evrum.

6. Taki afleiðuviðskiptaskrá þátt í báðum tegundum starfsemi sem um getur í 2. mgr. telst viðkomandi afleiðuviðskiptaskrá hafa háa áætlaða heildarveltu og skal greiða skráningargjald sem nemur 100 000 evrum.

7. Verði verulegar breytingar á þjónustu sem er veitt, sem leiðir til þess að afleiðuviðskiptaskránni ber að borga hærri skráningargjöld skv. 4., 5. og 6. mgr. en greidd voru í upphafi, skal afleiðuviðskiptaskráin greiða mismuninn á skráningargjaldinu sem greitt var í upphafi og hærra, gildandi skráningargjaldinu sem leiðir af hinum verulegu breytingum.

7. gr.

Árlegt eftirlitsgjald fyrir skráðar afleiðuviðskiptaskrár

1. Árlegt eftirlitsgjald skal lagt á skráðar afleiðuviðskiptaskrár.

2. Reikna skal út heildarfjárhæð árlegs eftirlitsgjalds fyrir tiltekið fjárhagsár (n) á eftirfarandi hátt:

a) grunnur útreiknings á heildarfjárhæð árlegs eftirlitsgjalds fyrir tiltekið fjárhagsár (n) skal samanstanda af áætluðum útgjöldum er tengjast eftirliti með afleiðuviðskiptaskrám eins og gert er ráð fyrir í kostnaðaráætlun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar fyrir það ár, sett fram og samþykkt í samræmi við 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010,

b) reikna skal út heildarfjárhæð árlegs eftirlitsgjalds fyrir tiltekið fjárhagsár (n) með því að draga eftirfarandi frá áætluðum útgjöldum skv. a-lið:

i. heildarskráningargjöld sem afleiðuviðskiptaskrár greiða í samræmi við 6. gr. á viðkomandi fjárhagsári (n) og viðbótarskráningargjöld sem afleiðuviðskiptaskrár sem eru þegar skráðar greiða á viðkomandi fjárhagsári (n) ef veruleg breyting verður á skráningu þeirra eins og um getur í 7. mgr. 6. gr.,

ii. heildarviðurkenningargjöld sem afleiðuviðskiptaskrár í þriðju löndum greiða í samræmi við 8. gr. á viðkomandi fjárhagsári (n),

iii. upphaflegt skráningargjald sem afleiðuviðskiptaskrám ber að greiða á viðkomandi fjárhagsári (n) skv. 4. mgr.,

c) skráð afleiðuviðskiptaskrá skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem fæst með því að deila heildarfjárhæð árlega eftirlitsgjaldsins, sem er reiknað út skv. b-lið, á milli allra afleiðuviðskiptaskráa sem skráðar eru á ári (n-1), í réttu hlutfalli við hlutfall gildandi veltu afleiðuviðskiptaskrárinnar af heildarfjárhæð gildandi heildarveltu allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa, sem reiknuð er út skv. 1. mgr. 3. gr., og leiðrétt skv. 2. og 3. mgr. 4. gr.

3. Afleiðuviðskiptaskráin skal þó aldrei greiða lægra árlegt eftirlitsgjald en sem nemur 30 000 evrum.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. skal skráð afleiðuviðskiptaskrá greiða á skráningarári sínu fyrsta skráningargjald sem nemur því sem er lægra af eftirfarandi:

a) skráningargjaldið sem greiða skal í samræmi við 6 gr.,

b) skráningargjaldið sem greiða skal í samræmi við 6. gr., margfaldað með hlutfallinu milli fjölda virkra daga frá skráningardegi hennar til ársloka og 60 virkra daga.

Þetta skal reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$\textit{(TR eftirlitsgjald á ári 1 = Min (TR skráningargjald, TR skráningargjald * reiknistuðull)}$$

$$\textit{Reiknistuðull} \frac{\textit{Virkir dagar með eftirliti á ári 1}}{\textit{60}}$$

8. gr.

Gjald fyrir viðurkenningu afleiðuviðskiptaskráa í þriðja landi

1. Afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um viðurkenningu skal greiða umsóknargjald sem er reiknað út sem samtala eftirfarandi:

a) 20 000 evra,

b) fjárhæðinnar sem fæst með því að deila 35 000 evrum með heildarfjölda afleiðuviðskiptaskráa frá sama þriðja landi sem eru annaðhvort viðurkenndar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða hafa sótt um viðurkenningu en hafa ekki enn hlotið viðurkenningu.

2. Afleiðuviðskiptaskrá sem er viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal greiða árlegt eftirlitsgjald sem nemur 5 000 evrum.

III. KAFLI

GREIÐSLU- OG ENDURGREIÐSLUSKILYRÐI

9. gr.

Almennt greiðslufyrirkomulag

1. Öll gjöld skulu greidd í evrum. Þau skulu greidd eins og tilgreint er í 10., 11. og 12. gr.

2. Allur greiðsludráttur skal leiða til álagningar dagsekta sem nema 0,1% af gjaldfallinni fjárhæð.

10. gr.

Greiðsla skráningargjalda

1. Skráningargjaldið sem um getur í 6. gr. skal greitt að fullu þegar afleiðuviðskiptaskráin sækir um skráningu.

2. Skráningargjöld skulu ekki endurgreidd ef afleiðuviðskiptaskrá dregur umsókn sína um skráningu til baka áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur rökstudda ákvörðun um að skrá eða synja um skráningu, eða ef skráningu er synjað.

11. gr.

Greiðsla árlegra eftirlitsgjalda

1. Árlegt eftirlitsgjald, sem um getur í 7. gr., fyrir tiltekið fjárhagsár skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar það ár og skal nema tveimur þriðju af áætluðu árlegu eftirlitsgjaldi. Liggi gildandi velta sem reiknuð er út skv. 3. gr. ekki enn fyrir á þeim tíma skal útreikningur á veltunni byggjast á síðustu gildandi veltu sem fyrir liggur skv. 3. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. ágúst. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlegu eftirlitsgjaldi sem reiknað er út skv. 7. gr. að frádreginni fjárhæð fyrri afborgunarinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikningana vegna afborgana til afleiðuviðskiptaskránna a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

12. gr.

Greiðsla viðurkenningargjalda

1. Viðurkenningargjöldin sem um getur í 1. mgr. 8. gr. skulu greidd að fullu þegar afleiðuviðskiptaskráin sækir um viðurkenningu. Þau skulu ekki endurgreidd.

2. Í hvert skipti sem ný umsókn berst um viðurkenningu á afleiðuviðskiptaskrá í þriðja landi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurreikna fjárhæðina sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 8. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða þegar viðurkenndum afleiðuviðskiptaskrám frá sama þriðja landinu jafna hluta mismunarins milli fjárhæðarinnar sem innheimt er skv. b-lið 1. mgr. 8. gr. og þeirrar fjárhæðar sem er niðurstaða endurútreikningsins. Sá mismunur skal endurgreiddur annaðhvort með beinni greiðslu eða með lækkun þeirra gjalda sem koma til greiðslu á næsta ári.

3. Árlegt eftirlitsgjald sem leggst á viðurkennda afleiðuviðskiptaskrá skal koma til greiðslu fyrir lok febrúarmánaðar á hverju fjárhagsári. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda viðurkenndri afleiðuviðskiptaskrá reikning a.m.k. 30 dögum fyrir þann dag.

13. gr.

Endurgreiðsla til lögbærra yfirvalda

1. Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja gjöld á afleiðuviðskiptaskrár vegna skráningar þeirra, eftirlits með þeim og viðurkenningar þeirra.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurgreiða lögbæru yfirvaldi þann raunverulega kostnað sem það stofnar til við framkvæmd verkefna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, einkum sem leiðir af úthlutun verkefna í samræmi við 74. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

IV. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Gjöld fyrir árið 2013

1. Afleiðuviðskiptaskrár sem sækja um skráningu árið 2013 skulu greiða skráningargjaldið sem vísað er til í 6. gr. að fullu 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða á deginum sem umsóknin um skráningu er lögð fram, ef sá dagur er síðar.

2. Afleiðuviðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2013 skulu greiða vegna ársins 2013 fyrsta árlega eftirlitsgjaldið, sem reiknað er út í samræmi við 4. mgr. 7. gr., að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir að ákvörðunin um skráningu er tekin, ef sá dagur er síðar.

3. Afleiðuviðskiptaskrár í þriðju löndum sem sækja um viðurkenningu árið 2013 skulu greiða viðurkenningargjaldið sem vísað er til í 1. mgr. 8. gr. að fullu 30 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða á þeim degi sem umsóknin er lögð fram, ef sá dagur er síðar.

4. Afleiðuviðskiptaskrár í þriðju löndum sem viðurkenndar eru árið 2013 skulu greiða vegna ársins 2013 árlegt eftirlitsgjald, sem reiknað er út í samræmi við 3. mgr. 8. gr., að fullu 60 dögum eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða 30 dögum eftir að ákvörðunin um viðurkenningu er tekin, ef sá dagur er síðar.

15. gr.

Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2014 fyrir afleiðuviðskiptaskrár sem eru skráðar árið 2013

1. Afleiðuviðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2013 skulu greiða árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2014, sem reiknað er út skv. 7. gr. á grundvelli gildandi veltu þeirra á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014, eins og greinir í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Við útreikning á eftirlitsgjöldum vegna ársins 2014 fyrir afleiðuviðskiptaskrár sem eru skráðar árið 2013 skv. 7. gr. skal gildandi velta afleiðuviðskiptaskrár vera samtala eins þriðja af sérhverju eftirfarandi:

a) tekna af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður afleiðuviðskiptaskrárinnar á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014, deilt með heildartekjum af þeirri grunnstarfsemi að safna saman og viðhalda með miðlægum hætti gögnum um afleiður allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014,

b) fjölda viðskipta sem tilkynnt hafa verið til afleiðuviðskiptaskrárinnar á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014, deilt með heildarfjölda viðskipta sem tilkynnt eru til allra skráðra afleiðuviðskiptaskráa á tímabilinu 1. janúar 2014 til 30. júní 2014,

c) fjölda skráðra útistandandi viðskipta 30. júní 2014, deilt með heildarfjölda skráðra útistandandi viðskipta 30. júní 2014 hjá öllum skráðum afleiðuviðskiptaskrám.

3. Árlegt eftirlitsgjald vegna ársins 2014 fyrir afleiðuviðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2013 skal greitt með tveimur afborgunum.

Fyrsta afborgunin skal koma til greiðslu 28. febrúar 2014 og skal samsvara skráningargjaldinu sem afleiðuviðskiptaskráin greiðir árið 2013 skv. 6. gr.

Síðari afborgunin skal koma til greiðslu 31. ágúst. Fjárhæð síðari afborgunarinnar skal nema árlega eftirlitsgjaldinu sem reiknað er út skv. 1. og 2. mgr. að frádreginni fjárhæð fyrstu afborgunarinnar.

Sé fjárhæðin sem afleiðuviðskiptaskrá greiðir með fyrstu afborgun hærri en árlega eftirlitsgjaldið sem reiknað er út skv. 1. og 2. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurgreiða afleiðuviðskiptaskránni mismuninn milli fjárhæðarinnar sem greidd er með fyrstu afborguninni og árlega eftirlitsgjaldsins skv. 1. og 2. mgr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda sölureikningana vegna afborgana á árlega eftirlitsgjaldinu vegna ársins 2014 til afleiðuviðskiptaskráa sem skráðar eru árið 2013 a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

5. Þegar endurskoðuð reikningsskil ársins 2014 verða tiltæk skulu afleiðuviðskiptaskrár sem skráðar eru árið 2013 tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar breytingar á vísunum sem um getur í a-, b- eða c- lið 2. mgr., sem notaðir eru til að reikna út gildandi veltu skv. 2. mgr., sem rekja má til mismunarins milli endanlegra gagna og bráðabirgðagagna sem notuð eru við útreikninginn.

Afleiðuviðskiptaskrár verða krafðar um greiðslu á þeim mismuni milli árlega eftirlitsgjaldsins vegna ársins 2014 sem er greitt í raun og árlega eftirlitsgjaldsins vegna ársins 2014 sem greiða ber í kjölfar breytinga á vísunum, sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. mgr., sem notaðir eru til útreiknings á gildandi veltu skv. 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda reikning fyrir hverja viðbótargreiðslu sem afleiðuviðskiptaskrá ber að greiða vegna breytinga á einhverjum þeirra vísa sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. mgr., sem notaðir eru til útreiknings á gildandi veltu skv. 2. mgr., a.m.k. 30 dögum fyrir viðkomandi gjalddaga.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 285/2014 **2019/EES/25/10**

frá 13. febrúar 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif samninga innan Sambandsins og til að koma í veg fyrir að reglur og skuldbindingar séu sniðgengnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr. og e-lið 14. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þar sem til eru mörg afbrigði OTC-afleiðusamninga ætti að samþykkja aðferð byggða á viðmiðunum til að ákvarða hvenær OTC-afleiðusamningur geti talist hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins og í tilvikum þegar það er nauðsynlegt eða viðeigandi að koma í veg fyrir að reglur og skuldbindingar, sem hljótast af einhverju ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, séu sniðgengnar.

2) Þar sem ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 teljast skv. 3. mgr. 13. gr. hennar hafa verið uppfyllt þegar a.m.k. einn af mótaðilunum er með staðfestu í landi þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdargerð um jafngildi í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ættu þessir tæknilegu eftirlitsstaðlar að gilda um samninga ef báðir mótaðilar eru með staðfestu í þriðja landi þar sem fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar hefur enn ekki verið lýst jafngilt þeim kröfum sem mælt er fyrir um í fyrrnefndri reglugerð.

3) Tilteknar upplýsingar um samninga sem gerðir eru af aðilum í þriðju löndum ættu þó einungis að vera aðgengilegar samkeppnisyfirvöldum í þriðja landi. Því ættu samkeppnisyfirvöld í Evrópusambandinu að vinna náið með þessum yfirvöldum til að tryggja að viðeigandi ákvæðum sé beitt og þeim framfylgt.

4) Í ljósi þess að tækniheiti er nauðsynlegt til að skilja viðeigandi tæknistaðla til hlítar ætti að skilgreina slíkt heiti.

5) OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru af aðilum í þriðju löndum og falla undir ábyrgðina sem veitt er af aðilum með staðfestu í Sambandinu skapa fjárhagslega áhættu hjá ábyrgðarveitandanum sem hefur staðfestu í Sambandinu. Enn fremur, þar sem áhættan væri háð fjárhæð ábyrgðarinnar sem fjárhagslegir mótaðilar veita til að standa straum af OTC-afleiðusamningum og í ljósi innbyrðis tengsla milli fjárhagslegra mótaðila samanborið við ófjárhagslega mótaðila skulu einungis OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru af aðilum með staðfestu í þriðju löndum og falla undir ábyrgð sem fer yfir ákveðna stærðartakmörkun og veitt er af fjárhagslegum mótaðilum með staðfestu í Sambandinu, teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins.

6) Fjárhagslegir mótaðilar með staðfestu í þriðju löndum geta orðið aðilar að OTC-afleiðusamningum gegnum útibú þeirra í Sambandinu. Að teknu tilliti til áhrifanna af starfsemi þessara útibúa á markaði Sambandsins ættu OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru á milli þessara útibúa í Sambandinu að teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 85, 21.3.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

7) OTC-afleiðusamningar, sem eru gerðir af tilteknum mótaðilum í þeim megintilgangi að komast hjá beitingu stöðustofnunarskyldunnar eða aðferðanna við áhættumildun og gilda um aðila sem hefðu orðið eðlilegir mótaðilar í samningnum, ættu að teljast sniðganga reglur og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þar sem þeir koma í veg fyrir að tilgangi reglugerðarinnar sé náð, þ.e. að milda greiðsluáhættu mótaðila.

8) OTC-afleiðusamningar, sem eru hluti af fyrirkomulagi sem grundvallast ekki á viðskiptalegum forsendum eða viðskiptalegum tilgangi og miðast fyrst og fremst við að sniðganga beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. reglur sem varða skilyrði fyrir undanþágu, ættu að teljast sniðganga þær reglur og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í fyrrnefndri reglugerð.

9) Aðstæður þar sem einstakir þættir fyrirkomulagsins eru ekki í samræmi við lagaleg meginatriði þess í heild, þar sem fyrirkomulagið er framkvæmt á þann hátt sem alla jafnan tíðkast ekki innan ramma þess sem telst vera eðlilegir viðskiptahættir, þar sem fyrirkomulagið felur í sér þau áhrif að jafna eða ógilda gagnkvæmt efnahagslegt inntak þeirra, þar sem efnisatriði fyrirkomulagsins fara þvert gegn lagalegum tilgangi þess, ættu að teljast vísbendingar um málamyndagerninga eða röð málamyndagerninga.

10) Það er æskilegt að sameina tæknistaðla varðandi samningana sem hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins sem og tæknistaðla til að koma í veg fyrir að reglur og skuldbindingar, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, séu sniðgengnar, í einum gerningi, þar sem báðir tæknistaðlarnir tengjast stöðustofnunarskyldunni og viðeigandi aðferðum til að milda áhættu. Þar að auki deila þeir sameiginlegum þáttum, s.s. beitingu þeirra á samninga þar sem mótaðilar falla ekki undir stöðustofnunarskylduna eða viðeigandi aðferðir til að milda áhættu, ef skilyrðum v. liðar a-liðar 1. mgr. 4. gr. og e-liðar 14. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem frekar eru skilgreind í þessari reglugerð, er ekki fullnægt.

11) Í ljósi þess að einingar í þriðju löndum sem hafa orðið fyrir áhrifum af þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum þurfa tíma til að fara að tilskildum ákvæðum og kröfum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þegar OTC-afleiðusamningar þeirra uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum og teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins, er viðeigandi að fresta beitingu þeirra ákvæða er varða þessi skilyrði um sex mánuði.

12) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

13) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 [1] hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. þeirrar reglugerðar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„ábyrgð“: skilmerkilega skjalfest lagaleg skuldbinding ábyrgðarveitanda til að standa straum af greiðslu fjárhæða, sem eru gjaldfallnar eða kunna að falla í gjalddaga samkvæmt OTC-afleiðusamningum sem ábyrgðin tekur til og gerðir eru af ábyrgðarhafanum, til rétthafans þegar vanskil eiga sér stað eins og þau eru skilgreind í ábyrgðinni eða þegar ábyrgðarhafinn hefur ekki innt greiðslu af hendi.

2. gr.

Samningar sem hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins

1. OTC-afleiðusamningur skal teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins þegar a.m.k. einn aðili í þriðja landi nýtur ábyrgðar sem fjárhagslegur mótaðili með staðfestu í Sambandinu veitir og sem tekur til skuldbindingar aðilans, í heild eða að hluta, sem hlýst af OTC-afleiðusamningnum, að því marki sem ábyrgðin uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

a) hún tekur til allrar skuldbindingar aðila í þriðja landi sem hlýst af einum eða fleiri OTC-afleiðusamningum og nemur a.m.k. 8 milljarða evra samanlagðri grundvallarfjárhæð, eða jafngildri fjárhæð í viðkomandi erlendum gjaldmiðli, eða tekur einungis til hluta skuldbindingar aðila í þriðja landi sem hlýst af einum eða fleiri OTC-afleiðusamningum og nemur a.m.k. 8 milljarða evra samanlagðri grundvallarfjárhæð, eða jafngildri fjárhæð í viðkomandi erlendum gjaldmiðli, deilt með hundraðshlutfalli skuldbindingarinnar sem ábyrgðin tekur til,

[1] Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

b) hún svarar til a.m.k. 5% af summu gildandi áhættuskuldbindinga eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 272. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), sem felast í OTC-afleiðusamningum fjárhagslega mótaðilans sem hefur staðfestu í Sambandinu og veitir ábyrgðina.

Sé ábyrgðin veitt fyrir hámarksfjárhæð sem er lægri en viðmunarfjárhæðin sem tilgreind er í a-lið fyrstu undirgreinar skulu samningarnir sem ábyrgðin tekur til ekki teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins nema fjárhæð ábyrgðarinnar sé hækkuð en þá skal ábyrgðaraðilinn, á grundvelli þeirra skilyrða sem tilgreind eru í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, endurmeta bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif samninganna innan Sambandsins á þeim degi sem fjárhæðin er hækkuð.

Sé skuldbindingin sem hlýst af einum eða fleiri OTC-afleiðusamningum lægri en viðmiðunarfjárhæðin sem tilgreind er í a-lið fyrstu undirgreinar skulu slíkir samningar ekki teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins, jafnvel þótt hámarksfjárhæð sem tekur til skuldbindingarinnar sé jafnhá eða hærri en viðmiðunarfjárhæðin sem tilgreind er í a-lið fyrstu undirgreinar og jafnvel þótt skilyrðinu sem tilgreint er í b-lið fyrstu undirgreinar sé fullnægt.

Ef skuldbindingin sem hlýst af OTC-afleiðusamningum hækkar eða gildandi áhættuskuldbinding lækkar skal ábyrgðaraðilinn endurmeta hvort þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a- og b-lið fyrstu undirgreinar sé fullnægt. Slíkt mat skal framkvæmt daginn sem skuldbindingin hækkar að því er varðar skilyrðið í a-lið fyrstu undirgreinar og mánaðarlega að því er varðar skilyrðið í b-lið fyrstu undirgreinar.

OTC-afleiðusamningar sem nema a.m.k. 8 milljarða evra samanlagðri grundvallarfjárhæð, eða jafngildri fjárhæð í viðkomandi erlendum gjaldmiðli, sem gerðir eru áður en ábyrgð er veitt eða hækkuð og falla síðar undir ábyrgð sem fullnægir skilyrðunum í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins.

2. OTC-afleiðusamningur skal teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins ef tveir aðilar sem hafa staðfestu í þriðja landi gera OTC-afleiðusamning gegnum útibú sín í Sambandinu og myndu teljast fjárhagslegir mótaðilar ef þeir hefðu staðfestu í Sambandinu.

3. gr.

Tilvik þar sem nauðsynlegt eða viðeigandi er að koma í veg fyrir sniðgöngu reglna eða skuldbindinga sem reglugerð (ESB) nr. 648/2012 kveður á um

1. OTC-afleiðusamningur skal teljast hafa verið gerður til að sniðganga beitingu ákvæðis reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef hann telst, á grundvelli skoðunar á honum í heild og með hliðsjón af öllum aðstæðum, hafa þann megintilgang að komast hjá því að ákvæði þeirrar reglugerðar sé beitt.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal samningur teljast hafa þann megintilgang að komast hjá beitingu ákvæðis reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef megintilgangurinn með ráðstöfun eða röð ráðstafana í tengslum við OTC-afleiðusamninginn er að fara í kringum markmið, anda og tilgang einhvers ákvæðis reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem myndi annars gilda, þ.m.t. ef hann er hluti af málamyndagerningi eða röð málamyndagerninga.

Fyrirkomulag sem skortir í eðli sínu viðskiptalegar forsendur, viðskiptalegan tilgang eða fjárhagslega réttlætingu og samanstendur af hvers konar samningi, viðskiptum, áætlun, aðgerð, samkomulagi, fyrirgreiðslu, gagnkvæmum skilningi, loforði, skuldbindingu eða atburði skal teljast málamyndagerningur. Fyrirkomulagið getur falið í sér fleiri en eitt skref eða hluta

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 10. október 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel föstudagur, 13. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 667/2014 **2019/EES/25/11**

frá 13. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar málsmeðferðarreglur um viðurlög sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beitir afleiðuviðskiptaskrár, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og ákvæði um tímamörk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 7. mgr. 64. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er framkvæmdastjórninni veitt umboð til að mæla fyrir um málsmeðferðarreglur um beitingu heimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að leggja sektir eða févíti á afleiðuviðskiptaskrár og aðila sem taka þátt í afleiðuviðskiptaskrám. Við beitingu þessarar reglugerðar skal taka tillit til skipulagsreglna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]), þ.m.t. einkum úthlutun tiltekinna skýrt afmarkaðra verkefna og ákvarðana til innri nefnda eða hópa í samræmi við 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, þó þannig að málsvarnarréttur aðila sem sæta rannsókn sé að fullu virtur sem og meginreglan um sameiginlega ábyrgð sem liggur til grundvallar starfsemi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2) Rétturinn til að flytja mál sitt er viðurkenndur í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Til að virða rétt afleiðuviðskiptaskráa og annarra aðila, sem sæta aðgerðum af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, til málsvarnar og til að tryggja að allar viðeigandi staðreyndir séu teknar til greina við samþykkt á fullnustuúrskurðum ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að hlýða á sjónarmið afleiðuviðskiptaskráa eða annarra hlutaðeigandi aðila. Því ætti að veita aðilum sem sæta rannsókn rétt til að skila inn skriflegri greinargerð sem svar við yfirliti niðurstaðna sem rannsakandinn og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gáfu út, þ.m.t. ef um er að ræða mikilvægar breytingar á upphaflegu yfirliti niðurstaðna.

3) Í kjölfar skriflegra athugasemda afleiðuviðskiptaskrár til rannsakandans skal senda heildarskýrsluna, að meðtöldum þeim athugasemdum, til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Það getur þó komið fyrir að einhverjir þættir skriflegu athugasemdanna sem afleiðuviðskiptaskrá sendi til rannsakandans eða til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar séu ekki nægilega skýrir eða sundurliðaðir og krefjist frekari útskýringa af hálfu afleiðuviðskiptaskrárinnar. Álíti rannsakandinn eða Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þetta sé tilfellið getur afleiðuviðskiptaskráin eða þeir aðilar sem sæta rannsókn átt von á að vera boðaðir í munnlega skýrslugjöf til að skýra þessa þætti.

4) Réttur hvers aðila til að hafa aðgang að sínum skrám, að teknu tilliti til réttmætra ástæðna er varða trúnað, þagnarskyldu og viðskiptaleynd, er viðurkenndur í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Ákvæði 5. mgr. 64. gr. og 67. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 sýna fram á að aðilar sem sæta málsmeðferð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar hafa rétt til aðgangs að skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila til að vernda viðskiptaleyndarmál sín og persónuupplýsingar. Rétturinn til aðgangs að skýrslunni skal ekki ná til trúnaðarupplýsinga.

5) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 ([3]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um fyrningarfresti þegar framkvæmdastjórnin þarf að sekta fyrirtæki skv. 101. gr. eða 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Gildandi löggjöf í aðildarríkjum kveður einnig á um reglur um fyrningarfresti annaðhvort sérstaklega tengt verðbréfum eða almennt séð í almennum stjórnsýslurétti. Því er rétt að reglur um fyrningarfresti byggist á sameiginlegum einkennum sem fengin eru úr þessum landsreglum og úr löggjöf Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([3]) Með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

6) Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og þessari reglugerð er vísað til tímabila og dagsetninga. Þetta er t.d. tilfellið þegar fyrningarfresti er komið á vegna álagningar og fullnustu viðurlaga. Til að hægt sé að reikna rétt út þessi tímabil þykir rétt að beita reglum sem eru þegar til í löggjöf Sambandsins fyrir gerðir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ([1]) fyrir gerðir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

7) Ákvæði 4. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 kveða á um að viðurlög sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beitir skv. 65. gr. og 66. gr. þeirrar reglugerðar skuli vera fullnustuhæf og að fullnusta skuli lúta réttarfarsreglum í gildi í viðkomandi ríki á yfirráðasvæðinu þar sem þær eru framkvæmdar. Hliðstæðar fjárhæðir ætti að færa í fjárlög Evrópusambandsins.

8) Til að tryggja strax notkun virkra eftirlits- og fullnustuaðgerða skal þessi reglugerð öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um málsmeðferðarreglur um fjársektir og févíti sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur á afleiðuviðskiptaskrár eða aðra aðila sem lúta rannsóknar- og fullnustumeðferð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, þ.m.t. réttinn til varnar og fyrningarfresti.

2. gr.

Réttur til að flytja mál sitt fyrir rannsakandanum

1. Eftir að rannsakandinn hefur lokið rannsókn sinni og áður en hann leggur málsskjölin fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina skv. 1. mgr. 3. gr. skal hann upplýsa aðilann sem sætir rannsókn skriflega um niðurstöður sínar og gefa honum kost á að leggja fram skriflega greinargerð skv. 3. mgr. Í því yfirliti niðurstaðna skal setja fram þær staðreyndir sem líklegar eru til að fela í sér eitt eða fleiri af þeim brotum sem talin eru upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. íþyngjandi eða mildandi þætti þessara brota.

2. Í yfirliti niðurstaðna skal tilgreina hæfilegan frest fyrir aðilann sem sætir rannsókn til að leggja fram skriflega greinargerð. Rannsakandanum er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út.

3. Aðilinn sem sætir rannsókn getur í skriflegri greinargerð sinni sett fram allar þekktar staðreyndir sem eru viðkomandi málsvörninni. Hann skal láta fylgja öll viðeigandi skjöl til sönnunar staðreyndum sem eru settar fram. Hann getur lagt til að rannsakandinn hlýði á aðra aðila sem staðfesta framsett málsatvik í greinargerðum aðilans sem sætir rannsókn.

4. Rannsakandinn getur einnig boðið aðila er sætir rannsókn og yfirlit niðurstaðna hefur verið sent til, að sækja munnlega skýrslugjöf. Aðilarnir sem sæta rannsókn geta notið aðstoðar lögmanna sinna eða annarra hæfra aðila sem rannsakandinn samþykkir. Munnleg skýrslugjöf skal ekki fara fram opinberlega.

3. gr.

Réttur til að flytja mál sitt fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar sektir og eftirlitsráðstafanir

1. Fullgerð skýrsla sem rannsakandinn á að senda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal innihalda að lágmarki eftirfarandi skjöl:

— afrit af yfirliti niðurstaðna sem sendar eru til afleiðuviðskiptaskrárinnar eða aðilans sem sætir rannsókninni,

— afrit af skriflegum greinargerðum afleiðuviðskiptaskrárinnar eða aðilans sem sætir rannsókninni,

— fundargerðir munnlegrar skýrslugjafar, ef einhver er.

([1]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjtíð EB L 124, 8.6.1971, bls. 1).

2. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin telur að málsskjölin sem rannsakandinn leggur fram séu ekki fullgerð skal hún senda þau til baka til rannsakandans með rökstuddri beiðni um viðbótarskjöl.

3. Telji verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin á grundvelli fullgerðrar skýrslu að staðreyndirnar sem er lýst er í yfirliti niðurstaðna virðist ekki fela í sér brot í skilningi I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, skal hún ákveða að loka málinu og skal hún tilkynna slíka ákvörðun til þeirra aðila sem sæta rannsókn.

4. Sé Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki sammála niðurstöðum rannsakandans, skal hún senda nýtt yfirlit niðurstaðna til þeirra aðila sem sæta rannsókn.

Í yfirliti niðurstaðna skal tilgreina hæfilegan frest fyrir aðilana sem sæta rannsókn til að leggja fram skriflegar greinargerðir. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út við samþykkt ákvörðunar um tilvist brots og um eftirlitsráðstafanir og álagningu sektar í samræmi við 65. gr. og 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig boðið þeim aðilum sem sæta rannsókn og yfirlit niðurstaðna hefur verið sent til, að sækja munnlega skýrslugjöf. Aðilarnir sem sæta rannsókn geta notið aðstoðar lögmanna sinna eða annarra hæfra aðila sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir. Munnleg skýrslugjöf skal ekki fara fram opinberlega.

5. Sé Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sammála einhverjum eða öllum niðurstöðum rannsakandans skal hún upplýsa aðilana sem sæta rannsókn samkvæmt því. Í slíkum skilaboðum skal tilgreina hæfilegan frest fyrir aðilann sem sætir rannsókn til að leggja fram skriflega greinargerð. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út við samþykkt ákvörðunar um tilvist brots og um eftirlitsráðstafanir og álagningu sektar í samræmi við 65. gr. og 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig boðið þeim aðilum sem sæta rannsókn og yfirlit niðurstaðna hefur verið sent til að sækja munnlega skýrslugjöf. Aðilarnir sem sæta rannsókn geta notið aðstoðar lögmanna sinna eða annarra hæfra aðila sem eru samþykktir af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Munnleg skýrslugjöf skal ekki fara fram opinberlega.

6. Hafi Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveðið að eitt eða fleiri brot sem eru talin upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hafi verið framin af aðila sem sætir rannsókn og samþykkt að leggja á sekt í samræmi við 65. gr., skal hún tilkynna án tafar um þá ákvörðun til þess aðila sem sætir rannsókn.

4. gr.

Réttur til að flytja mál sitt fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar févíti

Áður en ákvörðun er tekin um að leggja á févíti skv. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin senda yfirlit niðurstaðna til þess aðila sem lýtur málsmeðferð þar sem grein er gerð fyrir ástæðunum sem réttlæta álagningu févítis og fjárhæð févítis fyrir hvern dag sem ekki er farið að ákvæðum. Í yfirliti niðurstaðna skal tilgreina hæfilegan frest fyrir hlutaðeigandi aðila til að leggja fram skriflegar greinargerðir. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra greinargerða sem berast eftir að sá frestur rennur út við ákvörðun um févíti.

Þegar afleiðuviðskiptaskráin eða hlutaðeigandi aðili hafa farið að viðeigandi ákvörðun sem um getur í 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er ekki lengur hægt að leggja á févíti.

Í ákvörðuninni um að leggja á févíti skal tilgreindur lagagrundvöllur og ástæður fyrir ákvörðuninni, fjárhæð févítisins og upphafsdagur greiðslna.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig boðið aðilanum sem sætir málsmeðferð að sækja munnlega skýrslugjöf. Aðilarnir sem sæta málsmeðferð geta notið aðstoðar lögmanna sinna eða annarra hæfra aðila sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir. Munnleg skýrslugjöf skal ekki fara fram opinberlega.

5. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal veita þeim málsaðilum sem rannsakandinn eða Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa sent yfirlit niðurstaðna aðgang að málsskjölum. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um yfirlit niðurstaðna.

2. Málsskjöl, sem aðgangur er veittur að skv. 1. mgr., skal einungis nota að því er varðar dóms- eða stjórnsýslumeðferð varðandi beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6. gr.

Fyrningarfrestur til álagningar viðurlaga

1. Vald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að leggja sektir og févíti á afleiðuviðskiptaskrár skal lúta fimm ára fyrningarfresti.

2. Fyrningarfresturinn sem um getur í 1. mgr. telst frá næsta degi eftir að brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fyrningarfresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

3. Sérhver aðgerð sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin grípur til vegna rannsóknar eða málsmeðferðar að því er varðar brot á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 rýfur fyrningarfrestinn til álagningar sekta og févíta. Fyrningarfrestur telst rofinn frá og með þeim degi sem afleiðuviðskiptaskránni eða aðilanum sem sætir rannsókninni eða málsmeðferðinni er tilkynnt um aðgerðina að því er varðar brot á reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst hann að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi ákvarðað sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem nemur þeim tíma sem hlé er gert á fyrningarfrestinum skv. 5. mgr.

5. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum til álagningar sekta og févíta á meðan ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er til meðferðar hjá kærunefndinni, í samræmi við 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og fyrir Evrópudómstólnum, í samræmi við 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

7. gr.

Fyrningarfrestir til fullnustu viðurlaga

1. Vald Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til fullnustu ákvarðana skv. 65. gr. og 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal lúta fimm ára fyrningarfresti.

2. Fimm ára fresturinn sem um getur í 1. mgr. skal hefjast á næsta degi eftir að ákvörðunin verður endanleg.

3. Fyrningarfresturinn til fullnustu viðurlaga rofnar við:

a) tilkynningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til afleiðuviðskiptaskrár eða annars hlutaðeigandi aðila vegna ákvörðunar sem breytir upphaflegri fjárhæð sektarinnar eða févítisins,

b) sérhverja aðgerð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða yfirvalds í aðildarríki sem starfar að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem er ætlað að framfylgja greiðslu eða greiðsluskilmálum og skilyrðum sektarinnar eða févítisins.

4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst hann að nýju.

5. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga í þann tíma sem:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er frestað uns ákvörðun kærunefndar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar liggur fyrir, í samræmi við 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og Evrópudómstólsins, í samræmi við 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

8. gr.

Innheimta sekta og févíta

Fjárhæðir sekta og févíta sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir skulu lagðar inn á vaxtaberandi reikning sem er stofnaður af þeim sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þar til þær verða endanlegar. Eigi skal færa slíkar fjárhæðir í rekstraráætlun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða skrá þær sem rekstrarfjárhæðir.

Þegar sá sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar hefur gengið úr skugga um að sektir eða févíti séu endanleg að fenginni niðurstöðu allra mögulegra vefenginga skal hann færa þessar fjárhæðir með áföllnum vöxtum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þessar fjárhæðir skal síðan skrá í fjárlög Sambandsins sem almennar tekjur.

Sá sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal gera þeim sem fer með greiðsluheimildir á stjórnarsviði innri markaðar og þjónustu reglulega grein fyrir fjárhæðum sekta og févíta sem eru lagðar á og stöðu þeirra.

9. gr.

Útreikningur tímabila, dagsetninga og tímamarka

Reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182/71 skal gilda um tímabil, dagsetningar og tímamörk sem tilgreind eru í þessari reglugerð.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1247/2012 **2019/EES/25/12**

frá 19. desember 2012

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að komast hjá ósamræmi ættu öll gögn sem send eru afleiðuviðskiptaskrám skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að fylgja sömu reglum, stöðlum og framsetningu fyrir allar afleiðuviðskiptaskrár, alla mótaðila og allar tegundir afleiðna. Því ætti að nota sérstakt mengi gagna til að lýsa viðskiptum með afleiður.

2) Þar eð yfirleitt er hvorki hægt að auðgreina OTC-afleiður með gildandi kóðum sem notaðir eru víða á fjármálamörkuðum, s.s. alþjóðlegu auðkennisnúmeri verðbréfa (ISIN-númeri), né hægt að lýsa þeim með ISO-kóða í flokkun fjármálagerninga, þarf að móta nýja og alþjóðlega aðferð til auðkenningar. Ef einkvæmt afurðaauðkenni er til staðar og það uppfyllir meginreglurnar um að vera einkvæmt, hlutlaust, áreiðanlegt, byggt frjálsum aðgangi, skalanlegt, aðgengilegt, í boði á eðlilegum kostnaðargrunni, innan viðeigandi stjórnunarramma og samþykkt til notkunar í Sambandinu, ætti að nota það. Ef ekki er til staðar einkvæmt afurðaauðkenni sem stenst þessar kröfur ætti að nota bráðabirgðaflokkunarkerfi.

3) Undirliggjandi eign skal auðkennd með einu auðkenni en um þessar mundir er þó enginn staðlaður kóði sem nær til alls markaðarins og auðkennir undirliggjandi eign innan körfu. Því ættu mótaðilar að þurfa að tilgreina a.m.k. að undirliggjandi eign sé karfa og nota ISIN-númer fyrir staðlaðar vísitölur þar sem hægt er.

4) Til að tryggja samræmi ættu allir aðilar að afleiðusamningum að vera auðkenndir með einkvæmum kóða. Nota ætti alþjóðlegt auðkenni lögaðila eða bráðabirgðaauðkenni aðila, sem skilgreina skal innan stjórnunarramma, sem er í samræmi við tilmæli ráðgjafanefndar um fjármálastöðugleika um gagnakröfur, og er samþykkt til notkunar í Sambandinu, til að auðkenna alla fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila, miðlara, miðlæga mótaðila og rétthafa, ef einhverjir eru, einkum til að tryggja samræmi við skýrslu greiðslu- og uppgjörsnefndarinnar (CPSS) og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) um skýrslugjöf um OTC-afleiður þar sem auðkennum lögaðila er lýst sem tæki til söfnunar gagna. Ef um er að ræða viðskipti í gegnum umboðsaðila ætti að skilgreina rétthafann sem einstaklinginn eða aðilann fyrir hönd hvers samningurinn var gerður.

5) Taka ætti tillit til aðferðanna sem notaðar eru í þriðju löndum og einnig hjá afleiðuviðskiptaskrám sjálfum er þær hefja rekstur. Til að tryggja kostnaðarhagkvæma lausn fyrir mótaðila og til að draga úr rekstraráhættu fyrir afleiðuviðskiptaskrár ætti því að tilgreina mismunandi upphafsdaga skýrslugjafar þar sem skýrslugjöf fyrir mismunandi flokka afleiðna ætti hefjast í áföngum, fyrst fyrir þá flokka sem eru mest staðlaðir og í kjölfarið aðra flokka. Afleiðusamningar, sem voru gerðir fyrir, á eða eftir gildistökudag reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem eru ekki útistandandi á eða eftir upphafsdag skýrslugjafar, hafa ekki mikla þýðingu fyrir eftirlit. Þó þarf að tilkynna um þá skv. a-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Til að tryggja skilvirka og hlutfallslega skýrslugjöf um þessi mál og með tilliti til þeirra vandkvæða sem fylgja því að endurheimta gögn vegna samninga sem hefur verið rift, ætti að veita lengri frest vegna slíkra skýrslna.

6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([3]), hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft opið samráð við almenning um slík drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framsetning skýrslna um afleiðusamninga

Upplýsingarnar, sem koma fram í skýrslu skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu settar fram á því sniði sem tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Tíðni skýrslna um afleiðusamninga

Þegar kveðið er á um það í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal daglega meta samninga á markaðsvirði eða útreiknuðu virði sem eru tilkynntir til afleiðuviðskiptaskrár. Önnur tilkynningaratriði, sem kveðið er á um í viðaukanum við þessa reglugerð og viðaukanum við framseldu gerðina varðandi tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal tilkynna þegar þau koma upp og með tilliti til tímamarka skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, einkum að því er varðar gerð, breytingu eða lok samningsins.

3. gr.

Auðkenni mótaðila og annarra aðila

1. Í skýrslunni skal nota auðkenni lögaðila til að auðkenna:

a) rétthafa sem er lögaðili,

b) miðlara,

c) miðlægan mótaðila,

d) stöðustofnunaraðila sem er lögaðili,

e) mótaðila sem er lögaðili,

f) aðila sem leggur gögn fram.

2. Sé auðkenni lögaðila ekki tiltækt skal koma fram í skýrslunni bráðabirgðaauðkenni aðila eins og það er skilgreint á vettvangi Sambandsins sem er:

a) einkvæmt,

b) hlutlaust,

c) áreiðanlegt,

d) byggt á frjálsum aðgangi,

e) skalanlegt,

f) aðgengilegt,

g) í boði á eðlilegum kostnaðargrunni,

h) innan viðeigandi stjórnunarramma.

3. Ef hvorki auðkenni lögaðila né bráðabirgðaauðkenni aðila er tiltækt skal nota auðkenniskóða banka, í samræmi við ISO 9362, ef hann er tiltækur.

4. gr.

Auðkenni afleiðna

1. Í skýrslunni skal auðkenna afleiðusamning með einkvæmu afurðarauðkenni sem er:

a) einkvæmt,

b) hlutlaust,

c) áreiðanlegt,

d) byggt á frjálsum aðgangi,

e) skalanlegt,

f) aðgengilegt,

g) í boði á eðlilegum kostnaðargrunni,

h) innan viðeigandi stjórnunarramma.

2. Ef einkvæmt afurðaauðkenni er ekki tiltækt skal afleiðusamningur auðkenndur í skýrslu með samsetningu af úthlutuðu ISO 6166 ISIN-númeri eða auðkenniskóða sérhæfðs gernings (*e. Alternative Instrument Identifier code*) að viðbættum samsvarandi ISO 10962 kóða í flokkun fjármálagerninga.

3. Ef samsetningin, sem vísað er til í 2. mgr., er ekki tiltæk skal tegund afleiðna auðkennd sem hér segir:

a) flokkur afleiðna skal auðkenndur sem einn af eftirfarandi:

   i. hrávöruafleiður,

   ii. lánaafleiður,

   iii. gjaldeyrisafleiður,

   iv. hlutabréfaafleiður,

   v. vaxtaafleiður,

   vi. annað,

b) tegund afleiðna skal auðkennd sem ein af eftirfarandi:

   i. mismunasamningar,

   ii. framvirkir vaxtasamningar,

   iii. framvirkir samningar,

   iv. framtíðarsamningar,

   v. valréttarsamningar,

   vi. skiptasamningar,

   vii. annað,

c) falli afleiður ekki undir ákveðinn flokk afleiðna eða tegund afleiðna skal gera skýrsluna á grundvelli þess flokks afleiðna eða þeirrar tegundar afleiðna sem mótaðilar samþykkja að sé líkust afleiðusamningnum.

5. gr.

Upphafsdagur skýrslugjafar

1. Tilkynna skal um lánaafleiðu- og vaxtaafleiðusamninga:

a) í síðasta lagi 1. júlí 2013 ef afleiðuviðskiptaskrá fyrir þann tiltekna flokk afleiðna hefur verið skráð skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 fyrir 1. apríl 2013,

b) 90 dögum eftir skráningu afleiðuviðskiptaskrár fyrir tiltekinn flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna hinn 1. apríl 2013 eða fyrr,

c) í síðasta lagi 1. júlí 2015 ef engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 í síðasta lagi 1. júlí 2015. Skylda er að tilkynna samninga frá og með þessum degi og skulu þeir tilkynntir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, þar til afleiðuviðskiptaskrá hefur verið skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna.

2. Tilkynna skal um afleiðusamninga sem ekki er getið um í 1. mgr.:

a) í síðasta lagi 1. janúar 2014 ef afleiðuviðskiptaskrá fyrir þann tiltekna flokk afleiðna hefur verið skráð skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 fyrir 1. október 2013,

b) 90 dögum eftir skráningu afleiðuviðskiptaskrár fyrir tiltekinn flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þegar engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna hinn 1. október 2013 eða fyrr,

c) í síðasta lagi 1. júlí 2015 ef engin afleiðuviðskiptaskrá er skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna skv. 55. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 í síðasta lagi 1. júlí 2015. Skylda er að tilkynna samninga frá og með þessum degi og skulu þeir tilkynntir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, þar til afleiðuviðskiptaskrá hefur verið skráð fyrir þann tiltekna flokk afleiðna.

3. Tilkynna skal þá afleiðusamninga, sem voru útistandandi 16. ágúst 2012 og eru ennþá útistandandi á upphafsdegi skýrslugjafar, til afleiðuviðskiptaskrár innan 90 daga frá upphafsdegi skýrslugjafar fyrir tiltekinn flokk afleiðusamninga.

4. Þeir afleiðusamningar sem voru:

a) gerðir fyrir 16. ágúst 2012 og eru enn útistandandi 16. ágúst 2012 eða

b) gerðir þann 16. ágúst 2012 eða síðar,

og eru ekki útistandandi á eða eftir upphafsdag skýrslugjafar skulu tilkynntir til afleiðuviðskiptaskrár innan 3 ára frá upphafsdegi skýrslugjafar fyrir tiltekinn flokk afleiðusamninga.

5. Upphafsdagur skýrslugjafar skal framlengdur um 180 daga vegna tilkynningar upplýsinga sem um getur í 3. gr. framseldu gerðarinnar um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Upplýsingar um mótaðila

	Reitur	Snið
	Aðilar að samningnum	
1	Tímastimpill skýrslugjafar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma (UTC).
2	Auðkenni mótaðila	Auðkenni lögaðila (20 alstafir) eða, ef ekki tiltækt, bráðabirgða-auðkenni aðila (20 alstafir), eða, ef ekki tiltækt, auðkenniskóði banka (BIC) (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).
3	Auðkenni hins mótaðilans	Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).
4	Heiti mótaðila	100 alstafir eða autt þegar til staðar er auðkenni lögaðila.
5	Lögheimili mótaðila	500 alstafir eða autt þegar til staðar er auðkenni lögaðila.
6	Atvinnugrein mótaðilans	Flokkunarkerfi: A = líftryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2002/83/EB, C = lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2006/48/EB, F = verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2004/39/EB, I = vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE, L = sérhæfður sjóður sem stýrt er af rekstraraðila með starfsleyfi eða skráningu í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB, O = stofnun um starfstengdan lífeyri í skilningi a-liðar 6. gr. í tilskipun 2003/41/EB, R = endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB, U = verðbréfasjóður og rekstrarfélag þess, með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, eða autt þegar til staðar er auðkenni lögaðila eða um er að ræða ófjár-hagslegra mótaðila.
7	Fjárhagslegt eða ófjárhagslegt eðli mótaðila	F=fjárhagslegur mótaðili, N=ófjárhagslegur mótaðili.
8	Auðkenni miðlara	Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).

	Reitur	Snið
	Aðilar að samningnum	
9	Auðkenni tilkynningaraðila	Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).
10	Auðkenni stöðustofnunaraðila	Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).
11	Auðkenni rétthafa	Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).
12	Viðskiptaheimildir	P=í eigin nafni, A=fyrir hönd viðskiptavinar.
13	Staða mótaðila	B=kaupandi, S=seljandi.
14	Viðskipti við mótaðila sem er ekki í EES	Y=já, N=nei.
15	Bein tenging við viðskiptastarfsemi eða fjármögnun	Y=já, N=nei.
16	Stöðustofnunarmörk	Y=yfir, N=undir.
17	Markaðsvirði samnings	Allt að 20 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.
18	Gjaldmiðill markaðsvirðis samnings	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.
19	Dagsetning mats	ISO 8601 dagsetningarsnið.
20	Tímasetning mats	Snið samræmds heimstíma.
21	Tegund mats	M=markaðsvirði / O=útreiknað virði.
22	Tryggingar	U=ótryggt, PC= tryggt að hluta til, OC=einhliða trygging eða FC=tryggt að fullu.
23	Tryggingasafn	Y=já, N=nei.
24	Kóði tryggingasafns	Allt að 10 tölustafir.
25	Verðmæti tryggingarinnar	Tilgreinið verðmæti heildarfjárhæðar veittrar tryggingar, allt að 20 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.

	Reitur	Snið
	Aðilar að samningnum	
26	Gjaldmiðill verðgildis tryggingarinnar	Tilgreinið gjaldmiðil fjárhæðarinnar í reit 25; ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.

Tafla 2

Sameiginleg gögn

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðu-samninga sem eiga við
	Flokkur 2a - Tegund samnings		Allir samningar
1	Flokkunarkerfi sem notað er	Tilgreinið flokkunarkerfið sem notað er: U = afurðaauðkenni [samþykkt í Evrópu] I = ISIN-númer/auðkenniskóði sérhæfðs gernings + Flokkun fjármálagerninga E = bráðabirgðaflokkunarkerfi	
2	Afurðaauðkenni 1	Fyrir flokkunarkerfi = U: einkvæmt afurðaauðkenni, ákvarðað síðar Fyrir flokkunarkerfi = I: ISIN-númer eða auðkenniskóði sérhæfðs gernings, 12 alstafa kóði Fyrir flokkunarkerfi = E: Flokkur afleiðna: CO = Hrávörur CR = Lán CU = Gjaldeyrir EQ = Hlutabréf IR = Vextir OT = Annað	
3	Afurðaauðkenni 2	Fyrir flokkunarkerfi = U Autt Fyrir flokkunarkerfi = I Flokkun fjármálagerninga, 6 bókstafa kóði Fyrir flokkunarkerfi = E: Tegund afleiðu: CD = Mismunasamningar FR = Framvirkir vaxtasamningar FU = Framtíðarsamningar FW = Framvirkir samningar OP = Valréttarsamningar SW = Skiptasamningar OT = Annað	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðu-samninga sem eiga við
4	Undirliggjandi eign	ISIN-númer (12 alstafir) Auðkenni lögaðila (20 alstafir) Bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir) Afurðaauðkenni (ákvarðað síðar) B = Karfa, I = Vísitala.	
5	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.	
6	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.	
7	Gjaldmiðill til afhendingar	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.	
	Flokkur 2b - Upplýsingar um viðskipti		Allir samningar
8	Auðkenni viðskipta	Allt að 52 alstafir.	
9	Tilvísunarnúmer viðskipta	Reitur með allt að 40 alstöfum	
10	Viðskiptastaður	ISO 10383 markaðsauðkenniskóði (MIC), 4 bókstafir. Þegar við á, XOFF fyrir skráðar afleiður sem viðskipti eru með utan kauphalla eða XXXX fyrir OTC-afleiður.	
11	Samþjöppun	Y = ef samningurinn er til kominn vegna samþjöppunar, N= ef samningurinn er ekki til kominn vegna samþjöppunar.	
12	Verð / gengi	Allt að 20 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
13	Verðframsetning	T.d. ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir, hundraðs-hluti.	
14	Grundvallarfjárhæð	Allt að 20 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
15	Verðmargfaldari	Allt að 10 tölustafir.	
16	Magn	Allt að 10 tölustafir.	
17	Fyrirframgreiðsla	Allt að 10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy fyrir greiðslur sem skýrslugjafarmótaðili innir af hendi og á sniðinu xxxx,yyyyy fyrir greiðslur sem skýrslugjafar-mótaðili tekur á við.	
18	Tegund afhendingar	C=Reiðufé, P=Í áþreifanlegu formi, O=Valkvætt fyrir mótaðila.	
19	Tímastimpill framkvæmdar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma.	
20	Gildistökudagur	ISO 8601 dagsetningarsnið.	
21	Lokadagur	ISO 8601 dagsetningarsnið.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðu-samninga sem eiga við
22	Uppsagnardagur	ISO 8601 dagsetningarsnið.	
23	Uppgjörsdagur	ISO 8601 dagsetningarsnið.	
24	Tegund rammasamnings	Frjáls texti, reitur fyrir allt að 50 stafi, þar sem fram kemur nafn rammasamningsins sem notaður er, ef við á.	
25	Útgáfa rammasamnings	Ár, xxxx.	
	Flokkur 2c - Ráðstafanir til að draga úr áhættu / Skýrslugjöf		Allir samningar
26	Tímastimpill staðfestingar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma.	
27	Aðferð til staðfestingar	Y=Staðfest á órafrænan hátt, N=Óstaðfest, E=Staðfest á rafrænan hátt.	
	Flokkur 2d - Stöðustofnun		Allir samningar
28	Stöðustofnunarskylda	Y=já, N=nei.	
29	Stöðustofnað	Y=já, N=nei.	
30	Tímastimpill stöðustofnunar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma.	
31	Auðkenni miðlægs mótaðila	Auðkenni lögaðila (20 alstafir) eða, ef ekki tiltækt, bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), eða, ef ekki tiltækt, auðkenniskóði banka (11 alstafir).	
32	Innan samstæðu	Y=já, N=nei.	
	Flokkur 2e - Vextir		Vaxtaafleiður
33	Fastir vextir í legg 1	Tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
34	Fastir vextir í legg 2	Tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
35	Dagaregla fastra vaxta	Raun/365, 30B/360 eða önnur.	
36	Tíðni greiðslna í legg með föstum vöxtum	Heiltölumargfaldari tímabils sem lýsir því hve oft mótaðilarnir skiptast á greiðslum, t.d. 10D, 3M, 5Á.	
37	Tíðni greiðslna með breytilegum vöxtum	Heiltölumargfaldari tímabils sem lýsir því hve oft mótaðilarnir skiptast á greiðslum, t.d. 10D, 3M, 5Á.	
38	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta	D = Heiltölumargfaldari tímabils sem lýsir því hve oft mótaðilarnir skiptast á greiðslum, t.d. 10D, 3M, 5Á.	
39	Breytilegir vextir í legg 1	Heiti vísitölu breytilegra vaxta, t.d. 3M Euribor.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðu-samninga sem eiga við
40	Breytilegir vextir í legg 2	Heiti vísitölu breytilegra vaxta, t.d. 3M Euribor.	
	Flokkur 2f ─Gjaldeyrir		Gjaldeyrisafleiður
41	Gjaldmiðill 2	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.	
42	Gengi 1	Allt að 10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
43	Framvirkt gengi	Allt að 10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
44	Grundvöllur gengis	T.d. EUR/USD eða USD/EUR.	
	Flokkur 2g - Hrávörur	Ef tilkynnt hefur verið um einkvæmt afurðaauðkenni og það inniheldur allar neðangreindar upplýsingar er þessa ekki krafist nema skylt sé að tilkynna það samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1227/2011.	Hrávöruafleiður
	Almenn atriði		
45	Hrávöruflokkar	AG = Landbúnaður EN = Orka FR = Vöruflutningar ME = Málmar IN = Vísitala EV = Umhverfistengdar vörur EX = Framandi	
46	Upplýsingar um vöru	*Landbúnaður* GO = Korn, olíufræ DA = Mjólkurvörur LI = Búfé FO = Skógrækt SO = Mjúkar hrávörur (*e. softs*) *Orka* OI = Olía NG = Jarðgas CO = Kol EL = Raforka IE = Fleiri orkugjafar *Málmar* PR = Eðalmálmar NP = Ekki eðalmálmar *Umhverfistengdar vörur* WE = Veður EM = Losun	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðu-samninga sem eiga við
	Orka		
47	Afhendingarstaður eða -svæði	EIC-kóði, 16 alstafa kóði.	
48	Samtengingarpunktur	Frjáls texti, reitur fyrir allt að 50 stafi.	
49	Tegund álags	Endurtakanlegur hluti fyrir reiti 50-54 til að auðkenna afhendingarsnið vörunnar sem samsvarar afhendingar-tímabilum dags. BL = Grunnálag PL = Álagstoppur OP = Utan álagstíma BH = Tímablokk OT = Annað	
50	Upphafsdagur og tími afhendingar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma.	
51	Lokadagur og tími afhendingar	ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma.	
52	Samningsbundin afhendingargeta	Frjáls texti, reitur fyrir allt að 50 stafi.	
53	Magneining	10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
54	Verð fyrir magn á tímabili	10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
	Flokkur 2h - Valréttarsamningar		Samningar sem fela í sér valrétt
55	Tegund valréttar	P=söluréttur, C=kaupréttur.	
56	Tegund nýtingartíma valréttar	A=Bandarískur háttur, B=Bermúdaháttur, E=Evrópskur háttur, S=Asískur háttur.	
57	Lausnarverð (þak/lágmark)	Allt að 10 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.	
	Flokkur 2i - Breytingar á samningnum		Allir samningar
58	Tegund aðgerðar	N = Nýtt M = Breytingar E = Villur C = Fellt úr gildi Z = Samþjöppun V = Uppfærsla mats O = Annað.	
59	Upplýsingar um tegund aðgerðar	Frjáls texti, reitur fyrir allt að 50 stafi.	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1248/2012 **2019/EES/25/13**

frá 19. desember 2012

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu á afleiðuviðskiptaskrám samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 4. mgr. 56. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Allar upplýsingar sem sendar eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með umsókn um skráningu afleiðuviðskiptaskrár ætti að veita á varanlegum miðli sem gerir kleift að geyma þær til notkunar og afritunar síðar. Til að auðvelda auðkenningu upplýsinganna sem afleiðuviðskiptaskrá leggur fram ættu öll skjöl sem fylgja með umsókninni að hafa einkvæmt tilvísunarnúmer.

2) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([3]).

3) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, haft opið samráð við almenning um slík drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið umsóknarinnar

1. Umsókn um skráningu skal skilað í tæki sem geymir upplýsingar á varanlegum miðli eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/65/EB ([4]).

2. Umsóknin um skráningu skal lögð fram á því sniði sem greinir í viðaukanum.

3. Afleiðuviðskiptaskrá skal gefa hverju skjali, sem hún leggur fram, einkvæmt tilvísunarnúmer og tryggja að framlagðar upplýsingar tilgreini með skýrum hætti við hvaða tilteknu kröfu í framseldu gerðinni um tæknilega eftirlitsstaðla, sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu á afleiðuviðskiptaskrám og samþykktir eru skv. 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þær eiga, í hvaða skjali upplýsingarnar er að finna og ástæðu þess ef upplýsingarnar eru ekki lagðar fram eins og tilgreint er í þætti viðaukans sem fjallar um tilvísanir og skjöl.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

([4]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

VIÐAUKI

SNIÐ UMSÓKNARINNAR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Umsóknardagur	
Firmaheiti afleiðuviðskiptaskrár	
Lögheimili	
Flokkar afleiðna sem afleiðuviðskiptaskrá sækir um að skráningu vegna	
Nafn einstaklings sem ábyrgist umsóknina	
Samskiptaupplýsingar einstaklings sem ábyrgist umsóknina	
Nafn annars einstaklings sem ábyrgist að afleiðuviðskiptaskrá fari að tilskildum ákvæðum	
Samskiptaupplýsingar aðila sem ábyrgist/ábyrgjast að afleiðuviðskiptaskrá fari að tilskildum ákvæðum	
Tilgreining móðurfélags, sé um það að ræða	

TILVÍSANIR Í SKJÖL

(3. mgr. 1. gr.)

Grein í framseldu gerðinni um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu á afleiðuviðskiptaskrám, sem samþykktir eru skv. 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjalsins	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingarnar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingarnar eru ekki veittar

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1249/2012 **2019/EES/25/14**

frá 19. desember 2012

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu á skrám sem miðlægir mótaðilar skulu viðhalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]), einkum 5. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ákvæði 13., 14. og 15. gr. framseldu gerðarinnar um tæknilega eftirlitsstaðla, sem tilgreina skrárnar og upplýsingarnar sem miðlægir mótaðilar ættu að geyma, og eru samþykktir skv. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ætti einnig að mæla fyrir um reglur til að tilgreina framsetningu á skrám og upplýsingum í samræmi við þær greinar.

2) Til að viðkomandi yfirvöld geti sinnt verkefnum sínum á skilvirkan og samræmdan hátt ættu gögnin sem þeim eru látin í té að vera samanburðarhæf á milli miðlægra mótaðila. Notkun sameiginlegra sniða auðveldar einnig samanburð á gögnum á milli miðlægra mótaðila.

3) Gera ætti kröfu um að miðlægir mótaðilar varðveiti gögn í skráningarskyni á sambærilegu sniði og gögnin sem varveitt eru hjá afleiðuviðskiptaskrám vegna þess að í tilteknum aðstæðum er þess krafist að miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár viðhaldi eða tilkynni sömu upplýsingar. Þegar sameiginlegt snið er notað þvert á mismunandi innviði fjármálamarkaða ýtir það undir víðtækari notkun þessara sniða af hálfu margskonar markaðsaðila og stuðlar þannig að stöðlun.

4) Til að auðvelda samfellda tæknivinnslu og draga úr kostnaði markaðsaðila er mikilvægt að nota staðlaða verkferla og stöðluð gagnasnið eins mikið og við verður komið þvert á miðlæga mótaðila.

5) Undirliggjandi eign ætti að auðkenna með einu auðkenni en um þessar mundir er þó enginn staðlaður kóði sem nær til alls markaðarins til að auðkenna undirliggjandi eign innan körfu. Því ættu miðlægir mótaðilar í það minnsta að gefa til kynna að undirliggjandi eign sé karfa og nota alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir staðlaðar vísitölur þar sem hægt er.

6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) ([3]) hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum áður en hún leggur það fram, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið skráa

1. Miðlægur mótaðili skal varðveita skrárnar sem eru tilgreindar í 20. gr. framseldu gerðarinnar um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur sem tilgreina hvaða atriði skulu koma fram í skrám og upplýsingum sem miðlægum mótaðilum ber að geyma, og eru samþykktir skv. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir hvern samning sem unnið er með, á því sniði sem greinir í töflu 1 í viðaukanum.

2. Miðlægur mótaðili skal varðveita skrárnar, sem eru tilgreindar í 21. gr. framseldu gerðarinnar, um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur, sem tilgreina hvaða atriði skulu koma fram í skránum og upplýsingunum sem miðlægum mótaðilum ber að geyma, og eru samþykktir skv. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir hverja stöðu, á því sniði sem greinir í töflu 2 í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

3. Miðlægur mótaðili skal varðveita skrárnar, sem eru tilgreindar í 22. gr. framseldu gerðarinnar um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur sem tilgreina hvaða atriði skulu koma fram í skrám og upplýsingum sem miðlægum mótaðilum ber að geyma, og eru samþykktir í samræmi við 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir starfsemi sem tengist rekstri hans og innra skipulagi, á því sniði sem greinir í töflu 3 í viðaukanum.

4. Miðlægur mótaðili skal gera lögbærum yfirvöldum skrárnar og upplýsingarnar, skv. 1., 2. og 3. mgr., aðgengilegar á sniði sem býður upp á beinan gagnaflutning (*e. direct data feed*) á milli miðlæga mótaðilans og lögbæra yfirvaldsins. Miðlægur mótaðili skal koma á slíkum gagnaflutningi innan sex mánaða frá beiðni lögbæra yfirvaldsins.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Töflur yfir reiti fyrir upplýsingar sem þarf að skrá skv. 1. gr.

Tafla 1

Skrár yfir afgreidd viðskipti

	Reitur	Snið	Lýsing
1	Tímastimpill skýrslugjafar	*ISO 8601 dagsetningarsnið / snið samræmds heimstíma (UTC).*	Dagsetning og tími skýrslugjafar.
2	Verð/gengi	*Allt að 20 tölustafir á sniðinu xxxx,yyyyy.*	Verð á hvert verðbréf eða afleiðusamning að undanskilinni þóknun og (þar sem við á) áföllnum vöxtum. Ef um er að ræða skuldagerning má gefa upp verð í gjaldmiðli eða sem hundraðshluta.
2a	Verðframsetning	*T.d. ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir, hundraðshluti.*	Framsetningarmáti verðsins.
3	Undirliggjandi gjaldmiðill	*ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.*	Gjaldmiðillinn sem verðið er gefið upp í. Ef um er að ræða skuldabréf eða annars konar verðbréfaða skuldagerninga og verðið er gefið upp sem hundraðshluti skal einnig gefa upp hundraðshlutann.
3a	Gjaldmiðill til afhendingar	*ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir.*	Gjaldmiðillinn sem á að afhenda.
4	Magn	*Allt að 10 tölustafir.*	Fjöldi eininga fjármálagerningsins, nafnverð skuldabréfa eða fjöldi afleiðusamninga sem teljast til viðskiptanna.
5	Framsetningarform magns	*Allt að 10 tölustafir.*	Upplýsingar um hvort magnið sé gefið upp í fjölda eininga fjármálagerninga, nafnverði skuldabréfa eða fjölda afleiðusamninga.
6	Staða miðlægs mótaðila	*B=kaupandi/S=seljandi.*	
7	Afurðaauðkenni	*Bráðabirgðaflokkunarkerfi í samræmi við upplýsingar í 4. gr. reglugerðar (EB) xx/2012 [drög að tæknilegum framkvæmdarstaðli um framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa], ISIN-númer eða einkvæmt afurðaauðkenni (e. UPI).*	Samningurinn skal auðkenndur með því að nota afurðaauðkenni, þegar það er tiltækt.
8	Auðkenni stöðustofnunaraðila	*Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).*	Ef skýrslugjafarmótaðili er ekki stöðustofnunaraðili skal auðkenna stöðustofnunaraðila hans í þessum reit með einkvæmum kóða. Þegar um einstakling er að ræða skal nota kóða viðskiptavinar sem miðlægur mótaðili úthlutar.

	Reitur	Snið	Lýsing
9	Auðkenni rétthafa	*Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).*	Ef rétthafi samningsins er ekki mótaðili í þessum samningi verður að auðkenna hann með einkvæmum kóða eða, ef um einstakling er að ræða, kóða viðskiptavinar sem úthlutað er af þeim lögaðila sem einstaklingurinn notar.
10	Aðili sem framseldi samninginn (ef um er að ræða staðgönguviðskipti)	*Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).*	
11	Viðskiptastaður	*ISO 10383 markaðsauðkenniskóði þegar við á, XOFF fyrir skráðar afleiður sem viðskipti eru með utan kauphalla eða XXXX fyrir OTC-afleiður.*	Tilgreining á því hvar viðskiptin fara fram. Ef um er að ræða OTC-samning verður að tilgreina hvort viðkomandi gerningur er tekinn til viðskipta en verslað með hann yfir borðið (OTC), eða ekki tekinn til viðskipta og verslað með hann OTC.
12	Dagsetning milligöngu	*ISO 8601 dagsetningarsnið.*	Dagurinn þegar milliganga miðlæga mótaðilans í samningnum fór fram.
13	Tími milligöngu	*Snið samræmds heimstíma.*	Klukkan hvað milliganga miðlæga mótaðilans í samningnum fór fram, á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin til og á hvaða grundvelli tilkynnt er um viðskiptin miðað við samræmdan heimstíma (UTC) +/- klst.
14	Dagsetning samningsloka	*ISO 8601 dagsetningarsnið*	Dagsetningin þegar samningnum lauk.
15	Tími samningsloka	*Snið samræmds heimstíma.*	Klukkan hvað samningnum lauk, á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin til og á hvaða grundvelli tilkynnt er um viðskiptin miðað við samræmdan heimstíma (UTC) +/- klst.
16	Tegund afhendingar	*C=reiðufé, P=í áþreifanlegu formi, O=valkvætt fyrir mótaðila.*	Hvort samningurinn er gerður upp með afhendingu í áþreifanlegu formi eða með reiðufé.
17	Uppgjörsdagur	*ISO 8601 dagsetningarsnið.*	Dagsetningin þegar uppgjörin eða uppgjörskaupin á samningnum fara fram. Ef þær eru fleiri en ein er hægt að merkja í fleiri reiti.
18	Tími uppgjörs eða uppgjörskaupa á samningnum	*Snið samræmds heimstíma.*	Klukkan hvað uppgjör eða uppgjörskaup á samningnum fór fram, á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin til og á hvaða grundvelli tilkynnt er um viðskiptin miðað við samræmdan heimstíma (UTC) +/- klst.

	Reitur	Snið	Lýsing
Upplýsingar um upphaflega skilmála stöðustofnaðra samninga, sem veita á að því marki sem við á			
19	Dagsetning	*ISO 8601 dagsetningarsnið*	Dagsetningin þegar samningurinn var upprunalega gerður.
20	Tími	*Snið samræmds heimstíma.*	Klukkan hvað upprunalegi samningurinn var upprunalega gerður, á staðartíma þess lögbæra yfirvalds sem tilkynnt er um viðskiptin til og á hvaða grundvelli tilkynnt er um viðskiptin miðað við samræmdan heimstíma (UTC) +/- klst.
21	Afurðaauðkenni	*Bráðabirgðaflokkunarkerfi í samræmi við upplýsingar í 4. gr. reglugerðar (EB) xx/2012 [drög að tæknilegum framkvæmdarstaðli um framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuvið-skiptaskráa], ISIN-númer eða einkvæmt afurðaauðkenni (e. UPI).*	Samningurinn skal auðkenndur með því að nota einkvæmt afurðaauðkenni, ef við á.
22	Undirliggjandi eign	*Einkvæmt afurðaauðkenni, ISIN-númer (12 alstafir) og flokkun fjármálagern-inga (6 alstafir). Auðkenni lögaðila (20 talna alstafir), bráðabirgðaauðkenni aðila (20 alstafir), B = karfa, eða I = vísitala.*	Auðkenning gerningsins sem gildir um verðbréfið sem er undirliggjandi eign afleiðusamnings og framseljanlegt verðbréf sem fellur undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
23	Tegund afleiðu (ef um afleiðusamning er að ræða)	Samræmd lýsing á tegund afleiðu skal gerð í samræmi við einn af efstu flokkunum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli fyrir flokkun fjármálagerninga.	
24	Færsla gernings á skrá Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunari nnar yfir samninga sem falla undir stöðustofn-unarskylduna (ef um er að ræða afleiðusamning)	*Y=já/N=nei.*	
Aðrar upplýsingar sem veita á að því marki sem þær eiga við			
25	Auðkenning rekstrarsam-hæfðs miðlægs mótaðila sem stöðustofnar einn legg viðskiptanna	*Auðkenni lögaðila (20 alstafir), bráða-birgðaauðkenni aðila (20 alstafir), auðkenniskóði banka (11 alstafir) eða kóði viðskiptavinar (50 alstafir).*	

Tafla 2

Skrár um stöður

	Reitur	Snið
1	Auðkenni stöðustofnunaraðila	*Auðkenni lögaðila, bráðabirgðaauðkenni aðila eða auðkenniskóði banka*
2	Auðkenni rétthafa	*Auðkenni lögaðila, bráðabirgðaauðkenni aðila eða auðkenniskóði banka*
3	Rekstrarsamhæfður miðlægur mótaðili sem viðheldur stöðunni	*Auðkenni lögaðila, bráðabirgðaauðkenni aðila eða auðkenniskóði banka*
4	Merki stöðunnar	*B=kaupandi/S=seljandi*
5	Verðmæti stöðunnar	*Allt að 10 tölustafir(xxxx,yy).*
6	Verðið sem samningarnir eru metnir á	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
7	Gjaldmiðill	*ISO gjaldmiðilskóði.*
8	Aðrar upplýsingar sem skipta máli	*Frjáls texti*
9	Fjárhæð tryggинga sem miðlægur mótaðila krefst	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
10	Fjárhæð framlaga í vanskilasjóð sem miðlægur mótaðili krefst	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
11	Fjárhæð annars fjármagns sem miðlægur mótaðili krefst	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
12A	Fjárhæð tryggинga sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings A	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
13A	Fjárhæð framlaga í vanskilasjóð sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings A	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
14A	Fjárhæð annars fjármagns sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings A	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
15B	Fjárhæð tryggинga sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings B	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
16B	Fjárhæð framlaga í vanskilasjóð sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings B	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*
17B	Fjárhæð annars fjármagns sem stöðustofnunaraðili leggur fram vegna viðskiptavinareiknings B	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yy).*

Tafla 3

Gögn um rekstur

	Reitur	Snið	Lýsing
1	Skipurit	*Frjáls texti*	Stjórn og viðeigandi nefndir, stöðustofnunardeild, áhættustýringardeild og allar aðrar viðeigandi einingar eða deildir.

Hluthafar eða aðilar sem eiga virkan eignarhluta (bæta þarf við reitum fyrir hvern viðkomandi hluthafa eða aðila)

2	Tegund	*S=hluthafi/M=aðili.*	
3	Tegund virks eignarhlutar	*D=beinn / I=óbeinn.*	
4	Tegund aðila	*N=einstaklingur/L=lögaðili.*	
5	Fjárhæð eignarhlutar	*Allt að 10 tölustafir (xxxx,yyyy).*	

Önnur skjöl

6	Stefnur, verkferlar og ferli sem gerð er skipulagskrafa um	*Skjöl*	
7	Fundargerðir stjórnar, undirnefnda (ef við á) og nefnda yfirstjórnar (ef við á)	*Skjöl*	
8	Fundargerðir áhættunefndar	*Skjöl*	
9	Fundargerðir samráðshóps með stöðustofnunaraðilum og viðskiptavinum (sé um slíkan hóp að ræða)	*Skjöl*	
10	Skýrslur innri og ytri endurskoðunar, áhættustýringar, regluvörslu og ráðgjafa	*Skjöl*	
11	Stefna um rekstrarsamfellu og áætlun um endurreisn eftir stóráfall.	*Skjöl*	
12	Lausafjáráætlun og daglegar skýrslur um lausafjárstöðu	*Skjöl*	
13	Skjöl sem sýna allar eignir, skuldir og eiginfjárstöðu	*Skjöl*	

	Reitur	Snið	Lýsing
14	Mótteknar kvartanir	*Frjáls texti*	Fyrir hverja kvörtun: upplýsingar um nafn, heimilisfang og reikningsnúmer kvartanda; dagsetning móttöku kvörtunarinnar; nöfn allra einstaklinga sem eru nafngreindir í kvörtuninni; lýsing á eðli kvörtunarinnar; lúkning kvörtunarinnar; dagsetning úrlausnar kvörtunarinnar.
15	Upplýsingar um röskun á þjónustu eða starfstruflun	*Frjáls texti*	Upplýsingar um allar raskanir á þjónustu eða starfstruflanir, þ.m.t. ítarleg skýrsla um tímasetningu, áhrif og aðgerðir til úrbóta.
16	Niðurstöður afturvirkra prófa og álagsprófa sem framkvæmd hafa verið	*Frjáls texti*	
17	Skrifleg samskipti við lögbær yfirvöld, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu	*Skjöl*	
18	Lögfræðiálit sem eru móttekin í samræmi við skipulagskröfur	*Skjöl*	
19	Fyrirkomulag rekstrar-samhæfis við aðra miðlæga mótaðila (eftir atvikum)	*Skjöl*	
20	Listi yfir alla stöðustofnunaraðila (17. gr. reglugerðar (ESB) nr. XXX/2012)	*Frjáls texti / Skjal*	Listi í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. XXX/2012.
21	Upplýsingar sem krafist er skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. XXX/2012	*Frjáls texti / Skjöl*	Lög og reglur sem gilda um i) aðgengi að miðlæga mótaðilanum, ii) samninga sem gerðir eru af miðlæga mótaðilanum við stöðustofnunaraðila og, ef því verður komið við, viðskiptavini, iii) samninga sem miðlægi mótaðilinn samþykkir til stöðustofnunar, iv) fyrirkomulag rekstrarsamhæfis, v) notkun á tryggingum og framlögum í vanskilasjóð, þ.m.t. innlausn á stöðum og tryggingum og að hvaða marki trygging er vernduð gegn kröfum þriðja aðila (stig aðgreiningar).
22	Þróun á ferlum fyrir ný verkefni	*Frjáls texti*	Ef ný þjónusta er veitt.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 484/2014 **2019/EES/25/15**

frá 12. maí 2014

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar áætlað fjármagn miðlægs mótaðila samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 50. gr. a og þriðju undirgrein 3. mgr. 50. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]) gefa stofnanir með staðfestu í Sambandinu nú skýrslu um hvort þær uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns ársfjórðungslega. Í því skyni að lágmarka misræmi milli viðmiðunardagsetninga fyrir stofnanir og dagsetninganna sem gilda fyrir miðlæga mótaðila vegna útreiknings á áætluðu fjármagni og skýrslugjafar um það, ættu viðmiðunardagsetningarnar sem settar eru fyrir miðlæga mótaðila a.m.k. að ná yfir gildandi viðmiðunardagsetningar stofnana. Tíðari upplýsingagjöf um áætlað fjármagn myndi einnig taka tillit til þess að stöðustofnunaraðilar, sem eru með staðfestu í þriðju löndum, geta haft mismunandi skýrslugjafardaga. Enn fremur gæti verið mikill munur á kröfum vegna eiginfjárgrunns og gætu stöðustofnunaraðilar og lögbær yfirvöld þeirra viljað fylgjast oftar en ársfjórðungslega með þessum áhættuskuldbindingum til að hafa uppfært yfirlit yfir þessar kröfur.

2) Við eðlilegar aðstæður ætti ekki að seinka skýrslugjafardögum miðlægra mótaðila um meira en eina viku að því er varðar útreikningsdagsetninguna. Vika er nægur tími fyrir miðlæga mótaðila til að framkvæma allt innra eftirlit og ljúka við nauðsynlegt viðurkenningarferli áður en skýrsla er gefin um umbeðin gögn. Ef miðlægur mótaðili þróar algjörlega sjálfvirkt kerfi getur skýrslugjafardagurinn verið nærri útreikningsdeginum. Eins og sakir standa getur verið að miðlægir mótaðilar hafi þó ekki getu til að ljúka öllu ferlinu innan þessara tímamarka og gætu þeir því þurft að þróa innri ferli og innviði til þess. Með hliðsjón af þessu ætti að innleiða umbreytingarákvæði til að gefa miðlægum mótaðilum nægan tíma til að þróa nauðsynleg innri ferli og innviði og á sama tíma að hefja upplýsingagjöf um áætlað fjármagn til stöðustofnunaraðila sinna.

3) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti að mæta tapi í kjölfar vanskila stöðustofnunaraðila í fyrstu með upphafstryggingum og framlagi sjálfs aðilans sem er í vanskilum í vanskilasjóð. Ef það reynist ekki nóg er tapinu mætt með forfjármögnuðu fjármagni sem miðlægir mótaðilar leggja fram til kerfis sem felur í sér forgangsröðun við greiðslu vanskila viðkomandi aðila og með forfjármögnuðu framlagi í vanskilasjóð frá aðilunum sem eru ekki í vanskilum. Á þessu tímabili ætti að auka tíðni skýrslugjafar til að aðrir stöðustofnunaraðilar sem ekki eru í vanskilum og lögbær yfirvöld fái nýjustu upplýsingar um áætlað fjármagn sem þörf er á til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns stöðustofnunaraðilanna. Miðlægir mótaðilar ættu að búa yfir tæknilegri getu og innri ferlum til að reikna út og afhenda upplýsingar um áætlað fjármagn við þessar álagsaðstæður.

4) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 verður miðlægur mótaðili að endurnýja forfjármagnað fjármagn sitt í forgangsröðuninni við greiðslu vanskila innan eins mánaðar. Af þessum sökum ætti útreikningur og skýrslugjöf í þessum aðstæðum að fara oftar fram en venjulega. Verið gæti að dagleg upplýsingagjöf um áætlað fjármagn þjóni engum tilgangi því það gæti tekið tíma að staðfesta heildarupphæð tapsins í kjölfar vanskila stöðustofnunaraðilans. Þar eð lögbær yfirvöld kunna að standa frammi fyrir margs konar ólíkum sviðsmyndum ætti þeim einnig að gefast kostur á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

að krefjast meiri tíðni á álagstímum á grundvelli mats á aðstæðum sem ætti að taka tillit til raunverulegrar eða fyrirséðrar rýrnunar á forfjármögnuðu fjármagni sem standa miðlæga mótaðilanum til boða (bæði það sem miðlægi mótaðilinn lagði sjálfur fram og það sem stöðustofnunaraðilar lögðu fram). Hærri tíðnin ætti að gilda þar til þessir fjármunir hafa náð þeirri upphæð sem gerð er krafa um í viðkomandi lagasetningu.

5) Há tíðni á skýrslugjöf á álagstímum gæti verið mjög krefjandi þegar höfð er í huga skýrslugjafarkrafan sem nýlega var innleidd. Þetta gæti falið í sér áskoranir varðandi tæknilega framkvæmd fyrir a.m.k. suma miðlæga mótaðila. Til að draga úr þessu þykir rétt að láta kröfurnar um tíðari skýrslugjöf koma til framkvæmda síðar. Það mun gera miðlægum mótaðilum kleift að bæta innri ferli og uppfæra kerfi sín.

6) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um útreikning og skýrslugjöf á áætluðu fjármagni miðlægs mótaðila. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem ættu að öðlast gildi á sama tíma og auðvelda þeim sem bundnir eru þessum skyldum að fá heildaryfirlit yfir þau og finna þau á sama stað er æskilegt að láta eina reglugerð ná yfir alla viðeigandi tæknilega framkvæmdarstaðla sem krafist er í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tíðni og dagsetningar útreiknings sem krafist er skv. 3. mgr. 50. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 648/2012

1. Útreikningurinn sem tilgreindur er í 3. mgr. 50. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fara fram mánaðarlega nema ákvörðunarvaldinu sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þessar reglugerðar sé beitt, en þá skal hann fara fram annaðhvort vikulega eða daglega.

2. Þegar útreikningurinn sem um getur í 1. mgr. fer fram mánaðarlega skal miðlægi mótaðilinn fara eftir hvoru tveggja af eftirfarandi:

a) viðmiðunardagar þessa útreiknings skulu vera eins og hér segir:

31. janúar, 28. febrúar (eða 29. febrúar á hlaupári), 31. mars, 30. apríl, 31. maí, 30. júní, 31. júlí, 31. ágúst, 30. september, 31. október, 30. nóvember, 31. desember,

b) dagurinn sem miðlægi mótaðilinn framkvæmir þennan útreikning (útreikningsdagur) skal vera, í sömu röð:

1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember, 1. desember, 1. janúar.

3. Þegar útreikningurinn sem um getur í 1. mgr. fer fram vikulega eða daglega skal fyrsti útreikningur fara fram daginn eftir kröfu lögbæra yfirvaldsins þar að lútandi. Fyrsti viðmiðunardagurinn skal vera dagurinn sem lögbæra yfirvaldið gerir ofangreinda kröfu. Viðmiðunardagur síðari útreikninga skal vera dagurinn á undan útreikningsdeginum. Sé um að ræða vikulegan útreikning skal tímabilið milli útreikningsdaga vera 5 virkir dagar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

4. Falli útreikningsdagurinn á lögboðinn frídag, laugardag eða sunnudag skal hann fara fram á næsta virka degi.

2. gr.

Tíðni, dagsetningar og samræmd framsetning skýrslugjafar sem krafist er skv. 2. mgr. 50. gr. c og 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012

1. Útreikningurinn sem krafist er í 2. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og, eftir atvikum, þriðju undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fara fram mánaðarlega nema ákvörðunarvaldinu sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þessar reglugerðar sé beitt, en þá skal hann fara fram annaðhvort vikulega eða daglega.

2. Þegar skýrslugjöf í samræmi við 1. mgr. fer fram mánaðarlega skal skýrslugjafardagurinn falla innan fimm virkra daga frá útreikningsdeginum sem er tilgreindur í 1. gr., eða fyrr verði því við komið.

3. Þegar skýrslugjöfin sem um getur í 1. mgr. fer fram daglega eða vikulega skal skýrslugjafardagurinn vera dagurinn á eftir útreikningsdeginum.

4. Falli skýrslugjafardagurinn á lögboðinn frídag, laugardag eða sunnudag skal skýrslugjafardagurinn vera næsti virki dagur þar á eftir.

5. Miðlægir mótaðilar skulu greina frá upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. með því að nota sniðmátið í I. viðauka (Upplýsingar í tengslum við áætlað fjármagn), sem skal fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar í II. viðauka (Leiðbeiningar um upplýsingagjöf í tengslum við áætlað fjármagn).

3. gr.

Skilyrði fyrir tíðari útreikningi og skýrslugjöf í samræmi við 3. mgr. 50. gr. a og 2. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012

1. Lögbæru yfirvaldi stofnunar sem starfar sem stöðustofnunaraðili er heimilt að krefjast þess af hverjum þeim miðlægum mótaðila sem sú stofnun starfar sem stöðustofnunaraðili gegnum, að hann framkvæmi útreikninginn sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og skýrslugjöfina sem um getur í 1. mgr. 2. gr. annaðhvort daglega eða vikulega í öðrum hvorum eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar miðlægum mótaðila ber skylda til, í kjölfar vanskila eins stöðustofnunaraðila, að nota hluta af forfjármögnuðu fjármagni sem hann hefur lagt af mörkum til þess kerfis sem felst í forgangsröðun við greiðslu vanskila í samræmi við 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) þegar miðlægum mótaðila ber skylda til, í kjölfar vanskila eins stöðustofnunaraðila, að nota framlög stöðustofnunaraðila, sem ekki eru í vanskilum, í vanskilasjóð í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Lögbær yfirvöld skulu byggja val sitt á því hvort útreikningur og skýrslugjöf fara fram daglega eða vikulega, eins og kveðið er á um í 1. mgr., á raunverulegri eða fyrirséðri rýrnun á forfjármögnuðu fjármagni.

3. Krefjist lögbær yfirvöld tíðari útreiknings og skýrslugjafar miðlægs mótaðila í samræmi við a-lið 1. mgr. skal hærri tíðnin gilda þar til það forfjármagnaða fjármagn sem miðlægur mótaðili lagði af mörkum til þess kerfis sem felst í forgangsröðun við greiðslu vanskila er aftur komið í þá fjárhæð sem greinir í 35. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ([1]).

4. Krefjist lögbær yfirvöld tíðari útreiknings og skýrslugjafar miðlægs mótaðila, í samræmi við b-lið 1. mgr., skal hærri tíðnin gilda þar til framlög miðlægra mótaðila, sem eru ekki eru í vanskilum, í vanskilasjóðinn eru aftur komin í þá fjárhæð sem greinir í 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila (Stjtíð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

4. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. skulu miðlægir mótaðilar, á tímabilinu frá deginum sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda til 31. desember 2014, greina frá upplýsingunum sem um getur í þeirri málsgrein eigi síðar en fimmtán virkum dögum eftir viðmiðunardaginn, eða fyrr þegar því verður við komið.

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. júní 2014, nema 1. gr. (3. mgr.), 2. gr. (3. mgr.) og 3. gr., sem koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar í tengslum við áætlað fjármagn

Auð-kenni	Liður	Lagastoð	Fjárhæð
10	Miðlægur mótaðili	—	
20	Auðkenni vanskilasjóðs	Ákvæði 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
30	Útreikningsdagur	Ákvæði 2. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 484/2014	
40	Áætlað fjármagn (K_{CCP})	Ákvæði a-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
50	Samtala forfjármagnaðra framlaga (DF_{CM})	Ákvæði b-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
60	Fjárhæð forfjármagnaðs fjármagns sem krafist er að sé notað áður en fjárframlög eftirstandandi stöðustofnunaraðila í vanskilasjóðinn eru notuð (DF_{CCP})	Ákvæði c-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
70	Heildarfjöldi stöðustofnunaraðila (N)	Ákvæði d-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
80	Samþjöppunarstuðull (β)	Ákvæði e-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	
90	Heildarfjárhæð upphafstrygginga	Ákvæði þriðju undirgreinar 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012	

II. VIÐAUKI

Leiðbeiningar um upplýsingagjöf í tengslum við áætlað fjármagn

1. Viðauki þessi felur í sér viðbótarleiðbeiningar um töfluna í I. viðauka.

ALMENNAR LEIÐBEININGAR

2. Tíðni

2.1. Skýrslugjöf með sniðmátinu skal fara fram með þeirri tíðni sem tilgreind er í 1. gr. þessarar reglugerðar.

3. Dagsetningar skýrslugjafar

3.1. Dagsetningar skýrslugjafar eru tilgreindar í 2. gr.

LEIÐBEININGAR UM SNIÐMÁT

4. Reglur um formerki og framsetningu

4.1. Greina skal frá öllum fjárhæðum sem jákvæðum tölum.

4.2. Taka skal tillit til eftirfarandi framsetningar og lagastoða við útfyllingu sniðmátanna:

Auðkennis-niðmáts	Leiðbeiningar	
10	**Heiti miðlægs mótaðila**	
	Framsetning	Texti, stafafjöldi ótakmarkaður
20	**Auðkenni vanskilasjóðs**	
	Lagastoð	Ákvæði 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012
	Leiðbeiningar	Í samræmi við 1. mgr. 50. gr. c skal miðlægur mótaðili með fleiri en einn vanskilasjóð veita upplýsingarnar í fyrstu undirgrein þeirrar greinar fyrir hvern vanskilasjóð sérstaklega.
	Framsetning	Texti, stafafjöldi ótakmarkaður
	Útreikningur	Enginn
30	**Útreikningsdagur**	
	Lagastoð	Ákvæði 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar
	Athugasemd	Útreikningsdagur í samræmi við 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar eftir tíðninni sem er krafist.
	Framsetning	ÁÁÁÁ-MM-DD Ár með fjórum tölustöfum, bandstrik, mánuður með tveimur tölustöfum, bandstrik, dagur með tveimur tölustöfum
	Útreikningur	Enginn
40	**Áætlað fjármagn (K_{CCP})**	
	Lagastoð	Ákvæði a-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012
	Leiðbeiningar	Auðkenna skal gjaldmiðil skýrslugjafar með ISO 4217 gjaldmiðilskóðanum, þar á eftir fylgir bil og fjárhæðin. Námunda má tölur með minni námundunarskekkju en 1%.
	Framsetning	Fjárhæð með ISO-kóða
	Útreikningur	Reikna skal út áætlað fjármagn eins og krafist er í 2. mgr. 50. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Auðkennis-niðmáts	Leiðbeiningar	
50	**Samtala forfjármagnaðra framlaga (DF_{CM})**	
	Lagastoð	Ákvæði b-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
	Útreikningur	Forfjármögnuð framlög skal reikna út sem samtölu forfjármagnaðra framlaga stöðustofnunaraðila eins og krafist er í 2. mgr. 308. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
	Leiðbeiningar	Auðkenna skal gjaldmiðil skýrslugjafar með ISO 4217 gjaldmiðilskóðanum, þar á eftir fylgir bil og fjárhæðin. Námunda má tölur með minni námundunarskekkju en 1%.
	Framsetning	Fjárhæð með ISO-kóða
60	**Fjárhæð forfjármagnaðs fjármagns sem krafist er að sé notað áður en fjárframlög eftirstandandi stöðustofnunaraðila í vanskilasjóðinn eru notuð (DF_{CCP})**	
	Lagastoð	Ákvæði c-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012
	Útreikningur	Reikna skal út samtölu forfjármagnaðra framlaga allra stöðustofnunaraðila miðlæga mótaðilans, eins og krafist er í c-lið 3. mgr. 308. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
	Leiðbeiningar	Auðkenna skal gjaldmiðil skýrslugjafar með ISO 4217 gjaldmiðilskóðanum, þar á eftir fylgir bil og fjárhæðin. Námunda má tölur með minni námundunarskekkju en 1%.
	Framsetning	Fjárhæð með ISO-kóða
70	**Heildarfjöldi stöðustofnunaraðila (N)**	
	Lagastoð	Ákvæði d-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012
	Útreikningur	Fjöldi stöðustofnunaraðila miðlæga mótaðilans.
	Framsetning	Heil tala
80	**Samþjöppunarstuðull (β)**	
	Lagastoð	Ákvæði e-liðar 1. mgr. 50. gr. c reglugerðar (ESB) nr. 648/2012
	Útreikningur	Samþjöppunarstuðullinn skal reiknaður út eins og krafist er í c-lið 50. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
	Leiðbeiningar	Auðkenna skal gjaldmiðil skýrslugjafar með ISO 4217 gjaldmiðilskóðanum, þar á eftir fylgir bil og fjárhæðin. Námunda má tölur með minni námundunarskekkju en 1%.
	Framsetning	Fjárhæð með ISO-kóða

Auðkennis-niðmáts	Leiðbeiningar	
90	**Heildarfjárhæð upphafstryggingar**	
	Lagastoð	Ákvæði þriðju undirgreinar 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
	Útreikningur	Reikna skal út heildarupphafstrygginguna sem miðlægi mótaðilinn tekur við frá stöðustofnunaraðilum sínum, eins og krafist er í 24.–27. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 153/2013.
	Leiðbeiningar	Aðeins skal greina frá þessum upplýsingum þegar við á. Auðkenna skal gjaldmiðil skýrslugjafar með ISO 4217 gjaldmiðilskóðanum, þar á eftir fylgir bil og fjárhæðin. Námunda má tölur með minni námundunarskekkju en 1%.
	Framsetning	Fjárhæð með ISO-kóða

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1515 **2019/EES/25/16**

frá 5. júní 2015

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 85. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Miðlægir mótaðilar eru milliliðir milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum. Útlánaáhætta þessara mótaðila er milduð með því að krefjast tryggginga sem reiknaðar eru út til að standa straum af mögulegu tapi vegna vanskila. Miðlægir mótaðilar samþykkja aðeins auðseljanlegar eignir, yfirleitt reiðufé, sem tryggingu til að uppfylla kröfur um viðbótartryggingu svo hægt sé að innleysa þær skjótt komi til vanskila.

2) Lífeyriskerfi í mörgum aðildarríkjum eru virkir þátttakendur á OTC-afleiðumörkuðum. Lífeyriskerfi lágmarka þó almennt stöður sínar í reiðufé og eiga þess í stað fjárfestingar sem gefa hærri ávöxtun, s.s. verðbréf, til að tryggja góða ávöxtun fyrir lífeyrisþega. Einingar sem starfrækja lífeyriskerfi og hafa þann megintilgang að greiða bætur við starfslok, yfirleitt í formi ævilangra greiðslna, en einnig sem tímabundnar greiðslur eða sem eingreiðslu, takmarka yfirleitt úthlutun sína við reiðufé til að hámarka skilvirkni og ávöxtun fyrir skírteinishafa sína. Þar af leiðandi myndi krafa um að slíkar einingar stöðustofnuðu OTC-afleiðusamninga miðlægt valda því að nauðsynlegt yrði að losa verulegan hluta eigna þeirra fyrir reiðufé til að þær gætu uppfyllt viðvarandi kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar.

3) Í 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er því kveðið á um að í þrjú ár eftir gildistöku þeirrar reglugerðar gildi stöðustofnunarskyldan, sem sett er fram í 4. gr., ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil.

4) Til að meta núverandi stöðu til fulls útbjó framkvæmdastjórnin skýrslu í samræmi við 2. mgr. 85. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þar sem metið er hvort miðlægir mótaðilar hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir fyrir yfirfærslu lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingu. Til að framkvæma þetta mat fyrirskipaði framkvæmdastjórnin grunnrannsókn á lausnum vegna framlagningar lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé til miðlægra mótaðila og jafnframt áhrifunum af því að afnema undanþáguna ef engin lausn finnst að því er varðar lækkun á eftirlaunatekjum lífeyrisþega lífeyriskerfanna sem þetta hefur áhrif á.

5) Framkvæmdastjórnin telur, í samræmi við niðurstöður skýrslu sinnar, að miðlægir mótaðilar hafi á þessum tímapunkti ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir og að skaðleg áhrif þess að stöðustofna OTC-afleiðusamninga miðlægt á eftirlaun séu enn óbreytt.

6) Því ætti að framlengja þriggja ára umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um tvö ár.

7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er til að hægt sé að framlengja yfirstandandi umbreytingartímabil áður en því lýkur, eða um leið og því lýkur, eftir því sem við verður komið. Síðari gildistaka gæti leitt til réttaróvissu fyrir lífeyriskerfi um það hvort þau þurfa að byrja að undirbúa komandi stöðustofnunarskyldur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 komi eftirfarandi:

„Fram til 16. ágúst 2017 gildir stöðustofnunarskyldan sem um getur í 4. gr. ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa, eins og þau eru skilgreind í 10. mgr. 2. gr. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2205 **2019/EES/25/17**

frá 6. ágúst 2015

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) hefur verið tilkynnt um þá flokka OTC-vaxtaafleiða sem tilteknir miðlægir mótaðilar hafa fengið leyfi til að stöðustofna. Fyrir hvern þessara flokka hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metið viðmiðin sem eru nauðsynleg til að þeir geti fallið undir stöðustofnunarskylduna, þ.m.t. umfang stöðlunar, magn og seljanleika, og aðgengileika verðupplýsinga. Með það að meginmarkmiði að draga úr kerfisáhættu hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðað þá flokka OTC-vaxtaafleiðna sem ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) OTC-vaxtaafleiðusamningar geta haft fasta grundvallarfjárhæð, breytilega grundvallarfjárhæð eða skilyrta grundvallarfjárhæð. Samningar með fasta grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist ekki á líftíma samningsins. Samningar með breytilega grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist með fyrirsjáanlegum hætti á líftíma samningsins. Samningar með skilyrta grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist með ófyrirsjáanlegum hætti á líftíma samningsins. Skilyrtar grundvallarfjárhæðir gera verðlagningu og áhættustýringu í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga flóknari og gera það þar með einnig flóknara fyrir miðlæga mótaðila að stöðustofna þá. Taka ætti tillit til þessa eiginleika við ákvörðun á þeim flokkum OTC-vaxtaafleiðna sem skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

3) Við ákvörðun á því hvaða flokkar OTC-afleiðusamninga ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna ætti að taka tillit til sérstaks eðlis OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa. Hvað þetta varðar ættu þeir flokkar OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna samkvæmt þessari reglugerð ekki að vera þeir samningar sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa, að því tilskildu að þeir uppfylli tiltekin skilyrði.

4) Mismunandi mótaðilar þurfa mislangan tíma til að koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að stöðustofna OTC-vaxtaafleiður sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Til að tryggja skipulega og tímanlega framkvæmd þeirrar skyldu ætti að skipta mótaðilum í flokka þar sem nægilega svipaðir mótaðilar munu falla undir stöðustofnunarskylduna frá sama degi.

5) Fyrsti flokkurinn ætti að innihalda bæði fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila sem, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru stöðustofnunaraðilar a.m.k. eins af viðkomandi miðlægum mótaðilum og a.m.k. eins af þeim flokkum OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna, þar sem þessir mótaðilar búa nú þegar yfir reynslu af valkvæðri stöðustofnun og hafa þegar komið á tengslum við þessa miðlægu mótaðila til að stöðustofna a.m.k. einn af þessum flokkum. Ófjárhagslegir mótaðilar sem eru stöðustofnunaraðilar ættu einnig að vera í þessum fyrsta flokki þar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

sem reynsla þeirra og undirbúningur fyrir miðlæga stöðustofnun samsvarar reynslu og undirbúningi fjárhagslegra mótaðila sem eru í þessum flokki.

6) Í öðrum og þriðja flokki ættu að vera fjárhagslegir mótaðilar sem eru ekki í fyrsta flokki, flokkaðir eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi þeirra að því er varðar OTC-afleiður. Umfang starfsemi með OTC-afleiður ætti að vera grundvöllur til að aðgreina lagalegt og rekstrarlegt hæfi fjárhagslegra mótaðila og til að skilja á milli annars og þriðja flokks ætti því að fastsetja stærðartakmörkun á grundvelli samanlagðs mánaðarlokameðaltals undirliggjandi fjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt. Þessa viðmiðunarfjárhæð ætti að ákvarða þannig að hún aðgreini á viðeigandi hátt smærri markaðsaðila á sama tíma og hún flokkar verulega áhættu í annan flokk. Viðmiðunarfjárhæðin ætti einnig að vera í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina sem ákvörðuð er á alþjóðavísu í tengslum við kröfur um tryggingarþekju vegna afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt til að auka samleitni reglusetningar og takmarka kostnað mótaðila sem hlýst af reglufylgni. Í samræmi við þessa alþjóðlegu staðla, þar sem viðmiðunarfjárhæðin gildir venjulega á samstæðustigi vegna mögulegrar sameiginlegar áhættu innan samstæðu, ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni að því er varðar fjárfestingarsjóði sérstaklega fyrir hvern sjóð vegna þess að skuldbindingar sjóðs verða yfirleitt ekki fyrir áhrifum af skuldbindingum annarra sjóða eða fjárfestingastjóra þeirra. Því ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni sérstaklega á hvern sjóð fyrir sig, ef um er að ræða ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðs, á meðan hver fjárfestingarsjóður er aðskilið og aðgreint safn eigna sem ekki eru veðtryggðar, með ábyrgð eða studdar með öðrum hætti af öðrum fjárfestingarsjóðum eða fjárfestingastjóranum sjálfum.

7) Tilteknir sérhæfðir sjóðir falla ekki undir skilgreininguna á fjárhagslegum mótaðilum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 þótt rekstrarlegt hæfi þeirra að því er varðar OTC-afleiðusamninga sé að einhverju leyti sambærilegt hæfi sérhæfðra sjóða sem falla undir skilgreininguna. Því ættu sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem ófjárhagslegir mótaðilar að vera í sama flokki mótaðila og sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem fjárhagslegir mótaðilar.

8) Fjórði flokkurinn ætti að innihalda ófjárhagslega mótaðila sem eru ekki í hinum flokkunum, þar sem þeir hafa minni reynslu og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður og miðlæga stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

9) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskylda tekur gildi fyrir mótaðila í fyrsta flokki ætti að taka tillit til þess að hugsanlega hafi þeir ekki komið á nauðsynlegum tengslum við miðlæga mótaðila vegna allra þeirra flokka sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Enn fremur eru mótaðilar í þessum flokki aðgangspunktur fyrir stöðustofnun mótaðila sem eru ekki stöðustofnunaraðilar, stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina, sem vænst er að fjölgi verulega við gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Að lokum stendur þessi fyrsti flokkur mótaðila fyrir verulegan hluta af þeim fjölda OTC-vaxtaafleiðna sem þegar eru stöðustofnaðar og umfang færslna sem þarf að stöðustofna mun aukast verulega eftir þá dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan sem sett er fram í þessari reglugerð tekur gildi. Því ætti hæfilegur tímarammi fyrir mótaðila í fyrsta flokknum vegna undirbúnings fyrir stöðustofnun fleiri flokka, til að taka á aukinni stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina og til að aðlagast fjölgun færslna sem þarf að stöðustofna að miðast við sex mánuði.

10) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í öðrum eða þriðja flokki ætti að taka tillit til þess að flestir þeirra munu fá aðgang að miðlægum mótaðila með því að gerast viðskiptavinur eða óbeinn viðskiptavinur stöðustofnunaraðila. Þetta ferli gæti tekið um tólf til átján mánuði allt eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi mótaðila og umfangi undirbúnings til að koma á fyrirkomulagi með stöðustofnunaraðilum sem nauðsynlegt er til að stöðustofna samninga þeirra.

11) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í fjórða flokki ætti að taka tillit til lagalegs og rekstrarlegs hæfis þeirra og jafnframt þeirri staðreynd að þeir hafa minni reynslu af OTC-afleiðum og miðlægri stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

12) Að því er varðar OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem hefur staðfestu í þriðja landi og annars mótaðila sem hefur staðfestu í Sambandinu, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og eru að öllu leyti felldar undir hana, og sem falla undir fullnægjandi miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir, ætti að kveða á um frestun gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Slík frestun ætti að tryggja að þessir samningar falli ekki undir stöðustofnunarskylduna í takmarkaðan

tíma á meðan framkvæmdargerðir liggja ekki fyrir skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem nær yfir OTC-afleiðusamningana sem tilgreindir eru í viðaukanum við þessa reglugerð og varða lögsöguna þar sem mótaðilinn utan Sambandsins hefur staðfestu. Lögbær yfirvöld ættu að geta gengið úr skugga um það fyrirfram að mótaðilarnir sem gera þessa samninga tilheyri sömu samstæðu og uppfylli önnur skilyrði um viðskipti innan samstæðu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

13) Ef mótaðilar OTC-afleiðusamninga eru fjárhagslegir mótaðilar er þess krafist í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ólíkt því sem gildir um OTC-afleiður þar sem mótaðilarnir eru ófjárhagslegir mótaðilar, að stöðustofnunarskyldunni sé beitt á samninga sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem kemur í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða, en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, að því tilskildu að eftirstöðvatími slíkra samninga á þeim degi þegar skyldan tekur gildi réttlæti það. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga ætti að stefna að markmiðinu um að tryggja samræmda og samfellda beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Hún ætti að stuðla að því að ná fjármálastöðugleika og draga úr kerfisáhættu, sem og að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir markaðsaðila ef flokkur OTC-afleiðusamninga telst falla undir stöðustofnunarskylduna. Því ætti að kveða á um lágmark eftirstöðvatíma sem tryggir að þessum markmiðum verði náð.

14) Áður en tæknilegir eftirlitsstaðlar sem samþykktir eru skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 648/2012 taka gildi geta mótaðilar ekki séð fyrir hvort OTC-afleiðusamningar sem þeir gera myndu falla undir stöðustofnunarskylduna þann dag sem skyldan tekur gildi. Þessi óvissa hefur veruleg áhrif á getu markaðsaðila til að verðleggja nákvæmlega OTC-afleiðusamningana sem þeir gera þar sem miðlægt stöðustofnaðir samningar falla undir annað veðtryggingarfyrirkomulag en þeir samningar sem ekki eru stöðustofnunaðir miðlægt. Krafan um fyrirframstöðustofnun OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, án tillits til eftirstöðvatíma þeirra daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, gæti takmarkað getu mótaðila til að verjast markaðsáhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi markaðarins og fjármálastöðugleika, eða komið í veg fyrir að þeir stundi venjubundna starfsemi sína með því að áhættuverja hana með öðrum viðeigandi aðferðum.

15) Auk þess ættu OTC-afleiðusamningar, sem gerðir eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar og áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna fyrr en mótaðilar að þessum samningum geta ákvarðað hvaða flokki þeir tilheyra, hvort þeir falla undir stöðustofnunarskylduna vegna tiltekins samnings, þ.m.t. viðskipti innan samstæðu, og fyrr en þeir geta framkvæmt nauðsynlegt fyrirkomulag til að gera þessa samninga með fyrirvara um stöðustofnunarskylduna. Til að vernda skipulega starfsemi og stöðugleika markaðarins og jöfn samkeppnisskilyrði mótaðila þykir því rétt að taka til athugunar að þessir samningar ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna óháð stöðvatíma þeirra.

16) OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða, en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna ef þeir skipta litlu máli fyrir kerfisáhættu eða ef beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga gæti með öðrum hætti stofnað í hættu samræmdri og samfelldri beitingu reglugerðar (ESB) 648/2012. Greiðslufallsáhætta mótaðila í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga með lengri eftirstöðvatíma varir lengur á markaðnum en áhætta í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga með skemmri eftirstöðvatíma. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á samninga með stuttan eftirstöðvatíma myndi leggja byrði á mótaðila sem er ekki í réttu hlutfalli við það hversu mikið hún dregur úr áhættu. Þar að auki eru OTC-vaxtaafleiður með stuttan eftirstöðvatíma hlutfallslega lítill hluti af heildarmarkaðnum og þar af leiðandi lítill hluti af heildarkerfisáhættu í tengslum við þennan markað. Því ætti að fastsetja lágmarkseftirstöðvatíma þannig að hann tryggi að samningar sem hafa eftirstöðvatíma sem er ekki lengri en nokkrir mánuðir falli ekki undir stöðustofnunarskylduna.

17) Mótaðilar í þriðja flokki bera hlutfallslega lítinn hluta af heildarkerfisáhættu og hafa minni lagalegt og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður en mótaðilar í fyrsta og öðrum flokki. Aðlaga þarf mikilvæga þætti OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. verðlagningu OTC-vaxtaafleiða sem falla undir stöðustofnunarskylduna og eru gerðir áður en skyldan tekur gildi, innan skamms tíma til að ná yfir stöðustofnunina sem mun ekki fara fram fyrr en mörgum mánuðum eftir að samningurinn er gerður. Þetta ferli við stöðustofnun fyrirfram felur í sér mikilvæga aðlögun verðlagningarlíkansins og breytingar á skjalfestingu þessara OTC-afleiðusamninga. Mótaðilar í þriðja flokki hafa mjög takmarkaða getu til að fella stöðustofnun

fyrirfram inn í OTC-afleiðusamninga sína. Krafa um stöðustofnun OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessa mótaðila gæti takmarkað getu þessara mótaðila til að verjast áhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi og stöðugleika markaðarins eða komið í veg fyrir að þeir stundi hefðbundna starfsemi sína ef þeir geta ekki áhættuvarist áfram. Því ættu OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru á milli mótaðila í þriðja flokki, fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna.

18) Þar að auki má undanskilja frá stöðustofnun OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, til að komast hjá því að takmarka skilvirkni áhættustýringarferla innan samstæðu og grafa þar með undan meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ættu viðskipti innan samstæðu, sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru gerð fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessar færslur, ekki falla undir stöðustofnunarskylduna.

19) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

20) Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá fyrirætlun sína styðja með breytingum drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lagði til, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í fimmtu og sjöttu undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]). Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkti formlegt álit að því er varðar þessar breytingar sem hún lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

21) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði skv. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 og haft samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Flokkar OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

1. Þeir flokkar OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í viðaukanum skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

2. Á meðal þeirra flokka OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í viðaukanum skulu ekki vera samningar sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa, að því tilskildu að þessir samningar uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) þeir séu aðeins notaðir sem áhættuvörn gegn vaxta- eða gjaldmiðlamisvægi tryggingasafnsins í tengslum við sértryggða skuldabréfið,

b) þeir séu skráðir eða skrásettir í tryggingasafn sértryggða skuldabréfsins í samræmi við landslög um sértryggð skuldabréf,

c) þeir falli ekki úr gildi komi til skilameðferðar eða ógjaldfærni útgefanda sértryggða skuldabréfsins eða tryggingasafnsins,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

d) mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðu skuldabréfanna eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa sé a.m.k. jafnrétthár eigendum sértryggðra skuldabréfsins nema ef mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðu skuldabréfanna er vanskilaaðilinn eða aðilinn sem fyrir áhrifum verður eða afsalar sér stöðu jafnrétthás aðila,

e) sértryggða skuldabréfið uppfylli kröfur 129. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]) og falli undir eftirlitskröfu um tryggingu sem nemur a.m.k. 102%.

2. gr.

1. Að því er varðar 3. og 4. gr. skal skipta mótaðilunum sem falla undir stöðustofnunarskylduna í eftirfarandi flokka:

a) flokk 1, sem samanstendur af mótaðilum sem á gildistökudegi þessarar reglugerðar eru stöðustofnunaraðilar, í skilningi 14. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir a.m.k. einn af þeim flokkum OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í viðaukanum við þessa reglugerð, a.m.k. eins þeirra miðlægu mótaðila sem hafa leyfi eða eru viðurkenndir á undan þeim degi til að stöðustofna a.m.k. einn þessara flokka,

b) flokk 2, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra ekki flokki 1, tilheyra samstæðu með, í janúar, febrúar og mars 2016, meira en 8 milljarða evra samanlagt mánaðarlokameðaltal brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt og sem eru annað af eftirfarandi:

   i. fjárhagslegir mótaðilar,

   ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([2]), sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

c) flokk 3, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1 né flokki 2 og eru annað af eftirfarandi:

   i. fjárhagslegir mótaðilar,

   ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

d) flokk 4, sem samanstendur af ófjárhagslegum mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1, flokki 2 né flokki 3.

2. Útreikningur á samanlögðu mánaðarlokameðaltali brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar hjá samstæðu, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal taka til allra afleiðna samstæðunnar sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt, þ.m.t. framvirkra gjaldeyrissamninga, skiptasamninga og gjaldeyrisskiptasamninga.

3. Séu mótaðilar sérhæfðir sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóðir (UCITS) eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([3]) skal 8 milljarða evra viðmiðunarfjárhæðin, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, gilda um hvern sjóð fyrir sig.

3. gr.

Dagsetningar gildistöku stöðustofnunarskyldu

1. Að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum skal stöðustofnunarskyldan taka gildi:

a) 21. júní 2016 fyrir mótaðila í flokki 1,

b) 21. desember 2016 fyrir mótaðila í flokki 2,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

c) 21. júní 2017 fyrir mótaðila í flokki 3,

d) 21. desember 2018 fyrir mótaðila í flokki 4.

Sé samningur gerður milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila skal gildistökudagur stöðustofnunarskyldu fyrir þann samning vera síðari dagsetningin.

2. Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4 og eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 21. desember 2018 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

   i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

   ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.

Þessi undanþága gildir aðeins ef mótaðilarnir uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) mótaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi er annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili,

b) mótaðilinn sem hefur staðfestu í Sambandinu er:

   i. fjárhagslegur mótaðili, ófjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hliðarstarfsemi sem fellur undir viðeigandi varfærniskröfur og mótaðilinn sem um getur í a-lið er fjárhagslegur mótaðili eða

   ii. annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili og mótaðilinn sem um getur í a-lið er ófjárhagslegur mótaðili,

c) báðir mótaðilar eru að fullu hluti af sömu samstæðu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

d) báðir mótaðilar eru háðir viðeigandi miðlægum áhættumats-, mats- og eftirlitsaðferðum,

e) mótaðilinn sem hefur staðfestu innan Sambandsins hefur tilkynnt lögbæru yfirvaldi sínu skriflega að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og d-lið séu uppfyllt og lögbæra yfirvaldið hefur innan 30 almanaksdaga frá viðtöku tilkynningarinnar staðfest að þessi skilyrði séu uppfyllt.

4. gr.

Lágmark eftirstöðvatíma

1. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 1 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 50 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 21. febrúar 2016 og eru í flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í viðaukanum,

b) 3 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 21. febrúar 2016 og eru í flokkunum í töflu 3 eða töflu 4 í viðaukanum,

c) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 21. febrúar 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflu 1 til töflu 4 í viðaukanum.

2. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 2 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 50 ár fyrir samninga, sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 21. maí 2016 og eru í flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í viðaukanum,

b) 3 ár fyrir samninga, sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 21. maí 2016 og eru í flokkunum í töflu 3 eða töflu 4 í viðaukanum,

c) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 21. maí 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflu 1 til töflu 4 í viðaukanum.

3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti þeirrar tegundar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera 5 ár og 3 mánuðir.

a) 50 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í viðaukanum,

b) 3 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 3 eða töflu 4 í viðaukanum.

4. Sé samningur gerður á milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem tilheyra mismunandi flokkum eða milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem eiga í viðskiptum þeirrar tegundar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. skal það lágmark eftirstöðvatíma sem miða á við að því er varðar þessa grein vera það viðeigandi lágmark eftirstöðvatíma sem lengra er.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Flokkar OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

Tafla 1

Flokkar skiptasamninga um breytilega vexti (e. *basis swaps*)

Auðkenni	Tegund	Viðmiðunar-vísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
A.1.1	Um breytilega vexti (e. Basis)	Euribor	EUR	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.1.2	Um breytilega vexti	LIBOR	GBP	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.1.3	Um breytilega vexti	LIBOR	JPY	28D-30Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.1.4	Um breytilega vexti	LIBOR	USD	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

Tafla 2

Flokkar samninga um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti (e. *fixed-to-float*)

Auðkenni	Tegund	Viðmiðunar-vísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
A.2.1	Fastir í breytilega	Euribor	EUR	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.2.2	Fastir í breytilega	LIBOR	GBP	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.2.3	Fastir í breytilega	LIBOR	JPY	28D-30Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.2.4	Fastir í breytilega	LIBOR	USD	28D-50Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

Tafla 3

Flokkar framvirkra vaxtasamninga

Auðkenni	Tegund	Viðmiðunar-vísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
A.3.1	FRA	Euribor	EUR	3D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.3.2	FRA	LIBOR	GBP	3D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.3.3	FRA	LIBOR	USD	3D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

Tafla 4

Flokkar skiptasamninga um lánavexti (OIS)

Auðkenni	Tegund	Viðmiðunar-vísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
A.4.1	OIS	EONIA	EUR	7D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.4.2	OIS	FedFunds	USD	7D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
A.4.3	OIS	SONIA	GBP	7D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/592 **2019/EES/25/18**

frá 1. mars 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) hefur verið tilkynnt um þá flokka OTC-lánaafleiða sem miðlægur mótaðili hefur fengið leyfi til að stöðustofna. Fyrir hvern þessara flokka hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metið viðmiðin sem eru nauðsynleg til að þeir geti fallið undir stöðustofnunarskylduna, þ.m.t. umfang stöðlunar, magn og seljanleika, og aðgengileika verðupplýsinga. Með það að meginmarkmiði að draga úr kerfisáhættu, hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðað þá flokka OTC-lánaafleiðna sem ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) Lánstíminn er sameiginlegur og nauðsynlegur eiginleiki OTC-lánaafleiðna. Hann samsvarar fastákveðnum degi þegar lánaafleiðusamningurinn fellur úr gildi. Taka ætti tillit til þessa eiginleika við ákvörðun á þeim flokkum OTC-lánaafleiðna sem skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

3) Mismunandi mótaðilar þurfa mislangan tíma til að koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að stöðustofna OTC-lánaafleiður sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Til að tryggja skipulega og tímanlega framkvæmd þeirrar skyldu ætti að skipta mótaðilum í flokka þar sem nægilega svipaðir mótaðilar munu falla undir stöðustofnunarskylduna frá sama degi.

4) Fyrsti flokkurinn ætti að innihalda bæði fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila sem, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru stöðustofnunaraðilar a.m.k. eins af viðkomandi miðlægum mótaðilum og a.m.k. eins af þeim flokkum OTC-lánaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna, þar sem þessir mótaðilar búa nú þegar yfir reynslu af valkvæðri stöðustofnun og hafa þegar komið á tengslum við þessa miðlægu mótaðila til að stöðustofna a.m.k. einn af þessum flokkum. Ófjárhagslegir mótaðilar sem eru stöðustofnunaraðilar ættu einnig að vera í þessum fyrsta flokki þar sem reynsla þeirra og undirbúningur fyrir miðlæga stöðustofnun samsvarar reynslu og undirbúningi fjárhagslegra mótaðila sem eru í þessum flokki.

5) Í öðrum og þriðja flokki ættu að vera fjárhagslegir mótaðilar sem eru ekki í fyrsta flokki, flokkaðir eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi þeirra að því er varðar OTC-afleiður. Umfang starfsemi með OTC-afleiður ætti að vera grundvöllur til að aðgreina lagalegt og rekstrarlegt hæfi fjárhagslegra mótaðila og til að skilja á milli annars og þriðja flokks ætti því að fastsetja stærðartakmörkun á grundvelli samanlagðs mánaðarlokameðaltals undirliggjandi fjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt. Þessa viðmiðunarfjárhæð ætti að ákvarða þannig að hún aðgreini á viðeigandi hátt smærri markaðsaðila á sama tíma og hún flokkar verulega áhættu í annan flokk. Viðmiðunarfjárhæðin ætti einnig að vera í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina sem ákvörðuð er á alþjóðavísu í tengslum við kröfur um tryggingarþekju vegna afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt til að auka samleitni reglusetningar og takmarka kostnað mótaðila sem hlýst af reglufylgni. Í samræmi við þessa alþjóðlegu staðla, þar sem viðmiðunarfjárhæðin gildir venjulega á samstæðustigi vegna mögulegrar sameiginlegrar áhættu innan samstæðu, ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni að því er varðar fjárfestingarsjóði sérstaklega fyrir hvern sjóð vegna þess að skuldbindingar sjóðs verða yfirleitt ekki fyrir áhrifum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

af skuldbindingum annarra sjóða eða fjárfestingastjóra þeirra. Því ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni sérstaklega á hvern sjóð fyrir sig, ef um er að ræða ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðs, á meðan hver fjárfestingarsjóður er aðskilið og aðgreint safn eigna sem ekki eru veðtryggðar, með ábyrgð eða studdar með öðrum hætti af öðrum fjárfestingarsjóðum eða fjárfestingastjóranum sjálfum.

6) Tilteknir sérhæfðir sjóðir falla ekki undir skilgreininguna á fjárhagslegum mótaðilum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 þrátt fyrir að þeir hafi eitthvert rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem er sambærilegt hæfi sérhæfðra sjóða sem falla undir skilgreininguna. Því ættu sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem ófjárhagslegir mótaðilar að vera í sama flokki mótaðila og sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem fjárhagslegir mótaðilar.

7) Fjórði flokkurinn ætti að innihalda ófjárhagslega mótaðila sem eru ekki í hinum flokkunum, þar sem þeir hafa minni reynslu og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður og miðlæga stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

8) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskylda tekur gildi fyrir mótaðila í fyrsta flokki ætti að taka tillit til þess að hugsanlega hafi þeir ekki komið á nauðsynlegum tengslum við miðlæga mótaðila vegna allra þeirra flokka sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Enn fremur eru mótaðilar í þessum flokki aðgangspunktur fyrir stöðustofnun mótaðila sem eru ekki stöðustofnunaraðilar, stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina, sem vænst er að fjölgi verulega við gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Að lokum stendur þessi fyrsti flokkur mótaðila fyrir verulegan hluta af þeim fjölda OTC-lánaafleiðna sem þegar eru stöðustofnaðar og umfang færslna sem þarf að stöðustofna mun aukast verulega eftir þá dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan sem sett er fram í þessari reglugerð tekur gildi. Því ætti hæfilegur tímarammi fyrir mótaðila í fyrsta flokknum vegna undirbúnings fyrir stöðustofnun fleiri flokka, til að taka á aukinni stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina og til að aðlagast fjölgun færslna sem þarf að stöðustofna að miðast við sex mánuði. Enn fremur ætti dagsetningin þegar stöðustofnunarskylda tekur gildi hvað varðar mótaðila í fyrsta flokknum einnig að taka mið af því hvort fleiri en einn miðlægur mótaðili hefur þegar stöðustofnað sama flokk OTC-afleiða þegar þessi reglusetning öðlast gildi. Einkum myndi mikill fjöldi mótaðila sem hyggst koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi hjá sama miðlæga mótaðila að þýða að þörf væri á lengri tíma en þegar mótaðilar hafa val um nokkra miðlæga mótaðila til að koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi hjá. Því ætti að veita þriggja mánaða viðbótartímabil til að tryggja að stöðustofnunarskyldur séu framkvæmdar á skipulegan hátt.

9) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í öðrum eða þriðja flokki ætti að taka tillit til þess að flestir þeirra munu fá aðgang að miðlægum mótaðila með því að gerast viðskiptavinur eða óbeinn viðskiptavinur stöðustofnunaraðila. Þetta ferli gæti tekið um tólf til átján mánuði allt eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi mótaðila og umfangi undirbúnings við að koma á fyrirkomulagi með stöðustofnunaraðilum sem nauðsynlegur er til að stöðustofna samninga þeirra. Enn fremur ætti dagsetningin þegar stöðustofnunarskylda tekur gildi hvað varðar mótaðila í öðrum og þriðja flokki einnig að taka mið af því hvort fleiri en einn miðlægur mótaðili hefur þegar stöðustofnað sama flokk OTC-afleiða þegar þessi reglusetning öðlast gildi. Einkum myndi mikill fjöldi mótaðila sem hyggst koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi hjá sama miðlæga mótaðila á sama tíma þýða að meiri tíma væri þörf en þegar mótaðilar hafa val um nokkra miðlæga mótaðila til að koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi hjá. Því ætti að veita þriggja mánaða viðbótartímabil til að tryggja að stöðustofnunarskyldur séu framkvæmdar á skipulegan hátt.

10) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í fjórða flokki ætti að taka tillit til lagalegs og rekstrarlegs hæfis þeirra og jafnframt þeirri staðreynd að þeir hafa minni reynslu af OTC-afleiðum og miðlægri stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

11) Að því er varðar OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem hefur staðfestu í þriðja landi og annars mótaðila sem hefur staðfestu í Sambandinu, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og eru að öllu leyti felldar undir hana, og sem falla undir fullnægjandi miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir, ætti að kveða á um frestun gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Slík frestun ætti að tryggja að þessir samningar falli ekki undir stöðustofnunarskylduna í takmarkaðan tíma á meðan framkvæmdargerðir liggja ekki fyrir skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem nær yfir OTC-afleiðusamningana sem tilgreindir eru í viðaukanum við þessa reglugerð og varða lögsöguna þar sem

mótaðilinn utan Sambandsins hefur staðfestu. Lögbær yfirvöld ættu að geta gengið úr skugga um það fyrirfram að mótaðilarnir sem gera þessa samninga tilheyri sömu samstæðu og uppfylli önnur skilyrði um viðskipti innan samstæðu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

12) Ef mótaðilar OTC-afleiðusamninga eru fjárhagslegir mótaðilar er þess krafist í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ólíkt því sem gildir um OTC-afleiður þar sem mótaðilarnir eru ófjárhagslegir mótaðilar, að stöðustofnunarskyldunni sé beitt á samninga sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem kemur í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða, en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, að því tilskildu að eftirstöðvatími slíkra samninga á þann dag þegar skyldan tekur gildi réttlæti það. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga ætti að stefna að markmiðinu um að tryggja samræmda og samfellda beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Hún ætti að stuðla að því að ná fjármálastöðugleika og draga úr kerfisáhættu, sem og að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir markaðsaðila ef flokkur OTC-afleiðusamninga telst falla undir stöðustofnunarskylduna. Því ætti að kveða á um lágmark eftirstöðvatíma sem tryggir að þessum markmiðum verði náð.

13) Áður en tæknilegir eftirlitsstaðlar, sem samþykktir eru skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 648/2012, taka gildi geta mótaðilar ekki séð fyrir hvort OTC-afleiðusamningar sem þeir gera myndu falla undir stöðustofnunarskylduna þann dag sem skyldan tekur gildi. Þessi óvissa hefur veruleg áhrif á getu markaðsaðila til að verðleggja nákvæmlega OTC-afleiðusamningana sem þeir gera þar sem miðlægt stöðustofnaðir samningar falla undir annað veðtryggingarfyrirkomulag en þeir samningar sem ekki eru stöðustofnunaðir miðlægt. Stöðustofnun fyrirfram á OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, án tillits til eftirstöðvatíma þeirra daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, gæti takmarkað getu mótaðila til að verjast markaðsáhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi markaðarins og fjármálastöðugleika, eða komið í veg fyrir að þeir stundi venjubundna starfsemi sína með því að áhættuverja hana með öðrum viðeigandi aðferðum.

14) Auk þess ættu OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar og áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna fyrr en mótaðilar að þessum samningum geta ákvarðað hvaða flokki þeir tilheyra og hvaða miðlægur mótaðili er tiltækur til að stöðustofna þessa samninga, hvort þeir falla undir stöðustofnunarskylduna vegna tiltekins samnings, þ.m.t. viðskipti innan samstæðu, og fyrr en þeir geta framkvæmt nauðsynlegt fyrirkomulag til að gera þessa samninga með fyrirvara um stöðustofnunarskylduna. Til að vernda skipulega starfsemi og stöðugleika markaðarins og jöfn samkeppnisskilyrði mótaðila þykir því rétt að taka til athugunar að þessir samningar ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna óháð eftirstöðvatíma þeirra.

15) OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna ef þeir skipta litlu máli fyrir kerfisáhættu eða ef beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga gæti með öðrum hætti stofnað í hættu samræmdri og samfelldri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Greiðslufallsáhætta mótaðila í tengslum við OTC-lánaafleiðusamninga með lengri eftirstöðvatíma varir lengur á markaðnum en áhætta í tengslum við OTC-lánaafleiðusamninga með skemmri eftirstöðvatíma. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á samninga með stuttan eftirstöðvatíma myndi leggja byrði á mótaðila sem er ekki í réttu hlutfalli við það hversu mikið hún dregur úr áhættu. Þar að auki eru OTC-lánaafleiður með stuttan eftirstöðvatíma hlutfallslega lítill hluti af heildarmarkaðnum og þar af leiðandi lítill hluti af heildarkerfisáhættu í tengslum við þennan markað. Því ætti að fastsetja lágmarks eftirstöðvatíma þannig að hann tryggi að samningar sem hafa eftirstöðvatíma sem er ekki lengri en nokkrir mánuðir falli ekki undir stöðustofnunarskylduna.

16) Mótaðilar í þriðja flokki bera hlutfallslega lítinn hluta af heildarkerfisáhættu og hafa minni lagalegt og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður en mótaðilar í fyrsta og öðrum flokki. Aðlaga þarf mikilvæga þætti OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. verðlagningu OTC-lánaafleiða sem falla undir stöðustofnunarskylduna og eru gerðir áður en skyldan tekur gildi, innan skamms tíma til að ná yfir stöðustofnunina sem mun ekki fara fram fyrr en mörgum mánuðum eftir að samningurinn er gerður. Þetta ferli við stöðustofnun fyrirfram felur í sér mikilvæga aðlögun verðlagningarlíkansins og breytingar á skjalfestingu þessara OTC-afleiðusamninga. Mótaðilar í þriðja flokki hafa mjög takmarkaða getu til að fella stöðustofnun fyrirfram inn í OTC-afleiðusamninga sína. Krafa um stöðustofnun OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessa mótaðila gæti takmarkað getu þessara mótaðila til að verjast áhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi og stöðugleika markaðarins eða komið í veg fyrir að þeir stundi

hefðbundna starfsemi sína ef þeir geta ekki áhættuvarist áfram. Því ættu OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru á milli mótaðila í þriðja flokki, fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna.

17) Þar að auki má undanskilja frá stöðustofnun OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, til að komast hjá því að takmarka skilvirkni áhættustýringarferla innan samstæðu og grafa þar með undan meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ættu viðskipti innan samstæðu sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru gerð fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessar færslur ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna.

18) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði skv. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), og haft samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Flokkar OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

Þeir flokkar OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í viðaukanum skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

2. gr.

Flokkar mótaðila

1. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skal skipta mótaðilunum sem falla undir stöðustofnunarskylduna í eftirfarandi flokka:

a) flokk 1, sem samanstendur af mótaðilum sem á gildistökudegi þessarar reglugerðar eru stöðustofnunaraðilar, í skilningi 14. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir a.m.k. einn af þeim flokkum OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í viðaukanum við þessa reglugerð, a.m.k. eins þeirra miðlægu mótaðila sem hafa leyfi eða eru viðurkenndir á undan þeim degi til að stöðustofna a.m.k. einn þessara flokka,

b) flokk 2, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra ekki flokki 1, tilheyra samstæðu með, í janúar, febrúar og mars 2016, meira en 8 milljarða evra samanlagt mánaðarlokameðaltal brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt og sem eru annað af eftirfarandi:

   i. fjárhagslegir mótaðilar,

   ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([2]), sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

c) flokk 3, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1 né flokki 2 og eru annað af eftirfarandi:

i. fjárhagslegir mótaðilar,

ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

d) flokk 4, sem samanstendur af ófjárhagslegum mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1, flokki 2 né flokki 3.

2. Útreikningur á samanlögðu mánaðarlokameðaltali brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar hjá samstæðu, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal taka til allra afleiðna samstæðunnar sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt, þ.m.t. framvirkra gjaldeyrissamninga, skiptasamninga og gjaldeyrisskiptasamninga.

3. Séu mótaðilar sérhæfðir sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóðir (UCITS) eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([1]) skal 8 milljarða evra viðmiðunarfjárhæðin, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, gilda um hvern sjóð fyrir sig.

3. gr.

Dagsetningar gildistöku stöðustofnunarskyldu

1. Að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum skal stöðustofnunarskyldan taka gildi:

a) 9. febrúar 2017 fyrir mótaðila í flokki 1,

b) 9. ágúst 2017 fyrir mótaðila í flokki 2,

c) 9. febrúar 2018 fyrir mótaðila í flokki 3,

d) 9. maí 2019 fyrir mótaðila í flokki 4.

Sé samningur gerður milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila skal gildistökudagur stöðustofnunarskyldu fyrir þann samning vera síðari dagsetningin.

2. Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4 og eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 9. maí 2019 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:

i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

Þessi undanþága gildir aðeins ef mótaðilarnir uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) mótaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi er annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili,

b) mótaðilinn sem hefur staðfestu í Sambandinu er:

i. fjárhagslegur mótaðili, ófjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hliðarstarfsemi sem fellur undir viðeigandi varfærniskröfur og mótaðilinn sem um getur í a-lið er fjárhagslegur mótaðili,

ii. annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili og mótaðilinn sem um getur í a-lið er ófjárhagslegur mótaðili,

c) báðir mótaðilar eru að fullu hluti af sömu samstæðu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

d) báðir mótaðilar eru háðir viðeigandi miðlægum áhættumats-, mats- og eftirlitsaðferðum,

e) mótaðilinn sem hefur staðfestu innan Sambandsins hefur tilkynnt lögbæru yfirvaldi sínu skriflega að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og d-lið séu uppfyllt og lögbæra yfirvaldið hefur innan 30 almanaksdaga frá viðtöku tilkynningarinnar staðfest að þessi skilyrði séu uppfyllt.

4. gr.

Lágmark eftirstöðvatíma

1. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 1 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 5 ár og 3 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflunni í viðaukanum,

b) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 9. október 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflunni í viðaukanum.

2. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 2 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 5 ár og 3 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflunni í viðaukanum,

b) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 9. október 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflunni í viðaukanum.

3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti þeirrar tegundar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma, sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera 5 ár og 3 mánuðir.

4. Sé samningur gerður á milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem tilheyra mismunandi flokkum eða milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem eiga í viðskiptum þeirrar tegundar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. skal það lágmark eftirstöðvatíma sem miða á við að því er varðar þessa grein vera það viðeigandi lágmark eftirstöðvatíma sem lengra er.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Flokkar OTC-skuldatryggingaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

Flokkar evrópskra ólagskiptra vísitöluskuldatrygginga (e. untranched index CDS)

Auð-kenni	Tegund	Undirtegund	Landsvæði	Viðmiðunarvísi-tala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Flokkur	Lánstími
B.1.1	Vísitöluskulda-trygging (e. *index CDS*)	Ólagskipt vísitala	Evrópa	iTraxx Europe Main	EUR	frá og með 17	5Y
B.1.2	Vísitöluskulda-trygging (e. *index CDS*)	Ólagskipt vísitala	Evrópa	iTraxx Europe Crossover	EUR	frá og með 17	5Y

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1178 **2019/EES/25/19**

frá 10. júní 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) hefur verið tilkynnt um þá flokka OTC-vaxtaafleiðna sem tilteknir miðlægir mótaðilar hafa fengið leyfi til að stöðustofna. Fyrir hvern þessara flokka hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin metið viðmiðin sem eru nauðsynleg til að þeir geti fallið undir stöðustofnunarskylduna, þ.m.t. umfang stöðlunar, magn og seljanleika, og aðgengileika verðupplýsinga. Með það að meginmarkmiði að draga úr kerfisáhættu hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðað þá flokka OTC-vaxtaafleiðna sem ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2) OTC-vaxtaafleiðusamningar geta haft fasta grundvallarfjárhæð, breytilega grundvallarfjárhæð eða skilyrta grundvallarfjárhæð. Samningar með fasta grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist ekki á líftíma samningsins. Samningar með breytilega grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist með fyrirsjáanlegum hætti á líftíma samningsins. Samningar með skilyrta grundvallarfjárhæð eru með grundvallarfjárhæð sem breytist með ófyrirsjáanlegum hætti á líftíma samningsins. Skilyrtar grundvallarfjárhæðir gera verðlagningu og áhættustýringu í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga flóknari og gera það þar með einnig flóknara fyrir miðlæga mótaðila að stöðustofna þá. Taka ætti tillit til þessa eiginleika við ákvörðun á þeim flokkum OTC-vaxtaafleiðna sem skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

3) Við ákvörðun á því hvaða flokkar OTC-afleiðusamninga ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna ætti að taka tillit til sérstaks eðlis OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa. Hvað þetta varðar ættu þeir flokkar OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna samkvæmt þessari reglugerð ekki að vera þeir samningar sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa, að því tilskildu að þeir uppfylli tiltekin skilyrði.

4) Mismunandi mótaðilar þurfa mislangan tíma til að koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að stöðustofna OTC-vaxtaafleiður sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Til að tryggja skipulega og tímanlega framkvæmd þeirrar skyldu ætti að skipta mótaðilum í flokka þar sem nægilega svipaðir mótaðilar munu falla undir stöðustofnunarskylduna frá sama degi.

5) Fyrsti flokkurinn ætti að innihalda bæði fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila sem, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, eru stöðustofnunaraðilar a.m.k. eins af viðkomandi miðlægum mótaðilum og a.m.k. eins af þeim flokkum OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna, þar sem þessir mótaðilar búa nú þegar yfir reynslu af stöðustofnun og hafa þegar komið á tengslum við þessa miðlægu mótaðila til að stöðustofna a.m.k. einn af þessum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

flokkum. Ófjárhagslegir mótaðilar sem eru stöðustofnunaraðilar ættu einnig að vera í þessum fyrsta flokki þar sem reynsla þeirra og undirbúningur fyrir miðlæga stöðustofnun samsvarar reynslu og undirbúningi fjárhagslegra mótaðila sem eru í þessum flokki.

6) Í öðrum og þriðja flokki ættu að vera fjárhagslegir mótaðilar sem eru ekki í fyrsta flokki, flokkaðir eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi þeirra að því er varðar OTC-afleiður. Umfang starfsemi með OTC-afleiður ætti að vera grundvöllur til að aðgreina lagalegt og rekstrarlegt hæfi fjárhagslegra mótaðila og til að skilja á milli annars og þriðja flokks ætti því að fastsetja stærðartakmörkun á grundvelli samanlagðs mánaðarlokameðaltals undirliggjandi fjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt. Þessa viðmiðunarfjárhæð ætti að ákvarða þannig að hún aðgreini á viðeigandi hátt smærri markaðsaðila á sama tíma og hún flokkar verulega áhættu í annan flokk. Viðmiðunarfjárhæðin ætti einnig að vera í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina sem ákvörðuð er á alþjóðavísu í tengslum við kröfur um tryggingarþekju vegna afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt til að auka samleitni reglusetningar og takmarka kostnað mótaðila sem hlýst af reglufylgni. Í samræmi við þessa alþjóðlegu staðla, þar sem viðmiðunarfjárhæðin gildir venjulega á samstæðustigi vegna mögulegrar sameiginlegar áhættu innan samstæðu, ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni að því er varðar fjárfestingarsjóði sérstaklega fyrir hvern sjóð vegna þess að skuldbindingar eins sjóðs verða yfirleitt ekki fyrir áhrifum af skuldbindingum annarra sjóða eða fjárfestingastjóra þeirra. Því ætti að beita viðmiðunarfjárhæðinni sérstaklega á hvern sjóð fyrir sig, ef um er að ræða ógjaldfærni eða gjaldþrot sjóðs, á meðan hver fjárfestingarsjóður er aðskilið og aðgreint safn eigna sem ekki eru veðtryggðar, með ábyrgð eða studdar með öðrum hætti af öðrum fjárfestingarsjóðum eða fjárfestingastjóranum sjálfum.

7) Tilteknir sérhæfðir sjóðir falla ekki undir skilgreininguna á fjárhagslegum mótaðilum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 þótt rekstrarlegt hæfi þeirra að því er varðar OTC-afleiðusamninga sé að einhverju leyti sambærilegt hæfi sérhæfðra sjóða sem falla undir skilgreininguna. Því ættu sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem ófjárhagslegir mótaðilar að vera í sama flokki mótaðila og sérhæfðir sjóðir sem eru flokkaðir sem fjárhagslegir mótaðilar.

8) Fjórði flokkurinn ætti að innihalda ófjárhagslega mótaðila sem eru ekki í hinum flokkunum, þar sem þeir hafa minni reynslu og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður og miðlæga stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

9) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskylda tekur gildi fyrir mótaðila í fyrsta flokki ætti að taka tillit til þess að hugsanlega hafi þeir ekki komið á nauðsynlegum tengslum við miðlæga mótaðila vegna allra þeirra flokka sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Enn fremur eru mótaðilar í þessum flokki aðgangspunktur fyrir stöðustofnun mótaðila sem eru ekki stöðustofnunaraðilar, stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina, sem vænst er að fjölgi verulega við gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Að lokum stendur þessi fyrsti flokkur mótaðila fyrir verulegan hluta af þeim fjölda OTC-vaxtaafleiðna sem þegar eru stöðustofnaðar og umfang færslna sem þarf að stöðustofna mun aukast verulega eftir þá dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan sem sett er fram í þessari reglugerð tekur gildi. Því ætti hæfilegur tímarammi fyrir mótaðila í fyrsta flokknum vegna undirbúnings fyrir stöðustofnun fleiri flokka, til að taka á aukinni stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina og til að aðlagast fjölgun færslna sem þarf að stöðustofna að miðast við sex mánuði.

10) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í öðrum eða þriðja flokki ætti að taka tillit til þess að flestir þeirra munu fá aðgang að miðlægum mótaðila með því að gerast viðskiptavinur eða óbeinn viðskiptavinur stöðustofnunaraðila. Þetta ferli gæti tekið tólf til átján mánuði allt eftir lagalegu og rekstrarlegu hæfi mótaðila og umfangi undirbúnings við að koma á fyrirkomulagi með stöðustofnunaraðilum sem nauðsynlegt er til að stöðustofna samninga þeirra.

11) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í fjórða flokki ætti að taka tillit til lagalegs og rekstrarlegs hæfis þeirra og jafnframt þeirrar staðreyndar að þeir hafa minni reynslu af OTC-afleiðum og miðlægri stöðustofnun en aðrir flokkar mótaðila.

12) Að því er varðar OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem hefur staðfestu í þriðja landi og annars mótaðila sem hefur staðfestu í Sambandinu, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og eru að öllu leyti felldar undir hana, og sem falla undir fullnægjandi miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir, ætti að kveða á um frestun gildistöku stöðustofnunarskyldunnar. Slík frestun ætti að tryggja að þessir samningar falli ekki undir stöðustofnunarskylduna í takmarkaðan

tíma á meðan framkvæmdargerðir liggja ekki fyrir skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem nær yfir OTC-afleiðusamningana sem settir eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð og varða lögsöguna þar sem mótaðilinn utan Sambandsins hefur staðfestu. Lögbær yfirvöld ættu að geta gengið úr skugga um það fyrirfram að mótaðilarnir sem gera þessa samninga tilheyri sömu samstæðu og uppfylli önnur skilyrði um viðskipti innan samstæðu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

13) Ef mótaðilar OTC-afleiðusamninga eru fjárhagslegir mótaðilar er þess krafist í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ólíkt því sem gildir um OTC-afleiður þar sem mótaðilarnir eru ófjárhagslegir mótaðilar, að stöðustofnunarskyldunni sé beitt á samninga sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem kemur í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða, en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, að því tilskildu að eftirstöðvatími slíkra samninga á þeim degi þegar skyldan tekur gildi réttlæti það. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga ætti að stefna að markmiðinu um að tryggja samræmda og samfellda beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Hún ætti að stuðla að því að ná fjármálastöðugleika og draga úr kerfisáhættu, sem og að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir markaðsaðila ef flokkur OTC-afleiðusamninga telst falla undir stöðustofnunarskylduna. Því ætti að kveða á um lágmark eftirstöðvatíma sem tryggir að þessum markmiðum verði náð.

14) Áður en tæknilegir eftirlitsstaðlar sem samþykktir eru skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 648/2012 taka gildi geta mótaðilar ekki séð fyrir hvort OTC-afleiðusamningar sem þeir gera myndu falla undir stöðustofnunarskylduna þann dag sem skyldan tekur gildi. Þessi óvissa hefur veruleg áhrif á getu markaðsaðila til að verðleggja nákvæmlega OTC-afleiðusamningana sem þeir gera þar sem miðlægt stöðustofnaðir samningar falla undir annað veðtryggingarfyrirkomulag en þeir samningar sem ekki eru stöðustofnunaðir miðlægt. Krafan um fyrirframstöðustofnun OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, án tillits til eftirstöðvatíma þeirra daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, gæti takmarkað getu mótaðila til að verjast markaðsáhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi markaðarins og fjármálastöðugleika, eða komið í veg fyrir að þeir stundi venjubundna starfsemi sína með því að áhættuverja hana með öðrum viðeigandi aðferðum.

15) Auk þess ættu OTC-afleiðusamningar, sem gerðir eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar og áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna fyrr en mótaðilar að þessum samningum geta ákvarðað hvaða flokki þeir tilheyra, hvort þeir falla undir stöðustofnunarskylduna vegna tiltekins samnings, þ.m.t. viðskipti innan samstæðu, og fyrr en þeir geta framkvæmt nauðsynlegt fyrirkomulag til að gera þessa samninga með fyrirvara um stöðustofnunarskylduna. Til að vernda skipulega starfsemi og stöðugleika markaðarins og jöfn samkeppnisskilyrði mótaðila þykir því rétt að taka til athugunar að þessir samningar ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna óháð stöðvatíma þeirra.

16) OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru eftir tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í kjölfar leyfisveitingar til miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiða, en fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, ættu ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna ef þeir skipta litlu máli fyrir kerfisáhættu eða ef beiting stöðustofnunarskyldunnar á þessa samninga gæti með öðrum hætti stofnað í hættu samræmdri og samfelldri beitingu reglugerðar (ESB) 648/2012. Greiðslufallsáhætta mótaðila í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga með lengri eftirstöðvatíma varir lengur á markaðnum en áhætta í tengslum við OTC-vaxtaafleiðusamninga með skemmri eftirstöðvatíma. Beiting stöðustofnunarskyldunnar á samninga með stuttan eftirstöðvatíma myndi leggja byrði á mótaðila sem er ekki í réttu hlutfalli við það hversu mikið hún dregur úr áhættu. Þar að auki eru OTC-vaxtaafleiður með stuttan eftirstöðvatíma hlutfallslega lítill hluti af heildarmarkaðnum og þar af leiðandi lítill hluti af heildarkerfisáhættu í tengslum við þennan markað. Því ætti að fastsetja lágmarkseftirstöðvatíma þannig að hann tryggi að samningar sem hafa eftirstöðvatíma sem er ekki lengri en nokkrir mánuðir falli ekki undir stöðustofnunarskylduna.

17) Mótaðilar í þriðja flokki bera hlutfallslega lítinn hluta af heildarkerfisáhættu og hafa minni lagalegt og rekstrarlegt hæfi að því er varðar OTC-afleiður en mótaðilar í fyrsta og öðrum flokki. Aðlaga þarf mikilvæga þætti OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. verðlagningu OTC-vaxtaafleiða sem falla undir stöðustofnunarskylduna og eru gerðir áður en sú skylda tekur gildi, innan skamms tíma til að ná yfir stöðustofnunina sem mun ekki fara fram fyrr en mörgum mánuðum eftir að samningurinn er gerður. Þetta ferli við stöðustofnun fyrirfram felur í sér mikilvæga aðlögun verðlagningarlíkansins og

breytingar á skjalfestingu þessara OTC-afleiðusamninga. Mótaðilar í þriðja flokki hafa mjög takmarkaða getu til að fella stöðustofnun fyrirfram inn í OTC-afleiðusamninga sína. Krafa um stöðustofnun OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessa mótaðila gæti takmarkað getu þessara mótaðila til að verjast áhættu með fullnægjandi hætti og annaðhvort haft áhrif á starfsemi og stöðugleika markaðarins eða komið í veg fyrir að þeir stundi hefðbundna starfsemi sína ef þeir geta ekki áhættuvarist áfram. Því ættu OTC-afleiðusamningar sem gerðir eru á milli mótaðila í þriðja flokki, fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna.

18) Þar að auki má undanskilja frá stöðustofnun OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, til að komast hjá því að takmarka skilvirkni áhættustýringarferla innan samstæðu og grafa þar með undan meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ættu viðskipti innan samstæðu sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru gerð fyrir þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi að því er varðar þessar færslur ekki að falla undir stöðustofnunarskylduna.

19) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

20) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði skv. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), og haft samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Flokkar OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

1. Þeir flokkar OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í I. viðauka skulu falla undir stöðustofnunarskylduna.

2. Á meðal þeirra flokka OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í I. viðauka skulu ekki vera samningar sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa, að því tilskildu að þessir samningar uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) þeir séu aðeins notaðir sem áhættuvörn gegn vaxta- eða gjaldmiðlamisvægi tryggingasafnsins í tengslum við sértryggða skuldabréfið,

b) þeir séu skráðir eða skrásettir í tryggingasafn sértryggða skuldabréfsins í samræmi við landslög um sértryggð skuldabréf,

c) þeir falli ekki úr gildi komi til skilameðferðar eða ógjaldfærni útgefanda sértryggða skuldabréfsins eða tryggingasafnsins,

d) mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðu skuldabréfanna eða með tryggingasöfnum sértryggðra skuldabréfa sé a.m.k. jafnrétthár eigendum sértryggða skuldabréfsins, nema ef mótaðili OTC-afleiðusamningsins sem er gerður við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða með tryggingasöfnum sértryggðu skuldabréfanna er vanskilaaðilinn eða aðilinn sem fyrir áhrifum verður, eða afsalar sér stöðu jafnrétthás aðila,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

e) sértryggða skuldabréfið uppfylli kröfur 129. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]) og falli undir eftirlitskröfu um tryggingu sem nemur a.m.k. 102%.

2. gr.

Flokkar mótaðila

1. Að því er varðar 3. og 4. gr. skal skipta mótaðilunum sem falla undir stöðustofnunarskylduna í eftirfarandi flokka:

a) flokk 1, sem samanstendur af mótaðilum sem á gildistökudegi þessarar reglugerðar eru stöðustofnunaraðilar, í skilningi 14. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, fyrir a.m.k. einn af þeim flokkum OTC-afleiðna sem tilgreindir eru í I. viðauka við þessa reglugerð eða I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ([2]), a.m.k. eins þeirra miðlægu mótaðila sem hafa leyfi eða eru viðurkenndir á undan þeim degi til að stöðustofna a.m.k. einn þessara flokka,

b) flokk 2, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra ekki flokki 1, tilheyra samstæðu með, í janúar, febrúar og mars 2016, meira en 8 milljarða evra samanlagt mánaðarlokameðaltal brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar afleiðna sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt, og sem eru annað af eftirfarandi:

   i. fjárhagslegir mótaðilar,

   ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([3]), sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

c) flokk 3, sem samanstendur af mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1 né flokki 2 og eru annað af eftirfarandi:

   i. fjárhagslegir mótaðilar,

   ii. sérhæfðir sjóðir, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem eru ófjárhagslegir mótaðilar,

d) flokk 4, sem samanstendur af ófjárhagslegum mótaðilum sem tilheyra hvorki flokki 1, flokki 2 né flokki 3.

2. Útreikningur á samanlögðu mánaðarlokameðaltali brúttó útistandandi grundvallarfjárhæðar hjá samstæðu, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal taka til allra afleiðna samstæðunnar sem eru ekki stöðustofnaðar miðlægt, þ.m.t. framvirkra gjaldeyrissamninga, skiptasamninga og gjaldeyrisskiptasamninga.

3. Séu mótaðilar sérhæfðir sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB eða verðbréfasjóðir (UCITS) eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([4]) skal 8 milljarða evra viðmiðunarfjárhæðin sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar gilda um hvern sjóð fyrir sig.

3. gr.

Dagsetningar gildistöku stöðustofnunarskyldu

1. Að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í I. viðauka skal stöðustofnunarskyldan taka gildi:

a) 9. febrúar 2017 fyrir mótaðila í flokki 1,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

b) 9. ágúst 2017 fyrir mótaðila í flokki 2,

c) 9. febrúar 2018 fyrir mótaðila í flokki 3,

d) 9. ágúst 2019 fyrir mótaðila í flokki 4.

Sé samningur gerður milli tveggja mótaðila sem eru í mismunandi flokkum mótaðila skal gildistökudagur stöðustofnunarskyldu fyrir þann samning vera síðari dagsetningin.

2. Þrátt fyrir a-, b- og c-lið 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í I. viðauka og gerður á milli mótaðila sem eru ekki í flokki 4 og eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 9. ágúst 2019 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

   i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í I. viðauka þessarar reglugerðar að því er varðar viðkomandi þriðja land,

   ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.

Þessi undanþága gildir aðeins ef mótaðilarnir uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) mótaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi er annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili,

b) mótaðilinn sem hefur staðfestu í Sambandinu er:

   i. fjárhagslegur mótaðili, ófjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hliðarstarfsemi sem fellur undir viðeigandi varfærniskröfur og mótaðilinn sem um getur í a-lið er fjárhagslegur mótaðili eða

   ii. annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili og mótaðilinn sem um getur í a-lið er ófjárhagslegur mótaðili,

c) báðir mótaðilar eru að fullu hluti af sömu samstæðu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

d) báðir mótaðilar eru háðir viðeigandi miðlægum áhættumats-, mats- og eftirlitsaðferðum,

e) mótaðilinn sem hefur staðfestu innan Sambandsins hefur tilkynnt lögbæru yfirvaldi sínu skriflega að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og d-lið séu uppfyllt og lögbæra yfirvaldið hefur innan 30 almanaksdaga frá viðtöku tilkynningarinnar staðfest að þessi skilyrði séu uppfyllt.

4. gr.

Lágmark eftirstöðvatíma

1. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 1 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 15 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflu 1 í I. viðauka,

b) 3 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflu 2 í I. viðauka,

c) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 9. október 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í I. viðauka,

2. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 2 skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 15 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflu 1 í I. viðauka,

b) 3 ár fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir fyrir 9. október 2016 og eru í flokkunum í töflu 2 í I. viðauka,

c) 6 mánuðir fyrir samninga sem gerðir eru eða endurgerðir 9. október 2016 eða síðar og eru í flokkunum í töflu 1 eða töflu 2 í I. viðauka.

3. Að því er varðar fjárhagslega mótaðila í flokki 3 og viðskipti sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar milli fjárhagslegra mótaðila skal lágmark eftirstöðvatíma sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, á þeim degi sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, vera:

a) 15 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 1 í I. viðauka,

b) 3 ár fyrir samninga sem tilheyra flokkunum í töflu 2 í I. viðauka.

4. Sé samningur gerður á milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem tilheyra mismunandi flokkum eða milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem eiga í viðskiptum þeirrar tegundar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. skal það lágmark eftirstöðvatíma sem miða á við að því er varðar þessa grein vera það viðeigandi lágmark eftirstöðvatíma sem lengra er.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Flokkar OTC-vaxtaafleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna

Tafla 1

Flokkar samninga um skipti á föstum vöxtum fyrir breytilega vexti (e. *fixed-to-float*)

Auð-kenni	Tegund	Viðmiðun-arvísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
C.1.1	Fastir í breytilega	NIBOR	NOK	28D-10Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
C.1.2	Fastir í breytilega	WIBOR	PLN	28D-10Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
C.1.3	Fastir í breytilega	STIBOR	SEK	28D-15Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

Tafla 2

Flokkar framvirkra vaxtasamninga

Auð-kenni	Tegund	Viðmiðun-arvísitala	Uppgjörs-gjaldmiðill	Líftími	Tegund uppgjörs-gjaldmiðils	Valkvæðni	Tegund undirliggjandi fjárhæðar
C.2.1	FRA	NIBOR	NOK	3D-2Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
C.2.2	FRA	WIBOR	PLN	3D-2Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg
C.2.3	FRA	STIBOR	SEK	3D-3Y	Innan sama gjaldmiðils	Nei	Föst eða breytileg

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/104 **2019/EES/25/20**

frá 19. október 2016

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 5. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013 ([2]) kveður á um nákvæmar upplýsingar um gögn sem á að tilkynna og skuldbindur mótaðila til að tryggja að báðir aðilar að viðskiptum hafi samþykkt sín á milli gögnin sem tilkynnt eru.

2) Það er einnig mikilvægt að viðurkenna að miðlægur mótaðili kemur fram sem aðili að afleiðusamningi. Ef miðlægur mótaðili stöðustofnar fyrirliggjandi samning síðar ætti til samræmis við það að tilkynna að honum hafi verið sagt upp og tilkynna ætti um nýja samninginn sem leiðir af stöðustofnuninni.

3) Ef afleiðusamningur er samsettur af samsetningu afleiðusamninga verða lögbær yfirvöld að geta skilið einkenni sérhvers viðkomandi afleiðusamnings. Þar sem lögbær yfirvöld verða einnig að geta skilið heildarsamhengið ætti jafnframt að koma fram í viðskiptaskýrslunni að viðskiptin séu hluti af heildaráætlun. Því ætti að tilkynna afleiðusamninga sem mynda samsetningu afleiðusamninga í aðskildum leggjum fyrir hvern afleiðusamning með innra auðkenni sem tengir leggina saman.

4) Ef um er að ræða afleiðusamninga sem eru samsettir af afleiðusamningum sem þarf að tilkynna í fleiri en einni skýrslu gæti reynst erfitt að ákvarða hvernig deila eigi viðeigandi upplýsingum um samninginn á milli skýrslna og þar af leiðandi hversu margar skýrslur eigi að leggja fram. Því ættu mótaðilar að koma sér saman um fjölda skýrslna sem lagðar verða fram til að tilkynna slíkan samning.

5) Til að tryggja viðunandi eftirlit með samsöfnun áhættuskuldbindinga og kerfisáhættu er brýnt að tryggja að ítarlegar og réttar upplýsingar um áhættuskuldbindingu og tryggingar sem tveir mótaðilar skiptast á séu sendar til afleiðuviðskiptaskráa. Því er nauðsynlegt að mótaðilar tilkynni verðmat afleiðusamninga samkvæmt sameiginlegri aðferðafræði. Enn fremur er það jafn mikilvægt að krefjast tilkynninga um upphafstryggingar og viðbótartryggingar sem lagðar eru fram eða tekið er við.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 148/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa (Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 1).

6) Til að veita lögbærum yfirvöldum fullnægjandi upplýsingar um raunverulegar áhættuskuldbindingar mótaðila í öllum flokkum afleiðna er nauðsynlegt að kveða á um tilkynningarskyldu að því er varðar nákvæmar upplýsingar um lánaafleiður og einnig tryggingar sem mótaðilar skiptast á. Til að gera skýrslugjafaraðilum kleift að fullnægja tilkynningarskyldu sinni á staðlaðan og samræmdan hátt er enn fremur krafist nánari skýringa að því er varðar lýsingar á tilfallandi reitum.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 til samræmis við það.

8) Rétt þykir að breyta tilkynningarskyldu að því er varðar nákvæmar upplýsingar um gögn sem á að tilkynna. Því ætti að veita mótaðilum og afleiðuviðskiptaskrám nægan tíma til að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að fullnægja breyttum kröfum.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), haft opið samráð við almenning um þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem um getur í 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Tilkynna skal upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. í einni skýrslu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal tilkynna upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. í aðskildum skýrslum þegar eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi:

a) afleiðusamningurinn er samsetning afleiðusamninga,

b) reitirnir í töflum viðaukans bjóða ekki upp á að tilkynna upplýsingarnar um afleiðusamninginn sem um getur í a-lið á skilvirkan hátt.

Mótaðilar afleiðusamnings sem er samsetning afleiðusamninga skulu, áður en tilkynningarfresturinn rennur út koma sér saman um fjölda aðskilinna skýrslna sem senda skal til afleiðuviðskiptaskrár í tengslum við viðkomandi afleiðusamning.

Skýrslugefandi mótaðilinn skal tengja saman aðskildu skýrslurnar með auðkenni sem er einkvæmt hjá mótaðilanum fyrir viðkomandi samsafn viðskiptaskýrslna, í samræmi við 14. reit í töflu 2 í viðaukanum.“

2) Í stað 2. og 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Stöðustofnuð viðskipti

1. Ef stöðustofnunarsamningur sem upplýsingar hafa þegar verið tilkynntar um skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er síðar stöðustofnaður af miðlægum mótaðila skal tilkynna þann samning sem svo að honum hafi verið sagt upp með því að tilgreina í 93. reit í töflu 2 í viðaukanum aðgerðartegundina „Early Termination“, og tilkynna nýja samninga sem leiða af stöðustofnuninni.

2. Ef samningur er bæði gerður á viðskiptavettvangi og stöðustofnaður á sama degi skal einungis tilkynna um þá samninga sem leiða af stöðustofnuninni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Skýrslugjöf um áhættuskuldbindingar

1. Gögnin um tryggingar sem krafist er samkvæmt töflu 1 í viðaukanum skulu ná yfir allar framlagðar og mótteknar tryggingar í samræmi við reiti 21 til 35 í töflu 1 í viðaukanum.

2. Veiti mótaðili ekki tryggingu á grundvelli einstakra viðskipta skulu mótaðilar tilkynna til afleiðuviðskiptaskrárinnar tryggingu sem lögð er fram og tekið er á móti á safngrunni í samræmi við reiti 21 til 35 í töflu 1 í viðaukanum.

3. Sé trygging sem varðar samning tilkynnt á safngrunni skal skýrslugefandi mótaðilinn tilkynna til afleiðuviðskipta-skrárinnar kóða sem auðkennir safnið sem varðar tilkynnta samninginn í samræmi við reit 23 í töflu 1 í viðaukanum.

4. Aðrir ófjárhagslegir mótaðilar en þeir sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þurfa ekki að tilkynna tryggingar, mat á markaðsvirði eða mat á útreiknuðu virði samninga sem um getur í töflu 1 í viðaukanum.

5. Sé um að ræða samninga sem miðlægur mótaðili hefur stöðustofnað skal mótaðilinn tilkynna verðmat samningsins sem miðlægi mótaðilinn hefur framkvæmt í samræmi við reiti 17 til 20 í töflu 1 í viðaukanum.

6. Sé um að ræða samninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað skal mótaðilinn tilkynna, í samræmi við reiti 17 til 20 í töflu 1 í viðaukanum við þessa reglugerð, verðmat samningsins sem er framkvæmt í samræmi við aðferðafræðina sem skilgreind er í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 13, Gangvirðismat, sem Sambandið hefur samþykkt og um getur í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008(*).

_____

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).“

3) Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

Grundvallarfjárhæð

1. Tilgreina skal grundvallarfjárhæð afleiðusamnings sem um getur í 20. reit í töflu 2 í viðaukanum á eftirfarandi hátt:

a) þegar um er að ræða skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka samninga sem verslað er með í mynteiningum, sem viðmiðunarfjárhæðina sem samningsbundnar greiðslur eru ákvarðaðar út frá á afleiðumörkuðum,

b) þegar um er að ræða valréttarsamninga, reiknaða út með lausnarverði,

c) þegar um er að ræða samninga um fjárhagslegan mismun og afleiðusamninga sem varða hrávörur sem eru í einingum eins og tunnum eða tonnum, sem fjárhæðina sem leiðir af magninu á viðkomandi verði sem tilgreint er í samningnum,

d) þegar um er að ræða afleiðusamninga þar sem grundvallarfjárhæðin er reiknuð út frá verði undirliggjandi eignar og slíkt verð er aðeins tiltækt á tíma uppgjörs, sem dagslokaverð undirliggjandi eignar á deginum sem samningurinn er gerður.

2. Í fyrstu skýrslunni um afleiðusamning sem hefur breytilega grundvallarfjárhæð til yfir tíma skal tilgreina grundvallarfjárhæð sem gildir á deginum sem afleiðusamningurinn er gerður.

4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Skrá yfir skýrslugjöf

Breytingar á gögnum, sem skráð eru í afleiðuviðskiptaskrár, skal varðveita í skrá sem auðkennir aðilann eða aðilana sem báðu um breytinguna, þ.m.t. afleiðuviðskiptaskrána sjálfa ef við á, ástæðu eða ástæður slíkrar breytingar, dagsetningu og tímastimpil og greinargóða lýsingu á breytingunum, þ.m.t. gamla og nýja efnisinnihaldið í viðkomandi gögnum eins og greinir í 93. reit í töflu 2 í viðaukanum.“

5) Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Upplýsingar sem tilkynna á til afleiðuviðskiptaskráa

Tafla 1

Gögn mótaðila

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna
	Aðilar að samningnum	
1	Tímastimpill tilkynningar	Dagsetning og tími tilkynningar til afleiðuviðskiptaskrár.
2	Auðkenni skýrslugefandi mótaðila	Einkvæmur kóði sem auðkennir skýrslugefandi mótaðila samningsins.
3	Auðkennistegund hins mótaðilans	Tegund kóða sem notaður er til að auðkenna hinn mótaðilann.
4	Auðkenni hins mótaðilans	Einkvæmur kóði sem auðkennir hinn mótaðila samningsins. Fylla skal út þennan reit frá sjónarhorni skýrslugefandi mótaðilans. Sé um einstakling að ræða skal nota kóða viðskiptavinar með samkvæmum hætti.
5	Land hins mótaðilans	Kóði landsins þar sem skráð skrifstofa hins mótaðilans er staðsett eða búsetuland hans sé hinn mótaðilinn einstaklingur.
6	Atvinnugrein skýrslugefandi mótaðila	Eðli starfsemi fyrirtækis skýrslugefandi mótaðilans. Sé skýrslugefandi mótaðilinn fjárhagslegur mótaðili skal þessi reitur innihalda alla nauðsynlega kóða sem er að finna í upplýsingunum um flokkun fjárhagslegra mótaðila (e. *Taxonomy for Financial Counterparties*) og gilda um þann mótaðila. Sé skýrslugefandi mótaðilinn ófjárhagslegur mótaðili skal þessi reitur innihalda alla nauðsynlega kóða sem er að finna í upplýsingunum um flokkun ófjárhagslega mótaðila (e. *Taxonomy for Non-Financial Counterparties*). Sé tilkynnt um fleiri en eina starfsemi skal tilgreina kóðana í röð mikilvægis viðkomandi starfsemi.
7	Tegund skýrslugefandi mótaðila	Tilgreinið hvort skýrslugefandi mótaðilinn er miðlægur mótaðili, fjárhagslegur eða ófjárhagslegur mótaðili eða önnur tegund mótaðila í samræmi við 5. lið 1. gr. eða 1., 8. og 9. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([1]).
8	Auðkenni miðlara	Þegar miðlari kemur fram sem milliliður fyrir skýrslugefandi mótaðilann án þess að verða mótaðili sjálfur skal skýrslugefandi mótaðilinn auðkenna þennan miðlara með einkvæmum kóða.
9	Auðkenni aðila sem leggur fram skýrslu	Hafi skýrslugefandi mótaðili falið þriðja aðila eða hinum mótaðilanum að leggja fram skýrsluna verður að auðkenna þann aðila í þessum reit með einkvæmum kóða. Annars skal skilja þennan reit eftir auðan.

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna
10	Auðkenni stöðustofnunaraðila	Sé afleiðusamningurinn stöðustofnaður og skýrslugefandi mótaðilinn er ekki stöðustofnunaraðili sjálfur skal auðkenna stöðustofnunaraðilann sem afleiðusamningurinn er stöðustofnaður gegnum í þessum reit með einkvæmum kóða.
11	Auðkennistegund rétthafa	Tegund kóða sem notaður er til að auðkenna rétthafa.
12	Auðkenni rétthafa	Aðilinn sem réttindi og skyldur sem hljótast af samningnum gilda um. Þegar viðskiptin fara fram gegnum rekstraraðila, svo sem fjárvörslusjóð eða annan sjóð, sem kemur fram fyrir hönd margra rétthafa ætti sá rekstraraðili að vera auðkenndur sem rétthafinn. Sé rétthafi samningsins ekki mótaðili þessa samnings verður skýrslugefandi mótaðilinn að auðkenna rétthafann með einkvæmum kóða eða, ef um einstakling er að ræða, með kóða viðskiptavinar sem notaður er með samkvæmum hætti og lögaðilinn sem einstaklingurinn notar úthlutar.
13	Viðskiptahlutverk	Tilgreinir hvort skýrslugefandi mótaðilinn hefur gert samninginn fyrir eigin reikning (fyrir sjálfan sig eða fyrir hönd viðskiptavinar) eða fyrir reikning og fyrir hönd viðskiptavinar.
14	Staða mótaðila	Tilgreinir hvort skýrslugefandi mótaðilinn er kaupandi eða seljandi.
15	Bein tenging við viðskiptastarfsemi eða fjárfjármögnun	Upplýsingar um hvort samningurinn er mælanlegur á hlutlægan hátt sem beintengdur við viðskiptastarfsemi eða fjármögnun skýrslugefandi mótaðilans eins og um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef skýrslugefandi mótaðilinn er fjárhagslegur mótaðili eins og um getur í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
16	Viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar	Upplýsingar um hvort skýrslugefandi mótaðilinn er yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef skýrslugefandi mótaðilinn er fjárhagslegur mótaðili eins og um getur í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
17	Virði samnings	Mat á markaðsvirði samnings, eða á útreiknuðu virði þegar við á skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Mat miðlæga mótaðilans sem nota á fyrir stöðustofnuð viðskipti.
18	Gjaldmiðill matsins	Gjaldmiðill sem notaður er við verðmat á samningnum.
19	Tímastimpill mats	Dagsetning og tími síðasta mats. Sé um að ræða mat á markaðsverði skal greina frá dagsetningu og tíma birtingar á viðmiðunarverðum.
20	Tegund mats	Tilgreinið hvort matið var framkvæmt á markaðsvirði, á útreiknuðu virði eða útvegað af miðlæga mótaðilanum.
21	Tryggingar	Tilgreinið hvort veðsamningur er til staðar milli mótaðilanna.

	Reitur	Upplýsingar sem á að tilkynna
22	Tryggingasafn	Hvort tryggingin er stofnuð á safngrunni. Safn merkir að tryggingin er reiknuð á grundvelli nettóstöðu samansafns af samningum, en ekki á grundvelli hvers einstaks samnings.
23	Kóði tryggingasafns	Sé tryggingin tilkynnt á safngrunni ætti safnið að vera auðkennt með einkvæmum kóða sem skýrslugefandi mótaðilinn ákvarðar.
24	Upphafstrygging sem lögð er fram	Virði upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðilinn leggur fram gagnvart hinum mótaðilanum. Sé upphafstryggingin lögð fram á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafstryggingar sem lögð er fram í safnið.
25	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem lögð er fram	Tilgreinið gjaldmiðil upphafstryggingar sem lögð er fram.
26	Viðbótartrygging sem lögð er fram	Virði viðbótartryggingar, þ.m.t. sem gerð er upp í reiðufé, sem skýrslugefandi mótaðili leggur fram gagnvart hinum mótaðilanum. Sé viðbótartryggingin lögð fram á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótartryggingar sem lögð er fram í safnið.
27	Gjaldmiðill viðbótartryggingar sem lögð er fram	Tilgreinið gjaldmiðil viðbótartryggingar sem lögð er fram.
28	Upphafstrygging sem tekið er við	Virði upphafstryggingar sem skýrslugefandi mótaðili tekur við frá hinum mótaðilanum. Sé tekið við upphafstryggingu á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði upphafstryggingar sem tekið er við í safnið.
29	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem tekið er við	Tilgreinið gjaldmiðil upphafstryggingar sem tekið er við.
30	Viðbótartrygging sem tekið er við	Virði viðbótartryggingar, þ.m.t. sem gerð er upp í reiðufé, sem skýrslugefandi mótaðili tekur við frá hinum mótaðilanum. Sé tekið við viðbótartryggingunni á safngrunni ætti að tilgreina í þessum reit heildarvirði viðbótartryggingar sem tekið er við í safnið.
31	Gjaldmiðill viðbótartryggingar sem tekið er við	Tilgreinið gjaldmiðil viðbótartryggingar sem tekið er við.
32	Umframtrygging sem lögð er fram	Virði tryggingar sem lögð er fram umfram tryggingu sem er krafist.
33	Gjaldmiðill umframtryggingar sem lögð er fram	Tilgreinið gjaldmiðil umframtryggingar sem lögð er fram.
34	Umframtrygging sem tekið er við	Virði tryggingar sem tekið er við umfram það sem er krafist.
35	Gjaldmiðill umframtryggingar sem tekið er við	Tilgreinið gjaldmiðil umframtryggingar sem tekið er við.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

Tafla 2

Sameiginleg gögn

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2a — Tegund samnings		**Allir samningar**
1	Tegund samnings	Flokka skal hvern tilkynntan samning eftir tegund hans.	
2	Eignaflokkur	Flokka skal hvern tilkynntan samning eftir eignaflokknum sem hann byggist á.	
	Flokkur 2 b — Samningsupplýsingar		**Allir samningar**
3	Tegund afurðaflokkunar	Tegund viðkomandi afurðaflokkunar	
4	Afurðaflokkun	Sé um að ræða afurðir sem auðkenndar eru með ISIN-kóða eða auðkenniskóða sérhæfðs gernings (AII-kóða) skal tilgreina kóða flokkunar fjármálagerninga (CFI-kóða). Sé um að ræða afurðir sem ISIN- eða AII-kóðar eru ekki tiltækir fyrir skal tilgreina samþykkt einkvæmt afurðar-auðkenni (UPI-kóða). Þar til UPI-kóðinn er samþykktur skal flokka slíkar afurðir með CFI-kóða.	
5	Tegund afurðarauðkenningar	Tegund viðkomandi afurðarauðkenningar.	
6	Afurðarauðkenning	Auðkenna skal afurðina með ISIN- eða AII-kóða. Nota skal AII-kóða ef verslað er með afurð á viðskiptavettvangi sem er flokkaður undir AII í skránni sem birt er á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnuð er á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 ([1]). Einungis skal nota AII-kóða fram að deginum sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([2]) kemur til framkvæmda.	
7	Tegund auðkenningar hins undirliggjandi þáttar	Tegund viðkomandi auðkennis undirliggjandi þáttar (e. *underlying*).	
8	Auðkenning undirliggjandi þáttar	Auðkenna skal hinn beina undirliggjandi þátt með einkvæmu auðkenni hans á grundvelli tegundar hans. Einungis skal nota AII-kóða fram að deginum sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda. Sé um að ræða skuldatryggingu skal gefa upp ISIN-kóða viðmiðunarskuldbindingarinnar. Sé um að ræða körfur sem eru samsettar, meðal annars, úr fjármálagerningum sem verslað er með á viðskiptavettvangi skal aðeins tilgreina fjármálagerninga sem verslað er með á viðskiptavettvangi.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
9	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	Gjaldmiðill grundvallarfjárhæðar. Sé um að ræða vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamning er þetta grundvallargjaldmiðill leggjar 1.	
10	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Hinn gjaldmiðill grundvallarfjárhæðar. Sé um að ræða vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamning er þetta grundvallargjaldmiðill leggjar 2.	
11	Gjaldmiðill til afhendingar	Gjaldmiðillinn sem á að afhenda.	
	Flokkur 2c — Upplýsingar um viðskipti		**Allir samningar**
12	Auðkenni viðskipta	Þar til alþjóðlegt UTI-auðkenni er tiltækt skal nota einkvæmt auðkenni viðskipta sem samist hefur um við hinn mótaðilann.	
13	Rakningarnúmer skýrslu	Einkvæmt númer fyrir þær skýrslur sem varða sömu framkvæmd afleiðusamnings.	
14	Auðkenni þátta í flóknum viðskiptum	Auðkenni innan skýrslugefandi félagsins til að auðkenna og tengja saman allar skýrslur sem varða sama afleiðusamning sem er samsetning afleiðusamninga. Kóðinn verður að vera einkvæmur hjá mótaðilanum fyrir þær viðskiptaskýrslur sem leiða af afleiðusamningnum. Þessi reitur á aðeins við þegar félag framkvæmir afleiðusamning sem er samsettur úr tveimur eða fleiri afleiðusamningum og ekki er hægt að greina frá þessum samningi á viðunandi hátt í einni skýrslu.	
15	Viðskiptastaður	Auðkenna skal viðskiptastað afleiðusamningsins með einkvæmum kóða fyrir þann stað. Hafi samningur verið gerður utan verðbréfamarkaða (OTC) og viðkomandi gerningur er tekinn til viðskipta eða verslað er með hann á viðskiptavettvangi skal nota markaðsauðkenniskóðann (MIC-kóðann) „XOFF“. Hafi samningur verið gerður utan verðbréfamarkaðar (OTC) og viðkomandi gerningur er hvorki tekinn til viðskipta né verslað með hann á viðskiptavettvangi skal nota markaðsauðkenniskóðann (MIC-kóðann) „XXXX“.	
16	Samþjöppun	Tilgreinið hvort samningurinn leiðir af samþjöppunaraðgerð eins og hún er skilgreind í 47. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.	
17	Verð/gengi	Verð á hverja afleiðu að undanskildum, þegar við á, þóknunum og uppsöfnuðum vöxtum.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
18	Framsetningarform verðs	Með hvaða hætti verðið er gefið upp.	
19	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verðið/gengið er tilgreint í.	
20	Grundvallarfjárhæð	Viðmiðunarfjárhæðin sem er notuð til að ákvarða samningsbundnar greiðslur. Sé um að ræða uppsagnir að hluta, afskriftir eða samning þar sem grundvallarfjárhæðin er breytileg yfir tíma vegna einkenna samningsins skal fjárhæðin endurspegla eftirstandandi grundvallarfjárhæð eftir breytinguna.	
21	Verðmargfaldari	Fjöldi eininga fjármálagerningsins í einni viðskiptalotu, t.d. fjöldi afleiðna sem felast í samningnum.	
22	Magn	Fjöldi samninga í skýrslunni. Sé um að ræða veðjun á verðbil (e. *spread bets*) skal magnið vera peningalegt verðmæti sem er lagt undir fyrir hverja punktahreyfingu (e. *point movement*) í beinum undirliggjandi fjármálagerningi.	
23	Fyrirframgreiðsla	Fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skýrslugefandi mótaðilinn hefur innt af hendi eða tekið við.	
24	Tegund afhendingar	Hvort samningurinn er gerður upp með afhendingu í áþreifanlegu formi eða með peningum.	
25	Tímastimpill framkvæmdar	Dagsetning og tími þegar samningurinn var framkvæmdur.	
26	Gildistökudagur	Dagsetning þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum taka gildi.	
27	Lokadagur	Upprunalegur lokadagur tilkynnts samnings. Ekki skal tilkynna um snemmbæra uppsögn í þessum reit.	
28	Uppsagnardagur	Uppsagnardagur ef tilkynntum samningi er sagt upp fyrir lok samningstímans.	
29	Uppgjörsdagur	Dagsetning uppgjörs undirliggjandi þáttar. Ef dagarnir eru fleiri en einn er hægt að nota fleiri reiti.	
30	Tegund rammasamnings	Tilvísun í rammasamning, sé hann fyrir hendi (t.d. ISDA-rammasamningur; Master Power Purchase and Sale Agreement; International ForEx Master Agreement; European Master Agreement eða hvers konar staðbundnir rammasamningar).	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
31	Útgáfa rammasamnings	Tilvísun í útgáfuár rammasamningsins sem notaður er í tilkynntu viðskiptunum, ef við á (t.d. 1992, 2002 o.s.frv.).	
	Flokkur 2d — Ráðstafanir til að draga úr áhættu/ Skýrslugjöf		**Allir samningar**
32	Tímastimpill staðfestingar	Dagsetning og tími staðfestingar, eins og greinir í 12. gr. fram-seldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 ([3]).	
33	Staðfestingaraðferð	Hvort samningurinn var staðfestur á rafrænan hátt, staðfestur á annan hátt en rafrænan eða er enn óstaðfestur.	
	Flokkur 2e — Stöðustofnun		**Allir samningar**
34	Stöðustofnunarskylda	Tilgreinir hvort tilkynntur samningur tilheyrir flokki OTC-afleiðna, sem tilkynnt hefur verið að falli undir stöðustofnunarskylduna, og báðir mótaðilar samningsins falla undir stöðu-stofnunarskylduna skv. reglugerð (ESB) nr. 648/2012, frá og með þeim tíma sem samningurinn tekur gildi.	
35	Stöðustofnað	Tilgreinir hvort stöðustofnun hefur farið fram.	
36	Tímastimpill stöðustofnunar	Tími og dagsetning þegar stöðustofnun fór fram.	
37	Miðlægur mótaðili	Sé um er að ræða samning sem hefur verið stöðustofnaður, einkvæmi kóðinn fyrir miðlæga mótaðilann sem hefur stöðustofnað samninginn.	
38	Innan samstæðu	Tilgreinir hvort samningurinn var gerður sem viðskipti innan samstæðu, eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.	
	Flokkur 2f — Vextir		**Vaxtaafleiður**
39	Fastir vextir í legg 1	Tilgreining fastra vaxta í legg 1	
40	Fastir vextir í legg 2	Tilgreining fastra vaxta í legg 2	
41	Dagafjöldi fastra vaxta í legg 1	Raunverulegur fjöldi daga á viðkomandi útreikningstímabili fyrir fasta vexti í legg 1, ef við á.	
42	Dagafjöldi fastra vaxta í legg 2	Raunverulegur fjöldi daga á viðkomandi útreikningstímabili fyrir fasta vexti í legg 2, ef við á.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
43	Tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum, ef við á.	
44	Tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum, ef við á.	
45	Tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum, ef við á.	
46	Tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum, ef við á.	
47	Tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum, ef við á.	
48	Tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum, ef við á.	
49	Tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum, ef við á.	
50	Tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum, ef við á.	
51	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1 – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1, ef við á.	
52	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1 – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1, ef við á.	
53	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2 – tímabil	Tímabilið sem lýsir tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2, ef við á.	
54	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2 – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2, ef við á.	
55	Breytilegir vextir leggjar 1	Tilgreining vaxta sem eru notaðir og endurákvarðaðir með fyrirfram ákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði, ef við á.	
56	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 1 – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilega vexti í legg 1.	
57	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 1 – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilega vexti í legg 1.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
58	Breytilegir vextir leggjar 2	Tilgreining vaxta sem eru notaðir og endurákvarðaðir með fyrirfram ákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði, ef við á.	
59	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 2 – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilega vexti í legg 2.	
60	Viðmiðunartímabil vaxta í legg 2 – margfaldari	Margfaldari tímabilsins sem lýsir viðmiðunartímabilinu fyrir breytilega vexti í legg 2.	
	Flokkur 2g — Gjaldeyrir		**Gjaldeyrisafleiður**
61	Afhendingargjaldmiðill 2	Hinn gjaldmiðillinn, ef hann er annar en afhendingargjaldmiðillinn	
62	Gengi 1	Gengi gjaldmiðlanna á deginum og tímanum sem samningurinn var gerður. Það skal gefið upp sem verð grunnmyntar í mótmyntinni.	
63	Framvirkt gengi	Framvirkt gengi sem mótaðilarnir hafa samþykkt sín á milli á samningsbundinn hátt. Það skal gefið upp sem verð grunnmyntar í mótmyntinni.	
64	Grundvöllur gengis	Tilgreindur grunnur fyrir skiptagengi gjaldmiðla.	
	Flokkur 2h — Hrávara og losunarheimildir		**Afleiður með hrávörur og losunarheimildir**
	Almennt		
65	Hrávöruflokkur	Tilgreinir tegund hrávöru sem er undirliggjandi í samningnum.	
66	Upplýsingar um hrávöru	Upplýsingar um viðkomandi hrávöru umfram upplýsingarnar í reit 65.	
	Orka	Reitir 65–77 gilda aðeins um afleiðusamninga sem varða jarðgas og rafmagn sem afhent er í Sambandinu.	
67	Afhendingarstaður eða -svæði	Afhendingarstaður eða -staðir á markaðssvæði eða -svæðum.	
68	Samtengingarpunktur	Tilgreining landamæra eða landamærastöðva(r) vegna flutningssamnings.	
69	Tegund álags	Tilgreining afhendingarsniðsins.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Endurtekinn þáttur frá reitum 70–77		
70	Tímabil afhendingar	Tímabil afhendingar hverrar tímablokkar eða sniðs.	
71	Upphafsdagur og tími afhendingar	Upphafsdagur og tími afhendingar.	
72	Lokadagur og tími afhendingar	Lokadagur og tími afhendingar.	
73	Tímalengd	Lengd afhendingartímans.	
74	Vikudagar	Hvaða vikudaga afhendingin fer fram.	
75	Afhendingargeta	Afhendingargeta fyrir hvert tímabil afhendingar sem tilgreint er í reit 70.	
76	Magneining	Magn á dag eða klukkustund í megavattstundum eða kílóvatt-stundum/d sem samsvarar undirliggjandi hrávöru.	
77	Verð fyrir magn á tímabili	Ef við á, verð fyrir magn á hverju tímabili afhendingar.	
	Flokkur 2i — Valréttarsamningar		**Samningar sem fela í sér valrétt**
78	Tegund valréttar	Tilgreining á því hvort afleiðusamningurinn er kaupréttur (réttur til að kaupa tiltekna undirliggjandi eign) eða söluréttur (réttur til að selja tiltekna undirliggjandi eign) eða hvort ekki er unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt þegar afleiðusamningurinn tekur gildi. — Ef um er að ræða skiptirétt skal hann vera: — „söluréttur“, ef um er að ræða skiptirétt viðtakanda, þegar kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skipti-samning sem viðtakandi á föstum vöxtum, — „kaupréttur“, ef um er að ræða skiptirétt greiðanda, þegar kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptisamning sem greiðandi á föstum vöxtum, — Ef um er að ræða þak (hámark) og gólf (lágmark) skal hann vera: — „söluréttur“ ef um er að ræða gólf, — „kaupréttur“ ef um er að ræða þak.	
79	Tegund nýtingar valréttar	Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúda-valréttur) eða hvenær sem er á líftíma samningsins (bandarískur valréttur).	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
80	Lausnarverð (þak/gólf)	Lausnarverð valréttarins.	
81	Framsetningarform lausnarverðs	Með hvaða hætti lausnarverðið er gefið upp.	
82	Lokagjalddagi undirliggjandi þáttar	Sé um að ræða skiptirétt, lokagjalddagi undirliggjandi skiptasamnings.	
	Flokkur 2j — lánaafleiður		
83	Rétthæð	Upplýsingar um rétthæð krafna ef um er að ræða samning um vísitölu eða um aðila undir einu nafni.	
84	Viðmiðunaraðili	Tilgreining undirliggjandi viðmiðunaraðila.	
85	Greiðslutíðni	Greiðslutíðni vaxta eða arðmiða	
86	Útreikningsgrundvöllur	Útreikningsgrundvöllur vaxta.	
87	Flokkur	Flokksnúmer samsetningar vísitölu, ef við á.	
88	Útgáfa	Ný útgáfa flokks er gefin út ef til vanskila eins aðilanna sem mynda vísitöluna kemur og breyta þarf vægi innan hennar með tilliti til nýs heildarfjölda þeirra.	
89	Vísitölustuðull	Stuðullinn sem gildir um grundvallarfjárhæðina (reitur 20) til að laga hana að öllum fyrri lánaatburðum í viðkomandi vísitöluflokki. Talan er breytileg milli 0 og 100.	
90	Áhættulag	Tilgreining á því hvort afleiðusamningnum er skipt í áhættulög (e. *tranches*).	
91	Tengipunktur	Mörkin þar sem töp í safninu munu tengjast tilteknu áhættulagi.	
92	Aftengipunktur	Mörkin þar sem töp hætta að hafa áhrif á viðkomandi áhættulag.	

	Reitur	Upplýsingar sem skulu koma fram í skýrslunni	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2k — Breytingar á samningnum		
93	Tegund aðgerðar	Hvort tilkynningin fjallar um: — afleiðusamning í fyrsta skipti, en þá er hún auðkennd með „new“, — breytingu á skilmálum eða upplýsingum í áður tilkynntum afleiðusamningi, en ekki leiðréttingu á skýrslu, en þá er hún auðkennd með orðinu „modify“. Þetta tekur til uppfærslu á fyrri skýrslu sem sýnir stöðu í því skyni að endurspegla ný viðskipti sem felast í þeirri stöðu, — afturköllun á heilli skýrslu sem var ranglega lögð fram ef um ræðir að samningurinn hafi aldrei orðið til eða féll ekki undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 en var tilkynntur til afleiðuviðskiptaskrár fyrir mistök, en þá er hún auðkennd með orðinu „error“, — snemmbæra uppsögn gildandi samnings, en þá er hún auðkennd með orðunum „early termination“, — að skýrsla sem áður var lögð fram hafi að geyma reiti með villum, en þá skal skýrslan sem er til leiðréttingar á reitunum með villunum í fyrri skýrslunni vera auðkennd sem „correction“, — samþjöppun hins tilkynnta samnings, en þá er hún auðkennd með orðinu „compression“, — uppfærslu á verðmati samnings eða tryggingar, en þá er hún auðkennd með orðasambandinu „valuation update“, — afleiðusamning sem tilkynna á um sem ný viðskipti og einnig greina frá í sérstakri stöðutilkynningu samdægurs, en þá er hún auðkennd með orðinu „position component“. Þetta jafngildir því að tilkynna ný viðskipti og að í kjölfarið komi uppfærsla á þeirri skýrslu sem sýnir að þau hafi verið samþjöppuð.	
94	Stig	Tilgreining á því hvort skýrslan er gerð á viðskipta- eða stöðustigi. Einungis er hægt að nota skýrslu á stöðustigi sem viðbæti við skýrslu á viðskiptastigi til að tilkynna atburði sem gerast að loknum viðskiptum og einungis ef staðan hefur komið í stað einstakra viðskipta með skiptanlegar afurðir.	

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjárfestingarfyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markaði og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/751 **2019/EES/25/21**

frá 16. mars 2017

um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar frest til hlítingar stöðustofnunarskyldu vegna tiltekinna mótaðila sem versla með OTC-afleiður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ([2]), (ESB) 2016/592 ([3]) og (ESB) 2016/1178 ([4]) eru ákvarðaðir 4 flokkar mótaðila í þeim tilgangi að setja fram dagsetningarnar á gildistöku viðkomandi stöðustofnunarskyldna. Mótaðilar eru flokkaðir samkvæmt lagalegu og rekstrarlegu hæfi sínu og eftir viðskiptastarfsemi sinni í tengslum við OTC-afleiður.

2) Til að tryggja tímanlega og skipulega beitingu á stöðustofnunarskyldunni var beitt áfangaskiptum innleiðingartímabilum á þessa ólíku flokka mótaðila.

3) Við ákvörðun á dagsetningu þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila í flokki 3 er tekið tillit til þess að meirihluti þessara mótaðila geta eingöngu fengið aðgang að miðlægum mótaðila (CCP) með því að gerast annaðhvort viðskiptavinur eða óbeinn viðskiptavinur stöðustofnunaraðila.

4) Flokkur 3 nær yfir mótaðila sem hafa minnsta starfsemi með OTC-afleiður. Nýleg gögn benda til að mótaðilar í þeim flokki standi frammi fyrir verulegum erfiðleikum við að koma á fyrirkomulagi sem nauðsynlegt er fyrir stöðustofnun þessara afleiðusamninga. Þetta stjórnast af flækjustiginu sem hefur áhrif á báðar gerðir aðgangs að stöðustofnunarfyrirkomulagi, nánar tiltekið stöðustofnun viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina.

5) Í fyrsta lagi virðist, í tengslum við stöðustofnunarfyrirkomulag viðskiptavinar, vera lítill hvati fyrir stöðustofnunaraðila að þróa enn frekar stöðustofnunarframboð sitt til viðskiptavina, vegna kostnaðarþátta. Þetta á jafnvel meira við um mótaðila sem hafa takmarkaða starfsemi með OTC-afleiður. Auk þess er verið að breyta reglurammanum um eiginfjárkröfur sem gildir um starfsemi tengda stöðustofnun viðskiptavina, sem skapar óvissu og virkar sem hindrun á frekari þróun stöðustofnunaraðila á stöðustofnunarframboði til viðskiptavina.

6) Í öðru lagi geta mótaðilar, í tengslum við óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, vegna skorts á framboði, ekki fengið aðgang að miðlægum mótaðilum við núverandi aðstæður með því að gerast óbeinn viðskiptavinur stöðustofnunaraðila.

7) Á grundvelli þessara vandkvæða og til að veita þessum mótaðilum viðbótartíma til að leggja lokahönd á stöðustofnunarfyrirkomulag sem nauðsynlegt er, þykir rétt að fresta þeim dagsetningum þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila innan flokks 3. Þegar hefur þó verið tekið tillit til hvata til að gera áhættustjórnun innan samstæðu miðlæga í tengslum við viðskipti innan samstæðu og hefur frestun dagsetninganna engin áhrif á þann hvata og þær dagsetningar er varða tiltekna OTC-afleiðusamninga milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3).

8) Í ljósi þeirra jákvæðu afleiðinga sem stöðustofnunarfyrirkomulag hefur í för með sér og til að forðast tvíverknað við undirbúning stöðustofnunar ólíkra eignaflokka sem falla undir stöðustofnunarskyldu, þykir rétt að nýju dagsetningarnar, þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir mótaðila innan flokks 3, verði þær sömu.

9) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178.

10) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði skv. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]), og haft samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205

Í stað c-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2205 komi eftirfarandi:

„c) 21. júní 2019 fyrir mótaðila í flokki 3,“.

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/592

Í stað c-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/592 komi eftirfarandi:

„c) 21. júní 2019 fyrir mótaðila í flokki 3,“.

3. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178

Í stað c-liðar 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1178 komi eftirfarandi:

„c) 21. júní 2019 fyrir mótaðila í flokki 3,“.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/105 **2019/EES/25/22**

frá 19. október 2016

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 ([2]) kveður á um notkun bráðabirgðaauðkenna sé auðkenni lögaðila ekki tiltækt. Innviðir sem gera kleift að úthluta aðilum auðkenni lögaðila hafa nýlega orðið tiltækir og markaðsaðilar hafa vanist notkun slíkra auðkenna lögaðila. Því ættu auðkenni lögaðila nú að vera eina kennið sem leyfilegt er að nota til að auðkenna lögaðila.

2) Þegar um er að ræða afleiðuskiptasamninga er sérstaklega erfitt að ákvarða hvort skýrslugefandi mótaðili er kaupandi eða seljandi í samningi þar sem slíkir samningar fela í sér skipti á fjármálagerningum milli aðilanna. Því ætti að koma á sértækum reglum til að tryggja að hægt sé að ákvarða á nákvæman og samkvæman hátt hverjir séu kaupendur og hverjir seljendur í afleiðuskiptasamningum.

3) Til að ákvarða raunverulegar áhættuskuldbindingar þessara mótaðila krefjast lögbær yfirvöld ítarlegra og nákvæmra upplýsinga um tryggginguna sem þessir mótaðilar hafa skipst á. Því ætti að setja sértækar reglur sem tryggja samræmda nálgun að því er varðar tilkynningu um tryggingu vegna tiltekins afleiðusamnings eða eignasafns.

4) Nákvæm flokkun og ítarleg auðkenning á afleiðum er nauðsynleg fyrir skilvirka notkun gagna og mikilvæga söfnun gagna þvert á afleiðuviðskiptaskrár og stuðlar þannig að því að ná markmiðum ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika (e. Financial Stability Board) sem sett eru fram í hagkvæmniathugun um samsöfnun gagna um OTC-afleiður í afleiðuviðskiptaskrá ([3]) og birt 19. september 2014. Því ætti að breyta tilkynningarskyldu að því er varðar flokkun og auðkenningu á afleiðum þannig að þessar upplýsingar í heild séu tiltækar lögbærum yfirvöldum.

5) Til að greiða fyrir tilkynningu á nýjum tegundum afleiðusamninga sem nú eru tiltækir og oft er verslað með vegna nýsköpunar á fjármálasviði ætti að bæta skiptirétti og veðjun á verðbil við skrána yfir flokka afleiðusamninga. Í víðari skilningi og í ljósi áframhaldandi nýsköpunar á fjármálasviði sem gefur af sér nýjar tegundir afleiðusamninga er mikilvægt að tryggja að samt sem áður sé hægt að tilkynna allar nýjar tegundir afleiðusamninga sem falla ekki innan núverandi flokkunar. Því þykir rétt að viðhalda flokknum „annað“ í flokkuninni á tegundum afleiðusamninga.

6) Geti tveir mótaðilar ekki komið sér saman um hvor þeirra ætti að búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni innan hins tilskilda tilkynningarfrests gæti reynst ómögulegt að auðkenna rétt og tengja saman skýrslurnar tvær sem varða sömu viðskipti. Því er nauðsynlegt að fastsetja viðmiðanir fyrir myndun einkvæmra viðskiptaauðkenna þannig að ekki sé hægt að telja sömu viðskiptin tvisvar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB. L 352, 21.12.2012, bls. 20).

([3]) http://www.fsb.org/wp-content/uploads/r_140919.pdf

7) Mótaðilar gætu staðið frammi fyrir verulegum erfiðleikum við að komast yfir allar viðeigandi upplýsingar um viðskipti sem gengið hefur verið frá fyrir upphafsdagsetningu skýrslugjafar. Með tilliti til þess hversu erfitt er að tilkynna viðskipti sem gengið hefur verið frá og þeirrar staðreyndar að slík viðskipti auka ekki á kerfisáhættu ætti að framlengja frestinn fyrir tilkynningu á viðskiptum sem gengið hefur verið frá úr þremur árum í fimm frá upphafsdagsetningu skýrslugjafar.

8) Til að tryggja fulla samræmingu gagna sem tilkynnt eru til afleiðuviðskiptaskráa og greiða þannig fyrir samræmdri túlkun og samsöfnun ætti að skýra staðla og snið sem notuð eru í viðskiptaskýrslum. Einnig þykir rétt að breyta tilkynningarskyldu að því er varðar gagnaeyðublöð. Því ætti að veita mótaðilum og afleiðuviðskiptaskrám nægilegan tíma til að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppfylla breyttar kröfur.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 til samræmis við það.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ([1]) haft opið samráð við almenning um slík drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem um getur í 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Auðkenning mótaðila og annarra aðila

Í skýrslunni skal nota auðkenni lögaðila til að auðkenna:

a) rétthafa sem er lögaðili,

b) miðlunarfyrirtæki,

c) miðlægan mótaðila,

d) stöðustofnunaraðila,

e) mótaðila sem er lögaðili,

f) aðila sem leggur gögn fram.“

2) Eftirfarandi 3. gr. a og 3. gr. b bætast við:

„3. gr. a

Staða mótaðila

1. Staða mótaðila í afleiðusamningi, sem vísað er til í 14. reit í 1. töflu viðaukans, skal ákvörðuð í samræmi við 2.–10. mgr.

2. Þegar um er að ræða valrétti og skiptirétti skal tilgreina mótaðilann sem er handhafi valréttarins sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem selur valréttinn og tekur við gjaldinu sem seljanda.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. Þegar um er að ræða framtíðarsamninga og framvirka samninga sem tengjast ekki gjaldmiðlum skal tilgreina mótaðilann sem kaupir gerninginn sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem selur gerninginn sem seljanda.

4. Þegar um er að ræða skiptasamninga tengda verðbréfum skal tilgreina mótaðilann sem ber áhættuna af verðhreyfingum á undirliggjandi verðbréfinu og tekur við andvirði verðbréfsins sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem greiðir andvirði verðbréfsins sem seljanda.

5. Þegar um er að ræða skiptasamninga tengda vöxtum eða verðbólguvísitöluum skal tilgreina mótaðilann sem greiðir fasta vexti sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem tekur við föstum vöxtum sem seljanda. Þegar um er að ræða skiptasamninga um breytilega vexti (e. *basis swaps)* skal tilgreina mótaðilann sem greiðir vaxtamuninn sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem tekur við vaxtamuninum sem seljanda.

6. Þegar um er að ræða vaxta- og gjaldmiðlasamninga (e. cross-currency swaps) og skiptasamninga og framvirka samninga tengda gjaldmiðlum skal tilgreina mótaðilann sem tekur við þeim gjaldmiðli sem er framar í stafrófsröð samkvæmt ISO 4217 staðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem afhendir þann gjaldmiðil sem seljanda.

7. Þegar um er að ræða skiptasamninga tengda arðgreiðslum skal tilgreina mótaðilann sem tekur við viðkomandi eiginlegum arðgreiðslum sem kaupanda og mótaðilann sem greiðir arðinn og tekur við föstum vöxtum sem seljanda.

8. Þegar um er að ræða afleiðugerninga til yfirfærslu á greiðslufallsáhættu, að undanskildum valréttum og skiptiréttum, skal tilgreina mótaðilann sem kaupir verndina sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem selur verndina sem seljanda.

9. Þegar um er að ræða afleiðusamninga tengda hrávörum skal tilgreina mótaðilann sem tekur við hrávörunni sem greint er frá í skýrslunni sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem afhendir hrávöruna sem seljanda.

10. Þegar um er að ræða framvirka vaxtasamninga skal tilgreina mótaðilann sem greiðir fasta vexti sem kaupanda og tilgreina mótaðilann sem tekur við föstum vöxtum sem seljanda.

3. gr. b

Tryggingar

1. Skýrslugefandi mótaðilinn skal tilgreina þá tegund tryggingar afleiðusamnings sem um getur í 21. reit í 1. töflu viðaukans í samræmi við 2.–5. mgr.

2. Sé enginn samningur um tryggingarráðstöfun fyrir hendi milli mótaðilanna eða slíkur samningur milli þeirra kveður á um að skýrslugefandi mótaðilinn leggi hvorki fram upphafstryggingu né viðbótartryggingu vegna afleiðusamningsins skal tilgreina tegund tryggingar afleiðusamningsins sem „uncollateralised“ („ótryggður“).

3. Kveði samningurinn um tryggingarráðstöfun milli mótaðilanna á um að skýrslugefandi mótaðilinn leggi aðeins reglulega fram viðbótartryggingar vegna afleiðusamningsins skal tilgreina tegund tryggingar afleiðusamningsins sem „partially collateralised“ „(tryggður að hluta“).

4. Kveði samningurinn um tryggingarráðstöfun milli mótaðilanna á um að skýrslugefandi mótaðilinn leggi fram upphafstryggingu og leggi reglulega fram viðbótartryggingar og að hinn mótaðilinn leggi annaðhvort einungis fram viðbótartryggingar eða engar tryggingar vegna afleiðusamningsins skal tilgreina tegund tryggingar afleiðusamningsins sem „one-way collateralised“ „(tryggður einhliða“).

5. Kveði samningurinn um tryggingarráðstöfun milli mótaðilanna á um að báðir mótaðilar leggi fram upphafstryggingu og leggi reglulega fram viðbótartryggingar vegna afleiðusamningsins skal tilgreina tegund tryggingar afleiðusamningsins sem „fully collateralised“ („tryggður að fullu“).

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Tilgreining, auðkenning og flokkun afleiðna

1. Í skýrslu skal tilgreina afleiðu á grundvelli samningstegundar og eignaflokks í samræmi við 2. og 3. mgr.

2. Tilgreina skal afleiðuna í 1. reit í 2. töflu viðaukans sem svo að hún falli innan einnar af eftirfarandi samningstegundum:

a) samningur um fjárhagslegan mismun,

b) framvirkur vaxtasamningur,

c) framvirkur samningur,

d) framtíðarsamningur,

e) valréttarsamningur,

f) veðjun á verðbil (e. *spreadbet*),

g) skiptasamningur,

h) skiptiréttur (e. *swaption*),

i) annars konar samningur.

3. Tilgreina skal afleiðuna í 2. reit í 2. töflu viðaukans sem svo að hún falli innan eins af eftirfarandi eignaflokkum:

a) hrávöru- og losunarheimildaafleiður,

b) lánaafleiður,

c) gjaldeyrisafleiður,

d) hlutabréfaafleiður,

e) vaxtaafleiður.

4. Ef afleiðurnar falla ekki innan neins þeirra eignaflokka sem greint er frá í 3. mgr. skulu mótaðilarnir tilgreina í skýrslunni þann eignaflokk sem líkist mest afleiðunni. Báðir mótaðilar skulu tilgreina sama eignaflokk.

5. Auðkenna skal afleiðuna í 6. reit í 2. töflu viðaukans með eftirfarandi, þegar tiltækur er:

a) ISIN-kóða (ISO 6166 International Securities Identification Number (ISIN)) eða AII-kóða (e. Alternative Instrument Identifier (AII)), eftir því sem við á, til dagsins sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014(*) kemur til framkvæmda,

b) ISIN-kóða frá deginum sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda.

Þegar AII-kóði er notaður skal nota fullan AII-kóða.

6. Fulli AII-kóðinn sem um getur í 5. mgr. skal samsettur úr eftirfarandi sex þáttum:

a) ISO 10383 markaðsauðkenniskóða (MIC) viðskiptavettvangsins þar sem verslað er með afleiðuna, tilgreindum með 4 alstöfum,

b) kóða sem viðskiptavettvangurinn úthlutar og tengist á einkvæman hátt tiltekinni tegund undirliggjandi gernings og uppgjörs og öðrum einkennum samningsins, tilgreindum með allt að 12 alstöfum,

c) einum staf sem tilgreinir hvort gerningurinn er valréttar- eða framtíðarsamningur, „O“ ef um er að ræða valréttarsamning og „F“ ef um er að ræða framtíðarsamning,

d) einum staf sem tilgreinir hvort valréttarsamningur er sölu- eða kaupréttarsamningur, „P“ ef um er að ræða sölurétt og „C“ ef um er að ræða kauprétt; hafi gerningurinn verið auðkenndur sem framtíðarsamningur í samræmi við c-lið skal tilgreina hann sem „F“,

e) nýtingardegi eða lokagjalddaga afleiðusamnings, sem er tilgreindur á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD samkvæmt ISO 8601 staðlinum,

f) lausnarverði valréttarsamnings, tilgreindu með allt að 19 stöfum, þ.m.t. allt að fimm tugastöfum án þess að hafa núll fremst eða aftast. Nota skal punkt til að skilja á milli heiltöluhlutans og aukastafa. Neikvæð gildi eru ekki leyfð. Sé gerningurinn framtíðarsamningur skal tilgreina lausnarverðið með núlli.

7. Afleiðuna skal flokka í 4. reit í 2. töflu viðaukans með ISO 10692 kóða til flokkunar fjármálagerninga (CFI-kóða) þegar um er að ræða afurðir sem auðkenndar eru með ISO 6166 ISIN-kóða eða AII-kóða.

8. Afleiður sem ISO 6166 ISIN-kóði eða AII-kóði er ekki tiltækur fyrir skal flokka með úthlutuðum kóða. Sá kóði skal vera:

a) einkvæmur,

b) hlutlaus,

c) áreiðanlegur,

d) byggður á frjálsum aðgangi (e. *open source*),

e) skalanlegur,

f) aðgengilegur,

g) tiltækur á eðlilegum kostnaðargrunni,

h) undir viðeigandi stjórnskipulagi.

9. Afleiður sem ISO 6166 ISIN-kóði eða AII-kóði er ekki tiltækur fyrir skal flokka með ISO 10692 CFI-kóða þar til Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir kóðann sem um getur í 8. mgr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).“,

4) Eftirfarandi 4. gr. a og 4. gr. b bætast við:

„4. gr. a

Einkvæmt viðskiptaauðkenni

1. Auðkenna skal skýrslu með annaðhvort alþjóðlegu einkvæmu viðskiptaauðkenni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir eða, ef slíkt auðkenni er ekki fyrir hendi, einkvæmu viðskiptaauðkenni sem mótaðilarnir koma sér saman um.

2. Nái mótaðilarnir ekki samkomulagi um aðilann sem á að búa til einkvæma viðskiptaauðkennið til úthlutunar fyrir skýrsluna skulu mótaðilarnir ákveða hvaða aðili á að búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni í samræmi við eftirfarandi:

a) sé um að ræða miðlægt framkvæmd og stöðustofnuð viðskipti skal einkvæma viðskiptaauðkennið búið til við stöðustofnun af miðlæga mótaðilanum fyrir stöðustofnunaraðilann. Stöðustofnunaraðilinn skal búa til annað einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir mótaðila sinn,

b) sé um að ræða viðskipti sem eru framkvæmd miðlægt en ekki stöðustofnuð miðlægt skal viðskiptavettvangurinn þar sem þau eru framkvæmd búa til einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir aðila sinn,

c) sé um að ræða miðlægt staðfest og stöðustofnuð viðskipti skal einkvæma viðskiptaauðkennið búið til við stöðustofnun af miðlæga mótaðilanum fyrir stöðustofnunaraðilann. Stöðustofnunaraðilinn skal búa til annað einkvæmt viðskiptaauðkenni fyrir mótaðila sinn,

d) sé um að ræða viðskipti sem voru staðfest miðlægt á rafrænan hátt en ekki stöðustofnuð miðlægt skal einkvæma viðskiptaauðkennið búið til af staðfestingarvettvangi viðskiptanna við staðfestingu,

e) um öll önnur viðskipti en þau sem um getur í a- til d-lið fer samkvæmt eftirfarandi:

i. þegar fjárhagslegir mótaðilar stunda viðskipti við ófjárhagslega mótaðila skulu fjárhagslegu mótaðilarnir búa til einkvæma viðskiptaauðkennið,

ii. þegar ófjárhagslegir mótaðilar sem eru yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar eiga viðskipti við ófjárhagslega mótaðila undir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar skulu ófjárhagslegu mótaðilarnir sem eru yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar búa til einkvæma viðskiptaauðkennið,

iii. fyrir öll önnur viðskipti en þau sem um getur í i. og ii. lið skal seljandi búa til einkvæma viðskiptaauðkennið.

3. Mótaðilinn sem býr til einkvæma viðskiptaauðkennið skal miðla því til hins mótaðilans tímanlega svo hinn síðarnefndi geti uppfyllt skýrslugjafarskyldu sína.

4. gr. b

Viðskiptastaður

Tilgreina skal viðskiptastað afleiðusamningsins í 15. reit 2. töflu viðaukans sem hér segir:

a) fram að deginum sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda:

i. ef um er að ræða viðskiptastað innan Sambandsins: með ISO 10383 markaðsauðkenniskóða (MIC) sem birtur er á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í skránni sem stofnuð er á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 (*),

ii. ef um er að ræða viðskiptastað utan Sambandsins: með ISO 10383 markaðsauðkenniskóða sem er á listanum yfir markaðsauðkenniskóða sem ISO viðheldur og uppfærir og birt er á vefsetri ISO,

b) frá og með deginum sem framselda gerðin sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda: með ISO 10383 markaðsauðkenniskóða.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skyldur fjárfestingarfyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um viðskipti, gagnsæi á markaði, skráningu fjármálagerninga á markaði og hugtök sem eru skilgreind að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1).“

5) Í stað 4. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. Greina skal afleiðuviðskiptaskrá frá eftirfarandi afleiðusamningum sem eru ekki útistandandi á upphafsdagsetningu skýrslugjafar um tiltekinn afleiðuflokk, innan fimm ára frá þeirri dagsetningu:

a) afleiðusamningum sem gerðir voru fyrir 16. ágúst 2012 og voru enn útistandandi 16. ágúst 2012,

b) afleiðusamningum sem gerðir voru 16. ágúst 2012 eða síðar.“

6) Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2017, að undanskilinni 5. mgr. 1. gr., sem kemur til framkvæmda frá og með gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Tafla 1

Upplýsingar um mótaðila

	Reitur	Snið
	Aðilar að samningnum	
1	Tímastimpill skýrslugjafar	Dagsetning samkvæmt ISO 8601 og samræmdur heimstími (UTC) á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ
2	Auðkenni skýrslugefandi mótaðila	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði
3	Auðkennistegund hins mótaðilans	„LEI“ fyrir ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI) „CLC“ fyrir kóða viðskiptavinar
4	Auðkenni hins mótaðilans	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði Kóði viðskiptavinar (allt að 50 alstafir)
5	Land hins mótaðilans	ISO 3166 — 2 stafa landskóði
6	Atvinnugrein skýrslugefandi mótaðilans	Flokkunarkerfi fyrir fjárhagslega mótaðila: Líftryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (1) C = Lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (2) Fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (3) I = Vátryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB L = Sérhæfður sjóður sem stýrt er af rekstraraðilum sérhæfðra sjóða (AIFM) með starfsleyfi eða skráningu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (4) O = Stofnun um starfstengdan lífeyri í skilningi a-liðar 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB (5) R = Endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/138/EB U = Verðbréfasjóður (UCITS) og rekstrarfélag þess, með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (6). Flokkunarkerfi fyrir ófjárhagslega mótaðila. Eftirfarandi flokkar samsvara meginbálkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE) eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (7) 1 = Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar 2 = Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu 3 = Framleiðsla 4 = Rafmagns-, gas-, og hitaveitur

	Reitur	Snið
		5 = Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun 6 = Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 7 = Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum 8 = Flutningar og geymsla 9 = Rekstur gististaða og veitingarekstur 10 = Upplýsingar og fjarskipti 11 = Fjármála- og vátryggingastarfsemi 12 = Fasteignaviðskipti 13 = Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi 14 = Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta 15 = Opinber stjórnsýsla og varnarmál; lögboðnar almannatryggingar 16 = Fræðslustarfsemi 17 = Heilbrigðis- og félagsþjónusta 18 = Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi 19 = Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi 20 = Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota 21 = Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt Þegar tilkynnt er um fleiri en eina atvinnugrein þarf að skrá kóðana í röð eftir mikilvægi viðkomandi starfsemi og aðskilja þá með „-“. Skilja á eftir eyðu ef um er að ræða miðlægan mótaðila eða aðrar tegundir mótaðila í samræmi við 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
7	Eðli skýrslugefandi mótaðilans	F = Fjárhagslegur mótaðili N = Ófjárhagslegur mótaðili C = Miðlægur mótaðili O = Annað
8	Auðkenni miðlara	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði
9	Auðkenni skýrslugefandi aðila	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði
10	Auðkenni stöðustofnunaraðila	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði
11	Auðkennistegund rétthafa	„LEI“ fyrir ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI) „CLC“ fyrir kóða viðskiptavinar
12	Auðkenni rétthafa	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði eða allt að 50 alstafa kóða viðskiptavinar þegar viðskiptavinurinn er ekki hæfur til að fá auðkenni lögaðila

	Reitur	Snið
13	Viðskiptahlutverk	P = Í eigin nafni A = Fyrir hönd viðskiptavinar
14	Staða mótaðila	B = Kaupandi S = Seljandi Fyllt út í samræmi við 3. gr. a
15	Bein tenging við viðskiptastarfsemi eða fjármögnun	Y = Já N =Nei
16	Stöðustofnunarmörk	Y = Yfir mörkum N = Undir mörkum
17	Virði samnings	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerki notað telst það ekki sem tölustafur.
18	Gjaldmiðill virðisins	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir
19	Tímastimpill mats	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDT kk:mm:ssZ
20	Tegund mats	M = mat á markaðsvirði O = mat á útreiknuðu virði C = mat miðlægs mótaðila.
21	Tryggingar	U = ótryggður PC = tryggður að hluta OC = tryggður einhliða FC = tryggður að fullu Fyllt út í samræmi við 3. gr. b
22	Tryggingasafn	Y = Já N =Nei
23	Kóði tryggingasafns	Allt að 52 alstafir, þ.m.t. fjögur sérstök rittákn: „. - _“ Sérstök rittákn eru ekki leyfð í byrjun eða lok kóðans. Engin bil eru leyfð.
24	Framlögð upphafstrygging	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.
25	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem lögð er fram	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir

	Reitur	Snið
26	Framlögð viðbótartrygging	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.
27	Gjaldmiðill viðbótartryggingar sem lögð er fram	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir
28	Upphafstrygging sem tekið er við	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti..
29	Gjaldmiðill upphafstryggingar sem tekið er við	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir
30	Viðbótartrygging sem tekið er við	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.
31	Gjaldmiðill viðbótartryggingar sem tekið er við	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir
32	Framlögð umframtrygging	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.
33	Gjaldmiðill umframtryggingar sem lögð er fram	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir
34	Umframtrygging sem tekið er við	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.
35	Gjaldmiðill umframtryggingar sem tekið er við	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, og einnig tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

Tafla 2

Sameiginleg gögn

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Flokkur 2a — Tegund samnings		**Allir samningar**
1	Tegund samnings	CD = Fjárhagslegur mismunasamningur FR = Framvirkur vaxtasamningur FU = Framtíðarsamningur FW = Framvirkur samningur OP = Valréttarsamningur SB = Veðjun á verðbil (e. *spreadbet*) SW = Skiptasamningur ST = Skiptiréttur (e. *swaption*) OT = Annað	
2	Eignaflokkur	CO = Hrávöru- og losunarheimildaafleiður CR = Lánaafleiður CU = Gjaldeyrisafleiður EQ = Hlutabréfaafleiður IT = Vaxtaafleiður	
	Flokkur 2 b — Samningsupplýsingar		**Allir samningar**
3	Tegund afurðaflokkunar	C = CFI U = UPI	
4	Afurðaflokkun	ISO 10692 CFI, kóði með 6 bókstöfum Samþykkt UPI	
5	Tegund afurðarauðkenningar	Tilgreinið viðeigandi auðkenningu: I = ISIN A = AII	
6	Afurðarauðkenning	Sé um að ræða afurðarauðkenni af I-tegund: ISO 6166 ISIN 12 alstafa kóði Sé um að ræða afurðarauðkenni af A-tegund: Fullur AII-kóði í samræmi við 8. mgr. 4. gr.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
7	Tegund auðkenningar undirliggjandi þáttar	I = ISIN A = AII U = UPI B = Karfa X = Vísitala	
8	Auðkenning undirliggjandi þáttar	Sé um að ræða auðkenningu af tegund I: ISO 6166 ISIN 12 alstafa kóði Sé um að ræða auðkenningu af tegund A: heill AII-kóði í samræmi við 8. mgr. 4. gr. Sé um að ræða auðkenningu af tegund U: UPI Sé um að ræða auðkenningu af tegund B: auðkenning allra atriða með ISO 6166 ISIN eða heilum AII-kóða í samræmi við 8. mgr. 4. gr. Aðgreina skal auðkenni einstakra atriða með bandstriki „–“. Sé um að ræða auðkenningu af tegund X: ISO 6166 ISIN-kóði ef hann er tiltækur, annars fullt nafn vísitölunnar sem vísitöluveitandinn gefur.	
9	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir	
10	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir	
11	Gjaldmiðill til afhendingar	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir	
	Flokkur 2c — Upplýsingar um viðskiptin		**Allir samningar**
12	Auðkenni viðskipta	Þar til alþjóðlegt einkvæmt auðkenni viðskipta (e. *Unique Transaction Identifier* (UTI)) er tiltækt, allt að 52 alstafa kóði, þ.m.t. fjögur sérstök rittákn: “ – _.” Sérstök rittákn eru ekki leyfð í byrjun og lok kóðans. Engin bil eru leyfð.	
13	Rakningarnúmer skýrslna	Reitur með allt að 52 alstöfum	
14	Auðkenni þátta í flóknum viðskiptum	Reitur með allt að 35 alstöfum	
15	Viðskiptastaður	ISO 10383 markaðsauðkenniskóði (MIC), 4 alstafa kóði, í samræmi við 4. gr. b	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
16	Samþjöppun	Y = samningur leiðir af samþjöppun N = samningur leiðir ekki af samþjöppun	
17	Verð/gengi	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur. Sé greint frá verðinu í hundraðshlutagildum ætti að gefa það upp sem hundraðshluta þegar 100% er táknað sem „100“.	
18	Framsetningarform verðs	U = Einingar P = Hundraðshlutfall Y = Ávöxtunarkrafa	
19	Gjaldmiðill verðs	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafir	
20	Grundvallarfjárhæð	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
21	Verðmargfaldari	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.	
22	Magn	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.	
23	Fyrirframgreiðsla	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Nota á mínusmerkið til að gefa til kynna að greiðsla hafi verið innt af hendi, ekki að tekið hafi verið við henni. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
24	Tegund afhendingar	C = Í peningum P = Í áþreifanlegu formi O = Valkvætt fyrir mótaðila eða þegar þriðji aðili ákveður hana	
25	Tímastimpill framkvæmdar	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ	
26	Gildistökudagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD	
27	Lokadagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD	
28	Uppsagnardagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD	
29	Uppgjörsdagur	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD	
30	Tegund rammasamnings	Frjáls texti, reitur fyrir allt að 50 stafi, þar sem fram kemur nafn rammasamningsins sem notað er, ef eitthvað er	
31	Útgáfa rammasamnings	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ	
	Flokkur 2d — Ráðstafanir til að draga úr áhættu/Skýrslugjöf		**Allir samningar**
32	Tímastimpill staðfestingar	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ	
33	Staðfestingaraðferð	Y = Staðfestur á annan hátt en rafrænan N = Ekki staðfestur E = Staðfestur á rafrænan hátt	
	Flokkur 2e — Stöðustofnun		**Allir samningar**
34	Stöðustofnunarskylda	Y =Já N = Nei	
35	Stöðustofnað	Y =Já N = Nei	
36	Tímastimpill stöðustofnunar	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ	
37	Miðlægur mótaðili	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI) 20 alstafa kóði	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
38	Innan samstæðu	Y =Já N = Nei	
	Flokkur 2f — Vextir		**Vaxtaafleiður**
39	Fastir vextir í legg 1	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
40	Fastir vextir í legg 2	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir sem gefnir eru upp sem hundraðshluti þegar 100% er táknað sem „100“. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
41	Dagafjöldi fastra vaxta í legg 1	Teljari/nefnari þar sem bæði teljari og nefnari eru tölustafir eða táknaðir með bókstöfunum „Actual“ („Raun“), t.d. 30/260 eða Actual/365	
42	Dagafjöldi fastra vaxta í legg 2	Teljari/nefnari þar sem bæði teljari og nefnari eru tölustafir eða táknaðir með bókstöfunum „Actual“ („Raun“), t.d. 30/260 eða Actual/365	
43	Tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
44	Tíðni greiðslna í legg 1 með föstum vöxtum – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.	
45	Tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
46	Tíðni greiðslna í legg 2 með föstum vöxtum – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.	
47	Tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
48	Tíðni greiðslna í legg 1 með breytilegum vöxtum – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.	
49	Tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
50	Tíðni greiðslna í legg 2 með breytilegum vöxtum – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar skiptast á greiðslum. Allt að 3 tölustafir.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
51	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1 – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
52	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 1 – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti. Allt að 3 tölustafir.	
53	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2 – tímabil	Tímabilið sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
54	Tíðni endurákvörðunar breytilegra vaxta í legg 2 – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir því hve oft mótaðilar endurákvarða breytilega vexti. Allt að 3 tölustafir.	
55	Breytilegir vextir leggjar 1	Heiti vísitölu breytilegra vaxta „EONA“ — EONIA „EONS“ — EONIA SWAP „EURI“ — EURIBOR „EUUS“ — EURODOLLAR „EUCH“ — EuroSwiss „GCFR“ — GCF REPO „ISDA“ — ISDAFIX „LIBI“ — LIBID „LIBO“ — LIBOR „MAAA“ — Muni AAA „PFAN“ — Pfandbriefe „TIBO“ — TIBOR „STBO“ — STIBOR „BBSW“ — BBSW „JIBA“ — JIBAR „BUBO“ — BUBOR	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
		„CDOR“ — CDOR „CIBO“— CIBOR „MOSP“— MOSPRIM „NIBO“— NIBOR „PRBO“— PRIBOR „TLBO“— TELBOR „WIBO“— WIBOR „TREA“— Treasury „SWAP“— SWAP „FUSW“ — Future SWAP Eða allt að 25 alstafir ef viðmiðunarvísitalan er ekki í upptalningunni hér að ofan.	
56	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 1 – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
57	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 1 – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir viðmiðunartímabilinu. Allt að 3 tölustafir.	
58	Breytilegir vextir leggjar 2	Heiti vísitölu breytilegra vaxta „EONA“ — EONIA „EONS“ — EONIA SWAP „EURI“ — EURIBOR „EUUS“ — EURODOLLAR „EUCH“ — EuroSwiss „GCFR“ — GCF REPO „ISDA“ — ISDAFIX „LIBI“ — LIBID „LIBO“ — LIBOR „MAAA“ — Muni AAA „PFAN“ — Pfandbriefe „TIBO“ — TIBOR „STBO“ — STIBOR „BBSW“ — BBSW „JIBA“ — JIBAR „BUBO“ — BUBOR „CDOR“ — CDOR „CIBO“— CIBOR „MOSP“— MOSPRIM	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
		„NIBO“— NIBOR „PRBO“— PRIBOR „TLBO“— TELBOR „WIBO“— WIBOR „TREA“— Treasury „SWAP“— SWAP „FUSW“ — Future SWAP Eða allt að 25 alstafir ef viðmiðunarvísitalan er ekki í upptalningunni hér að ofan.	
59	Viðmiðunartímabil breytilegra vaxta í legg 2 – tímabil	Tímabilið sem lýsir viðmiðunartímabilinu, þar sem eftirfarandi skammstafanir gilda: Y = Ár M = Mánuður W = Vika D = Dagur	
60	Viðmiðunartímabil vaxta í legg 2 – margfaldari	Heiltölumargfaldari tímabilsins sem lýsir viðmiðunartímabilinu. Allt að 3 tölustafir.	
	Flokkur 2g — Gjaldeyrir		**Gjaldeyrisafleiður**
61	Afhendingargjaldmiðill 2	ISO 4217 gjaldmiðilskóði, 3 bókstafa kóði	
62	Gengi 1	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
63	Framvirkt gengi	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
64	Grundvöllur gengis	Tveir ISO 4217 gjaldmiðilskóðar, aðskildir með „/“. Fyrri gjaldmiðilskóðinn skal vísa til grunnmyntarinnar og sá síðari skal vísa til mótmyntarinnar.	
	Flokkur 2h — Hrávara og losunarheimildir		**Afleiður með hrávörur og losunarheimildir**
	Almennt		
65	Hrávöruflokkur	AG = Landbúnaður EN = Orka FR = Farmur ME = Málmar IN = Vísitölur EV = Umhverfistengdar vörur EX = Framandi OT = Annað	
66	Upplýsingar um hrávöru	Landbúnaður GO = Korn, olíufræ DA = Mjólkurvörur LI = Búfé FO = Skógrækt SP = Mjúkar hrávörur SF = Fiskur og aðrar sjávarafurðir OT =Annað Orka OI = Olía NG = Jarðgas CO = Kol EL = Raforka IE = Aðrir orkugjafar (e. *Inter-energy*) OT =Annað Farmur DR = Í föstu formi WT = Í fljótandi formi OT =Annað Málmar PR = Eðalmálmar NP = Ekki eðalmálmar Umhverfistengdar vörur WE = Veður EM = Losun OT =Annað	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
	Orka		
67	Afhendingarstaður eða -svæði	EIC-kóði, 16 alstafa kóði. Endurtakanlegur reitur	
68	Samtengingarpunktur	EIC-kóði, 16 alstafa kóði.	
69	Tegund álags	BL = Grunnálag PL = Álagstoppur OP = Tímabil utan hámarksálags BH = Klukkustundir/tímablokkir SH = Snið GD = Gasdagur OT =Annað	
	Endurtekinn þáttur frá reitum 70–77		
70	Tímabil afhendingar	kk:mmZ	
71	Upphafsdagur og tímasetning afhendingar	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ	
72	Lokadagur og tímasetning afhendingar	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ	
73	Tímalengd	N = Mínútur H = Klukkustund D= Dagur W = Vika M = Mánuður Q = Ársfjórðungur S = Árstíð Y = Ár O = Annað	
74	Dagar vikunnar	WD = Vikudagar WN = Helgi MO = Mánudagur TU = Þriðjudagur WE = Miðvikudagur TH = Fimmtudagur FR = Föstudagur SA = Laugardagur SU = Sunnudagur Leyfilegt er að gefa upp mörg gildi, aðskilin með „/“	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
75	Afhendingargeta	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
76	Magneining	KW KWh/h KWh/d MW MWh/h MWh/d GW GWh/h GWh/d Therm/d KTherm/d MTherm/d sm/d sm/d	
77	Verð fyrir magn á tímabili	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur.	
	Flokkur 2i — Valréttarsamningar		**Samningar sem fela í sér valrétt**
78	Tegund valréttar	P = Söluréttur C = Kaupréttur O = þegar ekki er hægt að ákvarða hvort um er að ræða sölurétt eða kauprétt	
79	Tegund nýtingartíma valréttar	A = Bandarískur B = Bermúda E = Evrópskur S= Asískur Fleiri en eitt gildi eru leyfð	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
80	Lausnarverð (þak/gólf)	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti. Sé mínusmerkið notað telst það ekki sem tölustafur. Þegar greint er frá lausnarverðinu í hundraðshluta-gildum ætti að gefa það upp sem hundraðshluta þegar 100% er táknað sem „100“.	
81	Framsetningarform lausnarverðs	U = Einingar/hlutir P = Hundraðshlutfall Y = Ávöxtunarkrafa	
82	Lokagjalddagi undirliggjandi þáttar	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD	
	Flokkur 2j — lánaafleiður		
83	Rétthæð	SNDB = Forgangur, svo sem ótryggð forgangsskuld (fyrirtæki/fjármálastofnanir), ríkisskuld í erlendum gjaldmiðli (hið opinbera), SBOD = Víkjandi, svo sem víkjandi lán eða lán undir lægri eiginfjárþætti B (e. *Lower Tier 2*) (bankar), mjög víkjandi (e. *Junior Subordinated)* lán eða lán undir efri eiginfjárþætti 2 (e. *Upper Tier 2*) (bankar), OTHR = Annað, svo sem forgangshlutabréf eða eiginfjárþáttur A (bankar) eða aðrar lánaafleiður	
84	Viðmiðunaraðili	ISO 3166 — 2 stafa landskóði eða ISO 3166-2 — 2 stafa landskóði og þar á eftir bandstrik, „–“, og allt að 3 alstafa svæðiskóði innan lands eða ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), 20 alstafa kóði	
85	Greiðslutíðni	MNTH = Mánaðarlega QURT = Ársfjórðungslega MIAN = Hálfsárslega YEAR = Árlega	
86	Útreikningsgrundvöllur	Teljari/nefnari þar sem bæði teljari og nefnari eru tölustafir eða táknaðir með bókstöfunum „Actual“ („Raun“), t.d. 30/260 eða Actual/365.	

	Reitur	Snið	Tegundir afleiðusamninga sem eiga við
87	Flokkur	Heiltölureitur með allt að 5 stöfum	
88	Útgáfa	Heiltölureitur með allt að 5 stöfum	
89	Vísitölustuðull	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.	
90	Áhættulag	T = Skipt niður í áhættulög (e. *tranched*) U = Ekki skipt niður í áhættulög	
91	Tengipunktur	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir sem gefnir eru upp sem tugabrot milli 0 og 1. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.	
92	Aftengipunktur	Allt að 10 tölustafir, þ.m.t. tugastafir sem gefnir eru upp sem tugabrot milli 0 og 1. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafur. Sé það notað skal það táknað með punkti.	
	Flokkur 2k — Breytingar á samningnum		
93	Tegund aðgerðar	N = Nýtt M = Breyting E = Mistök C = Snemmbær uppsögn R= Leiðrétting Z = Samþjöppun V= Uppfærsla á verðmati P = Stöðuþáttur	
94	Stig	T = Viðskipti P = Staða“	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/782 **2019/EES/25/23**

frá 29. maí 2018

um að koma á aðferðafræðilegum meginreglum fyrir áhættumat og tilmæli um áhættustjórnun sem um getur í reglugerð (EB) nr. 470/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 470/2009 er kveðið á um, að frátöldum tilvikum sem falla undir málsmeðferð Alþjóða-matvælaskrárinnar, að öll lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, skuli heyra undir álit Lyfjastofnunar Evrópu um hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni sem eru notuð eða ætluð til notkunar í dýralyf. Álit Lyfjastofnunar Evrópu ætti að samanstanda af vísindalegu áhættumati og tilmælum um áhættustjórnun.

2) Með reglugerð (EB) nr. 470/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja ráðstafanir til að fastsetja aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir áhættumat og tilmæli um áhættustjórnun í tengslum við ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni.

3) Til að veita réttarvissu, skýrleika og fyrirsjáanleika að því er varðar ferlið við fastsetningu hámarksgilda leifa þykir rétt að í þessari reglugerð sé kveðið á um þær viðmiðanir sem Lyfjastofnun Evrópu skal nota til að meta umsóknirnar.

4) Aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir áhættumatið og tilmælin um áhættustjórnun ættu að miðast við að tryggja öfluga heilsuvernd manna jafnframt því að tryggja að skortur á viðeigandi dýralyfjum hafi ekki neikvæð áhrif á heilbrigði manna og dýra og velferð dýra.

5) Að teknu tilliti til krafnanna sem settar eru fram í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um nákvæmar reglur um aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir þann hluta álits Lyfjastofnunar Evrópu sem er um vísindalega áhættumatið.

6) Að teknu tilliti til krafnanna sem settar eru fram í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um nákvæmar reglur um aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir þann hluta álits Lyfjastofnunar Evrópu sem er um tilmælin um áhættustjórnun. Í tilmælunum um áhættustjórnun ber Lyfjastofnun Evrópu einnig að íhuga hvort staðgönguefni séu tiltæk og aðra lögmæta þætti, s.s. tæknilegu þættina sem varða matvæla- og fóðurframleiðslu eða möguleika varðandi eftirlit. Því þykir rétt að mæla fyrir um reglur um þá kröfu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð eru settar fram aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir vísindalega áhættumatið og tilmælin um áhættustjórnun, sem um getur í 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, sem Lyfjastofnun Evrópu skal beita þegar hún undirbýr álit sitt á leyfilegum hámarksgildum leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni í matvælum úr dýraríkinu samkvæmt þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 30.5.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

2. Aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir vísindalega áhættumatið eru settar fram í I. viðauka.

3. Aðferðafræðilegu meginreglurnar fyrir tilmælin um áhættustjórnun eru settar fram í II. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 470/2009 er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

— „helstu umbrotsefni“: umbrotsefni sem eru ≥ 100 µg/kg eða ≥ 10% af heildarleifum í sýni sem tekið er úr markdýrategundunum í rannsókninni á umbroti,

— „leifamerki“: leif með styrk sem hefur þekkt vensl við heildarstyrk leifa í ætum vef,

— „mjólkursýruvaki“: tilbúnar ræktanir örvera sem notaðar eru við framleiðslu á mjólkurafurðum, þ.m.t. smjöri, osti, jógúrt og sýrðri mjólk.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Aðferðafræðilegar meginreglur fyrir vísindalega áhættumatið sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009

I. ALMENNAR MEGINREGLUR

I.1. Öryggis- og leifaprófanir til ákvörðunar á hámarksgildi leifa skulu framkvæmdar í samræmi við þau ákvæði er varða góðar starfsvenjur við rannsóknir eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB. ([1])

Ef gögn eru fyrirliggjandi sem er ekki aflað samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir skal fjallað um möguleg áhrif þess.

I.2. Notkun á tilraunadýrum í öryggis- og leifaprófunum skal uppfylla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([2]).

I.3. Í gögnum sem lögð eru fram í tengslum við öryggis- og leifaprófanir skal koma fram heiti rannsóknarstofunnar þar sem verkið var unnið og skulu þau vera undirrituð og dagsett. Ekki skal samþykkja neinar samantektir á rannsóknum sem gild gögn ef óunnu gögnin fylgja þeim ekki.

Hönnun, aðferðir og framkvæmd rannsóknanna, nafn og menntun og hæfi rannsakandans, staður og tímabilið þegar rannsóknin var framkvæmd, skal koma skýrt fram í prófunarskýrslunum. Lýsa skal tilraunaaðferðum svo ítarlega að hægt sé að endurtaka þær og skal rannsakandinn sýna fram á gildi þeirra. Skýring skal fylgja öllum skammstöfunum og kóðum, hvort sem þau eru alþjóðlega viðurkennd eða ekki.

I.4. Allar framkomnar niðurstöður úr rannsóknum sem lagðar eru fram skulu, eftir atvikum, metnar með viðeigandi tölfræðiaðferð og teknar til umfjöllunar í samhengi við aðrar fyrirliggjandi rannsóknir. Niðurstöður úr öllum rannsóknum skulu lagðar fram á formi sem auðveldar rýni á þeim.

I.5. Í prófunarskýrslunum skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar (eftir atvikum):

a) efnafræðileg sanngreining á lyfjafræðilega virka prófunarefninu, þ.m.t. hlutfall hverfna og handhverfna, ef við á,

b) hreinleiki prófunarefnisins,

c) samsetning lyfsins sem er gefið og aðferð við tilreiðslu skammta,

d) stöðugleiki, þ.m.t. stöðugleiki í burðarefni og fóðri ef gefið með þeim hætti,

e) tilhögun skammtagjafar (skammtur (gefinn upp í mg/kg líkamsþyngdar), tíðni skammtagjafar og tímalengd meðferðar),

f) þegar prófunarefnið er gefið með öðrum hætti en í fóðri eða drykkjarvatni: eiginleikar burðarefnisins, þ.m.t. eiturefnafræðilegir eiginleikar,

g) tegundir, stofn og uppruni prófunardýra sem eru notuð, notkun á dýrum sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, kyn dýranna sem fá skammta, aldur dýranna í upphafi skammtagjafarinnar, fjöldi dýra sem fá skammta,

h) skammtastærð, íkomuleið og tíðni gjafar (með skammti í mg/kg líkamsþyngdar á dag), prófunartímabil, mæliþættir sem notaðir eru, tíðni athugana, skilyrði í búfjárrækt, þ.m.t. umhverfisaðstæður, neysla fóðurs og vatns (einkum varðandi lyf sem gefin eru með drykkjarvatni og/eða fóðri),

i) tímapunktar sýnatöku,

j) lýsing á eitrunareinkennum með upplýsingum um hvenær þau koma fram, hversu alvarleg þau eru og hve lengi þau vara (fyrir öryggisprófanir), eftir því sem við á,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum (Stjtíð. ESB L 50 20.2.2004, bls. 44).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).

k) niðurstöður úr klínískum athugunum, stórsærri krufningu, vefjameinafræði og öllum öðrum breytum sem rannsakaðar eru (fyrir öryggisprófanir), eftir því sem við á,

l) eftir því sem við á, mat á mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) eða lægstu mörkum um merkjanleg, skaðleg áhrif (LOAEL) eða neðri mörk viðmiðunarskammts (BMDL) (fyrir öryggisprófanir),

m) þyngd dýranna sem fá skammta,

n) mjólkur- og eggjaframleiðsla (ef við á),

o) eðlisvirkni og hreinleiki geislamerktra efna (fyrir leifaprófanir),

p) sýnataka, fjöldi sýna og geymsla á þeim,

q) greiningaraðferðir: tæmandi lýsing á aðferðinni, þ.m.t. tilreiðslu greiningarsýna, tækjabúnaði og gögnum leiddum af stöðlum, samanburðarvef, styrktum vef og vef sem inniheldur leifar; leggja skal fram gögn um fullgildingu á greiningaraðferðunum, þ.m.t. greiningarmörk, magngreiningarmörk, línuleika innan viðkomandi styrksviðs og við það, stöðugleika, nákvæmni, samkvæmni og næmis fyrir truflunum,

r) óunnin gögn úr öllum niðurstöðum úr prófunum, þ.m.t. úr greiningaraðferðinni sem notuð er til að ákvarða leifarnar í ætum vef eða afurðum, reikniaðferðir.

I.6. Líffræðileg efni önnur en þau sem eru tilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([1]) skulu:

a) falla undir hefðbundin hámarksgildi leifa ef líffræðilega efnið líkist íðefni að því leyti að hægt væri að framleiða það með efnasmíði og gefur þannig tilefni til svipaðra athugunarefna og íðefni og búast má við að það skilji eftir leifar á sama hátt og efni (t.d. frumuboðar og hormón),

b) metin í hverju tilviki fyrir sig ef líffræðilega efnið er ólíkt íðefni að því leyti að það er flóknara en lyfjafræðilega virk efni sem eru framleidd með efnasmíði og geta þannig innihaldið margar tegundir íðefna með leifar sem eru aðallega frumur, amínósýrur, lípíð, kolvetni, kjarnsýrur og niðurbrotsefni þeirra.

I.7. Að því er varðar líffræðileg efni sem eru ólík íðefnum skal krafist skýrslu með lýsingu á vísindalega grundvellinum fyrir beiðninni um hvort þörf sé á fullu mati á hámarksgildum leifa eða ekki, sem og eftirfarandi upplýsingum:

a) eðli líffræðilega efnisins (t.d. frumur, vefur, lifandi eða aflífaðar lífverur) og samanburður við svipuð líffræðileg efni sem vitað er að neytendur eru reglulega útsettir fyrir,

b) lýsing á verkunarmátanum sem er undirliggjandi lækningaverkun efnisins og, ef við á, upplýsingar um styrk þess,

c) afdrif efnisins í dýrinu sem hefur fengið lyfjameðferð (þ.e. hvort það sé lífaðgengilegt, hvort búast megi við leifum í matvörum),

d) öll virkni sem efnið kann að hafa í þörmum manna (hvort leifarnar séu óvirkar eða framkalla staðbundin áhrif),

e) altæki aðgengileika leifa eftir inntöku neytenda á þeim ásamt mati á verstu hugsanlegu útsetningu sem neytendur yrðu fyrir.

Upplýsingarnar sem veittar eru hér að framan skulu metnar í samræmi við leiðbeiningarnar sem Lyfjastofnun Evrópu birtir til að ákvarða hvort þörf sé á mati á hámarksgildi leifa. Þau líffræðilegu efni sem fá þá niðurstöðu að ekki þurfi að meta hámarksgildi leifa þeirra skulu birt á skrá Lyfjastofnunar Evrópu yfir slík efni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

I.8. Fyrir efni til notkunar fyrir aukadýrategundir, eða til minni háttar notkunar, má draga úr tilteknum þáttum gagnanna sem leggja skal fram til stuðnings umsókn um ákvörðun á hámarksgildi leifa miðað við kröfurnar sem gerðar eru vegna efnis sem tilheyrir ekki þessum flokki. Framkvæma skal mat á grundvelli þeirra gagnakrafa sem settar eru fram í leiðbeiningum Lyfjastofnunar Evrópu „*Guideline on safety and residue data requirements for pharmaceutical veterinary medicinal products intended for minor use or minor species (MUMS)/limited market*“ ([1]).

I.9. Almennu meginreglurnar fyrir útleiðslu hámarksgildis leifa fyrir sæfandi efni sem notuð eru í búfjárrækt, sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, skulu vera þær sömu og fyrir dýralyf.

II. ÖRYGGISGÖGN

II.1. Gerð er krafa um fullnaðaröryggisgagnapakka, eins og lýst er í þessum lið, við mat á hámarksgildi leifa fyrir efni sem hafa ekki áður verið notuð fyrir tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

II.2. Ef gögn úr fræðiritum sem eru viðeigandi og af miklum gæðum, þar sem öllum atriðum rannsóknarinnar er lýst, eru aðgengileg kann að vera hægt að treysta á þau í stað fullnaðarrannsóknarskýrslu á vegum umsækjanda.

II.3. Ef ekki eru lögð fram gögn um staðlaða endapunkta er gerð krafa um ítarlegan rökstuðning.

II.4. **Ítarleg og gagnrýnin samantekt**

II.4.1. Gerð er krafa um ítarlega og gagnrýna samantekt á öryggisgögnunum.

II.4.2. Í ítarlegu og gagnrýnu samantektinni skal:

a) vera skýr afstaða til nægjanleika gagnanna sem lögð eru fram, í ljósi nýjustu vísindaþekkingar,

b) vera inngangur þar sem lýst er raunverulega eða fyrirhugaða notkunarmynstrinu í búfjárrækt fyrir efnið sem verið er að rýna og samantekt á allri annarri reynslu af notkun þess,

c) tekið til athugunar hversu mikil líkindi eru með viðkomandi efni og öðrum þekktum efnum sem kunna að skipta máli fyrir matið,

d) uppfylla allar staðlaðar gagnakröfur sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/12 ([2]), veita gagnrýnið mat á fyrirliggjandi tilraunarannsóknum og túlkun á niðurstöðunum,

e) veita vísindaleg rök fyrir því ef rannsóknum sem er lýst í þessum lið er sleppt,

f) fjalla um nauðsyn á frekari rannsóknum,

g) veita lýsingu og útskýringu á helstu niðurstöðum hverrar rannsóknar. Fjalla skal um eftirfarandi atriði: dýrategundirnar sem eru notaðar, fjölda dýra sem eru notuð, íkomuleið eða -leiðir, skammt(a), tímalengd meðferðar, útsetninguna sem er náð fram, tengsl milli skammts og svörunar, eðli skaðlegu áhrifanna (hvenær þau koma fram og hve lengi þau standa, skammtahæði og hvort þau ganga til baka og allan mismun sem tengist tegundum eða kyni), þekkt vensl byggingar og virkni sem skipta máli og áhrif niðurstaðnanna á neytendur,

h) veittur rökstuðningur fyrir mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, lægstu mörkum um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörkum viðmiðunarskammts sem lögð eru til fyrir hverja rannsókn,

i) taka saman og fjalla um viðeigandi birt vísindaskrif, þ.m.t. skýrslur úr mötum sem aðrar vísindastofnanir hafa unnið (s.s. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA), Efnastofnun Evrópu (ECHA) og sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA)). Ef notaðar eru ítarlegar tilvísanir í birt vísindaskrif skal uppfylla allar þær kröfur sem settar eru fram í lið I.5 eins og framast er unnt,

([1]) Safety and residue data requirements for veterinary medicinal products intended for minor use or minor species (MUMS)/limited market (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001536.jsp&mid=WC0b01ac058002dd38).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/12 frá 6. janúar 2017 um snið og inntak umsókna og beiðna um ákvörðun á hámarksgildum leifa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2017, bls. 1).

j) hafa með upplýsingar um gæði þeirra prófunarefnalagna sem notaðar eru í öryggisrannsóknunum. Tilgreina skal allar tengingar á milli niðurstaðna og gæða prófunarefnanna og/eða lyfjanna. Ef nauðsyn krefur skal veita gagnrýnið mat á óhreinindunum sem eru til staðar í virka innihaldsefninu og veita skal upplýsingar um möguleg líffræðileg áhrif þeirra. Fjallað skal um merkingu hvers kyns munar sem er á hendni, efnaformi og óhreinindasniði þess efnis sem er notað í öryggisrannsóknunum og þess forms sem fyrirhugað er að setja á markað,

k) fjalla um hvort rannsóknirnar sem lagðar eru fram hafi verið gerðar samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir,

l) fjalla um mögulega galla í tilhögun og framkvæmd rannsóknanna og skráningu þeirra með tilvísun í birtar leiðbeiningar Lyfjastofnunar Evrópu eða annarra. Leggja skal áherslu á öll frávik frá viðeigandi leiðbeiningum og fjallað skal um áhrif frávikanna og lögð fram vísindaleg rök,

m) setja fram athugasemd um notkun á tilraunadýrum í rannsóknunum og hvort rannsóknirnar hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskipun 2010/63/ESB,

n) veita rökstuðning fyrir valinu á mikilvægustu mörkum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörkum viðmiðunarskammts og útleiðslunni á ásættanlegri, daglegri inntöku (ÁDI) með rökstuðningi fyrir vali á óvissustuðlum. Það skal rökstutt ítarlega ef ekki er lögð til ásættanleg, dagleg inntaka eða ef annað eiturefnafræðilegt viðmiðunargildi verður fyrir valinu.

II.4.3. Viðaukar við ítarlegu og gagnrýnu samantektina skulu innihalda:

a) skrá yfir tilvísanir — leggja skal fram skrá yfir allar tilvísanir í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla. Tilvísanirnar sjálfar skulu koma fram í málsskjölunum,

b) töflusettar rannsóknarskýrslur — samantekt rannsóknarskýrslna í töflum. Málsskjölin skulu að auki innihalda heilt sett af rannsóknarskýrslum.

II.5. **Nákvæm sanngreining efnisins sem umsóknin varðar**

II.5.1. Gögnin skulu sýna fram á að efnið hafi verið sanngreint og eiginleikum þess lýst nákvæmlega til að tryggja að efnið sem notað er í öryggisrannsóknir endurspegli það efni sem verður notað á vettvangi.

II.5.2. Lagnir sem notaðar eru í öryggisrannsóknum skulu sanngreindar og leggja skal fram fullnægjandi gæðalýsingar, þ.m.t. um hreinleika (styrkleika óhreininda), hlutfall hverfna og handhverfna, leysni og hvern þann þátt sem kann að hafa áhrif á virkni þeirra.

II.5.3. Upplýsingar um efnafræðilega og eðlisefnafræðilega eiginleika efnisins geta gert kleift að greina og/eða taka fyrir vanda á grundvelli þekktra eiginleika efna með svipaða efnafræðilega og eðlisefnafræðilega eiginleika.

II.6. **Líflyfjafræði**

II.6.1. *Lyfhrifafræði*

II.6.1.1. Gögn úr lyfhrifarannsóknunum skulu miða að því að gera kleift að greina og lýsa eiginleikum verkunarháttar/verkunarmáta (e. *mode/mechanisms of action*) sem liggur að baki fyrirhugaðrar lækningaverkunar og skaðlegra áhrifa/aukaverkana. Þessar rannsóknir skulu útfærðar í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga að því er varðar líklega lyfjafræðileg virkni efnisins.

II.6.1.2. Með hliðsjón af þörfinni á því að leiða út lyfjafræðilega ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) skal athuga sérstaklega lyfhrif efnisins sem gætu komið fram við skammta sem eru minni en þeir sem þarf til að valda eiturefnafræðilegum áhrifum.

II.6.1.3. Verkunarháttur og tengsl milli skammts og svörunar skulu greind og eiginleikum þeirra lýst í rannsóknum sem skipta máli við fastsetningu lyfjafræðilega ásættanlegrar, daglegar inntöku og mörk um engin merkjanleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts greind, ef það er hægt, og notuð sem upphafspunktur útleiðslu lyfjafræðilegrar ásættanlegrar, daglegrar inntöku. Ef viðeigandi gögn úr rannsóknum á mönnum eru aðgengileg (t.d. fyrir efni sem hafa áður verið notuð í mannalyf) skulu þau yfirleitt teljast nýtast best við greiningu lyfjafræðilegra marka um engin merkjanleg áhrif eða neðri marka viðmiðunarskammts. Fylgja skal leiðbeiningum sem Lyfjastofnun Evrópu birtir um fastsetningu lyfjafræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI) ([1]).

([1]) Approach to establish a pharmacological acceptable daily intake (ADI) (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001530.jsp&mid=).

II.6.1.4. Gögn um lyfhrif efnis skulu:

a) gera kleift að greina/lýsa eiginleikum verkunarháttar/verkunarmáta efnisins,

b) gera kleift að lýsa eiginleikum tengslanna milli skammts og svörunar fyrir viðkomandi lyfjafræðilega endapunkta,

c) veita innsýn í hugsanleg eiturhrif efnisins á grundvelli þekkingar á þekktum áhrifum annarra efna með svipaða lyfhrifafræðilega eiginleika,

d) stuðla að skilningi á verkunarháttum sem liggja að baki aukaverkana sem koma fram í eiturefnafræðilegum rannsóknum,

e) veita, í tilteknum tilvikum, upplýsingar um mikilvægi áhrifa sem koma fram hjá tilraunadýrum fyrir menn.

II.6.1.5. Ef ekki eru lögð fram gögn um lyfhrif skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þau eru ekki til staðar.

II.6.1.6. Ef ekki er leidd út lyfjafræðilega ásættanleg, dagleg inntaka skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því.

II.6.2. *Lyfjahvarfafræði*

II.6.2.1. Rannsóknir á lyfjahvörfum skulu veita upplýsingar um frásog efnisins, dreifingu þess og þrávirkni í vefjum, umbrot og útskilnað þess. Í lyfjahvarfarannsóknunum skal helsta íkomuleiðin vera um munn þar sem það er útsetningarleiðin hjá neytendum.

II.6.2.2. Umbrotsefnin sem myndast í tilraunadýrategundinni skulu borin saman við þau sem koma fram í markdýrategundinni, í samræmi við leiðbeiningarnar sem eru gefnar í „Alþjóðleg samvinna um samhæfingu á tæknilegum kröfum varðandi skráningu dýralyfja“ (e. *International Cooperation on Harmonisation of Technical Requirements for Registration of Veterinary Medicinal Products* („VICH“)) — *VICH GL47: Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: laboratory animal comparative metabolism studies* ([1]).

II.6.2.3. Nota skal gögnin um lyfjahvörf sem fást úr rannsóknum á tilraunadýrum til að gera líkan af afdrifum efna sem menn taka inn.

II.6.2.4. Gögn um lyfjahvörf í tilraunadýrum skal einnig nota til að ákvarða hvort umbrotsefnin sem neytendur innbyrða með matvörum sem unnar eru úr dýrum myndist einnig í tilraunadýrum sem notuð eru í öryggisprófanir. Þetta er nauðsynlegt til að ákvarða þýðingu eiturefnafræðilegu áhrifanna og mörkin um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammtsins sem fást í eiturefnarannsóknununum. Ef tilraunadýrin mynda sömu umbrotsefni og þau dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis teljast tilraunadýrin sjálf hafa orðið útsett fyrir umbrotsefnunum sem menn myndu neyta. Venjulega er litið á það sem sönnun þess að öryggi umbrotsefna hafi verið metið með fullnægjandi hætti í eiturefnarannsóknunum. Ef umbrotsefnin sem markdýrategundirnar mynda myndast ekki í rannsóknunum á tilraunadýrum kann að vera þörf á að framkvæma öryggisrannsóknir með helsta umbrotsefninu, eða umbrotsefnunum, sem myndast í markdýrinu.

II.6.2.5. Einnig getur verið hjálp í gögnum um lyfjahvörf við að útskýra óvenjulegar niðurstöður sem fást úr rannsóknum á eiturhrifum, s.s. greinilegan skort á skammtasvörun ef lyfið frásogast lítið.

II.6.3. *Eiturefnafræði*

II.6.3.1. Almennar meginreglur

II.6.3.1.1. Við rannsóknir á dýrum skal nota íkomuleið um munn þar sem það er útsetningarleiðin hjá neytandanum.

II.6.3.1.2. Rannsóknir á dýrum skulu framkvæmdar með skilgreindum stofnum tilraunadýra sem til eru söguleg gögn um. Hvert efni skal prófað í þeim tegundum og stofnum dýra sem eru bestu líkönin fyrir áhrif efnisins á menn.

([1]) VICH GL47 Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals:laboratory animal comparative metabolism studies (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001515.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.3.1.3. Efnið sem prófað er skal vera virka efnið. Ef leifar í matvælum sem unnin eru úr dýrum sem hafa fengið lyfjameðferð innihalda umtalsvert magn af umbrotsefni sem myndast ekki í tilraunadýrategundunum kann þó að vera nauðsynlegt að meta eiturhrif umbrotaefnisins sérstaklega.

II.6.3.1.4. *Fylgja skal VICH GL33: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: general approach to testing* ([1]).

II.6.3.2. Eiturhrif eftir einn skammt, ef þau liggja fyrir

II.6.3.2.1. Rannsóknir á bráðum eiturhrifum kunna að hafa verið gerðar af öðrum ástæðum en þeim að meta öryggi neytanda (t.d. til að meta öryggi fyrir notanda varðandi tiltekna afurð) eða kunna að hafa verið skráðar í birtum skrifum. Skýrslur úr öllum slíkum rannsóknum skal leggja fram sem hluta af öryggisgögnunum.

II.6.3.2.2. Ef fyrirliggjandi eru gögn um bráð eiturhrif sem bæta við heildarmyndina af eiturefnafræðilegri samantekt efnisins og varpa ljósi á þau áhrif sem leita skal eftir í langtímarannsóknum skal leggja þau fram.

II.6.3.3. Eiturhrif við endurtekna skammta

II.6.3.3.1. *90 daga prófun á eiturhrifum við endurtekna skammta um munn*

II.6.3.3.1.1. Leggja skal fram gögn úr 90 daga rannsóknum á eiturhrifum við endurtekna skammta um munn með nagdýrum og dýrategundum sem ekki eru nagdýr, ásamt ástæðum fyrir vali á tegund, með hliðsjón af öllum fyrirliggjandi upplýsingum um umbrot efnisins í dýrum og mönnum.

II.6.3.3.1.2. Gögn úr rannsóknum með prófun á eiturhrifum við endurtekna skammta um munn skulu:

a) gera kleift að meta breytingar á starfsemi og formfræðilegar breytingar vegna endurtekinnar gjafar prófunarefnisins, eða prófunarefnanna, og hvernig þessar breytingar tengjast skömmtum,

b) gera kleift að fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts,

c) upplýsa um val á skammtastærð fyrir langvinnar rannsóknir sem og val á heppilegustu dýrategundinni fyrir langvinnar rannsóknir.

II.6.3.3.1.3. Leiðbeiningar um tilhögun 90 daga rannsókna á eiturhrifum við endurtekna skammta er að finna í *VICH GL31: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: repeat-dose (90 days) toxicity testing* ([2]) og þeim skal fylgt. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.3.3.1.4. Ef ekki eru framkvæmdar 90 daga rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta um munn með nagdýrum og/eða dýrategundum sem ekki eru nagdýr skal einnig leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þær eru ekki til staðar.

II.6.3.3.2. *Prófun á (langvinnum) eiturhrifum við endurtekna skammta*

II.6.3.3.2.1. Prófun á langvinnum eiturhrifum skal framkvæma á minnst einni tegund. Velja skal heppilegustu tegundina á grundvelli allra fyrirliggjandi vísindagagna, þ.m.t. niðurstöðunum úr 90 daga rannsóknunum, og sjálfgefna tegundin er rottur.

II.6.3.3.2.2. Gögnin úr rannsóknum með prófunum á langvinnum eiturhrifum um munn skulu gera kleift að:

a) meta breytingar á starfsemi og formfræðilegar breytingar vegna endurtekinnar gjafar prófunarefnisins, eða prófunarefnanna, og hvernig þessar breytingar tengjast skömmtum,

b) fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts.

([1]) VICH GL33 Safety studies for veterinary drug residues in human food: general approach to testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001480.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([2]) VICH GL31 Safety studies for veterinary drug residues in human food: repeat-dose (90) toxicity testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001478.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.3.3.2.3. Leiðbeiningar um tilhögun rannsókna á (langvinnum) eiturhrifum við endurtekna skammta er að finna í *VICH GL37: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: repeat-dose (chronic) toxicity testing* ([1]) og þeim skal fylgt. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.3.3.2.4. Ef ekki eru lagðar fram rannsóknir á (langvinnum) eiturhrifum við endurtekna skammta um munn skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þær eru ekki til staðar.

II.6.3.4. Þol hjá marktegundum, ef það liggur fyrir

II.6.3.4.1. Ekki er gerð krafa um gögn varðandi þol hjá marktegundum fyrir matið á öryggi neytenda. Ef viðkomandi gagna hefur verið aflað eða eru skráð í birtum skrifum skal þó leggja þau fram sem hluta af öryggisgögnunum.

II.6.3.4.2. Ef þau eru fyrirliggjandi gætu gögn um þol hjá marktegundum bætt við heildarmyndina af eiturefnafræðilegri samantekt efnisins og varpað ljósi á þau áhrif sem leita skal eftir í eiturhrifarannsóknum.

II.6.3.5. Eiturhrif á æxlun, að meðtöldum eiturhrifum á þroskun

II.6.3.5.1. *Rannsókn á áhrifum á æxlun*

II.6.3.5.1.1. Almenn prófun á eiturhrifum á æxlun skal framkvæma á minnst einni tegund, sjálfgefna tegundin er rottur. Nota skal íkomuleið um munn.

II.6.3.5.1.2. Prófanir á áhrifum á æxlun skulu miðast að því að greina eiginleika skaðlegra áhrifa prófunarefnisins á tímgunargetu útsettra fullorðinna dýra, sem og á eðlilega þroskun afkvæma þeirra, og lýsa þeim.

II.6.3.5.1.3. Með prófunum skal greina möguleg áhrif á tímgunargetu karl- og kvendýra, s.s. kynkirtlastarfsemi, gangferil, mökunarhegðun, getnað, got, mjólkurmyndun, fráfærslu og á vöxt og þroskun afkvæmanna. Þessar rannsóknir geta einnig veitt upplýsingar um skaðleg áhrif á þroskun s.s. vansköpunarvalda.

II.6.3.5.1.4. Ef vísbendingar eru um að fram komi áhrif á þroskun miðtaugakerfisins kann að vera þörf á sérstökum rannsóknum á slíkum áhrifum, t.d. með mati á niðurstöðum úr öðrum prófunum (sjá lið II.6.4.1).

II.6.3.5.1.5. Gögnin skulu gera kleift að fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts.

II.6.3.5.1.6. Leiðbeiningar um tilhögun rannsókna með prófunum á eiturhrifum á æxlun er að finna í *VICH GL22: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: reproduction testing* ([2]) og þeim skal fylgt. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.3.5.1.7. Ef ekki er lögð fram rannsókn á eiturhrifum á æxlun skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að hún er ekki til staðar.

II.6.3.5.2. *Rannsókn á eiturhrifum á þroskun*

II.6.3.5.2.1. Markmiðið með rannsóknum á eiturhrifum á þroskun er að greina öll skaðleg áhrif á ungafull kvendýr og á þroskun fósturvísis og fósturs sem eru afleiðingar af útsetningu, allt frá hreiðrun til loka meðgöngu. Slík áhrif eru m.a. aukin eiturhrif hjá ungafullum kvendýrum, dauði fósturvísis/fósturdauði, breyting í vexti og afbrigðileiki í líkamsbyggingu fósturs og fósturgallar.

II.6.3.5.2.2. Ef greinilegar vísbendingar eru um vansköpun hjá rottunni er ekki nauðsynlegt að rannsaka aðra tegund nema rýni á öllum mikilvægustu rannsóknum gefi til kynna að ásættanleg, dagleg inntaka (ÁDI) miðist við vansköpunarrannsóknina á rottum. Gera má ráð fyrir prófun á annarri tegund (yfirleitt kanínum) ef engar vísbendingar um vansköpun eða tvíræðar niðurstöður er að finna varðandi rottur.

([1]) VICH GL37 Safety of veterinary drugs in human food repeat-dose (chronic) toxicity testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001481.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([2]) VICH GL22 Safety studies for veterinary drug residues in human food: reproduction studies (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001475.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.3.5.2.3. Leiðbeiningar um nálgunina við prófun á eiturhrifum á þroskun er að finna í *VICH GL32: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: developmental toxicity testing* ([1]). Þar er kveðið á um stigskipta nálgun með upphafsprófunina gerða á einni tegund (rottum). Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.3.5.2.4. Í rannsóknum skal nota íkomuleið um munn.

II.6.3.5.2.5. Gögnin skulu gera kleift að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts.

II.6.3.5.2.6. Ef ekki eru lagðar fram rannsóknir á eiturhrifum á þroskun skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þær eru ekki til staðar.

II.6.3.6. Erfðaeiturhrif

II.6.3.6.1. Í flestum tilvikum skal efnið sem prófað er eingöngu vera móðurefni. Í sumum tilvikum kann þó að vera nauðsynlegt að prófa til viðbótar eitt eða fleiri af helstu umbrotsefnum aðskilið. Þetta væri reyndin ef helsta umbrotsefni sem myndast í marktegundinni myndast ekki í tilraunadýrategundinni.

II.6.3.6.2. *VICH GL23:* Í *Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: genotoxicity testing* ([2]) er bent á staðlaðar prófunarlotur sem mælt er með til að greina hugsanleg erfðaeiturhrif efnis. Stöðluðu prófunarloturnar innihalda prófanir sem miðast að því að greina áhrif sem eru stökkbreytandi, litningabrenglandi og geta valdið mislitnun. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.3.6.3. Niðurstöður úr prófunum á erfðaeiturhrifum skulu notaðar til að meta hvort líklegt sé að efni valdi erfðafræðilegum skemmdum sem geta borist frá móðurfrumum til dótturfruma, annað hvort með beinum eða óbeinum áhrifum á deoxýríbósakjarnsýru (DNA).

II.6.3.6.4. Vitað er að útsetning fyrir tilteknum erfðaeiturefnum tengist myndun krabbameins og af þessum sökum skal líta svo á að skýrar jákvæðar niðurstöður úr prófunum á erfðaeiturhrifum gefi vísbendingar um að efnið kunni að vera krabbameinsvaldandi. Þar sem vitað er að stökkbreytingar í kímfrumum má tengja við sjúkdóma skal að auki líta svo á að skýrar jákvæðar niðurstöður úr prófunum á erfðaeiturhrifum gefi til kynna að efnið kunni að valda arfgengum sjúkdómum (eiturhrif á æxlun).

II.6.3.6.5. Vísvitandi notkun á erfðaeiturefnum sem hafa bein áhrif á DNA er ekki samþykkt í lyfjum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

II.6.3.6.6. Nota skal niðurstöðurnar úr prófununum á erfðaeiturhrifum til að meta þörfina fyrir gögn um krabbameinsvaldandi áhrif. Aðrir þættir sem hafa skal í huga við ákvörðun á þörfinni fyrir gögn um krabbameinsvaldandi áhrif skulu vera hvort viðeigandi byggingarleg hættumerki séu til staðar og niðurstöður sem sýna að fram komi foræxli í prófunum á eiturhrifum eftir endurtekna skammta.

II.6.3.6.7. Efni sem gefa með beinum hætti skýrar jákvæðar niðurstöður úr prófunum á erfðaeiturhrifum má eingöngu samþykkja til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis ef vitnisburður er um að niðurstöðurnar skipti ekki máli fyrir neytendur. Niðurstöður úr rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum sem sýna að æxlismyndun er ekki til staðar geta verið hluti af slíkum vitnisburði. Einnig er þörf á gögnum um verkunarhátt til að sýna fram á að verkunarhátturinn sem liggur að baki erfðaeiturhrifunum sem koma fram skipti ekki máli fyrir neytendur.

II.6.3.6.8. Ef ekki eru fyrirliggjandi gögn sem sýna fram á að erfðaeiturhrifin sem finnast skipti ekki máli fyrir neytendur skulu skýrar jákvæðar niðurstöður leiða til þeirrar ályktunar að ekki sé hægt að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku og að efnið henti ekki til notkunar fyrir tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

II.6.3.6.9. Skýrar neikvæðar niðurstöður úr stöðluðum lotum prófana á erfðaeiturhrifum skulu leiða til þeirrar ályktunar að efnið sé ekki erfðaeitur.

II.6.3.6.10. Ef tvíræðar niðurstöður er að finna í erfðaeiturhrifaprófunum skal athuga þörf á frekari prófunum í ljósi heildarvægis rökstuddra vísbendinga fyrirliggjandi gagna.

([1]) VICH GL32 Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: developmental toxicity testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001479.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([2]) VICH GL23 Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: genotoxicity testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001476.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.3.6.11. Almennt skal líta svo á að nægilega hafi verið fjallað um erfðaeiturhrif helstu umbrotsefna í rannsóknum sem framkvæmdar eru með móðurefninu. Ef helsta umbrotsefni myndast í marktegundinni en ekki í tilraunadýrategundinni er þó hugsanlega ekki hægt að komast að niðurstöðu um erfðaeiturhrif leifanna án viðbótargagna sem er aflað með notkun á viðeigandi umbrotsefni.

II.6.3.6.12. Að jafnaði er ekki gerð krafa um greiningu minniháttar umbrotsefna.

II.6.3.6.13. Minniháttar umbrotsefni eru þau sem finnast í magni undir 100 µg/kg eða eru undir 10% af heildarleifunum, eins og lýst er í *VICH GL46: Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: metabolism study to determine the quantity and identify the nature of residues* ([1]).

II.6.3.6.14. Ef bygging minniháttar umbrotsefnis er þekkt, eða ef hægt er að setja fram kenningu um hana, og ef umbrotsefnið hefur, eða búist er við að það hafi, bein áhrif á DNA skal fjalla um hugsanlegu áhættuna fyrir neytendur. Leggja skal fram sannanir til staðfestingar á að magn þess sé nógu lítið til að teljast vera öruggt — þ.e. magnið skal vera nógu lítið til að tryggja að aukna áhættan á krabbameini sem myndi leiða af útsetningu neytenda fyrir efninu yrði minni en 1 á móti 10^6. Þessu skal ná annað hvort með því að nota efnasértæk gögn eða, ef slík gögn eru ekki fyrir hendi, með því að nota útfærsluna með eiturefnafræðilegum viðmiðunarmörkum (TTC) sem gefur færi á nálgun við að magngreina áhættuna í tengslum við tiltekna útsetningu fyrir efninu. Fylgja skal leiðbeiningum sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin birta varðandi TTC-nálgunina ([2]).

II.6.3.6.15. Ef áhyggjur vakna um að minniháttar umbrotsefni sem er til staðar í matvælum úr dýraríkinu brotni enn frekar um í neytandanum og myndi DNA-hvarfgjarnt efni skal á sama hátt leggja fram sannanir þess að magnið sem neytendur eru útsettir fyrir sé nógu lítið til að það teljist vera öruggt.

II.6.3.6.16. Fyrir öll þessi efni (minniháttar umbrotsefni sem hafa mögulega erfðaeiturhrif sem myndast í markdýrinu eða í neytandanum) skal leifamagnið sem er til staðar í matvælum úr dýraríkinu hafa í för með sér að útsetning neytenda fyrir efninu sé undir eiturefnafræðilegum viðmiðunarmörkunum á öllum tímapunktum frá upphafi meðferðarinnar. Þar sem ekki er hægt að útiloka mögulega útsetningu áður en biðtími til afurðanýtingar er liðinn, og m.t.t. þess að áhrifin eru alvarleg og án viðmiðunarmarka, er ekki nóg að sýna fram á brotthvarf á magni í samræmi við eiturefnafræðilegu viðmiðunarmörkin á þeim tímapunkti þegar leifarnar eru undir tillögðum hámarksgildum leifa.

II.6.3.6.17. Ef fleiri en eitt minniháttar umbrotsefni er DNA-hvarfgjarnt skal gera ráð fyrir að öll DNA-hvarfgjörn efni hafi sama verkunarhátt ef ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða. Af þessum sökum skal heildarmagn DNA-hvarfgjarnra efna (samanlagður skammtur) borið saman við eiturefnafræðilegu viðmiðunarmörkin.

II.6.3.6.18. Gera má ráð fyrir að efni og umbrotsefni sem geta valdið krabbameini með öðrum verkunarmáta en beinum áhrifum á DNA hafi viðmiðunarmörk sem byggja á verkunarmáta. Ef nota á slík efni í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis skal fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL) eða neðri mörk viðmiðunarskammts (BMDL) fyrir viðkomandi áhrif í rannsóknum sem eru rökstuddar á viðeigandi hátt.

II.6.3.7. Krabbameinsvaldandi áhrif

II.6.3.7.1. *Viðmiðanir við val á efnum fyrir prófanir á krabbameinsvaldandi áhrifum*

II.6.3.7.1.1. *VICH GL28:* Í *Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: carcinogenicity testing* ([3]) eru veittar leiðbeiningar um þætti sem hafa ber í huga þegar þörfin á prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum er ákvörðuð og hvenær framkvæma skal prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum og skal fylgja þeim. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

([1]) VICH GL46 Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: metabolism study to determine the quantity and identify the nature of residues (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001516.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([2]) Review of the Threshold of Toxicological Concern (TTC) approach and development of new TTC decision tree (http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.2903/sp.efsa.2016.EN-1006/epdf).

([3]) VICH GL28 Studies to evaluate the safety of veterinary drugs in human: carcinogenicity testing (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001477.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.3.7.1.2. Í þeim tilvikum þegar prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum er talin viðeigandi er almenna krafan tveggja ára rannsókn með rottum og 18 mánaða rannsókn með músum en þó er hægt að samþykkja gögn úr rannsókn á einni tegund nagdýra ef fyrir því er nægilegur rökstuðningur.

II.6.3.7.1.3. Krabbameinsvaldandi erfðaeitur er ekki samþykkt til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

II.6.3.7.1.4. Efni sem gefur jákvæðar niðurstöður í prófunum á krabbameinsvaldandi eiginleikum má einungis samþykkja til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis ef gögnin um krabbameinsvaldandi áhrif sýna fram á að þau skipta ekki máli fyrir neytendur (t.d. ef vitað er að sú tegund æxlis sem verður vart skiptir ekki máli fyrir menn) eða ef sýnt er fram á að krabbameinsvaldandi áhrifin eru afleiðing verkunarmáta sem veltur á viðmiðunarmörkum. Í síðara tilvikinu skal fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL) eða neðri mörk viðmiðunarskammts (BMDL) fyrir krabbameinsvaldandi áhrif.

II.6.3.7.1.5. Ef prófanir á krabbameinsvaldandi áhrifum eru ekki gerðar skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þau eru ekki til staðar.

II.6.4. *Aðrar kröfur*

II.6.4.1. Almennar meginreglur

II.6.4.1.1. Ákvarða skal í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf sé á öryggisgögnum þar sem fjallað er um önnur möguleg áhrif. Í VICH GL33 er fjallað um þörfina á viðbótarprófunum.

II.6.4.1.2. Meðal þeirra þátta sem taka skal tillit til við mat á þörfinni á slíkum gögnum eru:

a) bygging efnisins og líkindi þess við efni með þekkt eiturefnafræðileg áhrif,

b) flokkur efnisins og þekktir eiturefnafræðilegir eiginleikar annarra efna í flokknum,

c) verkunarháttur efnisins,

d) öll áhrif sem verður vart í stöðluðum rannsóknum á eiturhrifum sem gefa tilefni til frekari rannsóknar (t.d. ónæmiseiturhrif, taugaeiturhrif eða innkirtlatruflanir),

e) hvort til eru birt skrif sem varpa ljósi á niðurstöður sem skipta máli, þ.m.t. heimildir varðandi áhrif sem verður vart hjá mönnum sem eru útsettir fyrir efninu.

II.6.4.2. Sérrannsóknir (t.d. á ónæmiseiturhrifum og taugaeiturhrifum)

II.6.4.2.1 *Ónæmiseiturhrif*

II.6.4.2.1.1. Ef viðkomandi áhrifa verður vart í rannsóknum með endurteknum skömmtum eða öðrum rannsóknum á eiturhrifum (t.d. breytingar í þyngd og/eða vefjagerð eitla eða í frumufjölda í eitlavef, beinmerg eða utanmergshvítkornum) kann að vera þörf á frekari starfrænum prófunum. Rannsakandinn skal færa rök fyrir eðli allra frekari prófana, með hliðsjón af skráðum athugunum í öðrum rannsóknum á eiturhrifum.

II.6.4.2.1.2. Að því er varðar tiltekna efnaflokka (s.s. betalaktam sýklalyf) sem vitað er að kalla fram ofurnæmissvörun (ofnæmissvörun) hjá viðkvæmum einstaklingum skal leggja fram gögn um útsetningarstig sem hafa verið tengd við ofurnæmissvörun.

II.6.4.2.1.3. Leggja skal fram upplýsingar um allar ónæmisrannsóknir sem framkvæmdar hafa verið með efninu sem hluta af öllum þáttum matsins (t.d. greiningar á næmingu sem gerðar eru fyrir rannsóknir á öryggi notanda eða virknirannsóknir sem framkvæmdar eru á ónæmisstýrandi efnum). Einnig skal leggja fram allar skýrslur um skaðleg áhrif á menn.

II.6.4.2.1.4. Taka skal tillit til gagna sem fást úr slíkum rannsóknum við ákvörðun eiturefnafræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku eða annarra viðmiðunarmarka.

II.6.4.2.2. *Taugaeiturhrif, taugaeiturhrif á þroskun og tafin taugaeiturhrif*

II.6.4.2.2.1. Gera skal kröfu um prófun á taugaeiturhrifum ef rannsóknir með endurtekna skammta gefa til kynna að mögulega sé til staðar athugunarefni sem skiptir máli.

II.6.4.2.2.2. Einnig skal gera prófun vegna taugaeiturhrifa á efnum sem sýnt hefur verið fram á í öðrum eiturefnaprófunum að valdi breytingum á taugakerfi sem eru vefjafræðilegar, varða eðlisfræði lífs eða lífefnafræðilegar eða valda taugaatferlislegum breytingum. Eðlisefnafræðilegir eiginleikar, upplýsingar um byggingu/virkni og skráð skaðleg áhrif á menn kunna að gefa frekari vísbendingar um þörfina fyrir prófun á taugaeiturhrifum.

II.6.4.2.2.3. Við prófun á taugaeiturhrifum skal nota ákomuleið um munn og skal fylgja þeim ráðum sem gefin eru í viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um prófun íðefna — viðmiðunarreglu 424 um prófanir ([1]) við aðferðafræðina sem skal nota í rannsóknum á taugaeiturhrifum með nagdýrum. Rannsóknina er hægt að framkvæma sem sjálfstæða rannsókn eða fella hana inn í aðrar rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta.

II.6.4.2.2.4. Þó að OECD-viðmiðunarregla 424 um prófanir fjalli ekki sérstaklega um áhrif á virkni asetýlkólínkljúfs skal sá endapunktur vera í öllum rannsóknum á eiturhrifum við endurtekna skammta fyrir tiltekin efni sem vitað er, eða grunur leikur á, að hafi slíka virkni (t.d. lífræn fosföt eða karbamöt). Prófun vegna kólínesterasahömlunar skal a.m.k. fela í sér mælingar á heila og rauðkornum.

II.6.4.2.2.5. Ef sýnt hefur verið fram á að efni valdi taugakvillum eða taugaeiturhrifum hjá fullorðnum eða valdi annars konar eiturhrifum, sem gefa til kynna áhrif á taugakerfi á þroskunarstigi, getur talist nauðsynlegt að gera prófun á taugaeiturhrifum á þroskun. Í slíku tilviki skal fylgja OECD-viðmiðunarreglu 426 um prófanir ([2]) þar sem fram koma ráðleggingar varðandi aðferðarfræðina sem skal nota í rannsóknum á taugaeiturhrifum á þroskun. Framlengda einnar kynslóðar rannsóknin á eiturhrifum á æxlun (OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir ([3]) nær einnig yfir prófanir á taugaeiturhrifum á þroskun.

II.6.4.2.2.6. Gera skal prófun á lífrænu fosfati vegna tafinna taugaeiturhrifa í greiningu á hænum sem felur í sér mælingar á markesterasa taugakvilla (NTE) í heilavef. Bæði skal athuga útsetningu í eitt skipti (OECD-viðmiðunarregla 418 um prófanir ([4])) og endurtekna útsetningu (OECD-viðmiðunarregla 419 um prófanir ([5])). Þó að rannsóknir eftir einn skammt sem eru framkvæmdar samkvæmt OECD-viðmiðunarreglu 418 um prófanir kunni eingöngu að gera kleift að greina tafin taugaeiturhrif þá kunna rannsóknir með endurteknum skömmtum (OECD-viðmiðunarregla 419 um prófanir) að gera kleift að greina mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts.

II.6.4.2.2.7. Rannsóknirnar á taugaeiturhrifum skulu gera kleift að fastsetja mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts sem taka skal tillit til við ákvörðun eiturefnafræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku eða annarra viðmiðunarmarka.

II.6.4.3. Örverufræðilegir eiginleikar leifa

II.6.4.3.1. *Möguleg áhrif á þarmaflóru manna*

II.6.4.3.1.1. Að því er varðar efni með örverueyðandi verkun þá geta komið fram örverueyðandi áhrif á þarmaflóru manna þegar skammtar eru undir þeim mörkum sem vitað er að hafa valdið eiturhrifum í eiturhrifaprófununum. Fyrir slík efni skal fastsetja örverufræðilega ásættanlega, daglega inntöku í samræmi við *VICH GL36: Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: general approach to establish a microbiological ADI* ([6]).

II.6.4.3.1.2. Gögnin skulu notuð til að leiða út örverufræðilega ásættanlega, daglega inntöku.

II.6.4.3.1.3. Áhættan vegna leifa skal vera skýrt aðskilin frá mögulegri lýðheilsuáhættu sem tengist neyslu á matvælum úr dýraríkinu sem innihalda þolnar bakteríur sem verða til við valþrýsting vegna örverueyðandi meðhöndlunar.

([1]) OECD-viðmiðunarregla 424 um prófanir: Rannsókn á taugaeiturhrifum í nagdýrum (Neurotoxicity Study in Rodents) (http://www.oecd-ilibrary.org/environment/test-no-424-neurotoxicity-study-in-rodents_9789264071025-en).

([2]) OECD-viðmiðunarregla 426 um prófanir: Rannsókn á taugaeiturhrifum á þroskun (Developmental Neurotoxicity Study) (http://www.oecd-ilibrary.org/environment/test-no-426-developmental-neurotoxicity-study_9789264067394-en)

([3]) OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir: Framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun (Extended One-Generation Reproductive Toxicity Study) (http://www.oecd-ilibrary.org/environment/test-no-443-extended-one-generation-reproductive-toxicity-study_9789264185371-en).

([4]) OECD-viðmiðunarregla 418 um prófanir: Delayed Neurotoxicity of Organophosphorus Substances Following Acute Exposure (http://www.oecd-ilibrary.org/environment/test-no-418-delayed-neurotoxicity-of-organophosphorus-substances-following-acute-exposure_9789264070905-en).

([5]) OECD-viðmiðunarregla 419 um prófanir: Delayed Neurotoxicity of Organophosphorus Substances: 28-day Repeated Dose Study (http://www.oecd-ilibrary.org/environment/test-no-419-delayed-neurotoxicity-of-organophosphorus-substances-28-day-repeated-dose-study_9789264070929-en).

([6]) VICH GL36 Studies to evaluate the safety of residues of veterinary drugs in human food: General approach to establish a microbiological ADI (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001531.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

II.6.4.3.1.4. Eins og lýst er í VICH GL36 skal fjalla um eftirfarandi tvo endapunkta sem skipta máli í tengslum við fastsetningu örverufræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku:

a) röskun bólfestutálmans (e. *colonisation barrier)* — fyrri endapunkturinn sem skiptir máli skal fjalla um spurninguna hvort inntaka á leifum örverueyðandi virkra efna í matvælum úr dýraríkinu skapi áhættu fyrir heilbrigði manna vegna röskunar á virkni bólfestutálmans í eðlilegri þarmaflóru,

b) stækkun stofns þolinna baktería — seinni endapunkturinn sem skiptir máli skal fjalla um spurninguna hvort inntaka á leifum örverueyðandi virkra efna skapi áhættu fyrir heilbrigði manna vegna stækkunar stofns þolinna baktería annaðhvort vegna þess að baktería sem var áður næm hefur öðlast þol eða vegna hlutfallslegrar fjölgunar lífvera sem eru ekki eins næmar.

II.6.4.3.1.5. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

II.6.4.3.1.6. Ef engar prófanir eru gerðar á áhrifum á þarmaflóru manna skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þau eru ekki til staðar.

II.6.4.4. Athuganir á mönnum

II.6.4.4.1. Leggja skal fram öll fyrirliggjandi gögn um áhrif á heilbrigði manna í kjölfar útsetningar fyrir efninu. Slík gögn geta varðað vísvitandi útsetningu manna (t.d. þegar efni er notað í mannalyf) eða óviljandi útsetningu (t.d. skýrslur um útsetningu í starfi). Í slíkum gögnum kann áherslan að vera á faraldsfræðilegar, lyfjafræðilegar, eiturefnafræðilegar eða klínískar niðurstöður.

II.6.4.4.2. Gögn varðandi útsetningu manna kunna að veita mikilvægar viðbótarupplýsingar um eiturefnafræðilega heildarsamantekt efnisins, ásamt því að veita upplýsingar um samanburð á næmi manna og dýra, jafnvel þó að ekki sé hægt að nota þau til útleiðslu ásættanlegu, daglegu inntökunnar. Í sumum tilvikum geta slík gögn verið gagnleg til að styðja rök varðandi mikilvægi (eða skort á mikilvægi) tiltekinna niðurstaða úr rannsóknum á tilraunadýrum.

II.6.5. *Niðurstöður annarra stofnana ESB eða alþjóðlegra vísindastofnana*

II.6.5.1. Ef aðrar stofnanir ESB eða alþjóðlegar vísindastofnanir, þ.m.t. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Efnastofnun Evrópu, sameiginlega sérfræðinganefndin (JECFA) og sameiginlegur fundur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um varnarefnaleifar (JMPR), hafa framkvæmt öryggismat á efninu sem skiptir máli skal leggja áherslu á það ásamt ályktununum sem eru dregnar.

II.6.6. *Ákvörðun ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI) eða önnur viðmiðunarmörk*

II.6.6.1. Ákvörðun ásættanlegrar, daglegrar inntöku

Almennt skal leiða út ásættanlegu, daglegu inntökuna með lyfjafræðilegum, eiturefnafræðilegum eða örverufræðilegum gögnum en þó er hægt að leiða hana út frá gögnum um menn, ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi.

II.6.6.1.1. *Útleiðsla eiturefnafræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI)*

II.6.6.1.1.1. Eiturefnafræðilega ásættanlega, daglega inntakan skal leidd út með því að deila í völdu eiturefnafræðilegu mörkin um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL)/neðri mörk viðmiðunarskammtsins með óvissustuðli til að taka til greina hugsanlegan breytileika milli tegunda (þ.e. muninn á næmi manna og tilraunadýra) og breytileika innan tegunda (þ.e. muninn á næmi innan hóps manna). Óvissustuðlinum má breyta til að taka tillit til annarra óvissuþátta, eftir því sem þörf krefur (sjá hér á eftir).

II.6.6.1.1.2. Formúlan sem notuð er til að ákvarða eiturefnafræðilega ásættanlegu, daglegu inntökuna skal vera sem hér segir:

ÁDI (mg/kg líkamsþyngd/dag) = NOAEL eða BMDL (mg/kg líkamsþyngd/dag) deilt með óvissustuðli

II.6.6.1.1.3. Rökstyðja skal valið á mörkunum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL) eða neðri mörkum viðmiðunarskammtsins (BMDL) og óvissustuðlinum.

II.6.6.1.1.4. Eiturefnafræðilega ásættanlega, daglega inntakan skal leidd út frá lægstu mörkunum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörkum viðmiðunarskammtsins sem koma fram hjá næmustu tegundunum í eiturefnarannsóknunum, nema færð séu rök fyrir öðru. Við tilteknar aðstæður er hægt að færa rök fyrir notkun á öðrum upphafspunkti (t.d. ef gögn liggja fyrir sem sýna fram á að áhrifin sem verður vart við lægstu mörk um merkjanleg, skaðleg áhrif hjá næmustu tegundunum skipta ekki máli fyrir menn).

II.6.6.1.1.5. Ef notuð er nálgunin með viðmiðunarskammti skulu neðri mörk viðmiðunarskammts (BMDL) notuð sem útgangspunktur útleiðslu ásættanlegu, daglegu inntökunnar. Í flestum tilvikum er ekki reiknað með því að valið á mikilvægasta endapunktinum breytist þegar notuð er nálgunin með neðri mörkum viðmiðunarskammts samanborið við nálgunina með mörkunum um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, þar sem sömu líffræðilegu forsendur gilda.

II.6.6.1.1.6. Við val á sjálfgefnum gildum fyrir umfang svörunarinnar sem neðri mörk viðmiðunarskammts eru leidd út fyrir (þ.e. viðmiðunarsvörun (e. *benchmark response* (BMR)), við val á líkönunum fyrir skammtasvörun sem mælt er með, sem og vegna skýrslugjafarinnar um niðurstöður úr greiningu á viðmiðunarskammti, skal fylgja leiðbeiningum sem er að finna í áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu „EFSA Scientific Opinion on Use of the benchmark dose approach in risk assessment“ ([1]).

II.6.6.1.1.7. Að því er varðar óvissustuðla þá er sjálfgefna forsendan sú að menn séu allt að 10 sinnum næmari en tilraunadýrategundin og að munurinn á næmi innan hóps manna sé á bilinu 1 og 10. Að því gefnu að viðeigandi rannsóknir séu aðgengilegar skal því yfirleitt nota óvissustuðullinn 100.

II.6.6.1.1.8. Ef niðurstöðurnar úr rannsóknum á dýrum gefa til kynna vansköpunarvaldandi áhrif við skammta sem valda ekki eiturhrifum á móður skal nota heildaróvissustuðul upp á allt að 1000 vegna markanna um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NO(A)EL) eða neðri marka viðmiðunarskammtsins (BMDL) fyrir vansköpun. Að því er varðar efni sem eru krabbameinsvaldandi með viðmiðunarmörk og hafa ekki erfðaeiturhrif er hægt að nota óvissustuðul upp á allt að 1000, með hliðsjón af verkunarmáta.

II.6.6.1.1.9. Sú staða getur komið upp að næmasti endapunkturinn komi fram hjá tegund og/eða í rannsókn þar sem allir skammtahópar hafa mikil áhrif miðað við samanburðarhópinn. Í slíkum tilvikum skal mælt með nálguninni með neðri mörkum viðmiðunarskammts (BMDL) til að fastsetja útgangspunktinn sem notaður er til að leiða út ásættanlega, daglega inntöku. Að öðrum kosti, ef áhrifin sem koma fram við minnsta skammt eru nægileg minni háttar svörun, kann að vera hægt að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku á grundvelli lægstu marka um merkjanleg, skaðleg áhrif (LO(A)EL). Í því tilviki skal nota viðbótaróvissustuðul á bilinu 2 til 5 til að taka tillit til þess að viðmiðunarpunktur lægstu markanna um merkjanleg, skaðleg áhrif eru á óþekktu bili fyrir ofan „raunverulegu“ viðmiðunarmörkin.

II.6.6.1.1.10. Valið á óvissustuðlum sem nota skal við útleiðslu ásættanlegu, daglegu inntökunnar skal ekki háð því hvort mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts eru notuð sem útgangspunktur.

II.6.6.1.1.11. Ef ákvarða á ásættanlegu, daglegu inntökuna á grundvelli gagna um menn skal ekki nota óvissustuðul við yfirfærslu frá dýrum til manna. Þegar notuð eru gögn af miklum gæðum um menn til að leiða út ásættanlega, daglega inntöku þykir því rétt að nota aðeins óvissustuðul upp á 10 til að taka tillit til breytileika í hverri svörun milli manna.

II.6.6.1.1.12. Samþykkja má lagfæringar á staðalnálguninni við val á óvissustuðlum ef fullnægjandi rök hafa verið sett fram fyrir þeim. Til dæmis getur verið rétt að lagfæra staðlaða óvissustuðulinn sem notaður er fyrir breytileika milli einstaklinga (innan tegunda) á grundvelli notkunar á óvissustuðlum í tengslum við (efnaskipta)ferli.

II.6.6.1.1.13. Hægt er að gera frekari lagfæringar, í hverju tilviki fyrir sig, á óvissustuðlunum milli 1 og 10 fyrir mismun innan tegunda og milli tegunda, ef gögn varðandi eiturefnahvörf og eiturhrif styðja slíka leiðréttingarstuðla.

II.6.6.1.1.14. Að því er varðar margföldun óvissustuðla kann að vera viðeigandi að nota líkindanálganir.

II.6.6.1.1.15. Rökstyðja skal að fullu notkun á þessari og öðrum nálgunum við lagfæringu á stöðluðum óvissustuðlum.

II.6.6.1.1.16. Með hliðsjón af fyrri atriðum þá skal óvissustuðullinn sem notaður er yfirleitt hafa gildi á milli 10 og 1000. Önnur gildi má taka til athugunar ef fyrir því er nægileg rök.

II.6.6.1.2. *Útleiðsla lyfjafræðilega ásættanlegar, daglegar inntöku (ÁDI)*

II.6.6.1.2.1. Ekki skal leiða út lyfjafræðilega ásættanlega, daglega inntöku fyrir öll lyfjafræðilega virk efni þar sem eiturefnarannsóknirnar kunna að ná yfir viðeigandi lyfjafræðilega endapunkta. Í slíkum tilvikum er e.t.v. ekki þörf á aðskilinni eiturefnafræðilega og lyfjafræðilega ásættanlegri, daglegri inntöku.

([1]) Guidance of the Scientific Committee on Use of the benchmark dose approach in risk assessment (http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/1150).

II.6.6.1.2.2. Fylgja skal leiðbeiningunum um þörfina á lyfjafræðilega ásættanlegri, daglegri inntöku (ÁDI) eins og kveðið er á um í leiðbeiningum dýralyfjanefndarinnar um nálgun við fastsetningu lyfjafræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku ([1]). Færa skal rök fyrir því ef ekki er leidd út lyfjafræðilega ásættanleg, dagleg inntaka.

II.6.6.1.2.3. Ef þörf er á lyfjafræðilega ásættanlegri, daglegri inntöku skal nálgunin við útleiðslu hennar vera samsvarandi þeirri sem lýst er hér að framan í lið II. 6.6.1.1. í tengslum við útreikning á eiturefnafræðilega ásættanlegri, daglegri inntöku. Eini munurinn er sá að upphafspunkturinn sem er notaður við útleiðslu lyfjafræðilega ásættanlegu, daglegu inntökunnar skal vera þau lægstu mörk um engin merkjanleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts sem koma fram í flestum næmum tegundum í lyfjafræðilegu rannsóknunum.

II.6.6.1.3. *Útleiðsla örverufræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI)*

II.6.6.1.3.1. Eins og lýst er í lið II.6.4.3 skal örverufræðilega ásættanleg, dagleg inntaka leidd út fyrir efni með örverueyðandi virkni. Aðferðirnar við fastsetningu örverufræðilega ásættanlegrar, daglegrar inntöku eru tilgreindar í VICH GL 36 og skal fylgja þeim.

II.6.6.1.4. *Samanlögð ásættanleg, dagleg inntaka*

Leiða skal út aðskilið lyfjafræðilega, eiturefnafræðilega og örverufræðilega ásættanlega, daglega inntöku, eins og við á, og samanlagða ásættanlega, daglega inntakan (ÁDI) (þ.e. sú ÁDI sem er notuð í áhættumatinu og við að setja hámarksgildi leifa) skal almennt vera sú lægsta af lyfjafræðilega eiturefnafræðilega og örverufræðilega ÁDI.

II.6.6.1.5. *Efni sem hafa áhrif sem eru án viðmiðunarmarka*

Ekki er hægt að leiða út mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts fyrir efni sem hafa áhrif sem eru án viðmiðunarmarka, s.s. krabbameinsvaldandi erfðaeitur, vegna óvissunnar við fastsetningu viðmiðunarmarka fyrir þau áhrif. Ekki er hægt að leiða út ásættanlega, daglega inntöku fyrir slík efni.

II.6.6.2. Aðrir valkostir en ásættanleg, dagleg inntaka

Ekki er hægt, eða enginn tilgangur með, að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku fyrir sum efni. Í slíkum tilvikum er hægt að nota aðra valkosti en ásættanlega, daglega inntöku.

II.6.6.2.1. *Efni með fastsett gildi fyrir ráðlagt magn sem er tekið inn með fæðu*

II.6.6.2.1.1. Náttúrulegt grunngildi fyrir flest stein- og snefilefni er í mismunandi hlutum mannslíkamans sem leiðir af upptöku þeirra úr matvælum, og öðrum uppsprettum í umhverfinu, og efnissértækum samvægis- eða uppsöfnunarferlum. Mikilvægt er að greina á milli nauðsynlegra snefilefna sem eru bæði nauðsynleg í daglegum lágmarksskammti og hafa efri mörk fyrir ásættanlega inntöku og ónauðsynlegra efna sem teljast óæskileg og jafnvel eitruð fyrir menn.

II.6.6.2.1.2. Nálgunin með ásættanlegri, daglegri inntöku hentar ekki við matið á nauðsynlegum snefilefnum þar sem komið geta fram áhrif við útsetningu fyrir mjög litlu magni sem gefa til kynna skort á efninu. Viðkomandi vísindastofnanir (t.d. ESB/Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin) hafa fastsett gildi fyrir ráðlagt inntekið magn með fæðu af flestum stein- og snefilefnum. Mat á daglegri fæðutengdri útsetningu fyrir nauðsynleg snefilefni er hægt að bera saman við viðeigandi viðmiðunargildi, s.s. ráðlögðu daglegu inntökuna, fæðutengd viðmiðunargildi (áður ráðlagður dagskammtur), þolanlega, daglega inntöku eða þolanlega, vikulega inntöku og bráðabirgðagildi fyrir þolanlega, vikulega inntöku. Þessi gildi er hægt að nota við áhættumatið á hliðstæðan hátt við notkunina á ásættanlegu, daglegu inntökunni. Samanlögð útsetning fyrir leifum af völdum meðferðar og útsetning vegna fæðugjafa og náttúrulegra upptaka skulu ekki fara yfir viðkomandi viðmiðunargildi.

II.6.6.2.1.3. Þessi nálgun getur verið viðeigandi fyrir steinefni, snefilefni, vítamín og aðra náttúrulega efnisþætti í matvælum sem hafa fastsett gildi fyrir ráðlagt magn sem er tekið inn með fæðu.

([1]) Approach to establish a pharmacological acceptable daily intake (ADI) (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001530.jsp&mid=).

II.6.6.2.2. *Efni sem neytendur eru útsettir fyrir með matvælaneyslu, eða frá öðrum upptökum, sem hafa ekki fastsett gildi fyrir ráðlagt innbyrt magn*

II.6.6.2.2.1. Þegar útsetning neytenda fyrir leifum virks efnis í matvælum úr dýraríkinu er óveruleg eða mjög lítil miðað við það umfang útsetningar sem þegar er til staðar af völdum efnisins í umhverfinu, eða sem er þegar til staðar í hrávöru (einna helst matvælum), þá má færa rök fyrir því að áhrifin (með tilliti til útsetningar neytenda fyrir leifum) af tillagðri notkun í dýralyfjum séu óveruleg og að ekki sé þörf á að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku. Mat á verstu aðstæðum sem gætu orðið vegna leifamagns sem eru afleiðing tillagðrar notkunar á efninu skal lagt fram ásamt mati á útsetningu neytenda í kjölfar þeirra. Það skal borið saman við það magn leifa sem vitað er að verður vegna annarra upptaka. Þessi nálgun getur einkum átt við vegna jurtalyfja og jurtakjarna, sem og náttúrulegra lífrænna sýra (t.d. oxalsýru).

II.6.6.2.2.2. Efnafræðileg samsetning afurða sem eru að stofni til úr jurtum (þ.m.t. kjarnar) er yfirleitt flókin og getur verið nokkuð ólík samsetningu leifa sem verða eftir í matvörum sem fengnar eru úr dýrum sem hafa fengið lyfjameðferð. Þar eð móðurefnið er flókið getur verið óhentugt og jafnvel ómögulegt að greina leifar þess Að því er varðar slík efni kann að vera rétt að velja annan valkost en staðalnálgunina sem byggir á ásættanlegri, daglegri inntöku.

II.6.6.2.2.3. Þegar þessi nálgun er notuð er mikilvægt að útiloka alla möguleika á áhrifum sem eru án viðmiðunarmarka, s.s. erfðaeiturhrif.

II.6.6.2.3. *Innrænt lyfjafræðilega virkt efni*

II.6.6.2.3.1. Ef lyfjafræðilega virka efnið er eins og sameind sem myndast innrænt kann að vera hægt að sýna fram á að útsetning neytenda fyrir leifum í matvælum úr dýraríkinu sé óveruleg miðað útsetningu manna fyrir innræna efninu.

II.6.6.2.3.2. Reikna má með að útsetning manna fyrir slíkum efnum sé bæði af útrænum uppruna (leifar í tengslum við meðferð ásamt náttúrulegu magni í matvælum úr dýraríkinu) og innrænum uppruna (vegna lífeðlisfræði manna). Áhættumat á leifunum er flókið þar sem erfitt er að meta líklega svörun við inntöku á litlu útrænu magni þegar menn eru stöðugt útsettir fyrir tiltölulega miklu og sveiflukenndu magni efna sem myndast innrænt og sveiflukenndu fæðutengdu magni. Að því er varðar mörg virk efni (s.s. hormón og barkstera) getur útræn útsetning þar að auki leitt til stýringar á innrænu mynduninni sem á móti gæti breytt innræna hormónamagninu og heildarsvöruninni. Þetta flækir túlkunina á hefðbundnum eiturefnarannsóknum og útleiðslu ásættanlegrar, daglegrar inntöku. Að auki getur verið erfitt að yfirfæra niðurstöður rannsókna á tilraunadýrum yfir á menn þar sem flókinn sértækur munur er á lífefnafræðilegum/lyfhrifafræðilegum verkunarháttum.

II.6.6.2.3.3. Best getur verið að meta útsetningu neytenda fyrir leifum með því að gera samanburð á umframinntöku leifa lyfjameðferðar í matvælum og inntöku á efninu úr dýrum sem hafa ekki fengið lyfjameðferð (með náttúruleg bakgrunnsgildi). Þetta er þá einnig hægt að bera saman við daglega innræna myndun efnisins í mönnum. Fjalla skal um mögulegan tegundasértækan mun (hliðstæður).

II.6.6.2.3.4. Þessi nálgun getur verið viðeigandi fyrir hormóna og önnur efni sem myndast innrænt.

II.6.6.2.4. *Efni sem eru ekki lífaðgengileg*

II.6.6.2.4.1. Altæk útsetning er óveruleg (eða jafnvel ekki til staðar) ef upptaka efnanna verður ekki eftir inntöku um munn. Fyrir slík efni er ekki hægt að fastsetja hefðbundin mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif eða neðri mörk viðmiðunarskammts og ásættanlega, daglega inntöku fyrir inntöku um munn. Áhættumatið fyrir þessar tegundir efna skal að jafnaði byggt á því að sýna fram á að lífaðgengi um munn sé ekki fyrir hendi í viðeigandi líkönum eða, eftir því sem við á, með sönnun á niðurbroti og/eða óvirkjun í maga (líklega sýnt með líkönum *í glasi*). Að því er varðar slík efni skal að auki fjalla um hugsanleg staðbundin áhrif á meltingarkerfið (þ.m.t. örverufræðileg áhrif á bólfestutálmann).

III. GÖGN UM LEIFAR

III.1. Almennt er gerð krafa um fullnaðargagnapakka um leifar. Ef ekki eru lögð fram gögn um staðlaða endapunkta skal það rökstutt ítarlega.

III.2. **Ítarleg og gagnrýnin samantekt**

III.2.1. Gerð er krafa um ítarlega og gagnrýna samantekt á gögnunum um leifar vegna allra umsókna.

III.2.2. Í ítarlegu og gagnrýnu samantektinni skal:

a) vera skýr afstaða til nægjanleika gagnanna sem lögð eru fram, í ljósi nýjustu vísindaþekkingar,

b) vera inngangur þar sem lýst er raunverulega eða fyrirhugaða notkunarmynstrinu í búfjárrækt fyrir efnið sem verið er að rýna og samantekt á allri annarri reynslu af notkun þess,

c) tekið til athugunar hversu mikil líkindi eru með viðkomandi efni og öðrum þekktum efnum, sem kann að skipta máli fyrir matið,

d) uppfylla allar staðlaðar gagnakröfur sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/12, veita gagnrýnið mat á fyrirliggjandi tilraunarannsóknum og túlkun á niðurstöðunum,

e) veita vísindaleg rök fyrir því ef einhverjum stöðluðu rannsóknanna er sleppt,

f) veita lýsingu og útskýringu á helstu niðurstöðum hverrar rannsóknar. Fjalla skal um eftirfarandi atriði: dýrategundir sem eru notaðar (tegund, stofn, kyn, aldur, þyngd o.s.frv.), prófunarskilyrði (búskapur, fæða o.s.frv.), tímapunktar og fjöldi dýra á hverjum tímapunkti, mjólkur- og eggjaframleiðsla, ef við á, úrtaka (stærð úrtaks, sýnataka og -geymsla), og greiningaraðferðir sem notaðar eru,

g) taka saman og fjalla um viðeigandi birt vísindaskrif, þ.m.t. skýrslur úr mati sem aðrar vísindastofnanir hafa unnið (s.s. Matvælaöryggisstofnun Evrópu eða sameiginlega sérfræðinganefndin (JECFA)). Ef notaðar eru ítarlegar tilvísanir í birt vísindaskrif skal uppfylla allar þær kröfur sem settar eru fram samkvæmt almennu meginreglunum, lið 1.5 í 5. lið, eins og framast er unnt,

h) hafa með upplýsingar um gæði þeirra prófunarefnalagna sem notaðar eru í rannsóknunum á leifum. Tilgreina skal allar tengingar á milli niðurstaðna og gæða prófunarefnanna og/eða lyfjanna. Ef nauðsyn krefur skal veita gagnrýnið mat á óhreinindunum sem eru til staðar í virka innihaldsefninu og veita skal upplýsingar um möguleg áhrif þeirra á lyfjahvarfafræði, umbrot, leifahvörf og greiningaraðferðir til að ákvarða magn leifa. Fjallað skal um merkingu hvers kyns munar sem er á hendni, efnaformi og óhreinindasniði þess efnis sem er notað í rannsóknunum á leifum og þess forms sem fyrirhugað er að setja á markað,

i) fjalla um hvort rannsóknirnar sem lagðar eru fram hafi verið gerðar samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir,

j) fjalla um mögulega galla í tilhögun og framkvæmd rannsóknanna og skráningu þeirra með tilvísun í birtar leiðbeiningar Lyfjastofnunar Evrópu eða annarra. Leggja skal áherslu á öll frávik frá viðeigandi leiðbeiningum og fjallað skal um áhrif frávikanna og lögð fram vísindaleg rök,

k) setja fram athugasemd um notkun á tilraunadýrum í rannsóknunum og hvort rannsóknirnar hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskipun 2010/63/ESB,

l) færa vísindaleg rök fyrir því að sleppa einstökum rannsóknum og fjalla um nauðsyn á frekari rannsóknum,

m) vera liður um atriði sem hafa ber í huga við áhættustjórnun, fjalla um málefnin sem lýst er í II. viðauka hér á eftir og útskýra útleiðsluna á tillögðum hámarksgildum leifa.

III.2.3. Viðaukar við ítarlegu og gagnrýnu samantektina skulu innihalda:

a) skrá yfir tilvísanir — leggja skal fram skrá yfir allar tilvísanir í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla. Tilvísanirnar sjálfar skulu koma fram í málsskjölunum,

b), töflusettar rannsóknarskýrslur — samantekt úr rannsóknarskýrslum í töflum skal vera í ítarlegu og gagnrýnu samantektinni. Málsskjölin skulu að auki innihalda heilt sett af rannsóknarskýrslum.

III.3. **Umbrot og leifahvörf í marktegundunum**

III.3.1. Gerð er krafa um gögn um umbrot og leifar til að lýsa eiginleikum leifa sem eru til staðar í viðkomandi matvörum, til að sýna fram á tímann sem það tekur brotthvarf þeirra að ná öruggu stigi (yfirleitt byggt á ásættanlegu, daglegu inntökunni) og gera þannig kleift að leiða út hámarksgildi leifa.

III.3.2. Gögnin skulu lögð fram í formi rannsóknar á brotthvarfi heildarleifa sem veitir megindlegar upplýsingar um móðurefnið og helstu umbrotsefni í viðkomandi matvörum og breytingar á þessum stigum með tímanum. Í rannsóknum á heildarleifum er venjulega notað geislamerkt lyf en þó er hægt að leggja fram gögn úr rannsóknum án geislamerkinga, eftir því sem við á (t.d. ef vitað er að efnið breytist ekki með efnaskiptum). Einnig skal oft leggja fram aðskilda brotthvarfsrannsókn með merkiefni sem í er notað ómerkt lyf og langtímavöktun á brotthvarfi leifamerkisins í viðkomandi matvörum. Heimilt er að veita gögn um heildarleifar og leifamerki með einni rannsókn með geislamerktu efni sem í er einnig notuð viðeigandi fullgilt aðferð án geislamerkingar til að vakta brotthvarf leifamerkisins.

III.3.3. Prófunarefnið skal innihalda efnið sem gefur tilefni til áhyggna í dæmigerðum styrk. Það skal gefið með fyrirhugaðri íkomuleið tillögðu vörunnar, með stærsta fyrirhugaða skammti og í lengsta fyrirhugaða tíma meðferðar eða í þann tíma sem þarf til að ná stöðugu ástandi í ætum vef. Rannsóknir skulu framkvæmdar á dýrum sem eru dæmigerð fyrir tillagt markþýði.

III.3.4. Leiðbeiningum í *VICH GL46: Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: metabolism study to determine the quantity and identify the nature of residues* ([1]) skal fylgt til að vakta (magngreina) brotthvarf heildarleifa og helstu umbrotsefna með tímanum. Þessar rannsóknir skulu venjulega gerðar með geislamerktu lyfi.

III.3.5. Leiðbeiningum í *VICH GL49: Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: validation of analytical methods used in residue depletion studies* ([2]) skal fylgt til að sýna staðla greiningaraðferðarinnar og til að öðlast gögn í viðunandi gæðum um brotthvarf leifamerkis.

III.3.6. Sérstakar leiðbeiningar varðandi rannsóknir á leifum sem skal framkvæma vegna efna til notkunar fyrir býflugur er að finna í *VICH GL56: Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing species: study design recommendations for residue studies in honey for establishing MRLs and withdrawal periods* ([3]) og skal þeim fylgt.

III.3.7. Rannsóknin á heildarleifum (yfirleitt framkvæmd með geislamerktu lyfi) skal veita upplýsingar um:

a) brotthvarf leifa með tímanum úr viðkomandi matvörum úr dýrum sem hafa fengið lyfjameðferð,

b) sanngreiningu helstu efnisþátta heildarleifa í viðkomandi matvörum,

c) megindleg vensl helstu efnisþátta leifa og heildarleifa.

Þessi gögn skulu notuð til að fastsetja leifamerkið og hlutfall merkiefnis miðað við heildarleifar fyrir hverja viðkomandi matvöru.

([1]) VICH GL46 Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: metabolism study to determine the quantity and identify the nature of residues (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001516.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([2]) VICH GL49 Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing animals: validation of analytical methods used in residue depletion studies (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001513.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

([3]) VICH GL56 Studies to evaluate the metabolism and residue kinetics of veterinary drugs in food-producing species: study design recommendations for residue studies in honey for establishing MRLs and withdrawal periods (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/safety_residues_pharmaceuticals/general_content_001815.jsp&mid=WC0b01ac058002dd37).

III.3.8. Greina skal hentugt leifamerki. Leifamerkið getur verið móðurefni, umbrotsefni þess eða hvers konar samsetning þeirra. Leifamerkið skal hafa eftirfarandi eiginleika:

a) vensl þess og heildarstyrks leifa í ætum vef/matvörum sem eru til rannsóknar skulu vera þekkt,

b) það skal henta til notkunar í prófanir á tilvist leifa á þeim tímapunkti sem er til rannsóknar,

c) fyrirliggjandi skal vera raunhæf greiningaraðferð til að mæla það við hámarksgildi leifa.

III.3.9. Hlutfall merkiefnis og heildarleifa lýsir venslunum milli leifamerkisins og heildarleifa í hverri viðkomandi matvöru. Þetta hlutfall getur verið mismunandi milli matvara og þar sem það getur verið breytilegt yfir lengri tíma skal það fastsett fram að þeim tíma sem samsvarar þeim þegar búist er við að leifarnar sem gefa tilefni til áhyggna séu komnar undir ásættanlegu, daglegu inntökuna. Við útreikning á hugsanlegri útsetningu neytenda fyrir heildarleifum, með gögnum sem varða leifamerkið, skal nota hlutfall merkiefnis á móti heildarleifum við útreikninginn á inntökunni.

III.3.10. Með vöktun á brotthvarfi heildarleifa í ætum vef/matvörum skal fastsetja tímapunktinn þegar heildarleifarnar fara undir ásættanlegu, daglegu inntökuna (eða þann þátt ásættanlegu, daglegu inntökunnar sem er tiltækur). Í hverjum vef/matvörum skal líta á styrk valda leifamerkisins á þessum tímapunkti sem upphafspunktinn sem hámarksgildi leifanna skal þróað út frá.

III.3.11. Upplýsingar úr rannsókninni á umbrotinu skulu einnig gera kleift að gera samanburð á umbrotsefnunum sem myndast í markdýrategundunum og þeim sem myndast í tilraunadýrategundunum til að tryggja að helstu leifarnar sem neytendur eru útsettir fyrir (þ.e. helstu umbrotsefnin sem myndast í marktegundunum) hafi verið prófaðar með fullnægjandi hætti í eiturhrifarannsóknum með tilraunadýrum.

III.3.12. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

III.4. **Gögn um vöktun og útsetningu, ef þau skipta máli**

III.4.1. Ekki er gerð krafa um gögn um vöktun lyfjafræðilega virka efnisins eða útsetningu fyrir því. Ef gögnin eru aðgengileg geta þau þó veitt mikilvægar viðbótarupplýsingar í tilteknum tilvikum, þ.e. vegna efna sem eru þegar til staðar í umhverfinu (annaðhvort frá náttúrunnar hendi eða vegna notkunar í dýralækningum eða á öðrum sviðum). Slík gögn geta verið gagnleg við að ákvarða bakgrunnsgildi sem neytendur geta þegar verið útsettir fyrir. Séu slík gögn aðgengileg, hvort sem það eru birtar niðurstöður frá opinberum stofnunum sem vakta leifar eða niðurstöður fræðilegra rannsókna eða annarra rannsókna, skal leggja þær fram.

III.5. **Aðferð til greiningar á leifum**

III.5.1. Leggja skal fram fullgildingarskýrslu varðandi greiningaraðferðina sem notuð er til að magnákvarða leifamerki í rannsókninni á leifum. Með fullgildingu skal sýnt fram á að greiningaraðferðin sé í samræmi við viðmiðanirnar sem gilda um viðkomandi nothæfiseiginleika. Fylgja skal sérstökum leiðbeiningum um fullgildingu greiningaraðferða sem er að finna í VICH GL49.

III.5.2. Leggja skal fram greiningaraðferðir a.m.k. fyrir þær matvörur og tegundir þar sem krafist er hámarksgilda fyrir leifar.

III.5.3. Staðfesta skal hvort staðlar séu tiltækir og leggja skal fram samskiptaupplýsingar til að hægt sé að hafa upplýsingaskipti, ef þörf krefur, milli fulltrúa ESB, starfsfólks landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa og fyrirtækisins.

III.5.4. Rökstyðja skal öll frávik frá fyrrnefndum kröfum og fjalla skal um áhrif þeirra.

III.5.5. Meta skal hvort greiningaraðferðin sé í samræmi við VICH GL49 og önnur atriði til viðbótar sem getið er hér á undan. Að auki skal Lyfjastofnun Evrópu hafa samráð við tilvísunarrannsóknarstofu Evrópu fyrir eftirlit með leifum tilteknu efnategundarinnar um hve fullnægjandi tiltækar aðferðir og fullgildingargögn eru.

III.5.6. Þegar Lyfjastofnun Evrópu hefur skilað áliti sínu er heimilt að deila fullgildingargögnunum með öðrum tilvísunarrannsóknarstofum ESB og landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum til að auðvelda þessum yfirvöldum að þróa viðeigandi aðferðir.

III.6. **Möguleg áhrif á örverur sem eru notaðar í iðnaðarvinnslu matvæla**

III.6.1. Matið á leifunum skal fela í sér úttekt á hugsanlegum áhrifum örverufræðilega virkra leifa á örverur sem eru notaðar í iðnaðarvinnslu matvæla, einkum að því er varðar framleiðslu á mjólkurafurðum.

III.6.2. Nota skal gögnin til að fastsetja leifastyrk sem hefur ekki áhrif á sýruvaka. Taka skal tillit til þessa við útleiðslu hámarksgilda leifa til að tryggja að leifar í viðkomandi matvörum (þ.e. mjólk) séu ekki til staðar í því magni að það hafi áhrif á sýruvaka mjólkurbúa.

III.6.3. Rannsóknirnar sem eru framkvæmdar skulu vera samkvæmt leiðbeiningum Lyfjastofnunar Evrópu um mat á áhrifum örverueyðandi efna á sýruvaka mjólkurbúa ([1]).

III.6.4. Rökstyðja skal öll frávik frá viðteknum leiðbeiningum og fjalla skal um áhrif þeirra.

III.6.5. Ef engar prófanir fara fram á örverum sem eru notaðar í iðnaðarvinnslu matvæla skal leggja fram vísindaleg rök fyrir því og fjalla um áhrif þess að þær eru ekki til staðar.

III.7. **Niðurstöður annarra stofnana ESB eða alþjóðlegra vísindastofnana**

III.7.1. Ef aðrar stofnanir ESB eða alþjóðlegar vísindastofnanir, þ.m.t. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Efnastofnun Evrópu, sameiginlega sérfræðinganefndin (JECFA) og sameiginlegur fundur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um varnarefnaleifar (JMPR), hafa framkvæmt viðeigandi leifamat á efninu skal leggja það fram ásamt dregnum ályktunum.

———

([1]) Note for guidance for the assessment of the effect of antimicrobial substances on dairy starter cultures (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/includes/document/document_detail.jsp?webContentId=WC500004533&mid=WC0b01ac058009a3dc).

II. VIÐAUKI

Aðferðafræðilegar meginreglur fyrir tilmæli um áhættustjórnun sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009

I. ÚTFÆRSLA HÁMARKSGILDA LEIFA

I.1. **Útleiðsla tölulegra hámarksgilda leifa**

I.1.1. Ef það þykir rétt í samræmi við þessa reglugerð að fastsetja tölulegt hámarksgildi leifa skulu reglulega gefin tilmæli um hámarksgildi leifa fyrir ætu vefina sem tilgreindir eru hér á eftir:

a) fyrir spendýr önnur en svín: vöðva, fitu, lifur og nýru,

b) fyrir svín og alifugl: vöðva, fitu og húð í eðlilegum hlutföllum, lifur og nýru,

c) fyrir fiska: vöðva og roð í eðlilegum hlutföllum,

d) ef lagt er til að efnið verði til notkunar fyrir tegundir sem framleiða mjólk, egg eða hunang, skulu gefin tilmæli um hámarksgildi leifa fyrir mjólk, egg og/eða hunang, eftir því sem við á, þar sem því verður við komið. Að því er varðar vef skulu tilmæli um hámarksgildi leifa í mjólk, eggjum og hunangi byggjast á gögnum sem sýna fram á snið brotthvarfs leifa í þeim vörum. Ef engin slík gögn eru tiltæk getur talist þurfa að hafa hluta ásættanlegu, daglegu inntökunnar ónýttan til vara fyrir seinni tíma fastsetningu hámarksgildis leifa í þeim vörum (liður II.5).

I.1.2. Við ákvörðun á hámarksgildum leifa skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

a) gefa skal tilmæli um að ásættanleg, dagleg inntaka (eða annað gildi, ef við á) — hámarksgilda leifa skuli vera af því magni sem tryggir að útsetning neytenda fyrir leifum sem gefa tilefni til áhyggna haldist undir ásættanlegu, daglegu inntökunni,

b) tillagða leifamerkið,

c) hlutfall leifamerkisins á móti leifum í heild sinni,

d) dreifingu leifa í ætum vef — tillögð hámarksgildi leifa fyrir hvern mismunandi ætan vef skal endurspegla dreifingu leifa í þeim vef. Í þeim tilvikum þegar leifar í vef falla hratt undir magngreiningarmörkin (minnsta, mælda innihald greiniefnis sem gefur færi á ákvörðun á greiniefninu með tiltekinni nákvæmni og samkvæmni) í greiningarað-ferðinni skal ekki vera hægt að fastsetja hámarksgildi leifa sem endurspegla dreifingu leifa í vefjum. Þegar þetta gerist skal ákvarða hámarksgildi leifa við tvöföld magngreiningarmörk til að fá hámarksgildi leifa til notkunar við eftirlit með leifum. Vefurinn sem valinn er fyrir eftirlit með leifum skal, þar sem því verður við komið, vera einn þeirra sem hámarksgildi leifa var ákvarðað í með hliðsjón af dreifingu leifa í vefjum,

e) heildarútsetningu neytenda fyrir leifum — sýna skal fram á að hún sé undir ásættanlegu, daglegu inntökunni sem byggir á leifamagninu sem verður vart í rannsóknunum á brotthvarfi og með notkun á staðlaðri matarkörfu (sjá hér á eftir).

I.1.3. Við útleiðslu hámarksgilda leifa skal gera ráð fyrir að neytandinn borði á hverjum degi sem nemur staðlaðri matarkörfu af vörum sem unnar eru úr dýrum. Tryggja skal öryggi neytenda með því að halda heildarmagni leifa í stöðluðu matarkörfunni undir ásættanlegri, daglegri inntöku.

Staðlaða matarkarfan samanstendur af matvörum í því magni sem sýnt er í töflunni hér að neðan:

Spendýr		Alifuglar		Fiskur		Býflugur	
Vöðvi	0,300 kg	Vöðvi	0,300 kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	0,300 kg	Hunang	0,020 kg
Fita	0,050 kg ([1])	Fita og húð í eðlilegum hlutföllum	0,090 kg				

Spendýr		Alifuglar		Fiskur		Býflugur	
Lifur	0,100 kg	Lifur	0,100 kg				
Nýru	0,050 kg	Nýru	0,010 kg				
Mjólk	1,500 kg	Egg	0,100 kg				

([1]) Fita og húð í eðlilegum hlutföllum fyrir svín

I.1.4. Með því að nota gögn um brotthvarf leifa er heildarálag leifa í staðlaðri matarkörfu reiknað út á grundvelli mælanlegra leifa á hverjum tímapunkti á kúrfunni fyrir brotthvarf leifa þannig að tímapunkturinn þegar heildarálag leifanna fer undir ásættanlega, daglega inntöku sé fastsettur. Ef nota má alla ásættanlegu, daglegu inntökuna skal líta svo á að þetta leifamagn, námundað eins og við á (yfirleitt að næsta 50 µg/kg fyrir vefi), sé hugsanlegt hámarksgildi leifa. Einnig skal taka tillit til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. til 7. lið II. liðar og, ef við á (t.d. ef ásættanlega, daglega inntakan er ekki öll ónotuð) skal nota síðari tímapunkt á kúrfunni fyrir brotthvarf leifa sem punktinn sem notaður er til að leiða út hámarksgildi leifa.

I.1.5. Þegar búið er að leiða út hámarksgildi leifa skal reikna út fræðilega, daglega hámarksinntöku á leifum með því að nota stöðluðu matarkörfuna og gera ráð fyrir að leifar séu til staðar í öllum matvörum í því magni sem samsvarar tillögðum hámarksgildum leifa. Fræðilega, daglega hámarksinntakan er reiknuð út með því að leggja saman útsetningu fyrir leifum úr öllum vefjum sem fæst með eftirfarandi útreikningi:

Magn á hvern ætan vef eða vöru = (tillögð hámarksgildi leifa fyrir vefinn eða vöruna x (skipti) dagleg neysla á vefnum eða vörunni)/(deilt með) hlutfall merkiefnisins á móti leifum í heild sinni í vefnum eða vörunni.

I.2. **Flokkunin „hámarksgildis leifa ekki krafist“**

I.2.1. Tilmæli um flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ eru heimil í þeim tilvikum þegar ljóst er að ekki er þörf á fastsetningu tölulegra hámarksgilda leifa til að vernda neytendur. Útsetning neytenda fyrir leifum skal alltaf vera innan öruggra marka (undir ásættanlegu, daglegu inntökunni eða öðrum mörkum) til að mælst sé til flokkunarinnar „hámarksgildis leifa ekki krafist“.

I.2.2. Efni sem uppfylla eina eða fleiri viðmiðanir sem tilgreindar eru hér á eftir geta komið til greina fyrir flokkunarstöðuna „hámarksgildis leifa ekki krafist“. Það skal tekið fram að þó að ein eða fleiri af þessum viðmiðunum séu uppfylltar þá skal ekki litið svo á að sjálfkrafa sé gefið í skyn að mælst sé til flokkunarinnar „hámarksgildis leifa ekki krafist“. Framkvæma skal fullnaðarmat á sértækum eiginleikum hvers eftirfarandi efna áður en dregin er ályktun:

a) efna af innrænum uppruna, einkum ef útsetning fyrir leifum hefur aðeins minni háttar áhrif á heildarútsetningu fyrir efninu,

b) efna sem eru nauðsynleg næringarefni eða eðlileg innihaldsefni í fæðu fyrir menn og dýr,

c) efna sem hafa ekki greinst með neina lyfjafræðilega virkni sem telst hafa líffræðilega þýðingu,

d) efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi lítil eiturhrif í kjölfar útsetningar með íkomuleið um munn,

e) efna sem eru ekki tekin upp eða tekin upp að takmörkuðu leyti í meltingarvegi eða á staðbundnum áburðarstað (t.d. húð eða augu),

f) efna sem afeitrast, eða losna sem úrgangsefni, hratt og að miklu leyti,

g) efna sem sýnt hefur verið fram á að skilja ekki eftir sig greinanlegar leifar í matvælum úr dýrum sem hafa fengið lyfjameðferð.

I.2.3. Í sumum tilvikum fela tilmæli um flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ í sér takmörkun á á því hvernig efnið skal notað (til dæmis er hægt að mælast til takmörkunarinnar „einungis til notkunar á húð“ í þeim tilvikum þegar sem ljóst er að notkun á húð leiði ekki af sér neinar varasamar leifar en ekki er hægt að útiloka möguleikann á skaðlegum leifum þegar önnur íkomuleið er notuð fyrir efnin).

II. TILTÆKILEIKI ANNARRA LYFJA OG AÐRIR LÖGMÆTIR ÞÆTTIR

II.1. **Tiltækileiki annarra lyfja**

Þörfin fyrir efnið, til að komast hjá óþörfum þjáningum markdýra eða til að tryggja öryggi þeirra sem meðhöndla þau, getur verið þáttur sem er viðeigandi að athuga í þeim tilvikum þegar aðrir hagnýtir meðferðarmöguleikar eru ekki til staðar. Þessi atriði geta réttlætt samþykki á takmörkuðum gagnapakka í samræmi við tilmælin í leiðbeiningum Lyfjastofnunar Evrópu „*Guideline on safety and residue data requirements for pharmaceutical veterinary medicinal products intended for minor use or minor species (MUMS)/limited market*“ ([1]). Þessa þætti er einnig hægt að athuga í tengslum við þörfina á að fastsetja hámarksgildi leifa af því magni sem leyfir þróun á vöru með raunhæfum biðtíma til afurðanýtingar, eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ([2]).

II.2. **Tæknilegir þættir sem varða matvæla- og fóðurframleiðslu**

II.2.1. Athuga skal þann möguleika, þar sem við á, að örverufræðilega virkar leifar hafi áhrif á örverur sem eru notaðar í iðnaðarvinnslu matvæla, einkum að því er varðar framleiðslu á mjólkurafurðum.

II.2.2. Upplýsingar um prófanir sem hafa skal í huga til að fjalla um þessi atriði eru tilgreindar í lið III.6. í I. viðauka.

II.2.3. Hámarksgildi leifa sem gefin eru tilmæli um skulu fastsett við það magn sem tryggir að matvælavinnsla verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum (t.d. sýruvakar mjólkurbúa).

II.3. **Möguleikar varðandi eftirlit**

II.3.1. Að því er varðar sum efni sem ekki er raunhæft að fastsetja töluleg hámarksgildi fyrir (t.d. efni sem eru til staðar frá náttúrunnar hendi í dýraafurðum) skal athuga í hverju tilviki fyrir sig möguleika á eftirliti með leifum. Þetta skal ákvarðað á grundvelli athugunar á mögulegri áhættu fyrir neytandann.

II.3.2. Ef það tekur mislangan tíma fyrir leifar að hverfa, að þeim hámarksgildum leifa sem mælst er til, úr einum vef, eða fleirum, en úr öðrum vefjum, og ef allur skrokkurinn er aðgengilegur, er mælst til þess að vefurinn sem er valinn til að vakta leifarnar í skuli vera sá sem leifar eru lengst að hverfa brott úr af því að ef farið er að hámarksgildum leifa miðað við þann vef bendir það til þess að farið sé að hámarksgildum leifa í hinum vefjunum líka. Þetta er einkum líklegt í þeim tilvikum þegar leifar koma fram sem litlar í einum vef, eða fleirum, á öllum tímapunktum og tilmælin um hámarksgildi leifa fyrir þennan vef, eða þessa vefi, því byggð á magngreiningarmörkum greiningaraðferðarinnar.

II.4. **Notkunarskilyrði og notkun efnanna í dýralyf, góðar starfsvenjur við notkun dýralyfja og sæfivara, líkur á rangnotkun eða ólöglegri notkun og aðrir viðkomandi þættir**

II.4.1. Að því er varðar efni sem lagt er til að verði notað fyrir tegundir sem framleiða mjólk eða egg skal athuga þann möguleika að mælast til hámarksgilda leifa fyrir þær vörur. Ef tilmæli um hámarksgildi leifa í mjólk eða eggjum koma ekki til greina af öryggisástæðum þá skal tekið fram að notkun á efninu skuli takmarkast við dýr sem framleiða ekki mjólk eða egg til manneldis.

II.4.2. Ef við á skal athugað að gefa tilmæli um takmörkun á notkun efnisins. Til dæmis ef gögnin um leifarnar sem lögð eru fram eiga aðeins við um notkun efnisins á húð og það veldur áhyggjum hvort magn leifa í matvælum úr dýraríkinu yrði umtalsvert meira ef aðrar íkomuleiðir væru notaðar fyrir efnið, þá skal tekið til athugunar að gefa tilmæli um að notkun efnisins sé takmörkuð við notkun á húð.

II.4.3. Ef fastsetning hámarksgilda leifa kann að auka líkurnar á rangnotkun eða ólöglegri notkun á efninu (til dæmis í tengslum við að nota það sem vaxtarhvata) skal það tekið skýrt fram. Að sama skapi, ef fastsetning hámarksgilda leifa kann að ýta undir góðar starfsvenjur og takmarka rangnotkun eða ólöglega notkun þá má einnig taka það fram.

([1]) Safety and residue data requirements for veterinary medicinal products intended for minor use or minor species (MUMS)/limited market (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001536.jsp&mid=WC0b01ac058002dd38).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

II.4.4. Athuga má aðra þætti í hverju tilviki fyrir sig ef vísbendingar eru um sérstök og viðeigandi áhyggjuefni varðandi notkun lyfjafræðilega virka efnisins. Almenna meginreglan er sú að mat á hámarksgildi leifa nær ekki yfir áhrif af völdum matvælavinnslu (einkum eldun) á leifar. Ef gögn eru aðgengileg, sem benda til þess að búast megi við að matvælavinnsla auki magn varasamra leifa, skal þó athuga möguleg áhrif þess á heilbrigði neytenda.

II.5. **Þörf fyrir ónýttan hluta af ásættanlegu, daglegu inntökunni**

II.5.1. Þar eð ekki er hægt að spá með vissu fyrir um framtíðarnotkun efnis í öðrum tegundum og með það fyrir augum að auka tiltækileika dýralyfja skal hafa í huga, að meginreglu til, að ef ekki er gerð tillaga um hámarksgildi leifa í öllum matvörum, þ.m.t. í stöðluðu matarkörfunni, er fullnægjandi skammtur ásættanlegrar, daglegrar inntöku ekki notaður.

II.5.2. Í umsóknum um hámarksgildi leifa er yfirleitt lögð áhersla á vefi en þó skal hafa í huga mögulega framtíðarnotkun í mjólk, eggjum og hunangi. Almennt skal hluti af ásættanlegu, daglegu inntökunni tekinn frá fyrir framtíðarnotkun og hámarksgildi leifa sem nýta alla ásættanlega, daglega inntöku skulu eingöngu samþykkt í undantekningartilvikum.

II.5.3. Þegar tekið er tillit til þarfarinnar á að nýta ekki hluta af ásættanlegu, daglegu inntökunni skal hafa í huga nokkra efnasértæka þætti, þ.m.t.:

a) upplýsingar varðandi líklega nytsemi efnisins í öðrum tegundum (t.d. vísbendingar í upprunalegu tegundinni, verkunarmáti, þekkt eiturhrif efnisins í öðrum tegundum),

b) eðlisefnafræðileg og lyfjahvarfafræðileg gögn sem kunna að gefa vísbendingar um líklega dreifingu efnisins í mjólk, eggjum eða hunangi,

c) hvort fyrirhuguð notkun efnisins krefst hámarksgilda leifa sem nýta nær alla ásættanlegu, daglegu inntökuna og hvort tiltekin athugunarefni (s.s. áhyggjur af tiltækileika) myndu réttlæta tilmæli um hámarksgildi leifa sem myndu takmarka möguleika á þróun efnisins í framtíðinni,

d) athugun á fyrirliggjandi notkun á efninu á öðru sviði en dýralækningum og útsetningu neytenda sem kann að fylgja þeirri notkun (tilgreind undir lið II.6).

II.6. **Útsetning af völdum annarra upptaka (samanlögð útsetning af völdum efna með tvíþætta notkun)**

II.6.1. Til að tryggja að öll upptök útsetningar neytenda fyrir efninu séu tekin til athugunar skal taka tillit til allrar notkunar efnisins sem þekkt er og meta þá útsetningu neytenda sem fylgir þeirri notkun. Leggja skal til hámarksgildi sem nemur því magni sem tryggir að líklegt heildarmagn inntöku leifanna frá öllum upptökum fari ekki yfir ásættanlegu, daglegu inntökuna.

II.6.2. Ef um er að ræða efni sem eru einnig notuð sem plöntuverndarvörur skal almenn viðmiðunartala fyrir þann skammt ásættanlegu, daglegu inntökunnar sem heimilt er að taka frá fyrir dýralyf vera 45% af ásættanlegu, daglegu inntökunni.

II.6.3. Ef fyrirliggjandi leyfi fyrir varnarefni heimilar það, og nægjanleg gögn liggja fyrir um inntöku vegna notkunar plöntuverndarvara, kann að vera hægt að úthluta stærri hluta til dýralyfja án þess að það fari yfir ásættanlegu, daglegu inntökuna. Til að greina þann part ásættanlegu, daglegu inntökunnar sem er tiltækur skal taka tillit til hámarksgilda leifanna sem eru samþykkt fyrir plöntuverndarvöruna.

II.6.4. Þar sem aðferðin sem notuð er til að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir plöntuverndarvörur í ætum vefjum er frábrugðin þeirri sem notuð er fyrir dýralyf skal gæta varúðar við að leggja saman áætluðu áhættuna á útsetningu samkvæmt þessum mismunandi aðferðum.

II.6.5. Að því er varðar efni með tvíþætt notagildi, notuð sem sæfiefni í búfjárrækt, skal fylgja leiðbeiningum dýralyfja-nefndarinnar um áhættulýsingu og mat á hámarksgildum leifa fyrir sæfiefni ([1]).

II.6.6. Að því er varðar fóðuraukefni skal vera hægt að sjá í skrá Evrópusambandsins yfir fóðuraukefni hvort efnið hefur verið leyft til notkunar í fóður. Hafa skal samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu þegar slík efni eru metin.

([1]) Risk characterisation and assessment of maximum residue limits (MRL) for biocides (http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_001541.jsp&mid=WC0b01ac05804aca04).

II.7. **Lyfjaleifar á inndælingarstað**

II.7.1. Hámarksgildi leifa í vöðva skal haft við magn leifa sem er vaktað í vöðva sem er utan inndælingarstaðar þar eð neytendur neyta reglulega vöðva sem er utan inndælingarstaðar og neyta sjaldan vöðva á inndælingarstað.

II.7.2. Lyfjastofnun Evrópu skal einnig fastsetja viðmiðunargildi fyrir leifar á inndælingarstað (e. *Injection Site Residue Reference Value* (ISRRV)) fyrir þau inndælingarefni með leifabrotthvarf á inndælingarstað sem myndi leiða til lengri (bannaðs) biðtíma til afurðanýtingar en hámarksgildi leifa í vöðvanum. Viðmiðunargildi fyrir leifar á inndælingarstað skulu höfð við magn sem tryggir að leifarnar í staðlaðri matarkörfu með 300 g af vöðvavef af inndælingarstað myndu vera undir ásættanlegri, daglegri inntöku eftir líklegan biðtíma til afurðanýtingar.

II.7.3. Viðmiðunargildið fyrir lyfjaleifar á inndælingarstað skal ekki birt í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010; gildið skal eingöngu aðgengilegt í hinni opinberu evrópsku matsskýrslu fyrir hámarksgildi leifa (e. *European Public MRL Assessment Report* (EPMAR)) og skal notað við útleiðslu biðtíma til afurðanýtingar fyrir dýralyf.

III. ATHUGUNAREFNI VIÐVÍKJANDI HUGSANLEGRI YFIRFÆRSLU HÁMARKSGILDIS LEIFA

III.1. Yfirfærsla hámarksgilda leifa skal athuguð í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/880 ([1]).

III.2. Gögn sem kunna að vera gagnleg í tengslum við álitamál vegna yfirfærslunnar skulu lögð fram sem hluti af málsskjölunum, þar sem þau liggja fyrir.

_____

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/880 frá 23. maí 2017 um að setja reglur um notkun hámarksgildis leifa, sem ákvarðað hefur verið fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli sem unnin eru úr sömu dýrategund og hámarksgildis leifa, sem ákvarðað hefur verið fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (Stjtíð. ESB L 135, 24.5.2017, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1631 **2019/EES/25/24**

frá 30. október 2018

um leyfi til að setja á markað trönuberjaútdrátt í duftformi sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) samþykkt en í henni er skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 20. september 2011 fór fyrirtækið Ocean Spray Cranberries Inc. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við lögbært yfirvaldi í Frakklandi að fá að setja trönuberjaútdrátt í duftformi á markað í Sambandinu sem nýfæði í skilningi c-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]). Í umsókninni var óskað eftir að fá að nota trönuberjaútdrátt í duftformi í drykkjarvörur með aldinbragði, jafnþrýstnar drykkjarvörur, tedrykkjarvörur, vítamínbætt vatn, jógúrt og jógúrtdrykki.

5) Lögbært yfirvald í Frakklandi gaf út skýrslu um frummat 11. desember 2014. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að trönuberjaútdráttur í duftformi uppfylli þær viðmiðanir um ný innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Í sömu skýrslunni lét lögbært yfirvald í Frakklandi einnig í ljós áhyggjur varðandi hugsanlega næringarfræðilega áhættu í tengslum við ofneyslu barna, á aldrinum eins til þriggja ára, á pólýfenólum sem stafar af inntöku pólýfenóla úr nýfæðinu og öðrum gjöfum pólýfenóla í fæðu barna.

6) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 16. janúar 2015. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga tímabilsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðaði ófullnægjandi gögn til að útiloka áhættu fyrir smábörn á aldrinum eins til þriggja ára, ófullnægjandi nákvæmar skilgreiningar á nýfæðinu og skort á upplýsingum um prótíninnihald sem þarf til að útiloka áhættu á ofnæmi.

7) Í ljósi skýrslunnar um frummatið, sem lögbær yfirvöld í Frakklandi gáfu út, og þeirra andmæla sem nokkur aðildarríki báru fram ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 20. apríl 2016 og bað hana að annast viðbótarmat á trönuberjaútdrætti í duftformi sem nýfæði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97.

8) Í samskiptum við Matvælaöryggisstofnunina lýsti umsækjandi því yfir að nýfæðið væri ekki ætlað til markaðssetningar fyrir ungbörn, smábörn og börn undir 19 ára aldri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

9) Hinn 4. apríl 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion on the safety of cranberry extract powder as a novel food ingredient pursuant to Regulation (EC) No 258/97“ þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að trönuberjaútdráttur sé öruggur m.t.t. þeirrar notkunar sem umsækjandinn hefur upplýst um ([1]). Þó svo að Matvælaöryggisstofnunin hafi sett þetta álit saman og samþykkt það samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97 er álitið í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Hinn 7. júní 2017 upplýsti framkvæmdastjórnin umsækjandann um afstöðu sína og tiltekinna aðildarríkja varðandi það að í ljósi áhættu á að ungbörn, smábörn og börn undir 19 ára aldri geti neytt fyrirhuguðu varanna þurfi viðbótaröryggismat fyrir þessa aldursflokka til að fá leyfi. Framkvæmdastjórnin lagði til, að öðrum kosti, að unnt væri að halda áhættu í tengslum við neyslu hjá þeim aldurshópum, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur ekki komist að niðurstöðu um að því er varðar öryggi, nægilega í skefjum ef trönuberjaútdráttur yrði leyfður sem nýtt fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk. ([2])

11) Hinn 22. desember 2017 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um þá ákvörðun sína að sækja á þessu stigi um leyfi til að nota trönuberjaútdrátt í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk, með fyrirvara um aðra umsókn síðar um rýmkun á notkunarskilyrðum sem byggist á frekara öryggismati Matvælaöryggisstofnunar.

12) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.Umsóknin uppfyllir einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

13) Í áliti Matvælaöryggisstofnunar eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að trönuberjaútdráttur í duftformi, þegar hann er notaður í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk, sé í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

14) Hinn 2. maí 2018 fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við þrjár rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. tíu vikna klínísk rannsókn á heilbrigðu fullorðnu fólki ([3]), tólf vikna klínísk rannsókn á fullorðnu fólki sem er í lítilli til miðlungs áhættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma ([4]) og skýrsla um áhrif á kerfistengda ónæmisvirkni, lífmerki fyrir þvag og kerfistengd lífmerki fyrir einkenni heilbrigðis og hægða hjá mönnum á 10 vikna inntökutímabili ([5]). Umsækjandinn óskaði einnig eftir því hjá framkvæmdastjórninni að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, um upplýsingar varðandi neyslu á trönuberjasafadrykkjarblöndu (e. *cranberry juice cocktail product*) hans í Evrópu nytu verndar, sem og upplýsingar um neyslu hjá börnum ([6]). Einnig var lögð beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um vernd gagna, sem njóta einkaleyfisverndar, að því er varðar gögn um samsetningu ([7]) og áætlaða inntöku vegna neyslu á trönuberjadrykkjarvörum ([8]).

15) Hinn 27. júní 2018 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu ([9]) að við vinnslu álits hennar á trönuberjaútdrætti í duftformi sem nýfæði þyrfti hún upplýsingar um samsetningu (tafla IX.b-1, frumrit umsóknar frá júní 2011, bls. 24) og áætlaða inntöku vegna neyslu á trönuberjadrykkjarvörum (skrá: „Ocean Spray‘s response to Member States‘ objections“ dagsett í nóvember 2015) vegna lýsingar á eiginleikum og ákvörðun nákvæmra skilgreininga fyrir nýfæðið, sem og vegna hættugreiningar, og til að leggja mat á hvort hugsanleg inntaka próantósýanídína úr nýfæðinu sé sambærileg við inntöku próantósýanídína vegna neyslu trönuberjasafavara. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi trönuberjaútdráttar í duftformi án fyrrnefndra gagna.

16) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna gagnanna og kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra gagna eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4777.
([2]) Fæðubótarefni falla undir sértækar kröfur um merkingu og markaðssetningu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).
([3]) Nantz o.fl., óbirt handrit.
([4]) Juturu o.fl., óbirt handrit.
([5]) Óbirt skýrsla.
([6]) Upphafleg umsókn frá júní 2011.
([7]) Tafla IX.b-1, upphafleg umsókn frá júní 2011, bls. 24.
([8]) Svar frá Ocean Spray við andmælum aðildarríkjanna frá nóvember 2015.
([9]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi, fundargerð XXX. Allsherjarfundur 28.–29. júní 2018.

17) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í sönnunargögn og gögn samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessa vísindaþekkingu eða þessi vísindagögn með lögmætum hætti. Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar.

18) Til samræmis við það, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ætti ekki að nota gögn um samsetningu og áætlaða inntöku, sem er að finna í skrá umsækjandans og án þeirra hefði ekki Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

19) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir þessu nýfæði, og á tilvísunum í vísindaþekkingu eða vísindagögn sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

20) Í tilskipun 2002/46/EB er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á trönuberjaútdrætti í duftformi með fyrirvara um kröfurnar í þeirri tilskipun.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Trönuberjaútdráttur í duftformi, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færður á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis umsækjandinn:

— Fyrirtæki: Ocean Spray Cranberries Inc.

— Heimilisfang: One Ocean Spray Drive Lakeville-Middleboro, MA, 02349, USA;

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir sama nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Ocean Spray Cranberries Inc.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði tilskipunar 2002/46/EB.

2. gr.

Ekki skal nota gögnin í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Ocean Spray Cranberries Inc. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi síðasta dálki er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Gagnavernd“

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi*			
Trönuberjaút-dráttur í duftformi	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	350 mg/dag	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „trönuberjaútdráttur í duftformi“		Leyft 20. nóvember 2018. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Ocean Spray Cranberries Inc. One Ocean Spray Drive Lakeville-Middleboro, MA, 02349, USA. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Ocean Spray Cranberries Inc. leyfilegt að setja nýfæðið trönuberjaútdrátt í duftformi á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Ocean Spray Cranberries Inc. Lokadagur gagnaverndar: 20. nóvember 2023.”

3) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

„Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Trönuberjaút-dráttur í duftformi	**Lýsing/Skilgreining:** Trönuberjaútdráttur í duftformi er vatnsleysanlegur fenólauðugur útdráttur í duftformi sem er tilreiddur með útdrætti etanóls úr safaþykkni heillegra, þroskaðra trönuberja af ræktunarafbrigðinu *Vaccinum macrocarpon*. **Eiginleikar/samsetning** Raki (% massahlutfall): ≤ 4 Próantósýanídín — (% massahlutfall þurrvigt) — OSC-DMAC-aðferð (1) (3): 55.0–60.0 eða — BL-DMAC-aðferð (2) (3): 15.0–18.0

„Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Heildarfenól (GAE ([4]), % massahlutfall þurrvigt) ([3]) — Folin-Ciocalteau-aðferð: > 46.2 Leysni (vatn): 100% án sýnilegra óleysanlegra agna Etanólinnihald (mg/kg): ≤ 100 Greining með sáldun: 100% gegnum sáld af möskvastærð 30 Útlit og ilmur, sem duft: Laust duft, dökkrauður litur. Viðarangan án brenndra tóna. **Þungmálmar:** Arsen (milljónarhluti): < 3 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Gersveppir: < 100 CFU ([5])/g Myglusveppir: < 100 CFU/g Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 1 000 CFU/g Kólígerlar: < 10 CFU/g *Escherichia coli*: < 10 CFU/g *Salmonella*: Greinist ekki í 375 g

([1]) OSC-DMAC (4-dímetýlamínósinnamaldehýd)-aðferð (Ocean Spray Cranberries Inc.) Martin MA, Ramos S, Mateos R, Marais JPJ, Bravo-Clemente, L, Khoo C and Goya L. Food Res Intl 2015 71: 68-82. Breytt frá Cunningham DG, Vannozzi S, O'Shea E, Turk R (2002) In: Ho C-T, Zheng QY (útg.) Quality Management of Nutraceuticals ACS Symposium series 803, Washington DC. *Quantitation of PACs by DMAC Color Reaction bls.*151-166.

([2]) BL-DMAC (4-dímetýlamínósinnamaldehýð)-aðferð (Brunswick Lab) Multi-laboratory validation of a standard method for quantifying proanthocyanidins in cranberry powders. Prior RL, Fan E, Ji H, Howell A, Nio C, Payne MJ, Reed J. *J Sci Food Agric.* júlí 2010;90(9):1473-8.

([3]) Mismunandi gildi fyrir þessa þrjá mæliþætti stafa af mismunandi aðferðum sem notaðar voru.

([4]) GAE: Galleplasýrujafngildi

([5]) CFU: Þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1632 **2019/EES/25/25**

frá 30. október 2018

um leyfi til að setja á markað basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 22. ágúst 2016 fór fyrirtækið Armor Protéines S.A.S. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við lögbært yfirvald á Írlandi að fá að setja basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum, sem er fengið úr undanrennu úr nautgripum með röð af hreinsunarþrepum, á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi e-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 285/97 ([3]). Í umsókninni er óskað eftir því að nota basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum í ungbarnablöndur og stoðblöndur, í þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, og í fæðubótarefni.

5) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 um nýfæði og ný innihaldsefni í matvælum og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Þó að umsóknin um að setja basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

7) Lögbært yfirvald á Írlandi gaf út skýrslu um frummat 27. júní 2017. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum uppfylli þær viðmiðanir um nýtt innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

8) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 4. júlí 2017. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga tímabilsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðar öryggi basísks mysuprótíneinangurs úr mjólk úr nautgripum fyrir ungbörn og eiturefnafræðilegt mikilvægi niðurstaðna úr 6 vikna rannsókn á eiturhrifum á þroskun hjá ungum rottum ([4]).

9) Í ljósi þeirra andmæla sem önnur aðildarríki báru fram ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 11. desember 2017 og bað hana að annast viðbótarmat á basísku mysuprótíni úr mjólk úr nautgripum sem nýju innihaldsefni í matvælum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Spézia (2012).

10) Í síðari umsókn, sem var lögð fram 3. janúar 2018, fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. tvær rannsóknir á mönnum með basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum ([1]) ([2]), prófun í glasi á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([3]), smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum ([4]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum ([5]), 6 vikna rannsókn á eiturhrifum á þroskun hjá ungum rottum og rafdráttargreining á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum ([6]).

11) Hinn 27. júní 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion on the safety of bovine milk basic whey protein isolate as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([7]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Í þessu áliti eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn sé basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum, þegar það er notað sem innihaldsefni í ungbarnablöndur og stoðblöndur, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í fæðubótarefni, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Í áliti sínu um basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin úr 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum væru grundvöllurinn til að fastsetja viðmiðunarpunkt og til að meta hvort váhrifamörkin í tengslum við tillagða hámarksinntöku á nýfæðinu hjá mönnum séu fullnægjandi. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi basísks mysuprótíneinangurs úr mjólk úr nautgripum án gagnanna í skýrslunni um þá rannsókn.

14) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna skýrslu um 90 daga rannsóknina á eiturhrifum um munn hjá rottum og kröfu hans um einkarétt á að vísa til þessarar rannsóknar eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

15) Umsækjandinn lýsti því einnig yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknina samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessa rannsókn með lögmætum hætti. Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og telur að umsækjandinn hafi fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, séu uppfylltar.

16) Til samræmis við það, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota 90 daga rannsóknina á eiturhrifum um munn hjá rottum, sem er að finna í skrá umsækjandans og án þeirra hefði ekki Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

17) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir þessu nýfæði, og á tilvísunum í 90 daga rannsóknina á eiturhrifum um munn hjá rottum, sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

18) Þar eð uppspretta nýfæðisins er úr mjólk, sem er skráð í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([8]) sem eitt af mörgum efnum eða vörum sem valda ofnæmi eða óþoli, ætti að merkja matvæli og fæðubótarefni, sem innihalda basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum, á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 21. gr. þeirrar reglugerðar.

([1]) Armor Protéines (2013).
([2]) Schmitt & Mireaux (2008).
([3]) Sire, G. (2012a).
([4]) Sire, G. (2012b).
([5]) Silvano (2012).
([6]) Armor Protéines (2017).
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5360.
([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

19) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([1]) er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum með fyrirvara um þá tilskipun.

20) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([2]) er mælt fyrir um kröfur varðandi matvæli sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis. Því ætti að leyfa notkun á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum með fyrirvara um þá reglugerð.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

— Fyrirtæki: Armor Protéines S.A.S.

— Heimilisfang: Armor Protéines S.A.S., 19 bis, rue de la Libération 35460 Saint-Brice-en-Coglès, France;

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Armor Protéines S.A.S.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, ákvæði tilskipunar 2002/46/EB og ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 609/2013.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknina í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Armor Protéines S.A.S. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi síðasta dálki er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Gagnavernd“

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „mysuprótíneinangur úr mjólk“. Á fæðubótarefnum sem innihalda basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum skal vera eftirfarandi yfirlýsing: „Börn/unglingar yngri en þriggja/átján (*) ára skulu ekki neyta þessa fæðubótarefnis“ (*) Með hliðsjón af aldursflokknum sem fæðubótarefnið er ætlað fyrir.		Leyft 20. nóvember 2018. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Armor Protéines S.A.S., 19 bis, rue de la Libération 35460 Saint-Brice-en-Coglès, France. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Armor Protéines S.A.S. leyfilegt að setja nýfæðið basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Armor Protéines S.A.S. Lokadagur gagnaverndar: 20. nóvember 2023.“
	Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013.	30 mg/100g (duft) 3,9 mg/100 ml (endurgerðar með því að bæta vatni í þær)			
	Stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013.	30 mg/100g (duft) 4,2 mg/100 ml (endurgerðar með því að bæta vatni í þær)			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	300 mg/dag			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	58 mg/dag fyrir smábörn 380 mg/dag fyrir 3 til 18 ára gömul börn og unglinga, 610 mg/dag fyrir fullorðna			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	58 mg/dag fyrir smábörn 250 mg/dag fyrir 3 til 18 ára gömul börn og unglinga, 610 mg/dag fyrir fullorðna			

3) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum	**Lýsing** Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum er gulgrátt duft sem er fengið úr undanrennu úr nautgripum með röð af einangrunar- og hreinsunarþrepum. **Eiginleikar/samsetning** Heildarprótín (þyngd/vöruþyngd): ≥ 90% Laktóferrín (þyngd/vöruþyngd): 25–75% Laktóperoxídasi (þyngd/vöruþyngd): 10–40% Önnur prótín (þyngd/vöruþyngd): ≤ 30% TGF-β2: 12–18 mg/100 g Raki: ≤ 6,0% pH-gildi (5% lausn, massi miðað við rúmmál): 5,5–7,6 Laktósi: ≤ 3,0% Fita: ≤ 4,5% Aska: ≤ 3,5% Járn: ≤ 25 mg/100 g **Þungmálmar** Blý: < 0,1 mg/kg Kadmíum: < 0,2 mg/kg Kvikasilfur: < 0,6 mg/kg Arsen: < 0,1 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Fjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 10 000 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g Kólígerlar: Ekkert/g Kóagúlasajákvæðir klasakokkar: Ekkert/g *Salmonella:* Ekkert/25 g *Listeria*: Ekkert/25 g *Cronobacter* spp.: Ekkert/25 g Myglusveppir: ≤ 50 CFU/g Gersveppir: ≤ 50 CFU/g CFU: Þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1633 **2019/EES/25/26**

frá 30. október 2018

um leyfi til að setja á markað hreinsað rækjupeptíðþykkni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 22. desember 2016 óskaði fyrirtækið Marealis AS (hér á eftir nefnt umsækjandinn) eftir því hjá lögbæru yfirvaldi í Finnlandi að fá að setja hreinsað rækjupeptíðþykkni, sem er framleitt úr ensímvatnsrofi á skeljum og hausum af úthafsrækju (*Pandalus borealis*), á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi e-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 285/97 ([3]). Í umsókninni er óskað eftir því að nota hreinsað rækjupeptíðþykkni í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk.

5) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 um nýfæði og ný innihaldsefni í matvælum og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Þó að umsóknin um að setja hreinsað rækjupeptíðþykkni á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

7) Lögbært yfirvald í Finnlandi gaf út skýrslu um frummat 8. mars 2017. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að hreinsað rækjupeptíðþykkni uppfylli þær viðmiðanir um nýtt innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

8) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 13. mars 2017. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga tímabilsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðar öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis fyrir neytendur með lágan, venjulegan og háan blóðþrýsting vegna meintra blóðþrýstingslækkandi áhrifa þess, hugsanlegra aukaverkana í tengslum við staðhæfða hömlun þess á breytiensím angíótensíns (ACE) og hugsanleg áhrif á hjartað og hugsanlegar víxlverkanir þess við lyf sem eru notuð við meðferð blóðþrýstingssjúkdóma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

9) Í ljósi þeirra andmæla sem önnur aðildarríki báru fram ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 21. september 2017 og bað hana að annast viðbótarmat á hreinsuðu rækjupeptíðþykkni sem nýju innihaldsefni í matvælum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97.

10) Hinn 2. febrúar 2018 fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. ný rannsókn um nýmyndun peptíðs ([1]), greiningarskýrsla um rannsókn á hamlandi áhrifum á breytiensím angíótenín ([2]), rannsókn á bráðum eiturhrifum við inngjöf um munn ([3]), prófun í glasi á bakstökkbreytingum með bakteríum ([4]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn ([5]), matsrannsókn á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting ([6]), og tvíblind, lyfleysustýrð samhliða rannsókn á mati á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis í fæðubótarefnum fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting ([7]). Umsækjandinn ítrekaði beiðnina í síðari umsókn sem var lögð fram 29. mars 2018.

11) Hinn 18. apríl 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion on the safety of shrimp peptide concentrate as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([8]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Í þessu áliti eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn sé hreinsað rækjupeptíðþykkni, þegar það er notað sem innihaldsefni í fæðubótarefni, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin úr 90 daga rannsókninni á eiturhrifum um munn væru grundvöllurinn fyrir mati á eiturhrifalýsingu fyrir hreinsað rækjupeptíðþykkni og til að fastsetja tengd mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif. Gögnin úr matsrannsókninni á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting og gögnin úr tvíblindu, lyfleysustýrðu samhliða rannsókninni á matinu á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi fæðubótarefnis með hreinsuðu rækjupeptíðþykkni fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting voru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins fyrir þennan neytendahóp. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis án gagnanna í óbirtu skýrslunum um þessar rannsóknir.

14) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna rannsóknaskýrslnanna og kröfu hans um einkarétt á að vísa til þeirra rannsókna eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn lýsti því einnig yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti. Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og telur að umsækjandinn hafi fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, séu uppfylltar.

15) Til samræmis við það, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota 90 daga rannsóknina á eiturhrifum um munn, matsrannsóknina á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting og tvíblindu, lyfleysustýrðu samhliða rannsóknina á matinu á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi fæðubótarefnis með hreinsuðu rækjupeptíðþykkni fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting, sem er að finna í skrá umsækjandans og án þeirra hefði ekki Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

16) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir þessu nýfæði, og á tilvísun í 90 daga rannsóknina á eiturhrifum um munn, í matsrannsóknina á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi hreinsaðs rækjupeptíðþykknis fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting og í tvíblindu, lyfleysustýrðu samhliða rannsóknina á matinu á blóðþrýstingslækkandi áhrifum og öryggi fæðubótarefnis með hreinsuðu rækjupeptíðþykkni fyrir heilbrigt fólk með vægan eða miðlungs háþrýsting sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir

([1]) Marealis A.S., 2016.
([2]) Marealis A.S., 2009–2016.
([3]) Marealis A.S., 2010.
([4]) Marealis A.S., 2011.
([5]) Marealis A.S., 2011.
([6]) Sarkkinen, E. et al., 2013.
([7]) Pelipyagina, T., 2016.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5267.

umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

17) Þar eð uppspretta nýfæðisins er krabbadýr og getur innihaldið leifar af fiski, öðrum krabbadýrum og samlokum, sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([1]) sem efni eða vörur sem valda ofnæmi eða óþoli, ætti að merkja fæðubótarefni, sem innihalda hreinsað rækjupeptíðþykkni, á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 21. gr. þeirrar reglugerðar.

18) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([2]) er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á hreinsuðu rækjupeptíðþykkni með fyrirvara um þá tilskipun.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Hreinsað rækjupeptíðþykkni, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

— Fyrirtæki: Marealis AS,

— Heimilisfang: Stortorget 1, Kystens Hus, 2nd floor, N-9008 Tromsø Póstfang: P.O. Box 1065, 9261 Tromsø, Norway,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Marealis AS.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði tilskipunar 2002/46/EB og ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Marealis AS samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi síðasta dálki er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Gagnavernd“

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Hreinsað rækjupeptíð-þykkni	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „hreinsað rækjupeptíð-þykkni“		Leyft 20. nóvember 2018. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Marealis AS., Stortorget 1, Kystens Hus, 2nd floor, N-9008 Tromsø Póstfang: P.O. Box 1065, 9261 Tromsø, Norway. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Marealis AS leyfilegt að setja nýfæðið hreinsað rækjupeptíðþykkni á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Marealis AS. Lokadagur gagnaverndar: 20. nóvember 2023.“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	1 200 mg/dag			

3) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Hreinsað rækjupeptíð-þykkni	**Lýsing** Hreinsað rækjupeptíðþykkni er peptíðblanda sem fæst úr skeljum og hausum af úthafsrækju (*Pandus borealis*) með röð af hreinsunarþrepum eftir prótínrof með ensími með notkun prótínkljúfs úr *Bacillus licheniformis* og/eða *Bacillus amyloliquefaciens*.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Eiginleikar/samsetning Heildarmagn þurrefnis (%): ≥ 95,0% Peptíð (þyngd/þyngd þurrefnis): ≥ 87,0% þar af peptíð með sameindamassa < 2 kDa: ≥ 99,9% Fita (massahlutfall): ≤ 1,0% Kolvetni (massahlutfall): ≤ 1,0% Aska (massahlutfall): ≤ 15,0% Kalsíum: ≤ 2,0% Kalíum: ≤ 0,15% Natríum: ≤ 3,5% **Þungmálmar** Arsen (ólífrænt): ≤ 0,22 mg/kg Arsen (lífrænt): ≤ 51,0 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,09 mg/kg Blý: ≤ 0,18 mg/kg Heildarkvikasilfur: ≤ 0,03 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi lífvænlegra fruma: ≤ 20 000 CFU/g Salmonella: EG/25g *Listeria monocytogenes*: EG/25g Kólígerlar: ≤ 20 CFU/g Kóagúlasa-jákvæður *Staphylococcus aureus:* ≤ 200 CFU/g *Pseudomonas aeruginosa*: EG/25g Myglusveppir/gersveppir: ≤ 20 CFU/g CFU: Þyrpingamyndandi einingar EG: Ekki greinanlegt“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1647 **2019/EES/25/27**

frá 31. október 2018

um leyfi til að setja á markað vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 5. ágúst 2016 fór fyrirtækið Biova, LLC (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við lögbært yfirvald í Danmörku að fá að setja vatnsrofsefni úr egghimnu á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi e-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]). Í umsókninni er óskað eftir því að nota vatnsrofsefni úr egghimnu í fæðubótarefni fyrir fullorðið fólk.

5) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Þó að umsóknin um að setja vatnsrofsefni úr egghimnu á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

7) Lögbært yfirvald í Danmörku gaf út skýrslu um frummat 7. júní 2017. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að vatnsrofsefni úr egghimnu uppfylli þær viðmiðanir um nýtt innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

8) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 12. júní 2017. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga tímabilsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðar framleiðsluferli, samsetningu, eiturefnafræðileg gögn og hugsanlega víxlverkun milli nýfæðisins og lyfja sem fólk tekur vegna liðaverkja.

9) Í síðari umsókn, sem lögð var fram 5. janúar 2018, fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. ítarleg lýsing á framleiðsluferlinu, skýrsla sérfræðinganefndar um GRAS-stöðu BiovaFlex (e. *Generally Recognized as Safe* (GRAS), almennt viðurkennt sem öruggt) ([4]), greining á uppleystri himnu úr

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Biova, LLC, febrúar 2015 (óbirt).

eggjaskurn með notkun hömlunarprófunar með geislaofnæmisaðsogi (e. *radioallergosorbent test inhibition*) ([1]), megindlegar prófunarniðurstöður um eggjaofnæmisvalda ([2]), smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, þ.e. TK6-frumum ([3]), rannsókn á bráðum eiturhrifum við inngjöf um munn ([4]), prófun á bakstökkbreytingum með bakteríum ([5]), klínísk forkönnun á öryggi og skilvirkni efnisins hjá mönnum ([5]), næmingarrannsókn á naggrísum (Buehler) ([6]) og skýrsla um blóðfræðileg og lífefnafræðileg gögn og rannsóknir ([7]).

10) Framkvæmdastjórnin ráðfærði sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 20. apríl 2018 og bað hana að annast viðbótarmat á vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283.

11) Hinn 27. júní 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion on the safety of egg membrane hydrolysate as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([8]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Í þessu áliti eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn sé vatnsrofsefni úr egghimnu, þegar það er notað sem innihaldsefni í fæðubótarefni, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

13) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu um vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði að framleiðsluferlið væri grundvöllurinn fyrir matinu á öryggi vatnsrofsefnis úr egghimnu. Matvælaöryggisstofnunin taldi þar af leiðandi að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi vatnsrofsefnis úr egghimnu án gagnanna í óbirtu skýrslunni um þetta ferli.

14) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna rannsóknanna og kröfu hans um einkarétt á að vísa til þeirra rannsókna eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

15) Umsækjandinn lýsti því einnig yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti. Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og telur að umsækjandinn hafi fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, séu uppfylltar.

16) Til samræmis við það, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota ítarlegu lýsinguna á framleiðsluferlinu, sem er að finna í skrá umsækjandans og án hennar hefði ekki Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

17) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir þessu nýfæði, og á tilvísunum í ítarlegu lýsinguna á framleiðsluferlinu sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

18) Þar eð uppspretta nýfæðisins er úr eggjum, sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([9]) sem eitt af mörgum efnum eða vörum sem valda ofnæmi eða óþoli, ætti að merkja fæðubótarefni, sem innihalda vatnsrofsefni úr egghimnu, á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 21. gr. þeirrar reglugerðar.

([1]) Food Allergy Research and Resource Program, University of Nebraska, Lincoln, apríl 2014 (óbirt).
([2]) Food Allergy Research and Resource Program, University of Nebraska, Lincoln, febrúar 2008b (óbirt).
([3]) BioReliance Corporation, Rockville (MD) for NIS Labs, Klamath Falls (OR), janúar 2016 (óbirt).
([4]) ST&T Consultants, San Francisco (CA) for Biova LLC, Johnston (IA), janúar 2009a (óbirt).
([5]) ST&T Consultants, San Francisco (CA) for Biova LLC, júlí 2009c (óbirt).
([6]) ST&T Consultants, San Francisco (CA) for Biova LLC, Johnston (IA), febrúar 2009a (óbirt).
([7]) ST&T Consultants, San Francisco (CA), júlí 2009c (óbirt).
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5363.
([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

19) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([1]) er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á vatnsrofsefni egghimnu með fyrirvara um þá tilskipun.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Vatnsrofsefni úr egghimnu, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: Biova, LLC

Heimilisfang: 5800 Merle Hay Rd, Suite 14 PO Box 394 Johnston 50131, Iowa USA,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Biova, LLC.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði tilskipunar 2002/46/EB.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknina í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Biova, LLC samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi síðasta dálki er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

„Gagnavernd“

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Vatnsrofsefni úr egghimnu	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „vatnsrofsefni úr egghimnu“.		Leyft 25. nóvember 2018. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Biova, LLC., 5800 Merle Hay Rd, Suite 14 PO Box 394 Johnston 50131, Iowa USA. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Biova, LLC leyfilegt að setja nýfæðið vatnsrofsefni úr egghimnu á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Biova, LLC. Lokadagur gagnaverndar: 25. nóvember 2023“.
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	450 mg/dag			

3) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Vatnsrofsefni úr egghimnu	**Lýsing** Vatnsrofsefni úr egghimnu er fengið úr himnum úr eggjaskurn hænueggja. Eggjaskurnirnar fara í gegnum vökvaaflfræðilega skiljun til að fá egghimnurnar sem eru síðan unnar frekar með uppleysingaraðferð sem fellur undir einkaleyfi. Eftir uppleysingarferlið er lausnin síuð, þykkt, úðaþurrkuð og pökkuð.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining	
	Eiginleikar/samsetning	
	Efnafræðilegar breytur	**Aðferðir**
	Heildarefnasambönd sem innihalda köfnunarefni (% massahlutfall): ≥ 88	Bruni samkvæmt AOAC 990,03 og AOAC 992,15
	Kollagen (% massahlutfall): ≥ 15	Sircol™ greining á leysanlegu kollageni
	Elastín (% massahlutfall): ≥ 20	Fastin™ greining á elastíni
	Heildarglýkósamínóglýkön (% massahlutfall): ≥ 5	USP26 (kondróítínsúlfat-0032-aðferð)
	Kalsíum: ≤ 1%	
	Eðlisrænar breytur	
	pH-gildi: 6,5–7,6	
	Aska (% massahlutfall): ≤ 8	
	Raki (% massahlutfall): ≤ 9	
	Vatnsvirkni: ≤ 0,3	
	Leysni (í vatni): leysanlegt efni	
	Rúmþyngd: ≥ 0,6 g/cc	
	Þungmálmar	
	Arsen ≤ 0,5 mg/kg	
	Örverufræðilegar viðmiðanir	
	Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 2 500 CFU/g	
	Escherichia coli: ≤ 5 MPN/g	
	Salmonella: Neikvætt (í 25 g)	
	Kólígerlar: ≤ 10 MPN/g	
	Staphylococcus aureus: ≤ 10 CFU/g	
	Fjöldi miðsækinna gróa: ≤ 25 CFU/g	
	Fjöldi hitasækinna gróa ≤ 10 CFU/10 g	
	Gersveppir: ≤ 10 CFU/g	
	Myglusveppir: ≤ 200 CFU/g	
	CFU: Þyrpingamyndandi eining, MPN = líklegasti fjöldi, USP: Bandaríska lyfjaskráin.“	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1648 **2019/EES/25/28**

frá 29. október 2018

um leyfi til að setja á markað xýló-fásykrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 4. maí 2016 fór fyrirtækið Longlive Europe Food Division Ltd (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við lögbært yfirvald í Ungverjalandi að fá að setja xýló-fásykrur á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi e-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]). Í umsókninni er farið fram á að fá að nota xýló-fásykrur í nokkra matvælaflokka, þ.e. brauðvörur og mjólkurafurðir, smurálegg úr aldinum, súkkulaðisælgæti og sojadrykki fyrir almenning.

5) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Þó að umsóknin um að setja xýló-fásykrur á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12. 2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

7) Lögbært yfirvald í Ungverjalandi gaf út skýrslu um frummat 18. júlí 2016. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að xýló-fásykrur uppfylli þær viðmiðanir um nýtt innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

8) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 12. júní 2017. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga tímabilsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðar nákvæma skilgreiningu, stöðugleika, daglega inntöku sem búist er við og eiturefnafræðilegar rannsóknir.

9) Í ljósi þeirra andmæla sem önnur aðildarríki báru fram ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 6. september 2017 og bað hana að annast viðbótarmat á xýló-fásykrum sem nýju innihaldsefni í matvælum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97.

10) Hinn 27. júní 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion on the safety of xylo-oligosaccharides as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([1]). Álitið er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Í þessu áliti eru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn séu xýló-fásykrur, þegar þær eru notaðar sem innihaldsefni í brauðvörur og mjólkurafurðir, smurálegg úr aldinum, súkkulaðisælgæti og sojadrykki, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([2]) er mælt fyrir um kröfur varðandi mjólk og mjólkurvörur sem gilda um xýló-fásykrur þegar þær eru notaðar sem innihaldsefni í mjólkurvörur. Samkvæmt 2. lið í III. hluta VII. viðauka við þá reglugerð er ekki hægt að nota xýló-fásykrur í mjólkurvörur til að koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur. Því ætti að takmarka notkun á xýló-fásykrum sem nýfæði í mjólkurvörur til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Xýló-fásykrur, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færðar á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16 (7): 5361

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Xýló-fásykrur	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi* (**)	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Xýló-fásykrur““	
	Hvítt brauð	14 g/kg		
	Heilhveitibrauð	14 g/kg		
	Morgunkorn	14 g/kg		
	Kex	14 g/kg		
	Sojadrykkir	3,5 g/kg		
	Jógúrt (*)	3,5 g/kg		
	Smurálegg úr aldinum	30 g/kg		
	Súkkulaðisælgæti	30 g/kg		
	(*) Þegar xýló-fásykrur eru notaðar í mjólkurvörur mega þær ekki koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur. (**) Hámarksgildi reiknuð á grundvelli nákvæmrar skilgreiningar á duftformi 1.			

2) Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining			
„Xýló-fásykrur	**Lýsing:** Nýfæðið er blanda xýlo-fásykra (XOS) sem fást úr maískólfum (*Zea mays* undirteg. *mays*) með vatnsrofi með xýlanasa úr *Trichoderma reesei* og síðan hreinsunarferli. **Eiginleikar/samsetning**			
	Mæliþáttur	Duftform 1	Duftform 2	Sírópsform
	Raki (%)	≤ 5,0	≤ 5,0	70–75
	Prótín (g/100 g)	< 0,2		

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining			
	Aska (%)	≤ 0,3		
	pH-gildi	3,5–5,0		
	Heildarinnihald kolvetnis (g/100 g)	≥ 97	≥ 95	≥ 70
	XOS-innihald (þurrt ástand) (g/100 g)	≥ 95	≥ 70	≥ 70
	Önnur kolvetni (g/100 g) ([a])	2,5–7,5	2–16	1,5–31,5
	Heildareinsykrur (g/100 g)	0–4,5	0–13	0–29
	Glúkósi (g/100 g)	0–2	0–5	0–4
	Arabínósi (g/100 g)	0–1,5	0–3	0–10
	Xýlósi (g/100 g)	0–1,0	0–5	0–15
	Heildartvísykrur (g/100 g)	27,5–48	25–43	26,5–42,5
	Xýlóbíósi (XOS DP2) (g/100 g)	25–45	23–40	25–40
	Sellóbíósi (g/100 g)	2,5–3	2–3	1,5–2,5
	Heildarfásykrur (g/100 g)	41–77	36–72	32–71
	Xýlótríósi (XOS DP3) (g/100 g)	27–35	18–30	18–30
	Xýlótetraósi (XOS DP4) (g/100 g)	10–20	10–20	8–20
	Xýlópentaósi (XOS DP5) (g/100 g)	3–10	5–10	3–10
	Xýlóhexaósi (XOS DP6) (g/100 g)	1–5	1–5	1–5
	Xýlóheptaósi (XOS DP7) (g/100 g)	0–7	2–7	2–6
	Maltódextrín (g/100 g) ([b])	0	20–25	0
	Kopar (mg/kg)	< 5,0		
	Blý (mg/kg)	< 0,5		
	Arsen (mg/kg)	< 0,3		

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining	
	Salmonella (CFU ([c])/25 g)	Neikvæð
	E. coli (MPN ([d])/100 g)	Neikvæð
	Gersveppir (CFU/g)	< 10
	Myglusveppur (CFU/g)	< 10
	DP: Stig fjölliðunar ([a]) Meðal annarra kolvetna eru einsykrur (glúkósi, xýlósi og arabínósi) og sellóbíósi. ([b]) Innihald maltódextríns er reiknað samkvæmt því magni sem bætt er við í ferlinu. ([c]) CFU: Þyrpingamyndandi einingar. ([d]) MPN: Líklegasti fjöldi.“	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1513 **2019/EES/25/29**

frá 10. október 2018

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) að því er varðar tiltekin efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir flokkun á efnum í hættuflokka, þ.m.t. hættuflokkana krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur og eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B. Vísað er sameiginlega til efna sem flokkuð eru í einn af þessum þremur hættuflokkum sem „CMR-efna“ í þessari reglugerð.

2) Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta. Framkvæmdastjórnin hefur samið viðmiðanir um auðkenningu á hlutum sem innihalda CMR-efni, sem neytendur gætu notað, og í tengslum við þau væri rétt að bæta nýrri takmörkun við XVII. viðauka með einfölduðu málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 68. gr. þeirrar reglugerðar. Samkvæmt viðmiðununum sem framkvæmdastjórnin samdi teljast fatnaður, önnur textílefni og skófatnaður vera forgangsmál ([3]).

3) Tiltekin CMR-efni eru til staðar í fatnaði og tengdum fylgihlutum, öðrum textílefnum og skófatnaði, annaðhvort sem óhreinindi frá framleiðsluferlinu eða vegna þess að þeim hefur verið bætt við af ásetningi til að gefa þeim ákveðna eiginleika.

4) Upplýsingar frá opinberum yfirvöldum og skýrslur hagsmunaaðila benda til þess að neytendur geti orðið fyrir váhrifum af völdum CMR-efna sem eru til staðar í fatnaði og tengdum fylgihlutum, öðrum textílefnum eða skófatnaði með snertingu við húð eða við innöndun. Þessar vörur eru víða tiltækar til notkunar fyrir neytendur, þ.m.t. á eigin vegum eða þegar vara er notuð í tengslum við þjónustu sem veitt er almenningi (til dæmis sængurlín á sjúkrahúsum eða bólstrun á almenningsbókasöfnum). Því ætti, í því skyni að lágmarka þau váhrif sem neytendur verða fyrir, að banna að setja CMR-efni í fötum og tengdum fylgihlutum (þ.m.t. m.a. íþróttafatnaður og töskur) eða skófatnaði fyrir neytendur á markað þar sem CMR-efni eru til staðar í styrkleika yfir tilteknu magni. Af sömu ástæðu ætti þessi takmörkun einnig að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 256, 12.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) http://ec.europa.eu/DocsRoom/documents/10045/attachments/1/translations

ná til aðstæðna þar sem CMR-efni eru til staðar í þeim styrkleika í öðrum textílefnum sem komast í snertingu við húð manna í svipuðu umfangi og fatnaður (til dæmis sængurlín, teppi, bólstrun eða endurnotanlegar bleyjur).

5) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við hagsmunaaðila um efni og hluti sem ættu að falla undir gildissvið nýju takmörkunarinnar skv. 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ([1]) og rætt tiltekna þætti takmörkunarinnar (þ.m.t. styrkleikamörk og tiltækileika prófunaraðferða) við þá á tæknilegum vinnufundi ([2]).

6) Efnin sem sæta skulu takmörkunum hafa hvert um sig mismunandi eiginleika og eru notuð í mismunandi ferlum í iðnaði með fatnað og tengda fylgihluti, textílefni og skófatnað. Því ætti að tilgreina hámarksstyrkleikamörk, annaðhvort fyrir einstök efni eða fyrir hóp efna, með tilliti til þess að það sé framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti að ná þeim mörkum og tiltækileika greiningaraðferða. Formaldehýð er notað í jakka og frakka, og í bólstrun, til að ná fram byggingareiginleikum og eldtefjandi eiginleikum eftir því sem við á. Vegna skorts á upplýsingum um hæfilega staðgöngukosti ætti vægari styrkur að gilda, í takmarkaðan tíma, um formaldehýð í jökkum, frökkum eða bólstrun í því skyni að gera rekstraraðilum kleift að aðlagast takmörkununum.

7) Fatnaður, tengdir fylgihlutir og skófatnaður, eða hlutar af fatnaði tengdum fylgihlutum og skófatnaði, sem eru gerðir að fullu úr náttúrulegu leðri, loðfeldi eða loðskinni, ættu ekki að falla undir nýju takmörkunina sem er samþykkt með þessari reglugerð af því að önnur efni og vinnsluferli eru notuð við framleiðslu á þeim. Af sömu ástæðu ættu festingar og áfastar skreytingar sem ekki eru úr textílefnum ekki að falla undir þessa nýju takmörkun.

8) Gólfteppi á heil gólf og textílgólfefni sem ætluð eru til notkunar innanhúss, mottur og dreglar ættu fyrst um sinn að vera undanþegin nýju takmörkuninni vegna möguleika á skörun milli reglugerða og vegna þess að önnur efni gætu skipt máli vegna þeirra. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða undanþáguna ásamt því hvort sérstök takmörkun sé viðeigandi.

9) Persónuhlífar sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 ([3]) og lækningatæki sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([4]) ættu að vera undanþegin nýju takmörkuninni vegna þarfar fyrir slíkan búnað og tæki til að uppfylla sértækar kröfur með tilliti til öryggis og virkni.

10) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í ferlinu þegar takmörkunin var samin og tekið var tillit til ráðlegginga þess.

11) Rekstraraðilar ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að takmörkuninni sem samþykkt var með þessari reglugerð. Því ætti nýja takmörkunin aðeins að koma til framkvæmda frá og með tiltekinni dagsetningu sem kemur á eftir dagsetningunni þegar þessi reglugerð öðlast gildi.

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) http://ec.europa.eu/growth/tools-databases/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=8299

([2]) http://ec.europa.eu/growth/tools-databases/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=9088

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við:

„72 Efnin sem skráð eru í dálki 1 í töflunni í 12. viðbæti	1. Skulu ekki sett á markað eftir 1. nóvember 2020 í neinu af eftirtöldu: a) fatnaði eða tengdum fylgihlutum, b) textílefnum öðrum en fatnaði sem, við venjuleg notkunarskilyrði eða notkunarskilyrði sem eru réttilega fyrirsjáanleg, komast í snertingu við húð manna í svipuðu umfangi og fatnaður, c) skófatnaði, ef fatnaðurinn, tengdir fylgihlutir, textílefni önnur en fatnaður eða skófatnaður er ætlaður til notkunar af neytendum og efnið er til staðar í styrkleika, mældum í ósamsettu efni, sem er jafn eða meiri en tilgreindur er fyrir það efni í 12. viðbæti. 2. Þrátt fyrir það skal viðkomandi styrkleiki að því er varðar 1. lið vera 300 mg/kg á tímabilinu frá 1. nóvember 2020 til 1. nóvember 2023 í tengslum við að setja formaldehýð [CAS-nr. 50-00-0] í jökkum, frökkum eða bólstrun á markað. Styrkleikinn sem tilgreindur er í 12. viðbæti skal gilda eftir það. 3. Ákvæði 1. liðar gilda ekki um: a) fatnað, tengda fylgihluti eða skófatnað, eða hluta fatnaðar, tengdra fylgihluta eða skófatnaðar, sem gerðir eru eingöngu úr náttúrulegu leðri, loðfeldi eða loðskinnum, b) festingar og áfastar skreytingar sem ekki eru úr textílefnum, c) notaðan fatnað, tengda fylgihluti, textílefni önnur en fatnað eða skófatnað, d) gólfteppi á heil gólf og textílgólfefni sem ætluð eru til notkunar innanhúss, mottur og dregla. 4. Ákvæði 1. liðar skulu ekki gilda um fatnað, tengda fylgihluti, textílefni önnur en fatnað eða skófatnað sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 (*) eða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 (**). 5. Ákvæði b-liðar 1. liðar skulu ekki gilda um einnota textílefni. „einnota textílefni“: textílefni sem ætlað er til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og sem er ekki ætlað til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi. 6. Ákvæði 1. og 2. liðar skulu gilda með fyrirvara um beitingu strangari takmarkana sem settar eru fram í þessum viðauka eða annarri gildandi löggjöf Sambandsins. 7. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða undanþáguna í d-lið 3. liðar. og, ef við á, breyta þeim lið til samræmis við það. _____ (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51). (**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).“

2) Eftirfarandi 12. viðbætir bætist við:

„12. viðbætir

Færsla 72 — efni sem sæta takmörkunum og hámarksstyrkleikamörk eftir þyngd í ósamsettum efnum:

Efni	Skrárnúmer	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk eftir þyngd
Kadmíum og efnasambönd þess (skráð í færslum 28, 29, 30, 1. til 6. viðbæti, XVII. viðauka)	—	—	—	1 mg/kg eftir útdrátt (gefið upp sem kadmíummálmur sem hægt er að draga út úr efninu)
Króm(VI)sambönd (skráð í færslum 28, 29, 30, 1. til 6. viðbæti, XVII. viðauka)	—	—	—	1 mg/kg eftir útdrátt (gefið upp sem króm(VI) sem hægt er að draga út úr efninu)
Arsensambönd (skráð í færslum 28, 29, 30, 1. til 6. viðbæti, XVII. viðauka)	—	—	—	1 mg/kg eftir útdrátt (gefið upp sem arsenmálmur sem hægt er að draga út úr efninu)
Blý og efnasambönd þess (skráð í færslum 28, 29, 30, 1. til 6. viðbæti, XVII. viðauka)	—	—	—	1 mg/kg eftir útdrátt (gefið upp sem blýmálmur sem hægt er að draga út úr efninu)
Bensen	601-020-00-8	71-43-2	200-753-7	5 mg/kg
Bens[*a*]antrasen	601-033-00-9	56-55-3	200-280-6	1 mg/kg
Bens[*e*]asefenantrýlen	601-034-00-4	205-99-2	205-911-9	1 mg/kg
Bensó[a]pýren, bensó[*def*]krýsen	601-032-00-3	50-32-8	200-028-5	1 mg/kg
Bensó[*e*]pýren	601-049-00-6	192-97-2	205-892-7	1 mg/kg
Bensó[*j*]flúoranten	601-035-00-X	205-82-3	205-910-3	1 mg/kg
Bensó[*k*]flúoranten	601-036-00-5	207-08-9	205-916-6	1 mg/kg
Krýsen	601-048-00-0	218-01-9	205-923-4	1 mg/kg
Díbens[*a*,*h*]antrasen	601-041-00-2	53-70-3	200-181-8	1 mg/kg
α, α,α,4-tetraklórótólúen, p-klóróbensótríklóríð	602-093-00-9	5216-25-1	226-009-1	1 mg/kg
α, α,α-tríklórótólúen, bensótríklóríð	602-038-00-9	98-07-7	202-634-5	1 mg/kg
α-klórótólúen, bensýlklóríð	602-037-00-3	100-44-7	202-853-6	1 mg/kg
Formaldehýð	605-001-00-5	50-00-0	200-001-8	75 mg/kg
1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C_{6-8}-greinóttir alkýlestrar, C_7-auðugir	607-483-00-2	71888-89-6	276-158-1	1000 mg/kg (eitt sér eða í samsetningum með öðrum þalötum í þessari færslu eða í öðrum færslum í XVII. viðauka sem eru flokkaðar í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í einhvern af hættuflokkunum krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B

Efni	Skrárnúmer	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk eftir þyngd
Bis(2-metoxýetýl)þalat	607-228-00-5	117-82-8	204-212-6	1000 mg/kg (eitt sér eða í samsetningum með öðrum þalötum í þessari færslu eða í öðrum færslum í XVII. viðauka sem eru flokkaðar í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í einhvern af hættuflokkunum krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B
Díísópentýlþalat	607-426-00-1	605-50-5	210-088-4	1000 mg/kg (eitt sér eða í samsetningum með öðrum þalötum í þessari færslu eða í öðrum færslum í XVII. viðauka sem eru flokkaðar í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í einhvern af hættuflokkunum krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B
Dí-n-pentýlþalat (DPP)	607-426-00-1	131-18-0	205-017-9	1000 mg/kg (eitt sér eða í samsetningum með öðrum þalötum í þessari færslu eða í öðrum færslum í XVII. viðauka sem eru flokkaðar í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í einhvern af hættuflokkunum krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B
Dí-n-hexýlþalat (DnHP)	607-702-00-1	84-75-3	201-559-5	1000 mg/kg (eitt sér eða í samsetningum með öðrum þalötum í þessari færslu eða í öðrum færslum í XVII. viðauka sem eru flokkaðar í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í einhvern af hættuflokkunum krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B
N-metýl-2-pýrrólídón, 1-metýl-2-pýrrólídón (NMP)	606-021-00-7	872-50-4	212-828-1	3000 mg/kg
N,N-dímetýlasetamíð (DMAC)	616-011-00-4	127-19-5	204-826-4	3000 mg/kg
N,N-dímetýlformamíð, dímetýlformamíð (DMF)	616-001-00-X	68-12-2	200-679-5	3000 mg/kg
1,4,5,8-tetraamínóantrakínón, C.I. Disperse Blue 1	611-032-00-5	2475-45-8	219-603-7	50 mg/kg
Bensenamín, 4,4'-(4-imínósýklóhexa-2,5-díenýlídenmetýlen)díanilínhýdróklóríð, C.I. Basic Red 9	611-031-00-X	569-61-9	209-321-2	50 mg/kg
[4-[4,4'-bis(dímetýlamín)benshýdrýlíden]sýkló-hexa-2,5-díen-1-ýlíden]dímetýl-ammóníumklóríð, C.I. Basic Violet 3 með ≥ 0,1% af ketóni Michlers (EB-númer 202-027-5)	612-205-00-8	548-62-9	208-953-6	50 mg/kg
4-klóró-o-tólúidínklóríð	612-196-00-0	3165-93-3	221-627-8	30 mg/kg
2-naftýlammóníumasetat	612-071-00-0	553-00-4	209-030-0	30 mg/kg

Efni	Skrárnúmer	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk eftir þyngd
4-metoxý-m-fenýlendíammóníumsúlfat, 2,4-díamínóanisólsúlfat	612-200-00-0	39156-41-7	254-323-9	30 mg/kg
2,4,5-trímetýlanilínhýdróklóríð	612-197-00-6	21436-97-5	—	30 mg/kg
Kínólín	613-281-00-5	91-22-5	202-051-6	50 mg/kg“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 909/2014 **2019/EES/25/30**

frá 23. júlí 2014

um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Verðbréfamiðstöðvar (e. *Central securities depositories* (CSDs)), ásamt miðlægum mótaðilum (e. *Central counterparties* (CCPs)) eiga mikinn þátt í því að viðhalda eftirviðskiptainnviðum (e. *post-trade infrastructures*) sem vernda fjármálamarkaði og stuðla að því að markaðsaðilar treysti að verðbréfaviðskipti séu stunduð á tilhlýðilegan hátt og tímanlega, þ.m.t. á tímabilum mikils álags.

2) Vegna lykilstöðu þeirra í uppgjörsferlinu eru verðbréfauppgjörskerfi, sem starfrækt eru af verðbréfamiðstöðvum, kerfislega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða. Þar eð þau gegna mikilvægu hlutverki í verðbréfavörslukerfunum, þar sem þátttakendur tilgreina verðbréfaeignahluti fjárfesta, eru verðbréfauppgjörskerfi, sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja, jafnframt nauðsynlegt tæki til að hafa eftirlit með heilindum í útgáfu, koma í veg fyrir óæskilega stofnun eða niðurfærslu á útgefnum verðbréfum, og gegna þar með mikilvægu hlutverki við að viðhalda tiltrú fjárfesta. Enn fremur eru verðbréfauppgjörskerfi, sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja, mikilvægur þáttur við að tryggja að veðtryggingar séu til staðar fyrir viðskipti til stuðnings peningastefnu, sem og viðskipti milli lánastofnana og gegna þannig mikilvægu hlutverki í veðsetningarferlinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 28.2.2019, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB C 310, 13.10.2012, bls. 12.

([2]) Stjtíð. ESB C 299, 4.10.2012, bls. 76.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. júlí 2014.

3) Þótt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ([1]) hafi gert kleift að draga úr truflunum í verðbréfauppgjörskerfum, sem stafa af því að þátttakandi í því kerfi er tekinn til meðferðar vegna ógjaldfærni, er nauðsynlegt að fjalla um annars konar áhættu sem steðjar að verðbréfauppgjörskerfum, sem og áhættu af ógjaldfærni eða rofi í starfsemi verðbréfamiðstöðva sem starfrækja verðbréfauppgjörkerfi. Ákveðinn fjöldi verðbréfamiðstöðva er óvarinn fyrir útlána- og lausafjáráhættu sem stafar af bankaþjónustu sem veitt er í viðbót við uppgjör.

4) Aukinn fjöldi uppgjöra yfir landamæri, sem rekja má til fleiri samninga á milli verðbréfamiðstöðva um samtengingu, vekur spurningu um viðnámsþrótt verðbréfamiðstöðva þegar þær flytja inn þá áhættu, sem verðbréfamiðstöðvar annarra aðildarríkja hafa staðið frammi fyrir, og sameiginlegar varfærnisreglur skortir. Enn fremur hafa markaðsknúnar breytingar í átt að samþættari markaði fyrir þjónustu verðbréfamiðstöðva reynst mjög hægar, þrátt fyrir að uppgjörum yfir landamæri hafi fjölgað. Opinn innri markaður fyrir verðbréfauppgjör ætti að gera sérhverjum fjárfesti í Sambandinu kleift að fjárfesta í öllum verðbréfum í Sambandinu á jafnauðveldan hátt og nota sömu ferla og þegar um innlend verðbréf er að ræða. Samt sem áður eru uppgjörsmarkaðir í Sambandinu áfram sundurleitir yfir landamæri og uppgjör yfir landamæri eru áfram kostnaðarsamari vegna mismunandi landsreglna um skipulag uppgjöra, starfsemi verðbréfamiðstöðva og takmarkaðrar samkeppni milli þeirra. Þessi sundurleitni veldur hindrunum og skapar viðbótaráhættu og kostnað við uppgjör yfir landamæri. Með kerfislegt mikilvægi verðbréfamiðstöðva í huga ætti að stuðla að samkeppni milli þeirra til að gera markaðsaðilum kleift að velja veitanda þannig að þeir séu ekki háðir einum veitanda innviða. Þegar markaðsrekendur (e. *market operators*) undirgangast ekki sömu skuldbindingar og sameiginlegar varfærniviðmiðanir fyrir verðbréfamiðstöðvar skortir, leiðir það til þess að mismunandi ráðstafanir, sem líklegt er að gripið sé til á landsvísu, muni hafa bein neikvæð áhrif á öryggi, skilvirkni og samkeppni á uppgjörsmörkuðum í Sambandinu. Nauðsynlegt er að ryðja úr vegi þessum umtalsverðu hindrunum í starfsemi innri markaðarins, forðast röskun á samkeppni og koma í veg fyrir að slíkar hindranir og raskanir verði í framtíðinni. Til að innri markaðurinn geti starfað eðlilega er þörf fyrir samþættan markað fyrir verðbréfauppgjör, þar sem enginn greinarmunur er gerður á viðskiptum með verðbréf innanlands og yfir landamæri. Af þessum sökum ætti viðeigandi lagagrundvöllur þessarar reglugerðar að vera 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), eins og hún er túlkuð í samræmi við samræmda dómaframkvæmd dómstóls Evrópusambandsins.

5) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um í reglugerð nokkrar samræmdar skyldur sem leggja skal á markaðsaðila varðandi tiltekna þætti uppgjörsferils og aga í uppgjöri og kveða á um sameiginlegar kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar sem starfrækja verðbréfauppgjörskerfi. Reglugerð, sem gildir án frekari lögfestingar, ætti að tryggja að allir markaðsaðilar og verðbréfamiðstöðvar heyri undir sömu skyldur, staðla og reglur sem gilda án frekari lögfestingar. Reglugerð ætti að auka öryggi og skilvirkni við uppgjör í Sambandinu með því að koma í veg fyrir ólíkar landsreglur sem leiðir af lögleiðingu tilskipunar. Reglugerð ætti að einfalda reglur fyrir markaðsrekendur og verðbréfamiðstöðvar sem leiða af mismunandi landsreglum og ætti að gera verðbréfamiðstöðvum kleift að veita þjónustu sína yfir landamæri án þess að verða að hlíta mismunandi landsbundnum kröfum fyrir verðabréfamiðstöðvar, eins og varðandi starfsleyfi, eftirlit, skipulag eða áhættu. Reglugerð þar sem sömu kröfur eru lagðar á verðbréfamiðstöðvar ætti einnig að stuðla að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni.

6) Ráðgjafarnefnd um fjármálastöðugleika kallaði 20. október 2010 eftir traustari innviðum kjarnamarkaða og fór fram á endurskoðun og lagfæringu á núverandi stöðlum. Í apríl 2012 samþykkti greiðslu- og uppgjörsnefndin (CPSS) Alþjóðagreiðslubankans (BIS) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) alþjóðlega staðla fyrir innviði fjármálamarkaða. Þessir staðlar hafa leyst af hólmi tilmæli Alþjóðagreiðslubankans frá 2001 sem seðlabankakerfi Evrópu (ESCB) og nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila samþykktu með óskuldbindandi viðmiðunarreglum á evrópskum vettvangi 2009. Með tilliti til hins hnattræna eðlis fjármálamarkaða og kerfislegs mikilvægis verðbréfamiðstöðva er nauðsynlegt að tryggja alþjóðlega samleitni varfærniskrafna sem þau falla undir. Þessi reglugerð ætti að fylgja núverandi meginreglum fyrir innviði fjármálamarkaða sem hafa verið mótaðar af greiðslu- og uppgjörsnefnd Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CPSS-IOSCO). Þegar framkvæmdastjórnin og eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA), sem Evrópuþingið og ráðið ([2]) komu á fót með reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, útfæra eða áforma að endurskoða tæknilegu eftirlitsstaðlana og tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem og viðmiðunarreglurnar og tilmælin sem um getur í þessari reglugerð, ættu þær að tryggja samræmi við núverandi staðla og framtíðarþróun þeirra.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

7) Með ákvörðun sinni frá 2. desember 2008 lagði ráðið áherslu á þörfina fyrir að efla öryggi og áreiðanleika verðbréfauppgjörskerfa og takast á við lagalegar hindranir á eftirviðskiptum í Sambandinu.

8) Eitt helsta verkefni seðlabankakerfis Evrópu er að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa. Hvað það varðar hafa aðilar að seðlabankakerfi Evrópu yfirsýn með því að tryggja skilvirk og traust færsluvísunar- og greiðslukerfi (e. *clearing and payment systems*). Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu gegna jafnan hlutverki uppgjörsaðila fyrir peningahluta verðbréfaviðskipta. Þeir eru einnig mikilvægir viðskiptavinir verðbréfamiðstöðva sem að jafnaði hafa umsjón með veðsetningu vegna viðskipta til stuðnings peningastefnunni. Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu ættu, að höfðu samráði, að taka virkan þátt í leyfisveitingunum og eftirliti með verðbréfamiðstöðvum, viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum þriðja lands og samþykki á tilteknum samtengingum verðbréfamiðstöðva. Til að koma í veg fyrir að upp komi hliðstæðir reglubálkar ættu þeir einnig, að höfðu samráði, að taka virkan þátt í setningu reglugerða og tæknilegra framkvæmdarstaðla, sem og viðmiðunarreglna og tilmæla, þótt frumábyrgð fyrir setningu slíkra tæknilegra staðla, viðmiðunarreglna og tilmæla ætti að hvíla á herðum framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á ábyrgð Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna við að tryggja skilvirk og traust færsluvísunar- og greiðslukerfi innan Sambandsins og í öðrum löndum. Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðilar í seðlabankakerfi Evrópu hafi aðgang að upplýsingum sem koma að gagni við skyldustörf þeirra, þ.m.t. yfirsýn yfir verðbréfamiðstöðvar og aðra innviði fjármálamarka.

9) Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu, allir aðrir aðilar sem gegna svipuðu hlutverki í tilteknum aðildarríkjum eða aðrir opinberir aðilar sem falin er stjórnun eða hafa afskipti af stjórnun opinberra skulda í Sambandinu gætu sjálfir veitt nokkra þætti þjónustunnar, t.d. starfrækslu verðbréfauppgjörskerfa, sem myndi skilgreina þá sem verðbréfamiðstöð. Slíkar einingar, þegar þær gegna hlutverki verðbréfamiðstöðva án þess að koma á fót aðskilinni einingu, ættu að vera undanskildar starfsleyfis- og eftirlitskröfum, tilteknum skipulagskröfum og eiginfjárkröfum og kröfum vegna fjárfestingarstefnu, en ættu áfram að falla undir aðrar varfærniskröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar. Þegar slíkar einingar innan aðildarríkis gegna hlutverki verðbréfamiðstöðva ættu þær ekki að veita þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum. Þar sem aðilar að seðlabankakerfi Evrópu gegna hlutverki uppgjörsaðila að því er varðar uppgjör, ættu þeir einnig að vera undanskildir kröfunum sem settar eru fram í IV. bálki þessarar reglugerðar.

10) Þessi reglugerð ætti að gilda um uppgjör viðskipta með alla fjármálagerninga og um starfsemi verðbréfamiðstöðva nema annað sé tilgreint. Einnig ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á aðra löggjöf Sambandsins um tiltekna fjármálagerninga, eins og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([1]) og ráðstafanir sem samþykktar eru í samræmi við þá tilskipun.

11) Skráning verðbréfa á rafrænu formi er mikilvægt skref í átt til aukinnar skilvirkni uppgjöra og til að tryggja heilindi í útgáfu verðbréfa, sérstaklega í samhengi við vaxandi flækjustig á aðferðum við vörslu- og millifærslu. Af öryggisástæðum kveður þessi reglugerð á um rafræna skráningu allra framseljanlegra verðbréfa sem tekin eru til viðskipta eða verslað er með á viðskiptavettvöngum og reglur hafa verið settar um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([2]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([3]). Þessi reglugerð ætti ekki að kveða á um eina ákveðna aðferð við fyrstu rafrænu skráningu, sem gæti verið í formi vörslusetningar (e. *immobilisation*) eða á óefnislegu formi frá upphafi. Þessi reglugerð ætti ekki að kveða á um tegund stofnunarinnar sem á að skrá verðbréf á rafrænu formi við útgáfu en ætti að leyfa mismunandi þátttakendum, þ.m.t. skráningaryfirvöldum, að annast þá aðgerð. Þegar viðskipti með slík verðbréf hafa farið fram á viðskiptavettvöngum, sem reglur hafa verið settar um í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, eða þau sett sem trygging samkvæmt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB ([4]), ættu slík verðbréf samt sem áður að vera skráð í rafrænt kerfi verðbréfamiðstöðvar til þess að tryggja, meðal annars, að hægt sé að gera öll slík verðbréf upp í verðbréfauppgjörskerfi. Vörslusetning og óefnisleiki ættu ekki að fela í sér missi réttinda fyrir handhafa verðbréfa og ætti að nást á þann hátt að tryggt sé að handhafar verðbréfa geti gengið úr skugga um réttindi sín.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).

12) Til þess að tryggja öryggi í uppgjörum ætti sérhver þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi, sem kaupir eða selur ákveðna fjármálagerninga, þ.e.a.s. framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga, hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og losunarheimildir, að gera upp skuldbindingar sínar á ætluðum uppgjörsdegi.

13) Lengri uppgjörstímabil fyrir viðskipti með framseljanleg verðbréf valda óvissu og auka áhættu fyrir þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfum. Mismunandi tímalengdir á uppgjörstímabilum milli aðildarríkja tefja fyrir afstemmingu og geta valdið mistökum hjá útgefendum, fjárfestum og milligönguaðilum. Því er nauðsynlegt að kveða á um sameiginlegt uppgjörstímabil sem myndi auðvelda tilgreiningu á ætluðum uppgjörsdegi og greiða fyrir framfylgd ráðstafananna til að auka aga í uppgjöri viðskipta. Ætlaður uppgjörsdagur viðskipta með framseljanleg verðbréf sem framkvæmd eru á viðskiptavettvöngum og reglur hafa verið settar um í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, ætti að vera eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir að viðskiptin fóru fram. Fyrir flóknar aðgerðir sem samanstanda af nokkrum viðskiptum, á borð við samninga um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalán, ætti þessi krafa að gilda um fyrstu viðskiptin sem fela í sér framsal verðbréfa. Að teknu tilliti til óstaðlaðra einkenna slíkra gerninga ætti þessi krafa ekki að gilda um viðskipti sem viðkomandi aðilar semja um einslega heldur þau sem fara fram á viðskiptavettvöngum, sem reglur hafa verið settar um í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, eða um viðskipti sem gerð eru tvíhliða en tilkynnt viðskiptavettvangi sem lýtur reglum tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Enn fremur ætti þessi krafa ekki að gilda um fyrstu viðskipti þar sem hlutaðeigandi framseljanleg verðbréf falla undir upphaflega skráningu á rafrænu formi.

14) Verðbréfamiðstöðvar og aðrir markaðsinnviðir ættu að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti. Nauðsynlegt er að slíkum reglum sé beitt beint og með samræmdum hætti í Sambandinu. Einkum ætti að krefja verðabréfamiðstöðvar og aðra markaðsinnviði um að koma á verklagi sem gerir þeim kleift að grípa til viðeigandi aðgerða með því að loka tímabundið á hvern þann þátttakanda sem kerfisbundið veldur uppgjörsbrestum og birta opinberlega auðkenni hans, að því tilskildu að sá þátttakandi fái tækifæri til að leggja fram athugasemdir áður en slík ákvörðun er tekin.

15) Ein skilvirkasta leiðin til að takast á við uppgjörsbresti er að gera kröfu um að þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar séu þvingaðir til að standa við upphaflegt samkomulag. Þessi reglugerð ætti að kveða á um samræmdar reglur um viðurlög og tiltekna þætti í uppgjörskaupaviðskiptum (e. *buy-in transaction*) fyrir öll framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga, hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og losunarheimildir, t.d. um tímasetningar og verðlagningu. Þessar reglur ætti að laga að sérstökum eiginleikum mismunandi verðbréfamarkaða, tilteknum viðskiptavettvöngum, eins og vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem skilgreindir eru í tilskipun 2014/65/ESB, og tilteknum flóknum aðgerðum á borð við skammtímasamninga um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalán, til þess að komast hjá neikvæðum áhrifum á seljanleika og skilvirkni verðbréfamarkaða. Reglunum um aga í uppgjöri ætti að beita á þann hátt að þær skapi hvata til uppgjörs viðskipta með alla viðeigandi fjármálagerninga á ætluðum uppgjörsdegi þeirra.

16) Málsmeðferð og viðurlög í tengslum við uppgjörsbresti ættu að vera í réttu hlutfalli við umfang og alvöru slíkra bresta og jafnframt vera þrepaskiptar á þann hátt að seljanleika viðeigandi fjármálagerninga sé viðhaldið og hann varinn. Einkum gegnir viðskiptavakastarfsemi afgerandi hlutverki við að skapa seljanleika á mörkuðum innan Sambandsins, einkum hvað varðar verðbréf með minni seljanleika. Ráðstöfunum til að koma í veg fyrir og meðhöndla uppgjörsbresti ætti að jafna út á móti þörfinni fyrir að viðhalda og verja seljanleika þessara verðbréfa. Fjársektir, sem lagðar eru á þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar, ætti, þar sem mögulegt er, að eignfæra á viðskiptavini, sem standa við skuldbindingar sínar, sem bætur og ættu ekki, í neinu tilviki, að verða að tekjulind fyrir verðbréfamiðstöðina sem á í hlut. Verðbréfamiðstöðvar ættu að hafa samráð við markaðsinnviði, að því er varðar þá verðbréfamiðstöðvarþjónustu sem þær veita, um framfylgd ráðstafana til að bæta aga í uppgjöri sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17) Í flestum tilvikum ætti að virkja uppgjörskaupaferla þegar fjármálagerningar eru ekki afhentir innan fjögurra viðskiptadaga frá ætluðum uppgjörsdegi. Samt sem áður þykir rétt, vegna fjármálagerninga með lítinn seljanleika, að lengja tímabilið áður en uppgjörskaupaferlarnir eru virkjaðir, í sjö viðskiptadaga að hámarki. Grundvöllurinn fyrir ákvörðun um hvenær fjármálagerningar teljast lítt seljanlegir ætti að vera ákvarðaður með tæknilegum eftirlitsstöðlum, með hliðsjón af því mati sem þegar hefur verið gert í reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Ef slík ákvörðun er tekin ætti framlenging frestsins á virkjun uppgjörskaupaferlanna að vera allt að sjö viðskiptadagar.

18) Rétt þykir að veita vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þann sveigjanleika að beita ekki uppgjörs-kaupaferlunum fyrr en allt að 15 dögum eftir að viðskiptin hafa farið fram og taka þannig tillit til seljanleika á slíkum mörkuðum og, einkum, gera viðskiptavakastarfsemi mögulega á þessum mörkuðum með minni seljanleika. Sértæku ráðstafanirnar, til að bæta aga í uppgjöri á vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, ættu eingöngu að eiga við um viðskipti á slíkum mörkuðum. Eins og staðfest er í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 7. desember 2011 sem fylgir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir nafninu: „Aðgerðaáætlun til að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni“, ætti aðgengi lítilla og meðalstóra fyrirtækja að fjármagnsmörkuðum að vera þróað sem valkostur við bankalán og því er viðeigandi að sníða reglurnar betur að þörfum þessara vaxtarmarkaða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

19) Verðbréfamiðstöðvum ætti að vera heimilað að fylgjast með framkvæmdinni við uppgjörskaup, að því er tekur til margra uppgjörsfyrirmæla vegna sömu fjármálagerninga og með sömu lokadagsetningu framlengingartímabilsins, í því skyni að lágmarka fjölda uppgjörskaupa að því marki sem samrýmist kröfunum í þessari reglugerð.

20) Þar sem megintilgangur þessarar reglugerðar er að innleiða ákveðnar lagalegar skyldur sem gilda án frekari lögfestingar um markaðsrekendur, og samanstanda m.a. af skráningu allra framseljanlegra verðbréfa á rafrænu formi í verðbréfamiðstöðvum þegar viðskipti fara fram með slík verðbréf á viðskiptavettvöngum, sem reglur hafa verið settar um í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, eða eru veitt sem trygging samkvæmt skilyrðum tilskipunar 2002/47/EB og uppgjörum á skuldbindingum þeirra, eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir að viðskiptin hafa farið fram, og þar sem verðbréfamiðstöðvar eru ábyrgar fyrir starfrækslu verðbréfauppgjörskerfa og fyrir beitingu ráðstafana til að uppgjör í Sambandinu fari fram tímanlega, er nauðsynlegt að tryggja að allar verðbréfamiðstöðvar séu öruggar og traustar og fari ávallt að ströngum skipulags-, viðskiptahátta- og varfærniskröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. með því að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að draga úr svikum og vanrækslu. Samræmdar reglur, sem gilda án frekari lögfestingar varðandi leyfisveitingu og áframhaldandi eftirlit með verðbréfamiðstöðvum, eru þess vegna nauðsynleg afleiðing af og innbyrðis tengdar þeim lagalegu skyldum sem lagðar eru á markaðsaðila í þessari reglugerð. Þess vegna er nauðsynlegt að fella reglur varðandi leyfisveitinguna og eftirlitið með verðbréfamiðstöðvum inn í sömu löggjöf og lagalegu skyldurnar sem lagðar eru á markaðsaðila.

21) Með tilliti til þess að verðbréfamiðstöðvar ættu að falla undir almennar kröfur og til þess að afnema núverandi hindranir á uppgjörum yfir landamæri, ættu verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi að hafa frelsi til að veita þjónustu innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. með því að setja á fót útibú. Til þess að tryggja hæfilegt öryggisstig í þjónustustarfsemi verðabréfamiðstöðva í öðru aðildarríki ættu slíkar verðbréfamiðstöðvar að falla undir sértæka málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þegar þær hafa í hyggju að veita ákveðna kjarnaþjónustu eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, eða setja á fót útibú í gistiaðildarríki.

22) Innan uppgjörsmarkaðar Sambandsins sem er án landamæra er nauðsynlegt að ákveða valdsvið mismunandi yfirvalda sem taka þátt í að beita þessari reglugerð. Aðildarríki ættu sérstaklega að tilnefna lögbær yfirvöld sem ábyrgð bera á að beita þessari reglugerð og sem ættu að fá þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að þau geti sinnt hlutverki sínu. Verðbréfamiðstöð ætti að heyra undir leyfisveitingu og eftirlit lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu, sem er í aðstöðu til og ætti að vera veitt vald til að rannsaka hvernig verðabréfamiðstöðvar starfa dags daglega, framkvæma úttektir með reglulegu millibili og grípa til viðeigandi aðgerða ef nauðsyn krefur. Lögbært yfirvald sem í hlut á ætti samt sem áður, á fyrstu stigum, að hafa samráð og samvinnu við önnur viðeigandi yfirvöld, þ.m.t. yfirvöld sem bera ábyrgð á yfirsýn yfir sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin starfrækir, seðlabankana sem gefa út uppgjörsgjaldmiðlana sem mestu máli skipta, eftir atvikum, viðeigandi seðlabanka sem gegna hlutverki uppgjörsaðila fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi og einnig, eftir atvikum, lögbær yfirvöld annarra eininga samstæðunnar. Slík samvinna felur einnig í sér upplýsingaskipti milli yfirvaldanna sem í hlut eiga og tafarlausa tilkynningu þessara yfirvalda ef um er að ræða neyðarástand sem áhrif hefur á lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkjanna þar sem verðbréfamiðstöðin eða einhver þátttakandi í henni er með staðfestu.

23) Þegar verðbréfamiðstöð veitir þjónustu sína í öðru aðildarríki ætti lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu að geta óskað eftir öllum upplýsingum frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar sem skipta máli fyrir yfirvaldið, sem leggur fram beiðnina. Til að gera skilvirka samhæfingu á eftirliti mögulega, gætu þessar upplýsingar einkum varðað þjónustu sem veitt er notendum verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í gistiaðildarríkinu, eða gerninga eða gjaldmiðla sem meðhöndlaðir eru og geta innihaldið upplýsingar um neikvæða þróun, niðurstöður úr áhættumati og ráðstafanir til úrbóta. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ætti einnig að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem verðbréfamiðstöðin sendir lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu reglulega.

24) Þegar verðbréfamiðstöð veitir þjónustu sína í öðru aðildarríki en aðildarríkinu þar sem hún hefur staðfestu, þ.m.t. með því að setja á fót útibú, ber lögbært yfirvald í heimaaðildarríki þess meginábyrgð á eftirlitinu með þeirri verðbréfamiðstöð. Þegar starfsemi verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríki er orðin verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og vernd fjárfesta í því gistiaðildarríki, ættu lögbær yfirvöld og viðeigandi yfirvöld í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu að koma á samstarfsfyrirkomulagi fyrir eftirlit með starfsemi þeirrar verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríkinu. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ætti einnig að geta ákveðið að þetta samstarfsfyrirkomulag taki til marghliða samvinnu, þ.m.t. samstarfs í formi fjölskipaðs ráðs, milli lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu og lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda í gistiaðildarríkjunum sem í hlut eiga. Slíkt samstarfsfyrirkomulag ætti samt sem áður ekki að teljast samsvara samstarfshópi eftirlitsaðila eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010. Engu aðildarríki eða hópi aðildarríkja ætti að mismuna, beint eða óbeint, varðandi staðsetningu verðbréfamiðstöðvar og uppgjörsþjónustu. Við framkvæmd á skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð ætti ekkert yfirvald að mismuna, beint eða óbeint, neinu fyrirtæki frá öðru aðildarríki. Með fyrirvara um þessa reglugerð ætti ekki að setja skorður við eða koma í veg fyrir að verðbréfamiðstöð frá einu aðildarríki geri upp fjármálagerninga í gjaldmiðli annars aðildarríkis eða í gjaldmiðli þriðja lands.

25) Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki geri kröfu í landslögum sínum um tiltekinn lagaramma fyrir daglegt samstarf á landsvísu milli lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar og viðeigandi yfirvalda. Slíkur lagarammi á landsvísu ætti að vera í samræmi við viðmiðunarreglurnar um eftirlitsframkvæmd og samstarf milli yfirvalda sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur gefið út samkvæmt þessari reglugerð.

26) Sérhver lögaðili sem fellur innan skilgreiningarinnar á verðbréfamiðstöð þarf að fá starfsleyfi frá lögbærum landsyfirvöldum áður en hann hefur starfsemi. Með tilliti til mismunandi viðskiptalíkana ætti verðbréfamiðstöð að vera skilgreind með tilvísun til tiltekinnar kjarnaþjónustu, sem samanstendur af uppgjöri, sem felur í sér rekstur á verðbréfauppgjörskerfi, lögbókun og miðlægri vörsluþjónustu verðbréfareikninga. Verðbréfamiðstöð ætti a.m.k. að starfrækja verðbréfauppgjörskerfi og veita eina aðra kjarnaþjónustu. Þessi samsetning er óhjákvæmileg til að verðbréfamiðstöðvar gegni hlutverki sínu í verðbréfauppgjöri og í að tryggja heilindi í verðbréfaútgáfu. Einingar, sem starfrækja ekki verðbréfauppgjörskerfi á borð við skrásetjara, yfirfærsluaðila (e. *transfer agents*), opinber yfirvöld, aðila sem stjórna skráningarkerfi sem komið hefur verið á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB eða miðlæga mótaðila sem reglur hafa verið settar um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([1]), falla ekki undir skilgreininguna á verðbréfamiðstöð.

27) Verðbréfamiðstöðvar ættu að hafa tiltækar endurreisnaráætlanir til að tryggja samfellu í mikilvægustu starfsemi sinni. Án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([2]) ættu lögbær yfirvöld að tryggja að fullnægjandi skilaáætlun sé komið á og viðhaldið fyrir hverja verðbréfamiðstöð í samræmi við viðeigandi landslög.

28) Til þess að útvega áreiðanleg gögn um umfang verðbréfauppgjöra utan verðbréfauppgjörskerfa og til að tryggja að hægt sé að fylgjast með og takast á við áhættu sem skapast, ættu allar stofnanir, aðrar en verðbréfamiðstöðvar sem gera upp verðbréfaviðskipti utan verðbréfauppgjörskerfa, að tilkynna uppgjörsstarfsemi sína til hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld, sem fá tilkynningarnar, ættu í framhaldinu að senda þær upplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og ættu að upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um sérhverja hugsanlega áhættu sem stafar af slíkri uppgjörsstarfsemi. Enn fremur ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að fylgjast með slíkri uppgjörsstarfsemi og taka tillit til hugsanlegrar áhættu sem hún gæti skapað.

29) Til þess að komast hjá hvers konar áhættusækni verðbréfamiðstöðva í starfsemi, annarri en þeirri sem fellur undir leyfisveitingu samkvæmt þessari reglugerð, ætti starfsemi verðbréfamiðstöðva með starfsleyfi að takmarkast við þjónustustarfsemina, sem leyfisveiting þeirra nær yfir eða sem tilkynnt er samkvæmt þessari reglugerð, og þær ættu ekki

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

að eiga nokkra hlutdeild, eins og skilgreint er í þessari reglugerð með tilvísun í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([1]), eða nokkurt eignarhald, beint eða óbeint, í 20% eða meira á atkvæðisréttinum eða eigin fé í neinum stofnunum, öðrum en þeim sem veita svipaða þjónustu, nema lögbær yfirvöld verðbréfamiðstöðva samþykki slíka hlutdeild á grundvelli þess að það auki ekki verulega áhættusnið verðbréfamiðstöðvanna.

30) Til þess að tryggja örugga starfrækslu verðbréfauppgjörskerfa ættu þau eingöngu að vera starfrækt af verðbréfamiðstöðvunum eða seðlabönkum í hlutverki verðbréfamiðstöðva sem falla undir þessa reglugerð.

31) Án þess að hafa áhrif á sértækar kröfur í skattalögum aðildarríkis ættu verðbréfamiðstöðvar að hafa heimild til að veita þjónustu í viðbót við kjarnaþjónustu sína, sem eykur öryggi, skilvirkni og gagnsæi á verðbréfamörkuðum og sem ekki skapar óþarfa áhættu fyrir kjarnaþjónustu þeirra. Skrá, sem ekki er tæmandi, yfir slíka þjónustu er sett fram í þessari reglugerð til að gera verðbréfamiðstöðvum kleift að bregðast við markaðsþróun í framtíðinni. Þegar veiting slíkrar þjónustu tengist afdráttar- og tilkynningarskyldu til skattyfirvalda, mun hún áfram stunduð í samræmi við lög aðildarríkjanna sem í hlut eiga. Í samræmi við 2. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) gildir valdheimildin til að samþykkja ráðstafanir skv. 1. mgr. 114. gr. ekki um skattaákvæði. Í dómsúrskurði sínum frá 29. apríl 2004 í máli C-338/01, *Framkvæmdastjórnin gegn ráðinu* ([2]), var afstaða Evrópudómstólsins sú að orðið „skattaákvæði“ ætti að túlka þannig að það „næði ekki aðeins yfir ákvæðin sem ákvarði skattskyldan aðila, skattskyld viðskipti, grundvöll álagningar, og hlutfall af og undanþágu frá beinum og óbeinum sköttum, heldur einnig þau sem varða fyrirkomulag við innheimtu slíkra skatta.“ Þessi reglugerð nær þess vegna ekki yfir fyrirkomulag við innheimtu skatta þar sem nota þyrfti annan lagagrundvöll.

32) Verðbréfamiðstöð, sem hefur í hyggju að útvista kjarnaþjónustu til þriðja aðila eða veita nýja kjarnaþjónustu eða viðbótarþjónustu sem ekki er skráð í þessari reglugerð, starfrækja annað verðbréfauppgjörskerfi, nota annan uppgjörsaðila eða koma á samtengingum milli verðbréfamiðstöðva sem fela í sér verulega áhættu, ætti að sækja um starfsleyfi með því að fylgja sömu málsmeðferð og þeirri sem krafist er fyrir upphaflega starfsleyfið, að undanskildu því að lögbært yfirvald upplýsi verðbréfamiðstöðina sem sækir um, innan þriggja mánaða, um hvort starfsleyfi hefur verið veitt eða því synjað. Þó ættu samtengingar milli verðbréfamiðstöðva sem ekki fela í sér verulega áhættu eða rekstrarsamhæfðar tengingar verðbréfamiðstöðva, sem útvista þjónustu sinni sem tengist þessum rekstrarsamhæfðu tengingum til opinberra aðila, t.d. aðila í seðlabankakerfi Evrópu, ekki að falla undir fyrirframheimild heldur ættu viðkomandi verðbréfamiðstöðvar að tilkynna þær lögbærum yfirvöldum sínum.

33) Þegar verðbréfamiðstöð hefur í hyggju að færa út þjónustu sína yfir í viðbótarþjónustu, aðra en bankaþjónustu, sem sérstaklega er skráð í þessari reglugerð, og sem ekki eykur áhættusnið hennar, ætti hún að geta gert það í framhaldi af tilkynningu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu.

34) Verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í þriðju löndum ættu að geta boðið þjónustu sína í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja á fót útibú. Til þess að tryggja viðeigandi öryggisstig í verðbréfamiðstöðvarþjónustu sem veitt er af verðbréfamiðstöðvum þriðja lands, ættu slíkar verðbréfamiðstöðvar að heyra undir viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þegar þær hafa í hyggju að veita tiltekna þjónustu sem skráð er í þessari reglugerð eða setja á fót útibú í Sambandinu. Verðbréfamiðstöðvar þriðja lands ættu að geta komið á samtengingum við verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu án slíkrar viðurkenningar, að því tilskildu að viðkomandi lögbært yfirvald andmæli því ekki. Í ljósi hins hnattræna eðlis fjármálamarkaða er Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin best til þess fallin að viðurkenna verðbréfamiðstöðvar þriðja lands. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta viðurkennt verðbréfamiðstöðvar þriðja lands, en þó aðeins ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að þær falli undir laga- og eftirlitsramma sem í reynd er jafngildur þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að þær hafi í reynd starfsleyfi, lúti eftirliti og yfirsýn í staðfestulandi sínu og samstarfsfyrirkomulagi hafi verið komið á milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda verðbréfamiðstöðvanna. Viðurkenning Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti að vera með fyrirvara um virka, jafngilda viðurkenningu á varfærnirammanum sem gildir um verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu og hafa starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([2]) Dómasafn EB 2004, bls. I-4829.

35) Með tilliti til flækjustigs sem og kerfistengdra eiginleika verðbréfamiðstöðva og þjónustunnar sem þær veita ættu gagnsæir stjórnarhættir að tryggja að framkvæmdastjórn, stjórnarmenn, hluthafar og aðrir sem eru í aðstöðu til að stjórna starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar eins og skilgreint er með tilvísun til tilskipunar 2013/34/ESB, séu hæfir til að tryggja trausta og varfærna stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar.

36) Mismunandi eftirlits- og stjórnunarkerfi eru notuð í aðildarríkjunum. Í flestum tilvikum eru notuð einþætt eða tvíþætt stjórnunarkerfi. Skilgreiningarnar sem eru notaðar í þessari reglugerð eiga að ná yfir öll fyrirliggjandi kerfi án þess að taka eitt fram yfir annað. Þær hafa eingöngu hagnýtt gildi í þeim tilgangi að setja fram reglur sem miða að því að ná fram ákveðinni niðurstöðu óháð gildandi félagarétti um stofnanirnar í hverju aðildarríki. Skilgreiningarnar ættu því ekki að hafa áhrif á það hvernig valdheimildum er almennt skipt samkvæmt félagarétti í hverju landi.

37) Gagnsæir stjórnarhættir ættu að tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna hluthafa, stjórnar og starfsfólks verðbréfamiðstöðvarinnar annars vegar og hagsmuna notenda þeirra, sem verðbréfamiðstöðvar þjóna fyrst og fremst, hins vegar. Þessir stjórnarhættir ættu að gilda án þess að hafa áhrif á eignarhaldsfyrirkomulagið sem verðbréfamiðstöðin tekur upp. Setja ætti á fót notendanefndir fyrir sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð starfrækir, til að gefa notendum tækifæri til að veita stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar ráð varðandi þau lykilatriði sem hafa áhrif á þá og ættu að fá nauðsynleg verkfæri til að annast hlutverk sitt. Hagsmunir mismunandi notenda verðbréfamiðstöðva, þ.m.t. handhafa ólíkra tegunda verðbréfa, ættu að njóta fyrirsvars í notendanefndinni.

38) Verðbréfamiðstöðvar ættu að geta útvistað þjónustustarfsemi sinni að því tilskildu að stjórn sé höfð á áhættu sem skapast af slíku útvistunarfyrirkomulagi. Með tilliti til mikilvægis verkefnanna sem verðbréfamiðstöðvum er treyst fyrir ætti þessi reglugerð að kveða á um að verðbréfamiðstöðvar yfirfæri ekki ábyrgð sína á þriðju aðila með því að útvista starfsemi sinni til þriðju aðila með samningum. Útvistun slíkrar starfsemi ætti að vera með fyrirvara um ströng skilyrði sem viðhaldi ábyrgð verðbréfamiðstöðva á starfsemi sinni og tryggi að ekki dragi úr eftirliti með verðbréfamiðstöðvum og yfirsýn yfir þær. Við tiltekin skilyrði ætti að vera mögulegt að undanskilja frá þessum kröfum útvistun verðbréfamiðstöðvar á starfsemi sinni til opinbers aðila.

39) Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki, sem leyfa beina eignaskráningu verðbréfa, kveði á um í landslögum sínum að aðilar aðrir en verðbréfamiðstöðvar skuli eða megi annast tiltekin verkefni, sem í sumum öðrum gerðum af verðbréfavörslukerfum eru alla jafnan unnin af verðbréfamiðstöðvum, og tilgreina hvernig þessi verkefni ættu að vera unnin. Í sumum aðildarríkjum sjá umsjónaraðilar reikninga eða þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfum, sem rekin eru af verðbréfamiðstöðvum, einkum um skráningu á verðbréfareikninga í vörslu verðbréfamiðstöðva, án þess nauðsynlega að vera sjálfir veitendur slíkra reikninga. Í ljósi nauðsynjar þess að réttarvissa ríki um færslurnar sem færðar eru á reikninga á stigi verðbréfamiðstöðvar ætti hið tiltekna hlutverk, sem þessir aðrir aðilar gegna, að vera viðurkennt í þessari reglugerð. Því ætti að vera mögulegt, við tilteknar aðstæður og háð ströngum reglum sem mælt er fyrir um í lögum, að skipta ábyrgðinni milli verðbréfamiðstöðvar og viðkomandi annars aðila, eða kveða á um að ábyrgðin einskorðist við þennan annan aðila varðandi tiltekna þætti sem tengjast vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi, að því tilskildu að þessi annar aðili heyri undir viðeigandi reglur og eftirlit. Ekki ættu að vera neinar hömlur á því að hvaða marki ábyrgð er deilt.

40) Reglur um góða viðskiptahætti ættu að tryggja gagnsæi í sambandinu á milli verðbréfamiðstöðva og notenda þeirra. Einkum ættu verðbréfamiðstöðvar að birta opinberlega, gagnsæjar hlutlægar viðmiðanir og án mismununar fyrir þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfi, þar sem aðgangur þátttakenda takmarkast eingöngu á grundvelli þeirrar áhættu sem um er að ræða. Lögbær yfirvöld ættu að ráða yfir fljótvirkum og viðeigandi úrræðum til að takast á við sérhverja óréttmæta synjun verðbréfamiðstöðvar um að veita þátttakendum þjónustu sína. Verðbréfamiðstöðvar ættu að birta opinberlega verð og gjöld fyrir þjónustu sína. Til þess að veita opinn aðgang og án mismununar að þjónustu sinni og í ljósi verulegs markaðsstyrks sem verðbréfamiðstöðvar njóta enn á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkja sinna, ættu verðbréfamiðstöðvar ekki að geta vikið frá birtri verðstefnu fyrir kjarnaþjónustu sína og ættu að halda aðskilið bókhald um útgjöld og tekjur sem tengjast hverri kjarnaþjónustu og viðbótarþjónustu. Þessi ákvæði um þátttöku bæta við og styrkja rétt markaðsaðila til að nota uppgjörskerfi í öðru aðildarríki sem kveðið er á um í tilskipun 2014/65/ESB.

41) Til þess að auðvelda skilvirka skráningu, uppgjör og greiðslu skulu verðbréfamiðstöðvar aðlaga samskiptaferli sín við þátttakendur og markaðsinnviði sem þeir tengjast, viðeigandi alþjóðlegum opnum samskiptaferlum og -stöðlum fyrir skilaboða- og tilvísunargögn.

42) Með tilliti til mikilvægs hlutverks verðbréfauppgjörskerfa á fjármálamörkuðum ættu verðbréfamiðstöðvar, þegar þær veita þjónustu sína, að leggja sig fram um að tryggja tímanleg uppgjör í verbréfaviðskiptum og heilindi í verðbréfaútgáfu. Þessi reglugerð ætti ekki að stangast á við landslög aðildarríkjanna hvað varðar eignarhlutdeildir í verðbréfum og fyrirkomulagið við að viðhalda heilindum í verðbréfaútgáfu. Til þess að auka eignavörn þátttakenda sinna og viðskiptavina þeirra ætti, í þessari reglugerð, þó að krefja verðabréfamiðstöðvar um að aðgreina verðbréfa-reikningana sem viðhaldið er fyrir hvern þátttakanda og bjóða, sé þess óskað, frekari aðgreiningu á reikningum viðskiptavina þátttakendanna, sem í sumum tilvikum gæti falið í sér hærri kostnað sem viðskiptavinir þátttakendanna, sem fara fram á frekari aðgreiningu, ættu að bera. Krefja ætti verðbréfamiðstöðvar og þátttakendur í þeim um að bjóða bæði aðgreiningu á sameiginlegum reikningi viðskiptavina og aðgreiningu á einstökum viðskiptavinum þannig að viðskiptavinir geti valið það stig aðgreiningar sem þeir telja hæfa þörfum sínum.

Eina undantekningin frá þessu ætti að vera vegna annarra almennra réttarkrafna, einkum í tengslum við skilvirka og gagnsæja innheimtu skatta, því beri verðbréfamiðstöð og þátttakendum í henni að bjóða aðgreiningu einstakra viðskiptavina fyrir ríkisborgara og heimilisfasta einstaklinga og lögaðila með staðfestu í aðildarríki þar sem, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, slíkrar aðgreiningar einstakra viðskiptavina er krafist samkvæmt landslögum þess aðildarríkis þar sem verðbréfin eru stofnuð, og eingöngu fyrir ríkisborgara, heimilisfasta einstaklinga og lögaðila með staðfestu í því aðildarríki. Verðbréfamiðstöðvar ættu að tryggja að þessar kröfur eigi við um hvert einstakt verðbréfa-uppgjörskerfi sem þær starfrækja. Án þess að hafa áhrif á ákvæðin um viðbótarþjónustu ættu verðbréfamiðstöðvar ekki að nýta, fyrir eigin reikning, nein verðbréf sem tilheyra þátttakanda nema sá þátttakandi heimili það sérstaklega, og ættu annars ekki að nýta, fyrir eigin reikning, verðbréfin sem ekki tilheyra þeim. Til viðbótar ætti verðbréfamiðstöð að krefja þátttakendurna um að afla sér nauðsynlegs fyrirframsamþykkis frá viðskiptavinum sínum.

43) Tilskipun 98/26/EB kveður á um að fyrirmæli [áður greiðslufyrirmæli], sem færð eru í verðbréfauppgjörskerfi í samræmi við reglur þessara kerfa, ættu að vera aðfararhæf samkvæmt lögum og bindandi fyrir þriðju aðila. Þar sem tilskipun 98/26/EB vísar ekki sérstaklega til verðbréfamiðstöðva sem starfrækja verðbréfauppgjörskerfi ætti þó, til glöggvunar, í þessari reglugerð að krefja verðbréfamiðstöðvar um að skilgreina á hvaða tímapunktum fyrirmæli eru færð inn í kerfi þeirra og verða óafturkallanleg, í samræmi við reglurnar í þeirri tilskipun. Til viðbótar ættu verðbréfamið-stöðvar, til þess að auka réttarvissu, að upplýsa þátttakendur sína um þann tímapunkt sem yfirfærsla á verðbréfum og peningum í verðbréfauppgjörskerfi er orðin aðfararhæf samkvæmt lögum og bindandi fyrir þriðju aðila, eftir því sem við á, í samræmi við landslög. Verðbréfamiðstöðvar ættu einnig að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að yfirfærsla á verðbréfum og peningum sé aðfararhæf samkvæmt lögum og bindandi fyrir þriðju aðila eigi síðar en við lok þess viðskiptadags sem er hinn raunverulegi uppgjörsdagur.

44) Til þess að komast hjá uppgjörsáhættum vegna ógjaldfærni uppgjörsaðilans ætti verðbréfamiðstöð, hvenær sem er hagkvæmt og mögulegt, að gera upp peningahluta verðbréfaviðskiptanna í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka. Ef þessi möguleiki er ekki hagkvæmur og mögulegur, ætti verðbréfamiðstöð að geta gert upp í gegnum reikninga, sem stofnaðir eru hjá lánastofnun sem komið er á fót samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]) og falla undir tiltekna málsmeðferð við leyfisveitingu og varfærniskröfur sem kveðið er á um í IV. bálki þessarar reglugerðar.

45) Bankaþjónustu í viðbót við uppgjör sem felur í sér útlána- og lausafjáráhættu ættu eingöngu verðbréfamiðstöðvar að taka að sér eða þeim ætti að útvista til eininga sem hafa heimild til að veita bankaþjónustu í viðbót við starfsemi verðbréfamiðstöðvar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

46) Til þess að tryggja skilvirknina sem leiðir hvor tveggja af veitingu á þjónustu verðbréfamiðstöðvar og bankaþjónustu innan sömu fyrirtækjasamstæðu, ættu kröfurnar í þessari reglugerð ekki að koma í veg fyrir að lánastofnanir tilheyri sömu fyrirtækjasamstæðu og verðbréfamiðstöðin. Rétt þykir að kveða á um fyrirkomulag sem gæti heimilað verðbréfamiðstöðvum að veita þátttakendum sínum og öðrum einingum viðbótarþjónustu í gegnum sama lögaðila eða aðskilinn lögaðila sem gæti verið hluti af sömu fyrirtækjasamstæðu undir endanlegri stjórn sama móðurfélags eða ekki. Þegar lánastofnun, önnur en seðlabanki, kemur fram sem uppgjörsaðili ætti lánastofnunin að geta veitt þátttakendunum í verðbréfamiðstöðinni þjónustuna sem sett er fram í þessari reglugerð, sem fellur undir leyfisveitinguna, en ætti ekki að veita aðra bankaþjónustu frá sama lögaðila til þess að takmarka hættuna af að uppgjörskerfið verði óvarið fyrir áhættunum sem leiða af greiðsluþroti lánastofnunarinnar.

47) Þar sem tilskipun 2013/36/ESB fjallar ekki sérstaklega um útlána- og lausafjáráhættu innan hvers dags sem leiðir af veitingu á bankaþjónustu í viðbót við uppgjör, ættu lánastofnanir og verðbréfamiðstöðvar sem veita slíka þjónustu að falla undir sértækar, auknar kröfur um að draga úr útlána- og lausafjáráhættu, þ.m.t. áhættumiðaða aukna eiginfjárkröfu sem endurspeglar áhættuna sem um ræðir. Slíkar auknar kröfur um mildun á útlána- og lausafjáráhættu ættu að fylgja alþjóðlegum stöðlum fyrir innviði fjármálamarkaða og meginreglunum um „Vöktunartæki fyrir stjórnun á greiðsluhæfi innan hvers dags“ sem Baselnefndin um bankaeftirlit birti í apríl 2013.

48) Sumar verðbréfamiðstöðvar, sem einnig starfa sem lánastofnanir, falla undir kröfur um eiginfjárgrunn og tilkynningarskyldu sem eiga við um lánastofnanir og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 575/2013 ([1]) og í tilskipun 2013/36/ESB. Vegna kerfislegs mikilvægis slíkra verðbréfamiðstöðva þykir rétt að beita ströngustu kröfum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins til að komast hjá uppsafnaðri beitingu á mismunandi reglum Sambandsins, t.d. í tengslum við kröfurnar um skýrslugjöf vegna eiginfjárgrunns. Á svæðum þar sem komið hefur í ljós að kröfur hafi hugsanlega skarast ætti Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]), og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gefa álit um viðeigandi beitingu á gerðum Sambandsins í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

49) Í viðbót við kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2013/36/ESB, ættu lánastofnanir og verðbréfamiðstöðvar að falla undir auka eiginfjárkröfu sem endurspeglar áhættu, á borð við útlána- og lausafjáráhættu, sem leiðir af lánveitingum innan hvers dags, m.a. til þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi eða annarra notenda verðbréfamiðstöðvarþjónustu.

50) Til þess að tryggja að farið sé í einu og öllu að tilskildum sértækum ráðstöfunum sem hafa að markmiði að milda útlána- og lausafjáráhættu, ættu lögbær yfirvöld að geta krafið verðbréfamiðstöðvar um að tilnefna fleiri en eina lánastofnun, hvenær sem þau geta sýnt fram á, á grundvelli fyrirliggjandi sönnunargagna, að samþjöppun á útlána- og lausafjáráhættum sem ein lánastofnun er óvarin fyrir, hafi ekki verið milduð til fulls. Verðbréfamiðstöðvar ættu einnig að geta tilnefnt fleiri en eina lánastofnun.

51) Eftirlit með að tilnefndar lánastofnanir eða verðbréfamiðstöðvar, sem hafa heimild til að veita bankaþjónustu í viðbót við uppgjör, fari að kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2013/36/ESB og viðkomandi sértækum varfærniskröfum þessarar reglugerðar sem eiga við, ætti að vera falið lögbæru yfirvöldunum sem getið er um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Til þess að tryggja samfellu í beitingu á eftirlitsstöðlum er æskilegt að bankaþjónusta verðbréfamiðstöðva, sem vegna umfangs og eiginleika getur valdið verulegri áhættu fyrir fjármálastöðugleikann í Sambandinu, sé undir beinu eftirliti Seðlabanka Evrópu samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 ([3]) að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit með lánastofnunum. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([3]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit með lánastofnunum (Stjtíð. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

52) Lánastofnun eða verðbréfamiðstöð með heimild til að veita bankaþjónustu í viðbót við uppgjör, ætti að hlíta sérhverri núverandi löggjöf eða framtíðarlöggjöf Sambandsins sem við á um lánastofnanir. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á tilskipun 2014/59/ESB eða neina löggjöf Sambandsins í framtíðinni að því er varðar rammann um endurreisn og skilameðferð lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og annarra fjármálastofnana.

53) Til þess að veita nægjanlegt öryggi og samfellu í þjónustu sem verðbréfamiðstöðvar veita, ættu verðbréfamiðstöðvar að heyra undir sértækar samræmdar varfærnis- og eiginfjárkröfur, sem gilda án frekari lögfestingar, er draga úr laga-, rekstrar- og fjárfestingaráhættu þeirra.

54) Öryggið á fyrirkomulagi tenginga sem komið er á milli verðbréfamiðstöðva ætti að falla undir sértækar kröfur til að gera viðkomandi þátttakendum þeirra kleift að fá aðgang að öðrum verðbréfauppgjörskerfum. Veiting á viðbótar-bankaþjónustu í gegnum aðskilinn lögaðila ætti ekki að koma í veg fyrir að verðbréfamiðstöðvar fái slíka þjónustu, einkum þegar þær eru þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfi sem önnur verðbréfamiðstöð starfrækir. Það er sérstaklega mikilvægt að hvers konar hugsanleg áhætta sem stafar af samtengingarfyrirkomulaginu, á borð við lána-, greiðsluhæfis- og skipulagsáhættu eða sérhverja aðra áhættu sem á við um verðbréfamiðstöðvar, sé að fullu milduð. Fyrir rekstrarsamhæfðar tengingar er mikilvægt að skilgreiningar á því hvenær fyrirmæli teljast vera komin til kerfis séu hinar sömu í tilviki samtengdra verðbréfauppgjörskerfa og að slík fyrirmæli séu óafturkallanleg og styðjist við samræmdar reglur um endanleg fyrirmæli um greiðslu á verðbréfum og peningum. Sömu meginreglur ættu að gilda um verðbréfamiðstöðvar sem nota sameiginlega upplýsingatækniinnviði fyrir uppgjör.

55) Til þess að lögbær yfirvöld geti haft skilvirkt eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva ættu þær að heyra undir strangar kröfur um vörslu gagna. Verðbréfamiðstöðvar ættu að varðveita í a.m.k. 10 ár allar skrár og gögn um alla þá þjónustu sem þær mega veita, þ.m.t. færslugögn um tryggingastýringu sem felur í sér úrvinnslu á samningum um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingar. Verðbréfamiðstöðvar gætu þurft að tilgreina sameiginlegt sniðmát fyrir viðskiptavini sína til að skrá í færslugögn, til þess að geta uppfyllt þessar kröfur um skráningar, í samræmi við alla viðkomandi tæknilega eftirlits- og framkvæmdarstaðla sem samþykktir eru samkvæmt þessari reglugerð.

56) Í mörgum aðildarríkjum eru útgefendur að landslögum krafðir um að gefa út vissar tegundir af verðbréfum, einkum hlutabréf, hjá innlendum verðbréfamiðstöðvum sínum. Til þess að fjarlægja þessar hindranir á snurðulausri starfsemi eftirviðskiptamarkaðar Sambandsins og gera útgefendum kleift að velja skilvirkustu leiðina til að stýra verðbréfum sínum, ættu útgefendur að hafa rétt til að velja hvaða verðbréfamiðstöð sem er með staðfestu í Sambandinu til að skrá verðbréf sín og fá alla viðeigandi verðbréfamiðstöðvarþjónustu. Þar sem samræming landsbundins fyrirtækjaréttar fellur utan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti slíkur landsbundinn félagaréttur, eða svipuð lög sem varða útgáfu verðbréfanna, að gilda áfram og fyrirkomulagi komið á til að tryggja að kröfur slíks landsbundins félagaréttar eða svipaðra laga séu uppfylltar þar sem rétturinn til að velja verðbréfamiðstöð er nýttur. Slíkur landsbundinn félagaréttur og svipuð lög sem varða stofnun verðbréfanna, stýra sambandinu milli útgefanda þeirra og eigenda eða þriðju aðila og réttindum og skyldum hvers og eins sem tengjast verðbréfunum, s.s. atkvæðisrétti, arði og fyrirtækjaaðgerðum. Synjun á að veita útgefanda þjónustu ætti eingöngu að vera heimiluð á grundvelli heildaráhættumats eða ef sú verðbréfamiðstöð veitir enga útgáfuþjónustu í tengslum við verðbréf sem stofnuð eru samkvæmt félagarétti eða svipuðum lögum viðkomandi aðildarríkis. Lögbær yfirvöld ættu að ráða yfir fljótvirkum og viðeigandi úrræðum til að fjalla um sérhverja óréttmæta synjun verðbréfamiðstöðva um að veita útgefendum þjónustu sína.

57) Í ljósi aukinna eignarhlutdeilda yfir landamæri og yfirfærslu verðbréfa sem efld er með þessari reglugerð, er verulega aðkallandi og mikilvægt að koma á skýrum reglum um hvaða lög gilda um eignaréttarlega þætti í tengslum við verðbréf á reikningum í vörslu verðbréfamiðstöðva. Engu að síður er þetta þverlægt málefni sem nær út fyrir gildissvið þessarar reglugerðar og hægt væri að taka á í löggjöf Sambandsins í framtíðinni.

58) Með Evrópsku siðareglunum um færsluvísun og uppgjör frá 7. nóvember 2006 eru settar valfrjálsar rammareglur til að auðvelda aðgengi milli verðbréfamiðstöðva og annarra markaðsinnviða. Samt sem áður er eftirviðskiptageirinn enn sundurleitur eftir ríkjum sem gerir viðskipti yfir landamæri óþarflega kostnaðarsöm. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um samræmd skilyrði fyrir samtengingum milli verðbréfamiðstöðva og aðgangi milli verðbréfamiðstöðva og annarra

markaðsinnviða. Til að gera verðbréfamiðstöðvum kleift að bjóða þátttakendum sínum aðgang að öðrum mörkuðum ættu þær að eiga rétt á að verða þátttakandi í annarri verðbréfamiðstöð, eða fara fram á það við aðra verðbréfamiðstöð að hún þrói sérstakt kerfi fyrir aðgang að þeirri síðarnefndu. Veita ætti slíkan aðgang með skilmálum sem eru sanngjarnir, réttmætir og án mismununar og sem eingöngu ætti að synja um ef hann ógnar snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaðanna eða veldur kerfisáhættu. Lögbær yfirvöld ættu að ráða yfir fljótvirkum og viðeigandi úrræðum til að takast á við sérhverja óréttmæta synjun verðbréfamiðstöðvar um að veita annarri verðbréfamiðstöð aðgang. Ef samtengingar verðbréfamiðstöðva fela í sér verulega áhættu fyrir uppgjör ættu þær að vera háðar leyfisveitingu og auknu eftirliti viðkomandi lögbærra yfirvalda.

59) Verðbréfamiðstöðvar ættu einnig að hafa aðgang að viðskiptagögnum frá miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi og ættu þessir markaðsinnviðir að hafa aðgang að verðbréfauppgjörskerfunum sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja. Eingöngu er heimilt að synja um slíkan aðgang ef hann ógnar snurðulausri og skipulegri stafsemi fjármálamarkaða eða veldur kerfisáhættu, og ekki má synja um hann á grundvelli taps á markaðshlutdeild.

60) Lögbær yfirvöld ættu að ráða yfir fljótvirkum og viðeigandi úrræðum til að takast á við sérhverja óréttmæta synjun verðbréfamiðstöðva eða markaðsinnviða um að veita aðgang að þjónustu sinni. Með þessari reglugerð er aðgangsfyrirkomulagið milli viðskiptavettvanga, miðlægra mótaðila og verðbréfamiðstöðva fullgert eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og í reglugerð (ESB) nr. 600/2014, sem nauðsynlegt er til að koma á samkeppnishæfum innri markaði í eftirviðskiptaþjónustu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og framkvæmdastjórnin ættu að halda áfram að fylgjast náið með þróun eftir-viðskiptainnviðanna og framkvæmdastjórnin ætti, ef nauðsyn krefur, að grípa inn í til þess að koma í veg fyrir að röskun á samkeppni á innri markaðnum eigi sér stað.

61) Traustur varfærnis- og viðskiptaháttarammi fyrir fjármálageirann ætti að hvíla á öflugu fyrirkomulagi varðandi eftirlit og viðurlög. Því ættu eftirlitsyfirvöld að hafa yfir að ráða fullnægjandi heimildum til að bregðast við hvers konar ólöglegri háttsemi og beita letjandi viðurlögum við henni. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 sem ber yfirskriftina „Efling fyrirkomulags varðandi viðurlög á sviði fjármálaþjónustu“, hefur farið fram endurskoðun á gildandi refsiheimildum og beitingu þeirra sem miðar að því að koma á samræmdum viðurlögum á öllum sviðum eftirlitsstarfsemi.

62) Til þess að tryggja að verðbréfamiðstöðvar, lánastofnanir sem tilgreindar eru sem uppgjörsaðilar, aðilar í stjórnendateymi þeirra og allir aðrir einstaklingar sem í reynd stjórna starfsemi þeirra eða sérhver einstaklingur annar fari að kröfunum í þessari reglugerð á skilvirkan hátt, ættu lögbær yfirvöld að geta beitt stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum sem eru skilvirk, hófleg og letjandi.

63) Til þess að beiting viðurlaganna sé fyrirbyggjandi og samræmd í öllum aðildarríkjunum ætti í þessari reglugerð að vera listi yfir helstu stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem þarf að vera aðgengilegur lögbærum yfirvöldum vegna valdheimildarinnar til að leggja þessi viðurlög og aðrar ráðstafanir á alla aðila, hvort heldur lögaðila eða einstaklinga, sem ábyrgð bera á broti, ásamt lista yfir lykilviðmiðanir þegar stig og tegund þessara viðurlaga og annarra ráðstafana og stig fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga er ákvarðað. Stjórnsýslusektir ættu að taka tillit til þátta á borð við staðfestan ábata sem leiddi af brotinu, alvöru og tímalengd brotsins, sérhverja aukandi eða mildandi þætti, þörfina fyrir að stjórnsýslusektir hafi varnaðaráhrif og, eftir því sem við á, fella inn í þær afslátt fyrir samvinnu við lögbært yfirvald. Með samþykkt og birtingu viðurlaga ætti að virða grundvallarréttindi sem mælt er fyrir um í Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (Sáttmálanum) einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu (7. gr.), réttinn til verndar persónuupplýsinga (8. gr.) og réttinn til að leita raunhæfra úrræða og til réttlátrar málsmeðferðar (47. gr.).

64) Til þess að greina hugsanleg brot ætti að koma á skilvirkri tilhögun sem hvetur til að hugsanleg eða raunveruleg brot á þessari reglugerð séu tilkynnt til lögbærra yfirvalda. Þessi tilhögun ætti að fela í sér fullnægjandi vernd fyrir einstaklingana sem tilkynna hugsanleg eða raunveruleg brot á þessari reglugerð, og einstaklingana sem ásakaðir eru um slík brot. Koma ætti á viðeigandi málsmeðferð til að tryggja rétt sakborningsins um vernd persónuupplýsinga, rétt til málsvarnar og að flytja mál sitt áður en tekin er endanleg ákvörðun sem hefur áhrif á þann einstakling, sem og rétt til að leita raunhæfs úrræðis fyrir dómstólum gegn hverri ákvörðun eða ráðstöfun sem varðar þann einstakling.

65) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem varða refsiviðurlög.

66) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í aðildarríkjunum samkvæmt þessari reglugerð. Öll upplýsingaskipti eða sending persónuupplýsinga af hálfu lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum ætti að fara fram í samræmi við reglurnar um flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmir samkvæmt þessari reglugerð. Öll upplýsingaskipti eða sending persónuupplýsinga sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmir ætti að vera í samræmi við reglurnar um flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 45/2001.

67) Þessi reglugerð fullnægir grundvallarréttindum og fylgir meginreglunum sem viðurkenndar eru, einkum í sáttmálanum, sér í lagi réttinum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, réttinum til verndar persónuupplýsingum, réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar, réttinum til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama afbrot, og frelsinu til atvinnurekstrar, og er skylt að beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.

68) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að gegna lykilhlutverki varðandi beitingu á þessari reglugerð með því að tryggja að lögbær landsyfirvöld beiti reglum Sambandsins með samræmdum hætti og jafni ágreining sín á milli.

69) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að leggja fram ársskýrslur til framkvæmdastjórnarinnar þar sem lagt er mat á horfur og hugsanlegar áhættur á mörkuðunum sem þessi reglugerð nær yfir. Þessar skýrslur ættu a.m.k. að innihalda mat á uppgjörsskilvirkni, innri uppgjörum, þjónustustarfsemi yfir landamæri, ástæðum höfnunar aðgangsréttar og öllum öðrum efnislegum hindrunum á samkeppni í eftir-viðskiptafjármálaþjónustu (e. *post-trade financial services*), þ.m.t. sérhverri hindrun af völdum óviðeigandi notkunar á leyfisveitingum, hversu viðeigandi viðurlög við uppgjörsbrestum eru, einkum þörfinni fyrir viðbótarsveigjanleika í tengslum við viðurlög vegna uppgjörsbrests í tengslum við fjármálagerninga með lítinn seljanleika, beitingu á reglum aðildarríkja um einkaréttarábyrgð vegna tjóna sem rekja má til verðbréfamiðstöðva, skilyrðunum fyrir veitingu á viðbótarbankaþjónustu, kröfunum varðandi vernd verðbréfa þátttakenda og skjólstæðinga þeirra, og fyrirkomulaginu varðandi viðurlög og geta, ef nauðsyn krefur, innihaldið tilmæli um fyrirbyggjandi aðgerðir eða aðgerðir til úrbóta. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti einnig, innan viðeigandi tímaramma og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, að láta fara fram jafningjarýni sem nær yfir aðgerðir lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð. Vegna kerfislegs mikilvægis verðbréfamiðstöðva og þeirrar staðreyndar að reglur eru settar um þær á vettvangi Sambandsins í fyrsta skipti, þykir rétt að krefjast þess að í upphafi fari slík jafningjaryni fram a.m.k. þriðja hvert ár í tengslum við eftirlitið með þeim verðbréfamiðstöðvum sem nýta sér frelsið til að veita þjónustu eða taka þátt í rekstrarsamhæfðum tengingum.

70) Þar eð Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á verðbréfum og verðbréfamörkuðum er bæði skilvirkt og viðeigandi að fela henni að semja drög að tæknilegum eftirlits- og framkvæmdarstöðlum, sem ekki fela í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Þegar svo er tilgreint ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig að starfa náið með aðilunum í seðlabankakerfi Evrópu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

71) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, að því er varðar ítarlega þætti í ráðstöfununum til að bæta ögun í uppgjöri, skýrslugjöf um innra uppgjör, upplýsingar og aðra þætti sem verðbréfamiðstöð á að taka með í umsókn sinni um starfsleyfi, skilyrðin fyrir að lögbær yfirvöld verðbréfamiðstöðva geti samþykkt hlutdeild þeirra í eigin fé tiltekinna lögaðila, upplýsingarnar sem mismunandi yfirvöld skulu veita hvert öðru við eftirlit með verðbréfamiðstöðvum, upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöðin, sem sækir um, skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í umsókn sinni um viðurkenningu, þætti í stjórnarháttum fyrir verðbréfamiðstöðvar, atriði í skránum sem verðbréfamiðstöðvar eiga að halda, áhætturnar sem verðbréfamiðstöðvar eiga að taka tillit til þegar þær framkvæma heildaráhættumat og lögbær yfirvöld þegar þau leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun á beiðni um aðgang, þætti í málsmeðferðinni fyrir aðgangi þátttakenda og útgefenda að verðbréfamiðstöðvum, aðgangi milli verðbréfamiðstöðva og milli verðbréfamiðstöðva og annarra markaðsinnviða, atriði í ráðstöfunum sem verðbréfamiðstöðvar eiga að gera til að viðhalda heilindum í útgáfunni, mildun á rekstrar- og fjárfestingaráhættum og áhættum sem stafa af samtengingum verðbréfamiðstöðva, atriði í eiginfjárkröfunum fyrir verðbréfamiðstöðvar, atriði í umsókn um heimild til að veita viðbótar bankaþjónustu, auka eiginfjárkröfurnar og varfærniskröfurnar vegna útlána- og lausafjáráhættu fyrir verðbréfamiðstöðvar og tilnefndar lánastofnanir sem heimilað er að veita viðbótarbankaþjónustu.

72) Framkvæmdastjórninni ætti einnig að vera falið vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 að því er varðar stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir skýrslugjöf um innra uppgjör, fyrir umsókn verðbréfamiðstöðva um starfsleyfi, fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar milli mismunandi lögbærra yfirvalda að því er varðar eftirlit með verðbréfamiðstöðvum, fyrir viðeigandi samstarfsfyrirkomulag milli yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum, fyrir framsetningu á skrám sem verðabréfamiðstöðvar eiga að geyma, fyrir málsmeðferð í þeim tilvikum þegar þátttakanda eða útgefanda er synjað um aðgang að verðbréfamiðstöð, verðbréfamiðstöðvum er synjað um aðgang hver að annarri eða að öðrum markaðsinnviðum, og fyrir samráð mismunandi yfirvalda áður en uppgjörsaðila er veitt starfsleyfi.

73) Til þess að ná markmiðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) að því er varðar tiltekin atriði varðandi nokkrar skilgreiningar, kennistærðir fyrir útreikning á fjársektum vegna þátttakenda sem valda uppgjörsbrestum, viðmiðanir fyrir því að starfsemi verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríki teljist verulega mikilvæg fyrir það aðildarríki. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

74) Til þess að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmdinni á þessari reglugerð ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að taka ákvarðanir um matið á reglum frá þriðju löndum í þeim tilgangi að viðurkenna verðbréfamiðstöðvar þriðju landa. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([1]).

75) Þegar lagt er mat á viðeigandi reglur þriðju landa ætti að taka mið af hlutfallslegri, árangurstengdri aðferð, með áherslu á reglufylgni við gildandi reglur Sambandsins og, þar sem við á, alþjóðastaðla. Einnig má veita skilyrta viðurkenningu eða bráðabirgðaviðurkenningu, svo fremi engin svæði séu verulega frábrugðin hvert öðru sem myndi fyrirsjáanlega hafa skaðleg áhrif á markaði Sambandsins.

76) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar kröfur fyrir uppgjör sem og fyrir verðbréfamiðstöðvar, og þeim verður þar af leiðandi, vegna umfangs aðgerðarinnar, betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

77) Nauðsynlegt er að breyta tilskipun 98/26/EB til að hún verði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB ([1]), þar sem tilnefnd verðbréfauppgjörskerfi eru ekki lengur tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar heldur til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

78) Með tilliti til þeirrar staðreyndar að í þessari reglugerð eru ráðstafanirnar til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti samræmdar á vettvangi Sambandsins og hún hefur víðara gildissvið fyrir slíkar ráðstafanir en reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([2]), er nauðsynlegt að fella úr gildi 15. gr. þeirrar reglugerðar.

79) Undanskilja ætti verðbréfamiðstöðvar frá beitingu tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 þegar þær veita þjónustu sem sérstaklega er skráð í þessari reglugerð. Til þess að tryggja að allir aðilar sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi falli undir tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og til að komast hjá röskun á samkeppni milli mismunandi tegunda veitenda slíkrar þjónustu, er þó nauðsynlegt að krefjast þess að verðbréfamiðstöðvar sem veita fjárfestingarþjónusta eða stunda fjárfestingarstarfsemi falli, í tengslum við viðbótarþjónustu sína, undir kröfurnar í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

80) Fresta ætti beitingu á kröfunum fyrir leyfisveitingu og viðurkenningu í þessari reglugerð til að gefa verðbréfamiðstöðvum, með staðfestu í Sambandinu eða þriðju löndum, nægjanlegan tíma til að sækja um starfsleyfi og viðurkenningu á starfsemi sinni sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þar til ákvörðun er tekin samkvæmt þessari reglugerð um leyfisveitinguna og viðurkenninguna á verðbréfamiðstöðvum og starfsemi þeirra, þ.m.t. samtengingum verðbréfamiðstöðva, ættu viðkomandi landsreglur um starfsleyfi og viðurkenningu verðbréfamiðstöðva að gilda áfram.

81) Einnig er nauðsynlegt að fresta beitingu á kröfunum varðandi meiri aga í uppgjöri og kröfum varðandi kvöð um skýrslugjöf uppgjörsinnmiðlara þangað til allar nauðsynlegar framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir, þar sem slíkar kröfur eru tilgreindar nánar eru fyrir hendi, og á kröfunum um skráningu tiltekinna framseljanlegra verðbréfa á rafrænu formi og uppgjörsskuldbindinga í verðbréfauppgjörskerfum eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir viðskiptin til þess að veita markaðsaðilum, með eignarhlut í verðbréfum á pappír eða sem nota lengra uppgjörstímabil, nægjanlegan tíma til að fara að þessum kröfum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar kröfur fyrir uppgjör fjármálagerninga í Sambandinu og reglur um skipulagningu og háttsemi verðbréfamiðstöðva (CSDs) til að stuðla að öruggu, skilvirku og snurðulausu uppgjöri.

2. Þessi reglugerð gildir um uppgjör allra fjármálagerninga og starfsemi verðbréfamiðstöðva nema annað sé tilgreint í þessari reglugerð.

3. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ákvæði í lögum Sambandsins varðandi tiltekna fjármálagerninga, einkum tilskipun 2003/87/EB.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 98/26/EB, 2002/87/EB, 2003/6/EB, 2003/41/EB, 2003/71/EB, 2004/39/EB, 2004/109/EB, 2005/60/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2009/65/EB að því er varðar valdheimildir evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 120).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

4. Ákvæði 10. –20. gr., 22. –24. gr. og 27. gr., 28. gr. (6. mgr.), 30. gr. (4. mgr.) og 46. og 47. gr., ákvæði IV. bálks og kröfurnar um tilkynningarskyldu til lögbærra yfirvalda eða viðeigandi yfirvalda eða um að fara að fyrirmælum þeirra samkvæmt þessari reglugerð, gilda ekki um aðila að seðlabankakerfi Evrópu, aðra landsbundna aðila aðildarríkjanna sem hafa svipuðu hlutverki að gegna eða aðra opinbera aðila sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun á opinberum skuldum í Sambandinu í tengslum við verðbréfamiðstöð sem fyrrnefndir aðilar stjórna beint á ábyrgð sama stjórnendateymis, sem hefur aðgang að fjármunum þessara aðila og ekki er aðgreind eining.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „verðbréfamiðstöð“: lögaðili sem starfrækir verðbréfauppgjörskerfi sem um getur í 3. lið A-þáttar viðaukans og veitir a.m.k. eina aðra kjarnaþjónustu af þeim sem taldar eru upp í A-þætti viðaukans,

2) „verðbréfamiðstöð þriðja lands“: lögaðili með staðfestu í þriðja landi sem veitir svipaða þjónustu og kjarnaþjónustan sem um getur í 3. lið A-þáttar viðaukans og innir af hendi a.m.k. eina aðra kjarnaþjónustu af þeim sem taldar eru upp í A-þætti viðaukans,

3) „vörslusetning“: söfnun á efnislegum verðbréfum á einn stað í verðbréfamiðstöð þannig að eftir það er hægt að framkvæma yfirfærslur rafrænt,

4) „óefnislegt form“: sú staðreynd að fjármálagerningar eru eingöngu til sem rafrænar færslur,

5) „viðtökuverðbréfamiðstöð“: verðbréfamiðstöð sem fær beiðni frá annarri verðbréfamiðstöð um aðgang að þjónustu hennar í gegnum samtengingu verðbréfamiðstöðva,

6) „verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs“: verðbréfamiðstöð sem sækir um aðgang að þjónustu annarrar verðbréfamiðstöðvar í gegnum samtengingu verðbréfamiðstöðva,

7) „uppgjör“: lyktir verðbréfaviðskipta sem gerð eru í þeim tilgangi að standa við skuldbindingar aðilanna að viðskiptunum með yfirfærslu á peningahluta eða verðbréfum, eða hvort tveggja,

8) „fjármálagerningar“ eða „verðbréf“: fjármálagerningar eins og skilgreint er í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

9) „fyrirmæli“: fyrirmæli eins og skilgreint er í öðrum undirlið i- liðar 2. gr. tilskipunar 98/26/EB,

10) „verðbréfauppgjörskerfi“: kerfi samkvæmt fyrsta, öðrum og þriðja undirlið a-liðar 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, sem ekki er rekið af miðlægum mótaðila með starfsemi sem felur í sér framkvæmd fyrirmæla,

11) „uppgjörsinnmiðlari“: sérhver stofnun, þ.m.t. með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2014/65/ESB, sem framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina eða fyrir eigin reikning á annan hátt en í gegnum verðbréfauppgjörskerfi,

12) „ætlaður uppgjörsdagur“: dagsetningin sem færð er inn sem uppgjörsdagur í verðbréfauppgjörskerfið, og aðilarnir að verðbréfaviðskiptunum hafa sammælst um,

13) „uppgjörstímabil“: tíminn milli dagsetningar viðskipta og ætlaðs uppgjörsdags,

14) „viðskiptadagur“: viðskiptadagur eins og skilgreint er í n-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB,

15) „uppgjörsbrestur“: uppgjör sem ekki á sér stað, eða uppgjör verðbréfaviðskipta að hluta á ætluðum uppgjörsdegi, vegna skorts á verðbréfum eða peningum og án tillits til undirliggjandi ástæðu,

16) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

17) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem sérhvert aðildarríki tilnefnir í samræmi við 11. gr. nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,

18) „viðeigandi yfirvald“: hvert það stjórnvald sem um getur í 12. gr.,

19) „þátttakandi“: hver þátttakandi eins og skilgreint er í f-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, sem tekur þátt í verðbréfa-uppgjörskerfi,

20) „hlutdeild“: hlutdeild í skilningi fyrstu setningar 2. liðar 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, eða eignarhald, beint eða óbeint, á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fé félags,

21) „yfirráð“: sambandið milli tveggja félaga eins og lýst er í 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

22) „dótturfélag“: dótturfélag í skilningi 10. mgr. 2. gr. og 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

23) „heimaaðildarríki“: aðildarríki þar sem verðbréfamiðstöð er með staðfestu,

24) „gistiaðildarríki“: aðildarríki, annað en heimaaðildarríkið, þar sem verðbréfamiðstöð er með útibú eða veitir verðbréfamiðstöðvarþjónustu,

25) „útibú“: starfsstöð, önnur en höfuðstöðvar, sem er hluti af verðbréfamiðstöð, sem ekki er með réttarstöðu lögaðila og veitir þjónustu á grundvelli starfsleyfis verðbréfamiðstöðvarinnar,

26) „greiðslufall“ í tengslum við þátttakanda: aðstæður þegar málsmeðferð vegna ógjaldfærni, eins og skilgreint er í j-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, er hafin gagnvart þátttakanda,

27) “afhending gegn greiðslu”: tilhögun verðbréfauppgjörs sem tengir yfirfærslu á verðbréfum við yfirfærslu á peningahluta á þann hátt að afhending verðbréfa á sér stað ef og aðeins ef samsvarandi yfirfærsla á peningahluta á sér stað og öfugt,

28) „verðbréfareikningur“: reikningur sem hægt er að leggja verðbréf inn á eða taka út af,

29) „samtenging verðbréfamiðstöðva”: fyrirkomulag milli verðbréfamiðstöðva, þar sem ein verðbréfamiðstöð verður þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi annarrar verðbréfamiðstöðvar til þess að auðvelda yfirfærslu verðbréfa frá þátttakendum, sem aðild eiga að síðarnefndu verðbréfamiðstöðinni, til þátttakenda, sem aðild eiga að fyrrnefndu verð-bréfamiðstöðinni, eða fyrirkomulag þar sem verðbréfamiðstöð fær óbeinan aðgang að annarri verðbréfamiðstöð í gegnum millilið. Samtengingar verðbréfamiðstöðva taka til staðlaðra tenginga, sérsniðinna tenginga, óbeinna tenginga og rekstrarsamhæfðra tenginga,

30) „stöðluð tenging“: samtenging verðbréfamiðstöðva, þar sem verðbréfamiðstöð verður þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi annarrar verðbréfamiðstöðvar samkvæmt sömu skilmálum og skilyrðum og þeim sem við eiga um sérhvern annan þátttakanda í verðbréfauppgjörskerfi sem stafrækt er af þeirri síðarnefndu,

31) „sérsniðin tenging“: samtenging verðbréfamiðstöðva, þar sem verðbréfamiðstöð sem verður þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi annarrar verðbréfamiðstöðvar er veitt tiltekin viðbótarþjónusta við þá þjónustu sem sú verðbréfamiðstöð veitir venjulega þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfinu,

32) „óbein tenging“: fyrirkomulag milli verðbréfamiðstöðvar og þriðja aðila, sem ekki er verðbréfamiðstöð, en er þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi annarrar verðbréfamiðstöðvar. Verðbréfamiðstöð kemur slíkri tengingu á til þess að auðvelda yfirfærslu á verðbréfum til þátttakenda sinna frá þátttakendunum í annarri verðbréfamiðstöð,

33) „rekstrarsamhæfð tenging“: samtenging verðbréfamiðstöðva, þar sem verðbréfamiðstöðvar samþykkja að koma á sameiginlegum tæknilausnum fyrir uppgjör í verðbréfauppgjörskerfunum sem þær starfrækja,

34) „alþjóðlegir opnir samskiptaferlar og -staðlar“: alþjóðlega viðurkenndir staðlar fyrir samskiptaferla, á borð við snið fyrir staðlaðar skeytasendingar og staðlaða framsetningu á gögnum, sem eru tiltæk sérhverjum hagsmunaaðila á sanngjörnum, opnum grunni og án mismununar,

35) „framseljanleg verðbréf“: framseljanleg verðbréf eins og skilgreint er í 44. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

36) „hlutabréf“: verðbréf sem tilgreind eru í 44. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

37) „peningamarkaðsgerningar“: peningamarkaðsgerningar eins og skilgreint er í 17. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

38) „hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu“: hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eins og um getur í 3. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,

39) „losunarheimild“: heimild til losunar eins og lýst er í 11. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, að undanskildum afleiðum af losunarheimildum,

40) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður eins og skilgreint er í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

41) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og skilgreint er í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

42) „viðskiptavettvangur“: viðskiptavettvangur eins og skilgreint er í 24. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

43) „uppgjörsaðili“: uppgjörsaðili eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB,

44) „vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME)“: vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki eins og skilgreint er í 12. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

45) „stjórn“: stjórn eða stjórnir verðbréfamiðstöðvar, tilnefndar í samræmi við landslög, sem falið er vald til að setja verðbréfamiðstöðinni stefnuáætlun, markmið og heildarstefnu, og sem hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjórnar og hafa á að skipa einstaklingum sem í reynd stýra rekstri verðbréfamiðstöðvarinnar.

Þegar stjórn, samkvæmt landslögum, samanstendur af mismunandi aðilum með tiltekið hlutverk, skulu kröfurnar í þessari reglugerð eingöngu eiga við um aðila í stjórninni sem hefur verið úthlutað hlutaðeigandi ábyrgð samkvæmt viðeigandi landslögum,

46) „framkvæmdastjórn“: þeir einstaklingar sem gegna framkvæmdarhlutverki innan verðbréfamiðstöðvar og eru ábyrgir gagnvart stjórn fyrir daglegri stjórnun á þeirri verðbréfamiðstöð.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 67. gr. varðandi ráðstafanir til að tilgreina nánar viðbótarþjónustuna, aðra en bankaþjónustu, sem sett er fram í 1.–4. lið B-þáttar viðaukans og viðbótarbankaþjónustuna sem sett er fram í C-þætti viðaukans.

II. BÁLKUR

VERÐBRÉFAUPPGJÖR

I. KAFLI

Rafrænt form

3. gr.

Rafrænt form

1. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. skal útgefandi með staðfestu í Sambandinu sem gefur út eða hefur gefið út framseljanleg verðbréf sem tekin eru til viðskipta, eða viðskipti eru stunduð með á viðskiptavettvöngum, sjá til þess að slík verðbréf séu skráð á rafrænu formi sem vörslusett eða til síðari beinnar útgáfu á óefnislegu formi.

2. Þegar viðskipti með framseljanleg verðbréf fara fram á viðskiptavettvangi skulu viðkomandi verðbréf skráð á rafrænu formi í verðbréfamiðstöð á eða fyrir ætlaðan uppgjörsdag nema þau hafi þegar verið skráð þannig.

Þegar framseljanleg verðbréf eru yfirfærð í framhaldi af fjárhagslegri tryggingarráðstöfun, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/47/EB, skulu þessi verðbréf skráð á rafrænu formi í verðbréfamiðstöð á eða fyrir ætlaðan uppgjörsdag nema þau hafi þegar verið skráð þannig.

4. gr.

Framfylgd

1. Yfirvöldin í aðildarríkinu þar sem útgefandinn sem gefur út verðbréf er með staðfestu, skulu tryggja að 1. mgr. 3. gr. sé beitt.

2. Yfirvöld sem eru lögbær eftirlitsaðili með viðskiptavettvöngum, þ.m.t. lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB [1], skulu tryggja að fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar sé beitt þegar viðskipti fara fram með verðbréfin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, á viðskiptavettvöngum.

3. Yfirvöld aðildarríkja sem ábyrg eru fyrir því að tilskipun 2002/47/EB sé beitt skulu tryggja að annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar sé beitt þegar verðbréfin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, eru yfirfærð í framhaldi af fjárhagslegri tryggingarráðstöfun eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/47/EB.

[1] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

II. KAFLI

Uppgjörstímabil

5. gr.

Ætlaður uppgjörsdagur

1. Sérhver þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi sem gerir upp í því kerfi, fyrir eigin reikning eða fyrir hönd þriðja aðila, viðskipti með framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga, hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og losunarheimildir, skal gera þessi viðskipti upp á ætluðum uppgjörsdegi.

2. Að því er varðar viðskipti með framseljanleg verðbréf sem um getur í 1. mgr., sem framkvæmd eru á viðskiptavettvöngum, skal ætlaður uppgjörsdagur eigi vera síðar en annar viðskiptadagur eftir að viðskiptin eiga sér stað. Þessi krafa skal ekki gilda um viðskipti sem samið er um á einkagrundvelli en fram fara á viðskiptavettvangi, viðskipti sem fram fara tvíhliða en tilkynnt viðskiptavettvangi, eða fyrstu viðskipti þar sem viðkomandi framseljanleg verðbréf falla undir upphaflega skráningu á rafrænu formi skv. 2. mgr. 3. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að 1. mgr. sé beitt.

Yfirvöldin sem eru lögbær eftirlitsaðili með viðskiptavettvöngum skulu tryggja að 2. mgr. sé beitt.

III. KAFLI

Ögun í uppgjöri

6. gr.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir uppgjörsbresti

1. Viðskiptavettvangar skulu koma á verklagi sem gerir kleift að staðfesta viðeigandi atriði varðandi viðskipti með fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 5. gr., þann dag sem viðskiptin fóru fram.

2. Þrátt fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki, með starfsleyfi skv. 5. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eftir atvikum, gera ráðstafanir til að takmarka fjölda uppgjörsbresta.

Slíkar ráðstafanir skulu a.m.k. samanstanda af fyrirkomulagi milli verðbréfafyrirtækisins og fagfjárfesta þess eins og um getur í II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, til að tryggja skjóta tilkynningu um ráðstöfun verðbréfa á viðskiptin, staðfestingu á þeirri ráðstöfun og staðfestingu á samþykkt eða höfnun skilmálanna með góðum fyrirvara fyrir ætlaðan uppgjörsdag.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, gefa út leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, um staðlaðar verklags- og samskiptareglur fyrir tilkynningar sem nota á til að hlíta annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

3. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, koma á verklagi sem auðveldar uppgjör viðskipta með fjármálagerninga, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., á ætluðum uppgjörsdegi með lágmarksáhættu fyrir þátttakendur hennar vegna mótaðila- og lausafjáráhættu og lágu hlutfalli uppgjörsbresta. Hún skal hvetja til tímanlegs uppgjörs á ætluðum uppgjörsdegi með viðeigandi tilhögun.

4. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, koma á kerfi til að hvetja og örva þátttakendur sína til tímanlegs uppgjörs viðskipta. Verðbréfamiðstöðvar skulu krefja þátttakendur um að gera upp viðskipti sín á ætluðum uppgjörsdegi.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina ráðstafanirnar sem verðbréfafyrirtæki eiga að gera í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr., nákvæmar verklagsreglur til að auðvelda uppgjör sem um getur í 3. mgr., sem og nákvæma lýsingu aðferðunum til að hvetja og örva til tímanlegs uppgjörs viðskipta sem um getur í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. gr.

Ráðstafanir til að takast á við uppgjörsbresti

1. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, koma á kerfi sem vaktar uppgjörsbresti í viðskiptum með fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 5. gr. Hún skal reglulega senda lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum skýrslu um fjölda uppgjörsbresta og einkenni þeirra, sem og sérhverjar aðrar mikilvægar upplýsingar, þ.m.t. fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfamiðstöðva og þátttakenda í þeim til að bæta skilvirkni uppgjöra. Verðbréfamiðstöðvar skulu árlega gera þessar skýrslur opinberar á samanteknu og nafnlausu formi. Lögbær yfirvöld skulu deila með Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni öllum mikilvægum upplýsingum um uppgjörsbresti.

2. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, koma á verklagi sem auðveldar uppgjör viðskipta með fjármálagerninga, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og ekki eru gerð upp á ætluðum uppgjörsdegi. Þetta verklag skal fela í sér tilhögun viðurlaga sem á skilvirkan hátt skulu virka fyrirbyggjandi á þátttakendur sem valda uppgjörsbrestum.

Áður en verklaginu sem um getur í fyrsta undirlið er komið á skal verðbréfamiðstöðin ráðfæra sig við viðkomandi viðskiptavettvanga og miðlæga mótaðila að því er varðar uppgjörsþjónustuna sem hún veitir þeim.

Tilhögun viðurlaga, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal fela í sér fjársektir á þátttakendur sem valda uppgjörsbrestum („þátttakendur, sem ekki standa við skuldbindingar sínar“). Daglega skal reikna út fjársektir fyrir hvern viðskiptadag þegar viðskipti eru ekki gerð upp, eftir ætlaðan uppgjörsdag þeirra til loka uppgjörskaupaferlisins, sem um getur í 3. mgr., en þó ekki lengur en til raunverulegs uppgjörsdags. Fjársektir skulu ekki hugsaðar sem tekjuuppspretta fyrir verðbréfamiðstöðina.

3. Án þess að hafa áhrif á tilhögun sekta sem um getur í 2. mgr. og réttinn til að rifta viðskiptunum tvíhliða, þegar þátttakandi sem vanrækir skuldbindingar sínar afhendir ekki fjármálagerninginn sem um getur í 1. mgr. 5. gr., til þátttakandans, sem er viðtakandi, innan fjögurra viðskiptadaga eftir ætlaðan uppgjörsdag („framlengingartímabil“), skulu uppgjörskaup virkjuð, þar sem þessir gerningar skulu vera tiltækir til uppgjörs og afhentir þátttakandanum, sem er viðtakandi, innan viðeigandi tímaramma.

Þegar viðskiptin tengjast fjármálagerningi sem viðskipti eru með á vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, skal framlengingartímabilið vera 15 dagar nema vaxtarmarkaðurinn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ákveði að láta skemmra tímabil gilda.

4. Eftirfarandi undanþágur frá kröfunum sem um getur í 3. mgr. skulu gilda:

a) á grundvelli tegundar eignar og seljanleika viðkomandi fjármálagerninga er heimilt að lengja framlengingartímabilið úr fjórum viðskiptadögum í að hámarki sjö viðskiptadaga ef skemmra framlengingartímabil myndi hafa áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi hlutaðeigandi fjármálamarkaða,

b) fyrir færslur sem samanstanda af nokkrum viðskiptum, þ.m.t. samningum um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingar skal uppgjörskaupaferlið, sem um getur í 3. mgr. ekki eiga við ef tímaramminn fyrir þessar athafnir er nægjanlega skammur og gerir uppgjörskaupaferlið óvirkt.

5. Án þess að hafa áhrif á 7. mgr. skulu undanþágurnar sem um getur í 4. mgr., ekki eiga við í tengslum við færsluvísun vegna viðskipta með hlutabréf ef hún fer fram fyrir milligöngu miðlægs mótaðila.

6. Án þess að hafa áhrif á tilhögun viðurlaga sem um getur í 2. mgr. gildir að þegar verðið á hlutabréfunum, sem samkomulag er um á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað, er hærra en verðið sem greitt er fyrir framkvæmdina á uppgjörskaupunum, skal samsvarandi mismunur greiddur af þátttakandanum, sem vanrækir skuldbindingar sínar, til þátttakandans, sem er viðtakandi, eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir að fjármálagerningarnir hafa verið afhentir í framhaldi af uppgjörskaupunum.

7. Ef uppgjörskaupin mistakast eða eru ekki möguleg getur þátttakandinn, sem er viðtakandi, valið að fá greiddar bætur í peningum eða frestað framkvæmd uppgjörskaupanna til hentugs dags síðar („frestunartímabil“). Ef viðkomandi fjármálagerningar eru ekki afhentir þátttakandanum, sem er viðtakandi, við lok frestunartímabilsins skal greiða bætur í peningum.

Bætur í peningum skulu greiddar þátttakandanum, sem er viðtakandi, eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir lok annaðhvort uppgjörskaupaferlisins sem um getur í 3. mgr., eða frestunartímabilsins, þegar frestunartímabilið er valið.

8. Þátttakandi sem ekki stendur við skuldbindingar sínar skal endurgreiða einingunni sem framkvæmir uppgjörskaupin allar fjárhæðir, sem greiddar eru í samræmi við 3., 4. og 5. mgr., þ.m.t. sérhverja framkvæmdaþóknun sem leiðir af uppgjörskaupunum. Upplýsa skal þátttakendurna með skýrum hætti um slík gjöld.

9. Verðbréfamiðstöðvar, miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar skulu koma á verklagi sem gerir þeim kleift, í samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, að loka tímabundið á sérhvern þátttakanda sem stöðugt og skipulega vanrækir að afhenda fjármálagerningana, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., á ætluðum uppgjörsdegi og birta opinberlega auðkenni hans, þó aðeins eftir að hafa gefið þeim þátttakanda tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar og að því tilskildu að lögbær yfirvöld verðbréfamiðstöðvanna, miðlægu mótaðilanna og viðskiptavettvanganna, og þátttakandans, hafi verið upplýst með viðeigandi hætti. Auk þess að hafa samráð á undan hverri tímabundinni lokun skulu verðbréfamiðstöðvar, miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar tilkynna, án tafar, hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum um tímabundna lokun á þátttakanda. Lögbært yfirvald skal þegar í stað upplýsa viðeigandi yfirvöld um tímabundna lokun á þátttakanda.

Opinber birting um tímabundnar lokanir skal ekki hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

10. Ákvæði 2.–9. gr. gilda um öll viðskipti með fjármálagerningana sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sem teknir eru til viðskipta eða viðskipti eru stunduð með á viðskiptavettvangi, eða færsluvísun fer fram fyrir milligöngu miðlægs mótaðila á eftirfarandi hátt:

a) fyrir viðskipti þar sem færsluvísun fer fram fyrir milligöngu miðlægs mótaðila skal sá miðlægi mótaðili vera einingin sem framkvæmdir uppgjörskaupin skv. 3.–8. mgr.,

b) fyrir viðskipti þar sem færsluvísun fer ekki fram fyrir milligöngu miðlægs mótaðila en eru framkvæmd á viðskiptavettvangi skal viðskiptavettvangurinn fella inn í innri reglur sínar skuldbindingu fyrir aðila og þátttakendur sína um að beita ráðstöfununum sem um getur í 3.–8. mgr.,

c) fyrir öll viðskipti, önnur en þau sem um getur í a- og b-lið þessa undirliðar, skulu verðbréfamiðstöðvar fella inn í innri reglur sínar skuldbindingu fyrir þátttakendur sína um að falla undir ráðstafanirnar sem um getur í 3.–8. mgr.

Verðbréfamiðstöð skal veita miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum nauðsynlegar uppgjörsupplýsingar svo þeir geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein.

Án þess að hafa áhrif á a-, b- og c-lið í fyrsta undirlið geta verðbréfamiðstöðvar haft eftirlit með framkvæmd uppgjörskaupanna sem um getur í þessum liðum, að því er varðar mörg uppgjörsfyrirmæli fyrir sömu fjármálagerninga og með sömu lokadagsetningu framkvæmdartímabilsins, í þeim tilgangi að lágmarka fjölda uppgjörskaupa sem framkvæmd eru og þar með áhrifin á verð viðkomandi fjármálagerninga.

11. Ákvæði 2.–9. mgr. gilda ekki um þátttakendur, sem ekki standa við skuldbindingar sínar, og eru miðlægir mótaðilar.

12. Ákvæði 2.–9. gr. gilda ekki ef málsmeðferð vegna ógjaldfærni er hafin gagnvart þátttakanda, sem ekki stendur við skuldbindingar sínar.

13. Þessi grein gildir ekki ef meginvettvangurinn fyrir viðskipti með hlutabréf er í þriðja landi. Staðsetning á meginvettvanginum fyrir viðskipti með hlutabréf skal ákveðin í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012.

14. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 67. gr. sem tilgreina mæliþætti fyrir útreikning á fyrirbyggjandi og hlutfallslegu stigi fjársekta sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr., á grundvelli tegundar eignar og seljanleika fjármálagerningsins og tegundar viðskipta, sem tryggja skal hátt stig ögunar í uppgjöri viðskipta og snurðulausa og skipulega starfsemi hlutaðeigandi fjármálamarkaða.

15. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) atriði í kerfinu sem vaktar uppgjörsbresti og tilkynningarnar um uppgjörsbresti sem um getur í 1. mgr.,

b) ferli við að innheimta og endurúthluta fjársektum og sérhverjum öðrum mögulegum afrakstri slíkra viðurlaga í samræmi við 2. mgr.,

c) atriði í færslum viðeigandi uppgjörskaupaferla, sem um getur í 3.–8. mgr., þ.m.t. viðeigandi tímaramma fyrir afhendingu fjármálagerningsins í framhaldi af uppgjörskaupaferlinu sem um getur í 3. mgr. Slíkir tímarammar skulu reiknaðir út með tilliti til tegundar eignarinnar og seljanleika fjármálagerningsins,

d) aðstæður þar sem framlengingartímabilið gæti verið framlengt samkvæmt tegund eignar og seljanleika fjármálagerningsins, í samræmi við skilyrðin sem um getur í a-lið 4. mgr., og með tilliti til viðmiðunarinnar fyrir mati á seljanleika skv. 17. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

e) tegundir færslna og sértækan tímaramma þeirra, sem um getur í b-lið 4. mgr., sem gerir uppgjörskaup óvirk,

f) aðferðafræði fyrir útreikninginn á bótum í peningum sem um getur 7. mgr.,

g) skilyrði fyrir að þátttakandi sé talinn vanrækja, stöðugt og skipulega, að afhenda fjármálagerningana eins og um getur í 9. mgr., og

h) nauðsynlegar uppgjörsupplýsingar sem um getur í annarri undirgrein 10. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. gr.

Framfylgd

1. Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar sem starfrækir verðbréfauppgjörskerfi, viðeigandi yfirvald sem er ábyrgt fyrir yfirsýn yfir viðkomandi verðbréfauppgjörskerfi, sem og lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með viðskiptavettvöngum, verðbréfafyrirtækjum og miðlægum mótaðilum, skulu vera bær til að tryggja að stofnanirnar sem heyra undir eftirlit þeirra beiti 6. og 7. gr. og til að vakta viðurlögin sem lögð eru á. Ef nauðsyn krefur skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld vinna náið saman. Aðildarríki skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um tilnefnd lögbær yfirvöld sem eru hluti af eftirlitsskipulagi á landsstigi.

2. Til þess að tryggja samræmda, skilvirka og árangursríka eftirlitsframkvæmd innan Sambandsins í tengslum við 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, gefið út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Brot á reglunum í þessum bálki skulu ekki hafa áhrif á lögmæti einkasamnings um fjármálagerninga eða möguleika aðilanna á að framfylgja ákvæðunum í einkasamningi um fjármálagerninga.

IV. KAFLI

Innra uppgjör

9. gr.

Uppgjörsinnmiðlarar

1. Uppgjörsinnmiðlarar skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum staðfestustaðar síns ársfjórðungslega um samanlagt umfang og virði allra viðskipta sem þeir gera upp utan verðbréfauppgjörskerfa.

Lögbær yfirvöld skulu án tafar senda upplýsingarnar, sem þau fá samkvæmt fyrstu undirgrein, til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um sérhverja mögulega áhættu sem stafar af þeirri uppgjörsstarfsemi.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina frekar efni slíkra tilkynninga.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir tilkynningar og sendingu upplýsinga sem um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

III. BÁLKUR

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR

I. KAFLI

Leyfisveiting og eftirlit með verðbréfamiðstöðvum

1. þáttur

Yfirvöld sem ábyrgð bera á leyfisveitingu og eftirliti með verðbréfamiðstöðvum

10. gr.

Lögbært yfirvald

Án þess að hafa áhrif á yfirsýn aðilanna í seðlabankakerfi Evrópu sem um getur í 1. mgr. 12. gr., skal leyfisveiting og eftirlit með verðbréfamiðstöð vera í höndum lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki þess.

11. gr.

Tilnefning lögbærs yfirvalds

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að annast skyldur samkvæmt þessari reglugerð vegna leyfisveitingar og eftirlits með verðbréfamiðstöðvum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess og skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það.

Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald skal það ákveða hlutverk hvers og eins þeirra og útnefna eitt yfirvald til að vera ábyrgt fyrir samvinnu við lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja, viðeigandi yfirvöld, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, þegar sérstaklega er um það getið í þessari reglugerð.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlits- og rannsóknarvaldheimildir sem nauðsynlegar eru til að þau geti sinnt hlutverki sínu.

12. gr.

Viðeigandi yfirvöld

1. Eftirfarandi yfirvöld skulu taka þátt í leyfisveitingu og eftirliti með verðbréfamiðstöðvum þegar sérstaklega er um það getið í þessari reglugerð:

a) yfirvaldið sem á að hafa yfirsýn yfir verðbréfauppgjörskerfið sem verðbréfamiðstöðin í aðildarríkinu starfrækir, þar sem lög eiga við um það verðbréfauppgjörskerfi,

b) seðlabankarnir í Sambandinu, sem gefa út mikilvægustu uppgjörsgjaldmiðlana,

c) þar sem við á, sá seðlabanki í Sambandinu þar sem peningahluti verðbréfauppgjörskerfis, sem starfrækt er af verðbréfamiðstöð, er gerður upp.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir viðeigandi yfirvöld sem um getur 1. mgr.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skilyrðin fyrir því hvaða gjaldmiðlar Sambandsins, sem um getur í b-lið 1. mgr., séu taldir mikilvægastir, og fyrir skilvirku hagkvæmu fyrirkomulagi fyrir samráð viðeigandi yfirvalda sem um getur í b- og c-lið þeirrar málsgreinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld, viðeigandi yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu, samkvæmt beiðni og án ástæðulausrar tafar, láta hvert öðru í té upplýsingar sem þau þarfnast til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

2. Lögbær yfirvöld, viðeigandi yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og aðrir aðilar eða einstaklingar og lögaðilar sem taka við trúnaðarupplýsingum við skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð skulu eingöngu nota þær við skyldustörf sín.

14. gr.

Samstarf milli yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld, viðeigandi yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu starfa náið saman, þ.m.t. með því að skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum vegna beitingar á þessari reglugerð. Slíkt samstarf skal, eftir því sem við á, taka til annarra opinberra yfirvalda og stofnana, einkum þeirra sem komið hefur verið á fót eða tilnefndar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

Til þess að tryggja samræmda, skilvirka og árangursríka eftirlitsframkvæmd innan Sambandsins, þ.m.t. samstarf milli lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda við mismunandi mat sem nauðsynlegt er fyrir beitingu á þessari reglugerð, getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, gefið út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbær yfirvöld skulu, við almenn skyldustörf sín, taka til athugunar með viðeigandi hætti möguleg áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfisins í öllum öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum, einkum í neyðarástandi sem um getur í 15. gr., á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

15. gr.

Neyðarástand

Án þess að hafa áhrif á tilkynningarskylduna sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 98/26/EB, skulu lögbær yfirvöld og viðeigandi yfirvöld tafarlaust upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, Evrópska kerfisáhætturáðið, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 ([1]), og hvert annað um hvers konar neyðarástand að því er varðar verðbréfamiðstöð, þ.m.t. hvers konar þróun á fjármálamörkuðum sem gæti haft neikvæð áhrif á seljanleika á markaði, stöðugleika uppgjörsgjaldmiðils, trúverðugleika peningamálastefnunnar eða á stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkjanna þar sem verðbréfamiðstöð eða einn af þátttakendum hennar er með staðfestu.

2. þáttur

Skilyrði og málsmeðferð vegna starfsleyfis verðbréfamiðstöðva

16. gr.

Starfsleyfi verðbréfamiðstöðvar

1. Sérhver lögaðili, sem fellur innan skilgreiningar á verðbréfamiðstöð, skal afla sér starfsleyfis frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem hann er með staðfestu áður en hann hefur starfsemi.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1).

2. Í starfsleyfinu skal tilgreina kjarnaþjónustuna sem skráð er í A-þætti viðaukans og viðbótarþjónustu, aðra en bankaþjónustu, sem leyfð er samkvæmt B-þætti viðaukans, sem verðbréfamiðstöðinni er heimilað að veita.

3. Verðbréfamiðstöð skal ætíð uppfylla skilyrðin sem nauðsynleg eru til að fá starfsleyfi.

4. Verðbréfamiðstöð, sem og óháðir endurskoðendur hennar, skulu, án ástæðulausrar tafar, upplýsa lögbært yfirvald um allar efnislegar breytingar sem hafa áhrif á reglufylgnina við skilyrðin fyrir starfsleyfinu.

17. gr.

Málsmeðferð við veitingu starfsleyfis

1. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal leggja fram umsókn um starfsleyfi til lögbærs yfirvalds síns.

2. Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að fullvissa sig um að verðbréfamiðstöðin sem sækir um hafi komið á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að uppfylla skyldur sínar, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þegar umsóknin er lögð fram. Umsókn um starfsleyfi skal fylgja starfsáætlun þar sem kemur fram hvaða starfsemi er fyrirhuguð, sem og uppbygging verðbréfamiðstöðvarinnar.

3. Lögbært yfirvald skal, innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar, meta hvort umsóknin er fullnægjandi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal lögbært yfirvald veita verðbréfamiðstöðinni sem sækir um frest til að veita viðbótarupplýsingar. Lögbært yfirvald skal upplýsa verðbréfamiðstöðina sem sækir um hvenær umsóknin telst fullgerð.

4. Frá þeirri stundu sem umsóknin er talin fullgerð skal lögbært yfirvald senda allar upplýsingar í umsókninni til viðeigandi yfirvalda og ráðfæra sig við þau um eiginleika verðbréfauppgjörskerfisins sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um starfrækir. Sérhvert viðeigandi yfirvald getur kynnt lögbærum yfirvöldum sjónarmið sín innan þriggja mánaða frá viðtöku viðeigandi yfirvalds á upplýsingunum.

5. Þegar verðbréfamiðstöðin sem sækir um starfsleyfi hefur í hyggju að veita þjónustu, sem um getur í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, í viðbót við veitingu á viðbótarþjónustu annarri en bankaþjónustu, sem sérstaklega eru skráðar í B-þætti viðaukans, skal lögbært yfirvald senda allar upplýsingar sem koma fram í umsókninni til yfirvaldsins sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og ráðfæra sig við það um getu verðbréfamiðstöðvarinnar til að fara að kröfunum í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

6. Lögbært yfirvald skal, áður en verðbréfamiðstöðinni sem sækir um er veitt starfsleyfi, hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki sem í hlut á, í eftirfarandi tilvikum:

a) verðbréfamiðstöðin er dótturfélag verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

b) verðbréfamiðstöðin er dótturfélag móðurfélags verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

c) verðbréfamiðstöðin er undir stjórn sömu einstaklinga eða lögaðila sem stjórna annarri verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

7. Samráðið sem um getur í 6. mgr. skal ná yfir eftirfarandi:

a) hæfi hluthafa og einstaklinga, sem um getur í 6. mgr. 27. gr., og orðstír og reynslu einstaklinganna sem í reynd stýra rekstri verðbréfamiðstöðvarinnar, sem um getur í 1. og 4. mgr. 27. gr., þegar þessir hluthafar og einstaklingar eru þeir sömu í verðbréfamiðstöðinni og verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í öðru aðildarríki,

b) að hve miklu leyti tengslin sem um getur í a-, b- og c-liðum 6. mgr., milli verðbréfamiðstöðvarinnar með starfsleyfi í öðru aðildarríki og verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um hafa áhrif á getu þeirrar síðarnefndu til að fara að kröfum þessarar reglugerðar.

8. Lögbært yfirvald skal, innan sex mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa verðbréfamiðstöðina sem sækir um, með skriflegri rökstuddri ákvörðun hvort starfsleyfið hefur verið veitt eða því synjað.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um, á að veita lögbæru yfirvaldi í umsókn um starfsleyfi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir umsókn um starfsleyfi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

18. gr.

Áhrif starfsleyfis

1. Starfsemi verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi skal takmarkast við þjónustustarfsemi sem fellur undir starfsleyfi hennar eða tilkynningu í samræmi við 8. mgr. 19. gr.

2. Eingöngu verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi mega starfrækja verðbréfauppgjörskerfi, þ.m.t. seðlabankar í hlutverki verðbréfamiðstöðva.

3. Verðbréfamiðstöð með starfsleyfi má ekki eiga hlutdeild í lögaðila með starfsemi sem takmarkast við þjónustustarfsemina sem skráð er í A- og B-þáttum viðaukans nema lögbært yfirvald hennar samþykki slíka hlutdeild á þeim grundvelli að það auki ekki umtalsvert áhættusnið verðbréfamiðstöðvarinnar.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin sem lögbær yfirvöld eiga að taka tillit til við samþykki á hlutdeild verðbréfamiðstöðva í lögaðilum, öðrum en þeim sem veita þjónustuna sem skráð er í A- og B-þáttum viðaukans. Slík viðmið geta tekið til þess hvort þjónustan sem sá lögaðili veitir er viðbót við þjónustuna sem verðbréfamiðstöð veitir, og umfangs áhættuskuldbindinga verðbréfamiðstöðvarinnar vegna skulda sem stafa af slíkri hlutdeild.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

19. gr.

Rýmkun og útvistun á starfsemi og þjónustu

1. Verðbréfamiðstöð með starfsleyfi skal leggja fram umsókn um starfsleyfi til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu þegar hún óskar eftir að útvista kjarnaþjónustu til þriðja aðila skv. 30. gr. eða færa út starfsemi sína til eins eða fleiri af eftirfarandi:

a) viðbótarkjarnaþjónustu, sem skráð er í A-þætti viðaukans, sem ekki fellur undir upphaflega starfsleyfið,

b) viðbótarþjónustu, sem leyfð er samkvæmt B-þætti viðaukans en er ekki sérstaklega skráð í hann, og fellur ekki undir upphaflega starfsleyfið,

c) starfrækslu á öðru verðbréfauppgjörskerfi,

d) uppgjörs á öllum eða hluta af peningahluta verðbréfauppgjörskerfis síns á reikning annars uppgjörsaðila,

e) uppsetningar á rekstrarsamhæfðri tengingu, þ.m.t. við verðbréfamiðstöðvar þriðja lands.

2. Við veitingu á starfsleyfi skv. 1. mgr. skal fylgja verklagsreglu sem mælt er fyrir um í 17. gr.

Lögbært yfirvald skal, innan þriggja mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa verðbréfamiðstöðina sem sækir um hvort starfsleyfið hefur verið veitt eða því synjað.

3. Verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu sem hafa í hyggju að koma á rekstrarsamhæfðri tengingu skulu leggja fram umsókn um starfsleyfi eins og krafist er í e-lið 1. mgr., til hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda sinna. Þessi yfirvöld skulu ráðfæra sig hvert við annað um samþykkið á samtengingu verðbréfamiðstöðvanna. Ef um ólíkar ákvarðanir er að ræða, og ef bæði lögbæru yfirvöldin eru því samþykk, má vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Yfirvöldin, sem um getur í 3. mgr., skulu eingöngu synja um leyfi fyrir samtengingu þegar slík samtenging verðbréfamiðstöðva myndi ógna snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaðanna eða valda kerfisáhættu.

5. Rekstrarsamhæfðar tengingar milli verðbréfamiðstöðva sem útvista hluta af þjónustu sinni, sem tengist þessum rekstrarsamhæfðu tengingum, til opinbers aðila í samræmi við 5. mgr. 30. gr., og samtengingar verðbréfamiðstöðva sem ekki er getið um í e-lið 1. mgr., skulu ekki falla undir leyfisveitingu samkvæmt þeim lið heldur skulu tilkynntar lögbærum og viðeigandi yfirvöldum verðbréfamiðstöðvanna áður en þeim er framfylgt, með því að veita allar viðeigandi upplýsingar sem gerir þessum yfirvöldum kleift að meta hvort farið er að kröfunum sem kveðið er á um í 48. gr.

6. Verðbréfamiðstöð með staðfestu og starfsleyfi í Sambandinu getur viðhaldið eða komið á samtengingu við verðbréfamiðstöð þriðja lands í samræmi við skilyrðin og verklagsreglurnar sem kveðið er á um í þessari grein. Þegar samtengingum er komið á við verðbréfamiðstöð þriðja lands skulu upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöðin, sem æskir aðgangs, veitir, gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort slíkar samtengingar uppfylla kröfurnar sem kveðið er á um í 48. gr. eða kröfurnar sem eru jafngildar þeim sem kveðið er á um í 48. gr.

7. Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar, sem æskir aðgangs, skal krefja þá verðbréfamiðstöð um að slíta samtengingu verðbréfamiðstöðva, sem hefur verið tilkynnt um, þegar slík samtenging uppfyllir ekki kröfurnar sem kveðið er á um í 48. gr. og gæti þar með ógnað snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaðanna eða valdið kerfisáhættu. Þegar lögbært yfirvald krefur verðbréfamiðstöðina um að slíta samtengingu verðbréfamiðstöðva skal fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 20. gr.

8. Frekari viðbótarþjónusta sem sérstaklega er skráð í B-þætti viðaukans skal ekki falla undir starfsleyfi heldur skal tilkynnt lögbæru yfirvaldi áður en hún er veitt.

20. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Án þess að hafa áhrif á aðgerðir til úrbóta eða ráðstafanir skv. V. bálki skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu afturkalla starfsleyfi í eftirfarandi tilvikum, þegar verðbréfamiðstöðin:

a) hefur ekki nýtt starfsleyfið í 12 mánuði, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hefur hvorki veitt þjónustu né stundað starfsemi undanfarna sex mánuði,

b) hefur fengið starfsleyfið með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfisins og hefur ekki gripið til aðgerða til þeirra úrbóta sem lögbært yfirvald hefur farið fram á, innan ákveðins tímaramma,

d) hefur brotið alvarlega og ítrekað gegn kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða, eftir atvikum, í tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.

2. Frá þeirri stundu sem lögbært yfirvald verður vart við einhver þau tilvik sem um getur í 1. mgr. skal það samstundis hafa samráð við viðeigandi yfirvöld og, eftir atvikum, yfirvöldin sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um nauðsyn þess að afturkalla starfsleyfið.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og sérhvert viðeigandi yfirvald og, eftir atvikum, yfirvaldið sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, getur, hvenær sem er, óskað eftir að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu rannsaki hvort verðbréfamiðstöðin uppfyllir enn skilyrðin sem sett voru fyrir því að starfsleyfið var veitt.

4. Lögbært yfirvald getur takmarkað afturköllun á starfsleyfi við tiltekna þjónustu, starfsemi eða fjármálagerning.

5. Verðbréfamiðstöð skal koma á, framkvæma og viðhalda fullnægjandi verklagi sem tryggir tímanlegt og eðlilegt uppgjör og yfirfærslu eigna viðskiptavina og þátttakenda til annarrar verðbréfamiðstöðvar ef um er að ræða afturköllun starfsleyfis sem um getur í 1. mgr.

21. gr.

Skráning verðbréfamiðstöðva

1. Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka skv. 16., 19. og 20. gr. skulu samstundis tilkynntar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

2. Seðlabankar skulu án ástæðulausrar tafar upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem þeir starfrækja.

3. Nafn sérhverrar verðbréfamiðstöðvar sem starfar í samræmi við þessa reglugerð og hefur fengið starfsleyfi eða viðurkenningu skv. 16., 19. eða 25. gr., skal skrásett, þjónustan tilgreind og, eftir atvikum, þeir flokkar fjármálagerninga sem verðbréfamiðstöðin hefur fengið heimild fyrir. Skráningin skal ná til útibúa sem verðbréfamiðstöðin starfrækir í öðrum aðildarríkjum, samtengingar verðbréfamiðstöðva og upplýsinganna sem krafist er skv. 31. gr., þegar aðildarríki hafa notfært sér möguleikann sem kveðið er á um í þeirri grein. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera skráninguna aðgengilega á sérstöku vefsetri sínu og uppfæra hana.

3. þáttur

Eftirlit með verðbréfamiðstöðvum

22. gr.

Úttekt og mat

1. Lögbært yfirvald skal, a.m.k. árlega, gera úttekt á fyrirkomulagi, stefnuáætlunum, ferlum og tilhögun sem verðbréfamiðstöð hefur komið í framkvæmd að því er varðar fylgni við þessa reglugerð og meta áhættuna sem verðbréfamiðstöðin er, eða kann að verða óvarin fyrir, eða sem hún skapar fyrir snurðulausa starfsemi verðbréfamarkaða.

2. Lögbært yfirvald skal krefja verðbréfamiðstöðina um að leggja fullnægjandi endurreisnaráætlun fyrir lögbært yfirvald til að tryggja samfellu í mikilvægustu starfsemi hennar.

3. Lögbært yfirvald skal tryggja að fullnægjandi skilaáætlun sé komið á og viðhaldið fyrir hverja verðbréfamiðstöð til að tryggja samfellu í a.m.k. kjarnastarfsemi hennar, með hliðsjón af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og flækjustigi í starfsemi viðkomandi verðbréfamiðstöðvar, og sérhverja viðeigandi skilaáætlun sem komið er á í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB.

4. Lögbært yfirvald skal ákveða tíðni og umfang úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. með hliðsjón af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og flækjustigi í starfsemi hlutaðeigandi verðbréfamiðstöðvar. Úttektin og matið skulu uppfærð a.m.k. árlega.

5. Lögbært yfirvald skal framkvæma vettvangsskoðun á verðbréfamiðstöð.

6. Lögbært yfirvald skal, þegar það framkvæmir úttekt og mat sem um getur í 1. mgr., hafa snemma samráð við viðeigandi yfirvöld, einkum varðandi virkni verðbréfauppgjörskerfa sem verðbréfamiðstöðin starfrækir og, eftir atvikum, yfirvaldið sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

7. Lögbært yfirvald skal reglulega, a.m.k. einu sinni á ári, upplýsa viðeigandi yfirvöld og, eftir atvikum, yfirvaldið sem um getur í 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um niðurstöðu úttektar og mats, þ.m.t. hverja aðgerð til úrbóta eða viðurlög sem um getur í 1. mgr.

8. Þegar þau framkvæma úttektina og matið sem um getur í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með verðbréfamiðstöðvum, sem viðhalda þeirri tegund sambands sem um getur í a-, b- og c-lið 6. mgr. 17. gr., láta hvert öðru í té allar mikilvægar upplýsingar sem líklegt er að auðveldi þeim að sinna verkefnum sínum.

9. Lögbært yfirvald skal krefjast þess að verðbréfamiðstöð sem uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar grípi snemma til nauðsynlegra aðgerða eða ráðstafana til að takast á við aðstæðurnar.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöðin á að veita lögbæru yfirvaldi að því er varðar úttektina og matið sem um getur í 1. mgr.,

b) upplýsingarnar, sem lögbært yfirvald á að láta viðeigandi yfirvöldum í té, eins og sett er fram í 7. mgr.,

c) upplýsingarnar, sem lögbær yfirvöld sem um getur í 8. mgr. eiga að láta hvert öðru í té.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar sem um getur í fyrstu undirgrein 10. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. þáttur

Þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki

23. gr.

Frelsi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki

1. Verðbréfamiðstöð með starfsleyfi getur veitt þjónustu sem um getur í viðaukanum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. með því að setja á fót útibú, að því tilskildu að sú þjónusta falli undir starfsleyfið.

2. Verðbréfamiðstöð með starfsleyfi, sem hefur í hyggju að veita kjarnaþjónustu sem um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðaukans, í tengslum við fjármálagerning, sem stofnaður er samkvæmt lögum annars aðildarríkis sem um getur í 1. mgr. 49. gr., eða setja á fót útibú í öðru aðildarríki, skal heyra undir málsmeðferðina sem um getur í 3.–7. mgr.

3. Hver sú verðbréfamiðstöð sem óskar að veita þjónustuna sem um getur í 2. mgr. á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í fyrsta sinn, eða breyta umfangi þeirrar þjónustu sem veitt er, skal koma eftirfarandi upplýsingum til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu:

a) í hvaða aðildarríki verðbréfamiðstöðin hyggst starfa,

b) starfsáætlanir sem tilgreina einkum þjónustuna sem verðbréfamiðstöðin hefur í hyggju að veita,

c) gjaldmiðillinn eða gjaldmiðlana sem verðbréfamiðstöðin hyggst nota,

d) þegar um útibú er að ræða, stjórnskipulag útibúsins og nöfn þeirra sem ábyrgir eru fyrir stjórnun útibúsins,

e) þar sem við á, mat á aðgerðunum sem verðbréfamiðstöðin hyggst grípa til, til að gera notendum sínum kleift að fara að landslögum sem um getur í 1. mgr. 49. gr.

4. Innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu miðla þeim upplýsingum til lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu nema, eftir að hafa tekið tillit til þjónustustarfseminnar sem fyrirhuguð er, það hafi ástæður til að efast um skipulag stjórnsýslunnar eða fjárhagsstöðu verðbréfamiðstöðvarinnar sem óskar eftir að veita þjónustu sína í gistiaðildarríkinu.

Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal án tafar upplýsa viðeigandi yfirvöld í því aðildarríki um hvers konar tilkynningu samkvæmt fyrstu undirgrein.

5. Ef lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ákveður, í samræmi við 4. mgr., að veita lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu ekki allar upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., skal það gefa viðkomandi verðbréfamiðstöð upp ástæðurnar fyrir synjun sinni innan þriggja mánaða frá viðtöku allra upplýsinganna og upplýsa lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu um ákvörðun sína í tengslum við a-lið 6. mgr. Ef upplýsingum er deilt sem svari við slíkri ósk skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu ekki senda tilkynninguna sem um getur í a-lið 6. mgr.

6. Verðbréfamiðstöðin getur byrjað að veita þjónustuna, sem um getur í 2. mgr., í gistiaðildarríkinu samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) við móttöku á tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu sem staðfestir viðtöku þess síðarnefnda á tilkynningunni sem um getur í 4. mgr., og, þar sem við á, samþykkir matið sem um getur í e-lið 3. mgr.,

b) engin tilkynning um móttöku hefur borist þremur mánuðum frá sendingardegi tilkynningarinnar sem um getur í 4. mgr.

7. Ef breyting verður á upplýsingunum sem tilkynntar eru í samræmi við 3. mgr. skal verðbréfamiðstöð tilkynna þá breytingu skriflega til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal einnig tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um þessa breytingu án tafar.

24. gr.

Samvinna milli yfirvalda í heimaaðildarríki og gistiaðildarríki og jafningjarýni

1. Þegar verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í einu aðildarríki hefur sett á fót útibú í öðru aðildarríki skulu lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu vinna náið saman við framkvæmd á skyldum sínum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, einkum þegar framkvæmd er vettvangsskoðun í því útibúi. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu geta, í samræmi við ábyrgð sína, framkvæmt vettvangsskoðun í viðkomandi útibúi eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu eða heimaaðildarríkinu, eftir því sem við á.

2. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu eða gistiaðildarríkinu getur krafið verðbréfamiðstöðvar sem veita þjónustu í samræmi við 23. gr., um að gefa þeim reglulega skýrslu um starfsemi sína í því gistiaðildarríki, þ.m.t. í þeim tilgangi að safna tölfræðiupplýsingum. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal, að beiðni lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu, útvega lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu þessar reglubundnu skýrslur.

3. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfamiðstöðvarinnar skal, að beiðni lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu og án tafar, greina frá auðkennum á útgefendum og þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin sem veitir þjónustu í því gistiaðildarríki starfrækir, sem og öllum öðrum viðeigandi upplýsingum um starfsemi þeirrar verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríkinu.

4. Ef starfsemi verðbréfamiðstöðvar, með tilliti til stöðunnar á verðbréfamörkuðunum í gistiaðildarríkinu, er orðin verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og vernd fjárfestanna í því gistiaðildarríki, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu og viðeigandi yfirvöld í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu koma á samstarfsfyrirkomulagi fyrir eftirlitið með starfsemi þeirrar verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríkinu.

Ef verðbréfamiðstöð er orðin verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og vernd fjárfestanna í fleiri en einu gistiaðildarríki getur heimaaðildarríkið ákveðið að slíkt samstarfsfyrirkomulag taki til samstarfshópa eftirlitsaðila.

5. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu hefur skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að verðbréfamiðstöð, sem veitir þjónustu innan yfirráðasvæðis þess í samræmi við 23. gr., vanræki skuldbindingar sem leiða af ákvæðum þessarar reglugerðar skal það koma þeim niðurstöðum á framfæri við lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina.

Ef verðbréfamiðstöðin starfar áfram með hætti sem brýtur gegn skyldunum sem leiða af ákvæðum þessarar reglugerðar, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gerir eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, gera allar viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að ákvæðunum í þessari reglugerð á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar slíkar ráðstafanir án tafar.

Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu og heimaaðildarríkinu geta vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar en hún getur gripið til aðgerða í samræmi þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Án þess að hafa áhrif á 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, skipuleggja og láta fara fram, a.m.k. þriðja hvert ár, jafningjarýni á eftirliti með verðbréfamiðstöðvunum sem nýta sér frelsið til að veita þjónustu í öðru aðildarríki í samræmi við 23. gr., eða til að taka þátt í rekstrarsamhæfðri tengingu.

Í tengslum við jafningjarýnina sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, eftir því sem við á, einnig óska eftir áliti eða ráðleggingu frá hagsmunahópnum á verðbréfamarkaði sem um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 67. gr. varðandi ráðstafanir til að koma á viðmiðum um það hvernig starfsemi verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríki getur talist verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og vernd fjárfesta í því gistiaðildarríki.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir samvinnuna sem um getur í 1., 3. og 5. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. þáttur

Tengsl við þriðju lönd

25. gr.

Þriðju lönd

1. Verðbréfamiðstöðvar þriðja lands geta veitt þjónustu sem um getur í viðaukanum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. með því að setja á fót útibú.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal verðbréfamiðstöð þriðja lands, sem hefur í hyggju að veita kjarnaþjónustuna, sem um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðaukans, í tengslum við fjármálagerninga sem stofnaðir eru samkvæmt lögum aðildarríkis, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 49. gr., eða setja á fót útibú í aðildarríki, falla undir málsmeðferðina sem um getur í 4.–11. mgr. þessarar greinar.

3. Verðbréfamiðstöð með staðfestu og starfsleyfi í Sambandinu getur viðhaldið eða komið á samtengingu við verðbréfamiðstöð þriðja lands í samræmi við 48. gr.

4. Að höfðu samráði við yfirvöldin sem um getur í 5. mgr. getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðurkennt verðbréfamiðstöð þriðja lands, sem sótt hefur um viðurkenningu til að veita þjónustuna sem um getur í 2. mgr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun í samræmi við 9. mgr.,

b) verðbréfamiðstöð þriðja lands fellur undir skilvirka leyfisveitingu, eftirlit og yfirsýn eða, ef verðbréfauppgjörskerfið er starfrækt af seðlabanka, yfirsýn sem tryggir að farið sé að öllu leyti eftir varfærniskröfunum sem gilda í því þriðja landi,

c) samvinnufyrirkomulagi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og yfirvalda sem bera ábyrgð í því þriðja landi („ábyrg yfirvöld í þriðja landi“) hefur verið komið á skv. 10. mgr.,

d) verðbréfamiðstöð þriðja lands gerir nauðsynlegar ráðstafanir, þar sem við á, til að gera notendum sínum kleift að hlíta viðkomandi landslögum aðildarríkisins þar sem verðbréfamiðstöð þriðja lands hefur í hyggju að veita verðbréfamiðstöðvarþjónustu, þ.m.t. lögunum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 49. gr., og lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem verðbréfamiðstöð þriðja lands hefur í hyggju að veita verðbréfamiðstöðvarþjónustu hafa staðfest að þessar ráðstafanir séu fullnægjandi.

5. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur mat á það hvort skilyrðin sem um getur í 4. mgr. séu uppfyllt skal hún hafa samráð við:

a) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum þar sem verðbréfamiðstöð þriðja lands hefur í hyggju að veita verðbréfamiðstöðvarþjónustu, einkum um það hvernig verðbréfamiðstöð þriðja lands hyggst fara að kröfunum sem um getur í d-lið 4. mgr.,

b) viðeigandi yfirvöld,

c) ábyrg yfirvöld í þriðja landi sem falið er að sjá um leyfisveitingu og eftirlit og hafa yfirsjón yfir verðbréfamiðstöðvum.

6. Verðbréfamiðstöð þriðja lands sem um getur í 2. mgr. skal leggja fram umsókn sína um viðurkenningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna viðurkenningar hennar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar, meta hvort hún er fullnægjandi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin setja verðbréfamiðstöðinni sem sækir um tímamörk til að veita viðbótarupplýsingar.

Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum þar sem verðbréfamiðstöð þriðja lands hefur í hyggju að veita verðbréfamiðstöðvarþjónustu skulu meta reglufylgni verðbréfamiðstöðvar þriðja lands við lögin sem um getur í d-lið 4. mgr. og upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina með rökstuddri ákvörðun um það hvort reglum sé hlítt eða ekki innan þriggja mánaða frá viðtöku allra nauðsynlegra upplýsinga frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

Ákvörðun um viðurkenningu skal byggja á viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan sex mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa verðbréfamiðstöðina sem sækir um með skriflegri rökstuddri ákvörðun hvort viðurkenningin hefur verið veitt eða henni synjað.

7. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, þar sem verðbréfamiðstöð þriðja lands, sem viðurkennd hefur verið á viðeigandi hátt skv. 4. mgr. veitir verðbréfamiðstöðvarþjónustu, geta í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, farið fram á það við ábyrgu yfirvöldin í þriðja landi að þau:

a) gefi reglulega skýrslu um starfsemi verðbréfamiðstöðvar þriðja lands í þessum gistiaðildarríkjum, þ.m.t. í þeim tilgangi að safna tölfræðiupplýsingum,

b) tilkynni, innan viðeigandi tímaramma, um auðkenni á útgefendunum og þátttakendunum í verðbréfauppgjörskerfinu sem starfrækt er af verðbréfamiðstöð þriðja lands sem veitir þjónustu í því gistiaðildarríki og allar aðrar upplýsingar sem eiga við varðandi starfsemi þeirrar verðbréfamiðstöðvar í gistiaðildarríkinu.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við yfirvöldin sem um getur í 5. mgr., endurskoða viðurkenninguna á verðbréfamiðstöð þriðja lands, ef um er að ræða rýmkun á þjónustu þeirrar verðbréfamiðstöðvar í Sambandinu samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4., 5. og 6. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal afturkalla viðurkenninguna á þeirri verðbréfamiðstöð ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. eru ekki lengur uppfyllt, eða í tilvikunum sem um getur í 20. gr.

9. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ákvarða hvort fyrirkomulag laga og eftirlits í þriðja landi tryggi að verðbréfamiðstöðvar, sem hafa starfsleyfi í því þriðja landi, fari að lagalega bindandi kröfum sem séu í raun jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð, að þessar verðbréfamiðstöðvar falli undir virkt eftirlit, yfirsýn og framfylgd í því þriðja landi á áframhaldandi grundvelli og að lagarammi þess þriðja lands kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 68. gr.

Við ákvarðanatökuna sem um getur í fyrstu undirgrein getur framkvæmdastjórnin einnig tekið til athugunar hvort fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands endurspeglar hina alþjóðlegu samþykktu staðla greiðslu- og uppgjörsnefndar Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CPSS-IOSCO), svo fremi þeir síðarnefndu brjóti ekki í bága við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10. Í samræmi við 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin koma á samstarfsfyrirkomulagi við ábyrg yfirvöld í þriðja landi þar sem laga- og eftirlitsrammi hefur verið viðurkenndur sem jafngildur þessari reglugerð í samræmi við 9. mgr. Þess háttar fyrirkomulag skal að lágmarki tilgreina:

a) tilhögun við upplýsingaskipti milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu og ábyrgra yfirvalda í þriðja landi, þ.m.t. aðgang að öllum upplýsingum varðandi verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi í þriðju löndum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fer fram á, einkum aðgang að upplýsingum í tilvikunum sem um getur í 7. mgr.,

b) tilhögun við tafarlausa tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ef ábyrgt yfirvald í þriðja landi telur að verðbréfamiðstöð, sem það hefur eftirlit með, brjóti í bága við skilyrðin í starfsleyfi sínu eða önnur gildandi lög,

c) málsmeðferð við samræmingu á eftirlitsstarfsemi, þ.m.t., eftir því sem við á, vettvangsskoðanir.

Ef samstarfssamningur kveður á um að aðildarríki yfirfæri persónuupplýsingar skal slík yfirfærsla vera í samræmi við ákvæðin í tilskipun 95/46/EB, og ef samstarfssamningur kveður á um að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin yfirfæri persónuupplýsingar skal slík yfirfærsla vera í samræmi við ákvæðin í reglugerð (ESB) nr. 45/2001.

11. Ef verðbréfamiðstöð þriðja lands hefur verið viðurkennd í samræmi við 4.–8. mgr. getur hún veitt þjónustu sem um getur í viðaukanum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. með því að setja á fót útibú.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar, sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um á að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í umsókn sinni um viðurkenningu skv. 6. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

II. KAFLI

Kröfur til verðbréfamiðstöðva

1. þáttur

Skipulagskröfur

26. gr.

Almenn ákvæði

1. Verðbréfamiðstöð skal hafa traust fyrirkomulag stjórnarhátta sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk vinnsluferli við að greina, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem hún stendur eða kann að standa frammi fyrir og fullnægjandi starfskjarastefnu og innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir.

2. Verðbréfamiðstöð skal innleiða stefnur og málsmeðferðarreglur sem eru nægilega skilvirkar til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð, þ.m.t. að stjórnendur og starfsfólk hennar fari að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Verðbréfamiðstöð skal viðhalda og reka skilvirkt, skráð skipulags- og stjórnunarfyrirkomulag til að greina og stýra mögulegum hagsmunaárekstrum milli hennar sjálfrar, þ.m.t. stjórnenda hennar, starfsfólks, aðila í stjórn eða einstaklinga sem hafa bein eða óbein tengsl við þá, og þátttakenda hennar eða viðskiptavina þeirra. Hún skal viðhalda fullnægjandi málsmeðferðarreglum og innleiða þær þar sem mögulegir hagsmunaárekstrar koma upp.

4. Verðbréfamiðstöð skal gera stjórnarhætti sína og reglurnar sem gilda um starfsemi hennar aðgengilegar almenningi.

5. Verðbréfamiðstöð skal vera með viðeigandi verklagsreglur fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innanhúss um hugsanleg brot á þessari reglugerð eftir tilgreindri boðleið.

6. Verðbréfamiðstöð skal heyra undir reglulega og óháða endurskoðun. Niðurstöður þessara endurskoðana skulu tilkynntar stjórninni og gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi og, eftir því sem við á, notendanefndinni, að teknu tilliti til mögulegra hagsmunaárekstra milli aðila í notendanefndinni og verðbréfamiðstöðvarinnar.

7. Ef verðbréfamiðstöð er hluti af fyrirtækjasamstæðu ásamt öðrum verðbréfamiðstöðvum eða lánastofnunum sem um getur í IV. bálki, skal hún samþykkja ítarlegar stefnur og verklagsreglur sem tilgreina hvernig kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gilda um samstæðuna og mismunandi einingar innan samstæðunnar.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina, á stigi verðbréfamiðstöðvarinnar og á samstæðustigi eins og um getur í 7. mgr.:

a) vöktunartæki hvað varðar áhættu fyrir verðbréfamiðstöðvarnar sem um getur í 1. mgr.,

b) ábyrgðir lykilstarfsmanna að því er varðar áhættu fyrir verðbréfamiðstöðvarnar sem um getur í 1. mgr.,

c) mögulega hagsmunaárekstra sem um getur í 3. mgr.,

d) endurskoðunaraðferðirnar sem um getur í 6. mgr. og

e) aðstæður þar sem viðeigandi væri, að teknu tilliti til mögulegra hagsmunaárekstra milli aðilanna í notendanefndinni og verðbréfamiðstöðvarinnar, að deila niðurstöðum endurskoðunar með notendanefndinni í samræmi við 6. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

27. gr.

Framkvæmdastjórn, stjórn og hluthafar

1. Framkvæmdastjórn verðbréfamiðstöðvar skal hafa nægilega góðan orðstír og næga reynslu til að tryggja trausta og varfærna stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar.

2. Í stjórn verðbréfamiðstöðvar skal a.m.k. einn þriðji, en þó ekki færri en tveir aðilar, vera óháðir.

3. Starfskjör óháðra og annarra stjórnarmanna, sem ekki eru framkvæmdastjórar, skulu ekki tengd rekstrarárangri verðbréfamiðstöðvarinnar.

4. Stjórnin skal vera samsett af hæfum aðilum með nægilega góðan orðstír og viðeigandi samsetningu á hæfileikum, reynslu og þekkingu á einingunni og á markaðnum. Stjórnarmenn, sem ekki eru framkvæmdastjórar, skulu setja markmið um hlutfall þess kyns sem er í minnihluta í stjórninni og setja stefnu um hvernig fjölga megi fulltrúum þess kyns sem er í minnihluta, til þess að uppfylla markmiðið. Markmiðið, stefnan og framfylgd hennar skal gerð opinber.

5. Verðbréfamiðstöð skal ákvarða með skýrum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnarinnar í samræmi við viðeigandi landslög. Verðbréfamiðstöð skal gera fundargerðirnar frá fundum stjórnarinnar aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu og endurskoðandanum sé þess óskað.

6. Hluthafar verðbréfamiðstöðvarinnar og einstaklingar sem eru í aðstöðu til, beint eða óbeint, að hafa yfirráð yfir stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar skulu vera hæfir til að tryggja trausta og varfærna stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar.

7. Verðbréfamiðstöð skal:

a) láta lögbæru yfirvaldi í té upplýsingar um eignarhald á verðbréfamiðstöðinni og birta þær, einkum um auðkenningu á þeim aðilum sem eru í aðstöðu til að hafa yfirráð yfir starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar og um það hversu víðtækir hagsmunir þeirra eru,

b) upplýsa lögbært yfirvald sitt um sérhverja ákvörðun um yfirfærslu eignarréttinda sem breyta því hvaða aðilar hafa yfirráð yfir starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar og leita eftir samþykki þess. Verðbréfamiðstöðin skal, eftir að hafa fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi sínu, tilkynna yfirfærslu eignarréttinda.

Hver einstaklingur eða lögaðili skal upplýsa, án ástæðulausrar tafar, verðbréfamiðstöðina og lögbært yfirvald hennar um ákvörðun um að taka yfir eða ráðstafa eignarréttindunum sem leiðir til breytinga á þeim aðilum sem fara með yfirráð yfir starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar.

8. Lögbært yfirvald skal, innan 60 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 7. mgr., ákvarða um fyrirhugaðar breytingar á yfirráðum yfir verðbréfamiðstöðinni. Lögbært yfirvald skal neita að samþykkja fyrirhugaðar breytingar á yfirráðum yfir verðbréfamiðstöðinni ef hlutlægar og sannanlegar ástæður eru til að ætla að þær geti ógnað traustri og varfærinni stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar eða getu verðbréfamiðstöðvarinnar til að fara að þessari reglugerð.

28. gr.

Notendanefnd

1. Verðbréfamiðstöð skal koma á fót notendanefndum fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir og skulu þær samanstanda af fulltrúum útgefenda og þátttakenda í slíku verðbréfauppgjörskerfi. Ráðgjöf notendanefndarinnar skal vera óháð beinum áhrifum stjórnar verðbréfamiðstöðvarinnar.

2. Verðbréfamiðstöð skal, án mismununar, skilgreina umboð sérhverrar notendanefndar sem komið er á fót, stjórnarhættina sem nauðsynlegir eru til að tryggja sjálfstæði hennar og verklagsreglur hennar, sem og aðgangsviðmiðanir og tilhögun við kjör á aðilum í notendanefndina. Stjórnarhættirnir skulu vera aðgengilegir öllum og tryggt skal að notendanefndin heyri beint undir stjórnina og haldi fundi reglulega.

3. Notendanefndir skulu ráðleggja stjórninni um mikilvæga tilhögun sem hefur áhrif á aðilana að þeim, þ.m.t. viðmiðanir fyrir samþykki á útgefendum eða þátttakendum í viðkomandi verðbréfauppgjörskerfi og um þjónustustig.

4. Notendanefndir geta lagt fram álit, sem ekki er bindandi, til stjórnarinnar með ítarlegum rökstuðningi varðandi verðlagningu verðbréfamiðstöðvarinnar.

5. Með fyrirvara um rétt lögbærra yfirvalda til að vera upplýst á viðeigandi hátt skulu aðilar notendanefndarinnar bundnir trúnaði. Ef formaður notendanefndarinnar ákvarðar að um raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra aðila sé að ræða í tengslum við tiltekið málefni skal viðkomandi aðila ekki heimilt að kjósa um það málefni.

6. Verðbréfamiðstöð skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi og notendanefndinni um allar ákvarðanir þar sem stjórnin ákveður að fylgja ekki ráðum notendanefndarinnar. Notendanefndin getur upplýst lögbært yfirvald um sérhvert svið þar sem hún telur að ráðleggingu notendanefndarinnar hafi ekki verið fylgt.

29. gr.

Skráahald

1. Verðbréfamiðstöð skal geyma allar skrár sínar um veitta þjónustu og starfsemi í a.m.k. 10 ár, þ.m.t. um viðbótarþjónustuna sem um getur í B- og C-þáttum viðaukans, til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að fylgjast með því hvort farið sé að kröfunum samkvæmt þessari reglugerð.

2. Verðbréfamiðstöð skal, samkvæmt beiðni, gera skrárnar sem um getur í 1. mgr. aðgengilegar lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum og sérhverju öðru opinberu yfirvaldi sem, samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum heimaaðildarríkis hennar, hefur vald til að krefjast aðgangs að slíkum skrám í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina skrárnar sem um getur í 1. mgr., sem geyma á í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort verðbréfamiðstöðvar fara að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið á skránum sem um getur í 1. mgr., sem geyma á í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort verðbréfamiðstöðvar fara að ákvæðunum í þessari reglugerð.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

30. gr.

Útvistun

1. Ef verðbréfamiðstöð útvistar þjónustu eða starfsemi til þriðja aðila skal hún áfram bera fulla ábyrgð á því að uppfylla allar skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og skal ávallt fara að eftirfarandi skilyrðum:

a) útvistunin leiði ekki til þess að ábyrgð hennar verði falin öðrum,

b) sambandi og skyldum verðbréfamiðstöðvarinnar gagnvart þátttakendum sínum eða útgefendum sé ekki breytt,

c) skilyrðin fyrir starfsleyfi verðbréfamiðstöðvarinnar breytist ekki í reynd,

d) útvistun komi ekki í veg fyrir framkvæmd eftirlits- og yfirsýnarhlutverks, þ.m.t. vettvangsaðgengi til að afla viðeigandi upplýsinga sem þörf er á til að uppfylla þessi hlutverk,

e) útvistun svipti verðbréfamiðstöðina ekki nauðsynlegum kerfum og stjórntækjum til að stýra áhættu sem hún stendur frammi fyrir,

f) verðbréfamiðstöðin viðhaldi nauðsynlegri sérþekkingu og starfsmönnum fyrir mat á gæðum veittrar þjónustu, sem og skipulags- og eiginfjárþörf þjónustuveitandans, til að eftirlitið með útvistuðu þjónustunni sé skilvirkt og til að stýra áhættu í tengslum við áframhaldandi útvistun,

g) verðbréfamiðstöðin hafi beinan aðgang að viðeigandi upplýsingum um hina útvistuðu þjónustu,

h) þjónustuveitandinn starfi með lögbæra yfirvaldinu og viðeigandi yfirvöldum í tengslum við hina útvistuðu starfsemi,

i) verðbréfamiðstöðin tryggi að þjónustuveitandinn uppfylli staðlana sem mælt er fyrir um í viðeigandi gagnaverndarlögum sem ættu við ef þjónustuveitandinn væri með staðfestu í Sambandinu. Verðbréfamiðstöðin er ábyrg fyrir að tryggja að þessir staðlar séu settir fram í samningi milli aðilanna og að þessum stöðlum sé viðhaldið.

2. Verðbréfamiðstöðin skal, í skriflegum samningi, skilgreina réttindi og skyldur sínar og þjónustuveitandans. Útvistunarsamningurinn skal fela í sér að verðbréfamiðstöðin geti sagt upp samningnum.

3. Verðbréfamiðstöð og þjónustuveitandi skulu, samkvæmt beiðni, gera allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum svo þau geti metið hvort í hinni útvistuðu starfsemi sé farið að kröfunum í þessari reglugerð.

4. Útvistuð kjarnaþjónusta skal falla undir leyfisveitingu lögbærs yfirvalds skv. 19. gr.

5. Ákvæði 1.–4. mgr. eiga ekki við ef verðbréfamiðstöð útvistar hluta af þjónustu sinni eða starfsemi til opinbers aðila og ef sú útvistun fellur undir sérstakan laga-, reglugerðar- og rekstrarramma sem sameiginlega hefur verið samþykktur og formgerður af opinbera aðilanum og viðkomandi verðbréfamiðstöð og samþykktur af lögbæru yfirvaldi á grundvelli þeirra krafna sem komið er á í þessari reglugerð.

31. gr.

Þjónusta sem aðrir aðilar en verðbréfamiðstöðvar veita

1. Þrátt fyrir 30. gr., og ef krafist er að landslögum, getur aðili annar en verðbréfamiðstöð verið ábyrgur fyrir skráningu rafrænna færslna á verðbréfareikninga í vörslu verðbréfamiðstöðva.

2. Aðildarríki, sem heimila öðrum aðilum en verðbréfamiðstöðvum að veita tiltekna kjarnaþjónustu, sem um getur í A-þætti viðaukans í samræmi við 1. mgr., skal tilgreina í landslögum sínum kröfurnar sem eiga við í slíkum tilvikum. Þessar kröfur skulu innihalda ákvæðin í þessari reglugerð sem skulu gilda bæði um verðbréfamiðstöðina og, þar sem við á, aðra hlutaðeigandi aðila.

3. Aðildarríki, sem heimila öðrum aðilum en verðbréfamiðstöðvum að veita tiltekna kjarnaþjónustu sem um getur í A-þætti viðaukans í samræmi við 1. mgr., skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar viðeigandi upplýsingar varðandi veitingu slíkrar þjónustu, þ.m.t. viðeigandi landslög.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal láta slíkar upplýsingar koma fram í skráningu verðbréfamiðstöðvarinnar sem um getur í 21. gr.

2. þáttur

Reglur um viðskiptahætti

32. gr.

Almenn ákvæði

1. Verðbréfamiðstöð skal vera með skýrt skilgreind markmið sem unnt er að ná, á sviðum á borð við lágmarksþjónustustig, væntingar um áhættustýringu og forgangsröðun í rekstrinum.

2. Verðbréfamiðstöð skal vera með gagnsæjar reglur um meðferð kvartana.

33. gr.

Kröfur vegna þátttöku

1. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, birta opinberlega viðmið um þátttöku sem veitir öllum lögaðilum, sem hyggjast gerast þátttakendur, sanngjarnan og opinn aðgang. Slík viðmið skulu vera gagnsæ, hlutlæg og án mismununar til að tryggja sanngjarnan og opinn aðgang að verðbréfamiðstöðinni, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættu fyrir fjármálastöðugleika og skipulegrar virkni markaða. Viðmið sem takmarka aðgang skulu eingöngu leyfð að því marki sem markmið þeirra er réttlætanleg stýring á sértækri áhættu fyrir verðbréfamiðstöðina.

2. Verðbréfamiðstöð skal tafarlaust meðhöndla beiðnir um aðgang með því að veita svar við slíkum beiðnum eigi síðar en innan eins mánaðar og skal gera málsmeðferðarreglur við meðhöndlun aðgangsbeiðna aðgengilegar öllum.

3. Verðbréfamiðstöð skal eingöngu neita þátttakanda, sem uppfyllir viðmiðin sem um getur í 1. mgr., um aðgang ef það er tilhlýðilega rökstutt skriflega og á grundvelli heildaráhættumats.

Við synjun hefur þátttakandinn, sem æskir aðgangs, rétt til að kvarta til lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar sem hefur synjað um aðgang.

Viðkomandi lögbært yfirvald skal rannsaka kvörtunina á viðeigandi hátt með því að leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun og skal veita þátttakandanum, sem æskir aðgangs, rökstutt svar.

Lögbært yfirvald skal hafa samráð við lögbært yfirvald á staðfestustað þátttakandans, sem æskir aðgangs, um mat sitt á kvörtuninni. Ef yfirvald þátttakandans, sem æskir aðgangs, er ósammála matinu sem veitt er getur annaðhvort lögbæru yfirvaldanna vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef synjun verðbréfamiðstöðvarinnar, um að veita þátttakandanum, sem æskir þess, aðgang, er talin óréttmæt skal lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar sem hefur synjað um aðgang, gefa út fyrirmæli um að viðkomandi verðbréfamiðstöð veiti þátttakandanum, sem æskir þess, aðgang.

4. Verðbréfamiðstöð skal hafa hlutlægar og gagnsæjar málsmeðferðarreglur fyrir tímabundna lokun og eðlilega útgöngu fyrir þátttakendur sem ekki uppfylla lengur viðmiðin sem um getur í 1. mgr.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvers konar áhættu sem verðbréfamiðstöðvar eiga að taka tillit til þegar þær framkvæma heildaráhættumat, og lögbær yfirvöld þegar þau leggja mat á ástæður fyrir synjun í samræmi við 3. mgr., og þættina í málsmeðferðinni sem um getur í 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.– 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum og sniðmátum fyrir málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

34. gr.

Gagnsæi

1. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, sem og fyrir hverja aðra kjarnaþjónustu sem hún veitir, birta opinberlega verð og gjöld sem tengjast kjarnaþjónustunni sem hún veitir og skráð er í A-þætti viðaukans. Hún skal birta verð og gjöld aðskilin fyrir hverja veitta þjónustu og verk, þ.m.t. afslætti og endurgreiðslur og skilyrðin sem þarf til að njóta þessara lækkana. Hún skal heimila viðskiptavinum sínum aðskilinn aðgang að tiltekinni þjónustu.

2. Verðbréfamiðstöð skal birta verðskrá sína til að auðvelda samanburð á tilboðum og gera viðskiptavinum kleift að sjá fyrir kostnaðinn sem þeir verða að greiða fyrir að nota þjónustuna.

3. Verðbréfamiðstöð skal vera bundin af birtri verðstefnu sinni fyrir kjarnaþjónustu sína.

4. Verðbréfamiðstöð skal veita viðskiptavinum sínum upplýsingar sem gerir þeim kleift að bera reikninga saman við útgefna verðskrá.

5. Verðbréfamiðstöð skal birta öllum viðskiptavinum upplýsingar sem gerir þeim kleift að meta hvers konar áhættu sem tengist veittri þjónustu.

6. Verðbréfamiðstöð skal aðskilja gjöld og tekjur vegna veittrar kjarnaþjónustu og birta lögbæra yfirvaldinu þær upplýsingar.

7. Verðbréfamiðstöð skal gera grein fyrir heildargjöldum og -tekjum vegna veittrar viðbótarþjónustu og birta lögbæru yfirvaldi þær upplýsingar.

8. Til þess að tryggja skilvirka beitingu samkeppnisreglna Sambandsins og gera greiningu mögulega, m.a. á víxlniðurgreiðslu kjarnaþjónustu á viðbótarþjónustu, skal verðbréfamiðstöð halda sundurliðaða reikninga yfir starfsemi sína. Þessir sundurliðuðu reikningar skulu a.m.k. aðskilja kostnað og tekjur sem tengjast hverri af kjarnaþjónustu hennar frá þeim sem tengjast viðbótarþjónustu.

35. gr.

Samskiptaferlar við þátttakendur og aðra markaðsinnviði

Verðbréfamiðstöðvar skulu, í samskiptaferlum sínum við þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfunum sem þær starfrækja, og við markaðsinnviði sem þær tengjast, nota alþjóðlega opna samskiptaferla og -staðla fyrir tilkynningar og tilvísunargögn til þess að auðvelda skilvirka skráningu, greiðslu og uppgjör.

3. þáttur

Kröfur sem eiga við um þjónustu verðbréfamiðstöðvar

36. gr.

Almenn ákvæði

Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, hafa viðeigandi reglur og verklagsreglur, þ.m.t. traust bókhaldsfyrirkomulag og eftirlit, til að tryggja heilindi í verðbréfaútgáfu og draga úr og stýra áhættunum sem tengjast varðveislu og uppgjöri viðskipta með verðbréf.

37. gr.

Heilindi útgáfunnar

1. Verðbréfamiðstöð skal gera viðeigandi ráðstafanir um afstemmingu til að staðfesta að fjöldi verðbréfanna í verðbréfaútgáfu, eða í hluta verðbréfaútgáfu sem lagður er inn til verðbréfamiðstöðvarinnar, sé jafn summu skráðra verðbréfa á verðbréfareikningum þátttakendanna í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin starfrækir og, ef við á, á eigendareikningum í vörslu verðbréfamiðstöðvarinnar. Slíkar afstemmingar skulu fara fram a.m.k. daglega.

2. Eftir því sem við á og ef aðrar einingar taka þátt í afstemmingingarferlinu fyrir tiltekna verðbréfaútgáfu, t.d. útgefandi, skrásetjarar, umsjónaraðilar útgáfu (e. *issuance agents*), yfirfærsluaðilar, sameiginlegur geymsluaðili (e. *common depository*), aðrar verðbréfamiðstöðvar eða aðrar einingar, skal verðbréfamiðstöðin og hver slík eining skipuleggja fullnægjandi samvinnu og upplýsingaskipti sín á milli til að viðhalda heilindum útgáfunnar.

3. Yfirdráttur verðbréfa, neikvæð staða eða stofnun verðbréfa skal ekki leyfð í verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð starfrækir.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina afstemmingaraðgerðirnar sem verðbréfamiðstöð á að grípa til skv. 1., 2. og 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

38. gr.

Varðveiting verðbréfa þátttakenda og viðskiptavina þeirra

1. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, halda skrár og reikninga sem gera henni kleift, hvenær sem er og án tafar, að aðgreina í reikningunum hjá sér verðbréf eins þátttakanda frá verðbréfum annars þátttakanda og, ef við á, frá eignum verðbréfamiðstöðvarinnar.

2. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár og reikninga sem gera hverjum þátttakanda kleift að aðgreina verðbréf þátttakandans frá verðbréfum viðskiptavinar hans.

3. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár og reikninga sem gera hverjum þátttakanda kleift að geyma á einum verðbréfareikningi verðbréfin sem tilheyra mismunandi viðskiptavinum þess þátttakanda („aðgreining sameiginlegra reikninga viðskiptavina) (e. *omnibus client segregation*“).

4. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár og reikninga sem gera þátttakanda kleift að aðgreina verðbréf hvers viðskiptavinar þátttakandans, ef viðskiptavinurinn óskar („aðgreining einstakra viðskiptavina“)(e. *individual client segregation*).

5. Þátttakandi skal a.m.k. bjóða viðskiptavinum sínum val milli aðgreiningar sameiginlegra reikninga viðskiptavina og aðgreiningar einstakra viðskiptavina og upplýsa þá um kostnaðinn og áhætturnar samfara hvorum valkosti fyrir sig.

Verðbréfamiðstöð og þátttakendur í henni skulu þó bjóða aðgreiningu einstakra viðskiptavina fyrir ríkisborgara og heimilisfasta einstaklinga og lögaðila með staðfestu í aðildarríki, ef þess er krafist samkvæmt landslögum aðildarríkisins sem verðbréfin eru stofnuð undir, eins og þau eru 17. september 2014. Sú skuldbinding skal gilda eins lengi og landslögunum er ekki breytt eða felld niður og markmið þeirra eru áfram í gildi.

6. Verðbréfamiðstöðvar og þátttakendur í þeim skulu birta opinberlega upplýsingar um verndarstig og kostnað í tengslum við mismunandi stig aðgreiningar sem þau veita og skulu bjóða þessa þjónustu með sanngjörnum viðskiptaskilmálum. Upplýsingar um mismunandi stig aðgreiningar skulu fela í sér lýsingu á helstu réttaráhrifum viðkomandi verndarstiga sem í boði eru, þ.m.t. upplýsingar um gjaldþrotalög sem gilda í viðkomandi lögsögu.

7. Verðbréfamiðstöð skal ekki í neinum tilgangi nota verðbréf sem tilheyra henni ekki. Verðbréfamiðstöð getur þó notað verðbréf þátttakanda ef hún hefur fengið fyrirframsamþykki þess þátttakanda. Verðbréfamiðstöðin skal krefja þátttakendur sína um að afla nauðsynlegs fyrirframsamþykkis frá viðskiptavinum sínum.

39. gr.

Endanlegt uppgjör

1. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að verðbréfauppgjörskerfið sem hún starfrækir veiti þátttakendum fullnægjandi vernd. Aðildarríki skulu tilnefna og tilkynna verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja samkvæmt málsmeðferðarreglunum sem um getur í a-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB.

2. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir skilgreini innfærslutíma og óafturkallanleika fyrirmæla í það verðbréfauppgjörskerfi í samræmi við 3. og 5. mgr. tilskipunar 98/26/EB.

3. Verðbréfamiðstöð skal birta reglurnar sem gilda um endanlega yfirfærslu á verðbréfum og peningum í verðbréfauppgjörskerfi.

4. Ákvæðin í 2. og 3. mgr. skulu gilda með fyrirvara um ákvæðin sem eiga við um samtengingar verðbréfamiðstöðva, og með fyrirvara um 8. mgr. 48. gr.

5. Verðbréfamiðstöð skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, í samræmi við reglurnar sem um getur í 3. mgr., að endanleg yfirfærsla á verðbréfum og peningum sem um getur í 3. mgr. náist annaðhvort í rauntíma eða innan sama dags og í öllum tilvikum eigi síðar en við lok viðskiptadagsins sem er hinn raunverulegi uppgjörsdagur.

6. Þegar verðbréfamiðstöðin býður þjónustuna sem um getur í 2. mgr. 40. gr. skal hún tryggja að innborganir í peningum af verðbréfauppgjörum séu tiltækar viðtakendum til notkunar eigi síðar en við lok viðskiptadagsins sem er hinn ætlaði uppgjörsdagur.

7. Öll verðbréfaviðskipti gegn peningum milli beinna þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð starfrækir og gerð eru upp í því kerfi, skulu gerð upp á grundvelli afhendingar gegn greiðslu (DVP).

40. gr.

Uppgjör peningahluta

1. Fyrir færslur sem gefnar eru upp í gjaldmiðli þess lands þar sem uppgjörið á sér stað skal verðbréfamiðstöð gera upp peningagreiðslurnar í verðbréfauppgjörskerfi sínu í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka sem gefur út viðeigandi gjaldmiðil, þar sem það er hagkvæmt og mögulegt.

2. Ef uppgjör er ekki hagkvæmt og mögulegt í gegnum reikninga seðlabanka, eins og kveðið er á um í 1. mgr., getur verðbréfamiðstöð boðið að gera peningahlutann upp fyrir allt eða hluta verðbréfauppgjörskerfis síns í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá lánastofnun eða í gegnum sína eigin reikninga. Ef verðbréfamiðstöð býðst til að gera upp á reikningum sem stofnaðir eru hjá lánastofnun eða í gegnum sína eigin reikninga skal hún gera það í samræmi við ákvæðin í IV. bálki.

3. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að allar upplýsingar sem veittar eru markaðsaðilum um áhættu og kostnað samfara uppgjöri á reikningum lánastofnana eða í gegnum sína eigin reikninga séu skýrar, sanngjarnar og ekki villandi. Verðbréfamiðstöð skal gera nægar upplýsingar tiltækar viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum til að gera þeim kleift að greina og meta áhætturnar og kostnaðinn samfara uppgjöri á reikningum lánastofnana, eða í gegnum sína eigin reikninga, og skal veita slíkar upplýsingar sé þeirra óskað.

41. gr.

Reglur og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda

1. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir sérhvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, vera með skilvirkar og skýrt skilgreindar reglur og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli eins eða fleiri af þátttakendum sínum, svo tryggt sé að verðbréfamiðstöðin geti gripið til tímanlegra aðgerða til að takmarka tjón og lausafjárþrýsting og haldið áfram að rækja skyldur sínar.

2. Verðbréfamiðstöð skal gera reglur sínar og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda aðgengilegt almenningi.

3. Verðbréfamiðstöð skal, ásamt þátttakendum og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum, takast á hendur reglubundnar prófanir og endurskoðun á verklagi um viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda til að tryggja að það sé hagkvæmt og skilvirkt.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, gefið út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. þáttur

Varfærniskröfur

42. gr.

Almennar kröfur

Verðbréfamiðstöð skal samþykkja traustan áhættustýringarramma fyrir yfirgripsmikla stýringu á lagalegri, viðskiptalegri, rekstrarlegri og annarri beinni eða óbeinni áhættu, þ.m.t. ráðstöfunum til að draga úr svikum og vanrækslu.

43. gr.

Lagaleg áhætta

1. Verðbréfamiðstöð skal, að því er varðar starfsleyfi hennar og eftirlit, sem og fyrir upplýsingar til viðskiptavina sinna, hafa yfir að ráða reglum, verklagi og samningum sem eru skýr og skiljanleg fyrir öll verðbréfauppgjörskerfin sem hún starfrækir og alla aðra þjónustu sem hún veitir.

2. Verðbréfamiðstöð skal móta reglur sínar, verklag og samninga þannig að þau séu framfylgjanleg í öllum viðeigandi lögsögum, þ.m.t. ef um er að ræða greiðslufall þátttakanda.

3. Verðbréfamiðstöð, sem stundar viðskipti í mismunandi lögsögum, skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og milda áhættu sem stafar af mögulegum lagaskilum á milli lögsagnarumdæma.

44. gr.

Almenn viðskiptaáhætta

Verðbréfamiðstöð skal vera með traust stjórnunar- og eftirlitskerfi sem og upplýsingatæknibúnað til að greina, vakta og stjórna almennri viðskiptaáhættu, þ.m.t. tapi vegna slæmrar framkvæmdar á starfsstefnu, sjóðstreymi og rekstrarútgjöldum.

45. gr.

Rekstraráhætta

1. Verðbréfamiðstöð skal greina upptök rekstraráhættu, bæði innri og ytri, og lágmarka áhrif hennar með því að nýta viðeigandi upplýsingatæknibúnað, stjórntæki og verklag, þ.m.t. fyrir öll verðbréfauppgjörskerfin sem hún starfrækir.

2. Verðbréfamiðstöð skal viðhalda viðeigandi upplýsingatæknibúnaði sem tryggir hátt öryggis- og áreiðanleikastig í rekstri og hefur fullnægjandi afkastagetu. Upplýsingatæknibúnaðurinn skal á fullnægjandi hátt ráða við flækjustig, fjölbreytileika og tegundir veittrar þjónustu og starfsemi sem stunduð er til að tryggja hátt öryggisstig og heilleika og trúnað um upplýsingarnar geymdar eru.

3. Verðbréfamiðstöð skal, fyrir þjónustuna sem hún veitir, sem og hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún starfrækir, koma á, framkvæma og viðhalda viðeigandi áætlun um samfelldan rekstur og neyðaráætlun til að tryggja varðveislu þjónustu sinnar, tímanlega endurreisn starfsemi og uppfyllingu á skuldbindingum verðbréfamiðstöðvarinnar, ef um er að ræða atburði sem valda umtalsverðri hættu á truflun í starfsemi.

4. Áætlunin, sem um getur í 3. mgr., skal kveða á um endurheimt allra færslna og staðna þátttakenda frá þeim tíma sem þau rofnuðu til að gera þátttakendunum í verðbréfamiðstöð kleift að halda starfsemi áfram á öruggan hátt og ljúka uppgjöri á áætluðum degi, þ.m.t. með því að tryggja að mikilvæg upplýsingatæknikerfi geti tafarlaust hafið starfsemi aftur frá þeim tíma sem truflunin varð. Hún skal fela í sér uppsetningu á öðrum vinnslustað með nægjanleg tilföng, getu og virkni og viðeigandi fyrirkomulag starfsmannamála.

5. Verðbréfamiðstöðin skal skipuleggja og framkvæma prófanir á fyrirkomulaginu sem um getur í 1.–4. mgr.

6. Verðbréfamiðstöð skal greina, vakta og stýra áhættu sem lykilþátttakendur í verðbréfauppgjörskerfinu sem hún starfrækir, sem og þjónustuveitendur, aðrar verðbréfamiðstöðvar eða aðrir markaðsinnviðir gætu valdið á starfsemi hennar. Hún skal, samkvæmt beiðni, veita lögbærum og viðeigandi yfirvöldum upplýsingar um sérhverja slíka áhættu sem greind er.

Hún skal einnig upplýsa lögbært yfirvald og viðeigandi yfirvöld án tafar um öll rekstrarfrávik sem stafa af slíkum áhættum.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina þá rekstraráhættu sem um getur í 1. og 6. mgr., og prófunaraðferðir til að takast á við eða lágmarka hvers konar áhættu, þ.m.t. þær rekstrarsamfellustefnur og neyðaráætlanir sem um getur í 3. og 4. mgr., og aðferðirnar við mat á þeim.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

46. gr.

Fjárfestingarstefna

1. Verðbréfamiðstöð skal geyma fjáreignir sínar hjá seðlabönkum, lánastofnunum með starfsleyfi eða verðbréfamiðstöðvum með starfsleyfi.

2. Verðbréfamiðstöð skal hafa greiðan aðgang að eignum sínum ef þörf krefur.

3. Verðbréfamiðstöð skal eingöngu festa fjármagn sitt í reiðufé eða auðseljanlegum fjármálagerningum sem bera lágmarks markaðs- og útlánaáhættu. Þessar fjárfestingar skal vera unnt að innleysa fljótt og með sem minnstum skaðlegum áhrifum á verðmæti þeirra.

4. Ekki skal taka tillit til þess eigin fjár, þ.m.t. óráðstafaðs eigin fjár og varasjóða verðbréfamiðstöðvar, sem ekki er notað til fjárfestinga í samræmi við 3. mgr., að því er varðar 1. mgr. 47. gr.

5. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að heildaráhættuskuldbinding hennar vegna sérhverrar einstakrar lánastofnunar með starfsleyfi eða verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi þar sem hún geymir fjáreignir sínar sé innan ásættanlegra samþjöppunarmarka.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina fjármálagerningana sem teljast auðseljanlegir, eru með lágmarks markaðs- og útlánaáhættu eins og um getur í 3. mgr., viðeigandi tímaramma fyrir aðgengi að eignum sem um getur í 2. mgr., og samþjöppunarmörkin sem um getur í 5. mgr. Slík drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu, eftir því sem við á, löguð að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem samþykktir eru í samræmi við 8. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

47. gr.

Eiginfjárkröfur

1. Eigið fé, ásamt óráðstöfuðu eigin fé og varasjóðum verðbréfamiðstöðvar, skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar. Það skal á hverjum tíma vera nægjanlegt til að:

a) tryggja að verðbréfamiðstöðin sé með fullnægjandi vernd gegn rekstrar-, laga-, vörslu-, fjárfestinga- og viðskiptaáhættu til að hún geti haldið áfram að veita þjónustu og viðhaldið áframhaldandi rekstrarhæfi,

b) tryggja eðlileg slit eða endurskipulagningu á starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar innan hæfilegs tímabils sem er a.m.k. sex mánuðir við margvíslegar álagssviðsmyndir.

2. Verðbréfamiðstöð skal viðhalda áætlun fyrir eftirfarandi:

a) öflun viðbótarfjármagns ef eigið fé hennar nálgast eða fellur undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.,

b) tryggja eðlileg slit eða endurskipulagningu á starfsemi og þjónustu sinni ef verðbréfamiðstöðin er ófær um að afla nýs fjármagns.

Áætlunin skal samþykkt af stjórninni eða viðeigandi stjórnarnefnd og uppfærð reglulega. Hver uppfærsla á áætluninni skal látin lögbæru yfirvaldi í té. Lögbært yfirvald getur krafist þess að verðbréfamiðstöðin geri viðbótarráðstafanir eða beiti einhverri annarri ráðstöfun telji hún áætlun verðbréfamiðstöðvarinnar ófullnægjandi.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina kröfurnar varðandi eigið fé, óráðstafað eigið fé og varasjóði verðbréfamiðstöðvar sem um getur í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. þáttur

Kröfur vegna samtenginga verðbréfamiðstöðva

48. gr.

Samtengingar verðbréfamiðstöðva

1. Áður en samtengingu verðbréfamiðstöðva er komið á, og á áframhaldandi grundvelli þegar samtengingu verðbréfamiðstöðvanna hefur verið komið á, skulu allar viðkomandi verðbréfamiðstöðvar greina, meta, vakta og stjórna öllum hugsanlegum uppsprettum áhættu fyrir þær sjálfar og fyrir þátttakendur þeirra sem stafar af samtengingu verðbréfamiðstöðvanna og gera viðeigandi ráðstafanir til að milda áhættuna.

2. Verðbréfamiðstöðvar sem hyggjast koma á samtengingum skulu leggja fram umsókn um leyfi til lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar, sem æskir aðgangs, eins og krafist er skv. e-lið 1. mgr. 19. gr., eða tilkynna það lögbærum og viðeigandi yfirvöldum verðbréfamiðstöðvarinnar, sem æskir aðgangs, eins og krafist er skv. 5. mgr. 19. gr.

3. Samtenging skal veita tengdum verðbréfamiðstöðvum og þátttakendum þeirra nægjanlega vernd, einkum að því er varðar möguleg lán sem verðbréfamiðstöðvarnar taka og samþjöppunar- og lausafjáráhættu sem stafa af samtengingarfyrirkomulaginu.

Samtenging skal studd af viðeigandi samningsbundnu fyrirkomulagi sem setur fram réttindi og skyldur samtengdu verðbréfamiðstöðvanna og, ef nauðsyn krefur, þátttakendanna í verðbréfamiðstöðvunum. Samningsbundið fyrirkomulag sem hefur áhrif yfir lögsagnarumdæmi skal kveða á um ótvírætt val á lögum sem gilda um sérhvern þátt í starfrækslu samtengingarinnar.

4. Ef um er að ræða bráðabirgðayfirfærslu á verðbréfum milli tengdra verðbréfamiðstöðva skal enduryfirfærsla á verðbréfum, áður en fyrsta yfirfærslan er orðin endanleg, vera bönnuð.

5. Verðbréfamiðstöð sem notar óbeina tengingu eða millilið til að starfrækja samtengingu verðbréfamiðstöðvar við aðra verðbréfamiðstöð skal mæla, vakta og stjórna viðbótaráhættu sem stafar af notkun á þeirri óbeinu tengingu eða millilið og gera viðeigandi ráðstafanir til að milda hana.

6. Samtengdar verðbréfamiðstöðvar skulu vera með traustar afstemmingaraðferðir til að tryggja að viðeigandi skrár þeirra séu réttar.

7. Samtengingar milli verðbréfamiðstöðva skulu heimila afhendingu gegn greiðslu við uppgjör viðskipta milli þátttakenda í samtengdum verðbréfamiðstöðvum, þar sem það er hagkvæmt og mögulegt. Ítarlegan rökstuðning, fyrir hverja samtengingu verðbréfamiðstöðva sem ekki heimila afhendingu gegn greiðslu við uppgjör, skal tilkynna til viðeigandi og lögbærra yfirvalda.

8. Rekstrarsamhæfð verðbréfauppgjörskerfi og verðbréfamiðstöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði skulu koma á sömu tímapunktum fyrir:

a) hvenær fyrirmæli teljast komin til kerfis,

b) hvenær fyrirmæli teljast óafturkallanleg.

Verðbréfauppgjörskerfin og verðbréfamiðstöðvarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu nota jafngildar reglur varðandi tímapunkt endanlegrar yfirfærslu á verðbréfum og peningum.

9. Frá og með 18. september 2019 skulu allar rekstrarsamhæfðar tengingar milli verðbréfamiðstöðva sem starfræktar eru í aðildarríkjum vera, eftir atvikum, tengingar sem styðja afhendingu gegn greiðslu við uppgjör.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr., um hvaða gerð af tengingafyrirkomulagi veiti samtengdum verðbréfamiðstöðvum og þátttakendum þeirra fullnægjandi vernd, einkum þegar verðbréfamiðstöð hyggst taka þátt í verðbréfauppgjörskerfi annarrar verðbréfamiðstöðvar, vöktun og stjórnun á viðbótaráhættu sem um getur í 5. mgr. sem stafar af notkun millilliða, afstemmingaraðferðirnar sem um getur í 6. mgr., tilvikin þegar afhending gegn greiðslu við uppgjör í gegnum samtengingar verðbréfamiðstöðva er hagkvæm og möguleg eins og kveðið er á um í 7. mgr. og aðferðirnar við mat á þeim.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

III. KAFLI

Aðgangur að verðbréfamiðstöðvum

1. þáttur

Aðgangur útgefenda að verðbréfamiðstöðvum

49. gr.

Frelsi til útgáfu hjá verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í Sambandinu

1. Útgefandi skal hafa rétt til að gera ráðstafanir til að verðbréf hans, sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgum fjármálagerninga eða viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum, séu skráð hjá hvaða verðbréfamiðstöð sem er með staðfestu í einhverju aðildarríki, svo fremi sú verðbréfamiðstöð fari að skilyrðunum sem um getur í 23. gr.

Án þess að hafa áhrif á rétt útgefanda sem um getur í fyrstu undirgrein skal félagaréttur eða svipuð lög aðildarríkjanna, sem verðbréfin eru stofnuð eftir, gilda áfram.

Aðildarríki skulu tryggja að tekinn sé saman listi með viðkomandi lykilákvæðum í lögum þeirra eins og um getur í annarri undirgrein. Lögbær yfirvöld skulu koma þessum lista á framfæri við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eigi síðar en 18. desember 2014. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta listann eigi síðar en 18. janúar 2015.

Verðbréfamiðstöðin getur innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun fyrir þjónustu sína við útgefendur á grundvelli álagningar nema báðir aðilar hafi samið um annað.

2. Þegar útgefandi leggur fram beiðni um skráningu verðbréfa sinna hjá verðbréfamiðstöð skal hún þegar í stað taka slíka beiðni til meðferðar á jafnréttisgrundvelli og veita útgefandanum, sem sækir um, svar innan þriggja mánaða.

3. Verðbréfamiðstöð getur synjað útgefanda um þjónustu. Slík synjun skal eingöngu byggð á heildaráhættumati eða ef viðkomandi verðbréfamiðstöð veitir ekki þá þjónustu sem um getur í 1. lið A-þáttar viðaukans í tengslum við verðbréf sem stofnuð eru samkvæmt félagarétti eða svipuðum lögum viðkomandi aðildarríkis.

4. Án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([1]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([2]) skal verðbréfamiðstöð, ef hún synjar útgefanda um þjónustu, upplýsa útgefandann, sem sækir um, skriflega um ástæður fyrir synjun sinni.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB frá 1. ágúst 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB að því er varðar skilgreininguna á Ñeinstaklingur í pólitískum áhættuhópii og tæknilegar kröfur varðandi einfaldaða skoðun með tilhlýðilegri kostgæfni á áreiðanleika viðskiptamanns og varðandi undanþágur á grundvelli fjármálastarfsemi sem stunduð er stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti (Stjtíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29).

Við synjun skal útgefandi, sem sækir um, hafa rétt til að kvarta til lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar sem synjar honum um þjónustu sína.

Lögbært yfirvald þeirrar verðbréfamiðstöðvar skal rannsaka kvörtunina á viðeigandi hátt með því að leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun sem verðbréfamiðstöðin gefur og skal veita útgefandanum rökstutt svar.

Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar skal hafa samráð við lögbært yfirvald á staðfestustað útgefandans, sem sækir um, um mat sitt á kvörtuninni. Ef lögbært yfirvald á staðfestustað umsóknarútgefandans er ósammála því mati getur annaðhvort lögbæru yfirvaldanna vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef synjun verðbréfamiðstöðvarinnar um að veita útgefanda þjónustu sína er talin óréttmæt skal lögbært yfirvald sem í hlut á gefa út fyrirmæli um að verðbréfamiðstöðin veiti útgefandanum, sem sækir um, þjónustu sína.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvers konar áhættu sem verðbréfamiðstöðvar eiga að taka tillit til þegar þær framkvæma heildaráhættumat, og lögbær yfirvöld þegar þau leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun í samræmi við 3. og 4. mgr., og þættina í málsmeðferðinni sem um getur í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum og sniðmátum fyrir málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. þáttur

Aðgangur milli verðbréfamiðstöðva

50. gr.

Aðgangur gegnum staðlaða tengingu

Verðbréfamiðstöð skal hafa rétt á að verða þátttakandi í annarri verðbréfamiðstöð og setja upp staðlaða tengingu við þá verðbréfamiðstöð í samræmi við 33. gr., svo fremi samtenging verðbréfamiðstöðvanna sé tilkynnt fyrirfram eins og kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr.

51. gr.

Aðgangur gegnum sérsniðna tengingu

1. Ef verðbréfamiðstöð fer fram á það við aðra verðbréfamiðstöð að koma á sérsniðinni tengingu til að hafa aðgang að þeirri síðarnefndu, skal viðtökuverðbréfamiðstöðin eingöngu hafna henni á grundvelli áhættu. Hún skal ekki neita beiðni á grundvelli taps á markaðshlutdeild.

2. Viðtökuverðbréfamiðstöðin getur innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun á grundvelli álagningar af verðbréfamiðstöðinni, sem æskir aðgangs, fyrir að gera sérsniðna tengingu aðgengilega nema báðir aðilar hafi samið um annað.

52. gr.

Verklag fyrir samtengingar verðbréfamiðstöðva

1. Þegar verðbréfamiðstöð leggur fram beiðni um aðgang að annarri verðbréfamiðstöð, skv. 50. og 51. gr., skal sú síðarnefnda meðhöndla slíka beiðni tafarlaust og veita verðbréfamiðstöðinni, sem æskir aðgangs, svar innan þriggja mánaða.

2. Verðbréfamiðstöð skal eingöngu neita verðbréfamiðstöð, sem þess æskir, um aðgang þegar slíkur aðgangur myndi ógna snurðulausri og skipulegri starfsemi fjármálamarkaða eða valda kerfisáhættu. Slík synjun skal eingöngu byggð á heildaráhættumati.

Ef verðbréfamiðstöð synjar um aðgang skal hún upplýsa verðbréfamiðstöðina, sem æskir aðgangs, um ástæður fyrir synjun sinni.

Ef um er að ræða synjun hefur verðbréfamiðstöðin, sem æskir aðgangs, rétt til að kvarta til lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar sem hefur synjað um aðgang.

Lögbært yfirvald viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar skal rannsaka kvörtunina á viðeigandi hátt með því að leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun og skal veita verðbréfamiðstöðinni, sem æskir aðgangs, rökstutt svar.

Lögbært yfirvald viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar skal hafa samráð við lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar, sem æskir aðgangs, og viðeigandi yfirvald hennar sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr., um mat sitt á kvörtuninni. Ef eitthvert yfirvalda verðbréfamiðstöðvarinnar, sem æskir aðgangs, er ósammála matinu sem er veitt getur sérhvert yfirvaldanna vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem getur gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef synjun verðbréfamiðstöðvarinnar, um að veita verðbréfamiðstöðinni, sem þess æskir, aðgang, er talin óréttmæt skal lögbært yfirvald viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar gefa út fyrirmæli um að sú verðbréfamiðstöð veiti verðbréfamiðstöðinni, sem þess æskir, aðgang.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvers konar áhættu sem verðbréfamiðstöðvar eiga að taka tillit til þegar þær framkvæma heildaráhættumat, og lögbær yfirvöld þegar þau leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun í samræmi við 2. mgr., og atriðin í verklagsreglunum sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum og sniðmátum fyrir verklagsreglurnar sem um getur í 1. og 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. þáttur

Aðgangur milli verðbréfamiðstöðvar og annarra markaðsinnviða

53. gr.

Aðgangur milli verðbréfamiðstöðvar og annarra markaðsinnviða

1. Miðlægur mótaðili og viðskiptavettvangur skulu veita verðbréfamiðstöð viðskiptagögn, án mismununar og á gagnsæjan hátt, samkvæmt beiðni frá verðbréfamiðstöðinni og geta innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun fyrir slík viðskiptagögn af verðbréfamiðstöðinni, sem sendi beiðnina, á grundvelli álagningar nema báðir aðilar hafi samið um annað.

Verðbréfamiðstöð skal veita miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi aðgang að verðbréfauppgjörskerfi sínu, án mismununar og á gagnsæjan hátt, og getur innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun fyrir slíkan aðgang á grundvelli álagningar nema báðir aðilar hafi samið um annað.

2. Þegar aðili leggur fram beiðni um aðgang til annars aðila í samræmi við 1. mgr. skal slík beiðni tafarlaust meðhöndluð og svar veitt aðilanum, sem æskir hans, innan þriggja mánaða.

3. Aðilinn, sem tekur við beiðninni, skal eingöngu neita um aðgang ef slíkur aðgangur hefur áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaða eða veldur kerfisáhættu. Hann skal ekki neita beiðni á grundvelli taps á markaðshlutdeild.

Aðili sem synjar aðgangi skal upplýsa aðilann, sem æskir hans, skriflega um ástæður fyrir slíkri synjun sem skal byggjast á heildaráhættumati. Við synjun hefur aðilinn, sem æskir aðgangs, rétt til að kvarta til lögbærs yfirvalds aðilans sem hefur synjað um aðgang.

Lögbært yfirvald aðilans, sem tekur við beiðninni, og viðeigandi yfirvald sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr. skal rannsaka kvörtunina á viðeigandi hátt með því að leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun og veita aðilanum, sem æskir aðgangs, rökstutt svar.

Lögbært yfirvald aðilans, sem tekur við beiðninni, skal hafa samráð við lögbært yfirvald aðilans, sem æskir aðgangs, og viðeigandi yfirvald sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr., um mat sitt á kvörtuninni. Ef eitthvert yfirvalda aðilans, sem æskir aðgangs, er ósammála matinu sem er veitt, getur sérhvert þeirra vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og getur hún gripið til aðgerða í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef synjun aðila um að veita aðgang er talin óréttmæt skal hið ábyrga lögbæra yfirvald gefa út fyrirmæli um að sá aðili veiti aðgang að þjónustu sinni innan þriggja mánaða.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvers konar áhættu sem verðbréfamiðstöðvar eiga að taka tillit til þegar þær framkvæma heildaráhættumat, og lögbær yfirvöld þegar þau leggja mat á ástæðurnar fyrir synjun í samræmi við 3. mgr., og atriðin í verklagsreglunum sem um getur í 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðilana í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum og sniðmátum fyrir verklagsreglurnar sem um getur í 2. og 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

IV. BÁLKUR

VEITING VIÐBÓTARBANKAÞJÓNUSTU FYRIR ÞÁTTTAKENDUR VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR

54. gr.

Starfsleyfi og tilnefning til að veita viðbótarbankaþjónustu

1. Verðbréfamiðstöð skal sjálf ekki veita neina viðbótarbankaþjónustu sem sett er fram í C-þætti viðaukans nema hún hafi fengið viðbótarleyfi til að veita slíka þjónustu í samræmi við þessa grein.

2. Verðbréfamiðstöð sem hyggst gera upp peningahluta alls eða hluta verðbréfauppgjörskerfis síns í samræmi við 2. mgr. 40. gr., eða á annan hátt óskar að veita viðbótarbankaþjónustu sem um getur í 1. mgr., skal annaðhvort hafa leyfi:

a) til að bjóða slíka þjónustu sjálf samkvæmt skilyrðunum sem tilgreind eru í þessari grein eða

b) tilnefna í þeim tilgangi eina eða fleiri lánastofnanir sem eru með starfsleyfi í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. Ef verðbréfamiðstöð sækist eftir að veita viðbótarbankaþjónustu í gegnum sama lögaðila og lögaðilann sem starfrækir verðbréfauppgjörskerfið skal heimildin sem um getur í 2. mgr. eingöngu veitt þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) verðbréfamiðstöðin hefur starfsleyfi sem lánastofnun eins og kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) verðbréfamiðstöðin uppfyllir varfærniskröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í 60. gr.,

c) starfsleyfið, sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar, er eingöngu notað til að veita viðbótarbankaþjónustuna sem um getur í C-þætti viðaukans og ekki til að stunda neina aðra starfsemi,

d) verðbréfamiðstöðin fellur undir viðbótar eiginfjárkröfu sem endurspeglar áhættu, þ.m.t. útlána- og lausafjáráhættu sem leiðir af lánveitingum innan hvers dags, m.a. vegna þátttakendanna í verðbréfauppgjörskerfi eða annarra notenda verðbréfamiðstöðvarþjónustu,

e) verðbréfamiðstöðin gefur lögbæru yfirvaldi skýrslu a.m.k. mánaðarlega, og árlega sem hluta af opinberri birtingu hennar eins og krafist er samkvæmt áttunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, um umfang og stýringu á lausafjáráhættu innan hvers dags í samræmi við j-lið 4. mgr. 59. gr. þessarar reglugerðar,

f) verðbréfamiðstöðin hefur lagt fram til lögbærs yfirvalds fullnægjandi endurreisnaráætlun til að tryggja samfellu í mikilvægustu starfsemi sinni, þ.m.t. í tilvikum þegar lausafjár- og útlánaáhætta raungerist sem afleiðing af veitingu á viðbótarbankaþjónustu.

Ef um er að ræða ósamhljóða ákvæði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2013/36/ESB skal verðbréfamiðstöðin, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, fara að þeim kröfum um varfærnieftirlit sem eru strangari. Í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 47. og 59. gr. þessarar reglugerðar skulu tilvikin um ósamhljóða ákvæði skýrð.

4. Ef verðbréfamiðstöð óskar eftir að tilnefna lánastofnun til að veita viðbótarbankaþjónustu í gegnum aðskilinn lögaðila sem getur verið hluti af sömu fyrirtækjasamstæðu, hvort sem henni er endanlega stjórnað af sama móðurfyrirtæki eða ekki, skal heimildin sem um getur í 2. mgr. eingöngu veitt þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) aðskildi lögaðilinn er með starfsleyfi til að starfa sem lánastofnun eins og kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) aðskildi lögaðilinn uppfyllir varfærniskröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í 60. gr.,

c) aðskildi lögaðilinn framkvæmir ekki sjálfur kjarnaþjónustuna sem um getur í A-þætti viðaukans,

d) starfsleyfið, sem um getur í a-lið, er eingöngu notað til að veita þá viðbótarbankaþjónustu sem um getur í C-þætti viðaukans og ekki til að stunda neina aðra starfsemi,

e) aðskildi lögaðilinn fellur undir viðbótar eiginfjárkröfu sem endurspeglar áhættu, þ.m.t. útlána- og lausafjáráhættu sem leiðir af lánveitingum innan hvers dags, m.a. vegna þátttakendanna í verðbréfauppgjörskerfi eða annarra notenda verðbréfamiðstöðvarþjónustu,

f) aðskildi lögaðilinn gefur lögbæru yfirvaldi skýrslu a.m.k. mánaðarlega, og árlega sem hluta af opinberri birtingu hennar eins og krafist er samkvæmt áttunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, um umfang og stýringu á lausafjáráhættu innan hvers dags í samræmi við j-lið 4. mgr. 59. gr. þessarar reglugerðar, og

g) aðskildi lögaðilinn hefur lagt fram til lögbærs yfirvalds fullnægjandi endurreisnaráætlun til að tryggja samfellu í mikilvægustu starfsemi sinni, þ.m.t. í tilvikum þegar lausafjár- og útlánaáhætta raungerist sem afleiðing af veitingu á viðbótarbankaþjónustu í gegnum aðskilinn lögaðila.

5. Ákvæðin í 4. mgr. skulu ekki gilda um lánastofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. sem bjóða upp á að gera upp greiðslur í peningum fyrir hluta verðbréfauppgjörskerfis verðbréfamiðstöðvarinnar, ef heildarvirði slíks peningauppgjörs í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá þessum lánastofnunum, reiknað yfir eins árs tímabil, er minna en eitt prósent af heildarvirði allra verðbréfaviðskipta gegn peningahluta sem gert er upp innan verðbréfamiðstöðvarinnar og fer ekki yfir 2,5 milljarða evra að hámarki á ári.

Lögbært yfirvald skal ganga úr skugga um, a.m.k. einu sinni á ári, að viðmiðunarmörkin sem skilgreind eru í fyrstu undirgrein séu virt og skýra Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá niðurstöðum sínum. Ef lögbært yfirvald ákvarðar að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörkin skal það krefja verðbréfamiðstöðina sem í hlut á um að leita heimildar í samræmi við 4. mgr. Verðbréfamiðstöðin sem í hlut á skal leggja fram umsókn sína um heimild innan sex mánaða.

6. Lögbært yfirvald getur krafið verðbréfamiðstöð um að tilnefna fleiri en eina lánastofnun, eða tilnefna lánastofnun í viðbót við að hún sjálf veiti þjónustu í samræmi við a-lið 2. mgr. þessarar greinar, ef það telur að áhættuskuldbindingar einnar lánastofnunar vegna samþjöppunar á áhættu skv. 3. og 4. mgr. 59. gr., séu ekki mildaðar til fulls. Tilnefndu lánastofnanirnar skulu teljast uppgjörsaðilar.

7. Verðbréfamiðstöð, sem hefur heimild til að veita viðbótarbankaþjónustu og tilnefnd lánastofnun í samræmi við b-lið 2. mgr., skulu ætíð fara að skilyrðunum sem nauðsynleg eru fyrir heimildinni samkvæmt þessari reglugerð og skulu, án tafar, tilkynna lögbærum yfirvöldum um sérhverja efnislega breytingu sem hefur áhrif á skilyrðin fyrir henni.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða viðbótina við hina áhættumiðuðu viðbótareiginfjárkröfu sem um getur í d-lið 3. mgr. og e-lið 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

55. gr.

Málsmeðferð fyrir veitingu og synjun um starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu

1. Verðbréfamiðstöðin skal leggja fram umsókn sína um leyfi til að tilnefna lánastofnun, eða til að veita viðbótarbanka-þjónustu eins og krafist er skv. 54. gr., til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu.

2. Umsóknin skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að fullvissa sig um að verðbréfamiðstöðin og, eftir atvikum, tilnefnd lánastofnun hafi, þegar starfsleyfið er veitt, komið á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að uppfylla skyldurnar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Hún skal innihalda starfsáætlun þar sem fram kemur fyrirhuguð viðbótarbankaþjónusta, uppbygging sambandsins milli verðbréfamiðstöðvarinnar og, eftir atvikum, tilnefndu lánastofnunarinnar og hvernig sú verðbréfamiðstöð eða, eftir atvikum, tilnefnd lánastofnun hyggst uppfylla varfærniskröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. og önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í 54. gr.

3. Lögbært yfirvald skal beita málsmeðferðinni skv. 3. og 8. mgr. 17. gr.

4. Frá þeirri stundu sem umsóknin er talin fullgerð skal lögbært yfirvald senda allar upplýsingar í umsókninni til eftirfarandi yfirvalda:

a) viðeigandi yfirvalda,

b) lögbærs yfirvalds, sem um getur í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum þar sem verðbréfamiðstöðin hefur komið á rekstrarsamhæfðum tengingum við aðra verðbréfamiðstöð nema ef verðbréfamiðstöðin hefur komið á rekstrarsamhæfðu tengingunum sem um getur í 5. mgr. 19. gr.,

d) lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu þar sem starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar er verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og vernd fjárfestanna í skilningi 4. mgr. 24. gr.,

e) lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með þátttakendum verðbréfamiðstöðvarinnar sem hafa staðfestu í þeim þremur aðildarríkjum sem eru með hæsta uppgjörsvirðið í verðbréfauppgjörskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar, samanlagt yfir eins árs tímabil,

f) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og

g) Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

5. Yfirvöldin sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. skulu gefa út rökstutt álit um starfsleyfi innan 30 daga frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 4. mgr. Ef yfirvald veitir ekki álit innan þess frests skal álit þess talið vera jákvætt.

Ef a.m.k. eitt af yfirvöldunum sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. gefur út neikvætt rökstutt álit skal lögbæra yfirvaldið, sem óskar eftir að veita starfsleyfi, veita yfirvöldunum sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. rökstudda ákvörðun innan 30 daga þar sem brugðist er við neikvæða álitinu.

Ef eitthvert af yfirvöldunum sem um getur í a- til e-lið 4. mgr. gefur út neikvætt álit, 30 dögum eftir að sú ákvörðun hefur verið kynnt, og lögbæra yfirvaldið óskar enn eftir að veita leyfið getur sérhvert yfirvaldanna sem gaf út neikvætt álit vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að fá aðstoð skv. c-lið 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef málið er ekki útkljáð 30 dögum eftir að því er vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal lögbæra yfirvaldið sem óskar eftir að veita leyfið taka endanlega ákvörðun og gefa ítarlega skriflega útskýringu á ákvörðun sinni til yfirvaldanna sem um getur í a- til e-lið 4. mgr.

Ef lögbært yfirvald hyggst synja um starfsleyfi skal málinu ekki vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Í neikvæðum álitum skal settur fram skriflega skýr og ítarlegur rökstuðningur fyrir því hvers vegna kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eða annarri löggjöf Sambandsins, séu ekki uppfylltar.

6. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin telur að lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. hafi veitt heimild sem er hugsanlega ekki í samræmi við lög Sambandsins skal hún fara eftir 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöðin á að veita lögbæra yfirvaldinu, í þeim tilgangi að fá viðeigandi heimild til að veita bankaþjónustu í viðbót við uppgjör.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við aðila í seðlabankakerfi Evrópu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir samráð yfirvaldanna sem um getur í 4. mgr., áður en starfsleyfi er veitt.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

56. gr.

Rýmkun á viðbótarbankaþjónustunni

1. Verðbréfamiðstöð, sem hyggst færa út viðbótarbankaþjónustuna og tilnefna til þess lánastofnun eða veita hana sjálf í samræmi við 54. gr., skal leggja fram beiðni um rýmkun til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu.

2. Beiðnin um rýmkun skal falla undir málsmeðferðina skv. 55. gr.

57. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Án þess að hafa áhrif á mögulegar aðgerðir til úrbóta, eða ráðstafanir samkvæmt V. bálki, skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfamiðstöðvarinnar afturkalla starfsleyfið sem um getur í 54. gr. í einverju eftirfarandi tilvika:

a) ef verðbréfamiðstöðin hefur ekki nýtt leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða ef tilnefnda lánastofnunin hefur hvorki veitt þjónustu né stundað starfsemi síðustu sex mánuði,

b) ef verðbréfamiðstöðin hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt,

c) ef verðbréfamiðstöðin eða tilnefnda lánastofnunin fer ekki lengur að skilyrðunum sem gilda um veitingu starfsleyfis og hefur ekki gripið til þeirra aðgerða til úrbóta sem lögbært yfirvald hefur farið fram á innan ákveðins tímaramma,

d) ef verðbréfamiðstöðin eða tilnefnda lánastofnunin hefur alvarlega og kerfisbundið brotið í bága við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Um leið og lögbært yfirvald verður vart við eitthvert atriðanna sem um getur í 1. mgr. skal það samstundis hafa samráð við yfirvöldin sem um getur í 4. mgr. 55. gr. um nauðsyn þess að afturkalla heimildina.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, sérhvert viðeigandi yfirvald skv. a-lið 1. mgr. 12. gr. og sérhvert yfirvald sem um getur í 1. mgr. 60. gr. eða, eftir því sem við á, yfirvöldin sem um getur í 4. mgr. 55. gr. geta, hvenær sem er, farið fram á það að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfamiðstöðvarinnar rannsaki hvort verðbréfamiðstöðin, og eftir atvikum tilnefnda lánastofnunin, fari enn að skilyrðunum sem gilda um veitingu starfsleyfisins.

4. Lögbært yfirvald getur takmarkað afturköllunina við tiltekna þjónustu, starfsemi eða fjármálagerning.

5. Verðbréfamiðstöð og tilnefnd lánastofnun skulu koma á, framkvæma og viðhalda fullnægjandi verklagi sem tryggir tímanlegt og eðlilegt uppgjör og yfirfærslu eigna viðskiptavina og þátttakenda til annars uppgjörsaðila ef um er að ræða afturköllun starfsleyfisins sem um getur í 1. mgr.

58. gr.

Skráning verðbréfamiðstöðvar

1. Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka skv. 54., 56. og 57. gr., skulu tilkynntar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta í skráningunni, sem krafist er að hún geri aðgengilega á sérstöku vefsetri sínu í samræmi við 3. mgr. 21. gr., eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn sérhverrar verðbréfamiðstöðvar sem fellur undir ákvörðun skv. 54., 56. og 57. gr.,

b) nafn sérhverrar tilnefndrar lánastofnunar,

c) skrá yfir viðbótarbankaþjónustu sem tilnefnd lánastofnun eða verðbréfamiðstöð með starfsleyfi skv. 54. gr. er heimilt að veita þátttakendum verðbréfamiðstöðvarinnar.

3. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þær einingar sem veita viðbótarbanka-þjónustu samkvæmt kröfum landslaga eigi síðar en 16. desember 2014.

59. gr.

Varfærniskröfur sem eiga við um lánastofnanir eða verðbréfamiðstöðvar sem hafa starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu

1. Lánastofnun, sem tilnefnd er skv. b-lið 2. mgr. 54. gr. eða verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi skv. a-lið 2. mgr. 54. gr. til að veita viðbótarbankaþjónustu, skal eingöngu veita þjónustuna sem sett er fram í C-þætti viðaukans sem fellur undir heimildina.

2. Lánastofnun, sem tilnefnd er skv. b-lið 2. mgr. 54. gr., eða verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi skv. a-lið 2. mgr. 54. gr. til að veita viðbótarbankaþjónustu, skal fara að sérhverri núverandi löggjöf og framtíðarlöggjöf sem á við um lánastofnanir.

3. Lánastofnun, sem tilnefnd er skv. b-lið 2. mgr. 54. gr., eða verðbréfamiðstöð sem hefur leyfi skv. a-lið 2. mgr. 54. gr. til að veita viðbótarbankaþjónustu, skal fara að eftirfarandi sértækum varfærniskröfum vegna útlánaáhættu sem tengjast þessari þjónustu að því er varðar hvert verðbréfauppgjörskerfi:

a) hún skal koma á traustri umgjörð til að stýra tilsvarandi útlánaáhættu,

b) hún skal greina upptök slíkrar útlánaáhættu oft og reglulega, mæla og vakta tilsvarandi áhættuskuldbindingar og nota viðeigandi áhættustjórnunartæki til stýra áhættu,

c) hún skal að fullu ná yfir tilsvarandi áhættuskuldbindingar vegna einstakra þátttakenda sem hafa fengið lán með því að nota tryggingar og annað ígildi fjármagns,

d) ef veð er notað til að stýra tilsvarandi útlánaáhættu hennar skal hún samþykkja auðseljanleg veð sem bera lágmarks útlána- og markaðsáhættu, hún getur notað aðrar tegundir af tryggingum í tilteknum aðstæðum ef viðeigandi skerðingu er beitt,

e) hún skal koma á og beita hæfilega gætnum skerðingum og samþjöppunarmörkum á tryggingavirðið, sem sett er til að ná yfir áhættuskuldbindingarnar sem um getur í c-lið, að teknu tilliti til þess markmiðs að tryggja að tafarlaust sé hægt að innleysa tryggingu án umtalsverðra neikvæðra áhrifa á verð,

f) hún skal setja mörk á tilsvarandi áhættuskuldbindingar sínar,

g) hún skal greina og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við hugsanlegum eftirstandandi áhættuskuldbindingum og samþykkja reglur og verklag til að framkvæma slíkar áætlanir,

h) hún skal eingöngu veita lán til þátttakenda sem eru með peningareikning hjá henni,

i) hún skal innleiða skilvirkar endurgreiðsluaðferðir vegna daglána og vinna gegn lánum til næsta dags með beitingu sekta sem virka fyrirbyggjandi á skilvirkan hátt.

4. Lánastofnun sem tilnefnd er skv. b-lið 2. mgr. 54. gr. eða verðbréfamiðstöð sem hefur heimild skv. a-lið 2. mgr. 54. gr. til að veita viðbótarbankaþjónustu skal fara að eftirfarandi sértækum varfærniskröfum vegna lausafjáráhættu sem tengist þessari þjónustu að því er varðar hvert verðbréfauppgjörskerfi:

a) hún skal vera með trausta umgjörð og tæki til að mæla, vakta og stjórna lausfjáráhættu sinni, þ.m.t. lausafjáráhættu innan hvers dags, fyrir hvern gjaldmiðil í uppgjörskerfinu fyrir verðbréf þar sem hún gegnir hlutverki uppgjörsaðila,

b) hún skal mæla og vakta á áframhaldandi og tímanlegum grundvelli, a.m.k. daglega, lausafjárþörf sína og magn lausafjáreigna sem hún á, í því sambandi skal hún ákvarða virðið á tiltækum lausafjáreignum sínum að teknu tilliti til hæfilegrar skerðingar á þessum eignum,

c) hún skal hafa nægjanlegt lausafé í öllum viðkomandi gjaldmiðlum til að geta tímanlega veitt uppgjörsþjónustu við margvíslegar hugsanlegar álagssviðsmyndir, þ.m.t., en ekki takmarkað við, lausafjáráhættu sem stafar af greiðslufalli a.m.k. eins þátttakanda, þ.m.t. móðurfélags hans og dótturfélaga sem hún hefur gengist undir stærstu áhættuskuldbindingarnar fyrir,

d) hún skal milda tilsvarandi lausafjáráhættur með hæfu lausafé í hverjum gjaldmiðli, t.d. reiðufé hjá seðlabanka sem gefur hann út og hjá öðrum lánshæfum fjármálastofnunum, skuldbindandi lánalínur eða svipað fyrirkomulag og auðseljanlegar tryggingar eða fjárfestingar sem eru auðveldlega aðgengilegar og breytanlegar í peninga með fyrirframákveðnu og áreiðanlegu fjármögnunarfyrirkomulagi, jafnvel við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, og skal hún greina, mæla og vakta lausafjáráhættur sínar sem stafa af hinum mismunandi fjármálastofnunum sem notaðar eru til að stýra lausafjáráhættu hennar,

e) hún skal, ef fyrirframákveðið fjármögnunarfyrirkomulag er notað, eingöngu velja lánshæfar fjármálastofnanir sem lausafjárveitendur, hún skal koma á og beita hæfilegum samþjöppunarmörkum fyrir hvern af tilsvarandi lausafjárveitendum, þ.m.t. móðurfélög þeirra og dótturfélög,

f) hún skal ákvarða og prófa með reglulegum og ströngum álagsprófunum hvort tilsvarandi fjármagn er nægjanlegt.

g) hún skal greina og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við ófyrirsjáanlegum og mögulega óvörðum lausafjárskorti og samþykkja reglur og verklag til að framkvæma slíkar áætlanir,

h) hún skal, ef það er hagkvæmt og mögulegt, og án þess að hafa áhrif á reglur seðlabankans um hæfi, hafa aðgang að reikningum seðlabanka og annarri seðlabankaþjónustu til að bæta stýringu sína á lausafjáráhættu, og skulu lánastofnanir Sambandsins leggja inn tilsvarandi reiðufjárstöður á sérstaka reikninga hjá seðlabönkum Sambandsins sem eru útgefendur,

i) hún skal hafa fyrirframákveðið og áreiðanlegt fyrirkomulag til að tryggja að hún geti tímanlega innleyst trygginguna sem viðskiptavinur sem lendir í vanskilum hefur veitt henni,

j) hún skal reglulega gefa yfirvöldunum sem um getur í 1. mgr. 60. gr. skýrslu og birta opinberlega, um það hvernig hún mælir, vaktar og stjórnar lausafjáráhættum sínum, þ.m.t. lausafjáráhættum innan hvers dags.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í náinni samvinnu við verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðila í seðlabankakerfi Evrópu, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina nánar rammann og tækin fyrir vöktun, mælingar, stjórnun, skýrslugjöf og opinbera birtingu á útlána- og lausafjáráhættu, þ.m.t. þeirri sem á sér stað innan hvers dags sem um getur í 3. og 4. mgr. Þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu, eftir því sem við á, löguð að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

60. gr.

Eftirlit með tilnefndum lánastofnunum og verðbréfamiðstöðvum sem hafa starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu

1. Með fyrirvara um 17. og 22. gr. þessarar reglugerðar bera lögbær yfirvöld, sem um getur í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ábyrgð á að tilnefndar lánastofnanir og verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð til að veita viðbótarbankaþjónustu, fái starfsleyfi sem lánastofnanir og lúti eftirliti sem lánastofnanir samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2013/36/ESB.

Lögbæru yfirvöldin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einnig vera ábyrg fyrir eftirliti með tilnefndum lánastofnunum og verðbréfamiðstöðvum sem um getur í þeirri undirgrein að því er varðar reglufylgni þeirra við varfærniskröfurnar sem um getur í 59. gr. þessarar reglugerðar.

Lögbæru yfirvöldin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu reglulega, a.m.k. einu sinni á ári, meta hvort tilnefnd lánastofnun eða verðbréfamiðstöð, sem hefur heimild til að veita viðbótarbankaþjónustu, hlítir 59. gr. og skulu upplýsa lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar sem skal síðan upplýsa yfirvöldin sem um getur í 4. mgr. 55. gr. um niðurstöðuna, þ.m.t. sérhverja aðgerð til úrbóta eða viðurlög, af eftirliti sínu samkvæmt þessari málsgrein.

2. Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar skal, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld sem um getur í 1. mgr., endurskoða og meta, a.m.k. árlega, eftirfarandi:

a) í tilvikinu sem um getur í b-lið 2. mgr. 54. gr., hvort allt nauðsynlegt fyrirkomulag milli tilnefndu lánastofnananna og verðbréfamiðstöðvarinnar geri þeim kleift að uppfylla skyldur sínar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) í tilvikinu sem um getur í a-lið 2. mgr. 54. gr., hvort fyrirkomulagið að því er varðar leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu geri verðbréfamiðstöðinni kleift að uppfylla skyldur sínar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar skal reglulega, a.m.k. einu sinni á ári, upplýsa yfirvaldið sem um getur í 4. mgr. 55. gr. um niðurstöðuna, þ.m.t. sérhverja aðgerð til úrbóta eða viðurlög, af úttektinni og mati sínu samkvæmt þessari málsgrein.

Ef verðbréfamiðstöð tilnefnir lánastofnun sem er með starfsleyfi í samræmi við 54. gr. skal verðbréfamiðstöð, í ljósi verndar þátttakendanna í verðbréfauppgjörskerfunum sem hún starfrækir, tryggja að hún hafi aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum frá lánastofnuninni sem hún tilnefnir að því er varðar þessa reglugerð, og skal hún tilkynna öll brot á því til lögbærs yfirvalds verðbréfamiðstöðvarinnar og til lögbærra yfirvalda sem um getur í 1. mgr.

3. Til þess að tryggja samræmt, skilvirkt og árangursríkt eftirlit innan Sambandsins með lánastofnunum og verðbréfamiðstöðvum sem hafa leyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðila í seðlabankakerfi Evrópu, gefið út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

V. BÁLKUR

VIÐURLÖG

61. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu þau mæla fyrir um reglur og tryggja að lögbær yfirvöld þeirra geti beitt stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum, sem við eiga í aðstæðunum sem skilgreindar eru í 63. gr., gagnvart hverjum þeim sem ábyrgur er fyrir brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Slík viðurlög og aðrar ráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

Aðildarríkin geta, eigi síðar en 18. september 2016, ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög eins og um getur í fyrstu undirgrein, ef brotin sem getið er í þeirri undirgrein falla þegar undir refsiviðurlög í landslögum þeirra. Ákveði aðildarríkin svo skulu þau gera framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ítarlega grein fyrir viðkomandi þáttum í refsirétti þeirra.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um reglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein, eigi síðar en 18. september 2016. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, án ástæðulausrar tafar, um hvers konar síðari breytingar þar á.

2. Lögbær yfirvöld skulu geta beitt stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum gagnvart verðbréfamiðstöðvum, tilnefndum lánastofnunum og, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í landslögum á sviðum sem ekki eru samræmd með þessari reglugerð, aðilum í stjórnum þeirra og öllum öðrum einstaklingum sem í reynd stjórna starfsemi þeirra, sem og sérhverjum öðrum lögaðila eða einstaklingi sem er dreginn til ábyrgðar fyrir brot samkvæmt landslögum.

3. Við beitingu á refsiheimildum sínum í aðstæðunum sem skilgreindar eru í 63. gr., skulu lögbær yfirvöld vinna náið saman til að tryggja að stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir leiði til niðurstaðnanna sem sóst er eftir með þessari reglugerð og samræmi aðgerðir sínar til þess að forðast tvíverknað eða skörun þegar þau beita stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum í málum sem ná yfir landamæri í samræmi við 14. gr.

4. Ef aðildarríki hafa kosið, í samræmi við 1. mgr., að mæla fyrir um refsiviðurlög við brotum á ákvæðunum sem um getur í 63. gr., skulu þau tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu fyrir hendi til að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi allar nauðsynlegar heimildir til samráðs við dómsyfirvöld innan lögsögu þeirra til að taka við tilgreindum upplýsingum sem tengjast rannsókn sakamála eða hafningu máls vegna hugsanlegra brota á þessari reglugerð, og útvegi öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sömu upplýsingar til að þau geti uppfyllt skuldbindingar sínar um samstarf hvert við annað og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa reglugerð.

5. Lögbær yfirvöld geta einnig haft samstarf við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum til að auðvelda innheimtu á fésektum.

6. Aðildarríkin skulu árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heildarupplýsingar sem varða allar sektir og aðrar ráðstafanir sem beitt er í samræmi við 1. mgr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta þessar upplýsingar í ársskýrslu sinni.

Ef aðildarríki hafa kosið, í samræmi við 1. mgr., að mæla fyrir um refsiviðurlög við brotum á ákvæðunum sem um getur í 63. gr. skulu lögbær yfirvöld þeirra árlega láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té nafnlaus og samantekin gögn sem varða allar rannsóknir sakamála sem framkvæmdar eru og refsiviðurlög sem lögð eru á. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta upplýsingar um refsiviðurlög sem lögð eru á í ársskýrslu sinni.

7. Hafi lögbært yfirvald birt upplýsingar um stjórnsýsluviðurlög, stjórnsýsluráðstöfun eða refsiviðurlög opinberlega skal það samtímis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

8. Lögbær yfirvöld skulu rækja hlutverk sitt og beita valdi sínu í samræmi við landsbundna ramma sína:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) á eigin ábyrgð með úthlutun til eininga sem verkefnum hefur verið úthlutað til í samræmi við þessa reglugerð eða

d) með því að leita til dómsyfirvalda.

62. gr.

Birting ákvarðana

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti á opinberu vefsetri sínu sérhverja ákvörðun um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða beita annarri ráðstöfun vegna brots á þessari reglugerð, án ástæðulausrar tafar, eftir að hver sá sem beittur er viðurlögum er upplýstur um þá ákvörðun. Birtingin skal innihalda a.m.k. upplýsingar um gerð og eðli brotsins og auðkenni á einstaklingi eða lögaðila sem viðurlögin hafa verið lögð á.

Ef ákvörðunin um að leggja á viðurlög eða beita annarri ráðstöfun heyrir undir áfrýjun til viðeigandi dómsmálayfirvalda eða annarra viðeigandi yfirvalda skulu lögbær yfirvöld, án ástæðulausrar tafar, einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu áfrýjunarinnar og niðurstöðu hennar. Þar að auki skal einnig birta sérhverja ákvörðun um að ógilda fyrri ákvörðun um að leggja á viðurlög eða ráðstöfun.

Ef lögbært yfirvald telur að birting á auðkennum lögaðilans eða á persónuupplýsingum einstaklingsins sé ekki í réttu hlutfalli við tilefnið, í framhaldi af mati á einstökum tilvikum út frá meðalhófsreglu fyrir birtingu á slíkum gögnum, eða ef birtingin eða áframhaldandi rannsókn teflir stöðugleika fjármálamarkaðarins í tvísýnu, skulu aðildarríki tryggja að viðkomandi lögbær yfirvöld geri eitt af eftirfarandi:

a) fresti birtingu ákvörðunarinnar um að leggja á viðurlög eða beita annarri ráðstöfun þar til ástæðurnar fyrir að birta hana ekki eru ekki lengur fyrir hendi,

b) birti ákvörðun um að leggja á viðurlög eða beita annarri ráðstöfun undir nafnleynd á þann hátt sem er í samræmi við landslög, ef slík birting undir nafnleynd tryggir skilvirka vernd persónuupplýsinga,

c) birti ekki ákvörðun um að leggja á viðurlög eða beita annarri ráðstöfun í þeim tilvikum sem möguleikarnir, sem settir eru fram í a- og b-lið hér að ofan, teljast vera ófullnægjandi til að tryggja:

   i. að stöðugleika fjármálamarkaða verði ekki stofnað í hættu,

   ii. meðalhóf birtingarinnar á slíkum ákvörðunum að því er varðar ráðstafanir sem taldar eru minniháttar.

Ef um er að ræða ákvörðun um að birta viðurlög eða aðra ráðstöfun undir nafnleynd, getur birtingu á viðkomandi gögnum verið frestað í hæfilegan tíma ef gert er ráð fyrir að innan þess tíma muni ástæðurnar fyrir að birta þær undir nafnleynd ekki lengur vera fyrir hendi.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög sem lögð eru á en ekki birt í samræmi við c-lið þriðju undirgreinar, þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðuna af henni. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld fái upplýsingar og endanlegan dóm í tengslum við öll refsiviðurlög sem lögð eru á og leggja þær fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal viðhalda miðlægu gagnasafni yfir viðurlög sem tilkynnt er um til hennar, eingöngu í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal eingöngu vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli upplýsinganna sem lögbæru yfirvöldin veita.

2. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að sérhver birting, í samræmi við þessa grein, sé áfram á opinberu vefsetri þeirra í a.m.k. fimm ár eftir birtingu. Persónuupplýsingar sem birtingin inniheldur skulu eingö006Egu vera á opinberu vefsetri lögbæra yfirvaldsins svo lengi sem nauðsynlegt er samkvæmt viðeigandi reglum um gagnavernd.

63. gr.

Viðurlög við brotum

1. Þessi grein gildir um eftirfarandi ákvæði þessarar reglugerðar:

a) þjónustustarfsemina sem sett er fram í A-, B- og C-þætti viðaukans sem brýtur gegn 16., 25. og 54. gr.,

b) útvegun starfsleyfisins, sem krafist er skv. 16. og 54. gr., með því að gefa rangar yfirlýsingar eða með öðrum ólögmætum hætti eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 20. gr. og b-lið 1. mgr. 57. gr.,

c) verðbréfamiðstöðvar sem ekki efna eiginfjárkröfuna og brjóta þannig gegn 1. mgr. 47. gr.,

d) verðbréfamiðstöðvar sem ekki fara að skipulagskröfunum og brjóta þannig gegn 26.–30. gr.,

e) verðbréfamiðstöðvar sem ekki fara að reglunum um viðskiptahætti og brjóta þannig gegn 32.–35. gr.,

f) verðbréfamiðstöðvar sem ekki fara að kröfunum fyrir verðbréfamiðstöðvarþjónustu og brjóta þannig gegn 37.–41. gr.,

g) verðbréfamiðstöðvar sem ekki fara að varfærniskröfunum og brjóta þannig gegn 43.–47. gr.,

h) verðbréfamiðstöðvar sem ekki fara að kröfunum fyrir samtengingar verðbréfamiðstöðva og brjóta þannig gegn 48. gr.,

i) ómaklega synjun verðbréfamiðstöðva á að veita mismunandi tegundir aðgangs og brjóta þannig gegn 49.–53. gr.,

j) tilnefndar lánastofnanir sem ekki fara að sértæku varfærniskröfunum sem tengjast útlánaáhættum og brjóta þannig gegn 3. mgr. 59. gr.,

k) tilnefndar lánastofnanir sem ekki fara að sértæku varfærniskröfunum sem tengjast lausafjáráhættum og brjóta þannig gegn 4. mgr. 59. gr.

2. Án þess að hafa áhrif á eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda, a.m.k. ef kemur til brota sem um getur í þessari grein, skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við landslög, hafa vald til að kveða á um a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir:

a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir hvern þann sem ábyrgur er fyrir brotinu og eðli brotsins í samræmi við 62. gr.,

b) fyrirmæli til hvers þess sem ber ábyrgð á brotinu um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

c) afturkalla starfsleyfið sem veitt er skv. 16. eða 54. gr., í samræmi við 20. eða 57. gr.,

d) tímabundið eða, fyrir endurtekin alvarleg brot, varanlegt bann við að nokkur stjórnarmaður stofnunarinnar, eða hver annar einstaklingur sem talinn er ábyrgur, sinni stjórnunarstörfum innan stofnunarinnar,

e) hámarks fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög sem eru að a.m.k. tvöföld fjárhæð hagnaðarins vegna brotsins, þegar hægt er að ákvarða þessar fjárhæðir,

f) að því er varðar einstakling, hámarks fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög sem eru að a.m.k. 5 milljónir evra, eða í aðildarríki sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli þess þann dag sem þessi reglugerð er samþykkt,

g) að því er varðar lögaðila, hámarks fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög sem eru að a.m.k. 20 milljónir evra eða allt að 10% af heildarveltu lögaðilans á ári samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórn, ef lögaðilinn er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem á að gera samstæðureikninga samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB, skal viðkomandi heildarvelta á ári vera heildarveltan á ári eða samsvarandi tegund tekna samkvæmt viðeigandi reikningsskilatilskipunum samkvæmt síðustu samstæðureikningsskilum sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt.

3. Lögbær yfirvöld geta haft aðrar refsiheimildir í viðbót við þær sem um getur í 2. mgr. og geta kveðið á um hærri fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög en þau sem komið er á í þeirri málsgrein.

64. gr.

Skilvirk beiting viðurlaga

Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga eða annarra ráðstafana, þ.m.t., eftir því sem við á:

a) alvarleika og tímalengdar brotsins,

b) hlutfalls ábyrgðar hvers þess sem ábyrgur er fyrir brotinu,

c) fjárhagslegs styrks hvers þess sem ber ábyrgð á brotinu, eins og til dæmis er tilgreint með heildarveltu lögaðilans sem ber ábyrgðina eða árstekna einstaklingsins sem ábyrgur er,

d) mikilvægis hagnaðar, taps sem hver sá sem ábyrgur er fyrir brotinu kemst hjá eða taps þriðja aðila sem leiðir af brotinu, svo fremi sem hægt er að ákvarða það,

e) umfangs samstarfs þess sem ber ábyrgð á brotinu við lögbæra yfirvaldið, án þess að hafa áhrif á þörfina fyrir að tryggja að sá hinn sami endurgreiði áunninn hagnað eða tap sem komist var hjá,

f) fyrri brota hvers þess sem ábyrgur er fyrir brotinu.

65. gr.

Tilkynning um brot

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld komi á skilvirkum aðferðum sem hvetja til að hugsanleg eða raunveruleg brot á þessari reglugerð séu tilkynnt til lögbærra yfirvalda.

2. Tilhögunin sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. taka til:

a) sértækra verklagsreglna fyrir viðtöku og rannsókn á tilkynningum um hugsanleg eða raunveruleg brot og eftirfylgni þeirra, þ.m.t. uppsetningu á öruggum samskiptaleiðum fyrir slíkar tilkynningar,

b) viðeigandi verndar fyrir starfsmenn stofnana sem tilkynna hugsanleg eða raunveruleg brot sem framin eru innan stofnunarinnar, að lágmarki gagnvart hefndarráðstöfunum, misrétti eða annarri óréttmætri meðferð,

c) verndar á persónuupplýsingum, bæði varðandi aðilann sem tilkynnir hugsanlegt eða raunverulegt brot og einstaklinginn sem ber meinta ábyrgð á broti í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB,

d) verndar á auðkennum, bæði á aðilanum sem tilkynnir brotin og einstaklingnum sem ber meinta ábyrgð á broti, á öllum stigum ferlisins nema slíkrar birtingar sé krafist að landslögum í tengslum við frekari rannsókn eða síðari stjórnsýslu- eða dómsmeðferðir.

3. Aðildarríki skulu krefja stofnanir um að hafa yfir viðeigandi verklagsreglum að ráða fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innanhúss um raunveruleg eða hugsanleg brot eftir tiltekinni, óháðri og sjálfstæðri boðleið.

Slíkri boðleið er einnig hægt að koma á með fyrirkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins kveða á um. Sama vernd og um getur í b-, c- og d-lið 2. mgr. skal gilda.

66. gr.

Áfrýjunarréttur

Aðildarríki skulu tryggja að ákvarðanir og ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við þessa reglugerð séu rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og falli undir rétt til áfrýjunar fyrir dómstóli. Rétturinn til áfrýjunar fyrir dómstóli gildir ef engin ákvörðun hefur verið tekin innan sex mánaða frá því að umsókn um starfsleyfi sem veitir fullnægjandi upplýsingar samkvæmt gildandi ákvæðum hefur verið lögð fram.

VI. BÁLKUR

FRAMSAL VALDS, FRAMKVÆMDARVALD, UMBREYTINGAR-, BREYTINGA- OG LOKAÁKVÆÐI

67. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 7. gr. (14. mgr.) og 24. gr. (7. mgr.), til óákveðins tíma frá 17. september 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), 7. gr. (14. mgr.) og í 24. gr. (7. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin skal taka gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem þar er tilgreint. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 2. gr. (2. mgr.), 7. gr. (14. mgr.) og 24. gr. (7. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef, áður en fresturinn er liðinn, Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

68. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB ([1]). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópsku verðbréfanefndinni (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45).

69. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þær stofnanir sem starfræktar eru sem verðbréfamiðstöðvar fyrir 16. desember 2014.

2. Verðbréfamiðstöðvar skulu sækja um öll starfsleyfi sem nauðsynleg eru að því er varðar þessa reglugerð og skulu tilkynna um viðkomandi samtengingar verðbréfamiðstöðva inna sex mánaða frá gildistökudegi allra tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem samþykktir eru skv. 17., 26., 45., 47. og 48. gr. og, þar sem við á, 55. og 59. gr.

3. Innan sex mánaða frá síðari gildistökudegi tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem samþykktir eru skv. 12., 17., 25., 26., 45., 47. og 48. gr. og, þar sem við á, 55. og 59. gr., eða framkvæmdarákvarðananna sem um getur í 9. mgr. 25. gr., skal verðbréfamiðstöð þriðja lands sækja um viðurkenningu frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þegar hún hefur í hyggju að veita þjónustu sína á grundvelli 25. gr.

4. Þar til ákvörðunin um leyfisveitingu eða viðurkenningu fyrir verðbréfamiðstöðvar og starfsemi þeirra er tekin á grundvelli þessarar reglugerðar, þ.m.t. um samtengingar verðbréfamiðstöðva, skulu viðkomandi landsreglur um starfsleyfi og viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum gilda áfram.

5. Verðbréfamiðstöðvar sem starfræktar eru af einingunum sem um getur í 4. mgr. 1. gr., skulu fara að kröfunum í þessari reglugerð eigi síðar en innan eins árs frá gildistökudegi tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 2. mgr.

70. gr.

Breytingar á tilskipun 98/26/EB

Tilskipun 98/26/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað þriðja undirliðar fyrstu undirgreinar a-liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„— sem, með fyrirvara um önnur strangari skilyrði almenns eðlis sem mælt er fyrir um í innlendum lögum, er tilnefnt sem kerfi og aðildarríkið, sem það fellur undir lög hjá, tilkynnir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofninni um eftir að það aðildarríki hefur gengið úr skugga um að reglur kerfisins séu fullnægjandi.“

2) Í 11. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 18. mars 2015, samþykkja, birta og tilkynna framkvæmdastjórninni um nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þriðja undirlið fyrstu undirgreinar a-liðar 2. gr.“

71. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/65/ESB

Tilskipun 2014/65/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað o-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„o) verðbréfamiðstöðvar að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í 73. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014(*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu, um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipun 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).“

2) Í 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„64) „verðbréfamiðstöð“ eða „CSD“: verðbréfamiðstöð eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.“

3) Í B-þætti I. viðauka kemur eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1) Varðveisla og umsýsla fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina, þ.m.t. varsla og tengd þjónusta s.s. stýring peninga/trygginga og að undanskilinni veitingu og vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi („miðlæg vörsluþjónusta“) sem um getur í 2. lið A-þáttar viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.“

72. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 236/2012

Í reglugerð (ESB) nr. 236/2012 er 15. gr. felld brott.

73. gr.

Beiting tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014

Verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þessarar reglugerðar þarfnast ekki leyfis samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB til þess að veita þjónustu sem er sérstaklega skráð í A- og B-þáttum viðaukans við þessa reglugerð.

Ef verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þessarar reglugerðar veitir eina eða fleiri en eina fjárfestingarþjónustu, eða framkvæmir eina eða fleiri fjárfestingaraðgerðir í viðbót við að veita þjónustuna sem sérstaklega er skráð í A- og B-þætti viðaukans við þessa reglugerð, skal tilskipun 2014/65/ESB, að undanskildum 5.–8. gr., 1. og 2. og 4.–6. mgr. 9. gr. og 10.–13. gr., og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, gilda.

74. gr.

Skýrslur

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, lögbær yfirvöld og viðeigandi yfirvöld, leggja fram ársskýrslur til framkvæmdastjórnarinnar þar sem lagt er mat á horfur, mögulegar áhættur og veikleika og, ef nauðsyn krefur, tilmæli um fyrirbyggjandi aðgerðir eða úrbætur á mörkuðunum fyrir þjónustuna sem fellur undir þessa reglugerð. Þessar skýrslur skulu a.m.k. innihalda mat á eftirfarandi:

a) uppgjörsskilvirkni starfseminnar innanlands og yfir landamæri fyrir hvert aðildarríki, byggt á fjölda og stærð uppgjörsbresta, fjárhæð viðurlaga sem um getur í 2. mgr. 7. gr., fjölda og stærð uppgjörskaupa sem um getur í 3. og 4. mgr. 7. gr. og öllum öðrum mikilvægum viðmiðum,

b) hversu viðeigandi viðurlög vegna uppgjörsbresta eru, einkum þörfina fyrir viðbótar sveigjanleika í tengslum við viðurlög vegna uppgjörsbresta í tengslum við fjármálagerninga með lítinn seljanleika sem um getur í 4. mgr. 7. gr.,

c) umfang uppgjöra sem ekki fara fram í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja, byggt á fjölda og magni viðskipta á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru skv. 9. gr. og öllum öðrum mikilvægum viðmiðum,

d) þjónustustarfsemi yfir landamæri, sem fellur undir þessa reglugerð, byggt á fjölda og gerð samtenginga verðbréfamiðstöðva, fjölda erlendra þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfum sem verðbréfamiðstöðvar starfrækja, fjölda og magni yfirfærslna slíkra þátttakenda, fjölda erlendra útgefenda sem skrá verðbréf sín í verðbréfamiðstöð í samræmi við 49. gr. og öllum öðrum mikilvægum viðmiðum,

e) meðhöndlun aðgangsbeiðna í 49., 52. og 53. gr. til að greina ástæðurnar fyrir höfnun aðgangsbeiðna frá verðbréfamiðstöðvum, miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum og þróun í slíkum synjunum og leiðum til að áhætta sem greind hefur verið gæti verið milduð í framtíðinni þannig að hægt sé að veita aðgang, og allar aðrar efnislegar hindranir á samkeppni í eftirviðskiptafjármálaþjónustu,

f) meðhöndlun á umsóknum sem lagðar eru fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem um getur í 3.–7. mgr. 23. gr. og 4.–10. mgr. 25. gr.,

g) eftir atvikum, niðurstöður úr jafningjarýniferlinu um eftirlit yfir landamæri í 6. mgr. 24. gr. og hvort draga megi úr tíðni slíkrar úttektar í framtíðinni, þ.m.t. vísbendingar um hvort þessar niðurstöður bendi til að þörf sé á formlegri samstarfshóp eftirlitsaðila,

h) beitingu reglna um einkaréttarábyrgð aðildarríkja að því er varðar töp sem rekja má til verðbréfamiðstöðva,

i) málsmeðferðarreglur og skilyrði sem gilda um veitingu heimilda til handa verðbréfamiðstöðvum til að tilnefna lánastofnanir eða veita sjálfar viðbótarbankaþjónustu í samræmi við 54. og 55. gr., þ.m.t. mat á áhrifunum sem slíkt getur haft á fjármálastöðugleika og samkeppni um uppgjör og viðbótarbankaþjónustu í Sambandinu,

j) beitingu reglnanna sem um getur í 38. gr., um varðveislu verðbréfa þátttakenda og viðskiptavina þeirra, einkum þeirra sem getið er í 5. mgr. 38. gr.,

k) beitingu viðurlaga, einkum þörfina á frekari samræmingu á stjórnsýsluviðurlögum vegna brota á kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. sem ná yfir eitt almanaksár, skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. apríl á eftirfarandi almanaksári.

75. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 18. september 2019, endurskoða og gera almenna skýrslu um þessa reglugerð. Í þeirri skýrslu skal einkum lagt mat á efnisatriðin sem getið er í a- til k-lið 1. mgr. 74. gr., hvort aðrar efnislegar hindranir séu á samkeppni í tengslum við þjónustuna, sem fellur undir þessa reglugerð, sem ekki sé tekið nægjanlega á og um mögulega þörf á frekari ráðstöfunum til að takmarka áhrif greiðsluþrots verðbréfamiðstöðva á skattgreiðendur. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

76. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. koma til framkvæmda frá 1. janúar 2023 um framseljanleg verðbréf sem gefin eru út eftir þá dagsetningu og frá 1. janúar 2025 um öll framseljanleg verðbréf.

3. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá 1. janúar 2015.

Þrátt fyrir undanþágu frá fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, ef um er að ræða viðskiptavettvang sem hefur aðgang að verðbréfamiðstöð sem um getur í 5. mgr. 30. gr., skal 2. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda a.m.k. sex mánuðum áður en slík verðbréfamiðstöð útvistar starfsemi sinni til viðeigandi opinbers aðila, og í öllum tilvikum frá 1. janúar 2016.

4. Ráðstafanirnar til að bæta aga í uppgjöri sem um getur í 1.–4. mgr. 6. gr., skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldu gerðarinnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 5. mgr. 6. gr.

5. Ráðstafanirnar til að bæta aga í uppgjöri sem um getur í 1.–13. mgr. 7. gr., og breytingin sem mælt er fyrir um í 72. gr., skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldu gerðarinnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 15. mgr. 7. gr.

Markaðstorg fjármálagerninga (MTF) sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal heyra undir aðra undirgrein 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar:

a) fram að lokaákvörðun um umsókn þess fyrir skráningu skv. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða

b) ef markaðstorg fjármálagerninga hefur ekki sótt um skráningu skv. 33. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, fram til 13. júní 2017.

6. Ráðstafanirnar um skýrslugjöf, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldu gerðarinnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 3. mgr. 9. gr.

7. Tilvísanir í þessari reglugerð til tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu, fyrir 3. janúar 2017, lesnar sem tilvísanir í tilskipun 2004/39/EB í samræmi við samsvörunartöfluna sem sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, svo fremi sú samsvörunartafla innihaldi ákvæði sem vísa til tilskipunar 2004/39/EB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	S. GOZI
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞJÓNUSTU

A-ÞÁTTUR

Kjarnaþjónusta verðbréfamiðstöðva

1. Frumskráningar verðbréfa í rafrænt kerfi („lögbókunarþjónusta“),

2. Útvegun og varsla verðbréfareikninga á efsta stigi („miðlæg vörsluþjónusta“),

3. Starfræksla verðbréfauppgjörskerfis („uppgjörsþjónusta“).

B-ÞÁTTUR

Viðbótarþjónusta verðbréfamiðstöðva, önnur en bankaþjónusta, sem ekki felur í sér útlána- eða lausafjáráhættu

Þjónusta sem verðbréfamiðstöðvar veita sem stuðlar að auknu öryggi, skilvirkni og gagnsæi verðbréfamarkaðanna, sem getur náð yfir en er ekki takmörkuð við:

1. Þjónustu sem tengist uppgjörsþjónustunni, á borð við:

   a) skipulagningu á tilhögun við verðbréfalánveitingu, sem umboðsaðili meðal þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi,

   b) veitingu á tryggingastýringu, sem umboðsaðili fyrir þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfi,

   c) pörun uppgjöra, uppgjörsfyrirmæla, viðskiptastaðfestingu, sannprófun viðskipta.

2. Þjónustu sem tengist lögbókunarþjónustu og miðlægri vörsluþjónustu, á borð við:

   a) þjónustu sem tengist hluthafaskráningu,

   b) stuðningi við úrvinnslu fyrirtækjaaðgerða, þ.m.t. skatta-, hluthafafunda- og upplýsingaþjónustu,

   c) þjónustu við ný-útgáfu, þ.m.t. úthlutun og stjórnun á ISIN-kóðum og svipuðum kóðum,

   d) uppgjörsfyrirmæli og úrvinnslu, söfnun og meðferð gjalda og tengdri skýrslugjöf.

3. Uppsetningu á samtengingum verðbréfamiðstöðva, útvegun, vörslu eða vinnslu verðbréfareikninga í tengslum við uppgjörsþjónustu, tryggingastýringu, aðra viðbótarþjónustu.

4. Sérhverja aðra þjónustu, á borð við:

   a) veitingu á almennri tryggingarstýringu, sem umboðsaðili,

   b) veitingu á lögboðinni skýrslugjöf,

   c) veitingu upplýsinga, gagna og tölfræði til markaðs- og tölfræðirannsóknaskrifstofa eða annarra ríkis- eða milliríkjaeininga,

   d) upplýsingatækniþjónustu.

C-ÞÁTTUR

Viðbótarbankaþjónusta

Bankaþjónusta sem tengist beint kjarna- eða viðbótarþjónustu sem skráð er í A- og B-þætti, á borð við:

a) veitingu peningareikninga fyrir þátttakendur í uppgjörskerfi og til móttöku innlagna frá þeim, í verðbréfauppgjörskerfi og handhöfum verðbréfareikninga, í skilningi 1. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB,

b) veitingu peningalána fyrir endurgreiðslu eigi síðar en á næsta viðskiptadegi, peningaútlána til forfjármögnunar fyrirtækjaaðgerða og lána á verðbréfum til handhafa verðbréfareikninga, í skilningi 2. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB,

c) greiðsluþjónustu sem tekur til úrvinnslu á viðskiptum í reiðufé og erlendum gjaldeyri, í skilningi 4. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB,

d) ábyrgðir og skuldbindingar sem tengjast verðbréfalánveitingum og -lántökum, í skilningi 6. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB,

e) sjóðsstarfsemi sem tekur til erlends gjaldeyris og framseljanlegra verðbréfa sem tengist stjórnun langtímastaðna þátttakenda, í skilningi b- og e-liðar 7. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/258 **2019/EES/25/31**

frá 21. febrúar 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011 í þeim tilgangi að aðlaga hana að breytingunni á lögbundnu prófunaraðferðinni og að einfalda stjórnsýslumeðferð vegna umsókna og vottunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum 2. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin samþykkti 1. júní 2017 prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP-prófunaraðferðin) sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]). WLTP-prófunaraðferðin kemur í stað nýju evrópsku akstursloturnar (NEDC-prófunaraðferðin) sem sett er fram í XII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Frá 2021 á að sannreyna hvort farið sé að markmiðunum um koltvísýringslosun, sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 443/2009, á grundvelli koltvísýringslosunar sem ákvörðuð er í samræmi við WLTP-prófunaraðferðina. Frá þeirri dagsetningu ætti einnig að ákvarða koltvísýringssparnað á grunni vistvænnar nýsköpunar með því að nota WLTP-prófunaraðferðina til viðmiðunar.

2) Nauðsynlegt er að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 ([4]) til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og taka tillit til aðferðarinnar með hliðsjón af því að bera WLTP-koltvísýringsgildin saman við samsvarandi NEDC-koltvísýringsgildi sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 ([5]).

3) Til að tryggja hnökralaus umskipti frá NEDC-prófunaraðferðinni til WLTP-prófunaraðferðarinnar ætti að vera mögulegt að leggja fram umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun með tilvísun til NEDC-prófunaraðferðarinnar fram til 31. desember 2019 og með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar frá gildistöku þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 frá 25. júlí 2011 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtíð. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).

4) Þó svo að framkvæmdastjórnin hafi veitt fleiri en tuttugu viðurkenningar á vistvænni nýsköpun hefur notkun framleiðenda, fram til 2017, á þeirri tækni fyrir ökutækjaflotann innan Evrópusambandsins verið fremur takmörkuð. Einfalda ætti ferlið við viðurkenningu og vottun í því skyni að stuðla að umfangsmeiri notkun þeirrar tækni og að hámarka möguleikana á því að draga úr koltvísýringslosun frá fólksbifreiðum.

5) Líklegt er að stuðla megi að umfangsmeiri notkun á nýsköpunartækni, sem getur dregið úr koltvísýringslosun, með því að lækka viðmiðunarmörk fyrir sparnað í 0,5 g CO_2/km. Þó er mikilvægt að koltvísýringssparnaðurinn sé ákvarðaður af mikilli nákvæmni til að tryggja að þeim sparnaði sé raunverulega náð. Því er nauðsynlegt að meta og magngreina óvissuna, sem er tengd aðferðunum sem eru notaðar til að sýna fram á sparnaðinn, og taka tillit til þeirrar óvissu þegar viðurkenningaryfirvald vottar koltvísýringssparnaðinn. Rétt þykir að laga breytingu á viðmiðunarmörkunum fyrir sparnað að innleiðingu WLTP-prófunaraðferðarinnar og þar af leiðandi ættu nýju viðmiðunarmörkin að gilda um umsóknir sem lagðar eru fram með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar.

6) Í þeim tilgangi að sýna fram á koltvísýringssparnað ætti að vera mögulegt að gera prófanir á íhlutum, í þeim tilvikum þegar sparnaðurinn er ekki háður ökutæki, til að auka megi nákvæmni og einfalda ákvörðun um koltvísýringssparnaðinn.

7) Í því skyni að einfalda vottun á koltvísýringssparnaði ætti umsækjandi að geta lagt til, til viðbótar við nákvæma prófunaraðferð til að ákvarða sparnaðinn, einfaldaða matsaðferð eða fyrirframskilgreindan koltvísýringssparnað í umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun. Þegar slíkum einfölduðum aðferðum eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði er beitt ætti að ákvarða sparnaðinn, sem viðurkenningaryfirvald hefur vottað, með varfærnislegum hætti sem endurspeglar minnsta sparnað sem sýnt hefur verið fram á.

8) Tækni, sem greiður aðgangur hefur þegar verið að á markaðinum í nokkurn tíma, getur ekki talist nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og ætti því ekki að teljast gjaldgeng sem vistvæn nýsköpun. Í því skyni að skapa rétta hvata þykir því rétt að í stað viðmiðunarársins 2009 komi virkt viðmiðunarár sem grunnur að því að ákvarða nýsköpunina sem felst í tiltekinni tækni. Nýja virka viðmiðunarárið ætti að gilda um umsóknir sem lagðar eru fram frá og með 1. janúar 2020.

9) Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um, á grundvelli fenginnar reynslu af því að meta ýmiss konar nýsköpunartækni með sömu eiginleika, að sýnt hafi verið fram á, á fullnægjandi og sannfærandi hátt, að slík tækni uppfylli hæfisviðmiðanirnar, sem um getur í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, eða ef nýsköpunartæknin er ekki háð sérstökum ökutækjamæliþáttum framleiðanda, ætti að vera unnt að viðurkenna nýsköpunartæknina sem vistvæna nýsköpun með ákvörðun sem veitir öllum framleiðendum þann möguleika að votta koltvísýringssparnað með tilvísun til þeirrar ákvörðunar, að því tilskildu að skilyrðum ákvörðunarinnar sé fullnægt.

10) Fyrir sumar tegundir nýsköpunartækni er krafist sterkra tölfræðilegra gagna til að styðja við ályktanirnar, sem tilgreindar eru í umsókninni um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, sem og til að styðja við mæliþættina sem lagðir eru til í prófunaraðferðinni. Hópur framleiðenda eða afhendingaraðila ætti að geta lagt fram sameiginlega umsókn í því skyni að hafa eins stórt gagnasafn og mögulegt er. Ef sú er raunin ætti hópurinn að eiga kost á að leggja fram umsókn sem felur í sér margar sannprófunarskýrslur, ef nauðsyn krefur af ástæðum sem varða trúnaðar- eða samkeppnismál.

11) Í þeim tilgangi að tryggja að vottaður koltvísýringssparnaður, sem framleiðendur nota til að tryggja að markmiðin séu uppfyllt, sé réttur ætti framkvæmdastjórnin að vera í aðstöðu til að bregðast hratt við og tilkynna framleiðendum ef hún greinir eða er upplýst um einhver frávik eða ósamræmi í prófunaraðferðinni eða nýsköpunartækninni sem gæti haft áhrif á hversu mikill vottaði sparnaðurinn er.

12) Reynslan sýnir að nauðsynlegt gæti reynst að breyta prófunaraðferðunum, sem settar eru fram í ákvörðunum um viðurkenningu á vistvænni nýsköpunar, m.a. til að taka tillit til tækniþróunar eða til að rýmka gildissvið ákvörðunar um viðurkenningu þannig að hún taki til fleiri ökutækja. Bæði upprunalegi umsækjandinn og framkvæmdastjórnin ættu því að geta haft frumkvæði að því að breyta þeim ákvörðunum.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Leggja má inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun að því er varðar tækni, samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:“,

b) í stað a-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) hún hafi að hámarki verið sett upp í 3% allra nýrra fólksbifreiða, sem skráðar voru á árinu 2009, að því er varðar umsóknir sem lagðar eru fram til 31. desember 2019 eða að hámarki í a.m.k. 3% allra nýrra fólksbifreiða, sem skráðar eru á árinu n-4, þar sem n er umsóknarárið að því er varðar umsóknir sem lagðar eru fram frá og með 1. janúar 2020,“,

c) eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Leggja má inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun með tilvísun til staðlaðrar prófunaraðferðar í samræmi við eftirfarandi:

a) fram til 31. desember 2019 fyrir NEDC-prófunaraðferðina sem um getur í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008,

b) frá og með 14. mars 2018 fyrir WLTP-prófunaraðferðina sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (*).

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

i. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) „umsækjandi“: framleiðandi eða birgir, eða hópur framleiðenda eða birgja, sem sendir inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun,“,

ii. eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) „beiðandi“: framleiðandi eða birgir, eða hópur framleiðenda eða birgja, sem óskar eftir breytingu á ákvörðun um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„4. gr.

Umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun“,

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðarins:

„Í umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun skal eftirfarandi koma fram:“,

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) aðferðin sem nota á til að sýna fram á skerðingu koltvísýringslosunar á grunni nýsköpunartækninnar, þ.m.t. tilvísun til viðeigandi staðlaðrar prófunaraðferðar, í samræmi við 3. mgr. 2. gr., eða tilvísun til viðurkenndu aðferðarinnar ef framkvæmdastjórnin hefur þegar viðurkennt hana,“,

iii. eftirfarandi liður ea bætist við:

„ea) einfölduð aðferð til að meta koltvísýringssparnað, sem á að votta, eða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem á að nota við vottun allra ökutækja sem búin eru nýsköpunartækni, eftir því sem við á, til viðbótar við aðferðina sem um getur í e-lið,“,

iv. eftirfarandi komi í stað i. og ii. liðar í f-lið:

„i. að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er í samræmi við e-lið og, eftir atvikum, lið ea, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum,

ii. að koltvísýringssparnaður á grunni nýsköpunartækni falli ekki undir eða falli einungis að hluta til undir hina stöðluðu prófunaraðferð koltvísýringsmælinga, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og eins og tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar,“,

v. eftirfarandi iv. liður bætist við:

„iv. að gildi koltvísýringsskerðingar sem úthluta á ökutæki við vottun með því að nota einfaldaða matsaðferð eða með fyrirframskilgreindum gildum koltvísýringssparnaðar, eins og um getur í lið ea, sé lægra en eða jafnt og gildi losunarskerðingar á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með því að nota prófunaraðferðina, sem um getur í e-lið, þ.m.t. mögulegar víxlverkanir við aðra viðurkennda vistvæna nýsköpun.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„5. gr.

Grunnviðmið og vistvæn nýsköpun“,

b) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) ökutæki með vistvæna nýsköpun sem skal vera búið nýsköpunartækni eða, eftir því sem við á, nýsköpunartækni sem sjálfstæðum íhlut,

b) grunnviðmiðunarökutæki sem skal ekki vera búið nýsköpunartækni, en skal að öllu öðru leyti vera nákvæmlega eins og ökutækið sem búið er vistvænni nýsköpun eða, eftir því sem við á, grunnviðmiðunartækni sem sjálfstæðum íhlut.“,

c) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef umsækjandi telur að hægt sé að veita upplýsingarnar, sem um getur í 8. og 9. gr., á annan hátt en þann sem um getur í 1. mgr. skal umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun innihalda nauðsynlegar upplýsingar sem réttlæta að niðurstaðan og aðferðin gefi jafngildar niðurstöður.“,

d) eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Ef umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun er gerð með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 2. gr., skal grunnviðmiðunarökutækið vera það ökutæki innan brúunarhóps sem stendur fyrir versta tilvikið með hliðsjón af því að sýna fram á sparnað með vistvænni nýsköpun.

Í tilvikinu, sem um getur í öðrum undirlið liðar 1.2.3.1 í 6. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, skal grunnviðmiðunarökutækið vera prófunarökutæki H.

Valið á grunnviðmiðunarökutæki skal byggjast á sterkum og óháðum tölfræðilegum gögnum en á þeim er unnt að byggja sannprófanlegar ályktanir um hversu viðeigandi og dæmigert grunnviðmiðunarökutækið er.“

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Eftirfarandi skilyrði gilda ef umsækjandinn er hópur framleiðenda:

a) sjálfstæður og vottaður aðili skal framkvæma sannprófanirnar, sem um getur í a- til e-lið 2. mgr., í tengslum við hvern aðila í umsækjandahópnum, ef við á, með hliðsjón af inntaki umsóknar um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun,

b) eftir því sem við á, af ástæðum sem varða trúnaðar- eða samkeppnismál, mega aðilar umsækjandahópsins leggja fram margar sannprófunarskýrslur fyrir mismunandi gagnasöfn til stuðnings sömu umsókninni.“,

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi liður ca bætist við:

„ca) sannprófa, ef um er að ræða lið ea 2. mgr. 4. gr., hvort einfaldaða matsaðferðin eða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem um getur í þeim lið, eigi við um vottun koltvísýringssparnaðar viðeigandi ökutækja, sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr., og uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í iv. lið f-liðar 2. mgr. 4. gr.,“,

ii. eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Að því er varðar liði c og ca skal sjálfstæður og vottaður aðili leggja fram aðferðalýsingar fyrir prófanir sem eru ákvarðaðar fyrir sannprófunina.“,

c) í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar vottun á koltvísýringssparnaði, í samræmi við 11. gr., skal hinn sjálfstæði og vottaði aðili, að beiðni framleiðanda, taka saman skýrslu um víxlverkun milli mismunandi búnaðar sem felur í sér vistvæna nýsköpun og settur er í gerð, afbrigði og útfærslu ökutækis eða, eftir atvikum, brúunarhóp ökutækis.“

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu með vistvæna nýsköpunartækni sem er búið nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingar aðferðarinnar, sem um getur í e-lið 2. mgr. 4. gr., og, eftir því sem við á, í kjölfar beitingar einfölduðu matsaðferðarinnar sem um getur í lið ea í þeirri grein,

b) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu með vistvæna nýsköpun, sem er búið nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingar stöðluðu prófunaraðferðarinnar, eins og tilgreint er í samræmi við a- eða b-lið 3. mgr. 2. gr.“,

b) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Ef um er að ræða umsóknir um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, sem gerðar eru með tilvísun til b-liðar 3. mgr. 2. gr., skal óvissan metin og magngreind í þeim tilgangi að ákvarða sparnaðinn. Magngreinda óvissan skal dregin frá heildarsparnaðinum.“,

c) eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Ef um er að ræða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem lögð eru til í samræmi við lið ea í 2. mgr. 4. gr., skulu þau gildi ákvörðuð við stig sem er lægra en eða jafnt og heildarsparnaðurinn sem er ákvarðaður í samræmi við 2. mgr.“

7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lágmarksskerðing, sem á að nást á grunni nýsköpunartækni í samræmi við 2. mgr. 8. gr., skal vera:

a) 1 g af CO_2/km ef um er að ræða umsóknir sem lagðar eru fram með tilvísun til a-liðar 3. mgr. 2. gr.,

b) 0,5 g af CO_2/km ef um er að ræða umsóknir sem lagðar eru fram með tilvísun til b-liðar 3. mgr. 2. gr.“,

b) í stað orðanna „stöðluðu prófunarlotunni“ í 2. mgr. komi „stöðluðu prófunaraðferðinni.“

8) Í stað fyrirsagnar 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Mat á umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun“.

9) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Vottaður koltvísýringssparnaður á grunni vistvænnar nýsköpunar, sem sönnur eru færðar á í samræmi við samsvarandi ákvörðun um að viðurkenna nýsköpunartækni sem vistvæna nýsköpun, skal tilgreindur sérstaklega, bæði í gögnum gerðarviðurkenningarinnar og í samræmisvottorðinu, í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, á grundvelli prófana sem tæknileg þjónusta framkvæmir, í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar, með viðurkenndri prófunaraðferð.

Magngreinda óvissan, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skal dregin frá þeim heildarsparnaði sem á að votta, sbr. þó kröfur ákvörðunarinnar um viðurkenningu. Ef koltvísýringssparnaður, á grunni vistvænu nýsköpunarinnar fyrir ákveðna gerð, afbrigði, útfærslu og, eftir því sem við á, brúunarhóp, er undir viðeigandi viðmiðunarmörkum, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., skal ekki votta sparnaðinn.

Ef fyrirframskilgreindur koltvísýringssparnaður, sem er ákvarðaður í samræmi við lið ea í 2. mgr. 4. gr., er tilgreindur í ákvörðun um viðurkenningu má færa viðeigandi fyrirframskilgreind gildi sparnaðar beint í skjöl um gerðarviðurkenningu, að því tilskildu að viðurkenningaryfirvaldið sé í aðstöðu til að staðfesta að ökutækið sé búið tækninni í samræmi við forskriftirnar í ákvörðuninni um viðurkenningu.“,

b) í stað gildisins „1 g CO_2/km“ í annarri undirgrein 4. mgr. komi gildið „0,5 g CO_2/km“.

10) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein í 1. mgr.:

„Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að tilkynna framleiðanda slíkt ef hún greinir eða er upplýst um frávik eða ósamræmi í prófunaraðferðinni eða í nýsköpunartækninni í samanburði við þær upplýsingar sem hún hefur móttekið sem hluta af umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef ekki er lengur tekið tillit til hins vottaða koltvísýringssparnaðar framleiðanda getur hann sótt um nýja vottun á viðkomandi ökutækjum, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr., eða, eftir því sem við á, óskað eftir breytingu á ákvörðun um viðurkenningu, í samræmi við 12. gr. a, sem skal studd nauðsynlegum gögnum til að staðfesta hversu viðeigandi prófunaraðferðin og koltvísýringssparnaðurinn er sem fæst á grunni nýsköpunar-tækninnar.“

11) Eftirfarandi 12. gr. a bætist við:

„12. gr. a

Breyting á ákvörðun um að viðurkenna nýsköpunartækni sem vistvæna nýsköpun

1. Framleiðandi eða birgir, þ.m.t. upprunalegur umsækjandi, getur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um breytingu á núverandi ákvörðun um viðurkenningu. Beiðnina og öll fylgiskjöl skal einnig senda með tölvupósti eða rafrænum gagnabera eða með upphali á netþjón sem framkvæmdastjórnin stjórnar. Fylgiskjölin skulu talin upp í skriflegu beiðninni.

2. Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu lögð fram ásamt beiðninni um breytingu:

a) samskiptaupplýsingar beiðanda,

b) tilvísun til ákvörðunarinnar um viðurkenningu sem á að breyta,

c) lýsing á breytingum sem lagðar eru til, þ.m.t. samantekt á þeirri lýsingu,

d) gögn sem sýna fram á nauðsyn breytinganna og hversu viðeigandi þær eru,

e) gögn sem sýna að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með breyttri prófunaraðferð eða, eftir því sem við á, með nýrri eða breyttri og einfaldaðri matsaðferð eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum,

f) sérstök fullgildingarskýrsla sem sjálfstæður og vottaður aðili semur og þar sem eftirfarandi er sannprófað:

   i. að breytt prófunaraðferð uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1. mgr. 6. gr., og, eftir atvikum, kröfurnar sem settar eru fram í iv. lið f-liðar 2. mgr. 4. gr.,

   ii. að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með breyttri prófunaraðferð, eða, eftir því sem við á, með nýrri eða breyttri og einfaldaðri matsaðferð eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin móttekur beiðni um breytingu skal hún birta stutta lýsingu á framlögðu breytingunum sem um getur í c-lið 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta beiðnina um breytingu og skal, innan níu mánaða frá móttöku fullfrágenginnar beiðni, breyta ákvörðuninni um viðurkenningu, nema andmælum sé hreyft að því er varðar hversu viðeigandi framlögðu breytingarnar eru.

Í ákvörðun um breytingu á viðurkenningu skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina gildissvið hennar og upplýsingarnar, sem krafist er í tengslum við vottun koltvísýringssparnaðar í samræmi við 11. gr. þessarar reglugerðar, sbr. þó beitingu undantekninga frá rétti til almenns aðgangs að skjölunum sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 1049/2001.

5. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á að gerðar séu breytingar á framlögðum breytingum. Framkvæmdastjórnin skal í því tilviki hafa samráð við beiðanda sem og aðra viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. upprunalegan umsækjanda um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, um framlagðar breytingar og, eftir því sem við á, taka tillit til móttekinna athugasemda.

6. Heimilt er að framlengja matstímabilið um fimm mánuði ef framkvæmdastjórnin telur, vegna þess hversu flókin nýsköpunartæknin og meðfylgjandi breytt prófunaraðferð er eða vegna umfangs og efnis beiðninnar um breytingu, að ekki sé mögulegt að meta beiðnina á viðeigandi hátt innan níu mánaða matstímabilsins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna beiðanda, innan 40 daga frá móttöku beiðninnar, ef framlengja á matstímabilið.

7. Framkvæmdastjórnin getur, hvenær sem er og að eigin frumkvæði, breytt ákvörðun um viðurkenningu, sérstaklega til að taka tillit til tækniframfara. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við upprunalegan umsækjanda um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun og aðra viðkomandi hagsmunaaðila um þær breytingar sem framkvæmdastjórnin hugleiðir að gera og, eftir því sem við á, taka til greina mótteknar athugasemdir.“

12) Ákvæði 14. gr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/259 **2019/EES/25/32**

frá 21. febrúar 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 427/2014 í þeim tilgangi að aðlaga hana að breytingunni á lögbundnu prófunaraðferðinni og að einfalda stjórnsýslumeðferð vegna umsókna og vottunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum 2. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin samþykkti 1. júní 2017 prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP-prófunaraðferðin) sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]). WLTP-prófunaraðferðin kemur í stað nýju evrópsku aksturslotunnar (NEDC-prófunaraðferðin) sem sett er fram í XII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Frá 2021 á að sannreyna hvort farið sé að markmiðunum um koltvísýringslosun, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 510/2011, á grundvelli koltvísýringslosunar sem ákvörðuð er í samræmi við WLTP-prófunaraðferðina. Frá þeirri dagsetningu ætti einnig að ákvarða koltvísýringssparnað á grunni vistvænnar nýsköpunar með því að nota WLTP-prófunaraðferðina til viðmiðunar.

2) Nauðsynlegt er að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2014 ([4]) til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og taka tillit til aðferðarinnar með hliðsjón af því að bera WLTP-koltvísýringsgildin saman við samsvarandi NEDC-koltvísýringsgildi sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 ([5]).

3) Til að tryggja hnökralaus umskipti frá NEDC-prófunaraðferðinni til WLTP-prófunaraðferðarinnar ætti að vera mögulegt að leggja fram umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun með tilvísun til NEDC-prófunaraðferðarinnar fram til 31. desember 2019 og með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar frá gildistöku þessarar reglugerðar.

4) Þó svo að framkvæmdastjórnin hafi veitt fleiri en tuttugu viðurkenningar á vistvænni nýsköpun hefur notkun framleiðenda, fram til 2017, á þeirri tækni fyrir ökutækjaflotann innan Evrópusambandsins verið fremur takmörkuð. Einfalda ætti ferlið við viðurkenningu og vottun í því skyni að stuðla að umfangsmeiri notkun þeirrar tækni og að hámarka möguleikana á því að draga úr koltvísýringslosun frá léttum atvinnuökutækjum.

5) Líklegt er að stuðla megi að umfangsmeiri notkun á nýsköpunartækni, sem getur dregið úr koltvísýringslosun, með því að lækka viðmiðunarmörk fyrir sparnað í 0,5 g CO_2/km. Þó er mikilvægt að koltvísýringssparnaðurinn sé ákvarðaður af mikilli nákvæmni til að tryggja að þeim sparnaði sé raunverulega náð. Því er nauðsynlegt að meta og magngreina óvissuna, sem er tengd aðferðunum sem eru notaðar til að sýna fram á sparnaðinn, og taka tillit til þeirrar óvissu þegar viðurkenningaryfirvald vottar koltvísýringssparnaðinn. Rétt þykir að laga breytingu á viðmiðunarmörkunum fyrir sparnað að innleiðingu WLTP-prófunaraðferðarinnar og þar af leiðandi ættu nýju viðmiðunarmörkin að gilda um umsóknir sem lagðar eru fram með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2014 frá 25. júlí 2014 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 57).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).

6) Í þeim tilgangi að sýna fram á koltvísýringssparnaðinn ætti að vera mögulegt að gera prófanir á íhlutum, í þeim tilvikum þegar sparnaðurinn er ekki háður ökutæki, til að auka megi nákvæmni og einfalda ákvörðun um koltvísýringssparnaðinn.

7) Í því skyni að einfalda vottun á koltvísýringssparnaði ætti umsækjandi að geta lagt til, til viðbótar við nákvæma prófunaraðferð til að ákvarða sparnaðinn, einfaldaða matsaðferð eða fyrirframskilgreindan koltvísýringssparnað í umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun. Þegar slíkum einfölduðum aðferðum eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði er beitt ætti að ákvarða sparnaðinn, sem viðurkenningaryfirvald hefur vottað, með varfærnislegum hætti sem endurspeglar minnsta sparnað sem sýnt hefur verið fram á.

8) Tækni, sem greiður aðgangur hefur þegar verið að á markaðinum í nokkurn tíma, getur ekki talist nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og ætti því ekki að teljast gjaldgeng sem vistvæn nýsköpun. Í því skyni að skapa rétta hvata þykir því rétt að í stað viðmiðunarársins 2009 komi virkt viðmiðunarár sem grunnur að því að ákvarða nýsköpunina sem felst í tiltekinni tækni. Nýja virka viðmiðunarárið ætti að gilda um umsóknir sem lagðar eru fram frá og með 1. janúar 2020.

9) Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um, á grundvelli fenginnar reynslu af því að meta ýmiss konar nýsköpunartækni með sömu eiginleika, að sýnt hafi verið fram á, á fullnægjandi og sannfærandi hátt, að slík tækni uppfylli hæfisviðmiðanirnar, sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, eða ef nýsköpunartæknin er ekki háð sérstökum ökutækjamæliþáttum framleiðanda, ætti að vera unnt að viðurkenna nýsköpunartæknina sem vistvæna nýsköpun með ákvörðun sem veitir öllum framleiðendum þann möguleika að votta koltvísýringssparnað með tilvísun til þeirrar ákvörðunar, að því tilskildu að skilyrðum ákvörðunarinnar sé fullnægt.

10) Fyrir sumar tegundir nýsköpunartækni er krafist sterkra tölfræðilegra gagna til að styðja við ályktanirnar, sem tilgreindar eru í umsókninni um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, sem og til að styðja við mæliþættina sem lagðir eru til í prófunaraðferðinni. Hópur framleiðenda eða afhendingaraðila ætti að geta lagt fram sameiginlega umsókn í því skyni að hafa eins stórt gagnasafn og mögulegt er. Ef sú er raunin ætti hópurinn að eiga kost á að leggja fram umsókn sem felur í sér margar sannprófunarskýrslur, ef nauðsyn krefur af ástæðum sem varða trúnaðar- eða samkeppnismál.

11) Í þeim tilgangi að tryggja að vottaður koltvísýringssparnaður, sem framleiðendur nota til að tryggja að markmiðin séu uppfyllt, sé réttur ætti framkvæmdastjórnin að vera í aðstöðu til að bregðast hratt við og tilkynna framleiðendum ef hún greinir eða er upplýst um einhver frávik eða ósamræmi í prófunaraðferðinni eða nýsköpunartækninni sem gæti haft áhrif á hversu mikill vottaði sparnaðurinn er.

12) Reynslan sýnir að nauðsynlegt gæti reynst að breyta prófunaraðferðunum, sem settar eru fram í ákvörðunum um viðurkenningu á vistvænni nýsköpunar, m.a. til að taka tillit til tækniþróunar eða til að rýmka gildissvið ákvörðunar um viðurkenningu þannig að hún taki til fleiri ökutækja. Bæði upprunalegi umsækjandinn og framkvæmdastjórnin ættu því að geta haft frumkvæði að því að breyta þeim ákvörðunum.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 427/2014 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 427/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Leggja má inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun að því er varðar tækni, samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:“,

b) í stað a-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) hún hafi að hámarki verið sett upp í 3% allra nýrra léttra atvinnuökutækja, sem skráð voru á árinu 2009, að því er varðar umsóknir sem lagðar eru fram til 31. desember 2019 eða að hámarki í a.m.k. 3% allra nýrra léttra atvinnuökutækja, sem skráð eru á árinu n-4, þar sem n er umsóknarárið að því er varðar umsóknir sem lagðar eru fram frá og með 1. janúar 2020,“,

c) eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Leggja má inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun með tilvísun til staðlaðrar prófunaraðferðar í samræmi við eftirfarandi:

a) fram til 31. desember 2019 fyrir NEDC-prófunaraðferðina sem um getur í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008,

b) frá og með 14. mars 2018 fyrir WLTP-prófunaraðferðina sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (*).

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3) „umsækjandi“: framleiðandi eða birgir, eða hópur framleiðenda eða birgja, sem sendir inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun,“,

b) í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6) „beiðandi“: framleiðandi eða birgir, eða hópur framleiðenda eða birgja, sem óskar eftir breytingu á ákvörðun um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„4. gr.

Umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun“,

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðarins:

„Í umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun skal eftirfarandi koma fram:“,

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) aðferðin sem nota á til að sýna fram á skerðingu koltvísýringslosunar á grunni nýsköpunartækninnar, þ.m.t. tilvísun til viðeigandi staðlaðrar prófunaraðferðar, í samræmi við 4. mgr. 2. gr., eða tilvísun til viðurkenndu aðferðarinnar ef framkvæmdastjórnin hefur þegar viðurkennt hana,“,

iii. eftirfarandi liður ea bætist við:

„ea) einfölduð aðferð til að meta koltvísýringssparnað, sem á að votta, eða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem á að nota við vottun allra ökutækja sem búin eru nýsköpunartækni, eftir því sem við á, til viðbótar við aðferðina sem um getur í e-lið,“,

iv. eftirfarandi komi í stað i. og ii. liðar í f-lið:

„i. að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er í samræmi við e-lið og, eftir atvikum, lið ea, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum,

ii. að koltvísýringssparnaður á grunni nýsköpunartækni falli ekki undir eða falli einungis að hluta til undir hina stöðluðu prófunaraðferð koltvísýringsmælinga, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og eins og tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar,“,

v. eftirfarandi iv. liður bætist við í f-lið:

„iv. ef um er að ræða lið ea í þessari grein, að gildi koltvísýringsskerðingar, sem úthluta á ökutæki við vottun með því að nota einfaldaða matsaðferð eða með fyrirframskilgreindum gildum koltvísýringssparnaðar, eins og um getur í lið ea, sé lægra en eða jafnt og gildi losunarskerðingar á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með því að nota prófunaraðferðina, sem um getur í e-lið, þ.m.t. mögulegar víxlverkanir við aðra viðurkennda vistvæna nýsköpun.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„5. gr.

Grunnviðmið og vistvæn nýsköpun“

b) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) ökutæki með vistvæna nýsköpun sem á að vera búið nýsköpunartækni eða, eftir því sem við á, nýsköpunartækni sem sjálfstæðum íhlut,

b) grunnviðmiðunarökutæki sem skal ekki vera búið nýsköpunartækni, en skal að öllu öðru leyti vera nákvæmlega eins og ökutækið sem búið er vistvænni nýsköpun eða, eftir því sem við á, grunnviðmiðunartækni sem sjálfstæðum íhlut.“,

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef umsækjandi telur að hægt sé að veita upplýsingarnar, sem um getur í 8. og 9. gr., á annan hátt en þann sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun innihalda nauðsynlegar upplýsingar sem réttlæta að niðurstaðan og aðferðin gefi jafngildar niðurstöður.“,

d) eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Ef umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun er gerð með tilvísun til WLTP-prófunaraðferðarinnar, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 2. gr., skal grunnviðmiðunarökutækið vera það ökutæki innan brúunarhóps eða ökumótstöðufylkjahóps sem stendur fyrir versta tilvikið með hliðsjón af því að sýna fram á sparnað með vistvænni nýsköpun.

Í tilvikinu sem um getur í öðrum undirlið liðar 1.2.3.1 í 6. undirviðauka eða lið 3.2.3.1 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 skal grunnviðmiðunarökutækið vera prófunarökutæki H.

Valið á grunnviðmiðunarökutæki skal byggjast á sterkum og óháðum tölfræðilegum gögnum en á þeim er unnt að byggja sannprófanlegar ályktanir um hversu viðeigandi og dæmigert grunnviðmiðunarökutækið er.“

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Eftirfarandi skilyrði gilda ef umsækjandinn er hópur framleiðenda:

a) sjálfstæður og vottaður aðili skal framkvæma sannprófanirnar, sem um getur í a- til e-lið 2. mgr., í tengslum við hvern aðila í umsækjandahópnum, ef við á, með hliðsjón af inntaki umsóknar um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun,

b) eftir því sem við á, af ástæðum sem varða trúnaðar- eða samkeppnismál, mega aðilar umsækjandahópsins leggja fram margar sannprófunarskýrslur fyrir mismunandi gagnasöfn til stuðnings sömu umsókninni.“,

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi liður ca bætist við í fyrstu undirgrein:

„ca) sannprófa, ef um er að ræða lið ea 2. mgr. 4. gr., hvort einfaldaða matsaðferðin eða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem um getur í þeim lið, eigi við um vottun koltvísýringssparnaðar viðeigandi ökutækja, sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr., og uppfylli lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í iv. lið f-liðar 2. mgr. 4. gr.,“,

ii. í stað síðustu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Að því er varðar liði c og ca skal sjálfstæður og vottaður aðili leggja fram aðferðalýsingar fyrir prófanir sem eru ákvarðaðar fyrir sannprófunina.“,

c) í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. „Að því er varðar vottun á koltvísýringssparnaði, í samræmi við 11. gr., skal hinn sjálfstæði og vottaði aðili, að beiðni framleiðanda, taka saman skýrslu um víxlverkun milli mismunandi búnaðar sem felur í sér vistvæna nýsköpun og settur er í gerð, afbrigði og útfærslu ökutækis og, eftir atvikum, brúunarhóp ökutækis.“

d) Ákvæði 4. mgr. falli brott.

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu með vistvæna nýsköpunartækni sem er búið nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingar aðferðarinnar, sem um getur í e-lið 2. mgr. 4. gr., og, eftir því sem við á, í kjölfar beitingar einfölduðu matsaðferðarinnar sem um getur í lið ea í þeirri grein,

b) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu með vistvæna nýsköpun, sem er búið nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingar stöðluðu prófunaraðferðarinnar, eins og tilgreint er í samræmi við a- eða b-lið 4. mgr. 2. gr.“,

b) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Ef um er að ræða umsóknir um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, sem gerðar eru með tilvísun til b-liðar 4. mgr. 2. gr., skal óvissan metin og magngreind í þeim tilgangi að ákvarða sparnaðinn. Magngreinda óvissan skal dregin frá heildarsparnaðinum.“,

c) eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Ef um er að ræða fyrirframskilgreind gildi koltvísýringssparnaðar, sem lögð eru til í samræmi við lið ea í 2. mgr. 4. gr., skulu þau gildi ákvörðuð við stig sem er lægra en eða jafnt og heildarsparnaðurinn sem er ákvarðaður í samræmi við 2. mgr.“

7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lágmarksskerðing, sem á að nást á grunni nýsköpunartækni í samræmi við 2. mgr. 8. gr., skal vera:

a) 1 g CO_2/km ef um er að ræða umsókn sem lögð er fram með tilvísun til a-liðar 4. mgr. 2. gr.,

b) 0,5 g CO_2/km ef um er að ræða umsókn sem lögð er fram með tilvísun til b-liðar 4. mgr. 2. gr.“,

b) í stað orðanna „stöðluðu prófunarlotunni“ í 2. mgr. komi „stöðluðu prófunaraðferðinni“.

8) Í stað fyrirsagnar 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Mat á umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun“.

9) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Vottaður koltvísýringssparnaður á grunni vistvænnar nýsköpunar, sem sönnur eru færðar á í samræmi við samsvarandi ákvörðun um að viðurkenna nýsköpunartækni sem vistvæna nýsköpun, skal tilgreindur sérstaklega, bæði í gögnum gerðarviðurkenningarinnar og í samræmisvottorðinu, í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, á grundvelli prófana sem tæknileg þjónusta framkvæmir, í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar, með viðurkenndri prófunaraðferð.

Magngreinda óvissan, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skal dregin frá þeim heildarsparnaði sem á að votta, sbr. þó kröfur ákvörðunarinnar um viðurkenningu. Ef koltvísýringssparnaður, á grunni vistvænu nýsköpunarinnar fyrir ákveðna gerð, afbrigði, útfærslu og, eftir því sem við á, brúunarhóp, er undir viðeigandi viðmiðunarmörkum, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., skal ekki votta sparnaðinn.

Ef fyrirframskilgreindur koltvísýringssparnaður, sem er ákvarðaður í samræmi við lið ea í 2. mgr. 4. gr., er tilgreindur í ákvörðun um viðurkenningu má færa viðeigandi fyrirframskilgreind gildi sparnaðar beint í skjöl um gerðarviðurkenningu, að því tilskildu að viðurkenningaryfirvaldið sé í aðstöðu til að staðfesta að ökutækið sé búið tækninni í samræmi við forskriftirnar í ákvörðuninni um viðurkenningu.“,

b) í stað gildisins „1 g CO_2/km“ í annarri undirgrein 4. mgr. komi gildið „0,5 g CO_2/km“.

10) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein í 1. mgr.:

„Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að tilkynna framleiðanda slíkt þegar hún greinir eða er upplýst um frávik eða ósamræmi í prófunaraðferðinni eða í nýsköpunartækninni í samanburði við þær upplýsingar sem hún hefur móttekið sem hluta af umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef ekki er lengur tekið tillit til hins vottaða koltvísýringssparnaðar framleiðanda getur hann sótt um nýja vottun á viðkomandi ökutækjum, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr., eða, eftir því sem við á, óskað eftir breytingu á ákvörðun um viðurkenningu, í samræmi við 12. gr. a, sem skal studd nauðsynlegum gögnum til að staðfesta hversu viðeigandi prófunaraðferðin og koltvísýringssparnaðurinn er sem fæst á grunni nýsköpunartækninnar.“,

11) eftirfarandi 12. gr. a bætist við:

„12. gr. a

Breyting á ákvörðun um að viðurkenna nýsköpunartækni sem vistvæna nýsköpun

1. Framleiðandi eða birgir, þ.m.t. upprunalegur umsækjandi, getur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um breytingu á núverandi ákvörðun um viðurkenningu. Beiðnina og öll fylgiskjöl skal einnig senda með tölvupósti eða rafrænum gagnabera eða með upphali á netþjón sem framkvæmdastjórnin stjórnar. Fylgiskjölin skulu talin upp í skriflegu beiðninni.

2. Eftirfarandi upplýsingar og gögn skulu lögð fram ásamt beiðninni um breytingu:

a) samskiptaupplýsingar beiðanda,

b) tilvísun til ákvörðunarinnar um viðurkenningu sem á að breyta,

c) lýsing á breytingum, sem lagðar eru til, þ.m.t. samantekt á þeirri lýsingu,

d) gögn sem sýna fram á nauðsyn breytinganna og hversu viðeigandi þær eru,

e) gögn sem sýna að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með breyttri prófunaraðferð eða, eftir því sem við á, með nýrri eða breyttri og einfaldaðri matsaðferð eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum,

f) sérstök fullgildingarskýrsla sem sjálfstæður og vottaður aðili semur og þar sem eftirfarandi er sannprófað:

— að breytt prófunaraðferð uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 1. mgr. 6. gr., og, eftir atvikum, kröfurnar sem settar eru fram í iv. lið f-liðar 2. mgr. 4. gr.,

— að losunarskerðing á grunni nýsköpunartækni, eins og ákvarðað er með breyttri prófunaraðferð, eða, eftir því sem við á, með nýrri eða breyttri og einfaldaðri matsaðferð eða fyrirframskilgreindum koltvísýringssparnaði, uppfylli viðeigandi viðmiðunarmörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin móttekur beiðni um breytingu skal hún birta stutta lýsingu á framlögðu breytingunum sem um getur í c-lið 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta beiðnina um breytingu og skal, innan níu mánaða frá móttöku fullfrágenginnar beiðni, breyta ákvörðuninni um viðurkenningu, nema andmælum sé hreyft að því er varðar hversu viðeigandi framlögðu breytingarnar eru.

Í ákvörðun um breytingu á viðurkenningu skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina gildissvið hennar og upplýsingarnar, sem krafist er í tengslum við vottun koltvísýringssparnaðar í samræmi við 11. gr. þessarar reglugerðar, sbr. þó beitingu undantekninga frá rétti til almenns aðgangs að skjölunum sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 1049/2001.

5. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á að gerðar séu breytingar á framlögðum breytingum. Framkvæmdastjórnin skal í því tilviki hafa samráð við beiðanda sem og aðra viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. upprunalegan umsækjanda um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun, um framlagðar breytingar og, eftir því sem við á, taka tillit til móttekinna athugasemda.

6. Heimilt er að framlengja matstímabilið um fimm mánuði ef framkvæmdastjórnin telur, vegna þess hversu flókin nýsköpunartæknin og meðfylgjandi breytt prófunaraðferð er eða vegna umfangs og efnis beiðninnar um breytingu, að ekki sé mögulegt að meta beiðnina á viðeigandi hátt innan níu mánaða matstímabilsins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna beiðanda, innan 40 daga frá móttöku beiðninnar, ef framlengja á matstímabilið.

7. Framkvæmdastjórnin getur, hvenær sem er og að eigin frumkvæði, breytt ákvörðun um viðurkenningu, sérstaklega til að taka tillit til tækniframfara. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við upprunalegan umsækjanda um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun og aðra viðkomandi hagsmunaaðila um þær breytingar sem framkvæmdastjórnin hugleiðir að gera og, eftir því sem við á, taka til greina mótteknar athugasemdir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.